Lagafrumvarp fellt.

Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HermJ og ÞÞ).

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [104. mál] (þmfrv., A. 281).

Á 49. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, RÞ, StgrA, VH, ÞÞ, EE, GJ, BSt.

PZ greiddi ekki atkv.

8 þm. (GÍG, HG, JJós, KK, LJóh, BBen, BrB, FRV) fjarstaddir.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég verð að biðja afsökunar á því, að ég var ekki í hv. d. þegar síðasta mál var rætt (103. mál), en þessi mál eru í mörgu skyld. Viðkomandi þessu máli þarf ég ekki að hafa mörg orð, því að hvort tveggja er, að málið er mjög ljóst og grg. er allýtarleg og gerir ljósa grein fyrir því, hvers vegna frv. er flutt. Eins og hv. d. er kunnugt, er mikill áhugi vaknaður hjá þjóðinni fyrir skógrækt, og ályktun sama efnis, sem gekk þó nokkru lengra en hér er gert, var samþykkt einróma og ég held með öllum atkv. á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, en þennan fund sátu tugir manna úr öllum stjórnmálaflokkum landsins, og er því augljóst, að um fullkomið sanngirnismál er hér að ræða, þar sem svo mikill einhugur kom fram á fundinum. Eins og sést af frv., er land það, sem tekið er til ræktunar, allstórt, 6 ha. eða 17 dagsláttur; það er gert vegna þess, að talið er af þeim, sem bezt vit hafa á þessum málum, að til þess að skógarreitur geti komið að fullum notum megi hann ekki vera minni, svo að nægilegt skjól sé og lauf og barr fjúki ekki burtu, heldur verði að áburði smátt og smátt. Ef 6 ha. eru teknir til ræktunar, veldur það miklum kostnaði, og sú kynslóð, sem leggur fyrir sig skógrækt, sér ekki arð af vinnu sinni. Því telja margir sanngjarnt, að þeir menn, sem taka sér slíkt fyrir hendur, fái að draga undan skatti ⅔ hluta fjár þess, sem þeir leggja í ræktun og girðingar. Ég held, að ekki sé gefið hættulegt fordæmi með þessu, því að ekki munu vera aðrir, sem geta borið sig saman við þetta og fengið þannig skattfrelsi. Samt sem áður er ekki farið lengra í þessu en það, að ekki má draga hærri upphæð en 3600 kr. frá skattskyldum tekjum af þessum ástæðum, og verkinu má áreiðanlega miða hægt, ef ekki þarf að leggja fram stærri fúlgur árlega, sem þarf svo að greiða skatt af, en þó þetta sé ekki hærri upphæð, sem miðað er við, er það samt vissulega til hægðarauka fyrir viðkomandi og er þó fremur viðurkenning á þessu málefni. Frv. þetta var undirbúið í fjmrn. og var rætt við hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem mun hafa dregizt á að beita sér fyrir því, að það næði fram að ganga. Kröfur aðalfundar Skógræktarfél. voru miklu meiri, en það þótti varhugavert að ganga lengra, heldur sjá, hvernig þetta gæfist. Það er engin hætta á, að þetta verði misnotað, þar sem þarf vottorð frá skógræktarstjóra, að landið sé hæft til skógræktar og verkið vel gert. Ég held, að þetta sé hættulaust mál fyrir skattalöggjöfina og verulegur ávinningur að því, að Alþ. sýni viðurkenningu í verki þeim mönnum, sem vinna að skógrækt. Ég vona því, að frv. fái einróma samþykki á Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 281, n. 301).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Við framsögu þessa máls lýsti hv. 1. flm. frv., þm. Str., því svo rækilega, og það er svo stutt um liðið síðan, að það er ekki ástæða til að taka það hér upp.

Meiri hl. fjhn., þ. e. a. s. allir, sem viðstaddir voru á fundi n., voru sammála um að leggja til, að frv. gengi fram eins og það var lagt fyrir þessa hv. d. — Yfirleitt er hér um svo litla upphæð að ræða, að það munar í raun og veru ríkissjóðinn engu, þó þetta frv. verði samþ., ef ekki verður gengið lengra en gert er í frv.

Ég áskil mér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr. við frv. En eins og sakir standa, legg

ég til fyrir hönd okkar fjögurra nm., að þetta frv., eins og það nú liggur fyrir, verði samþ.

Það leikur ekki á tveim tungum um það, að þetta mál er nauðsynjamál, að auka skóggræðsluna hér á landi. Og það er öðruvísi háttað með skóggræðsluna en um aðra ræktun, þannig að skóggræðslan kemur svo seint til nota. Þar sem brotið er land til grasræktar, getur það jafnvel á næsta ári gefið fullan arð. En viðkomandi skóggræðslunni getur liðið hálfur mannsaldur og jafnvel meira, frá því að plönturnar eru gróðursettar og þangað til plönturnar verða til nytja. Og þessi gróður verður að eign í landinu. Og þó að einstaklingar framkvæmi þetta skóggræðslustarf, þá þykir mér ekki síður ástæða til að styrkja þá til þess að koma skóggræðslunni áfram heldur en að ríkið leggi fram stórfé til þess að koma skóggræðslunni áleiðis.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða efnislega um frv. sjálft eða nauðsyn þess, að þessi fríðindi séu gefin til þess að koma áfram þessum málum. En í sambandi við það að fara inn á þessa braut vil ég leyfa mér að gera hér brtt. við frv. og leggja hana fram hér, svo hljóðandi:

„Við 1. gr. a. Aftan við gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi: i. Gjafir til Sambands íslenzkra berklasjúklinga. b. Í stað orðanna „kemur nýr stafliður“ í 1. málsgr. 1. gr. komi: koma tveir nýir stafliðir.“

Það leikur ekki á tveim tungum, að sú starfsemi í landinu, sem hér um ræðir í brtt., er einhver sú merkasta starfsemi, sem rekin er. Það grettistak, sem þessi félagsskapur hefur lyft á undanförnum árum, er svo einstætt í sinni röð, ekki aðeins fyrir það að hafa komið upp myndarlegum byggingum, heldur og í öllu skipulaginu á rekstrinum á fyrirtækinu, að það er til fyrirmyndar fyrir allan annan sjúkrahúsrekstur í landinu. Það er vitanlegt, að reksturinn sjálfur hefur gefið arð — að undanteknu einu ári — og alveg sérstaklega hefur þessi góða niðurstaða fengizt vegna þess, hversu þetta hefur verið vel skipulagt. Það eru nú um 80 rúm til í vinnuhælinu. En hins vegar er einnig vitanlegt, að félagsskap þennan vantar enn töluvert fé til þess að standa undir byggingarkostnaði. Á þessu ári hefur m. a. hæstv. ráðuneyti séð nauðsyn á því að lækka framlagið til þessa fyrirtækis um 200 þús. kr., sem torveldar að sjálfsögðu þessum félagsskap nokkuð áframhaldandi byggingar. Hins vegar eru fjöldamargir menn í landinu, sem vilja styrkja þennan félagsskap með gjöfum. — Og ég tel, að sjálfsagt sé, úr því að farið er að fara inn á þessa braut, sem í frv. er gert ráð fyrir, að láta þetta, sem í brtt. getur, verða fyrsta málið, sem fær aðgang að þessum fríðindum.

Ef hv. fjhn. óskar eftir að ræða efni brtt. nánar á fundi, er ég fús til að taka brtt. aftur til 3. umr. og fylgja frv. fram við þessa umr. óbreyttu, ef það er ósk hv. frsm. n. En annars mun ég ekki sjá mér fært að fylgja þessu frv., nema mín brtt. sé tekin til greina.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 318) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mikið út í þetta mál. Mönnum er þetta kunnugt áður. Ég hef yfirleitt verið á móti undanþágum til einstakra manna viðkomandi skattgreiðslum, og er það enn. En það, sem ég vildi sérstaklega benda á hér, er það, að fyrir þessari hv. d. liggja tvö frv. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, og fóru bæði frv. í sömu nefnd. Annað er frá því í haust á þskj. 86, og hitt er það frv., sem hér liggur fyrir, sem er 104. mál. Þegar svona lagað liggur fyrir eins og hér, finnst mér alveg sjálfsagt að sameina þetta í eitt. Við höfum nóg af lögum og breyt. á l., þó að við séum ekki að leika okkur að því á sama þingi að láta koma tvær lagabreyt. á sömu l. Ef hv. þd. er ekki staðráðin í að svæfa það frv. um breyt. á þessum l., sem er á þskj. 86, þá á að sameina þessi tvö frv. og láta þá koma frá þessu þingi lög um aðeins eina breyt. á þessum l. og ekki meira. En ef hv. þd. er staðráðin í að svæfa málið á þskj. 86, þá er bezt að fá að vita það. Það mun sýna sig, að þegar einhver hreppstjóri einhvers staðar flettir upp í Stjtíð., þá er hann ekki svo hugkvæmur, að hann geri ráð fyrir, að það hafi verið gerðar margar breyt. á sömu l. á sama þingi, og þá fara önnur lögin bara fram hjá honum. Því að honum dettur ekki í hug, að Alþ. sé að lengja ræðutíma og auka prentunarkostnað og fyrirhöfn og gera mönnum örðugra fyrir yfirleitt með því að breyta tvisvar einum og sömu l. á einu og sama þingi.

Ég vildi því, að hv. fjhn. samræmdi þessi tvö frv., þannig að það verði aðeins ein breyt., sem gerð verði á þessum l. á þessu þingi, en ekki að þeim verði breytt tvisvar á þinginu. Ég vil mjög mælast til þess, að hv. n. athugi þetta, ef hún er ekki staðráðin í að svæfa frv. á þskj. 86. Og jafnvel þó að hún ætlaði sér það, væri rétt að láta það þá koma fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls, sem hér liggur fyrir nú. Maður getur hugsað sér, að hv. n. ætli sér að svæfa það mál, á þskj. 86, þar sem hún er ekki komin fram með það enn þá.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. N-M., að það fer auðvitað miklu betur á því, þegar hægt er að koma því við — það er ekki alltaf hægt —, en þegar hægt er að koma því við og fyrir liggja till. um margar breyt. á sömu l. á sama þingi, að reyna þá að hafa afgreiðslu þeirra í einu og sama frv. frá þinginu. Því að það eru fleiri en hreppstjórar, sem ruglast af slíkum vinnubrögðum, að afgr. í fleiri lagafrv. breyt. á sömu l. á sama þingi. Með því er öllum, sem um mál fjalla í sambandi við þau l., gert erfiðara fyrir með að átta sig á svo grautarlegri lagasmíði. — Ég hef ekki athugað í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, það frv., sem hv. 1. þm. N-M. minntist á, á þskj. 86. En ég vil taka undir ábendingar þessa hv. þm. um, að hv. nefnd athugaði,

hvort hægt sé að sameina þessi tvö lagafrv. eða ekki.

En ég ætlaði annars ekki að gera þetta að umræðuefni hér, heldur taka undir þá till., sem hv. þm. Barð. gerði varðandi sína eigin brtt., að því máli, brtt. hv. þm. Barð., sé skotið á frest til 3. umr. — Í sjálfu sér er það auðvitað hinn mesti ósiður — má segja — að flytja skriflegar brtt., sérstaklega um veigamikil atriði, nema þess sé brýn þörf. Hér er um að ræða breyt., sem mér skilst, að sé allt að því eins veigamikil, ef ekki veigameiri, heldur en sjálft frv., sem fyrir liggur. Og mér finnst, sannast sagt, ekki hægt fyrir hv. þd. að taka afstöðu til þessarar brtt. nú — ég er a. m. k. ekki reiðubúinn til þess — án þess að n. líti á efni hennar áður og segi álit sitt um það og án þess að þingið hafi þetta prentað fyrir augum. Virðist mér, að n. ætti að athuga till. til hlítar. Þessi sama skoðun lýsti sér nokkuð í orðum hv. flm. brtt. En af því að hv. frsm. n. hefur enn ekki borið fram ósk um það, að brtt. verði frestað til 3. umr., vil ég gera það að minni till. og beina því til hv. flm., að hann taki brtt. aftur til 3. umr., til þess að n. geti athugað brtt. þangað til. Annað getur líka verið hagkvæmt, að fresta umr. þessari og gefa út framhaldsnál. Það er líka vel hugsanlegt.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst þessi brtt. koma eins og andskotinn úr sauðarleggnum — ekki að ég sé að meina, að það sé neinn sauðarleggur, sem sendir hana. (*Dómsmrh.:* Er þetta þinglegt orðbragð?). Þetta er gamalt orðtak, og maður hefur jafnvel heyrt ganga fram af munni hæstv. ráðh. ekki betra orðbragð en þetta. Og ég bið, þangað til hæstv. forseti hringir.

En fyrst hæstv. ráðherra fór hér sérstaklega að spyrjast fyrir um þetta, þá ætla ég að segja það — ja, fyrst ætla ég að halda kurteisisreglum og ætla þá sérstaklega að óska hæstv. dómsmrh. til hamingju með þetta nýja pólitíska tilhugalíf, sem mér sýnist vera að byrja í deildinni milli hans og hv. 1. þm. N-M., því að það hefur komið hvað eftir annað fyrir, að svo lítur út sem ekki sé ráðið ráð, nema sá hv. þm. hafi forgönguna. — En svo maður sé ekki að teygja lopann um þá hluti, þá er því að svara, ef maður ber saman frv. á þskj. 86 við það, sem hér liggur fyrir, þá er þar um allt annað mál að ræða. Hér í þessu frv., sem fyrir liggur, er ekki um nema svo lága upphæð að ræða, vegna þess að það er ekki nema einstaka maður, sem ræðst í þessa ræktun. En ef liðurinn í brtt. hv. þm. Barð. væri látinn ná fram að ganga, þá getur það tekið til margra skattgreiðenda í landinu, sem þá geta losnað við að greiða skatt í ríkissjóðinn, en gætu þá látið gjaldið renna til þessa fyrirtækis í Reykjalundi, sem er vitanlega prýðilegt fyrirtæki. En ef þannig á að fara með skattgreiðslur í landinu, þá verða ekki fullar hendur fjár, held ég, á næstunni fyrir hv. form. fjvn. til að skammta úr aski handa okkur hinum.

En viðkomandi frv. á þskj. 86 er það að segja, að það er um efni, sem er að miklu leyti óskylt efni þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr. En ég mun ekki á þessu stigi málsins fara að karpa um þetta. Það er hv. form. n., sem hefur ráðið þessum vinnubrögðum. Og við höfum alls ekki sofið á þessu máli, heldur hefur n. sent það til umsagnar, þetta 61. mál.

En ég vil skora á hv. flm. þessarar brtt., þm. Barð., að taka brtt. aftur til 3. umr. Og þá geri ég ráð fyrir, að hv. form. fjhn. athugi málið og n. í heild fyrir 3. umr. Og eins geri ég ráð fyrir, að sé með hitt málið, sem n. getur tekið til athugunar líka, hvort henni sýnist ráð að hafa það samferða þessu máli eða ekki.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki mætt á fundi hv. fjhn., þegar hún afgr. þetta mál, og gat því ekki tekið þátt í athugun þess og afgreiðslu frá nefnd. Svo kann að virðast, að hér sé um smáatriði að ræða, er stuðli að gagnlegum framkvæmdum, og það sé því eðlilegt, að fallizt sé á till. n. Ég held þó, að athuga þurfi málið betur, áður en farið er inn á þessa braut. Hv. dm. er vel kunnugt, að oft er sterklega leitað eftir því að fá ýmsar greiðslur gerðar frádráttarhæfar. Hér er farið fram á það, að ákveðinn hluti — ⅔ hlutar — af fé, sem varið er til skógræktar, að vissu hámarki, megi dragast frá skattskyldum tekjum. Verði þetta samþ., held ég, að á eftir komi umleitanir um, að sama regla verði látin gilda um ýmsar aðrar greiðslur, sem ekki er hægt að segja, að skili arði jafnóðum, eins og er um flestar greiðslur í sambandi við jarðræktarframkvæmdir. Af hverju skyldu t. d. ekki kornræktartilraunir, þar sem líklegt er að akurlendi geti orðið í framtíðinni, njóta sömu hlunninda? Þannig mætti lengi telja. Ef skógræktin á að njóta þessara friðinda, því þá ekki skrúðgarðar og svo framvegis? Á því er enginn efi, að leitað verður eftir þessum friðindum á mörgum sviðum, ef þessi till. verður samþ. Ég vil taka það fram, að ég er ekki á móti þessu að öðru leyti en því, að ég tel, að þetta sé byrjun, er geti haft þær afleiðingar, er ég áður hef getið. Af þeim ástæðum get ég ekki greitt atkv. með till.

Um till. hv. þm. Barð. er sama að segja, nema haldið er áfram á sömu braut og áður, að framlög til Reykjalundar séu skattfrjáls. Ég gat ekki verið þessu samþ., er það náði fram að ganga, af áðurgreindum ástæðum. Það er hætt við því, að fleiri sæki í sama farið. Einhvern tíma voru framlög til barnaspítala frádráttarhæf, og svo mun um fleiri framlög. Ég tel rétt að stinga við fæti í þessum efnum og fara ekki lengra. Ef rétt er talið að styrkja þessar framkvæmdir, er eðlilegast, að ríkissjóður styrki þær sem þessu nemur. Ég læt svo þetta nægja.

Forseti (BSt): Það virðist svo sem heill þingflokkur hafi gert verkfall, og er því umr. frestað og þetta mál tekið út af dagskrá. En hér eru tvö mál á dagskrá, er aðeins þurfa til 2. umr. og væri hægt að afgreiða þau, þó þessa menn vanti, ef engir aðrir hverfa burt. — Það virðist ekki hægt að halda fundi áfram, og

eru því 2. og 3. dagskrármálið tekin út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 25. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 281, n. 301, 318).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hélt, að ef til vill hefði einhver verið búinn að kveðja sér hljóðs, en fyrst svo er ekki, þá ætla ég að segja hér örfá orð. Það eru nú stærri mál en þetta, sem upptaka hugi manna (frv. ríkisstj. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. og þáltill. um vantraust á ríkisstjórnina), svo að menn hafa hugann ekki eins fastan við þetta mál. Það gerist því ekki þörf langrar ræðu, enda hef ég reifað málið áður, en eins vildi ég óska í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og það er, að hv. þm. Barð. tæki aftur till. sína til 3. umr., svo að umr. þessi þyrfti ekki að vera lengri en nauðsyn krefur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm. hefur óskað þess, að ég taki aftur til 3. umr. till. mína á þskj. 318, og skal ég með ánægju verða við þeirri ósk, ef n. vill taka hana til athugunar milli umr., og vona ég, að hún verði henni hlynnt. (*ÞÞ:* Já, það skal gert.)

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er að vísu gott, að till. er tekin aftur til 3. umr., en mér skilst þó, að hv. flm. haldi samt sem áður við þann ásetning sinn, að hún komi hér til meðferðar, svo að þetta er ekki nema aðeins stuttur frestur, — eða er það ekki rétt skilið? (*GJ:* Jú.) Ég vildi þá í þessu sambandi minnast á það, að mér virðist það svo sem ekki neitt óeðlilegt, að hv. flm. athugaði það, og ég vil beina því til hans, hvort hann treysti sér ekki til þess að falla alveg frá þessari till. sinni. Þetta mál er nefnilega þannig vaxið, að það verður ekki nógu undirstrikað, að það gæti farið sínar eigin götur án þess að gerðar séu breytingar, sem fleyga það í sundur, þó að þær séu af góðum hug sprottnar, eins og þessi till. hv. þm. Það er svo ákaflega margt, sem benda má á, að ekki væri óeðlilegt að nyti skattfrelsis, eins og hér er gert ráð fyrir, en ef einu sinni er farið inn á þá braut að veita svona undanþágur, þá erum við komnir inn á annað svið. Það er að vísu alveg rétt, að þessi góðgerðarstofnun er í allra fremstu röð í þessu landi og á mjög mikinn rétt á sér, en hún stefnir sem kunnugt er að því að styrkja fólkið, sem kemur af heilsuhælunum til þess að rétta við, og veita því aðhlynningu, sem gefur von um betri framtíð þess. En ef það er farið inn á þessa braut, þá er það auðsætt, að það er til ýmiss konar góðgerðarstarfsemi, sem verður að telja svipaðs eðlis og þá kæmi þar líklega á eftir. Það hefur verið safnað fé til þess að koma upp barnaspítala, það er félag í þessum bæ, sem vinnur að því, og hefur það lagt sig mjög í framkróka til þess að vinna að byggingu slíks spítala. Það getur verið talið hliðstætt hinu fyrra, og svona mætti lengi halda áfram, ef farið væri inn á þessa braut, sem lagt er til í till. hv. þm. Barð.

Þess vegna vildi ég aðeins minna á það, hvað það mál, sem í frv. greinir, er sérstaks eðlis og hvað ívilnanir þar eru í raun og veru litlar. Ég rakst nýlega á það, sem að vísu kemur þessu máli ekki beinlínis við, að í einu fylki í Bandaríkjunum, Texasfylki, þar sem olíuvinnsla er mikil og ríkið hefur af henni miklar tekjur, þar eru mönnum veitt skattfríðindi til þess að þeir geti leitað að olíu, en það er að ýmsu leyti áhættusamt að leita að henni.

Hér er á ferðinni mál, sem að mínu áliti er glæsilegt mál, og ég álít að það væri til leiðinda fyrir þessa virðulegu stofnun, Alþ., að hafa fellt eða fleygað þannig, að það gengi ekki fram. Vissulega er skógrækt á Íslandi þýðingarmikið framtíðarmál og Alþ. mundi gera þarft verk með því að stíga fyrsta skrefið og sýna, hversu mikils það metur starf þeirra manna, sem leggja fram fjármuni til þess að ryðja þar brautina, og ef þetta mál verður fellt, þá held ég, að það yrði til leiðinda. Annars er ekki mitt að segja neitt sérstakt um það, og vitanlega hafa aðrir þm. á því rökstudda skoðun engu síður en ég, og það kann svo sem að vera, að hún fari í aðra átt og sýni sig að styðjast við rök. Ég ætla svo ekki að orðlengja um þetta mál, ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi áhrif á afgreiðslu þess, hvað um það verður sagt, og læt þess vegna staðar numið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég gat þess þegar þetta mál var til umr. síðast, að ég teldi óviðfelldið að afgr. frá sama þingi tvenn l. um breyt. á sömu gr. skattal., og óskaði eftir því við n., að hún tæki til athugunar, hvort ekki væri rétt, samhliða því, sem hún afgr. þetta mál, að taka til yfirvegunar þskj. 86, sem gerir ráð fyrir breyt. á 10. gr. skattal., sömu gr. og gert er ráð fyrir að breyta nú með frv. á þskj. 281, sem við erum að ræða. Nú er liðinn langur tími síðan, og vafalaust hefur n. haldið fundi og athugað þetta, og þess vegna hef ég leyft mér að spyrjast fyrir um það hjá n., hvað henni fyndist um þetta. Breyt., sem gert er ráð fyrir að setja á með frv. á þskj. 86 við 10. gr., á að leyfa meiri frádrátt fyrir kvenmann, sem vinnur í stað konu á heimilinu, ef konan vinnur utan heimilis, svoleiðis að það fáist ekki fullur en nokkurn veginn fullur frádráttur fyrir þeirri húshjálp, sem gift kona, sem vinnur utan heimilis, þarf að greiða til þess að geta unnið utan heimilis. Mér virðist þetta mál sanngjarnt og skil ekki í öðru en að flestum dm. finnist það, og ef svo væri, mundi von á því síðar að þingið samþ. önnur l. um breyt. á sömu gr. skattalaganna. Hitt er svo annað mál, hvort n. sér sér fært að breyta 12. gr. í því frv., ég er efins í, að hún mundi þora að leggja í hana. En sú breyt., sem lagt er til að gera við 10. gr. á þskj. 86, held ég, að sé alveg sanngjörn, og þá finnst mér fjarstæða á sama þingi að samþ. tvenn l. um breyt. á sömu gr. skattalaganna. Þess vegna óska ég að fá að vita hjá n., hvort hún hefur ekki athugað þetta

síðan því var hreyft við n., og vona, að hún sjái sér fært að láta það uppi nú, hvort hún ætlar að leggjast á móti breyt., sem er við 10. gr., á þskj. 86. Ef það er, þá er hennar sjónarmið skiljanlegt, en þá á líka þd. að skera úr því strax. Það er hægt við 3. umr. að taka upp breyt. á þskj. 86 og flytja hana við þetta frv., en vitanlega er það n. að haga vinnubrögðum á hagkvæman hátt. Ég bíð eftir að heyra, hvað n. segir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að ræða málið, vegna þess að ég hef fallizt á þá ósk hv. 11. landsk. að taka till. aftur til 3. umr., en vegna þess að hér er komin fram ósk frá hv. þm. Str., sem er einn af flm., um að taka till. að öllu leyti til baka, þá vil ég lýsa því yfir, að ég get ekki orðið við þeirri ósk. Ég veit ekki, hvort það er rétt að ræða um þetta atriði áður en málið fer til n., en ég mun ræða við n., ef hún óskar að ræða málið áður en það er afgr. En á þessu stigi málsins get ég ekki lofað að taka till. til baka að fullu og öllu og mun halda við hana við 3. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Hv. 1. þm. N-M. var að segja fyrir um vinnubrögð hjá fjhn., og er ekki nema sjálfsagt að taka til athugunar það, sem hann segir og kann eitthvað að vera með réttu og þannig, að betur megi fara um það efni. En eins og ég gat um, þegar ég ávarpaði hv. þm. Barð. og bað hann að taka aftur sína till. til 3. umr., þá var það út frá því, að n. ætlar sér að halda fund um þá till. og ræða hana, og þá um leið mundi hún taka þetta mál, sem er hitt frv., og ræða það líka og athuga um samfellingu. En ég get engu lofað fyrir hönd n., ég er ekki ríkið, eins og kannske hv. 1. þm. N-M., þegar hann talar fyrir hönd landbn.

ATKVGR.
Brtt. 318 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 281, 318, 373, 402).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er nú farið að styttast þetta þing, og skal ég þá einnig vera stuttorður. Ég býst ekki við, að það verði langur tími til fundarhalda úr þessu í hv. deild. Ef þetta frv. á fram að ganga á þessu þingi, verður því að hafa hraðann á, og vil ég taka það fram, að þeir alþingismenn og konur, sem með þessu frv. eru, verða að sjá, að það þýðir ekki að senda frv. með þessum aukabútum áfram, því að þá dagar það uppi. Því heiti ég á þá menn og konur, sem áhuga hafa á skógrækt, að þau dragi til baka smábrtt., því að annars er málinu dauðinn vís. Ég vil taka það fram, að ég hef engan sérstakan áhuga á þessu, en þetta er gott mál, og vil ég gefa þeim mönnum, sem áhuga hafa á að klæða landið skógi, kost á að verja fé sínu í það og að þeir fái viðurkenningu fyrir það með afslætti á skatti í 6 ár, en þó aldrei meira en 3600 kr. frádrátt, og það kostar það, að þeir verða að taka 6 ha. lands til skógræktar. Till. hv. þm. Barð. er ákaflega áferðarfalleg, þ. e. að menn geti gert sig skattfrjálsa með því að gefa til SÍBS, og þá var hæstv. 1. varaforseti einnig með brtt., sem ég sé ekki að þurfi að koma þessu máli við, og eftir þeim áhuga, sem hún hefur á skógrækt, veit ég, að hún muni draga till. sína til baka heldur en að verða skógræktarmálunum til trafala. Þá eru till. frá hv. 4. landsk., en þær eru utan við þetta mál, og allar þessar till. eiga sammerkt í því að snerta ekki skógræktarmálið, og ætti því að vera hægt að halda þeim til hliðar. Fyrri flm. þessa frv., hæstv. landbrh., er því miður ekki hér til varnar eða sóknar í málinu, og syrgi ég það mjög, þar sem hann er mér miklu orðfærari, en það verður að skeika að sköpuðu og atkv. að ráða, hvort frv. lifir eða deyr, en ég hygg, að þar komi fram, hverjir hafa verulegan hug á skógrækt í landinu og hverjir hafi hann minni.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 373, og er sú till. algerlega í samræmi við 1. gr. frv. míns á þskj. 86. Ástæðan til, að ég ber þennan hluta frv. míns hér sérstaklega fram, er ekki sú, að ég álíti málin svo skyld eða sé á móti frv., heldur sú, að hér er um að ræða breytingar við sömu grein skattalaganna, og væri það undarlegt af Alþ., ef það afgreiddi ekki í sama skipti breytingar við einu og sömu grein laganna. Frv. mitt er nú búið að vera mánuðum saman hjá fjhn. án þess að það komi fram, og vildi ég því freista, hverju ég gæti komið fram af því með brtt. við þetta frv. Ég get því ekki dregið aftur till. mínar, enda sé ég ekki, að það geti orðið frv. þessu fjötur um fót, eins og hv. frsm. vildi þó vera láta. Ég reifaði á sínum tíma ástæðuna fyrir mínu frv., en ástæðan er sú, að það er geipikostnaður fyrir konur þær, sem vinna utan heimilis, að fá hjálp, en sá frádráttur, sem skattal. heimila, er 900 kr., en það er eins og dropi í hafinu af kostnaði þeim, sem af því leiðir að hafa konu til heimilisstarfa, og tel ég ekki of í lagt, þó að kostnaðurinn við að hafa ráðskonu sé svona 10 þús. kr. á ári. Þetta er alltilfinnanlegt fyrir heimili, þar sem konan vinnur úti og er kannske menntuð á þessu sviði og hefur eytt miklum hluta ævinnar til að fullnuma sig í, en kaup hennar verður með þessu móti að frádregnum kostnaði afar lítið, svo að þetta er nokkurs konar hegning fyrir að hafa reynt að ná menntun og þroska í starfi sínu. Ég vona því, að hv. d. sjái sér fært að samþ. brtt. mínar og eins frv. mitt í heild. Þá vil ég segja hinum hv. ordhaga frsm., til að fyrirbyggja vafninga í framtíðinni, að konur eru líka menn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á hér brtt. við þetta frv. á þskj. 318, sem ég tók aftur til 3. umr. samkvæmt ósk hv. flm., og gerði ég þá ráð fyrir, að n. athugaði málið aftur og léti í ljós álit sitt á framkomnum brtt. Hv. 11. landsk. hefur að vísu sagt sitt álit á málinu, en ég veit ekki, hvort hann talaði þar fyrir hönd allrar n. eða lét aðeins í ljós sína persónulegu skoðun. Ég sé mér því ekki fært að taka aftur till. mínar. Hv. 11. landsk. lagði áherzlu á það, að þessar till. snertu ekki skógrækt og væri því rangt að koma fram með þær í sambandi við þetta mál. Ég vil benda á, að þetta er rökvilla hjá hv. þm. Framlög til vegagerða snerta ekki framlag til hafnargerða, en hvort tveggja snertir fjárhag ríkisins. Brtt. mínar snerta ekki skógrækt, en hvort tveggja snertir fjárhag ríkisins; till. eru bornar fram við skattalögin, og hefði ég ekki búizt við slíku af jafngreindum manni og lögfróðum. Hv. flm. veður inn á skattamálin í trausti þess, að þm. héldu, að hér væri um skógræktarmál að ræða, sem það er ekki, heldur hreint skattamál, og er hér farið inn á viðkvæma löggjöf. En að benda á, að þetta sé fjandsemi við skógrækt í landinu, er fjarstæða. Ég vil benda á það, að það er ekki meiri ástæða til að gefa skattfríðindi í sambandi við skógrækt en í sambandi við sandgræðslu, túnrækt eða hvaða ræktun sem er, og ætti hv. þm., sem búinn er að sitja á búnaðarþingi, að sjá þetta manna bezt. Ég hefði ekki kært mig um að sýna fram á þetta, nema af því, að hv. 11. landsk. var að núa okkur því um nasir, að við værum á móti skógrækt. En mér finnst smásálarskapur að fara fram á að fá skattundanþágu fyrir að dunda við að rækta nokkrar trjáplöntur. Mín till. er aftur á móti miklu nauðsynlegri, og held ég fast við hana og vona, að hún verði samþ.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að taka undir með hv. þm. Barð., að ég furða mig á, að þetta frv. skuli vera borið fram og lögð svo mikil áherzla á að fá það samþ. Ég benti á það við 2. umr., að væri farið inn á þá braut að undanþiggja hluta teknanna skatti, þá væri erfitt að stöðva sig aftur á þeirri braut. Ef fé, sem er varið til skógræktar, er undanþegið skatti, hví á þá ekki alveg eins að undanþiggja það fé, sem varið er til kornræktar eða byggingar votheysturna, skatti? Það má lengi halda áfram á þessari braut, og svo bætast við till. eins og till. hv. þm. Barð. um það, sem varið er til mannúðarmála. Í sambandi við till. tel ég hyggilegra að hækka heldur framlag ríkisins til bygginga í Reykjalundi en að svipta ríkið sköttum þessum og nota heldur af sköttum þessum til að styrkja SÍBS. Ég er því andvígur þessu frv., en þar sem útlit er fyrir, að það verði samþ., þá vil ég bera fram brtt. við persónufrádrátt skattalaganna. Hann er nú 900 kr. fyrir einstakling, 1800 kr. fyrir hjón og 700 fyrir barn. Það ber öllum saman um, að þessar upphæðir séu allt of lágar og í engu samræmi við framfærslukostnaðinn. Ég ber því fram till. um, að í frv. komi ný gr. á eftir 1. gr., þar sem ákveðið er, að persónufrádrátturinn verði sá sami um allt land, 1500 kr. fyrir einstakling, 3000 kr. fyrir hjón og 1200 kr. fyrir barn. Þetta er 600 kr. hækkun á einstakling og 500 kr. hækkun á barn. Bætur einstaklinga á 1. verðlagssvæði nema nú 1260 kr. í grunn, auk sjúkrasamlagsbóta. Nú hefur verið samþ. hér að auka við þetta 10%, þannig að þetta nemur um 1450 kr., eða nær sömu upphæð og gert er ráð fyrir, að persónufrádrátturinn nemi. Og ég sé ekki annað, sem heppilegra er að miða við, og vona, að hv. d. þyki þetta sanngjarnt. Þá þykir mér rétt að geta þess, að ef annað sjónarmið yrði tekið upp í tekjuskattsstiganum og hann yrði gerður ríflegri, þá verði byrjað hærra en nú er, enda hlægilegt að leggja 1—2% á litlar upphæðir, og væri þá hægt að byrja hærra, ef persónufrádrátturinn er hækkaður.

Um aðrar brtt. segi ég ekki margt, en út af brtt hv. 8. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. vil ég taka það fram, að það sjónarmið er nokkuð einhliða. Talsverð sanngirni mælir með því, ef hjón vinna bæði úti, að tekjur konunnar séu skattlagðar sérstaklega eða dregið frá þeim ráðskonukaup, en þetta er þáttur af stærra máli, og mér finnst rangt að draga þetta atriði út úr stærri löggjöf. Ég get ekki séð, hvers vegna maður, sem vinnur fyrir 50 þús. kr. á ári og á börn og konu, sem vinnur á heimilinu, ætti að borga hærri skatt en hjón, sem bæði vinna úti og hafa hvort um sig 25 þús. kr. tekjur. Ef hverfa á frá því, að hjón telji fram saman, þá væri eðlilegast, að konu, sem vinnur heima, væri reiknaður hluti af tekjum mannsins og það skattlagt sérstaklega.

Ég endurtek dæmið um mann þann, sem hefði t. d. 50 þús. kr. í árstekjur og sér síðan auðvitað um heimilið, og svo hins vegar hjón, sem bæði vinna úti og hafa hvort um sig 25 þús. kr. í árstekjur, og get ég ekki séð, að það sé eðlilegt, að hér verði mismunandi tekjuskattur hjá þessum hjónum, þó að árstekjur beggja um sig séu þær sömu. Þetta er ekki réttlætanlegt. — Skal ég ekki tefja umræður um þetta lengur, en afhendi forseta hér skriflega brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 607) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég lofa að teygja ekki lopann að óþörfu um þetta mál. Aðallega hef ég verið að kanna hugi manna varðandi frv. þetta; ég segi hugi manna, því að ég þarf ekki að segja kvenna eftir það, sem fram hefur komið hjá hv. 8. þm. Reykv. Það virðist vera orðin árátta á mönnum hér, þótt hjartahreinir séu, að hlaða svo miklum og mörgum pinklum á frv. þetta, að það hverfi raunverulega, eins og það var upprunalega. Þetta frv. var aðallega undirbúið af Skógræktarfélagi Íslands, og því ætti að vera kunnugt, hvað skógræktinni er bezt til framgangs. Skógræktarfélagið vill auðvitað fara þær leiðir, sem beztar eru til að klæða landið skógi. Nú segja hv. þm. Barð. og hv. 4. þm. Reykv., að þetta horfi öðruvísi við;

það megi alveg eins koma með svipaðar till. varðandi t. d. súrheysgryfjur, tóftir eða kornakra. Ég held, að hv. 4. þm. Reykv. ætti að muna, að í gær samþykkti hann með sinni hægri hendi að hækka styrkinn til súrheysgryfja. Ekki er nema gott eitt um það að segja. En ég sé ekki, hvaða munur er á því, þótt inn í ríkissjóð séu greiddar 100 kr. og síðan teknar þaðan út, eða að inn í ríkissjóð séu greiddar 1000 kr. og síðan teknar út 1000 kr. Auðvitað kemur þetta í sama stað niður, og ætti hver maður að skilja það. Það er rökvilla, er þessir hv. þm. bregða mér um, að súrheysgryfjustyrkurinn komi ekki þeim til góða, er þær byggja, og á sama hátt kemur skattaívilnun þeim til góða, er skógklæða jörð sína. Hv. þm. Barð. sagði, að það væri smásálarskapur að biðja um aura til að gróðursetja nokkrar hríslur. Þetta er nú sá góði hugur, sem þessi hv. þm. ber til skógræktarmálanna. Ég held, að það kosti ekki svo lítið að gróðursetja hríslur í 6 hektara lands, en það má vera, að þessa hv. þm., eða a. m. k. hv. 4. þm. Reykv., muni ekki mikið um þessa aura, en aðra getur munað um það. Og svo er einnig að líta á hitt, að jafnvel þótt hér sé ekki um mikið fé að ræða, þá er sú hlið ekki veigaminni, er mætti verða til þess að örva menn til að fást við skógrækt. Þetta er ekki lítilvægt.

Nú hafa alls komið 4 brtt. fram við þetta frv., og ég held, að heppilegra muni vera að fresta umræðum, svo að menn geti áttað sig á þessu, og taka málið svo fyrir síðar. Þar sem fyrri flm. frv. er ekki við, en væntanlega getur hann verið viðstaddur, ef frv. verður rætt síðar, þá er enn meiri ástæða til að fresta því, enda veitir mér ekki að hafa mitt lið búið til vopna, einkum eftir að skjaldmærin þeysti fram á völlinn.

Forseti (BSt): Ég hef skilið ummæli hv. 11. landsk. svo, að hann óski eftir, að umræðum verði frestað, en áður en svo verður, þykir mér rétt að gefa hv. 4. landsk. orðið, þar sem hann er og var á mælendaskrá, þegar þessi ósk kom fram.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur flutt brtt., þar sem farið er fram á að rýmka ákvæði skattalaganna um frádrátt á tekjum, þegar konan vinnur utan heimilisins, vegna þess kostnaðar, sem verður meiri við húsmæðrastörfin, er konan vinnur úti. Tel ég þetta fyllilega sanngjarnt, en finnst, að till. þessi gangi of skammt, því að í framkvæmdinni mundi ekki verða nein breyting á þessu, þótt þessi till. yrði að lögum. Ég held, að það sé eðlilegra að breyta þessu á þann veg sem segir í brtt. minni á þskj. 402. En þar er sagt, að þegar bæði hjónin stunda sjálfstæða atvinnu, telji þau fram hvort í sínu lagi, og síðan verði skattaálagningin skv. því.

Hv. alþingismönnum er þetta mál vel kunnugt. Frk. Katrín Thoroddsen flutti um þetta frv. 1946, og var það rætt hér. En þá var litið svo á, að ekki væri heppilegt að vera að breyta skattalögunum, þar sem fyrir dyrum stæði endurskoðun á þeim. Nú hefur þessi endurskoðun farið fram, en ríkisstjórnin virðist ekki ætla að breyta skattalögunum að heldur. Þess vegna tel ég ástæðu að taka þessa till. upp. — Ég held, að menn geti fallizt á það, að kona og karl, sem stunda sjálfstæða atvinnu, teljist sjálfstæðir skattþegnar. En hitt er ósanngjarnt, þegar hjónin stunda bæði sjálfstæða atvinnu, að slengja atvinnutekjum þeirra saman, og komast þau í hærri skattstiga en ef þau hefðu verið ógift. Þetta hlýtur alltaf að verða mjög ósanngjarnt, þegar skattstiginn er mjög hár. Þar sem einungis er um launatekjur að ræða, verður skattaálagningin mjög tilfinnanleg. Í þessari till. er gert ráð fyrir, að hjón geti því aðeins talizt sjálfstæðir skattþegnar, að viðkomandi persónur vinni ekki við sama fyrirtækið. Með þessu er komið í veg fyrir, að atvinnurekendur geti með þessum hætti skipt niður tekjum sínum.

Ég tel ekki þörf að fjölyrða um þetta sérstaklega. Mönnum mun vera þetta vel kunnugt, og ekki vandkvæði að skilja, hvað hér er á ferðinni. Ég vænti því, að hv. þingmenn geti fallizt á þessa sanngjörnu till., fyrst frv. liggur hér fyrir um breyt. á skattalöggjöfinni. — Þá vænti ég þess og, að till. þessari verði vel tekið í fjhn., þar sem hún á að fá frv. til meðferðar aftur, og geri ég mér vonir um, að hv. n. geti sérstaklega mælt með þessari brtt.

Umr. frestað.

Á 101. og 102. fundi í Ed., 6. og 8. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 281, 318, 373, 402, 607).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það hefur orðið að samkomulagi milli okkar flm. þessa frv., hæstv. landbrh. og mín, að lýsa því yfir, að við æskjum þess ekki, að málinu verði frekar haldið áfram í deildinni, enda er orðið áliðið þings og ekki líkur fyrir því, að það nái fram að ganga, og eru komnar fram þær brtt., sem tefja mundu framgang þess, og má telja eigendur þeirra ráðbana málsins. Það þarf ekki að orðlengja það, að úr því sem komið er, er það ósk okkar að draga það til baka, enda má segja, að skógræktarmenn muni lítið um þetta, og er réttara að taka það til athugunar frekar á öðrum grundvelli.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að þetta er gert í samráði við mig. Brtt. eru orðnar svo margar, og þeir hv. þm., sem þær flytja, setja þær að jöfnu við þá undanþágu, sem í frv. er farið fram á að veitt sé áhugamönnum um skógrækt, og vitandi það, að það verður aldrei hægt að veita allar þær undanþágur, eru þeir, eins og hv. 11. landsk. þm. sagði, orðnir ráðbanar málsins. Þess vegna er ástæðulaust að vera að þvæla með það lengur, vegna þess að vitað er, að það getur aldrei orðið samþ.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins beina því til hæstv. forseta, að mér er ekki kunnugt um það, hvort það er hægt

eftir þingsköpum, að þm. geti tekið frv. aftur hvenær sem er, eftir að brtt. eru komnar fram við það. Ég vildi því beina því til hæstv. forseta, hvort ekki sé hægt að hafa atkvgr. um málið, þrátt fyrir framkomnar óskir hv. flm. Ég þori ekkert að fullyrða þetta, því að ég er nú ekki svo kunnur þingsköpum.

Út af orðum hæstv. landbrh. um, að margar af brtt. væru óæskilegar, þá vil ég leyfa mér að mótmæla því, að minnsta kosti hvað snertir till. mína á þskj. 607, og ef það á að breyta l. á annað borð, þá er ekki óeðlilegt, að fram komi brtt. svipaðar þeirri. En hitt get ég fúslega viðurkennt, að frv. sjálft kann að vera svo úr garði gert í upphafi, að flm. óski ekki eftir því, að það nái fram að ganga.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef nú reyndar litlu að bæta við það, sem ég sagði áðan, en ég læt það alveg á vald hæstv. forseta að ákveða það, hvaða andlát málið fær; líklega er bezt að því sé frestað, því að þá fær það hægast andlát.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég tek mjög eindregið undir ummæli hv. 4. þm. Reykv. og óska þess, að hæstv. forseti felli úrskurð um það, hvort óskir flm. skuli teknar til greina, um að frv. sé tekið aftur.

Forseti (BSt): 40. gr. þingskapa hljóðar svo: „Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla."

Samkvæmt þessu er hv. flm. heimilt að kalla þetta frv. aftur, svo er og hverjum hv. þm. heimilt að taka frv. upp aftur á þessum fundi.

Brynjólfur Bjarnason: Þá tek ég, herra forseti, frv. upp aftur.

Forseti (BSt): Frv. er tekið upp aftur af hv. 1. landsk. þm. — Þar sem enginn hefur kvatt sér hljóðs, er umr. lokið, en atkvgr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 104. fundi í Ed., 11. maí, utan dagskrár, mælti

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi spyrja hæstv. forseta að því, hvort hann hugsaði sér að taka á dagskrá það mál, sem var tekið hér af dagskrá í fyrradag, um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, og óska ég þess, að það verði gert. Og vegna þess, hve áliðið er þings og komið nærri þinglokum, vildi ég mjög gjarnan óska þess, að þetta mál yrði tekið fyrir á morgun.

Forseti (BSt): Þar sem nefnt frv. hefur verið tekið upp aftur, þó að hv. flm. hafi dregið það til baka, þá mun það verða tekið á dagskrá. — En það eru mörg mál á dagskránni í dag, og er ekki sýnt, að þessari dagskrá, sem liggur fyrir þessum fundi, verði lokið, og hefði þá að sjálfsögðu verið litlu nær, þótt þetta nefnda mál hefði staðið einhvers staðar á þessari dagskrá. En þetta mál verður, sem sagt, tekið á dagskrá, því að ég skoða það, samkv. þingsköpum, sem fyllilega lifandi mál enn.

Á 105. fundi í Ed., 13. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Áður en gengið er til atkv. um þetta mál, vil ég taka það fram, að við flm. óskum að taka það til baka, og þess vegna tel ég þann leik að hafa atkvgr. um málið nú mér óviðkomandi og tek því ekki þátt í atkvgr.

Forseti (BSt): Hv. þm. veit, þar sem hann hefur verið forseti, að þar eð frv. hefur verið tekið upp aftur, þá verður að ganga atkvgr. um það.

ATKVGR.

Brtt. 318 felld með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, BrB, GJ, HV.

nei: PZ, RÞ, VH, HG, KK, BSt.

ÞÞ, EE greiddu ekki atkv.

5 þm. (LJóh, BBen, FRV, HermJ, JJós) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Úr því að þetta frv. var nú einu sinni komið fram og við það slík brtt. sem þessi, þá finnst mér nú erfitt að komast fram hjá henni og segja nei, vegna þess málefnis, sem hún flytur. En ég vil með hliðsjón af því, hvers konar flækjufrv. þetta er orðið, marka afstöðu mína til þess með því að skipta mér ekki af því, sérstaklega vegna þess að mér finnst það vera orðið meira gluttur milli einstakra hv. þm. Þess vegna greiði ég ekki atkv. um þessa brtt. frekar en annað í sambandi við þetta frv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég er nú andvígur þeirri reglu, sem tekin er upp í þessu frv. og kemur fram í þessari brtt., þ. e. a. s. að veita sérstakar undanþágur frá skatti.

Ég tel, að miklu frekar eigi að auka styrk til Sambands berklasjúklinga á fjárlögum. Í trausti þess, að svo verði gert, þótt síðar verði, segi ég nei.

Brtt. 402 felld með 5:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, StgrA, BrB.

nei: PZ, VH, GJ, KK, BSt.

EE, HV, HG greiddu ekki atkv.

6 þm. (LJóh, ÞÞ, BBen, FRV, HermJ, JJós) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get ekki verið með þessari till., m. a. vegna þess, að í hana vantar ákvæði um, hvernig skipta eigi

börnum, sem í þessu tilfelli hjón hafa á framfæri sínu, til frádráttar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þar sem brtt. mínar á þskj. 318 hafa verið felldar, þá mun ég ekki treysta mér til að fylgja öðrum brtt. eða frv. í heild og segi því nei.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég er nú í sjálfu sér efnislega samþykkur þessari brtt. að því leyti, sem hún gengur í þá átt að hætta beinni samsköttun hjóna. En hins vegar tel ég óeðlilegt að láta þetta aðeins ná til þeirra hjóna, þar sem konan vinnur utan heimilisins, og þess vegna greiði ég ekki atkv. um brtt.

Brtt. 373 samþ. með 8:2 atkv.
— 607 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HG, StgrA, BrB.
nei: KK, PZ, RÞ, VH, BBen, GJ, BSt.
EE greiddi ekki atkv.
5 þm. (HermJ, JJós, LJóh, ÞÞ, FRV) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þar sem búið er að samþ. fjárlög á þessu þingi, sem gera ráð fyrir ákveðnum tekjum af þessum skatti, og þar sem reiknað hefur verið út, að sá frádráttur, sem lagt var til að heimilaður yrði í frv., sem hv. 8. þm. Reykv. hefur flutt áður á þessu þingi, þar sem þó var lagt til, að hann væri lægri en þetta, mun nema allt að 30 millj. kr. í tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, svo að þetta, sem hér er lagt til, mundi þá nema stærri upphæð; í öðru lagi hefur nú verið lagt fram frv., sem öll hæstv. ríkisstj. stendur að og verður því væntanlega samþ., sem fer í svipaða átt og þetta, og eftir því sem ég veit bezt, hefur hæstv. ríkisstj. haft um þetta frv. samráð við fjvn., svo fyrir því er ráð gert; — af þessum ástæðum sé ég mér ekki fært að samþ. þetta, þótt ég viðurkenni, að persónufrádrátturinn er of lágur. Ég segi nei.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég hef flutt á þessu þingi frv., sem hv. fyrri þm. N-M. gat um, þar sem greinil. hefur komið í ljós, að ég tel persónufrádráttinn of lágan. En með tilvísun til ummæla hv. 1. þm. N-M. segi ég nei.

Frv., svo breytt, felllt með 5:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, HV, HG, RÞ, StgrA.
nei: VH, BBen, GJ, KK, PZ.
ÞÞ, EE, HermJ, BSt greiddu ekki atkv.
3 þm. (FRV, JJós, LJóh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég er að vísu andvígur 1. gr. frv., en tel 2. gr. vera til bóta eins og hún er og get þess vegna greitt atkv. með frv. til Nd., í von um, að hún lagi það. Ég segi já.

Bernharð Stefánsson: Ég greiði ekki atkv. með tilvísun til þess, að upphaflegu flm. frv. höfðu tekið það til baka.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 29. fundi í Nd., 13. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 frá 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl. [94. mál] (þmfrv., A. 213).

Á 31. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt svo mikið undanfarin ár hér á Alþingi, að óþarft er að fara um það mörgum orðum. Það var árið 1946, sem samþykkt voru lögin um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og sveitum, og þar með í rauninni gerð 4 ára áætlun um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis í landinu. Ætlunin var, að sveitarstjórnir söfnuðu skýrslum um slíkt húsnæði, hver á sínum stað, og nauðsyn á aðstoð hins opinbera við það fólk, sem hefði þannig aðstæður, að það gæti ekki byggt yfir sig af eigin rammleik, og gerðu áætlun um nýbyggingar á grundvelli þeirra rannsókna. Var með þessu stigið stórt spor í félagsmálalöggjöf okkar, enda þótt það hafi ekki komið að þeim notum, sem til var ætlazt. Efndir þeirra fyrirheita, sem löggjöf þessi fól í sér, hafa sem sagt ekki orðið aðrar en þær, að því er ég bezt veit, að reistar voru 64 íbúðir við Skúlagötu í Reykjavík og um 8 íbúðir á Ísafirði. Sá kafli þessara laga, sem fjallaði um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, var í rauninni felldur úr gildi árið 1948, og síðan hefur verið fellt árlega að veita fé til þessa á fjárlögum. — Þörfin var þó ekki síður brýn en þegar lögin voru sett. Árið 1946 voru framkvæmdar hér í Rvík þær rannsóknir, sem lögin stóðu til, og kom í ljós, að af 326 braggaíbúðum voru 200 heilsuspillandi, og af 1884 kjallaraíbúðum voru 452 heilsuspillandi. Í þessum 652 heilsuspillandi íbúðum bjuggu þá um 3300 manns — og var þó þessi rannsókn alls ekki tæmandi, því að hún náði ekki til skúra eða háaloftsíbúða. Þannig var ástatt 1946. En þörfin hefur síðan farið minnkandi síðan. Húsaleigunefnd skýrði t. d. nýlega frá því, að 1677 manns, þar af 419 börn, byggju nú í bröggum, en það er 377 manns fleira en 1946. Í blöðum hér í Rvík hafa birzt lýsingar á því undanfarið, hvernig aðbúð þessa fólks er háttað.

Ég geri ráð fyrir því, að einhver segi, að við höfum ekki efni á að framkvæma áætlunina frá 1946. En mér er næst skapi að snúa þessu við: að við höfum ekki efni á því að láta þúsundir manna hírast í slíkum híbýlum. Við höfum og möguleika á að framkvæma þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða. En tvennt þarf til þess: byggingarefni og vinnukraft. Sé þetta hvort tveggja fyrir hendi, er hitt svo fyrirkomulagsatriði, hvernig framkvæmdum verður hagað. Byggingarefni getum við fengið án þess gjaldeyrisforða, sem nú er fyrir hendi, t. d. með útgerð gömlu togaranna af bæjarfélögunum, sem fái síðan óbundnar hendur með ráðstöfun þess gjaldeyris. Þá er vinnuaflið fyrir hendi, því að nú þegar er farið að bóla á atvinnuleysi í landinu. Til fjáröflunar innanlands eru til ýmsar leiðir, en Landsbankinn hefur undanfarin ár haft um 20 millj. kr. í hreinan ágóða. Og þar eð, að frásögn Jóns Árnasonar bankastjóra, bankinn hefur í tvö ár ekki lánað neitt til húsbygginga, þá er eigi úr vegi, að gróði hans gangi til þessara framkvæmda. Þá er framkvæmdaratriðið annað mál. Ef frv. þetta verður samþ., er sjálfsagt að athuga það atriði. Ég geri svo ekki ráð fyrir, að skýra þurfi þetta neitt nánar. En ég álít, að fólkið í þessu húsnæði tæki því með þökkum, ef fulltrúar flokkanna beggja skýrðu frá afstöðu sinni, og það því fremur sem málgögn þessara flokka hafa undanfarnar vikur gert mál þessi að umtalsefni.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 213, n. 629 og 660).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Jónas Árnason) [Í handrit innanþingsskrifara vantar upphaf ræðunnar og að því er virðist frumræðu frsm. meiri hl. (PÞ).]: Einn daginn er aðalfrétt blaðsins svo hljóðandi: „Í mörgum af verstu vistarverum, sem fólk í Reykjavík verður að sætta sig við og að áliti allra dómbærra manna eru heilsuspillandi hverjum sem er, búa fjölmargir, sem læknar hafa sérstaklega lagt bann við, að mættu dvelja í vondum húsakynnum, heilsufars síns vegna. Margs konar heilsubrestir þjá þetta fólk, — sumt nýútskrifað frá Vífilsstöðum og Reykjalundi, og þarf um fram allt að njóta góðra skilyrða, á meðan það er að venjast eðlilegu starfslífi á nýjan leik.“ Heimildir að fregn þessari segist blaðið hafa frá stjórn Leigjendafélagsins og leggur mikið upp úr áliti hennar, *og er sú afstaða næsta ólík þeirri, sem hv. þm.* þessa hv. blaðs hafa upp tekið nú nýlega, þegar stjórn þessa sama félags sendi þeim bréf út af frv. þeirra um breyt. á húsaleigulöggjöfinni. *En það er önnur saga. Þessi vitnisburður er* ekki fögur mynd, en ástandið hefur í þessu efni ekki breytzt til batnaðar, er rannsókuð eru hanabjálkaloft og djúpir og dimmir kjallarar. *Frams.flokkurinn opinberaði mikinn umbótahug* með pennum blaðamanna sinna fyrir kosningar. Aðalblað flokksins talaði mikið um það, að nauðsyn bæri til að rannsaka og gera skýrslur um óhæft húsnæði í bænum og hefja að því loknu skipulagðar byggingarframkvæmdir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Með samþykkt þessa frv. mundu þm. Framsfl. styðja raunhæfar aðgerðir í því hjartans máli þeirra, sem þetta mál var fyrir kosningar. Hinn 4. jan. sendi maður nokkur bréf til blaðs framsóknarmanna, sem birt var af mikilli samúð og fjallar um það, „hvaða áhrif þetta eilífa húsnæðisbasl og dvöl í algerlega óhæfum vistarverum hefur á okkur öll. Börnin eru sífellt lasin“, segir hann, „en við hjónin þreytt og leið og beygð af erfiðleikum og mótlæti.“ Bréfritarinn talar um það mikla „sálarnið“, sem „lagt er á þá, sem dæmdir eru til þess að búa ár eftir ár við þessi ósköp, þótt ekki sé rætt um líkamlega heilsu.“ Fjórum dögum síðar segir blaðið orðrétt: „Hin hræðilega aðbúð í bragga- og fátækrahverfum bæjarins sviptir fólkið trú á lífið og framtíðina og hlýtur óhjákvæmilega að skilja eftir geigvænleg för í þjóðlífinu, ef ekki verður tekið í taumana og ráðin bót á ófremdarástandinu.“ Síðan *segir frá því, að á liðnu hausti bjuggu 1666* manns, þar af 419 börn, í bröggum og öðru húsnæði af því tagi, sem teljast verður með öllu óviðunandi. Þessu næst talar blaðið um nauðsyn þess, að hafin verði af opinberri hálfu sókn að því að sjá öllum Reykvíkingum fyrir viðunandi húsnæði á næstu missirum. Enn talar blaðið um bölvun húsnæðisleysisins, sem þúsundir manna, þ. á m. þúsundir barnafjölskyldna, eiga við að búa. „Það hefur reynt að sýna fram á, hvaða afleiðingar það hlyti að hafa fyrir mannfélagið, ef stór hluti af börnum bæjarins eiga í framtíðinni, eins og verið hefur nú um skeið, að alast upp við slíka kosti. Þær afleiðingar hljóta að vera andlegar og líkamlegar og höfuðstað landsins og þjóðinni allri býsna dýrar. Það hefur verið sýnt fram á, hvernig þrekminna fólkið gefst upp í hinni vonlausu baráttu, þegar samfélagið vill ekki eða hirðir ekki um að veita því liðsinni til þess að losna úr utangarðsvist í alls konar hrófum, sem eru eins fjarri því að vera mannabústaðir og skútar uppi á fjöllum. Það hefur sýnt fram á, hversu ægilegt ástand hlýtur að skapast jafnskjótt og bóla tekur á verulegu atvinnuleysi. Og það hefur sýnt fram á, hvernig menn, sem raunverulega eru sjúklingar og ekkert annað, eru settir gersamlega á guð og gaddinn, í stað þess að búa þeim sjúkrahúsvist, þar sem þeir gætu unnið fyrir sér á sómasamlegan hátt, náð heilsu og orðið á ný nýtir menn í þjóðfélaginu.“ Þá er í blaðinu að finna tilkynningu um það, að Framsfl. berjist fyrir alhliða umbótum í kaupstöðum landsins, og segir orðrétt: „Hann hefur einsett sér að brjóta niður ofurvald fjárplógsmannanna og uppræta spillinguna í þjóðfélaginu og gera eymdina *og ranglætið útlægt. Vilji nógu margir kjós-*endur veita honum brautargengi, skapast ný viðhorf.“ Ráðið er m. ö. o. að kjósa Framsóknarflokkinn.

Þessi *vitnisburður, sem blað Framsfl. gefur* um ástand og horfur í húsnæðismálum í Rvík, er ekki fagur. En ástandið hefur ekki breytzt til batnaðar frá því, að framsóknarmenn rannsökuðu kjallarana, hanabjálkaloftin og braggana, þar sem barnafjölskyldur bjuggu. Framsókn opinberaði mikinn umbótahug með pennum blaðamanna sinna. Aðalblað þeirra, Tíminn, taldi vænlegt, að hafizt yrði handa og gerðar skýrslur yfir allt heilsuspillandi húsnæði í bænum, og að því loknu yrðu hafnar skipulagðar byggingarframkvæmdir til þess að bæta úr ástandinu og útrýma heilsuspillandi húsnæði. Með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, mundu hv. þm. Framsfl. stuðla að raunhæfum aðgerðum í þessum efnum, sem þeim lá svo mjög á hjarta í afstöðnum kosningum. Það má því teljast allundarleg breytni, er þm. flokksins rétta Sjálfstfl. hönd í afstöðu sinni til þessa frv. og leggja til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá. Þetta eru snögg umskipti hjá þeim mönnum, sem töluðu um hræðilega aðbúð fólksins í kjöllurum og á hanabjálkaloftum, þar sem fólkið missir smám saman trú á lífið og framtíðina. Og nú er verið að samþ. hér á hv. Alþingi með einni rökstuddri dagskrá, að Íslendingar hafi ekki efni á því að *byggja upp menningarþjóðfélag.*

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. minni hl. fyrir góðar undirtektir í þessu máli, sbr. *málflutning þeirra* flokka í janúar s. l. Hins vegar hefur nú orðið sú raunin á, eins og kom fram í ræðu hv. þm. A-Sk., að þær öldur, sem risu í janúar, hefur nú lægt. Ég verð að segja, að mig undrar afstaða Framsfl. til þessa máls. Að vísu veit ég ekki, hversu hv. þm. A-Sk. er kunnugur í braggahverfum Reykjavíkur, en ég veit, að þessi hv. þm. les blað sitt, Tímann, og eftir skrif þess blaðs fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar í Rvík þarf ekki að lýsa því ástandi fyrir þessum hv. þm., sem þar ríkir. Nú tala

fulltrúar stjórnarflokkanna um það, að þjóðin hafi ekki efni á því að útrýma heilsuspillandi húsnæði í Reykjavík. En var fjárhagsástandið eitthvað betra í desember s. l. og í janúarmánuði en nú? Þá virtist þessum mönnum, að allir vegir væru færir í þessum efnum, en nú hefur þjóðin ekki efni á því að búa í heilbrigðu og mannsæmandi húsnæði.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frv. Stjórnarliðið mun sjá fyrir afgreiðslu þess. Hins vegar vildi ég minna á það, að orð dagblaðsins Tímans eru enn í fullu gildi varðandi aðbúð fólks í Reykjavík og víðar.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða að gera grein fyrir atkv. mínu varðandi þetta frv. Þetta mál á sér nokkra forsögu. Árið 1946 voru sett af Alþingi merk lög um byggingu íbúðarhúsnæðis, og 1. kafli þessarar löggjafar fjallaði um styrkveitingar til sveitar- og bæjarfélaga til byggingar íbúðarhúsnæðis. Nú var svo komið árið 1948, að svo var ástatt um fjárhag ríkissjóðs, að ríkið gat ekki uppfyllt skuldbindingar sínar. Nú má hins vegar gera ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að framkvæma þessi lög, eftir því sem marka má af meðferð mála, þegar gengislækkunarlöggjöfin var sett. Þótt hv. 5. þm. Reykv. hafi verið með napuryrði í garð Alþfl., þá hefur Alþfl. fyrir löngu síðan haft forustu um raunhæfar aðgerðir til úrbóta í húsnæðismálunum. Það má vera, og ég efa það ekki, að eitthvað sé til í því, sem fram kemur í ummælum Tímans, en ég minnist einnig þess, að þetta sama blað talaði um það, að ég sem forsætisráðherra í fyrrv. samsteypustjórn hafi gert of lítið í húsnæðismálunum. Nú hefur Framsfl. fengið félmrh. úr sínum hópi, og ég stend ekki gegn því, að hann stígi feti framar en ég gat. Og ég vil ekki heldur hindra Sósfl. í þeim áhuga, sem hann vill sýna þessum málum, og mun því greiða atkv. með frv. Mér er og mjög umhugað um það, að lögin frá 1946 verði notuð í sem ríkustum mæli, en nú geta þessir tveir flokkar fengið tækifæri til þess að betrumbæta, ef ekki er hér um að ræða vindbelging einn.

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það má vera, að það sé ekki nema eðlilegt, að hv. 8. landsk. ætlist til meira af núverandi hæstv. félmrh. en hann gerði af sér sjálfum, er hann var við það starf. Þetta munum við þm. skilja.

Hv. frsm. minni hl. eru báðir blaðamenn, enda er þeim hugleikið að byggja skoðanir sínar á því, sem blöðin segja. Ég óska þessum mönnum til hamingju með það, að þeir virðast vera farnir að lesa dagblaðið Tímann. Það blað mun verða þeim hollt leiðarljós. Annars virtust mér ræður þeirra vera helzt til utangátta. Mér skilst, að hér sé um það að ræða að skera úr um það, hvernig eigi að byggja íbúðarhúsnæði og hvernig eigi ekki að undirbúa slíkar framkvæmdir. Þetta frv. fjallar um einn kafla í stórum lagabálki. Þótt 3. kafli þessara laga sé að takmörkuðu leyti í gildi sem stendur, eru aðrir kaflar þeirra í fullu gildi. Hér er því ekki um það að ræða, hvort eigi að leyfa að byggja eða banna með öllu.

Nú höfðu hv. sósíalistar í fyrsta skipti ráðherra í ríkisstj. 1944, og flokkur hv. 8. landsk. átti einnig fulltrúa í þeirri ríkisstj. Þessir tveir flokkar höfðu 4 af 6 ráðherrum. Þá var svo ástatt í landinu, að fjármagn var nóg fyrir hendi og lánsfé fékkst þá með lágum vöxtum. Þá átti þjóðin um 600 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Þá virtust því hæg heimatökin fyrir þá ríkisstjórn, og nú vildi ég mega spyrja: Hversu miklu fé var þá varið til þess að byggja yfir þetta fólk, sem búið hefur og býr í bröggum og öðru heilsuspillandi húsnæði? Flm. þessa frv. taka svo djúpt í árinni um bágindi þessa fólks, að það verði að dveljast í vosklæðum á heimilum sínum. Ef þetta er rétt, að dæmi sé um slíkt, þá vil ég bjóða hv. þm. bandalag um það, hvort ekki mætti takast að finna húsnæði fyrir þessar fjölskyldur, sem væri það gott, að ekki þyrfti að standa þar í vosklæðum innan dyra.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð út af einu atriði í ræðu hv. þm. A-Sk. Hann sagði, að löggjöfin um íbúðarbyggingar frá 1946 væri enn í gildi, þótt 3. kafla laganna væri frestað um skeið, og skildist manni, að hægt ætti að vera að leysa húsnæðisvandamál bæjanna með því að hagnýta ákvæði þessara laga um verkamannabústaði, og gerði því ekki til, þótt framkvæmd þessa umrædda kafla væri enn frestað. Nú veit hv. þm. vel, að fjárskortur hefur hamlað starfsemi byggingarsjóðs verkamanna. Einmitt þess vegna höfum við þm. Alþfl. flutt frv. á þskj. 128 um sérstaka fjáröflun til þessa byggingarsjóðs. Fyrst hv. þm. vekur sérstaka athygli á, að mikið megi gera á grundvelli ákvæðanna um verkamannabústaði, þá ætti að mega búast við, að hann og hans flokkur vildu stuðla að framgangi frv. á þskj. 128, því að það má hv. þm. vita, að verulegt átak verður ekki gert á grundvelli þessara ákvæða, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að stórauka fé byggingarsjóðs verkamanna. Ég vildi mega beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. meiri hl. n., hvort þessi rök hans gegn frv. því, sem hér er til umr., megi skilja á þann hátt, að hann og hans flokkur sé reiðubúinn að fylgja frv. okkar Alþýðuflokksmanna um útvegun fjár í byggingarsjóð verkamanna. Sé hv. þm. þeirrar skoðunar, að frekar eigi að fara þá leið til þess að bæta úr hinu geigvænlega húsnæðisleysi, þá skilst mér, að hann hljóti að fylgja frv. okkar á þskj. 128. Hins vegar hefur lítið borið á liðsinni hans hv. flokksbróður í fjhn. við frv. okkar. Aftur á móti hefur minni hl. n. skilað áliti og leggur þar til, að frv. verði samþ. Ég get nú ekki séð, hvernig hægt er að gera hvort tveggja í senn, að andmæla því frv., sem hér er um að ræða, vegna þess, að hægt sé að leysa húsnæðisvandamálið með því að byggja verkamannabústaði, og vera líka andvígur því, að hægt sé að framkvæma ákvæði gildandi laga um verkamannabústaði, en það verður ekki gert nema því aðeins að tryggt sé fé til framkvæmda, en í frv. á þskj.

128 höfum við einmitt bent á handhæga leið til útvegunar á fé í þessu skyni. Ég vildi óska þess, að það mætti skilja ummæli hv. þm. A-Sk. þannig, að hann og kannske fleiri úr hans flokki séu fylgjandi þessu frv. okkar Alþýðuflokksmanna. Ef það er aftur á móti ekki svo, þá verð ég að segja, að ræða hans er sömu tegundar og blaðaskrif Tímans um húsnæðismál fyrir kosningarnar í vetur.

Umr. frestað.

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 660 samþ., með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓB, HÁ, HelgJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, PÞ, PO, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, BÓ, EystJ, GG.

nei: GÞG, JÁ, MK, SG, StJSt, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ.

SB greiddi ekki atkv.

8 þm. (IngJ, JóhH, KS, ÓTh, SÁ, ÁkJ, BÁ, FJ) fjarstaddir.

2. Verðjöfnun á benzíni.

Á 39. fundi í Sþ., 19. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um verðjöfnun á benzíni [141. mál] (þmfrv., A. 547).

Á 86., 87. og 88. fundi í Nd., 21., 24. og 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Vegna þess, að 1. flm. frv. er ekki viðstaddur, vil ég með nokkrum orðum gera grein fyrir þessu máli. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, því að frv. mun vera auðskilið öllum hv. þm. Efni þess er það að ákveða, að söluverð á benzíni frá benzíngeymum skuli vera hið sama um land allt, og til þess að þetta megi verða, skuli innheimt verðjöfnunargjald af öllu benzíni, sem til landsins er keypt, öðru en flugvélabenzíni. Viðskmrn. á að ákveða gjald þetta fyrir eitt ár í senn, og má það ekki vera hærra en 10 aurar á lítra, en gjaldi þessu skal varið til þess að greiða flutningskostnað á benzíni milli útsölustaða innanlands, til þess, eins og áður er sagt, að sama söluverð geti verið á þessari vöru hvar sem er á landinu. Eins og bent er á í grg. frv. og öllum er kunnugt, er verð á þessari vöru mjög misjafnlega hátt á landinu, þannig að það mun muna 20 aurum á lítra, sem benzín er hærra í verði þar, sem það er selt hæsta verði frá benzíngeymum, heldur en þar, sem það er selt lægsta verði. Þetta gerir að sjálfsögðu mikinn aðstöðumun hjá þeim, sem þurfa að nota þessa vöru, en eins og kunnugt er, er benzín nú orðið mikið notað um land allt og hefur notkun þess mjög vaxið hin síðari ár vegna þess, hve mikið er af vélum í notkun, bifreiðum og öðrum vélum, sem benzín þarf til. Nú er það svo yfirleitt, að þar, sem benzín hefur verið selt hæsta verði, þar eru vegirnir líka verri og benzínfrekari en í þéttbýlustu hlutum landsins, þar sem benzínverðið er lægst, og er það enn tilfinnanlegra fyrir þá, sem þurfa að kaupa benzín fyrir hærra verð en annars staðar er á því, þar sem benzínnotkunin er líka meiri hjá þeim, t. d. miðað við þær vegalengdir, sem þeir fara á sínum farartækjum. Við flm. frv. teljum því, að allt mæli með því, að verðjöfnun sé gerð á þessari vöru, svo að menn geti fengið hana fyrir sama verð um land allt, og að því er stefnt með þessu frv.

Ég vil leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn., og ég vænti þess, að hv. n. sjái sér fært að afgr. málið hið fyrsta, þar sem nú er mjög liðið á þingtímann, en von okkar flm. er sú, að málið fái endanlega afgreiðslu áður en þingi lýkur. Það er mikill áhugi fyrir því víða um landið, að þessari skipan verði á komið, sem hér eru gerðar till. um.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég held það sé mjög vafasöm aðferð að fara að bæta gjaldi ofan á þau gjöld, sem þegar er búið að bæta á benzín. Það er ekki hægt að halda áfram í það endalausa, eftir benzínhækkunina í fyrra og eftir tvennar gengislækkanir, að fara nú að bæta verðjöfnunargjaldi þar ofan á. Og þeir menn og flokkar, sem hafa hlaðið þeim gjöldum á alþýðu manna, ekki sízt í kaupstöðum, og samtímis eru að svipta hana atvinnu, verða að gera sér ljóst, að það er að koma að takmörkum þess, sem hún getur borið. Ég efast ekki um, að rétt sé, að benzínverðið sé of hátt og sérstaklega tilfinnanlega hátt fyrir bændur á afskekktum stöðum landsins. Hver er aðferðin til þess að berjast á móti því, að þessir menn verði að borga svona hátt verð fyrir benzín? Er aðferðin sú að hækka t. d. benzínið við vörubifreiðastjóra hér í kaupstöðum landsins? Sumum mun ef til vill þykja það hlægileg aðferð, en það er önnur aðferð til, sem er réttlátari. Hún er sú að lækka verðið við olíuhringana, og ég veit ekki betur en til sé vald í þessu landi, sem heitir verðlagseftirlit, og það eiga að vera möguleikar á því, að slíkt verðlagseftirlit, ef það er ekki í höndum olíuhringanna sjálfra, eigi að geta lækkað benzínið frá því, sem nú er. Ég get ekki betur séð en ef bændastétt landsins með þeim fulltrúum, sem hún hefur kosið sér úr Framsfl. og Sjálfstfl., lætur embættismenn þessara flokka halda almennilega á málum hér í Rvík gagnvart olíuhringunum, þá eigi að vera hægt að lækka verðið á benzínsölustöðum úti um land, án þess að hækka það hér í Reykjavík

og öðrum kaupstöðum. Það getur ekki gengið, að í sífellu sé látið undan hinum voldugu auðhringum á kostnað alþýðunnar hér í kaupstöðunum. Við höfum dæmi um það, að það er vel hægt að berjast á móti háu benzínverði hjá þessum hringum og skikka þá til að lækka það. Spurningin er, hvort viðkomandi yfirvöld landsins vilja fara þá leið, og mér finnst anzi hart, ef þannig er frá málum gengið á undanförnum tíma við benzín- og olíuinnflytjendur, með þeim miklu fríðindum, sem þessum hringum hafa verið veitt með því að leyfa þeim að koma upp benzínstöðvum úti um allt land, sem allt kemur til með að þýða gífurlega fjárfestingu, sem íslenzkir neytendur verða að borga —, þá finnst mér lélega á málum haldið, ef ekki er hægt að knýja benzínverðið niður í sveitunum í stað þess að hækka það í bæjunum. Ég er þess vegna á þeirri skoðun, að við eigum ekki að samþ. svona verðjöfnunargjald, heldur eigum við að veita bændastéttinni og þeim öðrum, sem í afskekktum sveitum búa, þannig stuðning, að knýja niður verðið á kostnað olíuhringanna, þannig að þeir geti búið við betri kjör en nú. Ég efast ekki um, að þetta sé hægt, svo framarlega sem vilji er fyrir hendi til þess hjá þeim aðilum, sem þessum málum stjórna.

Flm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Það hefur nú tekizt þannig til, að þegar umr. um þetta mál hófust, var ég ekki staddur inni í hv. d., og hefur meðflm. minn, hv. þm. V-Húnv., flutt framsögu fyrir málinu. En það eru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja vegna ummæla hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Hann talar mjög mikið um, að þetta sé ekki rétt leið, sem hér er lagt til að farin verði til þess að verðjöfnun komist á benzínið eða til þess að bæta aðstöðu þeirra, sem lengst búa frá innflutningshöfnum og mesta erfiðleika hafa af flutningunum og mest hafa útgjöld vegna benzíngeymslu sakir framleiðslu sinnar o. fl. Það má kannske eitthvað um það deila. Hann minntist sérstaklega á það, að rétta leiðin væri sú að pína olíufélögin til að lækka verðið á þessum stöðum fyrst og fremst. Þetta frv. útilokar það alls ekki, ef sú leið lægi opin fyrir, að olíuhringarnir lækkuðu sitt verð, ef tök væru á því. Það ætti að geta gengið fyrir því, þó að þetta frv. næði fram að ganga. Eftir reynslu undanfarinna ára hefur þetta verið þannig, að ég býst við, verði engin breyting á þessum málum gerð, að þá mundi sú lækkun verða nokkurn veginn hlutfallslega jöfn alls staðar, og þá yrði sama misræmið eftir sem áður milli þeirra, sem benzín nota. Hv. 2. þm. Reykv. minntist á, að þetta mundi hafa í för með sér hækkun á benzíni til vöruflutningabílstjóra hér í Reykjavík. Það gæti gert það eitthvað. Það er geysilega mikið af vörubílum annars staðar á landinu en í Reykjavík og þeir vörubílstjórar, sem búa annars staðar úti um sveitir landsins, þurfa alveg eins lækkunina og hinir, enda er það það, sem frv. fer fram á, að verðið verði jafnað þannig, að aðstaða þeirra, sem benzín þurfa að nota til flutninga og framleiðslu, verði sem svipuðust um allt land. Þegar hv. 2. þm. Reykv. minntist á hækkun á benzíni til bíla í Reykjavík, þá datt mér í hug, hversu það er fráleitt fyrirkomulag, að einkabílar hér í Reykjavík, sem eru notaðir til að keyra hér um göturnar og til að skemmta sér í þeim úti um sveitirnar, hefðu ódýrara benzín en bændur hafa til framleiðslustarfa sinna og bílstjórar hafa, sem flytja framleiðsluvörur bændanna og lífsnauðsynjar. Ég sé ekki, að þetta frv. útiloki það á nokkurn hátt, að reynt sé að knýja benzínverðið niður hjá olíufélögunum, en ég býst við því, að ef það tækist að knýja verðið niður á þennan hátt, þá mundi það verða gert hlutfallslega jafnt á öllum útsölustöðum á landinu, og er þá alveg eins þörf fyrir þessa verðjöfnun til þess að jafna aðstöðu manna á landinu til framleiðslu og vöruflutninga, og það er sérstaklega það sjónarmið, sem stendur á bak við þetta frv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins í sambandi við þetta frv. við þessa umr. málsins benda á þáltill., sem við 5 þm. flytjum í Sþ. og gengur í líka átt og þetta frv., þó að þar sé lagt til, að farið sé inn á aðra leið, en að sumu leyti verður það eins víðtækt, en að öðru leyti víðtækara, sem gert verður í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar, að í raun og veru sé óþarft að setja löggjöf um verðjöfnunargjald á benzíni, af þeirri ástæðu, að verðlagsyfirvöldin hafa í hendi sinni að ákveða verðið bæði hér í Reykjavík og annars staðar á landinu. Og ef þingvilji væri yfirlýstur um að jafna það, a. m. k. á vissum stöðum úti um landið, miðað við það, sem verðið er í Reykjavík, ætti að vera hægt að koma því við með verðlagsákvörðunum einum *saman í sambandi við gildandi l. um verðlagseftirlit.* Og ég er þeirrar skoðunar, að verði gengið inn á það að leggja sérstakt verðjöfnunargjald á benzín, þá muni það verða til þess, að verð þess hækkaði **a. m. k. verulega þar,** sem það er lægst nú, eins og í Reykjavík og nágrenni hennar, og það væri mjög slæmt. Það er bent á það í grg. fyrir till. okkar flm., að lauslegir útreikningar liggi fyrir um það, að vegna þess, hve benzíneyðsla sé mikil í Reykjavík og næsta nágrenni hennar, þar sem benzínverð er það sama, þá mundi ekki þurfa að hækka benzínið, þótt ekki væri beitt frekari verðákvörðunum, meira en um 1 eyri hér í Reykjavík, þó að gert verði það, sem við leggjum til, en við bætum við í grg. till. „ef ekki þætti fært að takmarka meira álagningu olíufélaga." Og ég vil taka undir það með hv. 2. þm. Reykv., að mér finnst brýn nauðsyn á og margt benda til þess, að hægt sé að takmarka meira álagningu olíufélaganna en gert hefur verið. Ég álít því, að réttara væri að fara inn á þá leið, sem við fimmmenningarnir leggjum til í okkar þáltill., heldur en þá leið, sem hér er til umr. nú. Í annan stað vildi ég benda á það, að í okkar þáltill. er lagt til, að sama regla um samræmingu á verðlaginu gildi líka um olíu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að smábátaútgerðin úti um landið er sízt of sæl af þeim aðbúnaði, sem hún býr við, og það er kannske ekki minni ástæða til að

gera ráðstafanir til þess, að olíuverðið úti um landið yrði ekki langtum hærra en á þeim stöðum, þar sem það er lægst annars staðar á landinu. Ég játa, að það er rétt, að það er mjög slæmur aðbúnaður fyrir þá menn úti um landsbyggðina, sem þurfa að annast sína flutninga að verulegu leyti með vöruflutningabifreiðum, að þurfa að borga jafnvel svo tugum aura skiptir hærra verð fyrir hvern benzínlítra en hann kostar þar, sem hann er ódýrastur seldur á landinu. Hitt er kannske ekki síður þungbært, að því er snertir undirstöðuatvinnuveg okkar, sjávarútveginn, að smábátaeigendur úti um landið skuli þurfa að búa við slík kjör eins og þeir nú gera.

Ég vildi því skjóta því fram á þessu stigi málsins, að ég teldi, að rétt væri í sambandi við afgreiðslu þessa frv., sem fyrir liggur, að athuga þáltill. okkar og þann tilgang, sem með henni er ætlað að ná, og það af því, að ég tel, að þar sé gengið í happasælli átt og að það sé mjög mikill vafi á því, ef á að jafna verðið á benzíni, að undanskilja olíuna. Ef frv. fer til allshn., gefst þeirri n. vafalaust kostur á að athuga það, sem fram hefur komið á þingi varðandi þetta mál. Vildi ég þá vænta þess, að það yrði tekið til athugunar, hvort sú leið, sem bent er á með þáltill. okkar, sé ekki farsælli og eðlilegri en sú leið, sem bent er á með frv., sem hér liggur fyrir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég get viðurkennt ýmislegt af þeim rökum, sem fram hafa komið í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og eins þáltill. um svipað efni, sem hv. 8. landsk. þm. vék að í sinni ræðu. Það kann að virðast, að í þessu sé mikil jafnréttishugsun, eða að þetta frv. eigi að koma í veg fyrir, eins og hv. flm. sagði, misrétti milli þeirra, sem benzín nota, og að það eigi að gera aðstöðu manna, sem benzín nota, sem svipaðasta. Nú er ekki víst, að þar með sé öll sagan sögð og að það skapist endilega meira jafnrétti með þessu, ef ekki er litið meira í heild til þess, hvernig benzínsölu er fyrir komið hér á landi, og aðstöðu manna, sem benzín nota. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á einu atriði, sem kæmi til athugunar í n., sem fær málið til meðferðar. Það eru til l. um benzínskatt, sem leggja 31 eyris innflutningsgjald á hvern lítra af benzíni, og í þeim l. eru ákvæði um það, hvernig þessum skatti skuli varið. Af honum fara 5 aurar í brúasjóð og 21 eyrir til þjóðvega á landinu. Sjálfsagt er þetta hvort tveggja nauðsynlegt, en það eru víðar akvegir á landinu en þeir, sem kallaðir eru þjóðvegir, og með þessu móti fer það svo, að þar, sem benzínið er kannske notað mest, fer ekkert af þeim skatti, sem lagður er á það, til vegagerðar, en sú vegagerð er þó eins þörf og æskilegt kostnaðarsöm. Á ég þá við vegagerðir í kaupstöðum. Þó að dreifbýlið og sveitir landsins hafi einhvern tíma að ýmsu leyti staðið verr að vígi með samgöngur og samgöngubætur, — og frá þeim grundvelli mun sú hugsun vera runnin að verja þessum benzínskatti til þjóðveganna, — þá verður að líta á það, þegar þróunin stefnir í þá átt, að ríkið gengur meira og meira á þá tekjustofna, sem bæirnir geta haft til að skapa sjálfum sér tekjur, þá verða þeir, sem hugsa um hagsmuni bæjarfélaganna, einnig að gæta þess, að bæjarfélögin séu ekki beinlínis sett út undan með tekjuaflanir, sem samkv. eðli málanna ættu engu síður að falla til þeirra en sveitarfélaganna. Það er áreiðanlega vafasamt, hvernig úr rætist á næstu tímum með innheimtu útsvara í kaupstöðum, sem eru þær einu tekjur, sem bæirnir hafa í raun og veru til að standa undir sínum gjöldum. Og það verður erfiðara að leggja útsvörin á og innheimta þau, eftir því sem ríkið leggur meira á almenning af sköttum, tollum og óbeinum gjöldum á atvinnuvegina. Ég vil vekja athygli á þessu, og þegar verið er að tala um að jafna verð á benzíni og skattleggja þá, sem bezta hafa aðstöðu, þá virðist mér þetta eiga að koma fram. Mér virðist, að 6 aurar af þessum benzínskatti muni fara til ríkissjóðs, án þess að fara til akvega. Það er ekki fyrst nú, sem ég hef hugleitt þetta atriði í sambandi við benzínskattinn, en það þarf sjálfsagt gaumgæfilega athugun, áður en gerðar eru samþykktir um það. Ég vildi sem sagt vekja athygli á þessari hlið málsins, svo að n. taki hana einnig til athugunar.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég held, að tilgangurinn, sem ætlað er að ná með þessu frv., sé góður. Þannig að ef það væri hægt að selja benzín úti um land við lægra verði, þá væri það gott. En ég álít það, sem farið er fram á í þessu frv., óheppilega aðferð til þess að leysa þetta. Og ef þetta yrði gert á þann veg sem í frv. greinir, þá held ég, að þetta yrði einn þátturinn í hinni gífurlegu útþenslu á ríkisbákninu og kostnaðinum við það, sem við eigum nú að glíma við. Það kemur ekkert fram í grg. frv. um það, hvað þetta fyrirtæki mundi kosta, sem á að taka 10 aura af benzínverðinu fyrir hvern lítra af benzíni og yfirskoða hvern reikning, sem kæmi viðs vegar að í þessu sambandi utan af landi. Það segir sig sjálft, að þarna yrði að búa út eyðublöð í tugatali og senda í tugþúsundatali eintök af þeim út um allt land, og til þess þyrfti stórt skrifstofubákn hér í Reykjavík og til að yfirskoða alla reikninga í þessu sambandi. Mér þætti ekki ósennilegt, að það þyrfti forstjóra eða a. m. k. fulltrúa fyrir þessari skrifstofu og fína skrifstofu handa honum og vafalaust tíu til tuttugu fasta skrifstofumenn hér í Reykjavík til þess að framkvæma þetta. Þetta væri ákaflega góð bót fyrir okkur nú, þegar atvinnuleysi er annars fyrir hendi. En ég er á þeirri skoðun, að réttara væri fyrir okkur að fjölga sem mest fólki í hagnýtri vinnu, en ekki við þau störf, sem fram fara á þeim skrifstofum, sem hafa verið að spretta hér upp á síðari árum á vegum þess opinbera og eru að þenja sig svo út, að ég er viss um, að við eigum heimsmet í fjölda skrifstofa, miðað við íbúafjölda. Ég er sannfærður um, að það er hægt að ná nákvæmlega því sama og á að ná með þessari skriffinnskuaðferð eftir frv., og það gegnum verðlagsákvarðanir, sem knúnar væru fram hjá seljendunum. Ég dreg stórlega í efa, að

það þyrfti að hækka benzínverðið um einn einasta eyri nokkurs staðar á landinu til þess að hægt væri að selja það lægra verði en nú er til þeirra, sem hæst verð borga fyrir það hér. Hér eru þrjú olíufélög, sem selja benzín úti um landið, sem hafa komið upp feikilega dýru dreifingarkerfi. Olíufélögin Shell og B. P. hafa tanka við þjóðvegina, sem eru þar settir svo þétt, að ekki eru nema 30 eða 40 km á milli tanka. Og þrátt fyrir þetta er Esso búið að raða sínum tönkum við alla þjóðvegina líka. Ef farið er um þjóðvegina, sér hver maður, að tankarnir eru allt of þétt þar, og hefði verið leikur fyrir ríkisstj. að segja við olíufélögin: Þið getið notað tankana sameiginlega. — En í stað þess er þetta benzíndreifingarkerfi þanið út í hreinni vitleysu. Og ekki nóg með það, heldur er allt flutningakerfið líka í þrennu lagi. Ég er viss um, að ef verðlagsyfirvöldin neituðu að taka tillit til þess idiótiska fyrirkomulags, sem er á dreifingunni á benzíninu, og miðuðu verðlagsákvörðun sína við það, að þarna væri unnið að af viti og hagsýni, þá væri hægt að lækka verðið á benzíninu meira en það, að hægt væri að selja allt benzínið á sama verði og það nú er selt í kaupstöðunum. En mér finnst það fásinna, ef Alþ. ætlar að stofna til aukningar á ríkisbákninu með því að koma þessu á, sem í frv. greinir, til þess að deila út þessum 10 aurum, sem teknir væru af benzíninu til verðjöfnunar. Það eru komnar þegar nógu margar skrifstofur hér hjá okkur. Og ég skil ekkert í mönnum að hugsa svona skammt, þegar þeir horfa upp á, hvernig fjárl. þenjast nú út. Hver einasta skrifstofa þenst út í kostnaði um 10% á ári. Í fyrra ætlaði hv. fjvn. að segja við ríkisstofnanir og ríkisfyrirtækin, að þau skyldu ekki þenja sig meira út. Þá risu upp samtök, undir forustu ríkisstj., sem tókst að brjóta þessa sparnaðarviðleitni hv. fjvn. niður. Og hv. flm. þessa frv. virðast ekki vera á þeirri skoðun, að ríkisbáknið hjá okkur sé of stórt. En það er hægt að ná sama tilgangi eins og ná á með þessu frv. með útreikningi eins manns, sem hvort sem væri er í starfi.

Einar Olgeirsson: Hv. fyrri flm. frv., þm. V-Sk. (JG), talaði um, að það væri ákaflega æskilegt, ef tök væru á því að lækka benzínverðið, en sagði, að hann væri hræddur um, að svo framarlega að tök væru á slíku, þá mundi benzínverðið verða lækkað á þann hátt, að það væri lækkað hlutfallslega jafnt alls staðar á landinu. Það væri nú ákaflega gott út af fyrir sig, ef hægt væri að kúska olíuhringana til þess að lækka benzínverðið um allt land nú þegar. Benzínverðið er nú hér í Rvík kr. 1,35 og þá að líkindum kr. 1,55 úti á landi. Það væri ákaflega gott út af fyrir sig, ef hægt væri að lækka benzínverðið alls staðar á landinu um 20 aura lítrann. En það mundi þýða mjög gífurlega lækkun í þessu tilfelli. En þá óttast hv. flm., að þetta misræmi héldist. En aðalatriðið fyrir þá, sem úti á landinu eru og nota mikið benzínið, væri náttúrlega verðlækkun fyrst og fremst, til þess í staðinn fyrir að borga kr. 1,55 fyrir lítrann af því þá yrði það á kannske kr. 1,35 lítri, jafnvel þó að það lækkaði þá líka í Reykjavík úr kr. 1,35 niður í kr. 1,15 pr. lítra. Það er ekki bara spurningin um samanburð á verðinu og misræmi í því sambandi, sem hér á að koma til greina sem aðalkappsmál þeirra, sem í dreifbýlinu eru og þurfa mikið að nota benzín. — Ég býst við, að það mundi kannske verða nokkuð erfitt að knýja olíuhringana til þess að lækka benzínverðið svona gífurlega alls staðar á landinu. En t. d., ef væri verið að reyna við þá með að lækka verðið á benzíni, þá þarf a. m. k. ekki mikið til þess að knýja þá til að láta við skulum segja verðið á benzíninu utan Reykjavíkur verða eins og það er nú í Reykjavík. Og þá á maður að byrja á því að reyna að láta þá lækka verðið alls staðar á landinu jafnt, um 20 aura á lítrann, en svo semdum við síðan við þá um að lækka verðið á benzíninu um 20 aura alls staðar úti á landi. Ég álít það ákaflega sanngjarnt, að benzín og olía sé selt hvað fyrir sig alls staðar á landinu jafnháu verði. En ég álít ósanngjarnt að ætla að framkvæma þessa jöfnun á verðinu með því að gera það á kostnað manna í kaupstöðunum, sem þurfa að nota það, vegna þess að það er vitanlegt, að hægt er að framkvæma þessa jöfnun á verðinu með lækkun einni saman á olíuverðinu á kostnað olíuhringanna. Spurningin, sem hv. þm. V-Sk. setur fram, er, hvort það séu tök á þessu. Og hann sagði, að ef tök væru á þessu, þá væri það gott. En hefur þetta verið nokkuð reynt? Hefur það verið athugað af hálfu þeirra manna, sem flytja þessa till.? Þeir hafa þó haft aðstöðu til þess. Þeir eru báðir málsmetandi menn í öðrum stjórnarflokknum og þeir hafa tekið þátt í að setja í gegn í þinginu frv. um verðlagseftirlit. Þeir hafa aðstöðu til þess að hafa áhrif á, hvernig verðlagið er í landinu. Ef þeir sjá ekki ráðið til þess að tala við olíuhringana, þá er ósköp hægt að benda þeim á það. Ég býst ekki við, að það þyrfti annað en að segja við einn af þremur olíuhringunum hér: Lækkaðu olíuna um 20 aura, eða eitthvað annað til tekið, og þú færð einn að flytja inn olíu fyrst um sinn. Eða: Lækkaðu verðið tafarlaust, annars færðu ekki innflutning. — Það er slegizt um að selja olíuna nú. Henni er dælt í sjóinn, vegna þess að það er of mikið af henni. Ef við kunnum á málunum að halda, þá hagnýtum við okkur hina harðvítugu samkeppni um olíusöluna, sem um er að ræða. Við höfum gert slíkt fyrr hér á landi, og við höfum sannað, að það var hægt að lækka benzínið um meira en 10%. Það væri hægt að velta öllum tollinum, sem lagður var á benzínið, yfir á hringana. En það er aðeins hægt með því að tala við þá og láta þá vita, að við ætlum ekki að láta þá arðræna okkur. — Báðir þessir hv. þm., sem flytja frv., hafa góða aðstöðu til að tala við Samband íslenzkra samvinnufélaga. S. Í. S. er einn hluthafinn í stærsta olíufélagi landsins. Bændasamtökin hafa því fulla aðstöðu til þess að setja hnefann í borðið við olíuhringana hér. S. Í. S. hefur aðstöðu til þess, ef það vill nota hana, gagnvart þeim hring, sem það er fulltrúi fyrir, gagnvart þeim hring, til þess að lækka verðið. Ég veit ekki

betur en því væri lofað, þegar S. Í. S. fór inn í þessi oliumál, að það gerði það til þess að lækka verðið. Af hverju getur ekki S. Í. S. sagt við Standard Oil, sem það hefur umboð fyrir: Á morgun skuluð þið lækka verðið, ef þið viljið, að ég hafi umboð fyrir ykkur? — Ætli gróðinn hjá Standard Oil sé ekki nógu mikill til þess að það sé hægt að klípa þetta af honum til handa íslenzkum sveitabændum, til þess að lækka verðið á benzíni, sem þeir þurfa að nota, beint og óbeint? Spurningin er ekki um það, hvort Standard Oil geti þetta. Nei, spurningin er um það, hvort S. Í. S. vill segja við það oliufélag: Á morgun hætti ég að hafa umboð fyrir þig og fer til annarra, ef ekki verður lækkað verðið á benzíninu. — Það eru til l., sem sett voru þegar Vilhjálmur Þór var ráðh., sem heimila okkur að taka einkasölu á olíu í okkar hendur, og í ákvæðum þeirra er ríkisstj. veittur réttur til þess að taka eignarnámi tæki, sem notuð eru við dreifingu á benzíninu. Það eru hringarnir, sem bíða okkur að kaupa, og ef við gerum það, þá heimta þeir af okkur peninga. En við þurfum ekki að vera upp á það komnir að láta þá okra á okkur. — Ég held þess vegna, að það sé ekki rétt að koma með það frv., sem hér liggur fyrir, og láta þannig undan þrýstingnum frá þessum hringum og ætla svo að velta því yfir á notendur benzínsins í kaupstöðunum, sem hvílir þyngst á þeim, í sambandi við benzínverðið, sem í sveitunum búa. Ég held, að alþýðan eigi að standa saman og láta hringana vita, að þeir geti ekki ausið upp auðnum hér á landi og arðrænt okkar þjóð, svo framarlega að við viljum standa saman á móti þeim. Þess vegna er ég á móti þessu frv. Það á ekki að leysa erfiðleika sveitaalþýðunnar á kostnað alþýðunnar í kaupstöðunum, heldur með samstarfi sveitaalþýðunnar við kaupstaðaalþýðuna í baráttu á móti þessum hringum. Og þessi sama spurning, sem er svona erfið fyrir bændur og bifreiðarstjóra, sem eiga heima og aka langt frá kaupstöðunum, það sama skapar líka erfiðleika um söluverðið í kaupstöðunum. Og það er sanngirniskrafa, að verðið í sveitunum á þessum vörum sé lækkað í það sama verð sem er á vörunni í kaupstöðunum. En það á að gera á kostnað hringanna. Við eigum að létta af Íslendingum byrðum yfir á þessa hringa, en ekki að velta böggunum hverjir yfir á aðra hér innanlands.

Flm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Það eru nú þó nokkrir búnir að tala um þetta frv. okkar hv. þm. V-Húnv. um verðjöfnun á benzíni. M. a. hefur talað hv. 8. landsk. þm., sem flytur ásamt öðrum í Sþ. till. til þál., sem fer í svipaða átt. Í þessari þáltill. er hráolía líka tekin með. Við, sem unnum að þessu frv., höfðum þessa till. til athugunar, sem sé það að lara líka fram á verðjöfnun á hráolíu. En okkur virtist, að á því mundu verða nokkuð miklu meiri erfiðleikar, og vildum sjá til fyrst með benzínið í þessu efni, hvernig það reyndist að hafa það svona með það. Hv. 1. flm. þáltill. eggjaði á það að fara heldur þá leið, sem í þáltill. er farið fram á, og taldi hana heppilegri og happasælli. En ég vil benda á, að þáltill. gengur svo skammt í þessum efnum, að hún réttir á engan hátt hlut þeirra manna, þó að farið væri eftir henni, sem erfiðleikana hafa mesta. Hún gengur út á að jafna verðið á benzíni og hráolíu aðeins á þeim stöðum, þar sem oliutankskip geta afgreitt olíu í olíu- eða benzíngeyma, en einmitt á þeim stöðum er það þannig, að verðmunur á benzíni þar annars vegar og í kaupstöðum hins vegar er minnstur. Verðmunurinn á benzíni er mestur, frá því sem er í kaupstöðunum, þar sem varan er flutt lengra út á landið. Þess vegna ná ákvæði þáltill. alls ekki þeim tilgangi að bæta á nokkurn hátt hlut þeirra, sem lengst eiga heima frá kaupstöðunum, hvorki til að lækka benzínverðið né til samræmingar á benzínverðinu á nokkurn hátt, og eru því ekki á neinn hátt þeim til hagsbóta, sem versta hafa aðstöðuna í þessum efnum.

Þá talaði hv. 5. þm. Reykv. um, að benzínskatturinn gengi til akvega og samgöngubóta úti um land. Já, rétt er það. Hann gengur það og gengur það ekki. Það er gert ráð fyrir, að hann geri það. En það er ekkert bundið í því efni við sömu upphæð að neinu leyti, sem fer til akveganna, þó að einhverju leyti sé tekið tillit til hans. En kaupstaðabúar þurfa líka mikið að nota akvegina úti um landið, því að mér þykir líklegt, að þeim þyki ekki nóg að hafa bifreiðarnar til þess að aka þeim um götur bæjanna, heldur vilji þeir líka koma út á landið á bifreiðum sínum og aka þar um akvegina, sem er ekki undarlegt. En þeir, sem lengst búa úti á landinu, verða nauðbeygðir til þess að nota þessa vöru margfalt meira en þeir, sem betri hafa aðstöðuna hvað aðdrætti snertir. Og þarna kemur mikill aðstöðumunur fram. Það mun og láta nærri, að tveir fimmtu hlutar benzínverðsins séu óbeinir skattar í ríkissjóðinn, og það er svo með þá skatta eins og aðra skatta, að þeir koma ákaflega misjafnt niður og að sumu leyti óréttlátlega, þar sem þeir bitna mest á þeim, sem mest þurfa að nota hina skattlögðu vöru. Og þeir, sem mest nota benzín, þurfa með benzínskattinum að borga hæstan skattinn tiltölulega á við aðra í ríkissjóðinn með þessu móti, en þetta frv. miðar að því, að þetta verði jafnað niður á þjóðfélagsþegnana.

Þá talaði hv. þm. Siglf. (ÁkJ) mikið um það, hversu mikið ríkisskrifstofubákn þetta mundi verða, ef eftir ákvæðum frv. ætti að fara. Ég játa, að ég þekki ekki vel til vinnubragða á ríkisskrifstofum í Reykjavík og annars staðar. Ég býst þó við, að þau séu frekar léleg. En ég hefði ekki haldið það, að þetta mundi verða meira verk en handa einum sæmilegum starfsmanni að vinna. Olíufélögin eru ekki svo ýkja mörg, sem þarf að skipta við, og það eru þau, sem yrði við að skipta í þessu. Af þeim yrði verðjöfnunargjaldið innheimt, og það eru þau, sem flytja oliuna út um landið, og ég hygg, að til þess að framkvæma þetta, þyrfti ekki mikið skrifstofubákn. Ég hygg, að þetta yrði ekki of mikið verk handa einum manni, og í annað eins hefur nú verið lagt í sambandi við skrifstofuhald.

Ákvæðið um 10 aura gjaldið, sem talað er

um í frv., ber alls ekki að taka svo, að það sé fastákveðið verðjöfnunargjald. Þetta er bara hámark verðjöfnunargjaldsins, sem þarna er til tekið, þannig að það verði lögtekið, að gjaldið megi ekki setja hærra. Auðvitað er gengið út frá því, að verðjöfnunargjaldið sé ekki hærra en það nauðsynlega þarf að vera. Vel getur verið, að það megi vera miklu lægra en þetta.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. um það, að fyrir okkur flm. frv. hlyti það að vera aðalatriðið að fá benzínverðið lækkað til þeirra, sem þurfa nú að kaupa það dýrustu verði hér á landi. Já, það er aðalatriðið, að jafnrétti í þessu gildi meðal landsmanna, í þessu verði og þessum skatti, sem greiddur er í ríkissjóðinn í benzínverðinu. Því að það er ekki einungis þannig, að þeir, sem lengst búa frá kaupstöðunum, noti mikið af benzíninu, heldur verða þeir að kaupa það dýrast, og greiða því í ríkissjóðinn með benzínskattinum langmest af þjóðfélagsþegnunum.

Ég vonast eftir, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi þetta og leiti upplýsinga um málið, og ég vona, að hún flýti afgreiðslu þess eftir föngum, til þess að málið geti orðið afgreitt á þessu þingi, sem er nú orðið langt liðið á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 17:7 atkv.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 547, n. 717).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta mál. Ég get í því efni vísað til nál. Hv. þm. hafa einnig kynnt sér efni þessa frv., sem fyrir liggur.

Allshn. hefur, eins og nál. á þskj. 717 ber með sér, orðið ásátt um að afgr. þetta mál með rökst. dagskrá, og ég sé ekki ástæðu til að lesa hana upp, því að hún er prentuð á þessu þskj.

Það hefur á undanförnum árum verið áhugi fyrir því, jafnt til sjávar sem til sveita, hjá þeim mönnum, sem þessar vörur nota, að fá sem mesta verðjöfnun á þeim. Bifreiðastjórar og þeirra félagsskapur hafa verið með ályktanir um þetta efni. Alþýðusamband Íslands hefur einnig látið málið til sín taka, og mun það hafa beint fyrirspurnum um það til olíufélaganna, að komið yrði á sem mestri verðjöfnun á þessum vörum, sérstaklega benzíni. En ég hygg, að sanngjarnt væri að taka einnig hráolíuna með, ef um verðjöfnun á benzíni væri að ræða, því að notkun hráolíu hefur farið mjög í vöxt nú hin síðari ár og á vafalaust eftir að aukast mjög mikið. — Það er mjög misjöfn aðstaða manna um öflun þessara vara, ef ekki er tekið tillit til þess hjá olíufélögunum, hve misjafnt er ástatt um aðstöðu manna til öflunar þessara vara hjá þeim, sem þurfa þeirra með. En ég ætla, að með því fyrirkomulagi, sem er, og með verðlagseftirlitinu sé hægt að ná þessari verðjöfnun nokkurn veginn, án þess að verðið á vörunni þurfi að hækka mjög mikið frá því sem er. Ég hygg, að þar sem sala á þessum vörum hefur aukizt svo stórkostlega, þá geti olíufélögin auðveldlega selt vöruna án þess að hækka verðið af þessum ástæðum, þó að verðjöfnun yrði sem mest komið á.

Það er meining allshn., að hæstv. ríkisstj. láti málefnið til sín taka og reyni að ná einmitt þessum árangri sem allra bezt eftir þeirri leið, sem vakir nú fyrir n., að farin verði, þannig að olíufélögin þurfi vegna verðjöfnunar ekki að færa verðið að neinu ráði fram, þó að þessari verðjöfnun verði sem allra mest komið á.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Ég vænti, að hv. þd. geti á þessar till. n. fallizt.

Jón Gíslason: Herra forseti. Hv. allshn., sem hafði þetta frv. til athugunar, hefur skilað áliti sínu og flytur þar þá rökst. dagskrá, sem hv. frsm. n. var nú að lýsa. Þetta er nú nokkuð önnur afgreiðsla en ég sem 1. flm. frv. vonaðist eftir, að yrði. En það eru þó í nál. einar röksemdir, sem ég get fallizt á, sem er, að hætt sé við, að ekki verði hægt að samþ. þetta frv. á þessu þingi.

Við, sem höfum undirbúið þetta frv., höfum nokkuð kynnt okkur, hvernig hægt mundi vera að koma á þessari verðjöfnun á benzíni og hráolíu, og við höfum ekki álitið, að það mundi vera hægt nema með lagasetningu. Að olíufélögin sjálf jafni verðið á sölustöðunum, sýnist geta verið framkvæmanleg leið. En við höfum rekið okkur á einn vondan agnúa í þeim sökum, sem er, að það er svo gífurlega mikill munur á sölu félaganna úti á landi. Sum olíufélögin selja langmest af sínu benzíni í Rvík, og þau sömu félög selja kannske lítið úti á landi. Önnur olíufélög selja tiltölulega miklu meira úti á landi af benzíni, miðað við heildarsölu fél. hvers um sig. Ef eitt allsherjar verð væri sett á benzínið á öllu landinu af verðlagsyfirvöldunum, þá er greinilegt, að olíufélögin, sem selja tiltölulega mikið benzín úti á landinu, yrðu verr úti en hin, sem selja benzín í Reykjavík aðallega og á stærri hafnarstöðunum. Þannig gæti svo farið, að þeim olíufélögum, sem selja mest af sínu benzíni á stærri stöðunum, en lítið úti á landi tiltölulega, yrði með verðjöfnuninni skapaður gróðamöguleiki af verzluninni með þessa vöru fram yfir hin olíufélögin, sem selja tiltölulega meira úti á landinu, miðað við heildarsöluna. Og ég get búizt við, ef svo yrði af stað farið, að olíufélögin yrðu bara miklu tregari til að selja vöruna úti á landi. Þennan agnúa höfum við sérstaklega rekið okkur á, sem höfum unnið að undirbúningi frv.

En það er nú þannig með t. d. benzínið, eins og allir vita, að mikill hluti af verði benzínsins eru óbeinir skattar, sem ganga beint í ríkissjóðinn. Og með því lagi, að flutningskostnaður bætist við hjá þeim, sem gagnvart flutningum eiga erfiðasta aðstöðuna, þá verður náttúrlega benzínið miklu dýrara. Og þar sem

það bætist líka við í því, sem þeir, sem erfiðasta eiga aðstöðuna í þessum efnum, þurfa að borga, er, að þeir þurfa að nota svo mörgum, mörgum sinnum meira af benzíni en hinir, sem fá það ódýrara nú, og líka af þeim ástæðum greiða þeir af þessum tekjustofni ríkissjóðs svo miklu hærra hlutfall, sem erfiðasta eiga aðstöðuna um flutninga, heldur en hinir, sem ekki þurfa við þá örðugleika að etja.

En ég mun nú samt sem áður fallast á þær röksemdir hv. allshn., að frv. þetta muni ekki komast í gegnum þingið nú að þessu sinni. Og þar sem rökst. dagskráin fer í þá átt, að vinna beri að þessu máli, að verðjöfnun verði framkvæmd bæði á benzíni og hráolíu, sem er hvort tveggja nauðsynlegt að verðjafna, þá býst ég ekki við, að fundin verði betri lausn á þessu máli í bili, á þessum fáu dögum, sem eftir eru af þessu þingi.

Finnur Jónsson: Ég vildi aðeins í sambandi við hina rökst. dagskrá, sem ég er samþykkur eftir ástæðum, benda á, hvort ekki muni rétt að orða dagskrártill. ofurlítið öðruvísi. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er verðlagningin á þessum vörum nú í höndum fjárhagsráðs, og olíufélögin verða að sjálfsögðu að hlíta ákvæðum fjárhagsráðs um verðlagninguna. Ég hefði þess vegna haldið, að það mundi ná betur tilgangi, ef till. yrði orðuð á þá leið, að deildin beindi því til ríkisstj., að hún hlutaðist til um það við fjárhagsráð og olíufélögin, að þau hagi svo sölu á benzíni og hráolíu, að útsöluverð þessara vara verði sem jafnast hvarvetna í landinu. Ég vildi aðeins skjóta þessu til hv. frsm., hvort þetta hafi komið til umr. í n. Ég hefði haldið, að samþykkt í þessu máli næði betur tilgangi sínum á þann hátt.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Örfá orð út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði. Meining n. er alveg sú sama sem hv. þm. var að hafa á orði, að máske væri betra að orða rökst. dagskrána eins og hann tiltók. Og það er meiningin, að ríkisstj. hafi framkvæmd málsins einmitt á þann hátt eins og hv. þm. hafði á orði. En Alþ. getur ekki snúið sér annað en til ríkisstj. um framkvæmdina og hún svo aftur til fjárhagsráðs viðvíkjandi verðlagningunni hjá olíufélögunum á þessum vörum, þannig að það vakir nákvæmlega það sama fyrir n. eins og fram kom hjá hv. þm. Ísaf. Að því leyti held ég því, að það þurfi ekki að breyta hinni rökst. dagskrá í þetta horf, sem hv. þm. greindi, því að ríkisstj. verður að fara eftir þeirri leið, sem fyrir liggur um slíka framkvæmd af ríkisstj. hálfu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka fram, viðvíkjandi þessari rökst. dagskrá, að ég álít, að ekki felist í henni nein heimild til þess að hækka verð á benzíni t. d. hér í Reykjavík, þar sem það er lægst. Og ég álít, að það þurfi að koma greinilega fram — af því að ég býst við, að þessi rökst. dagskrá verði samþ. — í dagskránni, að það sé ekki tilætlun Alþ. að neinu leyti, að það sé gefin nokkur heimild til þess, að verðhækkun verði á benzíni hér í Reykjavík, þar sem það er selt ódýrara en úti á landi, heldur sé meiningin með dagskrártill. sú, að ríkisstj. noti það vald og áhrif, sem hún getur haft gegnum olíufélögin, til þess að knýja þau til þess að lækka verðið á benzíninu úti um land, og það er vitanlegt, að það er mjög auðvelt að knýja fram þá lækkun, ef ríkisstj. notar það vald, sem hún hefur. Og ég álít, að rökst. dagskráin sé tilkynning til ríkisstj. um það frá Alþ., að það ætlist til þess, að hún í þessu efni noti sitt vald.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi segja það, að ég hefði haldið, að réttara væri að láta það koma fram í dagskrártill. að öllu leyti, sem hv. allshn. meinar. Verðlagningin er með lagabreyt., sem gerð er nú á þinginu, lögð svo mjög í hendur fjárhagsráðs, að það er í raun og veru eðlilegra, að menn viti, að Alþ. beinir því til ríkisstj., að hún hlutist til um það við fjárhagsráð, svo og olíufélögin, heldur en við olíufélögin sjálf, að þessi verðjöfnun verði framkvæmd, því að vitanlega fer ríkisstj. ekki að semja sjálf neitt við olíufélögin. Mér datt því í hug, hvort n. vildi ekki ganga inn á ofurlitla breyt. á dagskránni, nefnilega, að hún yrði orðuð þannig, að d. beini því til ríkisstj., að hún hlutist til um við fjárhagsráð og olíufélögin, að þau hagi svo sölu á benzíni og hráolíu, o. s. frv. Ég held, að það næðist betur, sem n. meinar, með því að orða till. svona. Ég kann hálfilla við að afgr. till. héðan, þar sem gert er ráð fyrir því, eftir orðalaginu, að ríkisstj. fari og beinlínis semji við olíufélögin um hluti, sem hún ræður, í gegnum fjárhagsráð, nokkuð mikið yfir og ég fyrir mitt leyti tel, að hún geti ráðið.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég vildi nú mjög gjarnan gera hv. þm. Ísaf. allt til geðs í þessu efni. En ég hef nú ekki haft aðstöðu til þess að bera mig saman við meðnm. mína um þessa breyt., og get þess vegna ekki talað fyrir n. hönd, en ég fyrir mitt leyti get ekki fallizt á þessa breyt. Alþ. á aðgang að ríkisstj. um slíkt erindi sem þetta og beinir sínum orðum til ríkisstj. um það, hvað það ætlast til, að hún sjái um framkvæmd á. Og vitaskuld er það þá ríkisstj. að fara til þeirra manna, sem framkvæmdin áhrærir, og gera sínar till. gildandi gagnvart þeim um það, hvers hún ætlist til um það hvernig fjárhagsráð, sem er í þjónustu ríkisstjórnarinnar, framkvæmi þetta svo gagnvart olíufélögunum. — Og ég get tekið undir þau ummæli, sem hér hafa fram komið um það, að það er vissulega ekki tilætlun n., að út af þessu máli eigi að hækka verð á benzíni og olíum yfirleitt, út af slíkri verðjöfnun, því að ég geri ráð fyrir, að það muni vera hægt að koma á þeirri framkvæmd, án þess að til breyt. þurfi að koma á verði benzínsins, þar sem það er lægst. Og ég held, að þessi rökst. dagskrá, eins og hún er borin fram af hálfu n., sé hvað þetta snertir alveg fullkomlega bindandi og fullnákvæm um það, sem máli skiptir í þessu efni.

Fjárhagsráð er í þjónustu ríkisstj., og þarf þess vegna ekki að minna ríkisstj. á, hvert hún á að snúa sér um þetta efni.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja það, að sú brtt., sem ég vil gera, víkur í engu að því, að ganga eigi fram hjá ríkisstj. í framkvæmd þessarar verðjöfnunar. Hins vegar segi ég fyrir mitt leyti, að mér finnst þessi dagskrártill., eins og hún er orðuð, tæplega nógu tæmandi, af því að fjárhagsráð hefur verðlagninguna í sinni hendi og við megum ekki gera ráð fyrir neinum beinum samningum í þessu efni milli olíufélaganna og ríkisstjórnarinnar. Það er það, sem athuga þarf. Ég vil því leggja fram brtt. við þessa rökst. dagskrá, þannig, að d. beini því til ríkisstj., að hún hlutist til um við fjárhagsráð og olíufélögin, að þau hagi svo sölu á benzíni og hráolíu, að útsöluverð þessara vara verði sem jafnast hvarvetna á landinu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi fyrst þakka hv. frsm. allshn. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf um þá skoðun n. á þessari rökst. dagskrá, að hún þýddi að engu leyti neina heimild til hækkunar á verði á olíu og benzíni hér í Reykjavík. En út af þeim umr., sem hér hafa spunnizt um það, hvaða orðalag væri heppilegast á þessu, þá vil ég segja, að ég er í því samþykkur hv. frsm. allshn., að ég álít það vera óþarfa að nefna fjárhagsráð þarna í till. Hins vegar er ekki rétt það, sem hv. þm. Ísaf. benti á, að með till. óbreyttri sé verið að fyrirskipa ríkisstj. að ræða beint við olíufélögin. En ég held, að tilgangur dagskrártill. mundi nást með því, að þetta væri orðað þannig, að ríkisstj. hlutist til um, að olíufélögin hagi sölu á benzíni og hráolíu, o. s. frv. Ég held, að þetta yrði heppilegra orðalag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 754 felld með 17:13 atkv.

Rökst. dagskrá á þskj. 717 samþ. með 19:1 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Aðstoð til síldarútvegsmanna (greiðslufrestur skulda).

Á 1. fundi í Sþ., 15 nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 15. des. 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til þess að uppfylla ákvæði 28. gr. stjskr. og til staðfestingar á bráðabirgðal., sem nauðsyn þótti til bera á síðastl. sumri, að sett yrðu. Greiðslufrestur á skuldum útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948 og aðstoð höfðu fengið samkv. 2. gr. l. nr. 85 15. des. 1948, rann út 1. júlí þ. á. Með því að skuldaskilum, sem þar var um að ræða, var þá engan veginn lokið, heldur þau miklu frekar skammt á veg komin, þótti ófært, að þessi frestur félli niður 1. júlí 1949, og varð það að ráði, til þess að trufla ekki síldveiðar viðkomandi manna og atvinnuathafnir á síldveiðitímabilinu, að framlengja þennan frest til 15. okt. En til þess þurfti að setja þau bráðabirgðalög, sem hér er nú leitað staðfestingar hæstv. Alþingis á.

Ég ætla, að ekki beri nauðsyn til þess að tala meira fyrir þessu máli. En ég vil mælast til, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 95).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., 10. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum [6. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er alveg samhljóða frv. um sama efni, sem flutt var á síðasta þingi. Frv. fylgdi þá ýtarleg grg. frá nefnd, sem hafði undirbúið málið. Og sömuleiðis var þá gerð allýtarleg grein fyrir því í framsögu. Ég sé því ekki ástæðu til að fara að rekja það hér á ný, hverjar eru ástæðurnar til þess, að þetta frv. hefur verið borið fram, en vildi aðeins leyfa mér að benda á, hversu geysiþýðingarmikið það er, bæði frá sjónarmiði þjóðar-

heildarinnar og einnig vegna þeirra vinnutafa, sem orsakast af slysum, og vegna einstaklinganna, sem vinna á hinum ýmsu vinnustöðum, að þeim sé tryggður eins öruggur vinnuútbúnaður og mögulegt er. — Ég vildi því leggja þetta frv. fram í byrjun þings, svo að hæstv. Alþ., báðar d. þess, gæti haft nægilega rúman tíma til þess að athuga þetta mál. Í fyrra komst málið ekki út úr þessari hv. d. En ég vona a. m. k., að það sé nokkurt öryggi fyrir því, að það geti gengið hraðar nú, að það hefur þegar fengið allýtarlega athugun á síðasta þingi.

Legg ég svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 7, n. 643).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
5.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
12.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
16.—30. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
34.—46. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
47.—48. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
49. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
50.—51. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
52.—53. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 7, 723).

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Mál þetta hefur legið nokkuð lengi í deiglunni hjá hv. iðnn., eins og fleiri mál. Það verður um það engin framsaga beinlínis flutt af hálfu meiri hl. n. En við tveir nm., sem á sínum tíma stóðum að athugun á frv., höfum borið fram hér nokkrar brtt. við frv. Þar með er ekki tæmt allt, sem við óskuðum að breyta í frv. En í þessum brtt. eru allar veigamestu breyt., sem við óskuðum að gera og við setjum fram sem skilyrði fyrir því að fylgja frv. áfram. — 1. brtt. er um, að á eftir 3. tölul. í 1. gr. komi nýr tölul., sem hljóði svo: „allur almennur búrekstur í sveitum.“ Í 1. gr. frv. segir svo: „Lög þessi ná til sérhverrar starfrækslu, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira“ o. s. frv. Og með þessu ákvæði ná þessi lög til hér um bil allra sveitabæja á Íslandi. Og sé ég ekki, hvernig ætti að framkvæma svo umfangsmikla löggjöf í þessu efni. Það er ofætlun viðkomandi aðilum, sem framkvæma ættu þessi lög, að fylgjast með á svo að segja hverjum sveitabæ eins og þyrfti til að framkvæma þessi lög. Þess vegna er lagt til, að 4. tölul. þessarar gr. verði settur inn, á þann veg sem ég greindi. — 2. brtt. er við 3. gr. frv., um, að síðasti málsl. gr. falli burt. En hann er svona: „Eigandi farandvélar skal tilkynna öryggiseftirlitinu, hvar vélin er í notkun á hverjum tíma.“ Þetta teljum við útilokað að hægt sé að framkvæma. Farandvélar, svo sem vélar ræktunarsambanda og við vegagerðir, eru á svo miklu ferðalagi, að það er útilokað að tilkynna, hvar sem slík vél er á landinu, hvenær hún er hreyfð frá einum stað til annars, því að þær breytingar á verustað vélarinnar í hverju tilfelli verða bæði á nótt og degi og stundum oft á sólarhring. Það er því útilokað, að hægt sé að tilkynna það til Reykjavíkur í hvert skipti, þegar slík vél færir sig úr stað. — 3. brtt. er við 9. gr., um, að síðasti málsl. gr. falli burt, sem er um það, að vinnuveitandi sé skyldur að gefa verkamönnum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að læknisskoðun geti farið fram. Við teljum, að viðkomandi slíkri læknisskoðun, sem fara á fram samkv. l., sé ósanngjarnt að leggja þá kvöð á vinnuveitendur, að verkamenn geti vegna þeirrar skoðunar farið úr vinnu til þess að láta skoða sig, því að það hagar víða svo til í verksmiðjum og á vinnustöðum, að einn maður má ekki fatlast frá vinnunni, ef ekki á að koma fram af því meiri eða minni truflun á allri vinnunni, sem þar fer fram. Það er því óviðhlítandi, að menn geti farið úr vinnunni, einn þennan daginn og annar hinn daginn og svo koll af kolli, til þess að láta skoða sig, á kostnað vinnuveitandans, með allri þeirri truflun, sem af því getur leitt.

Þá eru tvær brtt. við 11. gr. Þar stendur svo nú:

„Sérhver, sem ætlar að reisa eða starfrækja verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, er máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.“

Varðandi mörg fyrirtæki úti á landi liggja ekki fyrir teikningar, sem hægt er að senda. Ef gera á breyt., verður því samkvæmt frv., eins og það er nú, að afla manna til þess að gera teikningar og uppdrætti, áður en umsókn um leyfi er send. Þó að viðurkennt sé, að þetta sé nauðsynlegt, þegar um stórar verksmiðjur er að ræða, þá er þetta óþarft, þegar smáfyrirtæki eiga í hlut, og ósanngjarnt að leggja á þau þennan kostnað. Við viljum því, að tekið sé fram í reglugerð, hvaða stærð verksmiðja og verkstæða falli undir ákvæði þess-

arar gr., svo að stærstu og veigamestu fyrirtækin verði greind frá þeim minni.

Þá eru nokkrar breyt. við 12. gr. — Fyrst er brtt. við 6. tölul., að síðari efnismálsl. falli burt, en hann er þannig: „Hreingerningu skal lokið a. m. k. ¼ klst. áður en vinna hefst." Nú er mér tjáð, að víða sé svo, að hreingerning verði að fara fram á öllum tímum vinnudagsins, eftir því, hvernig vinnunni er háttað, og hreingerningu sé því haldið áfram meðan á vinnu stendur. Þetta er ekki stór breyt., en við teljum þó rétt, að hún sé gerð. — Þá er brtt. við 9. tölul., um, að annar efnismálsl. orðist svo: „Skal handlaugum haldið tilhlýðilega hreinum." Þetta er aðeins lagfæring á orðalagi. Nú stendur: „Á sérhverjum vinnustað skulu vera nægilega margar handlaugar eða hentugur útbúnaður með sápu eða öðru þvottaefni fyrir verkamenn til að þrífa sig. Skal þeim haldið tilhlýðilega hreinum." Það er eins og það væru verkamennirnir, sem halda skal tilhlýðilega hreinum, en það er víst ekki meiningin. Þeir halda sér hreinum sjálfir. — Þá leggjum við til, að annar efnismálsl. 11. tölul. falli burt. Þar stendur svo: „Sé af heilbrigðisástæðum nauðsynlegt að nota sérstök vinnuföt, má krefjast þess, að vinnuveitandinn láti þau í té og annist hreinsun þeirra." Við teljum ekki sanngjarnt, að vinnuveitandinn skaffi verkamönnum föt, og viljum við fella þetta burt. — Þá er það 13. tölul. Þar er sagt, að hæfilega mörg vatnssalerni skuli vera til afnota fyrir verkamenn. Ég veit, að þetta verður gert þar, sem hægt er, en það er víða svo, t. d. við sláturhúsvinnu, þar sem unnið er aðeins nokkurn tíma, að ekki er aðstaða til að hafa vatnsklósett og verður því að notast við klósett án vatns, sem reynt er að hafa eins þrifaleg og mögulegt er. Ég tel því ekki rétt að leggja þessa skyldu á þar, sem óhagstætt er að hafa vatnsklósett, en vitanlega ber að nota þau, ef tök eru á því.

Þá er 6. brtt. við 2. málsl. 29. gr., að hann orðist svo: „Öryggiseftirlitið skal láta framkvæma rannsókn á orsökum slysins." Í gr., eins og hún er nú, segir, að öryggiseftirlitið skuli krefjast rannsóknar. Við teljum hitt réttara.

Sem sagt, þetta eru þær brtt., sem við flytjum. Þær eru flestar veigalitlar, nema tvær eða þrjár þeirra, sem eru veigamiklar, en þær athugasemdir, sem við hefðum óskað að gera við frv., eru þó hvergi tæmdar með þessum breyt., og stafar það af því, hvernig hátta varð vinnubrögðum, til þess að málið gæti komið fyrir hv. d.

Emil Jónsson: Herra forseti. Eins og kom fram við 2. umr., höfum við tveir nm. mælt með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Hins vegar hafa tveir nm., hv. þm. Mýr. og hv. þm. Snæf., borið fram brtt. við frv. á þskj. 723, sem fela í sér nokkrar breyt., og hafa lagt það við, að þeir geti ekki fylgt frv., nema þessar breyt. verði samþ. Ég tel að vísu, að þessar breyt. dragi úr gildi frv. og geri það að sumu leyti lakara, en frekar en að stofna málinu í voða mun ég sitja hjá við atkvgr. Þar sem vitað er, að þessir hv. þm. eru fulltrúar meiri hl. þings og stjórnarflokkanna, vil ég ekki stofna málinu í hættu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 102. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 723,1 samþ. með 20:6 atkv.
— 723,2 samþ. með 19:3 atkv.
— 723,3 samþ. með 17:3 atkv.
— 723,4 samþ. með 20:4 atkv.
— 723,5 samþ. með 19:4 atkv.
— 723,6 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Sþ., 16. maí, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 786), en málið var aldrei tekið á dagskrá í Ed.

---

3. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1949.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 14. febr. 1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949* [12. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 3. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. var, eins og venja hefur verið hin síðari ár, ákveðið með l., að Alþ. skyldi koma saman tiltekinn dag, nema forseti Íslands hafi kallað það saman til fundar fyrr á árinu. Og í þessum l. var gert ráð fyrir því, að Alþ. kæmi saman 11. okt. s. l. Þegar leið á sumarið og í ljós kom, að nauðsyn þótti til bera að rjúfa þing og að kosningar yrðu ákveðnar 23. okt. og næstu daga, var augsýnilegt, að Alþ. gæti ekki komið saman til fundar á þeim tíma, sem gert var ráð fyrir í l. frá síðasta Alþ., og bar því brýna nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um, að Alþ. kæmi saman síðar en ákveðið hafði verið. Var 14. nóv. valinn sem samkomudagur Alþ. á þessu ári, og miðað við, að þá væri kosningum, atkvæðatalningu og ákvörðun landskjörstjórnar um úthlutun uppbótarþingsæta lokið og auk þess nægur fyrirvari fenginn til að boða þingmenn til þingsetu. Þessi bráðabirgðalög voru því gefin út vegna þingrofsins, og þarf ég ekki nánar að skýra þau.

Ég vil leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Innflutningur búfjár.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um viðauka við l. nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár* [14. mál] (stjfrv., A. 15).

Á 3. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Þetta mál lá fyrir síðasta þingi og gekk þá í gegnum þessa hv. d. En ekki vannst tími til að afgreiða málið í hv. Ed., því að komið var að þinglokum, þegar málið kom þangað. Hv. landbn. Ed. vannst þó tími til að afgr. málið frá sér, og fjórir af fimm hv. nm. mæltu með frv., en einn á móti. Þá var komið að þinglausnum, og málið dagaði uppi. Það virtist liggja í augum uppi, eftir undirtektum undir þetta mál á síðasta þingi, að málið hefði þingvilja að baki sér í báðum hv. þd., og þess vegna tók ríkisstj. það upp í sumar, eftir að þingi lauk, og gaf út bráðabirgðalög um málið í sama eða svipuðu formi og það var afgr. á síðasta þingi frá þessari hv. d.

Sú breyt., sem hér er farið fram á að gera á l. um innflutning búfjár, er ekki mikil. Aðalbreyt. er sú, að í stað þess að í gildandi l. er gert ráð fyrir því, að ríkið eitt hafi með höndum og annist innflutning þess búfjár, sem á hverjum tíma er flutt inn, er hér gert ráð fyrir, að ríkið geti veitt ákveðnum stofnunum, í þessu tilfelli Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, leyfi til þess að annast þann innflutning á búfé, sem þær stofnanir, sem um þau mál eiga að fjalla samkv. l., mæltu með og ríkisstj. leyfir. Er þessi breyt. nánast það að létta af ríkinu þeim útgjöldum, sem þessum málum eru samfara, og taka í sína þjónustu þá krafta utan starfskrafta sjálfs ríkisins, sem vildu leysa málið. Þetta er aðalatriðið. Og með því að mikill áhugi er hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga um að hrinda einum þætti þessara mála áfram, innflutningi á nautum af holdakyni, taldi ríkisstj. rétt að greiða fyrir því með setningu bráðabirgðalaga.

Önnur breyt., sem einnig er í þessu frv. frá gildandi l. um innflutning búfjár, er það, að í þeim l. er ekki gert ráð fyrir, að það verði leyft að flytja inn lifandi búfé, heldur eingöngu sæði úr búfé til sæðingar á búfé af innlendum stofni. En sú aðferð til innflutnings á búfé tekur langan tíma, upp undir 11—12—13 ár, þar til talið er, að kominn sé hreinkynja stofn í landinu. Og í öðru lagi má benda á, að sérfræðingar telja, að ekki stafi meiri hætta af að flytja inn nýfædda kálfa, ef þeir eru teknir strax eftir burðinn og sótthreinsaðir og fluttir undir eftirliti sérfróðra manna, heldur en í sambandi við það að flytja inn sæði úr búfé. Þá mælir það einnig með innflutningi nýborinna kálfa, að í því tilfelli tekur varúð sú, sem í sambandi við það þarf að hafa til að verjast innflutningi næmra sjúkdóma, ekki lengri tíma en 1 mánuð, í stað þess að innflutningur á sæði mundi verða að vera tíðkaður árum saman til að flytja inn eitt einasta kyn, og hættan því í því sambandi þar af leiðandi því meiri sem lengri tími færi í innflutninginn, og lengri tími, sem færi í sóttvarnir og eftirlit með innflutningnum. Þar að auki kæmi reynsla á búfjárstofninn hér á landi á tiltölulega mjög skömmum tíma, ef fluttir væru inn kálfarnir í stað þess að viðhafa sæðisinnflutninginn.

Það er álit margra manna í landinu, að það sé mjög athugavert og sjálfsagt að gera tilraunir með það að koma hér upp sérstöku holdakyni af nautpeningi. Og ýmsir menn telja, að okkar miklu haglendi víða á landinu séu mjög vel til þess fallin að ala upp á þeim naut af holdakyni til kjötframleiðslu. Það væri réttara og hagkvæmara að nota okkar graslendi svo, heldur en ala á því hesta til kjötframleiðslu, því að það kjöt er þriðja flokks vara, en gott nautakjöt aftur á móti er fyrsta flokks vara. — Ríkisstj. vildi því fyrir sitt leyti greiða fyrir því, að þessa tilraun mætti gera og á þann veg, að ríkið sjálft þyrfti ekki að standa straum af henni, þar sem það hefur þegar í nógu mörg horn að líta.

Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. taki máli þessu með skilningi, og æskja þess, að því verði að loknum umræðum vísað til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. landbn., á þskj. 797, var útbýtt 17. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Meðferð opinberra mála.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um meðferð opinberra mála* [19. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 4. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það til l. um meðferð opinberra mála, sem hér er lagt fram, var lagt fyrir þessa hv. d. í fyrra og mun hafa legið mestan hluta þingtímans hjá hv. allshn. Ég taldi sjálfsagt að leggja þetta frv. aftur fyrir hæstv. Alþ. að þessu sinni og læt mér nægja að vísa til grg. og þeirra ummæla, sem ég hafði um þetta mál á síðasta Alþ. Ég vil einungis ítreka það, að ég tel mjög brýna nauðsyn á því, að ný löggjöf verði sett um meðferð opinberra mála. Það sést glögglega, ef litið er á 207. gr. þessa frv., hversu úrelt þau l. eru, sem nú gilda um þessi efni. Ákvæðin í þeim eru allt frá dönsku lögum Kristjáns V., sem sett voru á 17. öld, og einnig eru þar ákvæði, sem sagt er að séu frá því um 1800 og fyrri hluta 19. aldar. Öll þessi fyrirmæli eru svo gölluð og fjarri hugmyndum manna nú á dögum, að það má telja mikla furðu, að ekki skuli hafa tekizt fyrr en þetta að fá þeim breytt og nýja skipan setta. Það var, eins og menn vita, gerð tilraun til þess að fá ný l. um þetta efni sett fyrir hér um bil 10 árum. Þá var samið frv. um þetta, og þótt það frv. sé að vissu leyti bót frá því, sem áður var, þá var sú breyt. engan veginn fullnægjandi. Aðallega var það skrá og skýrsla um þau ákvæði, sem áður giltu, en fáar verulegar breyt. eða nýjungar. Í frv. því, sem samið var í fyrra að tilhlutun dómsmrn., voru hins vegar gerðar till. um gagngerðar breyt. í nýmælaátt á meðferð þessara mála, — breyt., sem tryggja verulega frá því, sem verið hefur, réttarstöðu borgaranna og gera líklegt, að meiri, hraðari og öruggari úrlausn verði í þessum málum heldur en fram að þessu hefur verið. Það er að vísu rétt, og ég veit, að það er fært á móti þessu frv., að því er samfara nokkur kostnaður, en þegar á það er litið, að það skipulag, sem við búum við, er nærri því 300 ára gamalt að verulegu leyti og fjarri því að fullnægja frumstæðum hugmyndum, sem aðrar þjóðir hafa um réttarskipun þessara mála, þá hygg ég, að ýmis kostnaður hafi verið upp tekinn á seinni árum, sem minni þörf væri heldur en að koma þessum málum í skaplegt horf. Þar að auki er svo það, að ég tel enga frágangssök að samþykkja þetta frv. að mestu leyti, jafnvel þótt flest þau atriði, sem hafa í sér fólginn aukinn kostnað, væru úr því numin. Það væri stór bót að því að samþykkja frv., jafnvel þótt ákvæðin t. d. um saksóknara ríkisins væru úr því felld og ákæruréttur inn eftir sem áður í höndum dómsmrn. Eins er það, að það er ekkert höfuðatriði í þessu frv., hvort það eru fleiri en einn sakadómari hér í Reykjavík. Því, sem eru kostnaðaratriði, er því auðvelt að kippa úr frv., en láta meginbálk frv. ná fram að ganga. Ég tel þetta mál svo mikilsvert, að hvert það Alþ., sem það samþ., mundi verða talið merkilegt, þótt það afrekaði lítið annað. Svo brýn þörf er að fá betri skipan þessara mála en verið hefur, og svo úrelt er það fyrirkomulag, sem við nú búum við, að ég tel það ekki vansalaust fyrir íslenzkt þjóðfélag að una þeirri skipan áfram, sem við höfum. Hitt má deila um, hvort sú skipan, sem hér eru gerðar till. um, henti bezt að öllu leyti. En um það hef ég einungis það að segja, að þetta frv. er samið af þrem hinum færustu mönnum í þessum efnum, þeim Einari Arnórssyni, Gissuri Bergsteinssyni og Jónatan Hallvarðssyni, og ég veit, að þeir ganga að verkum sínum með miklum áhuga og dugnaði. Ég tel frv. í heild mjög vel samið, og ætti það ekki verulega að þurfa að standa í mönnum, nema þá þessi kostnaðaratriði, sem, eins og ég sagði, á að vera auðvelt að kippa úr frv., ef menn treysta sér ekki til að taka þessar byrðar á ríkissjóð.

Ég hef farið þessum orðum um frv. til þess að hvetja hv. d. og þá n., sem fær málið til meðferðar, til þess að afgreiða málið á þessu þingi, og sú meðferð, sem málið fékk hjá hv. n. í fyrra, hlýtur að geta orðið góður grundvöllur til þess, að hún geti skjótlega afgr. málið frá sér að þessu sinni. Ég legg til, að málinu sé vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Skipulag kaupstaða og kauptúna.

Á 5. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um skipulag kaupstaða og kauptúna [36. mál] (stjfrv., A. 47).

Á 6. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Fyrir Alþingi 1948 var lagt frv. um þetta efni, er samið var af nefnd, sem þar til var skipuð og átti að vera sérfróð í þessum efnum; m. a. átti í henni sæti borgarritarinn í Reykjavík. Frv. var ekki afgr., en heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. sendi það ýmsum aðilum til athugunar og umsagnar, og frá sumum þeirra komu ýmsar ábendingar um breytingar, sem þyrfti að gera á frv. Félmrn. athugaði svo eftir þinglok 1948 meðferð málsins og ábendingar og till., sem fram höfðu komið, og til þess enn á ný að reyna að ná samkomulagi milli sem allra flestra, þá ákvað ráðun. að skipa sérstaka nefnd til þess að athuga frv. á ný og benda á breytingar, sem æskilegar kynnu að þykja. Nefndin hefur yfirfarið frv. og lagt til, að á því yrðu gerðar nokkrar breytingar, en engar þeirra eru stórvægilegar, og hefur ráðuneytið tekið þær til greina og fellt þær inn í frv.

1948 fylgdi ég þessu máli úr hlaði og skýrði ákvæði þess, og sé ég ekki ástæðu til að endur-

taka það nú, en læt nægja að vísa til þess, sem ég hef sagt um breytingar, sem á því hafa verið gerðar, og vænti þess, að hv. Alþingi sjái sér fært að afgreiða frv. sem lög, því að brýna nauðsyn ber til þess að setja lög um þau efni, sem ákvörðuð eru í þessu frv. — Legg ég svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn., sem áður fjallaði um mál þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Sveitarstjórar.

Á 5. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um sveitarráðsmenn* [37. mál] (stjfrv., A. 48).

Á 7. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta mál er fram borið af hæstv. félmrh. En þar sem hann er ekki hér viðstaddur, vil ég leyfa mér að óska þess, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 48, n. 337).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Á síðasta þingi var samþ. þáltill. frá hv. þingmönnum Eyf. þess efnis að skora á ríkisstj. að taka til athugunar, hvernig stjórn hinna stærri kauptúna verði bezt og haganlegast komið fyrir, og að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar um það efni fyrir næsta Alþingi. Félmrn. hefur nú samið frv. það, sem hér liggur fyrir og vísað var til heilbr.- og félmn. eftir 1. umr. Eftir athugun þess leggur n. til, að það verði samþ., þó með nokkrum breytingum. Brtt. n. eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi leggur hún til, að í stað „sveitarráðsmaður" komi hvarvetna: sveitarstjóri. N. telur, að það orð sé nær íslenzkri málvenju.

Í öðru lagi leggur n. til, að hér verði einungis um heimildarl. að ræða, þ. e., að ef frv. verður samþ., þá sé hreppsfélögum, sem hafa yfir 500 íbúa, heimilt að ráða fastan mann í sína þjónustu með þeim hætti, er frv. gerir ráð fyrir, en séu ekki skylduð til þess.

Í þriðja lagi leggur n. til, að hámark launa sveitarstjóra skuli vera samkomulagsatriði milli hans og hreppsnefndar, en launin ekki lögákveðin, eins og gert er ráð fyrir í frv. Þó leggur n. til, að ársgrunnlaun séu ekki lægri en 5000 kr. auk verðlagsuppbótar. N. rökstyður þessa brtt. með því, að greiðslugeta hinna ýmsu hreppsfélaga sé misjöfn, enda ástæða til þess að miða launin við það, hvort um umfangsmikið starf sé að ræða. Hins vegar, ef hreppsfélag stendur í miklum framkvæmdum, t. d. hafnargerð, gæti verið ástæða til þess að fá sérmenntaðan mann í þjónustu sveitarfélagsins. Þyrfti þá að greiða honum hærri laun.

Í fjórða lagi sé hreppsn. heimilt að fela sveitarstjóra hreppstjórastörf, ef hreppstjóri lætur af starfi í hreppi, þar sem starfandi er sveitarstjóri, enda náist um þá ráðstöfun samkomulag milli hreppsnefndar og viðkomandi sýslumanns f. h. sýslunefndar.

Þetta eru helztu breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði, en auk þess hefur hún gert tillögur um smávægilegar breyt., orðalagsbreyt. o. fl.

N. leggur eindregið til, að frv. verði samþ., þó með þeim breyt., sem ég hef þegar nefnt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 337, þá leggur heilbr.- og félmn. d. til, að frv. verði samþ., þó með þeim breyt., sem hv. frsm. hennar hefur þegar gert grein fyrir. En það eru einstök atriði í frv. og brtt. n., sem ég vildi víkja að.

N. leggur til í brtt. sínum, að í stað þess, að fastákveðið sé í l., að slíkir sveitarráðsmenn skuli vera í kauptúnahreppum, þá skuli hér aðeins vera um heimild að ræða. Tel ég til bóta að breyta frv. svo, enda mælir stj. Sambands íslenzkra sveitarfélaga með því. En gert er ráð fyrir því í frv., að l. skuli aðeins gilda fyrir þá hreppa, þar sem fleiri íbúar eru en 500, sem búa í kauptúni. Nú vildi ég fá skýringu á því hjá n., hvers vegna hún telur, að þetta eigi aðeins að gilda um kauptúnahreppa, en eigi aðra hreppa. — Þá er eitt nýmæli í 4. brtt. n. Þar segir svo, að ekki sé „heimilt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar né önnur ákveðin tímamörk." Ég skal ekki segja, hvort þetta sé heppilegra en það fyrirkomulag, sem nú er í kaupstöðunum, að ráðning borgar- og bæjarstjóra gildir aðeins fyrir eitt kjörtímabil. En mér skilst, að ef þetta verður samþykkt, þá gildi aðrar reglur í þessum hreppum en í stærri bæjum, þar sem ráðning bæjarstjóra gildir fyrir ákveðið tímabil. — Þá er enn eitt: 7. brtt. n. Þar er lagt til, að á eftir 7. gr. frv. komi ný gr., að efni til um það, að hætti hreppstjóri störfum í hreppi, þar sem sveitartjóri starfar, sé „heimilt að fela sveitarstjóra hreppstjórastörf, náist um það samkomulag milli hreppsnefndar og viðkomandi sýslumanns fyrir hönd sýslunefndar. Fari sveitarstjóri með hreppstjórastörf, greiðir ríkissjóður honum þóknun sem svarar hreppstjóralaunum." En þess er eigi getið, hvort hann eigi að fá þóknunina til viðbótar sveitarstjóralaunum sínum eða ekki. En ég álít, að þessi

gr. eigi ekkert erindi í þetta frv. Nú er það svo, að þegar sæti hreppstjóra losnar, gerir sýslun. till. til sýslumanns um nýjan hreppstjóra. Hún velur þrjá menn til starfans úr hópi hreppsbúa, og sýslumaður á svo að skipa einn af þessum þremur í stöðuna. Nú liggur í hlutarins eðli, að í hreppi, þar sem sveitarstjóri er starfandi, er sýslun. heimilt að benda á hann sem hreppstjóraefni eins og aðra hreppsbúa. Má þá sýslumaður velja hann til hreppstjórastarfsins úr hópnum, ef hann vill. Þar sem ekki er lagt til, að skylt skuli að sameina þetta tvennt, þá sé ég ekki, að gr. eigi erindi í frv. Eðlilegt er, að sýslun. og sýslumaður hafi í sameiningu vald til að kveða á um það, hverjir taki að sér hreppstjórastörf, eins og nú er. Legg ég því á móti, að þessi brtt. n. verði samþykkt.

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. V-Húnv. (SkG) vildi ég segja nokkur orð.

Mér skilst, í sambandi við það, að gert er ráð fyrir, að l. muni ná til þeirra hreppa, þar sem fleiri en 500 íbúar búa í kauptúni, og komi sveitarstjóri til með að gegna hreppstjórastörfum, að þá muni hann eigi fá laun fyrir þau að auki, heldur verður sú þóknun hluti af launum hans. Það er álitamál, hvort setja ætti þetta inn í frv.: að sveitarstjórar gegni hreppstjórastörfum. Rétt er, að eigi er þörf á því. Það hefði verið hægt að sameina þessi tvö embætti án nýrrar lagasetningar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð vegna ræðu hv. þm. V-Húnv. (SkG), þar sem ég á sæti í n.

Hv. þm. spurði, hví þessi heimildarl. væru bara látin ná til hreppa, þar sem 500 íbúar eða fleiri búa í kauptúni, en eigi allra. Þáltill. sú, sem er tilefni þessa frv., var samþ. á Alþ. þ. 25. febr. 1949 og hljóðar á þessa leið: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til athugunar, hvernig stjórn hinna stærri kauptúna verði bezt og haganlegast komið fyrir, og að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar um það efni fyrir næsta Alþingi.“ Í till. var rætt um það vandamál, hvernig ætti að haga stjórn hinna stærri kauptúna. Eðlilegt var, að þáltill. væri á þessa leið, því að það er fyrst og fremst á þessum stöðum, sem um vandkvæði hefur verið að ræða í stjórn hreppsmálanna. Þéttbýlið skapar ýmis vandamál, svo að störf oddvitans verða þar vandasamari en í dreifbýli. Sú staðreynd er tilefni þess, að Alþ. hefur samþ. áðurgreinda þáltill.

Hv. þm. sagði, að aðrar reglur ættu að gilda um ráðningu framkvæmdastjóra í þessum sveitarfélögum en í öðrum, bæjunum. Það er rétt. Það er nýmæli í frv., að hér er stungið upp á sérstakri tilhögun á stjórn hreppa, sem hafa yfir 500 íbúa í kauptúni. Tilætlunin er að koma framkvæmdastjórn hreppsfélaganna á öruggari grundvöll en verið hefur í kaupstöðunum. Er framkvæmdastjórn kaupstaðanna engan veginn eins góð og örugg og æskilegt væri. Það þarf að koma meiri festu í framkvæmdastjórn sveitarfélaganna en nú á sér stað. Er óhentugt, að jafntíð framkvæmdastjóraskipti verði og nú á sér stað, þegar bæjarstjórarnir eru ráðnir út frá stjórnmálasjónarmiðum af meiri hluta bæjarstjórna og skipti verða ævinlega, þegar breyt. verður á honum. Bæjarstjórastörfin eru að svo miklu leyti hrein framkvæmdastjórnarstörf, að nauðsynlegt er, að sami maður fari með þau um lengri tíma. Þetta mál var rætt í n., þótt hún geri engar till. um breyt. á sveitarstjórnarl. í þessu efni.

Þá gat hv. þm. 7. brtt. n. Kvað hann hina nýju gr. ekkert erindi eiga í frv. Það kann að vera, að óþarfi sé að setja um þetta lagafyrirmæli. En það er hreinn misskilningur, að óeðlilegt sé, að þessi regla verði tekin upp. Mér skildist, að hann teldi hér hróflað við þeirri skipan, sem verið hefur á ráðningu hreppstjóra. En við athugun sést, að svo er ekki, því að hreppsnefndum er í lófa lagið að benda á sveitarstjóra sem einn af hinum þrem mönnum. En ég tel æskilegt, að brtt. þessi verði samþ., því að með því móti væri girt fyrir þann misskilning, að sveitarstjóri geti ekki verið hreppstjóri. Það má auðvitað benda á sveitarstjóra. Og það er heimilt að ráða hann, ef samkomulag verður um það á milli sýslunefndar og sýslumanns.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ástæðan til þess, að þetta frv. var lagt fram, og sú, sem þáltill. byggist á, er sú, að það er víða erfitt í fjölmennum hreppum að fá hæfa menn, sem bundnir eru annars staðar, til að gegna oddvitastörfum. Ég hef litið svo á, að sé á annað borð farið inn á þá braut að ráða fastan starfsmann, þá eigi að sameina oddvita- og hreppstjórastörfin í þeim hreppum, þar sem það er gert. Það verður þá að vera samningsmál milli sýslunefndar og hreppsnefndar, hver fari með sveitarstjóra- og hreppstjórastörfin, ef sveitarstjóri er ráðinn til oddvitastarfa. Ég tel þá framför að gera ráð fyrir því, að starfstími þessa manns sé eigi bundinn við kjörtímabil hreppsnefndar. Væri þá unnt að koma meiri festu á, ef hann væri ráðinn sem fastur starfsmaður.

Eitt atriði er það, sem hv. þm. V-Húnv. gat réttilega. Það er varðandi 2. brtt. hv. n., við 1. gr. frv., að þetta sé eingöngu bundið við þá hreppa, „þar sem fleiri en 500 íbúar búa í kauptúni.“ Nú eru nokkrir sveitabæir með í kauptúnahreppum, og gæti það valdið misskilningi, ef þeir væru teknir með. Að öðru leyti er það skoðun mín, að séu svo margir íbúar í hreppi, hvort sem um er að ræða sveitahrepp eða kauptúnahrepp, þá sé réttmætt, að umrædd heimild nái líka til sveitahreppanna. Ég vil nú víkja því til hv. n., hvort hún geti eigi fallizt á að fella þessi orð niður: í kauptúni. Vildi ég, að samkomulag gæti orðið um þetta í hv. n. Að öðru leyti geri ég ráð fyrir að flytja breytingartillögur við frv. við 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Tveir af hv. nm. hafa nú talað um þær aths., sem ég hreyfði við þetta frv. Fyrsta atriðið, sem ég nefndi, er ekki stórt í mínum augum, en ég vil benda á, að samkv. brtt. er þessu ætlað að

gilda þar einnig, sem 500 eða fleiri búa í kauptúni, og samkv. því ákvæði verður verkssvið sveitarstjóra einnig utan kauptúnanna. Hæstv. landbrh. hefur hreyft þessu máli, og er ég honum sammála um það atriði.

Þá er það nýmælið að binda ekki ráðningartímann við ákveðið tímamark, heldur að ráða manninn til æviloka. Hv. 3. landsk. finnst, að þetta skapi meiri festu í allri stjórn hreppsmálanna, og getur það vel verið, en mér finnst, ef hv. n. vill vera sjálfri sér samkvæm, að þá ætti hún að flytja frv. um, að ráðning bæjar- og borgarstjóra skuli þá einnig ekki bundin við neitt ákveðið tímamark. Það getur vel verið, að það skapi meiri festu að ráða t. d. borgarstjóra í Reykjavík upp á lífstíð, eða svo lengi sem hann hefur starfsorku til, hvernig sem fer um meiri hluta í bæjarstjórn. Þetta er nýmæli, sem vel getur verið gott að athuga, en það á ekki einungis að láta það gilda í hreppsfélögunum. En þá má einnig leiða hugann að því, hvort ekki eigi líka að láta þetta gilda um ríkisvaldið sjálft og ráða t. d. ráðherra ævilangt, hvernig sem fer um flokkaskipun í þinginu. Þetta er alveg hliðstætt og ástæða til að athuga þetta mál frá öllum hliðum.

Þá er það atriði að gera sveitarstjórann að hreppstjóra, sem er raunar mikið vafamál, hvort setja eigi inn í frv. Hv. 3. landsk. var eitthvað að óttast um, að sveitarstjórinn þætti kannske ekki hæfur til þess að gegna hreppstjórastörfum nema það væri sett í lög. Ég held, að það sé engin hætta á því, sem hv. 3. landsk. virðist óttast, og þar sem ekki er sagt í gr., að það eigi að fela sveitarstjóra hreppstjórastörf, heldur aðeins heimild til þess, þá held ég, að þessi grein verði aðeins hortittur í l. og engin ástæða til að óttast, að sveitarstjóri geti ekki tekið við hreppstjórastarfi eins og aðrir, þótt þessi gr. sé felld í burtu.

Pétur Ottesen: Mér skilst, að aðalbreytingin, sem gerð er á þessu frv., eigi rót sína að rekja til nokkurra mótmæla frá sveitarfélögunum, að því sé slegið föstu að ráða sérstakan sveitarráðsmann, til þess að standa fyrir málefnum hreppsfélaganna. Þessu er nú slegið upp í aðeins heimild til þess að gera þetta, og er það sjálfsagt miklu réttara, því að ég geri ráð fyrir, að kostnaður við framkvæmd þessara mála geti orðið nokkuð þungbær fyrir ýmis hin smærri sveitarfélög. En þá er þess eigi að dylja, að þá er ekki orðinn mikill munur á miðað við það, sem nú er heimilt, því að algengt er, að hin stærri hreppsfélög ráði sérstakan mann til framkvæmda þessara mála í samráði við oddvita. Að vísu er þetta ekki bundið við kjörtímabilið, en þótt það sé ekki bundið við það né önnur tímamörk, þá er hægt að segja þessu starfi upp með 6 mánaða fyrirvara af hvorum aðila. Ég vil taka undir það, að þegar vel tekst til með ráðningu manns til þessara starfa, þá er hagkvæmt að hann geti verið áfram, þrátt fyrir að breytist pólitísk hlutföll í hreppsnefndinni.

Í sambandi við 7. brtt. vil ég benda hv. n. á að athuga hana nokkru nánar, því að ég held, að hún stangist á við gildandi l. í þessu efni. Eins og hv. þm. V-Húnv. tók fram, er sá háttur á hafður, að sýslunefnd tilnefnir þrjá menn til hreppstjórastarfa og sýslumaður tilnefnir svo einn af þeim til starfans. Hér skilst mér, að gengið sé á snið við þá tilhögun, sem nú er á þessu, þar sem hreppsn. er nú orðin aðalatriði í þessu máli, því að þetta á að byggjast á samkomulagi hreppsn. og sýslumanns fyrir hönd sýslunefndar. Ég vona þó, að skilja eigi þetta ákvæði þannig, að setja eigi þennan mann sem hreppstjóra til bráðabirgða, en endanlega eigi að fara að lögum samkvæmt.

Ég vil því skjóta því til hv. n., hvort hún vilji ekki taka þessa brtt. aftur til 3. umr., og mér skilst, að við nánari athugun gæti niðurstaðan orðið sú, að þessi brtt. kæmi ekki fram. En svo mætti auðvitað skjóta því inn í frv., að sveitarstjórinn mætti taka að sér ýmis önnur störf, t. d. hreppstjórastarfið. — Ég vildi aðeins benda á þessi atriði.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að láta í ljós ánægju mína yfir því, að hv. heilbr.- og félmn. hefur tekið þetta mál til rækilegrar athugunar og komizt að þeirri niðurstöðu, að höfuðatriðin í frv., sem lagt hefur hér verið fram, væru rétt og að framför væri að lögfesta þau.

Um brtt. sjálfrar n. vildi ég segja það eitt, að það er að sjálfsögðu smekksatriði, hvort heppilegt sé heitið á þessum fyrirhugaða starfsmanni að kalla hann sveitarráðsmann eða hvort réttara væri að nefna hann sveitarstjóra, og má vel segja, að það sé meira til samræmis þeim heitum, sem fyrir eru á ýmsum starfsmönnum, að kalla hann sveitarstjóra. En þetta yrði þá þriðji stjórinn, sem settur yrði samkv. l. til að annast þau mál, sem hér koma til greina, þar sem hinir nefnast annaðhvort borgarstjóri eða bæjarstjóri. — Að öðru leyti vil ég einnig segja það um þessar brtt., að vel má vera, og sérstaklega fyrst í stað, að rétt sé að hafa þetta sem heimild, að þetta starf megi setja á stofn, sveitarráðsmannsembættið, en að það sé ekki beint lagafyrirmæli. En það, sem mér þykir bezt, er, að n. hefur haldið fast við það atriði í upprunalega frv. að undirstrika það, að þessi fyrirhugaði framkvæmdastjóri í sveitarmálefnum væri meira embættismaður en pólitískur starfsmaður hlutaðeigandi sveitarstjórna. Það má vel vera, að seinna meir verði gripið til þeirra ráða að lögfesta eitthvað slíkt um sveitarstjórnirnar. — En þegar ég tala hér um sveitarstjórnir, þá er það í samræmi við það orð, sem lögfest er um bæði bæjar- og sveitarfélög í gildandi l. Það má sem sagt vel vera, að hnigið verði síðar að því ráði að færa þetta á víðara svið, nefnilega til bæjanna. Það er bent á það í grg. fyrir frv., sem samið var af félmrn. á þeim tímum, þegar ég hafði með störf þess að gera, að gripið hefði verið til þess í Noregi, sem reynzt hefði þar vel, að ráða sveitarráðsmenn til að vera aðalframkvæmdastjóra fyrir sveitarfélögin yfirleitt, en að pólitísk stjórn þeirra mála væri meir í höndum oddvita eða forseta þeirra nefnda, sem hafa með sveitarmálefnin að gera.

Því að mér finnst það eitt af höfuðatriðum þessa máls að gera tilraun um það, hvort hægt væri að ráða til sveitarráðsmannsstarfanna — og þá fyrst um sinn í stærri sjávarþorpunum — mann, sem óháður væri þeim kosningum, sem fram fara á fjögurra ára fresti til sveitarstjórna, að svo miklu leyti sem pólitík við kemur. En að sjálfsögðu er heimilt fyrir hvaða sveitarstjórn sem er að nota sér heimild l. um að segja upp þessum manni með sex mánaða fyrirvara. Ég álít mjög eðlilegt, að þetta fyrirkomulag verði prófað hér, sem reynzt hefur vel annars staðar. Og að sumu leyti má segja, að þetta fyrirkomulag hafi verið upp tekið á sínum tíma, þegar stofnað var borgarritaraembættið hér í Reykjavík, þar sem settur var undirframkvæmdastjóri yfir málefnum Reykjavíkurbæjar, og er gert ráð fyrir, að sá maður, sem gegnir þeim störfum, geti verið fastur starfsmaður, hvað sem líði hlutfallinu milli hinna pólitísku flokka í bæjarstjórninni á hverjum tíma. — Þetta vildi ég segja um brtt. og málið í heild.

En ég vildi svo taka undir aths., sem hv. þm. Borgf. (PO) kom hér með út af 7. brtt. n., að réttara mundi vera að umorða þá brtt. og heimila það aðeins, að sveitarráðsmaður væri kjörgengur til hreppstjórastarfs, ef því væri að skipta, en gera ekki ráð fyrir á þann hátt sem talað er um í 7. brtt., að hann hafi með höndum hreppstjórastarf. Ég vildi mælast til, að n. athugi þetta, því að mér skildist á hv. 3. landsk. þm., að aðalröksemdin fyrir þeirri brtt. væri undirstrikun á því, að sveitarráðsmaður gæti farið með hreppstjóravald, ef því væri að skipta, og það tel ég rétt, að það væri alls ekki útilokað, en þá tel ég, að orða beri það þannig, að heimilt sé, að hann taki að sér hreppstjórastörf, því að ég hygg, að nokkuð sé rétt í því, sem hv. þm. Borgf. og fleiri hafa hér bent á, að þetta sé vafasamt ákvæði, í 7. tölul. brtt. n., samanborið við núgildandi ákvæði um val á hreppstjórum, þar sem það er lögboðið, að gerðar skuli till. um þrjá menn af sýslunefndunum til sýslumanns, sem sýslumaður tilnefni svo einn af til að gegna hreppstjórastarfi. Það mætti segja, að það væri verið að gera tilraun til að rjúfa þessa reglu, ef ákvæði 7. tölul. brtt. n. væru samþ. En ég tel ekki ástæðu til þess.

En ég vil segja almennt um málið, eins og kemur fram í bréfi Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem fylgir áliti n., að það er vissulega kominn tími til að endurskoða heildarlöggjöfina um sveitarstjórnir á Íslandi. Og ég ætla, að einmitt setning þessara l., sem hér er ráðgerð, og sú nýbreytni, sem þar er upp tekin, gæti vel orðið til þess, að hraðað yrði þeirri allsherjarendurskoðun, því að vel mætti svo fara, að mínu áliti, að hér gæti orðið um nokkra fyrirmynd að ræða, sem réttara væri að láta gilda almennar um sveitarstjórnarmálefni en hér er fram sett. En af því að ég stóð að flutningi þessa frv. og það var undirbúið í félmrn. á þeim tíma, sem ég hafði með það að gera, lýsi ég ánægju minni yfir, að n. hefur tekið þannig í málið sem raun ber vitni eftir hennar nál., þar sem mælt er með höfuðatriðum frv., og má vel segja, að meginhlutinn af brtt. n., bæði orðalagsbreyt. og annað, hnigi frekar í rétt horf, því að það má telja rétt að byrja ekki þessa skipun þessara mála með því að fyrirskipa of stranglega um þessi málefni, áður en reynsla er komin á það, hvernig þetta nýja skipulag reynist, en hafa þetta sem heimildarlög og til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög, sem vilja nota sér af þessari löggjöf.

En viðvíkjandi því, sem minnzt hefur verið á í umr., að réttara væri að láta þetta heimildarákvæði einnig ná til hreppa, sem eingöngu eru sveitahreppar, en láta það ekki eingöngu ná til hreppa, þar sem meiri hl. íbúanna er í kauptúni, þá má segja, að það væri skaðlaust, að heimildin nái einnig til þeirra hreppa, sem einungis eru sveitahreppar. En ég ætla, að þetta fyrirkomulag eigi langbezt við þar, sem hreppsbúarnir búa aðallega í þéttbýli. En svo er högum háttað, að í sumum sjávarþorpahreppum er einnig nokkuð af jörðum, og það jafnvel líka í kaupstöðum, t. d. í Ólafsfjarðarkaupstað, því að þar eru allmargar jarðir, sem tilheyra kaupstaðnum, sem m. a. kemur til af því, að það svæði, þar sem þær jarðir eru, er algerlega afmarkað af náttúrunnar hendi, af firðinum og svo fjöllum á báða vegu, þannig að hluti af lögsagnarumdæmi kaupstaðarins er einnig sveit, og hefur það ekki komið að neinni sök viðkomandi því, að lögin um kaupstaðarréttindi Ólafsfjarðarkaupstaðar gildi um svæði, sem að nokkrum hluta er í sveit.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Út af þeim aths., sem hér hafa komið fram varðandi 7. tölul. í brtt. hv. n., þykir mér ástæða til að segja nokkur orð. Það hafa fleiri en einn hv. þm. vikið að því, að það væri réttara að koma þessu þannig fyrir að setja inn í frv. ákvæði um, að sveitarstjórinn væri kjörgengur sem hreppstjóri. Um þetta þarf ekkert að setja í lögin, því að þetta er sjálfsagt, að hann yrði kjörgengur til þess, eins og hver annar innanhreppsmaður. En það, sem hér er um að ræða, er, að ég get tæplega hugsað mér, kostnaðar vegna, að framkvæmdin á þessu máli yrði á annan veg en þann, að um leið og heimildin til þess að setja sveitarstjóra í einhverju hreppsfélagi, þá yrðu um leið sameinuð störf oddvita og hreppstjóra, eins og þau eru nú. Og þá þarf að vera frá því gengið, að framkvæmdin á þessu yrði ekki á þann veg, að þessir sveitarstjórar hefðu hvor tveggja störfin með höndum þannig, að þeir fengju sem aukagetu, auk sveitarstjóralaunanna, hreppstjóralaunin frá ríkissjóði, heldur væri þetta framkvæmt þannig, að sú upphæð, sem hreppstjóralaununum nemur, kæmi sem greiðsla til léttis við þá launabyrði, sem hreppurinn þarf að greiða þessum manni, sem gert er ráð fyrir, að hafi fast starf sem sveitarstjóri. Ég get þess vegna varla hugsað mér, að þetta eigi að framkvæmast á annan hátt en þann, að áður en ákveðið er að nota heimild þessara laga í einhverjum hreppi, þá verði samið um það við hlutaðeigandi sýslunefnd og sýslumann að sameina þannig þessi störf eins og ég hef drepið á, og þá ekki aðeins um stundarsakir, held-

ur til frambúðar. Þetta vildi ég biðja hv. n. að athuga, því að ég vænti þess, að hún verði við þeirri ósk, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Borgf., að taka brtt. þessa aftur til 3. umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru tvö efnisatriði, sem aðallega hefur verið rætt um við þessa umr. Annars vegar er það 7. brtt. n., þar sem gert er ráð fyrir því, að sveitarstjórar geti gegnt hreppstjórastörfum, og hins vegar ákvæði 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að heimildarlöggjöf þessi taki einungis til hreppa, þar sem fleiri en 500 íbúanna búa í kauptúni. Í tilefni af þessu vil ég taka það fram, að n. óskar að taka aftur 7. brtt. til 3. umr. og mun hún taka til athugunar þau sjónarmið, sem komu hér fram hjá hv. þingmönnum um þetta efni. Ég skal geta þess, að n. bárust fregnir af því, að þær skoðanir ættu nokkurt fylgi á Alþ., að mjög væri æskilegt að gera ráðstafanir til þess að sameina með lagaboði sveitarstjórastörf og hreppstjórastörf í þessum hreppum, sem hér koma til greina. Og þótt ekki kæmu fram ákveðnar till. í þá átt hér í hv. d., þá er mér ekki grunlaust um, að slík till. mundi koma fram í hv. Ed. og að það fyrirkomulag ætti nokkru fylgi að fagna í þeirri hv. d. Að athuguðu máli treysti n. sér ekki til að leggja til, að það verði bundið í lögum, að þessi tvö störf, sveitarstjórastarfið og hreppstjórastarfið, verði sameinuð með lögum. Þess vegna varð það niðurstaða n. að leggja til að heimila að sameina þessi tvö störf, þar sem það þætti eiga við. Hins vegar hef ég ekki lagt þann skilning í þessa gr., að með þessu ákvæði væri verið að breyta l., sem gilda um val á hreppstjórum, og það er sjálfsagt að athuga, hvort þessi 7. tölul. brtt. fer nokkuð í bága við þessi gildandi lög.

Í tilefni af þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram á 1. gr., að eðlilegt sé að láta heimildina ná til allra hreppa, sem hafa fleiri en 500 íbúa, hvort sem þeir búa allir í kauptúni eða ekki, — en þeir hreppar eru ekki margir, sem hafa þá íbúatölu, en eru samt sveitahreppar, — þá vill n. gera athugun á þessu til 3. umr. En hún óskar eftir, að frv. fái að halda áfram til 3. umr., að öðru leyti en því, sem ég hef tekið fram um 7. tölul. brtt. n.

Andmæli gegn aðalatriðum frv. hafa ekki komið fram af hálfu hv. þm., nema ef skilja ætti það sem andmæli gegn meginatriðum frv., að hv. þm. V-Húnv. (SkG) brá sér á leik og varpaði því fram, hvort ekki væri þá ástæða til að gera starf bæjarstjóra og borgarstjóra og þá einnig störf ráðh. að föstum störfum, ef það væri ástæða til þess að gera störf oddvita að föstum störfum og gera þá að sveitarstjórum. En á þessu er auðvitað hinn mesti munur. Öll þessi framkvæmdarstörf, bæði í bágu sveitarfélaga og ríkisvalds, eru tvíþætt. Annars vegar er um að ræða hreina stjórn, hreina administration, sem inna má af hendi án alls tillits til stjórnmálasjónarmiða. Hins vegar er um að ræða yfirumsjón með framkvæmd laga og um ýmis störf, þar sem stjórnmálasjónarmið skipta eðlilega miklu máli og mjög mikið getur riðið á hver framkvæmir. Þar sem hvor þátturinn um sig er mjög lítill, eins og er í hinum minnstu hreppum landsins, er varla við því að búast, að þar sé verkefni nema fyrir einn mann, og þá verða menn að gera upp við sig, hvorn starfshlutann þeir telja þýðingarmeiri, þann hlutann, sem er hreint framkvæmdastjórastarf, eða hinn, sem er fólginn í pólitískum umboðsstörfum. Í hinum stærri sveitarfélögum, eins og kaupstöðunum, eru þessi störf svo umfangsmikil, að vandalaust er að skipta þeim milli tveggja starfsmanna. Og hjá ríkinu eru þau svo geysilega umfangsmikil, að þeim er skipt á heila flokka af starfsmönnum. Stjórnarráðsskrifstofunum er þannig fyrir komið hjá okkur og í öðrum lýðræðisþjóðfélögum, að störf ráðherranna eru pólitísk umboðsstörf. En þau störf fyrir ríkið, sem eru algerlega administratív, eru í höndum skrifstofustjóra og ýmissa embættismanna, svo sem vegamálastjóra, landlæknis, biskups o. s. frv. Þessi störf eru föst störf. Hingað til hefur verið litið á störf bæjarstjóranna og borgarstjóra sem pólitísk umboðsstörf, sem framkvæmd væru fyrir hinn pólitíska meiri hluta, sem ráðandi væri í kaupstaðnum á hverjum tíma, og þess vegna yrði að ráða þá til sama kjörtímabils og hinn ráðandi pólitíski meiri hluti í bæjarstjórninni er kosinn til. En menn hafa séð, að það var ekki heppilegt að sá pólitíski umboðsmaður færi með öllu með stjórn þeirra mála fyrir bæjarfélögin, sem sveitarstjórum er ætlað að fara með fyrir kauptúnshreppana, og þess vegna hefur starfinu verið skipt hér í Reykjavík með því að stofna embætti borgarritara. Hann hefur á hendi ýmis hinna administratívu starfa fyrir bæjarstjórnina. En ég álít, að einnig í Reykjavík ætti að ganga enn lengra á þessu sviði. Öll administratívu störfin ættu að vera í höndum fastra borgarstjóra eða borgarritara. Þau ættu ekki að vera í höndum sama manns og er pólitískur umboðsmaður bæjarstjórnarmeirihlutans. Auðvitað þarf bæjarstjórnarmeirihlutinn að hafa slíkan umboðsmann, yfirborgarstjóra eða hvað svo sem hann yrði kallaður, og er það nóg starf. En ég held þó, að meiri hlutinn af þeim störfum, sem bæjarstjórnir þurfa að láta framkvæma í kaupstöðum, sé frekar administratívs eðlis en þannig, að nauðsynlegt sé, að þau séu framkvæmd af umboðsmanni pólitísks meiri hluta í bæjarstjórninni. Þess vegna teldi ég það spor í rétta átt að gera ráðstafanir til þess, að framkvæmdastjórastörfin væru meir en nú á sér stað dregin úr höndum pólitísks framkvæmdastjóra bæjarstjórnarmeirihlutans á hverjum tíma og lögð í ríkara mæli í hendur manns, sem liti frekar á sig sem ópólitískan embættismann og væri ráðinn sem slíkur. En þegar um er að ræða kauptún með færri en 500 íbúa, þá háttar þannig til, að heildarverkefnið, sem fyrir hendi er, það administratíva og hitt að vera pólitískur umboðsmaður ákveðins meiri hluta í hreppsnefndinni, er svo lítið, að það er ekki verkefni nema fyrir einn mann. Og þá er spurningin, hvort á að leggja meiri áherzlu á administratívu eða pólitísku hliðina. Enginn ágreiningur getur verið um það, að framkvæmdarstörfin í slíkum hreppum

eru fyrst og fremst administratívs eðlis, þau eru þannig, að þau yrðu framkvæmd nákvæmlega eins, hvernig sem stjórnmálaskoðun framkvæmdastjórans yrði háttað. Þess vegna virðist rétt að ráða slíka menn samkvæmt þeim reglum, sem eðlilegastar eru við val þeirra, sem eiga að hafa administration með höndum, en ekki pólitísk umboðsstörf. En í hreppum, sem þessi l. mundu gilda um, ef að l. verða, hefur hreppsnefnd meirihlutavald, og oddviti í þeim hreppum verður eftir sem áður framkvæmdastjóri hreppsn. og mundi koma fram fyrir n. hönd, og hann mundi verða hennar pólitíski umboðsmaður.

Þetta vildi ég segja um meginnýmæli þessa frv., í tilefni af ummælum hv. þm. V-Húnv.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Það voru sérstaklega orð, sem féllu hjá hv. síðasta ræðumanni, sem urðu til þess, að mig langar til að beina nokkru til hv. n. — Hann sagði, að sterk hreyfing mundi vera, ef ekki hér í hv. þd., þá í hv. Ed., í þá átt, að sameina beri þessi tvenn störf, starf hreppstjóra og sveitarráðsmanns, þannig, að fastbinda það, að sami maður gegni störfum hreppstjóra og sveitarráðsmanns, þar sem hann væri ráðinn. Ég held, að þetta verði dálítið erfitt og vil vekja athygli hv. n. á því, að meðan það er svo, að þótt ráðning sveitarstjórans sé heimil samkv. ákvæðum frv., þá á ekki að ráða hann til lífstíðar, heldur er heimilt að segja honum upp með vissum fyrirvara, og þá brýtur þetta í bága við hans starf. En hreppstjóra verður ekki sagt upp, nema hann geri einhver afglöp. Hann er embættismaður, sem gegnir lögreglustjórastarfi, nema hann annaðhvort fari úr sveitinni eða geri einhver afglöp, svo að honum sé vikið úr starfi. Þarna er mikill munur á og því, sem á að gilda um sveitarstjórana. Og enda þótt eitthvað sé samþ. hér, þá þarf ekki annað en að sveitarstjórnin verði óánægð með sveitarstjórann, þá er hægt að segja honum upp. En hreppstjórinn ætti að gegna störfum áfram sem slíkur, samkv. því, sem ég hef sagt, þannig að þó að þetta embætti væri stofnað í upphafi, eins og hér er um talað, þá er ekki trygging fyrir, að þetta tvennt verði sameinað.

Ég vil taka undir það með hv. þm. V-Húnv. (SkG), að ég sé enga ástæðu til þess, að þetta gildi ekki líka fyrir sveitahreppa með fleiri en 500 íbúa, sem í frv. er gert ráð fyrir. Og ég vil segja, að það geti jafnvel verið full ástæða til þess og jafnvel þörf. Að minni hyggju gæti þetta vel orðið til þess að vinna á móti þeirri öldu, sem nú hefur verið um langt skeið, að búta stóra hreppa niður í smáheildir. Þetta er að verða plága. Stóru hreppparnir eru að verða margskiptir, og ef eitthvert áfall kemur fyrir, þá getur litlum hrepp verið ómögulegt að standast það, þó að það væri viðráðanlegt fyrir stóran hrepp. Af hverju hefur þetta stafað? Langvíðast af því, að stóru hreppparnir eru svo stórir fyrir oddvitana, framkvæmdastjórana, að það er miklum erfiðleikum bundið að fá hæfa menn, sem fengjust til að sinna þessum störfum. Þannig hafa menn á vissan hátt verið neyddir til að viðhalda þessari óhæfilegu þróun. Ef þessi heimild væri veitt, þá gæti það að minni hyggju orðið til þess að vinna á móti þeirri þróun, sem, eins og ég sagði áðan, ég held, að flestir séu sammála um, að sé óheppileg.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. (GÞG) talaði hér áðan. Hann sagði, að ég hefði brugðið á leik. Ekki segi ég það sama um hann, því að alvaran er alltaf ofan á hjá honum, og hún réð hér eins og venjulega. Hann fór að reyna að draga markalínu milli hreppa og kaupstaða, og hann sagði, að það væri tvennt ólíkt, venjuleg framkvæmdastörf í sveitarfélögum og pólitísk umboðsstörf og það gæti verið eðlilegt, að væntanlegir sveitarstjórar væru fastráðnir starfsmenn, en ekki ráðnir aðeins fyrir eitt kjörtímabil í senn. Það gæti verið eðlilegt vegna þess, að þar væri um svo lítið starf að ræða, að það væri ekki verk nema fyrir einn mann, framkvæmdarstörfin og pólitísk umboðsstörf jafnframt. Öðru máli væri að gegna um kaupstaðina, því að þar væri eðlilegt, að þessu væri skipt niður á fleiri starfsmenn en einn. Nú held ég, að þarna sé ákaflega erfitt að draga glögga markalínu á milli. Ég skal taka dæmi um það. Á þessu þingi var verið að setja l. um nýjan kaupstað, Húsavík. Ég býst við, að það hafi ekki fjölgað mjög fólki þar frá þeirri stund, sem þetta var samþ. hér, a. m. k. ekki til stórra muna, og þau störf, sem bæjarstjóri hefur þar að gegna fyrst um sinn, séu svipuð og það, sem oddviti hefur haft áður. Ég sé því ekki, að aðstaðan hafi breytzt mikið, þótt hreppur sé gerður að kaupstað.

Ég skal taka annað dæmi þessu til skýringar. Ég held, að það sé áreiðanlegt, að fámennustu kaupstaðirnir, a. m. k. fámennasti kaupstaðurinn, hafi færri íbúa en sumir kauptúnahreppar, og ég geri ekki ráð fyrir, að bæjarstjórastarfið í fámennasta kaupstaðnum sé umfangsmeira en oddvitastarfið í kauptúnahreppum, sem eru fjölmennari en minnstu bæjarfélögin. Ég held sem sagt, að þessi markalína hljóti að vera mjög óglögg. Ég heyrði ekkert í ræðu hv. 3. landsk., sem hnekkir þeirri skoðun, sem ég hélt fram, að það sé eðlilegt, ef sveitarráðsmenn eiga að vera ráðnir til lífstíðar, að þá ætti það einnig að gilda um bæjarstjóra.

Annars skal ég ekki fara út í frekari rökræður, en leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. Hún er við 4. brtt. n. á þskj. 337 og hljóðar svo: „Við 4. brtt. Orðin „Ekki er heimilt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar né önnur ákveðin tímamörk“ falli niður.“ Þessi málsliður brtt. er alveg samhljóða ákvæðum 3. gr. frv., eins og það liggur fyrir frá fyrrv. ríkisstj. Ég hef áður talað um það, að ég álít óeðlilegt, að sett sé ákvæði um ráðningartíma þessa væntanlega sveitarstjóra, en allt annað ætti að gilda, þegar um kaupstaði er að ræða. Þess vegna tel ég það réttara að fella þennan málslið niður. Hins vegar tel ég rétt, að ákvæðið um 6 mánaða uppsagnarfrest verði látið standa, því að þá er fyrirbyggt, að hreppsnefnd geti ráðið

sveitarstjóra til lengri tíma, svo að ekki sé hægt fyrir nýja hreppsnefnd að rifta því.

Ég fæ ekki heldur séð, að þessi næstsíðasti málsliður, sem ég vil fella niður, hafi mikla þýðingu, vegna þess sem á eftir kemur, því að þar er sagt, að segja megi upp með 6 mánaða fyrirvara. Ég tel því eðlilegt, að þessi málsliður sé ekki samþ., heldur felldur niður.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt framkomna brtt. frá hv. þm. V-Húnv. (SkG). Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 347) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru örfá orð í tilefni af þessari brtt. hv. þm. V-Húnv. Mig langar til að vekja athygli á því, að verði till. samþ., þá er frv. raunverulega gert alveg gagnslaust. Nú fer ég að gera mér ljóst, að hv. þm. er í raun og veru á móti málinu. Hann vill fella niður þá setningu í frv., sem má segja, að sé kjarni þess og undirstaða þess kerfis, sem hér er verið að reyna að byggja upp með frv. Eins og n. leggur til að þetta verði, er hér eingöngu um heimild til sveitarstjórnanna að ræða, og þess vegna má segja, að sú breyt., sem gerð yrði með samþykkt frv., yrði engan veginn mjög mikil frá því, sem verið hefur. En samt sem áður væri gagnlegt spor stigið með samþykkt frv. einmitt vegna þess, að ef sveitarstjórnirnar ráða sér slíkan starfsmann, þá verða þær að hafa það í samræmi við þessi l., ef samþ. yrðu. Þessi maður verður þá embættismaður og verður ekki sagt upp, nema hann geri sig sekan um vanrækslu eða skeytir ekki áminningu sveitarstjórnar. Ef þetta er fellt úr frv. og gert ráð fyrir, að sveitarstjóri skuli verða ráðinn til 4 ára í senn eða sama tíma og hreppsnefnd er kjörin, þá finnst mér fullkomlega tilgangslaust að samþ. frv., því að þá felst engin breyting í því frá því, sem nú er. Til hvers væri að samþ. slík heimildarlög, sem ekki fælu í sér neina verulega breyt. á þeirri skipun, sem gilt hefur um stjórn þessara hreppa, sem hér eiga hlut að máli?

Hv. þm. kallaði það hortitt, ef 7. brtt. væri samþ., einmitt vegna þess að hún felur í sér ábendingu um, hvað gera megi. Hún felur í sér heimild til að ráða sveitarráðsmann hreppstjóra. Ég skal fúslega játa, og ég tók það fram áðan, að það mundi sjálfsagt engin veruleg breyt. verða, þó að þessi brtt. væri ekki samþ., vegna þess að ég hef litið svo á, að sveitarstjóri væri kjörgengur sem hreppstjóri. En ef hv. þm. kallar þessa breyt. hortitt, þá sé ég ekki betur en hann sé að reyna að gera allt frv. að einum hortitt með sinni brtt. Þessi ummæli mín eru á fullum rökum reist, vegna þess að ef brtt. verður samþ., þá verða þetta almenn heimildarlög, sem breyta ekki það minnsta raunverulegri skipun á þessum málum, nema hvað oddviti verður framvegis ekki kallaður oddviti, heldur sveitarstjóri, og að hér eru sett lágmarksákvæði um laun hans og því um líkt. En kjarni málsins, meginatriði þessa frv., eins og það var hugsað af félmrn. og eins og n. var sammála um að mæla með því, meginhugsunin var að gera tilraun til að taka upp nýja skipun um framkvæmdastjórn ákveðinna hreppa, þeirra hreppa, sem hafa fleiri en 500 íbúa og eru kauptún. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé spor í rétta átt, og ég vona, að hv. þdm. eða meiri hluti þeirra sé einnig þeirrar skoðunar, því að andmæli gegn þessu nýmæli hafa ekki komið fram af hálfu annarra en hv. þm. V-Húnv., og einu andmælin eru þau, að ef það sé réttmætt, að þessi skipun verði tekin upp í þessum hreppum, þá sé það einnig réttmætt í kaupstöðum. Ég tók fram, að n. ræddi um, hvort ekki væri rétt að bera fram brtt. við sveitarstjórnarlögin um þetta efni eða bera fram þáltill. um að endurskoða sveitarstjórnarlögin með tilliti til þessa atriðis. Nú viðurkenni ég, að það er dálítið meiri erfiðleikum bundið að gera breytingar á skipun þessara mála í kaupstöðum, vegna þess að þessi störf eru þar miklu umfangsmeiri. Aðalatriðið liggur ekki alveg eins í augum uppi þar eins og í litlu hreppunum. Þar er ekki um það að ræða, að þar sé verkefni aðeins fyrir einn starfsmann. Annars hygg ég, að reynslan af bæjarstjórastörfunum sýni, að núverandi skipun á stjórn kaupstaðanna samkvæmt gildandi l. er mjög ábótavant. Það hefur gengið illa fyrir kaupstaðina að fá hæfa menn í störf bæjarstjóra vegna þess, hvernig skipun þessara mála hefur verið, að það er litið á þá sem pólitíska umboðsmenn ráðandi bæjarstjórnarmeirihluta, en ekki fyrst og fremst framkvæmdastjóra bæjarfélagsins. Ég er því eindregið þeirrar skoðunar, að það eigi að gera tilraun til að breyta sveitarstjórnarlögunum. En þótt tillögur liggi ekki fyrir um það, sé ég ekki að ástæða sé til að fresta meðferð þessa máls, þar sem rökin fyrir hinni breyttu tilhögun eru miklu augljósari hvað snertir kauptúnin en kaupstaðina.

Gísli Guðmundsson: Ég vil vekja athygli á því, að í l. brtt. á þskj. 377 hefur n. lagt til, að breytt verði heitinu á starfsmanni þeim, sem um ræðir í þessu frv., að í staðinn fyrir, að gert var ráð fyrir, að hann héti sveitarráðsmaður, verði hann kallaður sveitarstjóri. Ég held, að það væri heppilegra að láta þetta óbreytt, þó að það skipti ekki miklu máli. Við höfum svo mikið af stjórum í þessu landi, að það liggur við, að það fari að verða hvimleitt. Hér eru að verða stjórar á öðru hverju strái. Hér eru forstjórar, skrifstofustjórar, verkstjórar, hreppstjórar, skipstjórar, kaupfélagsstjórar, fiskimálastjórar, skipulagsstjórar, allir mögulegir stjórar. Þetta eru þeir stjórar, sem mér hefur dottið í hug í svipinn, en sjálfsagt eru þeir miklu fleiri. Ég held, að það sé ekki ástæða til að neinu leyti að fara að fjölga þeim mönnum, sem bera þetta embættisheiti. — Í öðru lagi vil ég benda á, að þarna verða í sama hreppi maður sem heitir hreppstjóri og annar, sem heitir sveitarstjóri, og þá getur þetta hæglega valdið misskilningi, þannig að menn fari að blanda þessum tveimur embættis-

mönnum saman og viti varla, hvor eigi hvort heiti. Ég mun því greiða atkv. á móti þessari brtt. og legg til, að heitið verði látið standa óbreytt, sem gert er ráð fyrir í frv. Það getur verið, að það væri hægt að finna eitthvert betra orð en þar er stungið upp á, en ég held samt, að það væri ekki til bóta að bæta við enn einum stjóranum, því að það gæti valdið miklum ruglingi, eins og ég benti á.

Skúli Guðmundsson: Ég er hissa á, að hv. 3. landsk., form. heilbr.- og félmn., skuli líta svo óhýru auga brtt. mína. Hún er ákaflega meinlaus og breytir litlu um efni frv. Ástæðan er aðeins sú, að ég tel óeðlilegt að slá föstu í l., að ekki megi binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil. Hv. 3. landsk. telur, að ef þessi brtt. verður samþ., þá sé frv. gert að engu, því að það, sem skipti höfuðmáli, sé að ráða sveitarráðsmann til langs tíma til að skapa festu í framkvæmd. Hvernig stendur þá á því, að hann og aðrir nm. leggja til, að niðurlag þessarar gr., sem 4. brtt. fjallar um, hljóði svo: Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir? Með þessu er þá kippt grundvellinum undan því, sem er stefna frv., að dómi hv. þm. Það má því kannske segja, að mín brtt. sé óþörf, því að hvaða hreppsnefnd sem er hefur heimild til að segja upp með 6 mánaða fyrirvara. Ég tel aðeins óeðlilegt að setja annað ákvæði um kauptúnahreppa en kaupstaði. En til þess að hv. 3. landsk. og aðrir geti áttað sig betur á því er ég að hugsa um að taka brtt. aftur til 3. umr., þó að búið sé að leita afbrigða fyrir henni, og bið ég hæstv. forseta að athuga það. Getur hún þá legið prentuð fyrir og bæði nm. og aðrir geta áttað sig betur á málinu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Út af þessum orðum vil ég segja, að sú umhyggja, sem hv. þm. V-Húnv. vill sýna hreppsn. með brtt. sinni, er ástæðulaus. Þetta eru heimildarlög, sem hreppsn. ráða, hvort þær nota sér eða ekki. Vilji sveitarstjórnirnar ekki ráða sveitarstjóra sem fastan framkvæmdastjóra fyrir mörg tímabil, þá nota þær heimildina ekki, en ef þær nota hana, þá verða þær að gera sér ljóst, að þær eru að taka upp það kerfi, sem hér er lagt til að taka upp, þ. e. að þessi starfsmaður sé fastráðinn til langs tíma.

Þá misskilur hv. þm. gildi niðurlagsákvæða 3. gr., einkum um uppsagnarfrestinn. Þar er verið að tiltaka, með hvaða fresti skuli segja þessum starfsmanni upp, ef til slíks kemur. Í 8. gr. segir, að víkja megi sveitarráðsmanni frá starfi, ef hann gerir sig sekan um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfa sínum eða skeytir ekki áminningu sveitarstjórnar, og það er í þeim tilfellum, sem uppsagnarfrestur er 6 mánuðir. Ég satt að segja furða mig á, að slíkar aths. skuli koma frá jafnþingvönum manni og hér er um að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Nd., 22. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 337,1 samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JG, JÁ, JR, KS, PÞ, PO, SÁ, SG, StJSt, StSt, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, FJ, GTh, GÞG, SB.

nei: HelgJ, JS, SkG, StgrSt, GG.

JörB greiddi ekki atkv.

10 þm. (JóhH, JPálm, LJós, ÓTh, ÁkJ, ÁÁ, BÓ, EmJ, EystJ, HÁ) fjarstaddir.

Brtt. 337,2 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 337,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 347 tekin aftur til 3. umr.

— 337,4 (ný 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 337,5 (4. gr. falli burt) samþ. með 23 shlj. atkv.

— 337,6 samþ. með 22 shlj. atkv.

5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

6.—7. gr. (verða 5.—6. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 337,7 tekin aftur til 3. umr.

— 337,8 samþ. með 24 shlj. atkv.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 337,9 (ný 9. gr., verður 8. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

— 337,10 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um sveitarstjóra.

Á 51. og 56. fundi í Nd., 24. og 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 2. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 349, 376).

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Vegna fjarveru hv. þm. Ak. (JR) hef ég tekið að mér að mæla af hálfu n. fyrir því máli, sem hér liggur fyrir.

Þegar við 2. umr. málsins voru af hálfu nokkurra hv. þdm. gerðar nokkrar aths. og brtt. við frv. Því var í fyrsta lagi varpað fram af hálfu tveggja hv. þm., að n. tæki 1. gr. til athugunar, þ. e. að ákvæði gr. skyldi ekki aðeins taka til kauptúna, sem séu sérstakir hreppar með fleiri íbúa en 500, heldur til allra hreppa, þar sem fleiri en 500 íbúar búa í kauptúni. N. hefur rætt þetta atriði á fundum sínum, og sömuleiðis hefur hún átt um það viðræður við skrifstofustjóra félmrn., og leggur hún til, að gr. verði breytt á þessa lund.

Þá hefur enn fremur verið rætt um ákvæði 3. gr. af hálfu hv. þm. V-Húnv. og hann borið fram brtt., sem hann tók aftur til 3. umr. N. hefur orðið sammála um breyt. á 3. gr., og er það 2. brtt. á þskj. 376. Í næstsíðasta málslið 3. gr. segir, að ekki sé heimilt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar né önnur ákveðin tímamörk, en n. leggur til, að málsl. orðist svo: „Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur tímamörk.“ Lögin eru

hvort sem er ekki nema heimildarlög, svo að þess vegna má þetta alveg eins vera svo.

Þá urðu við 2. umr. málsins nokkrar umr. um 7. brtt. n. á þskj. 337. N. tók þessa till. sína aftur við 2. umr. og fellur alveg frá henni, enda leggur hún þann skilning í ákvæði l., að hreppstjórar séu kjörgengir í sveitarstjóraembætti, og mun sá skilningur viðurkenndur.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði við 2. umr. málsins flutt brtt., sem snerti næstsíðasta lið 3. gr., um það, að ekki væri heimilt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur ákveðin tímamörk. Þetta ákvæði taldi ég ekki rétt að lögfesta, vegna þess, að ég tel ekki, að hreppsnefnd eigi að geta ráðið sveitarstjóra til lengri tíma, kannske lífstíðar, ef henni býður svo við að horfa. Þess vegna lagði ég til, að þetta ákvæði væri fellt niður. Nú hefur n. borið fram till. um að orða þetta svo, að í staðinn fyrir „ekki heimilt" komi: ekki skylt, eins og hv. frsm. n. hefur getið um. Sé ég því ekki ástæðu til þess að leggja mína till. fram aftur, því að ég skil þetta ákvæði þá þannig, að það sé á valdi sveitarstjóra að segja upp starfi sínu og sveitarstjórnarinnar að segja honum upp, alveg án tillits til þess, hvernig hann hefur innt sitt starf af hendi.

ATKVGR.
Brtt. 376,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 376,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 3. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 387).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mál þetta var undirbúið af fyrrv. ríkisstj. Efni þess er að heimila hreppum með fleiri en 500 íbúa að ráða fastan starfsmann, sveitarstjóra, og fela honum stjórn og framkvæmd hreppsmála. Ég hygg, að þetta sé óhjákvæmilegt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til athugunar á sínum tíma, þá benti ég á, að það væri fleira, sem taka þyrfti til athugunar í sambandi við þessi mál. Ég vil enn benda á þetta. Þróunin hefur verið sú, að hreppunum hefur verið skipt í smærri einingar. Að vissu leyti er þessi þróun óheppileg. Þær heildir, sem hafa talið sig hafa sérhagsmuna að gæta, hafa klofið sig út úr. Þannig hefur þetta verið um Selfoss, Hvammstanga, Hofsós og fleiri staði, enda þar stuðzt við ákvæði í lögum. Í Noregi er t. d. komizt hjá þessu með því, að hluti hrepps getur tekið á sig kvaðir án þess að allir séu bundnir. Sé um sameiginlegar þarfir að ræða, standa hins vegar allir undir þeim. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að ekkert er því t. d. til fyrirstöðu, að samkomulag sé milli Selfoss og umhverfis um sameiginlegan barnaskóla. Svipað er þessu farið víðar. Úr því að mþn. hefur ekki tekið þetta til athugunar, vil ég beina því til n., að rýmkað verði til í sveitarstjórnarl., svo að hægt sé að skapa heildir, sem standa saman um ákveðin mál, án þess að sveitarfélögin séu klofin, því þau eiga heldur að stækka en minnka.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Það stendur svo á, að ég er upphafsmaður þessa máls. Á fyrra þingi bar ég fram í Sþ. þáltill. um þetta mál ásamt hv. samþm. mínum, 2. þm. Eyf. (StSt). Það er því rétt, að ég láti málinu fylgja nokkur orð og tjái þakkir mínar fyrir, að hæstv. stj. tók þessa þál. til greina og lét semja þetta frv. Ég álít, að hér sé um nauðsynjamál að ræða fyrir mörg sveitarfélög á landinu. Í kauptúnum, þar sem eru miklar framkvæmdir, er ómögulegt að ætlast til þess, að einhver borgari taki oddvitastörfin að sér sem aukastörf. Það mundi ríða atvinnu hans að fullu, og það er ekki hægt að gera þá kröfu til borgaranna. Frsm. n. í Nd. hafði samstarf við mig um breyt. á frv., en ég sakna eins ákvæðis, er við töluðum um og mér þykir nauðsyn, að sé í frv. Þegar sérstakur starfsmaður hefur verið ráðinn, finnst mér, að oddvitastörfin séu ekki það mikil, að hann geti ekki haft önnur störf með. Hreppstjórastörfin eru hliðstæð störf. Hvers vegna er það ekki tekið inn í frv., að sveitarstjóri skuli annast þau störf? Fyrir þau mundi hann fá laun greidd úr ríkissjóði, er draga mætti frá þeim launum, er sveitarsjóður ella þyrfti að borga. Það yrði því hagnaður fyrir sveitarfélögin að láta sveitarstjóra einnig hafa hreppstjórastörfin með höndum.

Út af því, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) sagði, þá get ég tekið undir það, að þörf er á því, að sveitarstjórnarlögin verði endurskoðuð. Einn þáttur þeirra endurskoðunar yrði skipting landsins í sýslur og hreppa. Það er vitanlega engin meining í þessum litlu hreppum, og væri miklu réttara að steypa saman fleiri hreppum í eina heild. Mér dettur í hug, hvernig þessu er farið í mínu héraði. Hvaða meining er í því að skipta dalnum innan við Akureyri í þrjá hreppa? En ég er á móti því, að hv. n. fari að blanda sér í þetta stóra mál. Það er nauðsyn fyrir kauptúnin að fá fastan starfsmann, og þess vegna þarf að samþ. þetta frv. nú, en gagngerð breyt. á sveitarstjórnarl. mundi taka of langan tíma. Ég vil þess vegna beina því til hv. n., að hún hraði afgreiðslu málsins og taki til athugunar það, sem ég nefndi. Úr því að hv. 4. þm. Reykv. er kominn, vil ég endurtaka, að mér finnst, að taka ætti inn í frv. ákvæði um það, að hreppsnefndir geti samið um, að sveitarstjóri gegni einnig hreppstjórastörfum og ríkissjóður borgaði þá þann hluta launanna, sem hann ætti að greiða hreppstjóra hvort sem er.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja málið með langri ræðu, en ég er sammála hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að ef nú eigi

að fara að skipa sveitarstjóra, sem jafnframt er ætlað að fara með störf hreppstjóra, þá er hér um svo ólíka skipan á sveitarstjórnarmálum að ræða, að nauðsynlegt má teljast að endurskoða lögin um kosningu hreppstjóra. Hér er um að ræða starfsmann, sem hreppsn. ráða. Ef sameina á þetta breytingu á l. um kosningar hreppstjóra, kemur allt annað viðhorf til greina. Hreppstjórar eru skipaðir af öðrum aðila og til annarra starfa en oddvitar.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Ég held, að það leiki enginn vafi á því, að með þessu sé verið að breyta almennum ákvæðum um skipun hreppstjóra. Það er slæmt, að hv. 11. landsk. þm. er fjarverandi úr d., því að hann kynni að mæla í móti því, þar eð hreppstjórar séu aðstoðarmenn sýslumannanna. Að vísu hef ég ekki sjálfur verið hreppstjóri, en hins vegar hef ég verið aðstoðarmaður hreppstjóra um langt árabil. Mér fyndist það ekki vera nein goðgá, þótt hreppstjóri væri skipaður án samþykkis sýslunefndar, því að ég lít svo á, að sýslun. komi ekki það beint við, hvað gerist í hreppunum hvað varðar þessi mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 387, n. 479 og 485).

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Í heilbr.- og félmn. varð ekki samkomulag um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, en minni hl. n. hefur borið fram brtt.

Þetta frv. var á sínum tíma borið fram af ríkisstjórn og hafði verið undirbúið af félmrn. En upphaf þessa máls er það, að á Alþ. 1949, þann 25. febr., var samþ. þáltill. svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til athugunar, hvernig stjórn hinna stærri kauptúna verði bezt og haganlegast fyrir komið, og að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar um það efni fyrir næsta Alþingi."

Samkv. þessari ályktun hefur ríkisstj. látið undirbúa frv. það, sem hér liggur fyrir og nú hefur gengið í gegnum hv. Nd. og er nú hingað komið, að vísu nokkuð breytt frá því, sem það var lagt fram á sínum tíma. Má segja, að aðalbreyt. sé í því fólgin, að í frv. upphaflega var það látið vera skylda að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn hreppsmála, þar sem fleiri en 500 íbúar væru í hreppi, en nú er það aðeins heimild eftir frv., eins og gengið var frá því í hv. Nd. Aðalefni þessa frv. er það að taka það atriði út úr sveitarstjórnarl., sem hér um ræðir, og tiltaka sérstakan starfsmann til þess að hafa á hendi framkvæmdir fyrir sveitarfélögin, þar sem svo margir íbúar eru sem hér greinir, enda er talið, að í flestum sveitarfélögum, sem orðin eru svo fjölmenn eins og hér greinir í frv., þá sé þetta fullnóg starf fyrir einn mann. Frv. þetta hefur nokkuð verið byggt upp með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er af kosningum bæjarstjóra og af samskiptum bæjarstjóra við bæjarstjórnir viðs vegar, og hefur verið reynt, eftir því sem unnt er, að setja inn í þetta frv. ákvæði, sem komið gætu í veg fyrir, að svipaðir árekstrar ættu sér stað á milli sveitarstjóranna og sveitarstjórnanna eins og iðulega hefur átt sér stað á milli bæjarstjóranna og bæjarstjórnanna.

Ég fjölyrði svo ekki um þetta. En meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. í þeirri mynd, sem það nú hefur. Þó hefur einn nm., sem skrifað hefur undir álit meiri hl. n., áskilið sér rétt til þess að fylgja einstökum brtt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar frv. þetta var fyrst borið fram á Alþ., þá var í 1. gr. þess ákvæði um, að það skyldi vera skylda þeirra kauptúnshreppa, sem hefðu fleiri en 500 íbúa, að ráða sérstakan sveitarráðsmann, eins og þetta embætti var nefnt í frv. fyrst. Meginatriði frv. og allar aðrar gr. þess mörkuðust af fyrirmælum þessarar 1. gr. Í meðferð hv. Nd. á frv. var þessu breytt þannig, að í 1. gr. er tekin út skyldan um að hafa sveitarráðsmann — eða sveitarstjóra, eins og það nú er kallað þar — fyrir þá hreppa, sem hafa yfir 500 íbúa, og sett í staðinn það ákvæði, að þetta skuli vera heimilt. Með þessu er frv. í raun og veru gerbreytt, og þegar svo er komið, þá er ekki lengur ástæða til að halda ýmsum ákvæðum, sem voru í upphaflega frv., þegar búið er að breyta svona þessu meginákvæði frv. Það er ekki lengur ástæða til að halda ýmsum ákvæðum þess eins og gert er á þskj. 387 og eins og gengið er frá því af hv. Nd. Hér er nú um heimild að ræða aðeins, og því er ekki ástæða til að halda þessari heimild einungis fyrir þá hreppa, sem hafa yfir 500 íbúa, heldur á að taka þetta almennt og gefa heimild þessa almennt til allra hreppa í landinu. Það segir sig sjálft, að þegar heimild er um að ræða í þessu efni, en ekki skyldu, þá er ekki ástæða til að binda þetta einungis við þessa tölu, 500, því að hreppur með 499 íbúa getur haft meiri þörf fyrir þetta en hreppur með 501 íbúa. 1. tölul. brtt. minni hl. n. er því sá, að 1. gr. frv. verði breytt þannig, að hún hljóði svo: „Heimilt er hreppsnefnd að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála," þannig að þetta sé almenn heimild fyrir hvaða hrepp sem er í landinu, sem hreppsnefnd geti ráðið, hvort hún notar eða ekki. Minni hl. n. telur, að þetta sé rétt og nauðsynlegt og að engin ástæða sé til þess að binda þetta við 500 íbúa. Ég vænti þess, að þessi brtt. verði samþ. Þegar málið er komið í það horf, er að áliti minni hl. n. ekki þörf á að gera allar þær ráðstafanir aðrar, sem gert er ráð fyrir í frv. Þess vegna leggur minni hl. n. til, að ýmis þau ákvæði, sem eru í frv. á þskj. 387, verði felld niður. Skal ég nokkuð koma að því.

Í brtt. minni hl. n. er gert ráð fyrir því, að 3. málsl. 3. gr. frv. falli niður, þ. e. árslaunaákvæðið, um að laun sveitarstjóranna séu ekki lægri en 5 þús. kr., auk lögboðinnar verðlagsuppbótar, o. s. frv. Þetta sér minni hl. n. ekki

ástæðu til, að sé látið haldast í frv. eða hafa í l., og telur beinlínis rangt að hafa það þar. Og það er að sjálfsögðu alveg rangt að hafa það þar, ef heimildin er rýmkuð þannig, að hún nái til allra hreppa, án tillits til fólksfjölda sérstaklega. Eins og nú eru ákvæði 3. gr., þá er tiltekið þar, að launakjörin skuli ákveðin með ráðningarsamningi. Og þegar þetta er tekið fram í l., að slíkt skuli gera í ráðningarsamningi, er ekki ástæða til að hafa ákvæði í sömu l. um, að launin megi ekki fara niður fyrir eitthvert lágmark, því að þetta er samningsatriði á milli sveitarstjóra annars vegar og hreppsn. hins vegar, hvaða laun eru ákveðin þarna. Minni hl. n. leggur til, að þessi liður falli niður. — Sömuleiðis leggur minni hl. n. til, að 4. málsl. falli niður úr þessari 3. gr. frv.: „Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur tímatakmörk." Minni hl. n. sér ekki heldur ástæðu til að hafa þetta í l. Þetta atriði er hægt og líka eðlilegt að taka upp í ráðningarsamninginn, og því er ekki ástæða til að setja þetta inn í l., enda stendur í gr., að uppsagnarfrestur sé sex mánuðir, og þá er ekki ástæða til að setja aðrar takmarkanir í þessu efni í l. sjálf. Minni hl. n. væntir þess, að þessar brtt. verði samþ. — Þá leggur minni hl. til, í 3. tölul. brtt. sinna við 4. gr., að síðari málsgr. falli niður, sem er svo hljóðandi: „Að öðru leyti skal starfssvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna hreppsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir. Birta skal slíka samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda." Minni hl. sér ekki ástæðu til að taka þetta inn í l., heldur telur hann, að þetta sé atriði, sem ákveðið eigi að vera með samningi samkv. 3. gr. Þetta ákvæði í frv. hér, um að þessa samninga skuli birta í B-deild Stjtíð., telur minni hl. n. alveg óþarft, að fylla dálka Stjtíð. með slíkum samningum, sem gerðir eru á milli hreppa annars vegar og viðkomandi aðila hins vegar, eins og hér er gert ráð fyrir, og telur, að ekki þurfi að birta þessa samninga þar, heldur nægi að gera þá án þess, og leggur því til, að þessi málsgr. falli niður. — 4. liður í brtt. minni hl. n. er við 5. gr. frv., um að síðari málsgr. falli niður, en hún hljóðar svo: „Nú er hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, og fellur þá niður umboð hans sem hreppsnefndarmanns þann tíma, er hann gegnir sveitarstjórastarfi, en varamaður hans tekur sæti í hreppsnefndinni." Minni hl. n. lítur svo á, að hér sé um hreinustu fjarstæðu að ræða, að gera kröfu um, að þó að einum hreppsnefndarmanninum sé falið að gegna sveitarstjórastarfi, þá skuli hann ekki lengur mega hafa rétt til að vera í hreppsnefnd eða hafa atkv. í hreppsn. Minni hl. n. lítur svo á, að þessi maður sé miklu færari til þess að gera út um málefni hreppsins en hinir, sem eru í hreppsnefndinni, enda átti hér í Reykjavík í mörg ár borgarstjórinn sæti í bæjarstjórninni og átti atkvæðisrétt þar um öll mál. Við í minni hl. n. sjáum því ekki ástæðu til að hafa þetta ákvæði í l. og álítum, að það sé til hins lakara, og leggjum til, að það verði fellt niður. — Við 7. gr. er brtt. frá minni hl. n., um að sú gr. verði alveg felld niður, en sú gr. hljóðar þannig:

„Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfa sínum eða skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við störfum sveitarstjóra til bráðabirgða, meðan ráðuneytið rannsakar misklíðarefnið, og gegnir oddviti starfanum, unz sveitarstjóri hefur tekið við starfa sínum aftur eða nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn."

Við teljum, að þetta sé samningsatriði á milli þeirra tveggja aðila, sem hér er um að ræða, og megi binda það í samningi og eigi að binda það í samningi samkv. 3. gr., fyrir hvaða sakir slíkum aðila skuli víkja úr starfi. Og við sjáum ekki ástæðu til, að þetta ákvæði 7. gr. sé sett í þessi l. frekar en almennt um embættismenn. Við viljum því láta þessa gr. falla niður.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta nánar. Þetta er ekki stórmál. Ef brtt. okkar í minni hl. n. verða samþ., liggur það hreint fyrir, að þetta eru heimildarlög fyrir hreppana til að mega ráða til sín sveitarstjóra, eftir því sem þörf krefur, og það teljum við nægilegt, án þess að það þurfi meiri umbúðir um þau mál. Og það var óskað eftir því á sínum tíma, að hrepparnir fengju leyfi til að ráða til sín þennan mann og þeir væru sjálfráðir um, hvaða samninga þeir gerðu við hann hjá sér. Nú hefði kannske verið ástæða til þess, að þetta hefði verið borið fram sem breyt. við sveitarstjórnarl., en hér hefur nú verið flutt sérstakt frv. um þetta, og minni hl. n. sér ekki ástæðu til að ákveða frekar um þetta en eftir okkar brtt.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Það er út af brtt. hv. minni hl. n., sem ég ætlaði að segja nokkur orð. Það er rétt, að meginbrtt. þeirra er það, að breytt verði 1. gr., og ef sú brtt. yrði samþ., þá væri búið að breyta svo mikið frv. í heild, að það mundi vera erfitt að láta það standa að öðru leyti eins og það er. Meginbreyt. væri þessi, ef þetta ætti að gilda um alla hreppa landsins, að þeir mættu ráða til sín sveitarstjóra eftir þessum lögum.

Ég vil bara geta þess, að það, sem liggur til grundvallar þessu frv., er það fyrst og fremst, að þessu starfi sinni ópólitískur embættismaður, sem hafi laun ákveðin í l., og þar af leiðandi er gert ráð fyrir því hér í 3. gr. frv., að laun sveitarstjóra skuli vera ákveðin ekki lægri en þar segir. Það þykir líka heppilegra, þegar á að fara að ráða menn, sem gegna eigi þessum störfum, að launin séu fyrir þetta ekki svo lág, að aðeins veljist til starfsins lélegir menn, heldur þannig, að þau störf séu vel borguð vel vinnufærum mönnum. Sama máli gegnir í raun og veru um síðustu málsgr. 3. gr. Hún er þar sett inn til þess að reyna að halda þessu embætti utan við hin pólitísku átök. En samkv. því, sem nú er t. d. í l. um bæjarstjóra,

þá fellur niður ráðningarsamningur bæjarstjórans um leið og ný bæjarstjórn er kosin. Meiningin með þessu ákvæði hér, að ekki sé skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur tímatakmörk, er eingöngu sú að gera þetta starf dálítið ákveðnara og meira framtíðarstarf fyrir þann, sem tekur það að sér, heldur en það er, ef starf þessa manns sem sveitarstjóra fellur niður alveg sjálfkrafa við kosningu nýrrar bæjarstjórnar. En þetta aftur fellur undir meginstilgang frv., sem er að fá þarna, að svo miklu leyti sem hægt er að stuðla að því með lögum, ópólitískan starfsmann, sem hafi traust út fyrir sinn eigin flokk og sé ekki studdur endilega af ákveðnum meiri hl. í sveitarstjórninni, heldur bara sem starfsmaður við þetta starf. Í sambandi við þetta er það, að uppsagnarfresturinn er hér bundinn við sex mánuði, en ekki kosningar. — Um brtt. við 4. gr., um að síðari málsgr. falli niður, get ég sagt það, að í bæjum a. m. k. koma fyrir mörg tilfelli, þar sem nauðsynlegt er að gera frekari grein fyrir störfunum í þessum ráðningarsamningi, sem gert er ráð fyrir í 3. gr., heldur en í þeirri gr. (3. gr.) er fram tekið. Það er nú ekki gert ráð fyrir, eins og frv. er nú, að ákvæði þess snerti nema sex eða sjö kauptún, og þá sjá það allir, að það fylla ekki marga dálka í Stjtíð. samningarnir við sveitarstjórana hjá þeim. Auk þess er ekki víst, að öll þessi kauptún noti heimildina.

Þá er það 2. málsgr. 5. gr. frv. Það mætast þarna tvö sjónarmið viðkomandi skoðunum meiri hl. og minni hl. n. Og það verður í þessu efni varla hægt að koma við miklum rökum í sjálfu sér. Þarna er bara um að ræða, hvaða reglu menn vilja hafa í þessu, hvort mönnum finnst rétt, að stefnt sé að því að gera þetta embætti eins laust við dægurmálin og togstreitu um þau eins og unnt er og binda þetta embætti frekar starfinu eingöngu. Ég held, að afstaða manna til síðari málsgr. 5. gr. frv. fari alveg eftir þessu. — Og þá er 7. gr., sem hv. minni hl. n. vill fella alveg niður, en sú gr. er beinlínis sett í frv. með tilliti til þeirrar sorglegu reynslu, sem fengin er af viðskiptum bæjarstjóra og bæjarstjórna. Og það eru til ný dæmi í þessu efni um það, að bæjarstjóri hefur verið hrakinn frá störfum fyrir engar sakir, án þess að eiga kost leiðréttingar sinna mála og án þess að nokkur væri til þess búinn að taka við störfum hans. Og ég er hissa á hv. minni hl. n., að hann skuli vilja fella þessa gr. niður alla, því að þó að hv. minni hl. vildi ekki gefa sveitarstjóranum í þessum tilfellum kost leiðréttingar sinna mála, þá átti hv. minni hl. n. að sjá, að nauðsynlegt er, að til sé einhver til þess að taka við störfum sveitarstjóra í þeim tilfellum, sem þarna greinir, því að ef 7. gr. er felld niður, kemur það ekki alveg af sjálfu sér, að oddviti taki við störfum sveitarstjóra, unz ákveðið er, hver taki við þeim. Þetta verður einhvers staðar að standa í l. En nú er það svo, að þegar fyrir átök í bæjarstjórnum er búið að hrekja bæjarstjóra frá starfi, þá er allt í reiðuleysi. Og það er þessi sorglega reynsla af viðskiptum bæjarstjórna og bæjarstjóra í kaupstöðum, sem hefur orðið þess valdandi, að þessi ákvæði eru sett inn, og þetta horfir til hreinna vandræða, eins og nú stendur í bæjarmálum, og það hlýtur fyrr eða síðar að verða að breyta þessu, og þá er eðlilegt, að þessi lög séu ekki samþ. með öllum þeim ágöllum, sem l. um bæjarstjóra hafa, heldur sé reynt að koma í veg fyrir þá galla, sem hafa sýnt sig að hafa verið á l. um bæjarstjóra.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil svara nokkru því, sem komið hefur fram í síðari ræðu hv. frsm. meiri hl. n. Hún sagði í fyrri ræðu sinni, að frv. væri byggt á reynslu, sem fengizt hefði af ráðningu bæjarstjóra. Ég held, að þetta sé ekki rétt, því að ef það hefði verið, þá hefði það verið byggt á allt annan hátt en það er. En hv. frsm. meiri hl. n. hélt fram, að meiningin væri sú með þessu frv., að í starf sveitarstjóra væri ráðinn ópólitískur embættismaður. Ég held, að það ætti að setja það inn í frv., ef það væri meiningin. En ákvæði frv. fyrirbyggja það alls ekki, að það séu ráðnir til sveitarstjórastarfa rótpólitískir menn, enda hygg ég, að ógerlegt væri að setja það í lög, að í eitthvert embætti mætti ekki skipa eða ráða aðra en ópólitískan mann, þar sem flestir Íslendingar eru í sjálfu sér rótpólitískir. Ég þekki sýslumann, sem ekki gat hugsað sér að taka neinn bónda í einum hreppi til þess að vera hreppstjóra, af því að þeir voru ekki af hans flokki, og hann setti vinnumann til þess að vera hreppstjóra. Þetta m. a. sýnir, hvað margir menn eru rótpólitískir.

Hv. frsm. meiri hl. sagði í sambandi við till. um breyt. á 4. gr., að það væri ýmislegt, sem ekki væri hægt að taka upp í samninga og setja í Stjórnartíðindin, sem tekið væri fram í gr., en ég vil benda á það, að í frv. er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn semji drög að samningum, og hví getur hún þá ekki gert þessa samninga án þess, að sérstök lagaákvæði komi þar til? Það væri því bezt að fella gr. niður. — Þá sagðist hv. frsm. ekkert skilja í því, að við skyldum vilja fella 7. gr. niður, og sagði, að hún hefði verið sett vegna þeirrar sorglegu reynslu, sem fengizt hefði í sambandi við bæjarstjóra. Ég veit ekki, hvað hv. frsm. er að fara, þegar hann segir þetta, og veit ekki til, að fengizt hafi nein sorgleg reynsla af bæjarstjórum. Ég mótmæli því algerlega, að bæjarstjórar hafi yfirleitt reynzt nokkuð óreglusamari en aðrir starfsmenn. Hv. frsm. sagði, að þeim hefði verið vikið frá starfi án þess, að þeir hefðu nokkra leiðréttingu fengið sinna mála. Hvers vegna leituðu þessir menn þá ekki réttar síns fyrir dómstólunum? En í þessu frv. er tekið fram, að samið skuli vera á milli sveitarstjórnarinnar og sveitarstjóra, svo að þeim ætti að vera borgið. — Þá sagði frsm., að nauðsyn bæri til að taka fram, hver skuli taka við störfum sveitarstjóra, en sá meiri hluti, sem víkur sveitarstjóra frá, verður að sjálfsögðu að sjá um slíkt, og í frv., eins og það er nú, segir, að ekki megi segja upp samningum með skemmri uppsagnarfresti en 6 mánuðum, og verði því beitt af sveitarstjórn-

inni, verður hún að sjá um, að einhver sé til að taka við starfinu að þeim tíma liðnum. Við viljum hafa heiðarlega ráðningarsamninga milli tveggja heiðarlegra aðila, og er því sjáanlegt, að engin nauðsyn er að hafa þessa grein. Hv. þm. S-Þ. (KK) hefur bent mér á, að hann telji heppilegra, að upphafi 4. gr. verði breytt svo, að í stað: „Sveitarstjóri fer með störf þau" o. s. frv. komi: Sveitarstjóri getur farið o. s. frv. — og mun ég athuga þetta fyrir 3. umr. Verði okkar till. samþ., þá tel ég þetta betra, en verði þær felldar, þá tel ég réttast, að hv. meiri hl. beri einnig ábyrgð á orðalagi frv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Mín skoðun er sú, að þau l. séu bezt, sem taka aðeins það fram, sem nauðsynlegt er, og mun ég því greiða atkv. till. þeirra hv. þm. Barð. (GJ) og hv. 7. landsk. Og mér skilst, að það, sem þeir vilja fella niður, sé fremur til óþæginda en þæginda og eins, að heimildin skuli ná til allra sveitarfélaga, en ekki aðeins þeirra, sem telja 500 íbúa og þar yfir, sé til bóta. Ég skal nefna dæmi um það, sem mér finnst til óþurftar í frv., t. d. um ákvörðun launa. Oddvitar fá nú í laun 1 kr. með verðlagsuppbót, þ. e. 3. kr., fyrir hvern mann í hreppnum og 2% af því, sem þeir heimta inn. Oddvitar í 500 íbúa sveitarfélagi fá þannig 1500 kr., og ef við gerum ráð fyrir, að innheimtan nemi 300—400 þús. kr., segjum 300 þús., þá á hann að fá 6000 kr. í innheimtulaun, þannig að launin nema alls 7500 kr. Ekki mundi sveitarfélagi finnast það til bóta að vera skyldað til að greiða manni, er annaðist sömu störf, helmingi hærri laun. — Í síðari mgr. 5. gr. segir, að sé hreppsnefndarmaður kjörinn sveitarstjóri, skuli hann leggja niður umboð sitt sem hreppsnefndarmaður. Nú er tekið fram í sveitarstjórnarl., að hreppsnefndarmaður geti tekið hvaða starf sem er að sér, án þess að segja af sér hreppsnefndarstörfum. Það er því mjög óheppilegt, að hreppsnefndarmaður verði að segja af sér því starfi, ef hann gerist sveitarstjóri. Hv. þm. Barð. benti áðan á atriði, sem ég tel, að betur mætti fara. Ég tel heppilegra, að sveitarstjóri megi taka meira eða minna að sér af störfum sveitarstjórnar, en sé ekki skyldaður með lagaákvæði til að taka það allt að sér nema fundarstjórn.

Ég tel, að ég hafi nú gert grein fyrir skoðun minni, og mun fylgja minni hl. n. að málum.

Frsm. meiri hl. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. Barð. (GJ). Ég ræddi um sorgleg viðskipti bæjarstjóra og bæjarstjórna, en ég kenndi slíkt alls ekki bæjarstjórunum, heldur því fyrirkomulagi, sem er á þessum málum, og tel ég nauðsyn að fyrirbyggja, að slíkt komi einnig fyrir hér. Ég vil því eindregið bera af mér þá ásökun, að ég hafi sérstaklega hallað á bæjarstjórana, því að ég tel ekki, að þetta sé þeim að kenna. Það er alveg rétt, að þeir geta auðvitað leitað til dómstólanna til að fá leiðréttingu mála sinna, en þeir gera slíkt ekki fyrr en í fulla hnefana, enda seinfær leið. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það var ætlun mín að halda mér utan við þessar umr. og að þessi kaleikur, sem hv. þm. Barð. og hv. 8. þm. Reykv. bera á milli sín, færi fram hjá mér, en ég sé, að svo ætlar ekki að verða, því að sýsla sú, sem ég veiti forstöðu, er að ófyrirsynju komin inn í þetta þrætumál, ef till. á þskj. 485 verður samþ. Ég taldi sem sé, að þetta mundi ekki ná til hreppsfélaga, sem hefðu undir 500 íbúa, en verði þessu breytt, svo að það geti náð til allra sveitarfélaga, getur það orðið óþægilegur baggi. Í minni sýslu er hreppur, sem telur 90 íbúa, og þar eru 3 menn í hreppsnefnd. Ef tveim þessara manna dytti í hug að ráða sveitarstjóra, þá gætu þeir ráðið hann með 5000 kr. árslaunum til langs tíma, og svo er uppsagnarfresturinn 6 mánuðir eftir að ráðningartíminn er útrunninn. Þetta gæti t. d. verið svo, að annar þessara manna vildi verða sveitarstjóri og hinn væri honum tengdur eða vinveittur. Ég vona því, að þetta verði aðeins látið ná til stærri hreppanna, en ekki til þessara minni. — Mér finnst brtt. minni hl. að öðru leyti vera til bóta, nema þá sú síðasta, sem ég get ekki áttað mig á. Ég get ekki skilið, að ekki megi reka sveitarstjóra, ef hann gerir sig sekan um stórfellda vanrækslu, og finnst mér óþarfi að sleppa því. Ég verð því að vera á móti fyrstu og síðustu brtt. hv. minni hl. En frv. er vanskapnaður frá upphafi, og væri bezt að fella það, og sé ég mér ekki fært að fylgja því, jafnvel þótt það verði eitthvað betrumbætt.

ATKVGR.
Brtt. 485,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 485,2.a samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 485,2.b samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SV, StgrA, ÞÞ, BrB, EE, FRV, GJ, JJós, KK.
nei: LJóh, RÞ, HV, HG.
VH greiddi ekki atkv.
3 þm. (BSt, BBen, HermJ) fjarstaddir.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 485,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 485,4 samþ. með 9:3 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 485,5 (7. gr. falli burt) samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, StgrA, BrB, EE, FRV, GJ, HV.
nei: JJós, LJóh, SV, ÞÞ, HG, RÞ.
4 þm. (HermJ, VH, BSt, BBen) fjarstaddir.
8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SV, StgrA, BrB, FRV, GJ, HV, KK, LJóh.
nei: ÞÞ, JJós.
EE, RÞ greiddu ekki atkv.

5 þm. (VH, BSt, BBen, HG, HermJ) fjarstaddir.

Á 82. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 493).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Virðulegi forseti. Þegar þetta kunningjafrv. er nú komið hér aftur til umr. á næsta degi, get ég ekki látið hjá líða að segja nokkur orð. Ég skal þó ekki taka upp aftur neitt af því, sem ég sagði í gær, en ég hef hugsað mér að bera fram við það brtt., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Upphaf 1. gr. orðist þannig: Heimilt er hreppsnefnd í hreppi, þar sem eru 400 íbúar eða fleiri, að fela....“ o. s. frv. Og til vara, ef þessi till. kynni að verða felld: „Heimilt er hreppsnefnd í hreppi, þar sem eru 300 íbúar eða fleiri, að fela....“ Ég hef oft, eins og flestir þm. hafa heyrt, talað um það, hvað embættismannafjöldinn væri mikill orðinn. En nú, þegar á að gefa hverri einustu hreppsn. leyfi til að búa til sérstakan embættismann fyrir sig, hærra launaðan en oddvita, þá þykir mér sem skörin sé tekin að færast upp í bekkinn. A. m. k. finnst mér, að hreppar undir 300 íbúum ættu að fá að vera friir við þetta. Hreppsnefnd getur hlaupið í að skapa þetta embætti að ástæðulitlu, og ég vil, að allra minnstu hrepparnir fái að hafa frið í svipinn. Mér finnst það ekki ofvaxið oddvita að fara með þessi störf í ekki stærri hreppum og á ekki meiri umbrota- og framfaratímum en virðast vera fram undan um sinn.

Vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 497) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Forseti. Ég minntist á það síðast, að ef till. minni hl. yrði samþ., mundi ég bera fram brtt. við 4. gr. Ég vil nú leyfa mér að leggja fram brtt. við þessa gr., er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„a. Í stað orðanna „Sveitarstjóri fer með störf þau“ í upphafi gr. komi: Sveitarstjóra má fela störf þau.

b. Í stað orðanna „og hefur á hendi framkvæmd málefna“ í 1. málslið komi: og hefur hann þá á hendi framkvæmd þeirra málefna.“

Út af brtt. frá hv. 11. landsk. vil ég segja, að mér finnst gæta hjá honum of mikillar hræðslu í þessu sambandi. Það er á valdi hreppsnefndar í hverjum hreppi, hvort hún ræður þennan mann eða ekki, og á hún bezt að geta dæmt um þörfina. En ég hygg, að ótti hv. 11. landsk. muni stafa af því, sem hann veik að í gær, að í hans ágætu sýslu séu innan um svo frekir menn, að hann sé hræddur um, að þeir muni kúga hreppsnefndirnar. Hins vegar mun ég greiða atkvæði á móti till. hans og mælast til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Haraldur Guðmundsson: Virðulegi forseti. Það tekur því varla, finnst mér, að vera að eyða mörgum orðum um þetta frv. eftir þær breyt., sem á því hafa verið gerðar við 2. umr. Frv. er, ef það verður að lögum, nálega einskis virði, svo að þess vegna skiptir það raunverulega engu máli, hvort á því eru gerðar breyt. eða ekki eða hvort það verður samþykkt eða ekki samþykkt. Þó er nú líklega rétt að láta það fara aftur til hv. Nd., og skal ég ekki verða meinsmaður þess, ef ske kynni, að einhverjar breytingar til batnaðar gætu á orðið þar.

Út af þeim brtt., sem nú hafa komið fram, vil ég aðeins segja nokkur orð. Ég get vel fallizt á brtt. hv. 11. landsk. þm. og tel rétt að hafa þetta skilyrði til viðmiðunar, að íbúar hreppsins séu 400 eða 300. Ég tel það eðlilegt og sjálfsagt, eða það er að minnsta kosti óeðlilegt að hafa skilyrðið ekki.

Um brtt. hv. þm. Barð. (GJ) verð ég að segja það, að ég held, að hún sé borin fram í spaugi til þess að skopast að d. og þeim breyt., sem hún hefur látið gera á frv. við 2. umr. Í 4. gr. frv. segir: „Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna hreppsins“. En samkvæmt till. hv. þm. Barð. er það svo, að það megi fela honum það. Sem sagt, frv. segir, að það eigi að fela honum það, en eftir brtt. hv. þm. er það svo, að það er verið að heimila honum það, sem hann á að gera. Ég held því, að hv. þm. sé að gera grín með þessari till., en það yrði þó ekki nema eftir öðru, ef hún verður samþykkt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Út af orðum hv. 4. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ég er með brtt. minni hvorki að gera grín að frv. né heldur þeim breyt., sem á því hafa verið gerðar. En hann er á móti breyt. á frv. vegna þess, að einn ágætur flokksbróðir hans hefur samið það. Hann er í raun og veru sjálfur samþykkur þessum breyt., en er sárt um, að þetta afkvæmi flokksbróður síns skuli ekki vera óbreytt, og þess vegna er hann á móti breyt. á því. Hér er aðeins um það að ræða, að heimilt sé að láta sveitarstjóra að sumu leyti eða öllu annast framkvæmd mála fyrir viðkomandi sveitarfélag. Annars geri ég það ekki að neinu kappsmáli, hvort till. mín er samþ. Það kann ef til vill að vera rétt, að í staðinn fyrir „fer með“ komi: „má fela“ o. s. frv. En í sambandi við þessa till. mína vil ég benda á það, að í sumum hreppsfélögum er t. d. verið að leggja vatnsleiðslur, önnur eru ef til vill með hafnargerðir, og þá kann vel að vera, að þau vilji ráða til sín mann til þess að sjá um þær framkvæmdir. Það getur sem sé verið, að hreppsfélögin vilji ráða til sín menn til þess að hafa á hendi fyrir sig viss trúnaðarstörf, án þess að vilja binda ráðningu þeirra við kjörtímabil, svo að það er ekki ástæða til þess að gera veður út af þessum breytingum.

Forseti (RÞ): Ég vil taka það fram, að þessi

skriflega brtt. hv. þm. Barð. hefur raunverulega ekki verið afhent enn þá.

Þorsteinn Þorsteinsson: Virðulegi forseti. Ég veit nú eiginlega ekki, hvernig ég á að snúa mér um þessa till. Er hún komin fram eða ekki? Er þetta svo heilagt, að það megi ekki taka hana inn, eða er hún ekki fædd? Fæðingunni hefur verið lýst af hv. þm. Barð., en síðan hafa einn eða tveir tekið til máls, en þó er till. ekki komin til umr. Ég verð að segja það, að hv. þm. hefur oft verið framkvæmdameiri við að sjóða saman till. Ég held næstum því, að honumói við afkvæminu.

Hv. 4. þm. Reykv. (HG) lýsti sinni skoðun á brtt. minni, og ég vil taka það fram, að ég teldi það gott og reyndar ágætt, ef við gætum haft frið í hinum fámennari hreppum fyrir því að beita nýjum embættum, en úr því að Alþingi hefur áhuga á því að koma nýjum embættum á stofn, þá er spurning um það, hvort það geti ekki verið rétt að láta það sjá um greiðslu á t. d. ⅓ af þeim kostnaði, sem þetta hefur í för með sér! En ég ætla nú ekki að fara að biðja um frest til þess að koma með till. um það, af því að þetta er líka 3. umr. málsins. En það getur ef til vill verið rétt að bæta einhverjum á launakassann hjá ríkissjóði! Nei, ég held, að þetta sé óheppilegt, og þetta er svo ólíkt hv. þm. Barð., sem annars er nú svo praktiskur maður. Ég held, að þetta hafi eitthvað snúizt í höfðinu á hv. þm., og það, sem hann sagði, að þetta ætti aðeins við um Dalasýslu, er náttúrlega alveg út í bláinn, því að þetta á ekki frekar við þar en annars staðar. Þetta gæti einnig átt við um þann hrepp, sem hv. þm. talaði um í gær, þar sem ekki var öðrum til að dreifa til þess að taka að sér framkvæmd mála en vinnumönnum og veizlustjóra.

Sem sagt, ég vildi helzt, að d. styngi hér ögn við fæti og samþ. till. mína, að minnsta kosti varatill., mér er þá sama, þótt aðaltill. sé felld. Að öðru leyti læt ég útrætt um þetta mál, en sé mér hins vegar ekki fært að fylgja því út úr deildinni.

Forseti (RÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við 4. gr. frv. frá hv. þm. Barð. (GJ). Till. er í tveimur liðum og er svo hljóðandi: [Sjá þskj. 498].

Þar sem till. er bæði of seint fram komin og þar að auki skrifleg, þarf tvöfaldra afbrigða til þess, að hún megi takast fyrir.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Virðulegi forseti. Það er svo margt búið að ræða um þetta frv. hér í d. með hliðsjón af þeim breyt., sem á því hafa verið gerðar. Það skiptir nokkru máli, að rétt sé stefnt með því, og það er von, að menn gefi því fullan gaum, hvað því líður. En ég verð að segja, að það er ekki nema eðlilegt, að menn áliti við fyrstu athugun á frv., að hér sé verið að skapa nýtt embætti, og segi sem svo: Ja, nú skal það vera sveitarstjóri. Hvað skyldi hann svo eiga að gera? Hreppstjórinn hann er fyrir, hreppsnefndin er líka fyrir og oddvitinn, en nú skal það heita sveitarstjóri. Verksvið hans er ákveðið í frv., en ég verð að segja, að það er heldur hornskakkt og engan veginn árennilegt. Oddvitar og hreppstjórar eru þeir menn, sem bezt verður trúað fyrir málefnum hreppsins, og þeir menn eru bezt til þess fallnir, oddvitinn í broddi fylkingar. En það er engin trygging fyrir því, að þetta verði nokkuð betra, þó að þetta fyrirkomulag sé tekið upp. En mergurinn málsins er sá, að í öllum hinum stærri hreppum eru verkefni oddvitanna orðin svo mikil og margþætt, að það er í hinu mesta ósamræmi við kjör þeirra, og það er það, sem veldur því, að hinir hæfustu menn eru ekki sem fúsastir til þess að taka það að sér. Ég held því, að það færi betur á því, að launakjarabálkur oddvitanna væri eitthvað bættur, það mundi þá verða sanngjörn leiðrétting. En það að hlaða niður störfum á þessa menn fyrir sáralitla þóknun, það er ranglæti. Ég vil taka það fram, að ef þessi leiðrétting yrði gerð, þá þyrfti að taka tillit til fólksfjölda viðkomandi hreppa og þess, hve störfin eru mikil. Það er ekki nema eðlilegt, að sums staðar skuli enginn vilja taka að sér oddvitastörf, af því að þetta eru svo lítil laun, sem í boði eru. Ef þessu yrði breytt, þá mundi það stuðla að því, að bezti maðurinn veldist í stöðuna, og það er þetta, sem þarf að gera, það þarf að gera leiðréttingu á sveitarstjórnarl., með tilliti til kjara oddvitanna, en þessi breyting um sveitarstjórann skýtur nokkuð skökku við, og ég tel, að hún bæti ekkert úr þeim vanda, sem leysa þarf. Með hliðsjón af þessu, að starfið er illa launað, en yfirgripsmikið, þá finnst mér réttara, að gerð sé breyting á kjörum oddvitanna, og ég tel það rétt, að ákveðið sé með löggjöf, hve mikið eigi að greiða þeim eftir fólksfjölda í hreppnum. — Mér þótti rétt að skýra frá þessu núna, en mun ekki skipta mér af atkvgr. um málið, með hliðsjón af því, sem ég hef sagt.

ATKVGR.
Brtt. 497 felld með 6:4 atkv.
— 497, varatill. felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, HG, JJós, LJóh, RÞ.
nei: StgrA, VH, BrB, FRV, GJ, KK, SV.
EE greiddi ekki atkv.
4 þm. (BSt, BBen, HV, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 498 samþ. með 6:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 7:3 atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Sþ., 29. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 499).

Á 82. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. Ed. hefur gerbreytt þessu frv. frá því, sem Nd. afgreiddi það. Heilbr.- og félmn. hefur ekki haldið fund síðan frv. var endursent til Nd. Ég

teldi mjög æskilegt, að n. fengi tækifæri til þess að fjalla um málið, því að breyt. þær, sem gerðar voru á málinu í hv. Ed., eru allumfangsmiklar. Ég vil af þeim sökum mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti umr. um málið, svo að n. geti rætt það á næsta fundi sínum, sem verður á föstudag. Það ætti ekki að þurfa að tefja afgreiðslu málsins neitt verulega.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að umr. verði frestað að sinni. Það er búið að gera verulegar breyt. á frv., frá því sem það var fyrst borið fram, og það svo mjög, að frv. nær tæplega hinum upphaflega tilgangi sínum eins og það nú er. Málið þarf því frekari athugana við, og vil ég beina því til hv. form. heilbr.- og félmn., að n. hafi samband við félmrn., áður en hún afgreiðir málið. Einnig vildi ég hafa tal af n., þegar hún tekur málið fyrir. — Annað var það ekki, en ég ítreka þá ósk, að umr. um málið verði frestað.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 8. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 499, 579).

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ed. hefur gert miklar breyt. á þessu frv. frá því, að frá því var gengið hér í Nd., og breyt. hv. Ed. eru svo gagngerar, að telja má, að með samþykkt frv. nú hefði málið litla þýðingu. Hv. Ed. hefur fellt úr frv. heimildina til að fela sveitarstjóra framkvæmd hreppsmála, en tilgangur frv. í upphafi var sá, að heimila hreppsn. í hreppum, sem hefðu fleiri en 500 íbúa, að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála. Gert var ráð fyrir því, að sá maður ætti ekki sæti í hreppsnefnd og væri ekki stjórnmálamaður, en væri fyrst og fremst framkvæmdastjóri hreppsins. Í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. var fullt samkomulag um þetta mál. Nokkrar mótbárur komu fram gegn ýmsum minni háttar atriðum í hv. d., en fullt samkomulag náðist við þá menn, svo að telja má, að nær enginn ágreiningur hafi verið um málið í Nd. Nú hefur hv. Ed. breytt frv. svo, að litlu máli skiptir, hvort það næði samþykki í því formi eða ekki. Heilbr.- og félmn. hefur lagt til, að frv. verði aftur breytt í sitt upphaflega form eins og það var, þegar það fór til Ed., og eru þær brtt. prentaðar á þskj. 579. Þá er frv. komið aftur í þann búning, sem það var hér í við 3. umr. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þær brtt., því að þær hafa verið ræddar við 2. og 3. umr. málsins.

ATKVGR.

Brtt. 579,1 samþ. með 18:3 atkv.
— 579,2 samþ. með 17:7 atkv.
— 579,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 579,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 579,5 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv. og endursent Ed.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 674).

Á sama fundi og 104., 105., 106. og 108. fundi, 11., 13. og 15. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (aðstoð til síldarútvegsmanna).

Á 7. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna o. fl.* [47. mál] (stjfrv., A. 63).

Á 8. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. um dýrtíðarráðstafanir, nr. 100 frá árinu 1948, að öðru leyti en því, að með 4. gr. er lagt til að breyta vaxtaákvæðum í 11. gr. l. nr. 41 frá 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins. Eins og vænta mátti eftir aflabrestinn á síldveiðum s. l. sumar, verður ekki hjá því komizt að létta frekar undir með síldveiðibátum en enn er heimild til í l., og er það aðalorsök þess, að af stað var farið með þetta mál. Annars væri hætt við, að skilanefnd sú, er skipuð var sumarið 1948, samkv. l. um aðstoð handa síldarútvegsmönnum, ætti erfitt með að framkvæma verk sitt og verða bátunum til hjálpar í þessum efnum. Út af hugleiðingum og bollaleggingum um þessi mál í sjútvmrn. var leitað álits skilan., sem ég gat um áðan, og hefur hún skilað svari sínu til rn., og er það birt í grg. með frv. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa svar þetta, því að það lýsir tilgangi rn. með þessu frv. betur en nokkuð annað. Í bréfi skilan. frá 22. nóv. s. l. segir svo:

„Eftir því, sem nefndin hefur komizt næst við athugun á högum þeirra útgerðarmanna og fyrirtækja, er þegar hafa sótt um aðstoð samkv. l. 100 1948, virðist henni, að aðstoð sú og eftirgjöf lána, sem nefnd lög ætlast til að veitt verði, mundi tæpast koma að tilætluðum notum, verði nefndum mönnum og fyrirtækjum ekki jafnframt séð fyrir einhverri aðstoð við greiðslu áfallinna afborgana af lánum stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands, sem á bátum þeirra hvíla. Þar sem slík frestun á afborgunum, sem ræðir um í nefndu bréfi ráðuneytisins, ætti að geta farið fram án þess að tryggingin fyrir lánunum væri skert, að minnsta kosti að nokkru verulegu leyti, virðist skilanefndinni, að sú leið geti verið haganleg og komið að miklum notum, enda verði

leitað samþykkis þeirra, er veð kynnu að eiga í skipunum á eftir nefndum lánum. Samanlögð upphæð áfallinna ógreiddra afborgana af lánum stofnlánasjóðs árin 1948 og 1949 eru, eftir því sem næst verður komizt, 3906900 kr. Áfallnar ógreiddar afborganir til Fiskveiðasjóðs Íslands munu nema sem næst 2 millj. kr." — Þá þykja n. dráttarvextir af ofangreindum lánum of háir samkv. l. og vikur að því í bréfi sínu, að það mundi auðvelda starf n., ef rýmkuð væru þau skilyrði, sem sett eru í 14. gr. l. nr. 100 frá 1948, en þau hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skilyrði fyrir uppgjöf krafna og skulda samkv. 13. gr. eru þessi:

1. Að útgerðarmaður sæki um aðstoð og sé að dómi skilanefndar, sem getur í 5. gr. laga nr. 85 15. des. 1948, vel hæfur til að reka útgerð.

2. Að útgerðarmaður hafi látið skilanefnd í té fullkomna greinargerð, undirritaða að viðlögðum drengskap, um fjárhag sinn og maka síns, svo og veiti henni færi á að láta kunnáttumenn meta eignir sínar.

3. Að skilanefnd telji útgerðarmanni ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerð á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar.

4. Að útgerðarmaður nái viðunandi samningum við lánardrottna sína, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að útgerð hans verði rekin framvegis á fjárhagslega tryggum grundvelli."

Það er þetta, sem skilan. á víst við, er hún talar um, að rýmkun á þessum skilyrðum sé æskileg. T. d. segir n., að erfitt sé að gera sér rökstudda grein fyrir því, hverjir séu hæfir til að reka eða standa fyrir útgerð. Hitt telur n. eðlilegt, að því skilyrði sé haldið, að viðkomandi sýni n. fram á, að hann hafi möguleika til að halda rekstri útgerðarinnar áfram. — Út af þessu er svo þetta frv. komið fram. Samkv. 1. gr. er gert ráð fyrir, að útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, er síldveiðar hafa stundað fyrir Norðurlandi á árinu 1948 eða 1949, skuli veittur greiðslufrestur á afborgunum af lánum til skipakaupa úr stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóði Íslands, er féllu í gjalddaga á þessum árum, þannig, að lánstíminn lengist um tvö ár. Útgerðarmenn skulu sanna, að síðari veðlán falli ekki í gjalddaga af þessum sökum. Og 2. gr.: „Ráðherra er heimilt samkvæmt meðmælum skilanefndar að veita útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem stundað hafa síldveiðar á tímabilinu 1945—1949, þó að þeir sæki ekki um aðstoð samkvæmt II. kafla laga nr. 100/1948, eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti á kröfum og lánum þeim, er um ræðir í 1. til 3. tölul. 13. gr. laga nr. 100/1948, enda sanni þeir fyrir skilanefnd, að þeir geti rekið útgerð sína áfram."

Það er sem sé að margra dómi, og skilanefndarinnar líka, rétt, að einhver heimild sé til að veita þeim mönnum aðstoð, sem ekki hafa sótt um aðstoð samkv. II. kafla l. nr. 100 1948. Það getur verið, að þessir menn vilji ekki skuldaskil og óski heldur eftir að leggja hart að sér til að halda velli, og er því rétt, að veita þessum mönnum svipaða fyrirgreiðslu og þeim, sem sótt hafa um aðstoð samkv. fyrrgreindum l. Lög nr. 100/1948 takmarka sig við þrenns konar eftirgjafir samkv. 13. gr., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á, að útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948, verði veitt að nokkru eða öllu:

1. Uppgjöf á innkeyptum sjóveðskröfum og öðrum lögveðskröfum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85 15. des. 1948.

2. Uppgjöf á lánum samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sömu laga, og

3. Uppgjöf á lánum, sem þeim voru veitt úr ríkissjóði vegna aflabrests á sumarsíldveiðum 1945 og 1947."

Á þetta hefur hið háa Alþ. fallizt á sínum tíma og er það nú í lögum. Síðan þessi l. voru sett, og raunar að nokkru leyti fyrr, hafði hæstv. fyrrv. ríkisstj., til þess að örva menn til að halda út síldveiðitímann í stað þess að gefast upp, talið nauðsynlegt að ábyrgjast nokkra upphæð fyrir útvegsmenn, til að þeir gætu greitt sjómönnum nauðsynlegt og áfallið kaup. Þetta þótti nauðsynlegt, því að öðrum kosti hefði ekki verið hægt að halda mönnum á skipunum, og því gerði ríkisstj. þetta í bæði skiptin. Nokkur árangur hefur orðið af þessu í auknu aflamagni, sérstaklega s. l. sumar.

Nú er í þessu frv. í 3. gr. heimild fyrir ríkisstj. að taka að sér að nokkru eða öllu leyti þessi bráðabirgðalán, sem tekin voru hjá Landsbankanum og Útvegsbankanum með ábyrgð ríkissjóðs á vertíðunum 1948 og 1949. Skilyrði fyrir eftirgjöf eru þau sömu og í 2. gr., sem sé meðmæli skilanefndar og að undangenginni athugun hennar á hag viðkomandi útgerðarmanns. Með þessu er ekki stefnt að því, að þetta nái til allra útgerðarmanna, heldur aðeins þeirra, sem ekki gætu staðið undir þessu að öðrum kosti, en hafa skilyrði til að halda áfram útgerð. Það er því í frv. fyrst og fremst stefnt að því að veita 2 ára gjaldfrest á afborgunum í stofnlánadeildina og til Fiskveiðasjóðs Íslands, í öðru lagi að rýmka skilyrði, sem sett voru fyrir veitingu aðstoðar samkv. l. nr. 100/1948, í þriðja lagi að heimila ríkisstj. að taka að sér þessi bráðabirgðalán, sem ríkið gekk í ábyrgð fyrir vegna framhaldandi síldveiða sumurin 1948 og 1949, og loks í fjórða lagi að lækka dráttarvexti við stofnlánadeildina niður í ½%.

Ég vil svo bæta þeirri ósk við, að vegna þess, að nú situr skilanefndin að störfum og nauðsynlegt er, að hún geti hraðað störfum sínum sem mest, en getur ekki tekið fullnaðarákvarðanir í þessu fyrr en séð verður, hvernig þessari málaleitan verði tekið hér, að nauðsynlegt er fyrir alla aðila og sérstaklega fyrir bátaútvegsmenn, að mál þetta fái hraða og góða fyrirgreiðslu hér í þinginu, og vil ég beina þeirri ósk til þeirrar hv. n., sem um þetta mál fjallar, að hún taki tillit til þess, að störf skilan. standa föst, unz útséð verður um afgreiðslu þessa máls. Ég tel æskilegast, að hv. sjútvn. hefði fjallað um þetta mál, en ég held, að þau mál, sem fjalla um dýrtíðarráðstafanir, hafi jafnan verið í hv. fjhn., og ef svo er, vil ég ekki brjóta

út af þeirri venju og tel, að málinu sé vel borgið í hendi hennar. Ég vil svo leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og endurtaka ósk mína um góða og hraða afgreiðslu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á tvennt í sambandi við þetta mál. Annað er efnisatriði, en hitt er formsatriði. Í frv. er gert ráð fyrir að lengja lánstímann um 2 ár til þeirra, sem síldveiðar hafa stundað. En nú óttast ég, að ýmsir útvegsmenn, sem ekki hafa stundað síldveiðar, hafi átt erfitt með að greiða afborganir af stofnlánum sínum, og gæti nú orðið skothent, ef þessi frestur verður veittur síldarútvegsmönnum, að ganga að öðrum útgerðarmönnum vegna vangreiddra afborgana. Nú vil ég beina því til n., hvort ekki sé rétt að hafa þetta víðtækara, svo að ekki sé gengið misjafnlega að mönnum í þessu efni. Ég hef ekki neina ákveðna till. í þessu efni, enda er þetta aðeins 1. umr. um málið, en vil benda hæstv. ráðh. og hv. n. á það, að nauðsyn er að skoða þetta vandamál niður í kjölinn, áður en málið fer lengra.

Hitt atriðið er það, að í 3. gr. er farið fram á heimild til að gefa eftir bráðabirgðalán þau, sem Landsbankinn og Útvegsbankinn veittu með ábyrgð ríkissjóðs árin 1948 og 1949. Eins og hæstv. ráðh. gat um, voru nokkur slík lán veitt á ábyrgð ríkissjóðs, en til þess skorti lagaheimild, en ríkisstj. var því öll sammála að veita þessi lán. En nú finnst mér formlegra að setja lagaheimild um þetta inn í þetta frv. — Það var aðallega þetta tvennt, sem ég vildi benda hér á, og þó einkum það fyrra, sem þarf sérstaklega að taka til athugunar.

Pétur Ottesen: Ég vil segja nokkur orð út af þeirri till. að vísa máli þessu til fjhn. Frv. þetta er um breyt. á II. kafla laga nr. 100 frá 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, og það eiga að vera rök fyrir því, að þetta frv. verði lagt fyrir hv. fjhn., að það frv. lá fyrir þeirri n., þegar það var hér til umr. En ég vil benda á það, að önnur ástæða var til þess, að það frv. lá fyrir þeirri n., nefnilega III. kaflinn, sem er um dýrtíðarsjóð, en hann er um stórfellda tekjuöflun og var því afgerandi í því, að málið færi til fjhn. En nú er um allt annað að ræða, þar sem um er að ræða heimild handa hæstv. ríkisstj. til að gefa eftir lán, sem hún hafði gengið í ábyrgð fyrir handa síldarútvegsmönnum, og að frestað verði afborgun á lánum þessara sömu aðila. Það, sem Alþ. á að vega og meta, er nauðsyn sjávarútvegsins á þessu, og á málið því að sjálfsögðu að fara til sjútvn. og hljóta þar þá þinglegu meðferð, sem mál fá í n. Ég mun bíða með að koma með till. um þetta, unz ég sé, hvort hæstv. ráðh. breytir ekki till. sinni.

Þá langar mig til að vita, þar eð 2. gr. gefur tilefni til þess, hvort hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér að gera sömu ráðstafanir gagnvart áhvílandi sjóveðum og hún hefur áður gert, þ. e. að leyfa sjóveðin, og eins, hvort ákvæði í frv. þessu ná til skyndilána, sem tekin hafa verið til að leysa sjóveð, sem falla bráðum í gjalddaga og litlar líkur eru til, að hægt verði að leysa. Í 2. gr. er talað um þá, sem síldveiðar stunduðu 1945—49, og virðist því átt við eftirgjöf á slíkum lánum, sem stofnað er til í því skyni að leysa sjóveð, enda þótt það sé ekki tekið skýrt fram. Ég vil því, að það komi skýrt fram, hvort svo sé, en það verður að vera, svo að hægt sé að koma bátunum út, og ef það er ekki, verða n. og Alþ. að gera eitthvað til að kippa þessu í lag. Ég vonast eftir skýringu frá hæstv. ráðh. og hvort hann álíti ekki rétt að gera hliðstæðar ráðstafanir og 1948 og áður í 2 eða 3 skipti.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að ræða einstaka liði þessa frv. En þegar rætt er um dráttarvexti, þá er það svo um þau útgerðarfyrirtæki, sem hafa borgað afborganir, en borgað hafa mikla dráttarvexti, að það væri sanngjarnt að endurborga þá, svo að þau væru ekki verr sett en hin, sem ekki hafa verið látin borga þá. Enn fremur er fleira í frv., sem horfir til bóta.

En það var aðallega það, sem ég ætlaði að færa hér í tal, sem kom fram hjá hv. þm. Borgf. (PO), þ. e. sjóveðin, sem hvíla á skipunum. Það er ákaflega hættulegt fyrir bæði sjómennina og fleiri að láta þessi sjóveð standa svona lengi. Ýmsir, sem á sjó hafa verið, vilja ekki fara á sjó upp á þau býti að búa við það, sem þeir hafa orðið að gera nú, þar sem þeir hafa ekki fengið upp gert fyrir marga mánuði. Ýmsir sjómenn hafa ekki verið á sjó síðan um nýár síðast. Þeir hafa ekkert fengið greitt síðan, og það er farið svo fyrir þeim, að þeir blátt áfram hræðast sjóinn af þeim ástæðum. Þó eru þeir ágætir sjómenn. Þeir segja, að þeir geti ekki verið sjómenn upp á það, að það líði sex til sjö mánuðir, þangað til þeir fái greitt fyrir sína vinnu. Þessir menn hafa sjóveð fyrir sínum kröfum, en það tekur marga mánuði að taka dóm, birta dóm, gera fjárnám og síðan auglýsa uppboð með sex til átta vikna fresti. Þá eru liðnir margir mánuðir síðan krafan var gjaldfallin, og þá var kominn aukakostnaður á þá kröfu, sem hækkar greiðslurnar um allt að 20%. Og þetta endar með því hjá yfirgnæfandi meiri hluta skipa, sem eru það góð eign, að menn vilja ekki sleppa þeim fyrir sjóveðin, að ef eigendur geta ekki leyst út sjóveðskröfurnar, þá koma bankarnir. En þegar þeir leysa þær út, þá eru þær orðnar allt að 20% hærri en ef þær hefðu verið leystar út strax, og sjómenn hafa þá líka fengið mörgum mánuðum seinna kauptryggingu sína. Og þeir eru ekki of sælir af því kaupi, sem tryggingin veitir, milli 1800 og 1900 kr. á mánuði, til lífsviðurværis.

Ég vil því gera fyrirspurn til hæstv. atvmrh. um það, hvort ekki sé tiltækilegast, að lánsstofnanir leysi til sín sjóveðin, alveg burtséð frá því, hvort skuldaskil fara fram á útgerð bátanna, til þess að leysa sjómenn úr þessum vanda og koma í veg fyrir, að þeir, vegna dráttar á greiðslum kauptryggingar til þeirra, hætti sjómennsku, og þá geri þetta, leysi inn sjóveðin sem allra fyrst. Í fyrra var þetta gert upp úr áramótunum. Nefnd var sett á laggir

í janúarmánuði. Hún starfaði sérstaklega rösklega. Ég býst við, að fá dæmi séu til þess, að opinber nefnd hafi starfað jafnrösklega, þannig að það gekk mjög fljótt að ganga frá þeim lánum, sem veitt voru þá til útgerðarinnar. En ég vil beina því til hæstv. atvmrh., að þannig lagaðar bráðabirgðaráðstafanir verði gerðar, að þessar sjóveðskröfur verði leystar út, áður en endanlega verða teknar ákvarðanir um það, hver aðferð verður höfð um þessi mál í framtíðinni.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil styðja þá till. hæstv. atvmrh., að þessu máli verði vísað til fjhn., og ég held, að það sé heppilegra en hitt, sem hv. þm. Borgf. hreyfði, að því yrði vísað til sjútvn. Ég geri ráð fyrir því, að fyrir þetta þing komi fleiri mál, sem varða sjávarútveginn, heldur en þetta og sennilega mál, sem hafa enn meiri þýðingu. — Sjálfsagt gera flestir sér það ljóst, sem nærri þessum málum hafa komið, að ráðstafanir eins og innlausn sjóveða, eftirgjafir á lánum og afborgunarfrestur komi að litlu gagni í sjálfu sér, ef ekki verði jafnframt gerðar aðrar ráðstafanir, sem meiri áhrif hafa til frambúðar. Ég geri ráð fyrir því, að till. um þau mál hljóti að koma fram innan skamms frá hæstv. ríkisstjórn. Þá verður þeim málum að sjálfsögðu vísað til fjhn., og ég hygg, að þá færi bezt á því, að þau mál, sem nú eru til umræðu, verði þá einnig hjá þeirri n., enda var sú löggjöf, sem fyrirhugað er að breyta með þessu frv., í þeirri n. á síðasta Alþ. En jafnframt því, sem ég styð þessa till. hæstv. ráðh., að málinu verði vísað til fjhn., vildi ég leyfa mér að beina til þeirrar hv. n. fáeinum orðum í þessu sambandi. Ég hef orðið þess var, að sumir hv. þm. hafa talið, að óeðlilegur dráttur hafi orðið á því, að skilanefnd sú, sem hér hefur verið um rætt, lyki störfum. En ég ætla, að þetta frv. sýni, að við því hefur ekki verið að búast fram að þessu, að hún gæti bundið endi á störf sín. Það mun sem sagt hafa komið í ljós, að til þess að þau störf, sem henni var falið að vinna, bæru árangur, væri óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir, sem ekki var á valdi n. að gera. Og það, sem þá reyndist mest aðkallandi, var það, sem 1. gr. frv. hljóðar um. Nú mun fjöldi útgerðarmanna skulda stofnlánadeildinni og fiskveiðasjóði eins til tveggja ára afborganir af stofnlánum, og það, sem þyngst hvílir á útgerðarmönnum, undir eins og þessar stofnanir fengju tækifæri til að innheimta, eru einmitt þessar afborganir. En eins og kunnugt er, þá er það þannig nú, viðkomandi þeim útgerðarmönnum, sem sótt hafa til skilanefndar um aðstoð samkv. dýrtíðarl., að ekki er hægt að gera aðför, fyrr en mál þeirra hafa verið afgreidd í skilanefndinni.

Ég geri ráð fyrir, að þær breyt., sem farið er fram á í þessu frv., séu misjafnlega aðkallandi. Ég held, að það skipti ekki mestu máli fyrir útgerðarmenn, hvað ákveðið verður nú um aðstoðarlánin, sem veitt hafa verið úr ríkissjóði. Þessi lán hafa verið veitt, eins og hæstv. ráðh. tók fram, þrem sinnum eftir að síldveiðin hefur brugðizt, fyrst á árinu 1945, þá um 4 millj. kr., svo 1947 um fimm millj. kr. og loks á árinu 1949 6,5 millj. kr., eða sem næst því. Þetta er til samans nær 15.5 millj. kr., sem ríkissjóður á hjá þessum útgerðarmönnum. Ég geri ráð fyrir, að ekki hafi verið gengið út frá því, að ríkissjóður gengi ákaflega hart eftir þessum lánum, þannig að hætta væri á því, að skipin beinlínis stöðvuðust á næstu vetrarvertíð af þeim ástæðum. Þó er þess að geta viðkomandi lánunum frá síðasta vetri, að þau lán eru tryggð með sjóveði í skipunum, sem fyrst fellur niður ári eftir, að lánin hafa verið veitt, og þess vegna getur verið óhægt fyrir útgerðarmenn að fá rekstrarlán, meðan þessi sjóveð eru ekki leyst af skipunum, með eftirgjöf veðréttarins eða á annan hátt. Þess vegna kann að vera aðkallandi að leysa sjóveðin af skipunum. En að öðru leyti gæti ég trúað því, að það væri ekki það, sem mest væri aðkallandi í þessum efnum, að hraða fullnaðarmeðferð þessara aðstoðarlána hjá ríkissjóði. Hitt er aftur á móti mjög aðkallandi, að lausn fáist á því, sem talað er um í 1. gr. frv., að einhvern veginn verði séð fyrir því, að ekki sé ólokið afborgunum af stofnlánunum. Eins og tekið er fram í grg., nema þessar greiðslur, þ. e. a. s. áfallnar ógreiddar afborganir til stofnlánasjóðs og fiskveiðasjóðs, um 5,9 millj. kr. Í því sambandi er full ástæða til að benda á, að ef ekki væri veittur greiðslufrestur og ef því hefði verið að heilsa, að þessar afborganir hefðu verið greiddar, þá hefði komið þarna allmikið fé til umráða fyrir þessar lánsstofnanir, sem hægt hefði verið að verja til nýrra stofnlána. En víða er svo ástatt, að þessara stofnlána er mjög mikil þörf. Mörg fyrirtæki hafa gert sér vonir um að fá stofnlán, sérstaklega úr stofnlánadeildinni, en hafa alls ekki getað fengið þau, vegna þess að ekkert hefur verið fyrir hendi, og sums staðar hafa framkvæmdir jafnvel stöðvazt með öllu, vegna þess að ekki hefur verið hægt að veita þessi lán. Ég hygg því, að þetta, að nú kemur til mála að færa þessar afborganir „aftur fyrir", þannig að þær komi ekki til með að verða innheimtar að svo stöddu, hljóti að verða sérstök hvöt fyrir þingið til þess að reyna að finna leið til þess, að hægt verði eigi að síður að veita nokkur stofnlán til þeirra, sem mesta þörf hafa fyrir þau, þó að dráttur verði á greiðslu umræddra afborgana. Það er áreiðanlega rík nauðsyn á því að gera einhverjar ráðstafanir í því sambandi, t. d. með því annaðhvort að sjá þessum lánsstofnunum fyrir nýju fjármagni eða t. d. að fara þá leið, sem bent hefur verið á hér á þinginu, að auka starfsfé fiskimálasjóðs. Frv. um það hefur, að því er ég hygg, verið lagt fyrir hv. Ed.

Ég vil svo segja það um 2. gr. frv., að náttúrlega má gera ráð fyrir, að það geti komið til mála, að framkvæmd hennar þýði það, að meira eða minna af aðstoðarlánunum verði beinlínis gefið eftir, án þess að um aðrar eftirgjafir verði að ræða. En ákvæði gr. miða að því, að slíkar ráðstafanir verði hægt að gera án þess að fullnægt sé skilyrðum dýrtíðarl. um það efni, sem sé, að menn verði að ná

samningum við aðra lánardrottna en ríkissjóð. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Viðvíkjandi bráðabirgðalánum, sem veitt voru árin 1948 og 1949, er mér ekki kunnugt um, hvað þar var um háar upphæðir að ræða. Þetta eru lán, sem bankarnir veittu síldveiðiskipunum með ábyrgð ríkissjóðs til þess að koma í veg fyrir, að þau hættu veiðum. Og ég ætla, að það sé ekki tekið fram í grg., hvað hér sé um háar upphæðir að ræða.

Hv. þm. Borgf. og hv. þm. Siglf. hafa rætt hér nokkuð um sjóveðin fyrir sumarið 1949. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. sjútvmrh. muni ræða það mál.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af aths., sem komið hafa hér fram, vildi ég segja í fyrsta lagi út af aths. hv. 1. þm. S-M. (EystJ), að ég er honum samdóma um, að vel gæti komið til álita að hafa 1. gr. frv. eitthvað víðtækari. En frv., eins og það liggur fyrir, er nú samið í fullu samræmi við löggjöf um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sem það er bæði viðauki við og breyt. á, og í allri þeirri löggjöf er sérstaklega miðað við, hvað aðstoðina snertir, síldveiðimennina, vegna þeirra sérstöku óhappa, sem þeir hafa orðið fyrir. Hitt er svo til athugunar hjá hv. n., hvort fært væri að láta þessi ákvæði ná lengra, og er ég alveg samdóma hv. þm. um það, að vandræði geta verið hjá einstökum bátum tilfinnanleg, þó að þeir hafi ekki verið á síldveiðum, þó að þar sé ekki um eins samfelldan hóp að ræða, sem óheppnin hafi sett í kreppu. Það er sjálfsagt líka rétt athugað hjá hv. þm., að lagaheimild fyrir þessari aðstoð, sem ríkisstj. hefur í tvö sumur beitt sér fyrir, að veitt yrði, mun ekki vera til, og er það réttmæt ábending, að það sé tekið til athugunar, þegar málið verður athugað í hv. n. Það mætti sjálfsagt koma fyrir í því þeirri heimild, til þess að gera þær aðgerðir að fullu löglegar, sem ég veit, að hv. þm. eru sammála um, að fyrrv. stjórn hafi gert rétt í að framkvæma.

Hv. þm. Borgf. (PO) spurði, hvort ég liti svo á, að 2. gr. frv. fæli í sér heimild til þess að leysa inn sjóveðin nú. Ég verð að svara því neitandi, að hún gerir það ekki. Hann og hv. þm. Siglf. hafa undirstrikað nauðsynina á því, að eins eða hliðstæðar aðgerðir færu fram viðkomandi sjóveðunum nú og fram fóru 1945, 1947 og 1948. Á þetta mál var drepið fyrir skömmu af hv. þm. Ísaf. (FJ) hér í hv. þd., og gerði hann fyrirspurn út af þessu atriði, sem ég þá svaraði þannig, að það hefðu engin tilmæli borizt rn. um þess háttar aðgerðir, þ. e. sams konar aðgerðir á þessu hausti og í fyrra, ekki á neinn formlegan hátt, og lægju því í raun og veru ekki fyrir. Litlu síðar las ég það í einu dagblaðanna hér í sambandi við fundarskýrslu, og framkvæmdastjóri Landssambands íslenzkra útgerðarmanna borinn fyrir því, að hann hefði ítrekað farið þess á leit við sjávarútvegsmálarn., að þetta yrði gert. Ég kannaðist ekki við það og hringdi til hans og spurði, á hvaða hátt eða eftir hvaða leið eða í hvaða formi þessi tilmæli hefðu verið fram borin, því að mig ræki ekki minni til þess. Sagði hann þá, að þetta væri rangt eftir sér haft, og kannaðist við, að hann hefði ekki komið með neitt slíkt í rn. Ég skýt þessu hér inn í til skýringar. En fyrir mér stóð málið þannig í haust, að ég lagði þannig út þá þögn, sem yfir því hvíldi, að það væru ekki nema þá mjög lítil brögð að því, að sjóveðskuldir hefðu safnazt á sama hátt og gerðist á þeim árum, er kreppuráðstafanirnar hafa verið gerðar. Ein af ástæðunum fyrir því, að ég leit svo á, var sú, að ekkert lá fyrir um þetta efni frá neinum aðila, og önnur sú, að þar, sem ég þekkti bezt til, vissi ég til, að sjóveðskuldir höfðu ekki safnazt. Svo kann að vera, að einhverjir séu með sjóveðskröfur, sem er ólokið, en það er á það að minnast, að í þau skipti, sem aðstoð hefur verið veitt í þessum efnum, þá hefur ekki verið fyrir hendi sú löggjöf, sem nú er fyrir hendi um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sem í II. kafla hefur ákvæði um aðstoð til síldarútvegsmanna, og það er einmitt sú aðstoð, sem hér er verið að reyna að víkka út með þessu frv. og gera öflugri. Ég skal játa, að það væri náttúrlega mjög þægilegt, ef maður væri þannig í stakk búinn að geta eftir hverja vertíð leyst inn frá því opinbera þessi sjóveð, sem safnast fyrir, vangreitt kaup. En ég ætla nú, samt sem áður, að hv. þm. muni nú líka dálítið skilja það, að ríkið má ekki vera í kapphlaupi við aðra aðila í því að leysa slíkar kröfur. Það er dálítil hætta í því fólgin, ef það verður að vana, að það þyki sjálfsagt, að ef einhver hluti bátanna getur ekki borgað kaup, þá sé það greitt úr ríkissjóði. Það væri mjög æskilegt að geta það. En hversu holl regla það væri, skal ég láta ósagt. Til dæmis á síðasta ári var vel úr þessu greitt og málið vel fyrir stjórnina lagt af aðilum, sem þá álitu vera mjög bágborið ástand, sem og var, hjá síldarútvegsmönnum. Og þá var tekinn upp sá háttur að fara ekki sömu braut og farin var 1945 og 1947, að fá lán til þess að leysa sjóveðin, heldur beinlínis veitt fé úr ríkissjóði til þess, því að 6 millj. kr. voru teknar upp á fjárl. fyrir árið 1949, sem ég lagði til, að beinlínis yrðu af hendi leystar til greiðslna í þessu skyni, að undangenginni rannsókn, sem þá fór fram, og gerði ég það til þess að reyna að hætta skuldasöfnun ríkissjóðs í þessu skyni. Þetta fór nú skaplega. Áætlunin reyndist að vísu heldur lág, og vegna þessa þurfti síðar að bæta við hálfri millj. kr., svo að 6½ millj. kr. gjöld voru sett í fjárl. í þessu skyni. Ef eitthvað svipað ætti nú að gera, væru tvær leiðir fyrir hendi, að taka lán, og sjálfsagt í bili í öllu falli, og líka væri sú leið fyrir hendi að taka upp fjárhæð í fjárl. í þessu skyni, sem ég af skiljanlegum ástæðum veit ekki á þessari stundu, hve þarf að vera mikil. Ég skal á hinn bóginn engan veginn taka fyrir það, að að einhverju leyti kynni að vera þörf á einhverjum aðgerðum í þessum efnum, en ég ætla, að það sé ósannað, hve mikil eða viðtæk sú þörf er, og ég hef tilhneigingu til þess að ætla, að hún muni engan veginn vera eins mikil að vöxtum nú og hún var s. l. ár, en þá var fjárhæðin til þess að leysa þessi sjóveð um 6 millj. Ég tel, að um þetta megi ræða og athuga það,

en sem sagt, menn verða að gera sér það ljóst, að það að fara út í slíka innlausn á sjóveði yrði ekki gert með öðru en láni frá ríkinu. Það er náttúrlega satt, að menn verða leiðir á því, hvaða atvinnu sem þeir stunda, að fá ekki kaup sitt goldið, en ég held, að ef litið er á það, sem gerzt hefur 1947 og 1948 og raunverulega er verið að gera nú með framkvæmd skilanefndarl., þá verði ríkissjóði ekki borið á brýn, að hann hafi ekki í öll þessi skipti leitazt við að leysa þessi vandræði eftir föngum. En menn mega líka athuga, að það er ekki einasta þetta, sem þarf að reiða af hendi fyrir útgerðina af ríkisins hálfu, heldur sennilega öll þessi kreppulán líka og í viðbót þau bráðabirgðalán, sem ég minntist á, fyrir utan það fé, sem lagt er fram til styrktar útveginum beinlínis í fjárl. og líka sem uppbætur á útflutningsvörur. Þegar litið er á það, hvað þarfirnar eru margar og knýjandi, þá er það náttúrlega sjálfsögð skylda allra, sem um þetta mál fjalla, að auka ekki að óþörfu kröfur á ríkið í þessum efnum, en hins vegar er þeim jafnskylt að leita eftir leiðum til þess að leysa það, sem brýn nauðsyn krefur, að leyst sé, og þá líka sjóveðin, en einvörðungu að undangenginni mjög mikilli athugun. Þetta getur komið til umræðu meðal þeirra aðila og í þeirri hv. n., sem um þetta fjallar, en menn mega ekki horfa fram hjá því, að allar kröfur, sem samþykktar eru í þessum efnum, kosta fjárframlög af hálfu þess opinbera.

Viðvíkjandi því, til hvaða n. mál þetta eigi að fara, virðist mér það ekki skipta miklu máli, og ætti það ekki að þurfa að skaða þetta mál neitt, þó að það væri látið ganga til fjhn., vegna þess að í því eru svo mörg atriði, sem vissulega eru fjárhagsatriði og þau stór. Virðist mér því rétt að halda sig við þá till., sem ég gerði í öndverðu, og sé ekki ástæðu til annars en fylgja þeirri venju, sem verið hefur varðandi sams konar löggjöf, sem gengið hefur í gegnum þingið, og verði þessu frv. vísað til fjhn. Hins vegar getur svo auðvitað hv. d. haft sinn hátt á því, ef henni sýnist annað og aðrir vilja gera till. um að beina málinu í aðra átt. Vil ég leyfa mér að láta í ljós það álit mitt, að ég ber jafnmikið traust til hv. fjhn. til þess að gera grein fyrir þessu máli eins og ég mundi bera til hv. sjútvn., og vona ég, að það verði ekki til trafala réttum framgangi málsins.

Pétur Ottesen: Ég skal nú ekki ræða miklu frekar um það, til hvaða n. málið eigi að fara. Samkvæmt eðli sínu, eins og frv. er hér, finnst mér það eigi tvímælalaust að fara til sjútvn. og að þeir menn, sem hv. d. hefur valið til þess að fjalla alveg sérstaklega um málefni sjávarútvegsins, ættu að hafa aðstöðu til þess öðrum fremur að vega og meta þá nauðsyn, sem hér er fyrir hendi um það, að sú fyrirgreiðsla, sem í þessu frv. felst, falli sjávarútvegsmönnum í skaut. Vil ég þess vegna gera það að till. minni og vænti, að hæstv. forseti taki það til athugunar, að þessu máli verði vísað til sjútvn., og sker þá hv. d. náttúrlega úr um það. Ég tel það ekki vera rök í þessu máli, þó að sams konar mál og þetta væri í fjhn. á síðasta þingi eða fyrir síðustu áramót, eins og ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni, og skal ég ekki fjölyrða um það frekar.

Hæstv. atvmrh. hefur nú upplýst hér, að ekki muni hafa borizt óskir til sjútvmrn. frá útgerðarmönnum um það, að þeim yrði veitt aðstoð til þess að létta á þeim vegna þeirra sjóveða, sem á þeim hvíla og halda allri útgerð að sjálfsögðu að meira eða minna leyti þar af leiðandi í óvirku ástandi. Það er nú svo, að sá aðili, sem sérstaklega kæmi hér til greina fyrir hönd útvegsmanna, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, er að hefja hér sinn árlega aðalfund núna þessa dagana, og máske stafar það af því, að nokkur dráttur hefur orðið á því hjá landssambandinu að halda þennan fund, að þessum óskum hefur ekki enn sem komið er verið komið á framfæri. Þó ætla ég, að allmargir, sem búa við það erfiðleikaástand, sem óleystar sjóveðskröfur valda, hafi átt tal um þetta við þá skilanefnd, sem nú situr á rökstólum og hefur þetta mál til meðferðar. Og máske stafar þetta nokkuð af því, að ýmsir menn hafi ekki snúið sér beint til sjútvmrn. eða litið á það sem þann aðila, sem þeir ættu að beina máli sínu til í þessum efnum, þó að það sé kannske á misskilningi byggt. Ég ætla þess vegna, að óskir komi áreiðanlega fram um þetta, svo mjög sem skórinn kreppir að hjá ýmsum, sem voru á síldveiðum á s. l. sumri, vegna þess að þeir hafa ekki getað leyst öll sjóveð sökum aflabrests, sem hefur verið mjög mikill og því miður mjög almennur. Hitt er náttúrlega alveg rétt — já, ég beindi máli mínu til hæstv. ráðh., sem heldur nú uppi einkaviðræðum —, að það ætlast enginn til, að hæstv. ríkisstj. eða Alþingi hafi á hendi neitt framboð að fyrra bragði um fjárframlög í slíkum efnum, og kemur vitanlega ekki til greina að veita neina slíka aðstoð nema brýn og óhjákvæmileg nauðsyn sé fyrir hendi í þessum efnum. Ég ætla, að ekki sé hægt að bera þeim á brýn, sem staðið hafa fyrir þessum málum af hálfu hins opinbera, eins og kannske mátti skilja á hæstv. fjmrh., að þeir hafi gert gyllingar til, að sjávarútvegsmenn væru að óþörfu að bera fram slíkar óskir til þess opinbera. Það er síður en svo, enda hefur ekki verið gripið inn í að þessu leyti, nema óhjákvæmileg nauðsyn hafi verið fyrir hendi, og er það vitanlega ekki mín meining, sem held því fram, að nú sé þannig ástatt, að ekki verði hjá því komizt að fara þessa leið, að það sé gert öðruvísi en að þrautprófuð og ótvíræð nauðsyn sé fyrir hendi til þess að koma bátaflotanum í virkt ástand. Ég veit ákaflega vel, að það eru vissulega fyrir hendi fullkomnir erfiðleikar hjá ríkissjóði að inna slíkar greiðslur af hendi. Þó að hæstv. fyrrv. fjmrh. sé þessu náttúrlega allra manna kunnugastur, þá þekkjum við, sem á þingi sitjum, þá erfiðleika, sem þarna er um að ræða. En hinu verður ekki litið fram hjá, að eina vonin til þess, að úr geti rætzt um þessa erfiðleika, er sú, að atvinnuvegir landsmanna og þá einkum þeir, sem standa undir framleiðslunni, geti gengið, og annað er það vitanlega ekki, sem réttlætir það,

að undir vissum kringumstæðum sé hlaupið undir bagga, þegar sérstaklega stendur á, eins og hér hefur átt sér stað undanfarið með síldveiðiflotann vegna hins þráendurtekna aflabrests á síldveiðunum. Ég geng þess því ekki dulinn, að það mun ekki vera til fé í ríkiskassanum til þess að inna af hendi slíkar greiðslur, heldur mundi verða að grípa til þess í bili að taka lán til þess að geta innt þetta af hendi. — Það er líka á fleiri sviðum, sem verið er að fara inn á þá braut, sem fullkomin ástæða er til að líta á, bæði af hæstv. ríkisstj. og Alþ. Ég get bent á eitt slíkt dæmi, sem nú liggur fyrir mjög augljóslega. Hér var á síðasta þingi í þinglokin samþykkt heimild til handa ríkisstj. að verja 4 millj. kr. til uppbóta á laun starfsmanna ríkisins árið 1949. Þetta hefur snúizt þannig í höndum fyrrv. ríkisstj., að eins og stofnað hefur verið til greiðslnanna, hafa þær þrefaldazt, þannig að gert er ráð fyrir, að árleg útgjöld af þessum sökum verði ekki 4 millj. kr., heldur 12 millj. Ég sé ekki, að í fjárlfrv. því, sem lagt hefur verið fram nú, sé gert ráð fyrir tekjum til þess að standa undir svona miklum aukagreiðslum í launum, ég hef ekki fundið það. Eins er ástatt um þessar till., sem hér liggja fyrir, að þær eru ekki byggðar á því, að hægt sé að inna þessar greiðslur af hendi, og ekki á því, að enn sé búið að sjá fyrir þessum tekjum á næsta ári, og máske hefur orðið að taka lán til þess að inna af hendi þessar greiðslur, sem þegar er búið að greiða. — Ég bendi á þetta út af því, sem hæstv. ráðh. sagði í sambandi við það, að slíkar ráðstafanir þyrfti að gera í sambandi við hjálp til útvegsins, en ég tel líka rétt að hafa það í huga með aðrar greiðslur, sem eins stendur á um.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins minna á það í þessu sambandi, að hliðstæðu máli við þetta hefur áður verið vísað til fjhn., en það var frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. vegna lántöku fyrir þá, sem stunduðu síldveiðar á þessu sumri.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði, vil ég taka það fram, að ég mælti ekki á móti því sérstaklega, að aðstoðarlán væru gefin eftir, en ég sagði, að sumar ráðstafanir væru þýðingarmeiri, t. d. þær, sem um getur í 1. gr. frv., þýðingarmeiri t. d. en ráðstafanir 2. gr. Hitt er svo annað, að eftirgjöf lána er vandaverk í framkvæmd. En um þetta skal ég ekki fjölyrða, en vil aðeins skjóta því fram í sambandi við sjóveðin, að þar er um að ræða vafasamt úrræði frá sjónarmiði sjómanna, ef ár eftir ár á að heimila ríkisstj. að innleysa þau. Það mundi ekki flýta fyrir því, að sjómenn fengju kauptryggingu greidda. Annars er það rétt, að svo miklu leyti sem mér er það kunnugt, að ekki mun hafa borið á því eins mjög nú og í fyrra sumar, að kaup síldveiðisjómanna væri ógreitt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 11:7 atkv.

Nefndaráliti frá fjhn., á þskj. 768, var útbýtt 15. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Ríkisborgararéttur.

Á 8. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [58. mál] (stjfrv., A. 77).

Á 10. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það hefur verið venja að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, byggt á þeim umsóknum, sem fram hafa komið. Nú liggur fyrir um þetta frv., eins og vant er. Sumar þær umsóknir, sem borizt hafa, fullnægja alls ekki þeim skilyrðum, sem lögin gera ráð fyrir nú samkv. 4. gr. l. Um sumar þessar umsóknir geta verið vafaatriði. En ég taldi rétt að taka þá eina til greina, sem segja má, að ótvírætt sé, að ættu að fá réttinn, það fólk, sem hér hefur dvalið og er af íslenzku bergi brotið, eða menn, sem giftir eru íslenzkum konum og hafa verið hér lengi. En þær umsóknir, sem liggja fyrir, verða bráðlega sendar þinginu, og þær geta þá komið til athugunar hv. n. og þeirra hv. þm., sem vilja gera brtt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 28. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 77, n. 487).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Eins og segir í nál. á þskj. 487, hefur allshn. orðið ásátt um að leggja til, að d. samþykki frv. með þeim brtt., sem hermir á nefndu þskj.

Fyrir n. lágu margar umsóknir um ríkisborgararétt, og hún hefur í till. sínum farið eftir gömlum lagafyrirmælum og fornri venju um að veita þeim einum ríkisborgararéttinn, sem uppfylla skilyrði laganna um veitingu ríkisborgararéttar að þessu leyti. Eins og tíðkazt hefur, hefur það verið látið nægja um fólk, sem er af íslenzku bergi brotið, að eigi væri rétt að gera það að höfuðskilyrði, að það fólk þyrfti að hafa dvalizt eins lengi í landinu og

menn af öðrum þjóðum, og því er líka í till. n. farið eftir þeirri venju. Hinu sama máli gegnir og í þessum till., varðandi veitingu ríkisborgararéttar, um fólk, sem komið er hingað frá Norðurlöndum. En auk þeirra manna, sem eru frá þessum þjóðum eða svona er ástatt um, þá er hér í brtt. n. lagt til, að nokkrum mönnum, sem fæddir eru í Þýzkalandi, verði veittur ríkisborgararéttur. Þeir uppfylla öll skilyrði l. nema eitt. Flestir hafa dvalizt miklu lengur en krafizt er, tekið sér hér fasta bólfestu og eru að öllu leyti orðnir íslenzkir þegnar. Sumir hafa unnið hér jafnvel áratugum saman, hafa bezta orð á sér fyrir reglusemi og ástundun og eiga hér börn. Flest þeirra eru fædd hér á landi og njóta hér fræðslu í skólum ríkisins, og má segja, að föðurland flestra þessara manna hafi verið hér. Fólk þetta uppfyllir m. ö. o. öll þau skilyrði, sem krafizt er, að séu í lagi, að einu undanskildu, sem eigi er hægt að ætlast til, að menn geti uppfyllt, eins og nú er ástatt, en það er hegningarvottorð frá Þýzkalandi. Eftir ófriðinn er svo mikið rót og truflun á öllu þar í landi, að ómögulegt er að afla þaðan slíks vitnisburðar frá yfirvöldum þess lands. En fólk þetta hefur vottorð um búsetu sína hér á landi og hegningarvottorð héðan og er það óaðfinnanlegt í alla staði og í bezta lagi. Þegar þannig er ástatt, sá n. eigi ástæðu til annars en leggja til, að öllu þessu fólki verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja hér feril hvers manns. Þess getur í brtt., af hvaða bergi hver og einn sé brotinn. — Ég held þá, með skírskotun til gagna þeirra, sem fyrir liggja, að þetta sé nægjanlegt.

En auk þessa lágu fyrir umsóknir frá öðrum mönnum um veitingu ríkisborgararéttar. N. sá þó eigi ástæðu til eða varð ekki sammála um að taka þar fleiri upp, enda skortir á, varðandi meginþorra þeirra, sem um ríkisborgararétt sóttu eftir á, að fullnægjandi skilyrði séu fyrir hendi, eins og tíðkazt hefur. Margir þeirra hafa dvalizt of stuttan tíma hér á landi. Þá hefur dvalartími annarra slitnað sundur, þó að skjöl þeirra séu að öðru leyti í lagi og ekki annað sjáanlegt en sumir þeirra, meðan eigi verður annað séð, muni geta öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt innan skamms, ef þeir dveljast áfram á Íslandi, fullnægjandi skilyrði séu uppfyllt að því leyti og að öðru leyti verði þá skjöl þeirra í lagi.

Ég sé svo eigi ástæðu til að taka fleira fram. Þessi atriði virðist mér að skipti höfuðmáli.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mig langar til að fá gleggri upplýsingar hjá hv. frsm. allshn. um það úrval, sem n. hefur gert á umsóknum þeim, sem fyrir hafa legið. Hann talaði um, að menn þeir, sem væru af þýzkum uppruna, væru aðeins menn, sem hefðu hið bezta orð á sér, og varðandi hina, sem skildir hefðu verið eftir af þeim, sem sótt hefðu um ríkisborgararétt, þá væri þar um menn að ræða, sem eitthvað athugavert væri við, dvalartími þeirra hefði slitnað sundur eða þ. u. l. Ég er hræddur um, að þetta mál þurfi betri rannsóknar með. Ég vil t. d. spyrja um, hvernig á því standi, að sá aðili, sem er nr. 11 í nál. á þskj. 487, Max Keil, skuli fá íslenzkan ríkisborgararétt. Ég býst ekki við, að hann hafi verið allan þann tíma hér á landi, sem krafizt er, og vildi vita, hvers konar upplýsingar hafi legið fyrir í umsókn hans.

Þá talaði hv. frsm. allshn. um það, að fyrir flestum þeirra, sem n. hafi verið sammála um að veita ríkisborgararétt, hefði Ísland verið föðurland. Ég vil nú spyrja, hvort það yrði rétt, ef á reyndi. Ég held, að við verðum að vera ofur lítið gætnir í þessu, og satt að segja hefur verið sýnd svo mikil gætni eða íhaldssemi af hv. allshn., að undanfarin ár hefur hún ekki fengizt til að leggja til, að menn, er dvalizt hafa hér á landi í 10—12 ár, eigi gert sig seka um neitt, lifað sem Íslendingar og tala málið, fengju ríkisborgararétt. Þeim hefur verið neitað um hann. Ég býst við, að sumar umsóknir, sem legið hafa fyrir, hafi verið frá þessu fólki, og þætti mér vænt um að fá upplýsingar um það. Það getur ekki gengið að gera þannig upp á milli manna, að sé einhver maður þekktur sem nazisti, þá sé sjálfsagt að veita honum ríkisborgararétt, en sé hann verkamaður og innan verkalýðshreyfingarinnar, þá eigi að útiloka hann frá honum, þó að hann annars uppfylli öll skilyrði. A. m. k. hagar svo til um þann mann, er ég nefndi, að rétt er, að slitnað hefur sundur dvöl hans hér á landi, og ég held, að þetta mál þyrfti að athuga vel, áður en lagt sé til um þá menn, sem sérstaklega stendur á um, að þeim sé veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Við vitum, að margir umsækjendur hafa bætzt við af þýzkum uppruna. Mér hefur verið sagt, að upp undir 40 þýzkar stúlkur, sem komið hafa hingað til lands á vegum búnaðarsamtakanna og eru nú giftar, hafi öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt, og það er full ástæða til fyrir okkur, þótt ég vilji engan veginn taka afstöðu á móti Þjóðverjum almennt, að athuga þessi mál. En það er ekki ánægjulegt að vera á fundi í deildinni að ræða persónulega afstöðu einstakra manna, og yrði það heldur kosið, þá vildi ég ræða við hv. allshn. um þær till., sem þar liggja fyrir. Svo er hitt, að það er alltaf leiðinlegt að taka persónuleg mál til meðferðar á opinberum vettvangi. Ég vildi m. ö. o. ræða um þessa menn, áður en greidd verða atkv. um þá. Það fer eftir upplýsingum hv. n. um þessa menn, hvort legið hafi fyrir þær upplýsingar, sem ættu að liggja fyrir frá íslenzkum stjórnarvöldum. Getur hv. form. n. upplýst þetta. Ég vildi þó leggja til, að einn til tveir menn yrðu felldir brott og aðrir teknir í staðinn, þeir er öðlazt hafa alveg ótvíræðan rétt, sem 10—12 ára dvöl veitir, unnið hér og starfað og þar með öðlazt rétt til að verða íslenzkir ríkisborgarar.

Mér þætti því vænt um að fá þessar upplýsingar. En sé ekki talið heppilegt að ræða þessa menn hér sérstaklega, er ég viðbúinn til að ræða um þá við form. n. eða n. alla.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Mér virtist sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) gæti hugsað sér að bera fram frekari brtt. um veitingu ríkisborgararéttar til erlendra

manna. Er honum það að sjálfsögðu frjálst, svo framarlega sem þeir fullnægja ákvæðum l. um veitingu ríkisborgararéttar. Ég gat þess aðeins, að brtt. þær, er hér liggja fyrir, hefðu verið samþ. af allri n., og aðrir menn eru eigi bornir fram enn af hálfu hennar. Nú er 2. umr. málsins, og er því sjálfsagt að íhuga það nánar, ef eftir er að athuga einhver atriði. Ég er þess fullviss, að hv. form. allshn. muni vilja veita hv. 2. þm. Reykv. viðtal um þessi efni, og þá mundi hann hreyfa slíku í n. milli umr. Finnst mér því ekki þurfa að fresta þessari umr., þar eð 3. umr. er eftir.

Hv. þm. gerði eina brtt. n. að umtalsefni, þá að veita dr. Max Keil íslenzkan ríkisborgararétt. Mér skildist á ummælum hv. þm. eins og hann telji, að þessi maður muni hafa verið nazisti á sinni tíð. Um það get ég eigi borið. Ég ætla þó, að framkoma dr. Max Keil hér á landi hafi eigi borið vitni um það í kynnum fólks af honum, né heldur hafi þess gætt í starfi hans. Þessi maður kom hingað til lands árið 1930 og stundaði kennslu við Háskóla Íslands og fleiri opinbera skóla. Hefur hann getið sér hér hið bezta orð fyrir prúðmannlega framkomu og góða kennslu. Annað veit ég ekki. Hann dvaldist hér á landi til ársins 1940, þegar Bretar komu og tóku hann sem aðra þá, sem voru af þýzku bergi brotnir, en þá fóru þeir með hann af landi burt. Hann var því búinn að dveljast hér um tíu ára bil. Hann var kvæntur íslenzkri konu, og eiga þau hér börn saman, en þau hafa sem börn íslenzkra ríkisborgara gengið hér í skóla. Árið 1948 kom dr. Max Keil aftur hingað til lands, þegar honum var það leyfilegt, og síðan hefur hann dvalizt hér. Hér votta tveir velþekktir borgarar þessa bæjar um framkomu dr. Max Keil hér á landi, þeir dr. Alexander Jóhannesson og Eiríkur Ormsson. Gefa þeir honum góðan vitnisburð. Enn fremur votta þeir, að hann skilji og skrifi íslenzka tungu og víst mjög vel. Þá fylgja hér vottorð frá tveimur mönnum um það, að dr. Max Keil hafi starfað hér í tveimur skólum. Að öðru leyti eru hér öll þau vottorð, sem hentug eru til að öðlast ríkisborgararétt, nema hegningarvottorð vantar frá Þýzkalandi, eins og er hjá öðrum, sem sækja nú um íslenzkan ríkisborgararétt. — Ég ætla, að þar eð ekki liggur fyrir, svo að ég viti til, og ég hygg, að ég megi segja það af hálfu n., annað en þessi skjöl, sem öll eru í bezta lagi varðandi umsækjandann, þá sé eigi auðvelt fyrir n. að gera till. um annað en hún gerir. Ég hef eigi þekkt neinn þann, sem haft hefur nokkuð við framkomu þessa manns að athuga eða borið um, að hann hafi haldið pólitískum skoðunum sínum að mönnum hér á landi, og er hæpið frá því sjónarmiði að gera aths. við brtt. n. Ef um eitthvað slíkt er að ræða, þá er bæði mér og n. gersamlega ókunnugt um það, og vottorð þeirra sæmdarmanna, sem ég gat, ættu að vera trygging fyrir því, að framkoma þessa manns hafi verið góð á allan hátt. Ég hygg því, að eigi verði fundið að till. n. af þeim ástæðum, að hún hefði getað gert annað. Eins og málið liggur fyrir, þá nýtur dr. Max Keil einskis umfram aðra í því að njóta jafnréttis, og slík till. verður að vera byggð á þeim grunni.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég hygg, að það hafi verið svo um þá Þjóðverja, þýzka ríkisborgara, sem dvöldu hér í stríðsbyrjun, að þeir hafi yfirleitt verið meðlimir í nazistaflokknum þýzka. Um þetta liggja fyrir skýrslur í dómsmrn., og er vorkunnarlaust fyrir hv. allshn., ef hún vill fá upplýsingar þar um, að fá þau skjöl til athugunar. Annað mál er það, hvort hv. allshn. álítur, að slík þátttaka í pólitískum öfgaflokki ætti að verða þess valdandi, að menn, sem hafa átt þá þátttöku í þeim flokki, ættu ekki að fá íslenzkan ríkisborgararétt, eftir að hafa dvalið hér 10 ár samfleytt í landinu, en mér skilst, að í þessu tilfelli vilji og hv. n. gera undantekningu. Ef ég man rétt, þá eru í lögum um íslenzkan ríkisborgararétt ákvæði um það, að eitt af skilyrðunum fyrir því, að menn fái íslenzkan ríkisborgararétt, sé það, að menn hafi átt samfellda 10 ára búsetu í landinu, áður en umsóknin um ríkisborgararéttinn berst Alþ. í hendur. Ef 10 ára búsetan er eitthvað slitin, jafnvel þó að hún hafi verið alls um lengri tíma en þetta, ef hún slitnar eitthvað í sundur, þá er ekki í l. um íslenzkan ríkisborgararétt gert ráð fyrir, að menn geti öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt. Ég hygg, að ég muni það rétt, þannig að hv. allshn. sé í þessu tilfelli að gera undanþágu frá því, sem annars er ákveðið í l. frá Alþ. Hv. frsm. n. leiðréttir þetta efalaust, ef þetta er misminni hjá mér. Ég hef ekki l. þessi fyrir mér hér, en hygg, að þau séu svona. Yfirleitt voru þeir þýzkir borgarar, sem hér dvöldu, aðrir en konur þessara manna, fluttir til útlanda í stríðsbyrjun. Og mér er þá spurn, hvort ekki muni standa líkt á um nr. 8 og nr. 21 í brtt. n. eins og um nr. 11, að þeir hafi verið fluttir úr landi þannig og skorti um þá nokkuð upp á, eins og um nr. 11, að þeir hafi haft samfellda 10 ára búsetu hér á landi, áður en umsóknir þeirra um ríkisborgararétt bárust Alþ. Ég vildi gjarnan fá þetta upplýst hjá hv. frsm. allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. frsm. allshn. hefur nú gert nokkra grein, frá sínu sjónarmiði, fyrir því, sem ég ræddi hér. Hann kom nú samt ekki inn á spursmálið um, að dvöl þess manns, sem ég sérstaklega ræddi um, hefði slitnað í sundur, og af hverju ekki væri tekið tillit til þess. Ég gat þess áðan, að ég vildi ógjarnan ræða persónuleg mál manna á opinberum vettvangi. En þessi mál eru þannig, að það er eðlilegt, að þau séu athuguð og það betur en gert hefur verið. Hv. þm. Ísaf. (FJ) hefur nú nokkuð minnzt á þetta, og ég vil minna á, að hér voru meira að segja mjög heitar umr., hér í þessari hv. d., út af dvalarleyfi fyrir einstaka menn af þessum mönnum, þar sem þeim var af páv. dómsmrh., hv. þm. Ísaf., neitað um dvalarleyfi hér. — Nú vildi ég, út frá þessu, sem hv. frsm. hv. allshn. hefur sagt, benda honum á, af því að hann lauk ræðu sinni með því að tala um, að það væri aðeins verið að láta gilda jafn-

rétti, þegar lagt er til, að Max Keil væri látinn fá ríkisborgararétt, — ég vildi benda honum á, að í umsóknum þeim, sem liggja fyrir, er umsókn frá manni, sem heitir Heinz Friedlaender. Þessi maður kom til landsins 1935, hefur verið hér í 15 ár og hefur aldrei farið til útlanda síðan hann kom hér. Hann er giftur, á hér tvö börn, talar íslenzku og hefur unnið sem verkamaður allan þennan tíma, við landbúnað 1935 og síðan hér í Reykjavík og er nú vélsmiður. Hann hefur ágæt vottorð og ágætt álit, og hann var í Þýzkalandi sviptur ríkisborgararétti á sínum tíma af þáverandi stjórnarvöldum, þegar Hitler réð þar. Þessi maður hefur ekki enn þá fengið íslenzkan ríkisborgararétt, og hv. allshn. hefur nú ekki séð ástæðu til að leggja það til að þessu sinni. Þetta er ekki jafnrétti. Ég álít, að ef hv. n. ætlar að láta jafnrétti gilda um þetta, þá eigi hún ekki að taka einstaka menn út úr á þennan hátt, menn, sem hafa allan þann rétt til þess að fá íslenzkan ríkisborgararétt, sem almennt er gert sem forsenda í lögum. Ég vil nú vonast eftir því, að hv. allshn. athugi þetta mál betur, ef hún hefur ekki einhverjar þær upplýsingar að gefa, sem geti breytt áliti manns á þessu, sem ég held, að séu ekki fyrir hendi. — Að svo komnu ætla ég ekki að gera þetta frekar að umtalsefni. Það var minnzt á það af hv. frsm. n., að það væri betra, ef hægt væri að láta málið ganga áfram til 3. umr. nú. Ja, ef þær brtt., sem hér liggja fyrir, eru teknar til baka til 3. umr., hef ég ekkert við þetta að athuga. En ég álít ekki rétt, að svo komnu máli, að láta nú eins og stendur greiða atkv. um brtt. Ég vildi, að hv. allshn. endurskoðaði afstöðu sína um þá menn, sem umsóknir hafa sent, en hún hefur ekki lagt til, að fengju ríkisborgararétt, og þá um nokkra einnig, sem hún hefur tekið í till. sínar.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla, að ég hafi tekið fram í minni fyrstu ræðu, viðvíkjandi tímanum, sem menn þyrftu að hafa dvalið hér á landi áður en þeir fengju ríkisborgararétt, að sá tími væri 10 ár. Svo að það er ekki vafamál um slíkt, þ. e. a. s., að menn, sem eru af erlendu þjóðerni, fæddir utanlands, þurfi að hafa átt hér heima í 10 ár til þess að geta fengið íslenzkan ríkisborgararétt. Og þessir menn, sem eru nefndir í brtt. allshn., eru búnir að uppfylla þetta skilyrði alveg, að heita má. Ég þori ekki að segja, hvort það kann að vera svo um einn eða tvo af þeim, að það vanti örfáa daga upp á, að þeir hafi dvalið hér á landi í 10 ár samfleytt, og eru það Þjóðverjar. En þetta stafar þá af því, að þeir voru teknir af Bretum og farið með þá til Englands á stríðsárunum, þannig að þeir hafi ekki alveg verið búnir að fylla 10 ára búsetutímann hér á landi, þegar þeir voru þannig, móti þeirra vilja, fluttir af landi burt. Nú hafa þeir dvalið hér síðan um tíma. Svo að þegar tekið er tillit til þess, að ekki skakkar meiru en þessu um búsetutímann, sem er þeim líka, eins og ég tók fram, gersamlega ósjálfráður hlutur, og að öðru leyti er ekkert sérstakt við menninа að athuga, heldur eru öll þau skilríki, sem umsóknum um ríkisborgararétt eiga að fylgja, í bezta lagi þeim viðkomandi, þá ætla ég, að tæpast væri réttlátt að gera slíkt ákvæði svo einstrengingslega gildandi, ákvæðið um 10 ára búsetu í landinu samfleytt, að þeir væru upp á nýtt látnir bíða, þar til þeir hefðu dvalið 10 ár samfleytt í landinu, áður en þeir fengju íslenzkan ríkisborgararétt. Og ég hygg nærri því, að fyrir dómstóli mundi það vera talið fullgilt, ef í þessu tilfelli eða tilfellum, sem ég nefndi, væri haldið fram, að 10 ára búsetuskilyrðinu væri fullnægt, þar sem mönnunum, sem ég gat um, var það gersamlega óviðráðanlegt, að þeir urðu að fara úr landi áður en 10 ára dvölin fullnaðist hér á landi. Þar sem þeim var það ómáttugt að uppfylla þetta skilyrði og þeir voru móti þeirra vilja hindraðir frá því, þá hygg ég jafnvel, að í dómi mundi þeim ekki vera talið það áfátt að hafa ekki uppfyllt þetta skilyrði, þannig að þeir ættu að geta fengið ríkisborgararétt, ef allt annað væri í lagi, sem krafizt væri. Hvað þetta snertir, þá ætla ég því, að telja megi með sanngirni, að þessu skilyrði sé hjá þessum mönnum, sem ég gat um, fullnægt. Og þess ber að gæta í þessu sambandi, að þessir menn eru hér kvæntir íslenzkum konum og eiga börn með þeim, og er sjáanlegt, að þeir koma til með að dvelja í þessu landi áfram. Mér dettur ekki í hug, að það komi fram af hálfu stjórnarvaldanna íslenzku neitt um að reka þá burt, þannig að þeir fái t. d. ekki landsvistarleyfi. Það dettur mér ekki í hug, að neinum detti í hug að leggja til. Og þá get ég ekki séð, að neinar ástæður séu gegn því að veita þeim þessi réttindi. Og þegar tillit er tekið til þess, hvert ástand ríkir í heiminum, þá er það nú enn skiljanlegra, að þessum mönnum sé hugarhaldið að öðlast hér þessi réttindi, svo að þeir, hvað það snertir, geti verið óhultir í þessu landi áfram, þar sem þeir eiga hér konur og börn.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) endurtók nú í sinni seinni ræðu, vil ég segja, að ég lét þess getið strax, að um þessa brtt., sem hér liggur fyrir, var samkomulag innan allrar n., og annað hefur ekki verið borið hér fram. Hv. 2. þm. Reykv. vék hér að einni umsókn, þ. e. umsókn frá Heinz Friedlaender, og sagði, að hann væri búinn að dvelja hér á landi í 15 ár, og það er alveg rétt. En um till. um ríkisborgararétt honum til handa var ekki samkomulag innan allrar n. Ég þekki ekki þann mann og skal ekki fjölyrða um hann. Hann hefur í lagi sín vottorð, svo að því leyti er ekkert til fyrirstöðu. Út af fyrir sig, ef maður veit ekki neitt nánar, þá er það ekki neitt, sem sérstaklega skiptir máli, þó að einhver hafi verið sviptur ríkisborgararétti í sínu eigin heimalandi. Það getur verið, að þannig sé ástatt um slíkt, að það sé alls ekki hægt að finna það manninum til foráttu. En út af fyrir sig, ef maður þekkir ekkert af manninum, þá er a. m. k. hæpið, hvort það eru meðmæli, ef maður veit ekkert meira.

Nú vil ég heita hv. 2. þm. Reykv. því, að af minni hálfu mun ég mjög gjarnan vilja, að

þetta sé athugað nánar, sem hv. þm. var að tala um. Ég hef orðið þess var líka, að það hefur ekki komið hér umsókn fram, sem átti að vera komin til n. fyrir nokkru. Ef hún kemur fram, þá verður það mál að sjálfsögðu athugað fyrir 3. umr., og þá er hægt að taka till. til frekari athugunar, sem fyrir hendi hafa legið, þó að n. hafi ekki flutt brtt. út frá þeim. Ég vil því vænta þess, að hv. 2. þm. Reykv. hafi ekki á móti því, að málið gangi nú áfram til 3. umr. og þar með brtt. n., því að það má vissulega eins koma að brtt. við málið við 3. umr., þó að 2. umr. sé lokið. Ég hef ekkert umboð af hálfu n. hvorki til þess að óska, að umr. sé frestað um málið, né til að taka aftur brtt. til 3. umr. Ég vænti, að hv. 2. þm. Reykv. geti fallizt á þetta.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það mun vera rétt, sem hv. frsm. minntist á um 10 ára búsetu þeirra, sem hér er lagt til, að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt. Hinu tók ég ekki eftir, að hann leiddi athygli að því, að búseta þriggja umsækjendanna sennilega hefur slitnað í sundur um alllangt skeið, þannig að þeir uppfylla alls ekki það, sem gert er ráð fyrir í l., að þeir þurfi að uppfylla, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum, en þó því aðeins, að þeir hafi verið búsettir hér á landi samfleytt 10 ár hin næstu áður en þeir beiddust ríkisborgararéttar.“ Með því að leggja til, að þessir þrír, sem ég gat um áðan, fái hér ríkisborgararétt, þá er Alþ. að víkja frá reglu í þessum l. Það er ekki til neins fyrir hv. frsm. að neita því. Annað mál er það, hvort honum finnst ákaflega áríðandi fyrir íslenzka ríkið eða af öðrum ástæðum nauðsynlegt að víkja frá þessari reglu, eða rétt af því, að þessir menn voru fluttir úr landi, ekki fríviljuglega. En út frá þessari reglu er verið að víkja, og það þýðir ekki að reyna að draga dul á það, þó að hv. frsm. þyki kannske rétt, að það sé gert.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég vék einmitt að þeim ástæðum í ræðu minni, sem urðu þess valdandi, að ekki var alveg hægt að uppfylla nákvæmlega orðanna hljóðan í löggjöfinni, viðvíkjandi þessum mönnum um búsetuskilyrðið. En með till. n. ætla ég, að anda þeirrar löggjafar sé fullkomlega fylgt. Eftir skilningi hv. þm. Ísaf. ættu þeir menn, sem fluttir voru móti vilja sínum af landi burt örfáum dögum áður en þeir væru búnir að fylla 10 ára búsetutímann, að falla undan því að vera taldir hafa uppfyllt þetta ákvæði l. um búsetu hér á landi. Um þann mann, sem ég gat um í minni fyrri ræðu, er það að segja, að hann vantaði fáa daga til þess að hafa dvalið hér á landi í 10 ár samfleytt, er hann var fluttur af landi burt af Bretum 1940 til Englands. Þar áður hafði hann óskað eftir að fá íslenzkan ríkisborgararétt, en það var varla að búast við því, að það væri samþykkt þá, þar sem maðurinn var farinn úr landinu. Ef ætti að fylgja þessu ákvæði bókstaflega, sem hv. þm. Ísaf. minntist á, þá ætti ekki að veita mönnum ríkisborgararétt fyrr en þeir væru búnir að dvelja óslitið hér á landi í 10 ár. Og það var það, sem ég gerði áðan að umtalsefni, að ef ekki hefði komið gagnvart þessum mönnum sú hindrun, sem þeim var ósjálfráð og þeir á engan hátt gátu ráðið við, á því, að þeir uppfylltu búsetuskilyrðið, þá væru þeir nú búnir að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt. Og þar sem svona er ástatt um þetta fólk, eins og ég hef áður lýst, þá finnst mér það ekki vera rétt að synja þeim um að fá þennan rétt hér. Með því að veita þeim íslenzkan ríkisborgararétt væri áreiðanlega fullnægt anda l. í þessu efni. Mér finnst, þar sem allt annað er í lagi viðkomandi umsókn þessara manna, þá sé þetta mannúðarmál líka fyrir þingið, hvernig það afgreiðir slíka samþykkt, og ég ætla, að slíkt kunni að vera nokkurs virði fyrir fleiri en aðeins þá, sem þessa eiga að njóta, einnig þá, sem hafa það á valdi sínu, hvernig afgreiðsla málsins fer.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er aðeins út af því, sem hér hefur nokkuð verið deilt um, sem ég vildi segja nokkur orð, sem sé það, hvort brotnar séu reglur ríkisborgararéttarlaganna með því að veita manni ríkisborgararétt, sem hindraður hefur verið frá því að uppfylla 10 ára búsetuskilyrði þeirra l., áður en þessi réttur sé honum veittur. Ég tel, að það sé nokkurt atriði í þessu sambandi, að hv. þm. sé ljóst, þegar talað er um brot á reglum ríkisborgararéttarl., að það er nú svo, að þessar reglur ríkisborgararéttarl. hafa mjög oft verið brotnar. Alþ. hefur mjög oft veitt mönnum ríkisborgararétt án þess að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt, og í því sambandi er því bara á venjulegan hátt verið að brjóta þessa reglu þeirra laga, því að ég held, að óumdeilanlega hafi ríkt sá skilningur á Alþ., að ríkisborgararéttarl. settu ekki fram annað en leiðbeiningarreglur, sem eigi að sýna í aðalatriðum, hvernig eigi að fara um veitingu ríkisborgararéttar, en Alþ. geti vikið frá, því að Alþ. má veita mönnum ríkisborgararétt með l. Og það þing, sem á sínum tíma setti ríkisborgararéttarl., getur ekki bundið það þing, sem nú situr, við þær reglur, sem þar eru settar. Þó að þessar reglur hafi því verið settar fram í l. sem venja, er eðlilegt væri, að fylgt væri, þá hefur oft verið frá þessu ákvæði vikið. Og það sýnist aldrei vera fremur ástæða til þess að gera það en þegar svona stendur á eins og hér, að útlendingur, sem um er að ræða, er fluttur af landi burt, án hans óska og honum ósjálfrátt með öllu, aðeins fáum dögum áður en hann hefði annars uppfyllt búsetuskilyrði l. Og oft hefur verið vikið frá þessu búsetuákvæði l., þegar um hefur verið að ræða fólk af íslenzku bergi brotið, m. a. þegar um hefur verið að ræða konur, sem hafa misst íslenzkan ríkisborgararétt og flutzt aftur heim. Það hefur ekki verið fylgt þeirri reglu um þær, að þær væru látnar uppfylla 10 ára búsetuskilyrðið áður en þær fengju íslenzkan ríkisborgararétt. Og sama hefur verið látið gilda um aðra, sem af íslenzku bergi hafa verið brotnir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins út af ummælum hv. frsm. n. um meðferð málsins. Ég vil gjarnan, fyrst það liggur fyrir, að hv. n. muni ætla sér að athuga málið á milli umr. og þá þessar umsóknir, sem ekki eru fluttar brtt. um, fresta fyrir mitt leyti að koma fram með brtt. nú. Ég vil ekki standa í vegi fyrir því, að málið gangi áfram, en mun flytja brtt. við 3. umr., ef þess skyldi gerast þörf. Vonast ég til þess, að hv. n. athugi rækilega það, sem hér hefur komið fram í þessum efnum. Og sérstaklega vil ég vona, að það, sem hv. frsm. n. sagði, að n. vildi láta þá, sem um ríkisborgararétt hefðu sótt, njóta jafnréttis, það verði þá gert við 3. umr., þannig að bætt verði þá úr því í þessu efni, sem aflaga fer nú.

ATKVGR.
Brtt. 487 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 85., 89., 99. og 100. fundi í Nd., 18. og 27. apríl, 11. og 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Kosningar til Alþingis (kjördagar í kosningunum 1949).

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942* [20. mál] (stjfrv., A. 21).

Á 4. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er um staðfestingu á brbl., sem gefin voru út s. l. sumar, þegar kosningar í haust höfðu verið ákveðnar, þess efnis, að heimilt væri að hafa fleiri en einn kjördag. Brbl. voru samin eftir tilsvarandi ákvæðum, sem sett voru 1942, en til viðbótar var sett heimild fyrir þriðja kjördegi, og hefur þessi ráðstöfun ekki verið gagnrýnd. Hér er um umliðið atvik að ræða, sem ekki verður aftur tekið, en sjálfsagt þótti þó að leggja málið fyrir til meðferðar á hv. Alþingi. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 81).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta, og mæla nm. allir með því, að það verði samþykkt óbreytt, nema 1. landsk. þm. (BrB), sem ekki var á fundi n., þegar þetta var rætt.
Frv. þetta er um samþykkt á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin í sambandi við síðustu kosningar, og er eins konar kvittun til ríkisstj. fyrir því, að hún hafi þar ekki gert nein afglöp.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., 13. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Viðskiptasamningar milli Íslands og Póllands.

Á 3. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um framkvæmd gildandi viðskiptasamninga milli Íslands og Póllands [23. mál] (stjfrv., A. 27).

Á 5. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Viðskiptasamningar þeir, sem í gildi voru milli Íslands og Póllands þar til nú fyrir fáum dögum, voru frá 14. júní 1948 og 7. apríl 1949. Gert var ráð fyrir jafnvirðiskaupum á milli landanna, þó þannig, að vöruverðið var reiknað í Bandaríkjadollurum. Þegar breytingin varð á gengi pundsins gagnvart dollar, þá

leiddi af henni, ef ekki var að gert, að vörur frá Póllandi hefðu stórhækkað í verði og náttúrlega útflutningsvörur okkar þangað sömuleiðis. Nú eru aðalvörurnar, sem við kaupum af Pólverjum, kol, en þó er nokkuð af kolum keypt í Englandi, og hefði þá skapazt slíkur verðmunur á kolum, að ekki var við það unandi. Hins vegar var verð á útflutningsvörum til Póllands mjög hagstætt, svo að pólski markaðurinn var með okkar allra beztu mörkuðum, og eftir gengisbreytinguna hefði verð á útflutningsvörum þangað orðið óeðlilega hátt. Pólverjar héldu fast við ákvæðið um að miða verð vörunnar við dollar, og fékkst þá samið um að láta gamla dollaraverðið gilda. Í framkvæmd er þetta þannig, að stofnaður er sjóður á þann hátt, að skattur er tekinn af öllum útflutningi til Póllands, þannig að útflytjendur fá gamla dollaraverðið fyrir vörur sínar. Sjóðurinn er síðan notaður til þess að greiða niður pólskar innflutningsvörur. Þótti öllum þessi leið hin ákjósanlegasta, til þess að viðskiptin gætu haldið áfram sem áður, án þess að nokkur biði fjárhagslegt tjón af. Þá er þess og að geta, að fyrir gengisbreytinguna skuldaði Landsbankinn 700 þúsund dollara í Póllandi og hefði því orðið fyrir tapi, ef ekki hefði verið að gert. Nú er sjóðurinn, sem ég gat um áður, notaður til þess að greiða þessa skuld jafnframt því að greiða niður innflutningsvörur frá Póllandi, eins og ég rakti áðan. — Ég hygg, að ég hafi ekki að svo stöddu fleira um þetta að segja, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 370).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Þegar viðskiptasamningurinn milli Íslands og Póllands var gerður 1949, var það gert á grundvelli jafnvirðiskaupa. Allar greiðslur skyldu fara fram í dollurum, en pólska þjóðbankanum og Landsbankanum falið að annast þessi clearing-viðskipti. Nú var pólsku vörunum skipað hingað fyrr en hægt var að afgreiða þær, sem láta átti í staðinn, en við það myndaðist skuld í bankanum, enda mun ekki vera búið að flytja allar vörurnar út enn. — Eins og kunnugt er hækkaði gengi dollarsins gagnvart íslenzkri krónu á árinu 1949, og varð það til þess, að setja varð brbl. þau, sem hér er leitað staðfestingar á, enda verður að telja, að það hafi verið eina færa leiðin eins og á stóð. Fjhn. hefur athugað málið og komizt að raun um réttmæti þess og leggur því til einróma, að það verði samþ. Að vísu skrifar einn nefndarmaður (BrB) undir nál. með fyrirvara, en mér er ekki fyllilega ljóst, á hverju sá fyrirvari byggist. — Að svo mæltu vil ég endurtaka þá till. n., að málið verði samþ. óbreytt.

Forseti (BSt): Þar sem einn nm. fjhn. skrifar undir umrætt nál. með fyrirvara, en sá þm. er ekki staddur hér í d. eins og er, mun ég fresta þessu máli um sinn.

Síðar á fundinum var umr. um málið fram haldið.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og vil með fáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna. Ég er samþykkur því, sem í fljótu bragði virðist vera efni frv., sem er það að jafna verð á innfluttum og útfluttum vörum frá Póllandi, þannig að verðhlutfallið haldist það sama og það var, áður en gengisbreytingin var gerð. En þegar betur er að gáð, þá er þessi verðjöfnun ekki aðalefni frv., heldur hitt, að bæta Landsbankanum upp svokallað gengistap, vegna skulda, sem hann var í við pólska þjóðbankann, þegar gengislækkunin varð. Þetta er langsamlega stærsti hluti þeirrar upphæðar, sem hér er um að ræða, langsamlega stærsti hluti þeirrar upphæðar, sem heimilt er að halda eftir af andvirði pólskrar vöru, sem um ræðir í frv. Þessu er ég andvígur og það af eftirtöldum ástæðum: Ég sé ekki neina nauðsyn bera til þess að láta Landsbankann hafa sérstöðu fram yfir allar aðrar stofnanir og aðila í landinu, að því er þetta varðar. Það hafa sjálfsagt ýmsir orðið fyrir sams konar gengistapi, ýmsir aðilar, sem höfðu skuldað í gjaldeyri, sem hélt sínu háa gengi eftir að gengisbreytingin varð, en þeim hefur að engu leyti verið bætt það tap. Engum slíkum aðila, sem fyrir gengistapi hefur orðið, hefur verið bætt það upp, nema Landsbankanum. Hann er látinn hafa hér sérstöðu. Landsbankinn virðist ekki vera svo illa á vegi staddur, að nokkur nauðsyn sé fyrir slíka uppbót, þar sem hreinn gróði hans s. l. ár mun hafa verið um 18 millj. kr. Auk þess er vafasamt, hvort hægt er að kalla gengistap slíkt sem þetta raunverulegt tap. Bankinn verður að vísu að greiða fleiri krónur, en þær eru bara að sama skapi verðminni. Hagur bankans fer ekki eftir því, hvað hann á margar íslenzkar krónur í seðlum, heldur hvað hann á mikið í verðmætum gjaldeyri og gulli til tryggingar þeim. Það væri fróðlegt að fá að vita, hvernig þessu verður fyrir komið í gildandi samningum við Pólland, því að hér er aðeins um að ræða fyrri viðskiptasamninga. Fjhn. óskaði eftir að fá þennan samning hjá ríkisstj., og munu vera liðnir þrír mánuðir síðan, en samningurinn er ekki kominn enn, svo að mér er ókunnugt um, hvernig ríkisstj. hugsar sér, að þessu verði fyrir komið í viðskiptum samkvæmt gildandi samningum. Ef frv. um gengislækkun o. fl., sem nú liggur fyrir Nd., nær fram að ganga, þá hækka pólskar vörur frá því, sem þær voru áður en gengisbreytingin varð í haust, um rúmlega 150%, þ. e. a. s. þær 2½-faldast í verði, þegar báðar gengisbreytingarnar leggjast saman. Sömuleiðis margfaldast verð fyrir þær vörur, sem seljast til Póllands, með 2½, þær hækka um rösklega 150%. Ef nú útflutningurinn til Póllands hefur verið fullsæmdur af því verði, sem

fengizt hefur fyrir gengisbreytinguna í haust, hvað verður þá eftir gengisbreytinguna, sem nú er fyrirhuguð? Þess vegna er þetta aðalatriðið, sem við hljótum að spyrja um, hvernig þessu verði fyrir komið á yfirstandandi ári, þegar horfur eru á 150% hækkun á vörum, keyptum og seldum frá Póllandi. Þess vegna hef ég ekki talið ástæðu til að koma með brtt. við frv., þar sem hér er um brbl. að ræða, sem búið er að framkvæma að langmestu leyti. Ég vildi aðeins láta þessa skoðun mína í ljós.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mál þetta, sem er komið frá hv. Ed., er staðfesting á brbl., sem sett voru á s. l. sumri út af gengisfellingu pundsins gagnvart Bandaríkjadollar, og gengur í þá átt, að útflytjendur, sem selja til Póllands, fái sama verð í íslenzkum krónum eins og ef kaupgengi dollarsins væri sama og áður, en ekki 9,32 kr., eins og nú er, og er þetta nauðsynlegt, til þess að ríkisstj. þurfi ekki að standa skil á þeim mismun, sem þarna myndast.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 744).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Manntal.

Á 5. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um manntal* [34. mál] (stjfrv., A. 45).

Á 7. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Frv. samhljóða þessu var lagt fyrir síðasta þing, og fylgdi ég því þá úr hlaði, skýrði tilgang þess og höfuðinnihald. En frv., er kom seint fram, komst bara til n. í þessari hv. d. Með því að félmrn. þótti rétt að leggja það fram á ný, er það fram komið. Ég tel, að ýmis ákvæði frv., ef að l. verða, muni bæta mjög hið ófullkomna manntal, er verið hefur hér um alllangt skeið, en manntalið hefur undirstöðuþýðingu fyrir margvíslegar athuganir, sem þarf að gera í þjóðfélaginu. Ég ræddi málið, er það lá fyrir þinginu síðast, og skal ekki nú endurtaka það, sem ég sagði þá. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit frá allshn., á þskj. 755, var útbýtt 15. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum.

Á 5. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum* [35. mál] (stjfrv., A. 46).

Á 7. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur á tveimur þremur síðustu þingum legið fyrir þessari hv. d. Á síðasta þingi var frv. komið gegnum tvær umr. með nokkrum breyt. Frv. var fyrst samið af mþn., sem fjallaði um þessi mál. Sú eina breyt., sem gerð hefur verið á því frá því, sem var, er, að tillit hefur verið tekið til breyt., er gerð var í hv. d. við 2. umr. á síðasta þingi. Þá var bætt við nýrri gr., 29. gr., sem mælir svo fyrir, að háan söluskatt skuli greiða af löndum og lóðum, er renni í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð. Bæði vegna þess, að vilji var fyrir því í hv. d. að gera þessa breyt. og að ég er henni sammála, taldi ég rétt að taka breyt. inn. Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta frekar, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (frv. KS).

Á 2. fundi í Sþ., 16. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [3. mál] (þmfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristín Sigurðardóttir): Eins og frv. það, sem hér er flutt, ber með sér og tekið er fram í greinargerðinni, er það flutt í þeim tilgangi að auðvelda húsmæðrum að eignast nýtízku heimilisvélar, með því að fá felldan niður hinn háa skatt á rafmagnstæki til heimilisnotkunar, sem síðasta Alþingi samþykkti í lok síðastl. árs.

Skattur þessi mæltist afar illa fyrir, sérstaklega meðal húsmæðra. Fannst mörgum sem ráðizt væri á garðinn þar sem hann væri lægstur, er húsmæður áttu að greiða þennan háa skatt, ef þeim tækist að afla sér véla, sem léttu þeim erfiðustu störfin.

Ýmis kvenfélög og kvenfélagasamtök mótmæltu þessum ráðstöfunum harðlega. Húsmæðrafélag Rvíkur sendi t. d. hv. Alþingi og hverjum einstökum alþingismanni mótmæli, sem samþykkt voru á fundi félagsins 7. febr. 1949, sem ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp.

„Fundur í Húsmæðrafélagi Reykjavíkur, haldinn 7. febr. 1949, lýsir megnri óánægju yfir hinum nýja skatti á rafmagnstæki til heimilisnotkunar.

Vegna takmarkaðs vinnukrafts fjölda heimila er nauðsynlegt, að sem flestar húsmæður geti eignazt þessi þarflegu heimilistæki, og ekki ástæða til að íþyngja fólki við öflun þeirra, frekar en t. d. við kaup á landbúnaðarvélum. Skorar fundurinn á rétta aðila að leiðrétta þetta misræmi á viðunandi hátt."

Í þessu sambandi má líka geta þess, að kvenfélagasamtök hafa alltaf lagt áherzlu á, að heimilisvélar þessar, er hér um ræðir, nytu sömu kjara og landbúnaðarvélar, bæði hvað snertir tolla og innflutning. Liggja fyrir um þetta fjölda fundarsamþykktir frá fyrri árum.

Undanfarin ár hefur rafvirkjun stöðugt aukizt í landinu og eykst áframhaldandi. Við það fjölgar einnig þeim heimilum, sem þurfa á rafmagnstækjum að halda, og virðist því óhjákvæmilegt, að aukinn sé innflutningur þeirra. En jafnframt er með öllu óverjandi, að lagðir séu á þau svo háir skattar, að fátækustu, og þá oft um leið stærstu heimilin, hafi ekki efni á að afla sér þeirra og verði þess vegna að vera án þeirra lífsþæginda, vinnuléttis og vinnusparnaðar, sem rafmagnið getur veitt.

Oft hef ég dáðst að því til sveita, er ég hef séð hinar margvíslegu landbúnaðarvélar að störfum, hversu mikið þær auðvelda og létta vinnu fólksins. Heyrt hef ég líka bændur segja, að síðan notkun landbúnaðarvéla varð svo almenn sem nú er, séu störf þeirra ekki sambærileg við það, sem áður var, bæði hvað snertir vinnuafköst, vinnulétti og fólkssparnað.

Þetta er öllum ljóst. Sanngjarnt og sambærilegt við þetta virðist það, að húsmæður fái notið þess hagræðis og léttis við sín störf, sem nýtízku heimilisvélar veita þeim, og að þeim verði ekki gert ókleift að kaupa vélarnar vegna óhæfilegra skatta, sem lagðir eru á þær.

Það er í sjálfu sér óþarfi að fara um þetta fleiri orðum, ég þykist vita, að hv. alþingismenn hafi fullan skilning á þessu máli.

Vil ég leyfa mér að leggja svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. er nú fram komið, og því alveg sérstaklega, að það skuli koma frá Sjálfstæðisflokknum. Það var svo á síðasta þingi, er þessar tollaálögur voru samþykktar, að sjálfstæðismenn stóðu saman um það allir sem einn. Við sósíalistar reyndum að fá þær till. felldar, þótt ekki væri nema þennan f-lið, en Sjálfstfl. stóð þar í gegn óhagganlegur. Því ánægjulegra er, að till. kemur nú fram um að afnema þann lið með þessum hætti.

Það er rétt, sem hv. 9. landsk. sagði, að með þessu var ráðizt á garðinn þar, sem hann var lægstur. En það var erfitt að koma hv. þm. í skilning um það á síðasta þingi, að með þessu væru þeir að gera rangt. Ég veit ekki, hvort þeim kann að vera orðið það eitthvað ljósara nú, en vona þó, úr því að Sjálfstfl. ber þetta nú fram, að meiri hluti verði fyrir því á þinginu að afnema þennan toll. Og ég geri ráð fyrir, að menn séu þá líka reiðubúnir til að bæta fyrir það, sem rangt var gert, og endurgreiða það fé, sem hefur nú verið innheimt í ár með svo röngu móti. Ég mun því í fjhn. leggja til, að þetta óréttláta gjald verði endurgreitt öllum þeim, er fengið hafa heimilisvélar og orðið að greiða það síðan lögin voru samþykkt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af þessu frv. vildi ég segja það, að þegar sá skattur var ákveðinn, sem hér um ræðir, þá var hann einn liður í viðtækum ráðstöfunum, sem í heild miðuðu að því að gera ríkissjóði fært að standa undir niðurgreiðslum á matvörum, útgjöldum vegna fiskábyrgðar og ýmsum ráðstöfunum til öflunar gjaldeyris fyrir því fjölmarga, sem þjóðin má ekki án vera.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hann og hans flokksmenn lögðust á móti því, að þessar leiðir væru farnar til tekjuöflunar,

en þeir eru yfirleitt mótfallnir allri tekjuöflun. En þegar lagt var til að leggja þennan háa skatt á heimilisvélar, var það samkvæmt tillögum margmennrar ráðgjafarnefndar, er finna skyldi gjaldeyrisstofna til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum.

Ég vil ekki segja, að hér sé um svo réttlátan skatt að ræða; því mun farið sem oft er um ýmsar skattaálögur. En þeir, sem lögðu til að leggja þennan skatt á heimilisvélar, munu hafa haft hliðsjón af því, að þær höfðu undanfarið verið seldar við mjög háu verði svona manna á milli, og uppi voru raddir um, að ef þær yrðu fluttar inn frá því landi, þar sem þær voru ódýrastar, þyrftu þær ekki, enda þótt skatturinn kæmi til, að verða dýrari en gangverð hafði þá verið á þeim.

Nú skal ég ekki fullyrða um neitt réttmæti í þessum efnum, en ég fyrir mitt leyti hef sannfærzt um það, að þessi skattur kæmi mjög illa niður, jafnvel meðan gengi dollarans var óbreytt, en það breytist alveg viðhorfið, þegar dollarinn hækkar, eins og kunnugt er, úr kr. 6.50 í kr. 9.30. Þá er það sýnilegt, að þessi tæki verða ákaflega dýr og mikils til of dýr, ef svona hár innflutningstollur ætti að haldast á þeim, og væru það út af fyrir sig nægileg rök fyrir því, að því væri ekki haldið til streitu hér eftir að hafa hann svo háan sem lög nú ákveða á þessum heimilisvélum. Hitt er svo annað mál, að það mun koma í ljós síðar, að það, sem gert var ráð fyrir, þegar dýrtíðarlögin voru samin, að flutt yrði inn og gæfi ríkissjóði miklar tekjur, að sú tekjuvon hefur ekki orðið neitt því lík, sem ætlað var, og það gildir líka um heimilisvélar, blátt áfram af þeirri ástæðu, að innflutningsyfirvöldunum hefur ekki virzt vera gjaldeyrisforði fyrir hendi, sem leyfði, að mikið væri flutt inn af þeim vélum. Tel ég þó, að slíkt væri nauðsynlegt, að unnt væri að flytja inn mikið af þeim, en af augljósum ástæðum hefur það ekki reynzt eins kleift og menn gerðu sér vonir um, þegar l. voru sett. — Ég vil þess vegna fyrir mitt leyti taka undir þá till. flm., að hér sé gerð nokkur breyt. á, og kemur það að sjálfsögðu fram í fjhn. á sínum tíma, hvað langt sú n. vill ganga til þess að mæta tillögum þeim, sem fyrir liggja í þessu frv., en ég ætla, að það muni allir sansast á það nú orðið, með því háa gengi, sem orðið er á Bandaríkjadollarnum, en frá Bandaríkjunum eru þessi tæki mest og bezt keypt, og má heita, að rétt muni vera að létta að miklu leyti af þessum tækjum þeim tollum, sem menn töldu sig neydda til að lögleiða á síðasta þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Vegalagabreyting (frv. SkG).

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947* [5. mál] (þmfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég get látið nægja að vísa til þeirrar grg., sem fylgir þessu frv., og leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 23, 25, 33, 37, 41, 43, 51, 52, 66, 67, 89, 221, 241 og 261.

16. Dýrtíðarráðstafanir (frv. SG og EOl).

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir* [13. mál] (þmfrv., A. 14).

Á 5. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Guðnason): Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, af mér og hv. þáv. 11. landsk. (HermG), og náði það ekki fram að ganga. Var það flutt snemma á þinginu og lá hér um bil allan þingtímann og var afgr. síðustu daga þingsins. Fannst mér rétt að flytja það aftur og kannske vegna þess fyrst og fremst, að þetta er réttlætismál gagnvart launþegunum, en kannske engu síður fyrir þá óvenjulegu afgreiðslu, sem það fékk á síðasta þingi. Þegar búið var að fella það á síðasta þingi, var ljóst öllum mönnum, að kauphækkunarkröfur voru yfirvofandi hjá öllum verkalýðnum, bæði að því er snerti frjálsa samninga og eins hina, sem höfðu lagalega bundna samninga, og eina skynsamlega leiðin var sú að losna við vísitölubindinguna. Nú var ekki í þessari d. litið svo á þetta mál og frv. fellt í lok 2. umr. En svo skeður það á eftir, þegar búið er að fella þetta frv., 3—4 dögum síðar, að þá kemur einmitt þetta fram, sem við vorum að tala um hér í Sþ. í gær, þessi óvenjulegu vinnubrögð, að stórar fjárhæðir eru ákveðnar með þáltill. til hluta af verkalýðnum, til opinberra starfsmanna, eingöngu vegna þess, að menn, sem hér sitja á Alþingi, vita það, þegar þeir koma út til þessara félaga sinna, að það var ekki stætt á öðru, það mundu engin lög halda því, og svo er þetta enn, og því er

frv. flutt aftur, því að það er búið að sýna sig, að þetta hefur ekki verkað eins og til var ætlazt, að lækka dýrtíðina, því að dýrtíðin hefur haldið áfram að vaxa og er nú orðin 337 stig. Þar fyrir utan er viðurkennt, ekki af launþegum og ekki af neinum flokki, heldur af sérfræðingum, sem hafa reiknað það út, að vísitalan sé orðin yfir 400 stig. Og það eru farnar að koma háværar kröfur um leiðréttingu vísitölunnar, að hún sé reiknuð rétt út. Hvernig er þá hægt að standa á því, að þessi vísitala, sem er kannske 100 stigum hærri en sú, sem nú er gefin út, — að launþegar fái ekki að miða kaup sitt við hana?

Þetta mál var svo mikið rætt á síðasta þingi, að ég sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum. Ég vona, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn. Ég held, að það hafi verið þar á síðasta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Hvíldartími háseta á togurum.

Á 3. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l. [18. mál] (þmfrv., A. 19).

Á 5. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er orðið nokkuð gamalt í þessari hv. d., því að það er fyrst flutt 1946. Árið 1947 var kosin n. til að athuga málið, en sú n. hefur ekki skilað áliti enn og ekkert hefur heyrzt frá henni. Það þótti því ástæða til að flytja málið enn þá. Það er merkilegt, að á þessum tveimur þingum, sem málið var flutt, 1946—1947, þá hefur aldrei farið fram atkvgr. um það. Því hefur verið ýtt til hliðar, og menn hafa forðazt að taka afstöðu til þess. Það eru allir sammála um, að sjómannastéttin og togaramenn afkasti einhverri allra verðmætustu vinnu í þjóðarbúið. Alls staðar þar sem ekki er rætt um kjör sjómannanna, hafa menn ekki nógu sterk orð til að lýsa þessum hetjum hafsins og hvað þeir séu fyrir þjóðarbúið. Þetta eru einu mennirnir, sem Alþ. hefur tekið að sér að vernda, svo að þeim væri ekki ofþjakað til vinnu, einu mennirnir, sem lögboðið er, að skuli hafa hvíldartíma. Maður gæti því hugsað sér, að þessi óskabörn hefðu ekki við rýrari kjör að búa, hvað viðkemur hvíld og hvað þeim er ætlað að vinna, heldur en aðrir. Sannleikurinn er sá, að áður en togaravökul. voru samþ., þá var það takmarkalaust, sem þessir menn unnu, og allir eru sammála um, að þegar þetta var lagað, fékkst meiri og betri vinna eftir mennina en áður, eins og öllum er ljóst. Nú hafa skipin stækkað, veiðarfærin eru fullkomnari og afköstin meiri en var á gömlu togurunum, en þessir menn hafa enn þá 16 tíma vinnu á sólarhring. Á sama tíma og menn eru komnir niður í 8 tíma vinnu á dag og skrifstofumenn í 6 tíma, þá er það ekki talið umtalsvert, þó að þessir menn vinni 16 tíma vinnu, svo að maður er undrandi yfir því, að öll þessi ár síðan 1946 skuli þetta ekki hafa náðst fram, að togaramennirnir skuli hafa 12 tíma vinnu. Og hefði ekki Alþ. verið búið að taka að sér vernd þessara manna, þá er ég viss um, að það væri búið að breyta því. Ég vona, að þetta verði ekki fjórða þingið, sem lætur þetta mál fara svo fram hjá sér að gera ekki eitthvað í því eða a. m. k., að það verði til viðtals um breytingu á þessu máli.

Það er svo margt búið að taka fram um þetta mál, að ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri í bili. Ég óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eins og hv. alþm. frá seinasta þingi rekur minni til, þá var frv. samhljóða þessu borið fram hér í hv. d. á því þingi, og lauk því á þann hátt, að það var gefin yfirlýsing af minni hálfu um það, að ég mundi láta skipa nefnd manna, sem athugaði, hvort hægt væri að koma á löggjöf um þetta efni, sem að einhverju leyti væri byggt á samkomulagi milli sjómanna og útgerðarmanna eða togaraeigenda. Á s. l. vori skipaði ég þessa n. þannig, eins og menn munu hafa veitt athygli, að sjómannafélögin í Reykjavík og Hafnarfirði skipa tvo menn í n. og félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda tvo. Þar að auki valdi ég einnig tvo menn af hálfu ríkisvaldsins til þess að hafa forustu í n., þá Torfa Hjartarson tollstjóra og Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómara, m. a. með hliðsjón af því, að þessir tveir ágætu embættismenn hafa hvor fyrir sig um talsverðan tíma gegnt sáttaumleitunarstarfi í vinnudeilum. Ég gat þess þá, að ég hefði talið eðlilegt, að hægt væri að leysa þetta mál á einhvern vinsamlegan hátt, á þann veg, að það hefði verið gagnkvæmur skilningur sjómanna annars vegar og togaraeigenda hins vegar um lausn málsins. Þessi n. starfaði svo í sumar og aflaði sér gagna og kynnti sér löggjöf víða um lönd í þessum efnum, um vinnuvernd sjómanna. En því miður varð niðurstaða n. neikvæð, þar sem nefndarmenn skiptust í tvennt, en embættismennirnir tóku ekki neina ákveðna afstöðu. Fulltrúar sjómanna lýstu yfir, að þeir væru því fylgjandi að koma á 12 tíma hvíld, en fulltrúar togaraeigenda lýstu sig því hins vegar algerlega andstæða og töldu, að það væri mjög hættulegt fyrir togaraútgerðina, eins og nú standa sakir. Þeir hafa ekki einungis haft í huga togarasjómenn, þegar um er að ræða hvíldartímann, heldur

hafa þeir einnig orðið þess varir, að hlutarsjómenn telja nauðsynlegt að koma á einhverjum reglum, annaðhvort með samkomulagi milli atvinnurekenda og sjómanna eða með löggjöf frá Alþ., sem tryggði sjómönnum bæði á togurum og mótorbátum vissa hvíld á hverjum sólarhring. — Alþýðusamband Íslands eða stjórn þess hefur líka athugað þetta mál, eftir að niðurstaða fékkst frá n. Stjórn Alþýðusambandsins skrifaði Alþ. bréf, og hef ég fengið eftirrit af því sent frá alþýðusambandsstjórninni um þetta mál, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þetta bréf upp. Það hljóðar svo:

„Hinn 8. júní 1948 skipaði félagsmálaráðuneytið nefnd til þess að gera tillögur um hvíldartíma togarasjómanna. Nefnd þessi hefur nú skilað tveimur álitum, sem mjög ganga hvort í sína áttina. Þar sem svo mikið ber á milli álitanna, má telja víst, að enginn árangur verði af starfi nefndarinnar. Nú er engin heildarlöggjöf til um vinnuvernd íslenzkra sjómanna (farmanna og fiskimanna). Er slíkrar löggjafar brýn þörf. Stjórn A. S. Í. leyfir sér því að skora á hið háa Alþingi að skipa þegar nefnd til þess að semja frumvarp til laga um vinnuvernd sjómanna, og verði Alþýðusambandi Íslands gefinn kostur á að tilnefna menn í nefndina, sem fulltrúa sjómannastéttarinnar."

Ég vildi aðeins láta þessi orð fylgja þessu frv., áður en það fer til n., og vil ég biðja hlutaðeigandi n. að athuga þetta bréf frá Alþýðusambandinu og er fús til þess að láta n. í té álitsgerðir og gögn þeirrar n., sem starfaði að því að ná niðurstöðu um þetta mál milli sjómannasamtakanna annars vegar og togaraeigenda hins vegar. Í gögnum þeim, sem n. aflaði, er mikinn fróðleik að finna um þetta mál meðal annarra þjóða, bæði í Norður- og Vestur-Evrópu og jafnvel í Austur-Evrópu. Tel ég æskilegt, að n. kynni sér þessi gögn sem allra bezt og einnig að hún athugi, hvort hugmynd ríkisstj. og Alþýðusambandsins um allsherjar löggjöf og vinnuvernd sjómanna væri ekki verkefni nú fyrir Alþ. að taka til afgreiðslu, svo fljótt sem kostur er á.

Annað ætla ég ekki að segja um þetta mál á þessu stigi. Ég mun láta þeirri n., sem um þetta mál fjallar, í té þau gögn, sem fyrir liggja, og einnig það bréf frá stjórn Alþýðusambandsins, sem ég hef nú lesið upp.

Flm. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessa skýrslu um málið. En ég vil benda á, að það eru tvö sumur síðan samþykkt var að kjósa n., og málið er ekki komið lengra en það, að nú er verið að hugsa um hluti, sem ekki hafa verið undir Alþ., að menn, sem eiga við það að búa, óska kannske ekki einu sinni eftir að koma til Alþ., því að það er svo, að t. d. á togurunum eru kyndarar ekki undir vökulögunum og þeir hafa samninga um 8 tíma vinnu. Ég er á því, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., að það gæti verið spurning, hvort ekki væri betra að gera samninga og afnema þá togaravökul., og ég er sannfærður um, að það væri sjómönnum betra, að lögin væru afnumin en að halda þeim á þrælaklafa þeirra. Auðvitað eru allir útgerðarmenn og atvinnurekendur ánægðir með að fá Alþ. til að vernda sitt gagnvart þeim mönnum, og ég mun beinlínis bera fram till. um, að togaravökul. verði afnumin, ef frv. verður ekki samþ. Reynslan í þessu máli er sú, að það er betra að hafa þetta í höndum sjómanna en eiga undir Alþ. með sín kjör, og það sýnir kannske ekkert mál betur en þetta, að til Alþ. er ekki að leita um réttlæti og friðindi fyrir vinnandi stéttir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. skal ég fyrst geta þess, að þó að þessi till. og yfirlýsing mín um skipun n. væri gerð á Alþ., sem telst til ársins 1947, þá var það ekki fyrr en kom alllangt fram á árið 1948, sem þetta var gert, þannig að frá því málið var afgreitt og þangað til ég skrifaði hlutaðeigandi aðilum varð enginn óþarfa dráttur af minni hálfu eða ríkisstj. í þessu máli. Hitt er svo annað mál, sem hv. 6. þm. Reykv. kom inn á, hvort ætti að afnema l. um hvíldartíma íslenzkra háseta. Ég er honum mjög andvígur, hvað þessa skoðun snertir. Við þekkjum báðir, hv. 6. þm. Reykv. og ég, sögu þessa máls frá árinu 1920 til þessa dags, og höfum báðir kannske átt þar einhvern þátt að. Það var kunnugt á sínum tíma, þegar togaravökul. voru samþ. á Alþ. 1921, að þá var það sá fengur, sem sjómannastéttin vart getur fullþakkað. 1928 eða 1929 var hvíldartíminn lengdur upp í 8 stundir á sólarhring, en í l. frá 1921 var hann ákveðinn 6 stundir á sólarhring. Það er líka aðgætandi í þessu máli, og vil ég benda hv. 6. þm. Reykv. á það, að l. ræða þarna um lágmarkshvíldartíma háseta, svo að það er jafnopið, ef hægt væri að gera samninga um lengdan hvíldartíma, og hafa sjómannasamtökin þá það öryggi að baki sér, að þeim er tryggt með l., að hvíldartíminn má ekki vera skemmri en 8 stundir á hverjum sólarhring. Ég tel, að togarasjómennirnir séu ánægðir með að hafa þessa lágmarkstryggingu, þó að þeir óski eftir að hafa hvíldartímann lengri. Ég held, að þeim væri gerður bjarnargreiði með því að fella þessa löggjöf úr gildi, jafnmikla baráttu og hún kostaði á sínum tíma og þær endurbætur, sem á henni fengust 10 til 15 árum seinna. Spurningin er svo aftur á móti um það, hvernig á að leysa það, sem fram hefur komið í þessu máli: kröfu sjómannanna um lengri hvíldartíma og andstöðu togaraeigenda við að semja um lengdan hvíldartíma á togurum.

Ég vil að lokum ítreka það, að ég tel, að þetta mál sé vandasamt og ekki auðleyst, hvorki fyrir löggjafarvaldið né sjómannasamtökin. Ég tel, að mikið sé undir því komið, að hægt verði að koma málinu áleiðis á þann veg, að hvort tveggja sé tryggt, að sjómennirnir njóti betri aðbúnaðar en áður, án þess að hætta væri á því, að slíkir samningar eða slík löggjöf hefðu í för með sér nokkuð það, er gerði það að verkum, að örðugra yrði að fást við íslenzka togaraútgerð en það er nú í dag. Þar má vissulega ekki á bæta. Þó vil ég taka það mjög skýrt fram, að ég tel það sízt

sjómönnunum að kenna. Þar eru atriði, sem koma til greina, sem enginn fær við ráðið. Hvorki íslenzka sjómannastéttin né íslenzkir útgerðarmenn valda því, að illa horfir í þessum efnum. Ég tel brýna nauðsyn bera til þess að skapa íslenzku sjómannastéttinni, bæði þeim sjómönnum, sem vinna á togurum, mótorbátum og öðrum skipum flotans, betri og öruggari aðbúð, samtímis því, að tryggt væri, að útgerðin gæti gengið með sem allra fyllstum krafti.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég býst við, að afdrif þessa frv., sem hér liggur fyrir, verði mjög mikill prófsteinn á Alþingi. Það er liðið 21 ár síðan togaravökul. var síðast breytt. 1921 og 1928 voru gerðar þær lagabreyt., sem ákváðu fyrst 6 tíma og svo 8 tíma hvíld á sólarhring á togurunum. Á þessum 20 árum hefur margt breytzt hér hjá okkur á Íslandi. Þegar þessi l. voru upphaflega sett, voru verkalýðssamtökin veik, og Alþ. sýndi skilning og velvilja gagnvart þeim með því að setja þessa verndarlöggjöf. Síðan hefur ástandið breytzt þannig, að verkalýðssamtökin eru sterk, en Alþ. hefur á síðustu 10 árum hvað eftir annað sýnt sig í því að grípa inn í gang þjóðfélagsmálanna til þess að rýra kjör verkalýðsins með löggjöf. Það er leið mynd, sem hefur komið fram, af styrkleikahlutföllunum á Alþ., þegar þessi þróun er athuguð og borin saman við það, sem gerðist á árabilinu 1921 til 1928. Það voru eftirtektarverðar upplýsingar, sem hv. 6. þm. Reykv. gaf hér áðan um það, að kyndarar á togurum, sem hafa frjálsa samninga, skuli hafa 8 tíma vinnudag á sama tíma og hásetar, sem fyrst og fremst hafa treyst á Alþ., búa við 16 tíma vinnudag, ekki sízt með tilliti til þess, að störf kyndara á nýjustu togurunum eru vafalaust miklu auðveldari en hásetastörfin á sömu skipum, en hásetarnir hafa tvöfalt lengri vinnutíma. Ég býst við, að þetta nægi til þess að sýna hv. þm., hve sanngjarnar kröfur þessar eru, sem gerðar eru til þeirra af hálfu togarahásetanna, sem sé, að Alþ. skammti þeim ekki miklu lakari rétt en þann, sem aðrir togarasjómenn hafa fengið með frjálsum samningum við atvinnurekendur. Það má vafalaust benda á það, eins og hæstv. forsrh. gerði, að auðvitað hafa sjómannasamtökin haft vald til þess að stytta vinnutímann á togurunum með samningum. Þau hefðu vafalaust getað gert það, og hvað því veldur, skal ég ekki fara að ræða hér. En hitt er gefið, að fyrst l. eru til um þetta, þá yrði vafalaust af hálfu togaraeigenda vísað á Alþ., að því þætti ekki, fyrst það hefði sett svona lágmark, að sínu leyti rétt að tryggja togarasjómönnum lengri hvíldartíma, þannig að Alþ. væri í raun og veru að leggjast á sveif með togaraeigendum með því að ganga ekki inn á að tryggja togarahásetum lengri hvíldartíma. Ef til vill minnast menn þess, að ein af þeim löggjöfum, sem merkust er á þessum áratug, var sett á mjög eftirtektarverðan hátt. Það voru l. um orlof. Sumarið 1942 hafði Dagsbrún samið um, að frv., sem fyrir Alþ. hafði legið um orlofslöggjöf, skyldi öðlast gildi sem samningur milli atvinnurekenda og verkamanna, hvort sem slíkt frv. næði samþykki næsta Alþ. eða ekki. Það var m. ö. o. knúið fram í samningum um kaupgjald, að ákveðin réttindi, orlofsl., skyldu öðlast gildi sem samningur milli atvinnurekenda og verkamanna. Alþ. samþykkti svo orlofsl. nokkrum mánuðum seinna og gerði þau þar með gildandi fyrir alla, sem undir þau l. heyra í þessu landi. Alþ. tók tillit til þess styrkleika, sem þessi verkalýðsfélög, sem þarna höfðu forustuna, höfðu sýnt, og gerði að l. þann samning, sem atvinnurekendur og verkamenn höfðu gert sín á milli. Nú efast ég ekki um, að flestir hv. alþm. muni vera þeirrar skoðunar, að ef sjómannasamtökunum í landinu væri beitt af fullum krafti í samningum við atvinnurekendur, þá mundu þeir geta knúið fram 12 stunda hvíld á sólarhring. En það er hugsanlegt, að slík átök mundu kosta, ef til vill, verkföll og gífurlegt vinnutap, sem af þeim mundi leiða. Vilji sjómannanna hefur komið greinilega fram og er eindreginn í þessu máli, og eins og lýst hefur verið yfir hér, mun Alþýðusamband Íslands standa með sjómönnunum í þessum kröfum. Það er þess vegna ekki aðeins frá almennu mannúðarsjónarmiði og vegna virðingar Alþ. rétt að taka nú tillit til þessa máls, sem hér er flutt fram, heldur er það líka hentugt, til þess að láta þetta ekki verða að deilumáli, ef til vill hörðum og dýrum deilumálum milli atvinnurekenda og sjómanna. Ég vonast þess vegna til þess, að þetta mál og þetta frv. fái nú meirihlutafylgi hér á Alþ. og skjóta afgreiðslu úr þeirri n., sem það fer til.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég stend upp til þess eins að láta í ljós undrun mína yfir þeirri skoðun hv. 6. þm. Reykv. (SG), að ástæða sé til þess að afnema l. um hvíldartíma á botnvörpuskipum, togaravökul. svo nefndu. Mig furðar þeim mun meir á þessari skoðun hv. þm. sem hann er formaður stærsta verkalýðsfélags landsins. Það hefur þegar verið tekið fram, að togaravökul. eru vinnuverndarl., sem ákveða sjómönnum ákveðinn lágmarkshvíldartíma. Þau tryggja sjómönnum ákveðinn lágmarkshvíldartíma á hverjum sólarhring. Með því er engan veginn ákveðið, að hvíldartíminn megi ekki verða lengri, ef frjálsir samningar takast um það milli útgerðarmanna og sjómanna. Hann má aðeins ekki verða styttri. Verkalýðsfélögunum hefði verið frjálst, þrátt fyrir ákvæði þessara l., að semja um lengri hvíldartíma á togurum, ef þau hefðu talið sig hafa bolmagn til þess að hrinda slíku máli fram. En einmitt það, að þau hafa leitað á náðir Alþ. um þetta mál, sýnir, að verkalýðssamtökin hafa ekki treyst sér til þess að hafa nægilegt bolmagn í frjálsum samningum til að hrinda málinu í framkvæmd. Af sömu ástæðu var leitað á náðir Alþ. fyrir tæpum 30 árum og um 20 árum í annað sinn.

Ég vil nota tækifærið til þess að lýsa eindregnu fylgi mínu við frv., hvort sem horfið verður að því að afgreiða það eins og það liggur fyrir hér eða það verður lögfest sem liður í víðtækari heildarlagasetningu um þessi mál. En ég vildi ekki láta umr. lokið án þess að

andmæla sterklega þeim ummælum hv. 6. þm. Reykv. (SG), að togaravökulögin gerðu ekki gagn lengur. Í þessu sambandi má geta þess, að fyrir þessari hv. d. liggur mjög stór lagabálkur, frv. um öryggi á vinnustöðum, sem mun vonandi hljóta afgreiðslu á þessu þingi. Í báðum þessum frv. er um að ræða lágmarksákvæði um öryggi á vinnustöðum. En þó að slík lagasetning nái fram að ganga, þýðir það auðvitað ekki, að einstök stéttarfélög hafi ekki heimild til að semja um viðtækara öryggi á vinnustað en ákveðið er með þeim l. Nú vona ég, að það sé ekki skoðun hv. 6. þm. Reykv., formanns Dagsbrúnar, að slík lagasetning um öryggi á vinnustöðum sé óþörf, vegna þess að verkalýðsfélögin hafa stundum með frjálsum samningsrétti tryggt félagsmönnum sínum hliðstæð réttindi. Ástæðan til þess, að verkalýðssamtökin standa einhuga um þessar lagabreyt., er sú, að þau álíta, að heppilegt sé, að l. tryggi ákveðið lágmarksöryggi, sem gildi fyrir alla. Svo geta einstök verkalýðsfélög komið til skjalanna og notað sinn samningsrétt til að knýja fram meira öryggi á einstökum sviðum og nánari ákvæði en ástæða er til eða hentugt þykir að hafa í heildarlagasetningu. Ég er því mjög eindregið á þeirri skoðun, að þó að fyllsta ástæða sé til að lengja hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum, þá eigi að gera það á þann hátt, sem markaður var, þegar fyrsta lagasetningin var gerð um þetta 1921. Það er eðlilegt, að þetta sé löggjafaratriði. Á þann hátt er hagur sjómannanna bezt tryggður. Ég hygg, að það væri mjög óheppilegt að afnema þessa réttindalöggjöf, en láta það síðan vera komið undir samningum útgerðarmanna og sjómanna, hve mikinn hvíldartíma tekst að tryggja togarahásetum hverju sinni. Ég vil ekki spá því, að hann yrði styttri, frá því sem hann nú er, en hitt kynni vel að geta átt sér stað, að það tækist alls ekki í frjálsum samningum við togaraeigendur að ná fram þeim réttarbótum, sem vonir ættu að geta staðið til að næðust fram hér á Alþ., þótt málið hafi að vísu sótzt seinna en æskilegt hefði verið. Það tók líka sinn tíma að fá fram þær réttarbætur, sem áður hafa fengizt á þessu sviði.

Flm. (Sigurður Guðnason): Herra forseti. Ræða hv. síðasta ræðumanns gefur mér tilefni til að segja nokkur orð, og ég gæti trúað því, að hún hefði ekki verið svona, ef hann hefði staðið 20 til 30 ár í samningum fyrir verkalýðsfélög. Og ég er ekki hissa á því, þó að þetta sjónarmið kæmi fram hjá honum, en ég var hissa á því, þegar hæstv. forsrh. tók það fram, að í togaravökulögunum væri um lágmarkshvíld að ræða og að búast mætti við, að í samningum mætti ganga lengra en l. ákveða. Venjulega er það margt annað en þetta, sem kemur til greina, þegar samið er, og þykir fullerfitt að hreyfa þar til, þó að ekki séu til l. um það. Um það voru allir sammála, þegar togaravökul. voru sett, að þau væru svo miklar réttarbætur, að ef til vill hafi aldrei önnur eins verið gerð fyrir sjómennina, eftir að botnvörpuskipin komu. Áður fyrr voru á skútunum ekki nema 12 tíma vaktir við að draga fiskinn, en þegar botnvörpuskipin komu til sögunnar og áður en togaravökul. voru samþ., þá urðu menn að vinna, þangað til þeir gátu ekki staðið lengur. En það er eitthvað bogið við það, þegar þessi l., sem allir voru jafnhrifnir af og töldu til góðs, eru farin að verka þannig, að farið er að heyrast frá sjómönnunum sjálfum, að það hefði verið betra, að þeir hefðu farið með þessi mál sjálfir. Og mér fannst það skylda mín að láta hv. þm. vita, hvað þeim finnst um þetta, mönnunum, sem eru þeir einu, sem Alþ. hefur samið um réttarbætur fyrir, eða m. ö. o. sýna fram á, hvað mikil afturför hefur orðið á réttlæti hjá hæstv. Alþ., móts við það sem var, þegar l. komu fyrst til greina.

Viðvíkjandi því, sem hv. 3. landsk. þm. tók fram um vinnuvernd og frv. það, sem hér liggur fyrir um það efni, er því að svara, að þar er um allt annað mál að ræða. Þau l. eru ekki byggð upp á því, hve langan vinnutíma menn mega vinna, heldur eru þau um aðbúnað manna, þegar véltæknin er alls staðar komin, hvert sem maður snýr sér. Það þarf lög um aðbúnað manna, sem vinna á stöðum, þar sem hin stórvirku vinnutæki eru notuð, sem geta verið lífshættuleg, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að vernda líf þeirra manna, sem við þau vinna. Það er bara allt önnur löggjöf en hér er verið að ræða um. Verndarlöggjöf getur verið alveg eins nauðsynleg fyrir sjómennina fyrir það, þó að ákveðið sé í l., hve langan vinnutíma þeir hafa, því að hún er ekki til að vernda vinnutímann, heldur líf og heilsu manna. Við höfum haft löggjöf um vernd á vinnustöðum lengi, en aðalgallinn á henni hefur verið sá, að hún hefur ekki verið nógu vel haldin, hvorki af atvinnurekendum né þeim, sem hjá þeim vinna. Eftirliti með l. hefur verið mjög ábótavant og eftirlitið kemur því aðeins að fullum notum, að reglur séu haldnar. Það má segja, að þessi stóri lagabálkur um vinnuvernd sé ákaflega nauðsynlegur og kominn fram af brýnni þörf, vegna breyttra aðstæðna, en hann á í sjálfu sér ekkert skylt við þetta mál, sem hér er til umræðu. Vinnutíminn á togurunum var ákveðinn með lögum af nauðsyn, sem var fyrir hendi á þeim tíma, en er nú orðinn aftur úr. Þau l. eru farin að dragast aftur úr þeim kjarabótum á þessum sviðum, sem verkalýðsfélögin hafa fengið til sjós og lands. Það, sem máli skiptir, er, að sjómennirnir eru sjálfir farnir að tala um, að eigi svona að ganga áfram, nefnd sé skipuð á nefnd ofan og ekkert sé gert, þá sé betra að vita, hvort þeir geti ekki farið aðrar leiðir. Það eru 3 ár síðan þetta mál var borið fram, og það er ekki komið lengra en þetta. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að menn vilja fylgja málinu, og ég vona, að það nái fram að ganga á þessu þingi, þar sem hásetar á togurum eru komnir aftur úr öðrum vinnandi stéttum þjóðfélagsins um aðbúnað.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég var að vona, að hinn gamli og reyndi verkalýðssinni, hv. 6. þm. Reykv., hefði kannske í of miklum hita ofmælt, að það væri æskilegt fyrir sjómennina að afnema l. um hvíldartíma togaraháseta. Það vill hann ekki gera, heldur skjóta

sér bak við einhverjar raddir, sem hann hafi heyrt frá sjómönnum um þessi efni. Ég vildi, að hann hefði hreyft því meðal sjómanna yfirleitt, hvort þeir vildu afnema þessi l. Ef það hefði verið samþ., þá hefði ég undrazt, en hann fengið staðfestingu á fullyrðingum sínum.

Það er vissulega svo, að enginn sjómaður og enginn verkamaður, sem skilur þjóðfélagsaðstöðu sína, hafnar því að fá l., sem tryggja honum viss minnstu réttindi, jafnvel þó að hann telji þau of lítil. Ég held það sé leitun á mönnum, sem séu svo skammsýnir, og þess vegna held ég, að ekki sé rétt að orða sjómannastéttina við þessa hugmynd, sem skaut upp hjá hv. 6. þm. Reykv. Hitt er misskilningur, sem mér fannst koma fram hjá honum, að l. hefðu ákvarðað, að vinnutíminn skyldi vera 16 stundir á sólarhring, en hvíldartíminn 8 stundir, því að eins og tekið hefur verið fram í umr. hér, er það greinilegt, að vinnutíminn má ekki vera lengri en 16 stundir á sólarhring og hvíldartíminn þar af leiðandi ekki styttri en 8 stundir.

Nú er það svo, að það háttar mjög misjafnlega til um togaraútgerð og veiðiaðferðir. Í síðustu samningum, sem gerðir voru milli sjómanna og útgerðarmanna, þá var sjómönnum tryggð veruleg hvíld frá því, sem áður var, hjá sjómönnum, sem veiddu ísfisk og seldu hann til útlanda. Það hefur því tekizt að tryggja sjómönnum betri aðstöðu og aðbúnað, svo að það ætti að geta orðið og það ætti að verða samspil milli löggjafarvaldsins og alþýðusamtakanna að vinna að þessu máli.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði um, að þetta væri afturför frá því, sem var á skútuöldinni, því að þá hefði hvíldartíminn verið 12 stundir. Ég veit ekki, hvort hann hefur verið á skútu. Ég hef sjálfur verið það, eina heila vertíð, og þekki það vel. Þó að það sé rétt, að frívaktirnar hafi verið 12 tímar á sólarhring, þá voru launakjörin þannig, að hver sjómaður, sem vildi efla tekjur sínar og komast sæmilega af, stóð frívaktina, svo að hvíldartíminn varð oft eigi langur. Ef hv. 6. þm. Reykv. hefur einhvern tíma verið á skútu, þá veit ég, að hann þekkir þetta jafnvel og ég.

Það er líka hart að halda því fram, að aðbúnaður togarasjómanna hafi versnað, eftir því sem lengra hefur liðið, því að hann hefur batnað, ekki sízt með hinum nýtízku togurum, sem keyptir hafa verið til landsins, því að það er enginn vafi, að þar er það þannig, að aðbúnaður sjómanna er hvergi eins góður og þar. Þannig hefur með löggjafarvaldi og framkvæmdavaldi tekizt að bæta aðbúnað sjómanna, og sjómenn hafa bætt tekjuöflun sína og aðbúnað með samningum við útgerðarmenn.

Hv. 6. þm. Reykv. minntist einnig á, að það væri ekki saman að jafna löggjöfinni um vinnuvernd og eftirlit með öryggi á vinnustöðum við þetta mál, sem hér er um að ræða. Nú veit ég, að hann, sem um langt skeið hefur staðið í fyrirsvari fyrir stærsta verkalýðsfélagi landsins, kannast við, að einn þátturinn í samningum hefur oft verið að tryggja öruggari aðbúnað á vinnustöðum. Þetta hefur verið gert með samningum og tekizt stundum. En það er alls ekki fullnægjandi. Þess vegna þarf að setja heildarlöggjöf um öryggi á vinnustöðum, og frv. það, sem hér liggur fyrir, er merkilegt og stórt skref í íslenzkri félagsmálalöggjöf. Ég efast ekki um, að þess sjái verulega stað, eftir að það frv. hefur verið samþ. hér á þingi, sem ég vil vænta, að verði nú á yfirstandandi þingi. Þetta kom ekki sjálfu frv. við, sem hér er til umr., en ég vildi láta þessa skoðun mína koma fram að gefnu tilefni frá hv. 6. þm. Reykv., þar sem mér fannst gæta verulegs misskilnings af hans hálfu, hvað snertir baráttu af hálfu verkalýðssamtakanna.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég kvaddi mér hljóðs áðan til að láta í ljós undrun mína yfir því, að formaður Dagsbrúnar skuli hafa haldið því fram í ræðu, að það eigi að afnema togaravökulögin. Ég kveð mér hljóðs nú til að láta í ljós undrun mína yfir öðru, yfir því, að þessum sama hv. þm. virðist vera alls ókunnugt um innihald frv. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sem hefur legið fyrir heilu þingi, sem hann hefur átt sæti á. Hann segir, að þetta frv. fjalli um öryggi á vinnustöðum og hvernig tryggja skuli, að stórar vélar verði ekki að tjóni, en þar séu engin ákvæði um lágmarkshvíldartíma. Þetta er misskilningur. 5. kafli hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Lágmarkshvíldartími verkamanna o. fl.

31. gr.

Vinnu skal þannig hagað, að sérhver verkamaður geti notið samfelldrar hvíldar frá vinnu sinni, er eigi sé skemmri en 8 klst. á sólarhring.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar ná þó eigi til:

1. hvers konar björgunarstarfs;
2. björgunar hvers konar framleiðslu frá skemmdum;
3. annars konar vinnu, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, kann að tiltaka í reglugerð.

Þegar undantekningarákvæði 2. málsgr. þessarar greinar eru í gildi, skal haga vinnu þannig, að verkamenn geti notið samanlagðs lágmarkshvíldartíma á þrem sólarhringum.

32. gr.

Bifreiðastjórar, sem flytja fólk, og stjórnendur véla, sem mönnum getur stafað hætta af, skulu eigi hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.

33. gr.

Meðan vinna stendur yfir skulu verkamenn fá hæfilega langa hvíldartíma með hæfilegu millibili. Getur ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, gefið út nánari reglur um ákvæði þessarar greinar."

Hér eru mjög þýðingarmikil ákvæði um lágmarkshvíldartíma. Sú staðhæfing er því ekki rétt, að þessi lagasetning snerti að engu leyti hvíldartíma verkalýðsins. Ég vænti þess þó, að hv. þm. þyki ekki ástæðulaust að lögfesta þetta frv., af því að verkalýðsfélög geti með samningsrétti sínum tryggt þennan hvíldartíma. Ég veit, að mörg verkalýðsfélög hafa ekki slíkan lágmarkstíma í sínum samningum, og því er setning slíkra l. vissulega mikið framfaraspor.

Ég vona, að hér sé um misgáning að ræða hjá hv. þm. og að skoðanir hans séu raunverulega ekki eins og fram virðist koma í ummælum hans.

Einar Olgeirsson: Mér finnst nokkuð mikill gorgeir í hv. 3. landsk. (GÞG), þegar hann er að tala um frv. um öryggi á vinnustöðum. Hefur hann athugað, hvað stóð í því, áður en hann fór að lesa það? Það kom fram á Alþingi 1949 frv. um að tryggja verkamönnum 8 tíma hvíld í sólarhring. Á sama tíma var búið að setja í flestum löndum Evrópu lög um 8 tíma vinnu. Alþýðusamtök, sem Ísland er aðili að, vinna að því að koma á 8 stunda vinnudegi. Ég efast um, að hv. 3. landsk. hafi séð, að þessi löggjöf, sem hann taldi svo þýðingarmikla og er þýðingarmikil að ýmsu öðru leyti, er langt á eftir því, sem við ættum að vera búnir að setja í lög hér á landi. Við ættum að vera búnir að lögleiða 8 stunda vinnudag fyrir löngu síðan. Þá hefði verið ástæða til fyrir hv. þm. að standa upp og vera með gorgeir út af slíkum lögum.

Svo beinir hv. 3. landsk. gorgeir sínum til hv. 6. þm. Reykv., formanns Dagsbrúnar. Prófessorinn aðgætir ekki, að hann er að tala um löggjöf, sem er langt á eftir því, sem tíðkast í Evrópu. En hvað hefur hv. 6. þm. Reykv. og formaður Dagsbrúnar haft forustu um að framkvæma í sínu stéttarfélagi? Hann hefur haft forustu um að framkvæma 8 stunda vinnudag, sem verkamenn hafa barizt fyrir og fjöldamörg lönd í Evrópu hafa sett í lög, og það eru 7—8 ár síðan það var gert. Svo kemur hv. 3. landsk. og talar með yfirlæti um 31. gr. og þær umbætur, sem verkamönnum séu tryggðar þar með ákvæðinu um 12 stunda vinnudag, og að hv. 6. þm. Reykv. ætti að athuga það. Þekkir hv. 3. landsk. ekki vinnutilhögunina hér við höfnina, sem Dagsbrún hefur komið á með því að semja um 8 tíma vinnudag? Þetta yfirlæti hefði átt við hjá hv. þm., ef hann hefði lagt fram frv. um 8 tíma vinnudag. En í stað þess þá liggur ekki nærri, að frv. tryggi verkamönnum þann rétt, sem þegar hefur verið tryggður í Dagsbrún, því félagi, sem hv. 6. þm. Reykv. er formaður fyrir. Það er því dálítið undarlegt að fá þá yfirlýsingu frá þeim flokki, sem hv. 3. landsk. tilheyrir, að verkalýðssamtökin hafi ekki haft bolmagn til að stytta vinnudaginn á togurunum. Þeir samningar, sem verkamannafélagið Dagsbrún hefur gert, sýna fullkomlega, hvers verkalýðssamtökin eru megnug. Sama hefði Sjómannafélag Reykjavíkur getað gert. Það er eingöngu samningsmál, hvað vinnutíminn er langur. Sjómannasamtökin hafa nógan styrk til að knýja fram styttan vinnudag, ef þau beita sér. Sjómannasamtökin hafa knúið fram 8 tíma vinnu fyrir kyndara, en kyndarar eru ekki undir togaravökulögunum. Stjórn Sjómannafélagsins lítur svo á, að fyrst kyndarar séu ekki undir togaravökulögunum, þá sé tilvalið að beita valdi samtakanna til að knýja fram 8 tíma vinnu á togurunum fyrir kyndara. En hvað snertir hásetana, sem hafa erfiðustu vinnuna, þá gildir annað um þá. Gerir hv. 3. landsk. þm. ráð fyrir, að stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur beri hag háseta minna fyrir brjósti en hag kyndaranna? Ég sé ekki, að ástæða sé til að ætla það. En hvernig stendur þá á þessu misræmi? Það er af því, að það eru þessi dýrmætu l. um hvíldartíma háseta, og þá er eins og stjórn Sjómannafélagsins þyki ekki eins hæfa að beita valdi í samtökunum á þessu sviði, þó að þeir beiti þessu sama valdi, þegar kyndarar eiga hlut að máli, því að þeir eru í sama félaginu. Þetta er eftirtektarvert, og það sýnir þá leiðu staðreynd, að á sama tíma sem Dagsbrún knúði fram 8 tíma vinnudag og á sama tíma og kyndarar hafa fengið 8 tíma vinnudag, þá hefur gilt annar og miklu lengri vinnudagur fyrir þá, sem hafa haft hvíldartíma sinn ákveðinn með l., og að nú fyrst er verið að hreyfa við honum. Það þarf því engan að undra, þó að fram komi raddir í þá átt, að Alþingi hugsi lítið um hag þessara manna, þegar það hefur tekið þá með þessari gömlu löggjöf undir sinn verndarvæng fyrir 20—27 árum síðan. Þess vegna vil ég ítreka það, að ég álít, að Alþingi þurfi að sýna það í afstöðu sinni til þessa máls nú, þó að það hafi raunverulega brotið að nokkru leyti það traust, sem togarahásetar hafa sýnt því, með því að fresta þessu máli svo lengi, — eigi að sýna það nú, að það vilji láta háseta á togurum njóta a. m. k. allt að því sömu réttinda og þorri verkamanna í landi hefur þegar knúið fram og eins og meira að segja kyndarar á togurum hafa knúið fram. Hinu skal ég ekki neita, að ég álít, að ef verkalýðssamtökin beittu sér í þessu efni, þá hefðu þau nægilegt bolmagn til að knýja þetta fram. Hitt er annað mál, að ég álít heppilegra fyrir þjóðfélagið, að til þess þurfi ekki að koma, að sjómannasamtökin þurfi að beita áhrifavaldi sínu til að knýja þessa umbót í gegn, því að það mundi áreiðanlega kosta verkfall með öllum þeim afleiðingum, sem það hefur. Við vitum, hvað síðasta togaradeila kostaði þjóðina. Engan, sem hefur ábyrgð gagnvart þjóð sinni og atvinnulífinu í landinu, langar til að vísa sjómönnunum á þá leið til að bæta kjör sín. Ég tel því heppilegt, að þingið, þar sem það hefur svo lengi dregizt að lagfæra þessi lög, sem voru svo gífurleg réttarbót á sínum tíma, bæti nú ráð sitt og samþykki þetta frv. skjótt og vel.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég var fjarverandi og heyrði ekki alla ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Ég heyrði þó, að hann var að beina köpuryrðum gegn Sjómannafélagi Reykjavíkur og forustumanni þess. Hann benti á kyndarana. Þeir væru ekki undir vökul., en þeir hefðu tryggt sér hvíldartíma með samningum. Ég vil benda hv. þm. á það, að l., sem voru sett hér á seinni árum um atvinnu við siglingar og annað þess háttar, áttu mikinn þátt í, að kyndararnir hafa nú ekki lengri vinnudag, því að með lögum þessum var ákvarðað, hvað margir menn eigi að vinna í vél og vélarrúmi. Það gerir það að verkum, að hægt er að skipta mönnunum, sem vinna í vélarrúmi, í vaktir, svo að enginn þurfi að vinna lengur en 8 tíma á sólarhring.

Þessi bættu vinnuskilyrði kyndara eru því fyrst og fremst byggð á þeirri löggjöf, sem sett hefur verið, ekki sízt fyrir atbeina formanns Sjómannafélags Reykjavíkur, enda hafa andstæðingar þessa máls kallað það Sigurjónskuna. Gögn, sem hefur verið aflað, sýna, að togararnir eru að þessu leyti öðruvísi en önnur fiskiskip í landinu. Sú n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál, ætti ekki sízt að kynna sér, hvernig það er í fyrirmyndarríkinu Rússlandi í þessu efni. Það væri ekki ófróðlegt að kynna sér það atriði. Ég ætla ekki að fara út í það að þessu sinni, n. á þess kost að kynna sér það, þegar þar að kemur.

Þessi fáu orð áttu að vera mótmæli gegn þeim köpuryrðum í garð Sjómannafélags Reykjavíkur og formanns þess, sem komu fram hjá hv. 2. þm. Reykv. En það gladdi mig, að hann er sammála mér, en andvígur hv. flokksbróður sínum, að það sé ekki ráðlegt að afnema togaravökulögin, og taldi réttara, að Alþingi bætti þau enn en að leggja út í stórar vinnudeilur út af þessu atriði.

Flm. (Sigurður Guðnason): Það er viðvíkjandi því, sem inn í þetta mál hefur spunnizt, um öryggislögin, sem ég vil aðeins taka nokkur orð fram.

Hv. 3. landsk. (GÞG) sagði, að mér væri ókunnugt um, hvað í þessum l. stæði, en ég vil benda á, að öll atriði um útbúnað á vinnustöðum hafa þegar verið tekin upp af fjöldamörgum verkalýðsfélögum, og ég veit, að margt af þessu hefði mönnum ekki dottið í hug að setja í þessi l., ef ekki væri búið að fá um það samninga við atvinnurekendur. Eins er hitt, að í mörgum verkalýðsfélögunum er nú búið að semja um 8 stunda vinnudag, og í Dagsbrún er samið sérstaklega um yfirvinnu og næturvinnu, og nú er svo komið, að næturvinnu má ekki vinna nema með sérstöku leyfi, því að samningarnir um 8 stunda vinnudag voru ekki nóg vinnuvernd, því að þá var látið vinna áfram yfirvinnu og næturvinnu. Þá var þetta ákvæði sett, að næturvinnu megi ekki vinna, nema sérstaklega standi á, og það er eitt allra stærsta atriðið, sem áunnizt hefur, bæði fyrir verkamenn og líka fyrir atvinnurekendur. Þeir hafa viðurkennt, að það er líka hagsbót fyrir þá, vegna þess að þeir fá betri vinnuafköst. Þetta var orðið svo, að menn unnu alla nóttina, og menn voru að, þangað til þeir gátu ekki unnið lengur. Þetta hefur nú verið afnumið. Slík ákvæði hafa gegnumsneitt komizt inn í samningana, áður en þau hafa verið tekin upp í löggjöf. Ég sný því ekki aftur með það, að ef lögunum um hvíldartíma háseta á togurum verður ekki breytt, þá rekur að því, að það verður að fara þá leið að semja um það, og þá eru l. í raun og veru ekki lengur í gildi, því að þau eru það ekki, þegar búið er að semja um, að hásetar skuli hafa 12 tíma lágmarkshvíld.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. talaði hér af talsverðum þjósti, og get ég skilið það. Hann gerði sér ljóst, að hv. 6. þm. Reykv. hafði talað af sér og látið í ljós skoðun, sem vafalaust á ekki sem beztan hljómgrunn meðal þeirra manna, sem hann er sérstakur umboðsmaður fyrir hér á þingi. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það langaði engan til að vísa á verkfallsleiðina til að lengja hvíldartíma togarasjómanna, en hv. 6. þm. Reykv. virtist einmitt langa til þess, því að hann sagði, að rétta leiðin í þessu máli sé að afnema togaravökulögin og gera frjálsa samninga um þetta atriði, vitandi það, að jafnþýðingarmikil breyting kemst aldrei fram nema með verkfalli og það mjög löngu verkfalli. Hv. 2. þm. Reykv. virðist ekki vera sammála honum, heldur mér og hæstv. forsrh., og fagna ég því.

Ég sagði ekki annað um öryggismálafrv. en það, að hv. 6. þm. Reykv. hefði ekki farið rétt með, er hann staðhæfði, að þar væru alls engin ákvæði um hvíldartíma verkamanna. Ég tók fram, að þessi ákvæði mundu vera í samningum margra verkalýðsfélaga, þó að mér sé óhætt að fullyrða, að svo er ekki hjá þeim öllum, því að n. hefði varla séð ástæðu til að taka þessi ákvæði í l., hefðu þau alls staðar verið komin inn í samninga. Þau eru ekki í samningum bifreiðastjóra.

Hv. 6. þm. Reykv. segir réttilega, að það atriði í samningum Dagsbrúnar að banna næturvinnu sé ákaflega mikilsvert, og vil ég á engan hátt draga úr því. Ég vil ekki heldur á neinn hátt gera lítið úr forustu hv. 6. þm. Reykv. í verkalýðsmálum. Ég var eingöngu að leiðrétta ranghermi hjá honum. Sé ég enga ástæðu fyrir hv. 2. þm. Reykv. að taka það svo óstinnt upp, allra sízt þegar hann er sammála mér, en ekki hv. 6. þm. Reykv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. (GÞG) hefur gert sig sekan um að reyna, eins og stundum er talinn lærðra manna háttur, að hártoga. Hann hefur skapað upp skoðanir hv. 6. þm. Reykv. Það, sem hann sagði, var, að ef svona frv. eins og það, sem hér lægi fyrir, yrði ekki samþ. hér á þingi, þá mundu sjómenn verða að knýja svona mál fram sjálfir með sínum samtökum, og með því, eins og hann var að skýra í sinni síðustu ræðu, væru togaravökulögin, einmitt þessi l., sem hásetar hafa átt undir Alþingi, sett úr gildi. Þetta vildi hann nota sem röksemd fyrir því, að Alþingi bæri að laga þessi l. samkvæmt því frv., sem nú liggur fyrir.

Ég undirstrikaði það í ræðu minni, hvað það væri þýðingarmikið, ekki aðeins sem mannúðarmál, að gera þetta í samræmi við það, sem gert var fyrir tveimur áratugum, heldur einnig hvaða þýðingu það hefði fyrir þjóðarbúskap okkar að láta ekki til þess koma, að sjómannasamtökin yrðu að beita valdi sínu utan þingsins til að knýja fram það, sem við getum fengið með lagasetningu. Ég held, að þetta eigi að vera nokkuð ljóst. Og ef hv. 3. landsk. þm. hefði verið þetta ljóst fyrir tveimur til þremur árum síðan, hefði hann vafalaust þá barizt fyrir því að fá þetta frv. okkar samþ. hér í þinginu. En það hefur lítið borið á þessari baráttu, enda hefur Alþfl. staðið svo tvístígandi í þessu máli, þegar það áður var flutt hér, að maður vissi varla hvar hann var.

Viðvíkjandi vinnuverndarlöggjöfinni virðist mér, satt að segja, mesta yfirlætið út af V. kaflanum horfið hjá hv. 3. þm. Reykv., eftir að hann athugaði, að þarna var ekki einu sinni komizt með tærnar í löggjöfinni, þar sem verkalýðsfélögin höfðu hælana, þar sem verið er eða á að lögbjóða átta stunda vinnudag hjá mönnum, sem voru búnir að knýja fram átta stunda vinnudag. Ég held, að okkur bæri frekar að sameina okkur um það að lögbjóða átta stunda vinnudaginn heldur en að halda áfram þeim deilum, sem nú hafa hér orðið og eðlilegast er, að fái sína reynslu í praksis í því, hvort menn vilja vera með því eða móti að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 94., 96., 97. og 98. fundi í Nd., 2., 6., 8. og 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 19, n. 526, 538 og 625).

Frsm. 2. minni hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Mál þetta hefur verið æði oft á dagskrá, en ekki komizt til umr. fyrr en nú. Mér þykir leitt, að hv. frsm. meiri hl. skuli ekki vera við, en hér eru þó tveir aðrir hv. nm. úr sjútvn., sem standa með honum að nál., og hygg ég, að rétt sé, að málið sé tekið til umr. og afgreiðslu nú. Málið hefur legið lengi hjá sjútvn., og leitaði hún um það ýmissa upplýsinga, m. a. nál. frá mþn., sem skipuð var í málið, og gekk á milli allra nm. til að heyra álit þeirra. Auk þess sendi n. Alþýðusambandi Íslands og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna frv. til umsagnar og fékk frá þeim aðilum báðum umsagnir, sem prentaðar munu vera með nál. hv. meiri hl. Í grg. mþn. og svörum þessara aðila koma fram rök bæði með og móti og raunar frá öllum hliðum, og enn fremur er saga málsins rækilega rakin bæði í *mínu nál. og nál. hv. 1. minni hl., hv. þm.* Siglf. (ÁkJ). Ég sé því ekki ástæðu til að halda hér langa ræðu, þar sem málið liggur svo ljóst fyrir hv. þm., að þeim er innan handar að gera upp við sig, hvaða till. þeir vilja fylgja í þessu máli. Við það, að saltfiskveiðar togaranna eru nú teknar upp á ný, þá er vinna hásetanna orðin svo hörð, að slík vinna þekkist ekki við aðra atvinnuvegi hér á landi. Það hefur og komið í ljós, að síðan togararnir fóru aftur að veiða í salt, þá hefur þeim gengið illa að fá menn, enda var launum þeirra breytt til hins verra með gengislækkuninni. Meðan togararnir sigldu með ísfisk reglulega til útlanda, fengu hásetarnir annað slagið verulegar hvíldir, en eftir að farið er að veiða í salt á ný, hefur þetta breytzt mjög til hins verra, og ég hygg, að engin vinna í landinu sé sambærileg við vinnu togarasjómanna nú. Ég tel, að með því að hafa ekki hvíldartímann lengri en í l. er nú, þá sé heilsu hásetanna beinlínis stefnt í voða, og af þeirri einu ástæðu er Alþingi rétt að hafa afskipti af málinu. Atvinnuvegurinn er og sjálfur í hættu vegna þess, að menn fara ekki á saltfiskveiðar til lengdar, nema þeir eigi einskis annars völ. Þá er og hætta á, að til þessa starfs veljist ekki eins duglegir menn og þörf er á vegna þess, að þeir, sem duglegastir eru, eiga frekar völ á annarri vinnu. Ég heyrði að hæstv. forsrh. sagði í útvarpið í gær, að eitt af stefnumálum hæstv. ríkisstj. væri að gera framleiðslustörfin eftirsóknarverð. Ekki virðist þó vera að því stefnt með þeim aðferðum, sem togarasjómenn eru beittir, því að þeirra framleiðslustörf eru nú sízt allra eftirsóknarverð, og með það fyrir augum, að togararnir gefa landinu mjög verulegan hluta allra gjaldeyristeknanna, þá verður að líta svo á, að Alþingi verði hér að skerast í leikinn og framkvæma þann vilja hæstv. ríkisstj. að gera þessi framleiðslustörf sem eftirsóknarverðust, en það er ekki gert, ef kjörum háseta er stórspillt með gengislækkunarlögunum og vinnutími þeirra er svo langur, að hætt er við, að þeir leiti í aðrar atvinnugreinar, ef þeir mögulega geta. Ég hef því lagt til, að frv. þetta verði samþ. með þeirri breyt., að orðin „tvær 12 stunda vökur" falli niður. Ástæðan fyrir því er sú, að ég tel heppilegra að hafa þrískiptar vökur, og er þessi brtt. flutt í samráði við stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur, sem taldi þetta fyrirkomulag heppilegra. Fjölyrði ég svo ekki meira um þetta, en vísa til glöggra raka, sem fyrir liggja, bæði með og móti, en ég tel, að þau rök, sem mæla með því, séu svo yfirgnæfandi, að ég hygg, að hv. þm., ef þeir íhuga málið, hljóti að fylgja því, og þá væntanlega með brtt. minni.

Frsm. 1. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Mál þetta á sér nokkuð langa sögu. Það var fyrst árið 1942, að frv. um 12 stunda hvíldartíma togarasjómanna var flutt á Alþingi af Ísleifi Högnasyni, þáv. landsk. þm. Þá stóð svo á, að um almennan áhuga sjómanna á málinu var ekki að ræða vegna þess, að þá var eingöngu um ísfiskveiðar að ræða, sem þýddi svona 10—13 daga skorpur, en svo hvíld eða hæga vinnu við siglingar til Englands. Saltfisktúrar voru þá engir. Nú er þetta gerbreytt, og var frv. flutt aftur 1946, og var þá áhugi togarasjómanna á málinu geysimikill, sem bezt sést á því, að um 500 togarasjómenn skoruðu á Alþingi að lögfesta 12 stunda hvíld, og síðan hefur það áunnizt, að fleiri og fleiri hafa nú augun opin fyrir því, að þetta er réttlætismál, sem hlýtur að verða að l. fyrr eða seinna. Ástandið er núna svo óskaplegt, að sjómenn standast alls ekki áreynsluna. Þeir þurfa að vinna 16 tíma á sólarhring nær alla daga mánaðarins, þegar gæftir eru, og það er orðið slæmt veður, þegar ekki er farið á veiðar. Sóknin á nýsköpunartogurunum er gífurleg og miklu meiri en á þeim gömlu. Það var t. d. róið í illviðri yfir alla jóladagana, þangað til 2. jóladag, að einn togari á Halanum missti tvo menn útbyrðis og annar drukknaði. Það er því miður oft sótt af lítilli forsjá, og slys á nýsköpunartogurunum hafa verið óhugnanlega tíð, en það kann að vera af því,

að hásetarnir séu alveg útkeyrðir. Það er vissulega flestum um megn að þræla 16 tíma dag eftir dag í kulda og vosbúð, enda eru flestir togarasjómenn komnir í land fyrir fertugsaldur og eru þá venjulega orðnir heilsulausir menn. Nú skyldu menn halda, að þeir menn, sem þetta leggja á sig, hefðu mikið kaup, en það er síður en svo. Á saltfisktúrunum núna er kaupið 1800—2000 kr. á mánuði, og af því er slit á stakki og stígvélum milli 300—400 kr. Eftir eru þá um 1500 kr. til að lifa af eftir þetta 16 tíma strit. Það er augljóst, að þeir, sem eru á móti þessu máli, horfa ekki á kjör sjómannanna, heldur aðeins á hitt: Getur togaraútgerðin staðizt þetta? — En það má ekki eingöngu miða við það, heldur á að spyrja: Er það forsvaranlegt að fara svona með menn? Og ég vil segja: Þjóðfélagið hefur ekki efni á slíku, að slíta mönnum svo út, að þeir verði heilsulausir á bezta aldri. Auk þess er þetta mannúðarmál, þar sem slík vinnuþrælkun er bókstaflega óleyfileg, þegar búið er að lögleiða 8 stunda vinnudag í landi. Það er alveg óforsvaranlegt, að menn, sem stunda svo hættulega og erfiða vinnu, hafi slíkan aðbúnað, hvað hvíldartíma og kaup snertir. Ég er alveg hissa á því, að hv. fulltrúi Framsfl. í sjútvn. skuli hafa skrifað undir álit meiri hl. um að drepa málið. Í sjálfu sér bjóst ég ekki við öðru af fulltrúum Sjálfstfl., því að þeir skoða sig fyrst og fremst fulltrúa togaraeigenda og hafa sýnt það, að þegar hagsmunir atvinnurekenda eru annars vegar, þá verða mannúðarsjónarmiðin að hverfa. En ég er hissa á afstöðu hv. þm. N-Þ. Ef ekki er hægt að láta togarana bera sig án þrælkunarvinnu, þá á þessi atvinnurekstur engan rétt á sér. Hins vegar er ég á þeirri skoðun, að togararnir geti vel borið sig, þótt frv. verði samþ. Hinu gagnstæða var haldið fram, er 6 stunda hvíldin var lögleidd 1921 og þegar 8 stunda hvíldartími var lögfestur 1928, en reynslan varð sú, að meiri afköstum var náð með sama mannskap. Sjómennirnir unnu betur, þegar þeir gátu hvílt sig, heldur en ef þeim var þrælkað út í marga daga samfellt. Ég er sannfærður um, að ef togarasjómenn fengju meiri hvíld en þeir hafa nú, þá mundu afköst verða meiri á togurunum.

Það er búizt við því, að framkvæmd l. muni hafa það í för með sér, að nokkrum mönnum þurfi að bæta við á skipin, og er dálítill ágreiningur um það, hve margir þeir þyrftu að vera. Sumir gera ráð fyrir 4—6 mönnum, en ég hef heyrt fulltrúa sjómanna færa rök að því, að ekki muni þurfa að bæta við nema 2—3 mönnum, enda munar það svo miklu, hvað hver maður afkastar meiru með betri hvíld. Það er greinilegt hverjum skipstjóra, hve afköst slakna t. d. eftir að sjómennirnir hafa verið dálítinn tíma á hafi á siglingu.

Ég býst ekki við, að það hafi farið fram hjá neinum alþm., hve algengt er nú orðið að sjá auglýsingar í blöðum um það, að menn vanti á togara, og miklu algengara jafnvel en að sjá auglýst eftir vinnukonum á Landspítalann. Og af hverju skyldi þetta stafa? Af því, að sjómennirnir þola ekki þennan þrældóm og gefast upp. Skipstjórarnir sjá þetta og viðurkenna. Þeir verða oft að fara þannig út, að meiri parturinn af skipshöfninni eru viðvaningar og aðeins nokkrir vanir sjómenn um borð, sem verða að leggja enn harðar að sér en ella, og afleiðingin er þannig aukinn þrældómur, minni afköst, slæm flatning á fiskinum og lélegri vara. Þetta er viðurkennt af flestum nema nokkrum hinna þröngsýnustu útgerðarmanna. Í till. meiri hl. n. koma till. þeirra einna fram. En það er í alla staði óhyggilegt og heimskulegt að þráast svona við eins og meiri hl. gerir og hætta er á, að Alþ. geri nú. Ég tel, að ef hér yrði bót á ráðin og frv. þetta næði samþykki, þá mundi mjög lagast samkomulag á milli togaraeigenda og sjómanna, því að vinnuþrælkunin er allverulegur þáttur í gremju togarasjómanna og þeirri óánægju, sem ríkjandi er meðal þeirra nú.

Hv. þm. Ísaf. (FJ), sem skilaði hér 2. minni hl. nál., leggur til breytingu við það, sem í frv. segir, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar 6 stunda vökur eða tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur.“ Hv. þm. Ísaf. leggur til, að orðin „eða tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur“ falli niður. Ég held, að ekki sé hyggilegt að binda slíkt í lögum. Samkvæmt vökulögunum eins og þau eru nú eiga skipverjar að hafa 8 klst. hvíld á sólarhring. Þetta er framkvæmt þannig, að það kemur út sem 16 tíma hvíld á tveimur sólarhringum, og þá skiptingu töldu hásetar heppilegri. Og ég held, að réttara sé að hafa þetta óbundið, svo að frjálst samkomulag geti orðið um það. Ég get ekki lagt mikið upp úr því, hvað stjórn Sjómannafélagsins segir um þetta. Hún hefur ekki, að því er ég bezt veit, komið á togara á s. l. 20 ár eða lengur. Og ég tel, að það, sem lögin þurfi að binda, sé þetta ákveðna lágmark hvíldartímans. Það verður að tryggja. En hitt á að vera frjálst samningsatriði á milli háseta og skipsstjórnar, hvernig tímanum er skipt. Ég get því ekki fallizt á brtt. hv. þm. Ísaf. á þskj. 538.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. E. t. v. gefst mér tækifæri til að ræða þetta nánar, er frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir skoðun hans.

Umr. frestað.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

18. Utanríkisráðuneytið og fulltrúar þess erlendis.

Á 4. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis [26. mál] (þmfrv., A. 30).

Á 5. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Efni þessa frv., sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Rang., er það að takmarka tölu þeirra sendiherra og sendifulltrúa, sem ríkisstj. skipar sem forstöðumenn sendiráða í öðrum löndum. Frv. um þetta efni var borið fram á síðasta þingi í hv. Nd. og fékk þar athugun í allshn. þeirrar hv. d. Nefndarmenn voru ekki á eitt sáttir í þessu máli og komu fram tvö nál. En úrslit málsins urðu þau, að frv. var vísað frá með rökst. dagskrá, sem samþ. var með litlum atkvæðamun. Okkur hefur því þótt rétt, flm., að taka málið upp aftur nú á þessu þingi.

Eins og mönnum er vafalaust ljóst, þá er það, sem fyrir okkur vakir með flutningi frv., að draga úr þeim kostnaði við utanríkisþjónustuna, sem þegar er orðinn allmikill. Við lítum svo á, að það þurfi að draga úr þeim gjöldum eins og unnt er. Og við teljum, að þrátt fyrir það að tala sendiherra og sendifulltrúa sé eins takmörkuð eins og segir í gr. frv., að þeir skuli ekki vera nema fjórir, þá sé hægt að koma þessum málum þannig fyrir, að sómasamlega sé gætt hagsmuna Íslands erlendis.

Sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 24. febr., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi fluttum við hv. 1. þm. Rang. frv. til l. um breyt. á l. um fulltrúa Íslands erlendis. Málinu var síðan vísað til 2. umr. og allshn. þessarar hv. d. Það er nú orðið nokkuð um liðið síðan þetta var, þar sem þetta frv. var 26. mál þingsins. Nú vildi ég fá upplýsingar frá n., hvort ekki megi vænta úr þessu afgreiðslu á málinu af hennar hálfu.

Jónas Rafnar: Herra forseti. Mál það, sem hv. þm. V-Húnv. talaði um, verður tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar; hann verður á miðvikudaginn í næstu viku.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka upplýsingarnar, og það gleður mig að heyra, að senn má vænta nál. í þessu máli.

Á 82. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 84. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 30, n. 422 og 502).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. kom fram á síðasta þingi í líkri mynd og það er nú, og náðist ekki samkomulag þá um málið, en því var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að í trausti þess, að ríkisstj. gæti hins ýtrasta sparnaðar í þessu efni, þá taki deildin fyrir næsta mál á dagskrá. Nú er meiri hl. allshn. sömu skoðunar og hún var þá, eins og sjá má á nál. á þskj. 502. Við leggjum til, að málinu verði vísað til ríkisstj., í trausti þess, að í þessum efnum verði gætt fyllstu hagsýni. Ég mun ekki fjölyrða um afstöðu nefndarinnar, en meiri hl. hennar telur það ekki vera tímabært að ákveða með lögum, hvar og hverjir séu sendifulltrúar Íslands erlendis.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Vafalaust hefði ekki verið beitt sér fyrir því, að lögbinda skyldi tölu sendiherra Íslands erlendis, ef eigi hefði sýnt sig, að þeir hefðu verið óþarflega margir, sakir kostnaðar. Frv. þetta er borið fram af sparnaðarástæðum. Það er ekki síður nauðsyn að hafa gát á útgjöldum ríkisins í þessum efnum en öðrum. Ef litið er á, hvernig þessum málum er nú háttað, þá ætti að vera auðvelt fyrir Ísland að komast af með einn sendiherra fyrir Norðurlönd, einn á meginlandi Evrópu, og að sjálfsögðu þurfum við að hafa sendiherra í Ameríku. Við lítum svo á, að heppileg lausn þessa máls felist í frv. þessu, og leggjum til, að frv. verði samþ. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um mál, sem liggur svo glöggt fyrir og er svo einfalt. Menn hafa kynnt sér, hver kostnaður fylgir sendiherraembættunum, — og er nú ekki um að gera að leitast við að spara á sem flestum sviðum? Er ekki nóg, að ríkið hafi einn sendiherra fyrir Norðurlönd?

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 85. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 8. maí, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. 26. mál þingsins er frv., sem liggur fyrir þessari hv. d., um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Ég er flm. þess ásamt hv. 1. þm. Rang. Það er nokkuð langt liðið síðan frv. var hér til 2. umr., og var þá umr. lokið, en atkvgr. frestað. Síðan hefur málið ekki verið tekið á dagskrá. Ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að hann tæki málið á dagskrá næsta fundar, þannig að þá gæti farið fram atkvgr. um það.

Forseti (SB): Þetta mál, sem hv. þm. V-Húnv. bað um, að tekið yrði á dagskrá, var ekki tekið fyrir til lokaatkvgr. við 2. umr. vegna þess, að hæstv. utanrrh. var í útlöndum, þegar umr. lauk, en málið verður tekið á dagskrá fljótlega. *(SkG:* Ég þakka.)

Á 98. og 99. fundi í Nd., 9. og 11. maí, var frv. enn tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Húsnæði o. fl.

Á 4. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um húsnæði o. fl. [33. mál] (þmfrv., A. 40).

Á 6. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. lá fyrir þessari hv. d. á síðasta þingi. Þá var það flutt af hv. þm. Siglf. eftir ósk Leigjendafélags Reykjavíkur, sem sendi hv. allshn. þessarar d. frv., en n. hafði ekki viljað verða við því að flytja það. Þetta frv. er því kunnugt hv. þdm., og tel ég ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði, enda fylgir því skýr greinargerð frá Leigjendafélaginu, og breytingar þær, sem við sósialistar höfum á því gert, eru óverulegar og gerðar í fullu samkomulagi við stjórn Leigjendafélagsins. Ég vil aðeins geta þess viðvíkjandi ákvæðunum í frv., sem miða að því að lækka leiguna í nýju húsnæði, að þau ákvæði er ekki hægt að framkvæma, nema fólk, sem af litlum efnum ræðst í að byggja yfir sig, njóti betri vaxtakjara og fái lengri lánstíma en nú er. En það eru mjög margir, sem lent hafa í mjög miklum fjárhagserfiðleikum vegna húsbygginga, og er það ein ástæðan fyrir hinni gífurlega háu húsaleigu í nýju húsnæði. Þess vegna munum við sósialistar nú alveg á næstunni leggja fram annað frv., sem miðar að því að hjálpa fólki, sem af litlum efnum hefur ráðizt í að byggja sér hús. Eins og hv. þdm. muna, voru hér í hv. d. á síðasta þingi fleiri frv. um húsnæðismál, og býst ég við, að þau komi fram aftur eins og þetta, og er þá rétt, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, fjalli um þau öll í einu, svo að séð verði, hvaða samkomulag næst um lausn á þessu vandamáli, sem allir eru sammála um að þurfi að leysa, þótt menn greini á um leiðirnar. Legg ég svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Fjárhagsráð (frv. SkG o. fl.).

Á 11. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit [63. mál] (þmfrv., A. 88).

Á 12. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til að gera nokkrar breytingar á l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Vil ég fara nokkrum orðum um breytingar þessar.

Í 1. og 2. gr. er ekki um efnisbreytingu að ræða aðra en þá, að lagt er til, að innflutnings- og gjaldeyrisdeildin, hin svonefnda viðskiptanefnd, sé lögð niður, en fjárhagsráð úthluti sjálft öllum innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Í 3. gr., sem er aðalgr. frv., eru fyrirmæli um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa. Í 1. mgr. er rætt um innflutning á kornvöru, kaffi og sykri og gert ráð fyrir, að innflutningur á þessum tegundum sé sem frjálslegastur, þannig að flutt verði inn eftir óskum manna og þörfum, svo að jafnan verði nóg til af þessari vöru hvar sem er á landinu, eða nóg fyrir útgefnum skömmtunarseðlum, ef skammtað verður, og er því ekki um að ræða breytingar frá því, sem nú er, því að mér skilst, að vörur þessar séu nú fluttar inn eftir óskum manna og þörfum. Í 2. mgr. eru fyrirmæli um úthlutun leyfa fyrir fatnaði, vefnaðarvöru og skófatnaði úr öðru efni en gúmmíi. Leggjum við til, að þegar ákveðið hefur verið, fyrir hve háa upphæð skuli flutt inn af þessum vörutegundum árið 1950, þá skuli vera gefin út stofnleyfi fyrir helmingi þeirrar upphæðar og skuli þau gilda í 6 mánuði frá útgáfudegi þeirra. Skal þeim skipt þannig milli innflytjenda, að Samband íslenzkra samvinnufélaga fái 45% og önnur verzlunarfyrirtæki 55%. Við teljum, að hlutur S. Í. S. hafi verið fyrir borð borinn að undanförnu, og teljum rétt að hafa þennan hátt á úthlutuninni til að jafna aðstöðu verzlunarfyrirtækja í landinu. Það má gera ráð fyrir, að þegar gefnir verða út nýir skömmtunarseðlar, eins og gert er ráð fyrir í næstu mgr., að nokkur keppni verði milli verzlana að selja vörur gegn þeim, þar eð þeir veita heimild til framhaldandi innflutnings, og þótti því rétt að jafna nokkuð aðstöðuna í fyrstu. Í 2. mgr. er einnig getið um efnivöru til vefnaðarvöru- og skóiðnaðar, og skal úthlutun þeirra leyfa skipt á sama hátt og vefnaðarvöru- og skófatnaðarleyfum. Í næstu mgr. á eftir (3. mgr.) segir, að þegar stofnleyfi hafa verið gefin út, skuli gefa út nýja skömmtunarseðla, eins og ég hef áður getið um, en samanlagt gjaldeyrisverðmæti þeirra má ekki fara fram úr 70% af heildarupphæð stofnleyfanna. Í þessari mgr. er einnig tekið fram, að leyfisveitingum fyrir þessum vörum skuli framvegis skipt milli innflytjenda í hlutfalli við gjaldeyrisverðmæti þeirra skömmtunarseðla, sem

gefnir hafa verið út samkv. ákvæðum þessarar greinar og innflytjendur skila til fjárhagsráðs. Í næstu mgr. eru ákvæði um það, að meðan takmarkaður sé innflutningur á vörum samkv. 2. mgr. þessarar gr., þá skuli þær skammtaðar og skömmtunarseðlar aldrei gefnir út fyrir meira vörumagni en flutt er til landsins á hverjum tíma. Tilgreint sé á seðlunum gjaldeyrisverðmæti það, er þeir gilda fyrir, og um leið og útsöluverð á vörum er ákveðið, skal jafnframt tilgreina skömmtunarverðmæti þeirra, þ. e. gjaldeyrisverðmæti. Eins og kunnugt er, á að heita, að þessar vörur séu nú skammtaðar hér, en það er gert á þann hátt, að aðfinnsluvert er. Það eru gefnir út skömmtunarseðlar til fólks fyrir þessari vöru í stórum stíl, en almenningur getur ekki fengið keypt út á seðlana í verzlunum nema þá að litlu leyti. Þetta er óhæft. Við flm. viðurkennum, að nauðsynlegt sé að viðhalda skömmtun meðan innflutningur til landsins er ekki nægilegur til að svara eftirspurnum, ef með því móti er hægt að skipta vörunum sanngjarnlegar milli neytenda. En við viljum hafa skömmtunina með öðrum hætti, þannig, að hver maður fái sinn skerf, sem honum er úthlutaður, og teljum betra að hafa minna af seðlum, en þeir séu þá í fullu gildi, því að annars verður skipting vörumagnsins ójöfn, þar eð menn hafa mjög misjafna aðstöðu til að fá vörur út á seðla sína. Þannig hafa sumir fengið fullkomlega út á sína seðla á meðan aðrir hafa fengið lítið sem ekkert út á sína.

Ég sé nú ekki ástæðu til að ræða þennan fyrri hluta gr. frekar, en vil snúa mér að síðari hlutanum, sem er um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi á nokkrum tilgreindum vörutegundum. 5. mgr. l. fjallar um smávöru, sem óskömmtuð hefur verið undanfarið, gúmmískófatnað, búsáhöld og hreinlætisvörur, og leggjum við þar til, að stofnleyfum fyrir þeim vörum verði skipt í sömu hlutföllum og vefnaðarvöruinnflutningnum á milli S. Í. S. og kaupmanna og framhaldsúthlutunum verði skipt í réttu hlutfalli við skilaða vefnaðarvöruskömmtunarseðla á hverjum tíma. Í 2. tölulið eru taldir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir ávextir, kryddvörur alls konar og nýlenduvörur og skal því úthlutað í hlutfalli við skilaða skömmtunarseðla fyrir neyzlusykri fyrir næsta ár á undan. 3. töluliður kveður svo á, að leyfum fyrir varahlutum í bifreiðar og hjólbörðum skuli skipt milli héraða í réttu hlutfalli við tölu skrásettra bifreiða í hverju umdæmi, en úthlutun til verzlana og viðgerðarstöðva í hverju umdæmi skal fara eftir óskum bifreiðaeigenda.

Þá er ónefnt stórt atriði í þessari gr., en það er ákvæðið um úthlutun leyfa fyrir efnivöru til bygginga, sem fjárfestingarleyfi þarf til og nánar er tilgreint í frv. Við leggjum til, að um leið og fjárfestingarleyfið sé veitt, skuli gera áætlun um gjaldeyrisþörf fyrir þeirri erlendu vöru, sem til byggingarinnar þarf og tilgreind er hér í frv. Skal leyfishafinn fá ávísun fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfum fyrir þessum vörum, sem hann framvísar svo hjá þeim verzlunum eða fyrirtækjum, sem hann vill skipta við. Það er ekki vafi á því, að verði þetta samþ., þá mun það gera mönnum stórum auðveldara að ná í efni til þeirra framkvæmda, sem leyfðar eru. Ég þekki sjálfur og geri ráð fyrir, að hv. þm. þekki mörg dæmi þess, að menn hafi átt mjög erfitt með að fá þessar vörur, þó að þeir hafi fengið fjárfestingarleyfi, og oft orðið að leita til fjarlægra verzlunarstaða, sem hefur haft í för með sér aukinn kostnað og mikla fyrirhöfn. Heppilegast er að fá það, sem til þarf, á næsta verzlunarstað. — Þá koma fyrirmæli um úthlutun á byggingarefni til viðhalds mannvirkja og til framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir, og er lagt til, að því sé skipt milli landshluta í hlutfalli við mannfjölda, en á milli verzlana á hverjum stað í sömu hlutföllum og byggingarefni til framkvæmda, sem fjárfestingarleyfi þarf fyrir.

Þá er gert ráð fyrir því, að úthlutun á gjaldeyris- og innflutningsleyfum fyrir öðrum vörum en hér eru nefndar fari eftir ákvörðunum fjárhagsráðs, nema fyrirmæli séu sett um það með öðrum l. eða ályktunum frá Alþ., og minnist ég í því sambandi t. d. laga um úthlutun jeppabifreiða, þó að þau hafi ekki komið til framkvæmda, því að engar slíkar bifreiðar hafa verið fluttar inn í landið síðan þau voru sett.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða um 4.—13. gr., því að þær eru ekki efnisbreyt., heldur formsbreyt., sem stafa af því, að gert er ráð fyrir, að viðskiptanefnd verði lögð niður. En við vonum, að það verði til sparnaðar fyrir hið opinbera og eins hitt, að mál þessi verði ekki eins þung í vöfum og þau hafa verið hingað til, og auðveldara verði fyrir þá, sem þurfa á leyfisveitingum að halda, ef þeir þurfa ekki að fara til eins margra ráða og nefnda og hingað til. Þá hefur það einnig átt sér stað, að ekki hefur alltaf verið fullt samræmi í framkvæmdum þessara tveggja stofnana, fjárhagsráðs og viðskiptanefndar, þó að nefndin sé aðeins ein af undirdeildum ráðsins.

Ég býst við, að menn séu yfirleitt sammála um það, að æskilegast væri, að ekki þyrfti allar þessar innflutningshömlur, heldur væri þetta allt frjálst eins og í gamla daga. En við flm. teljum, að ekki verði hjá innflutnings- og gjaldeyrishömlum komizt nú um sinn, þar eð útlitið í viðskiptamálum er nú slæmt, og á meðan er óhjákvæmilegt að haga framkvæmdum þannig, að hið takmarkaða vörumagn skiptist á sem sanngjarnastan hátt á milli landsmanna og að þeir hafi fullt frelsi til að ráða, hvar þeir kaupa hið takmarkaða vörumagn, sem þeir fá. Ef einhver óskar að verzla við kaupmenn, þá á hann að hafa leyfi til þess, og ef einhver óskar að skipta við kaupfélag, þá á hann að fá að gera það, óáreittur af öllum veraldlegum völdum. Allt annað er óþolandi. Það er hægt að gefa mönnum kost á að velja um, hvar þeir kaupa vöru sína, þó að takmarka þurfi magn hennar. Það er þessi stefna, sem frv. okkar boðar, sama stefnan sem kom fram í frv. því, sem við fluttum á s. l. þingi á þskj. 37 og var samþ. hér í hv. d., en var svo felld í hv. Ed. með eins atkvæðis mun. En þetta nýja frv. er ýtarlegra og á því hafa verið gerð-

ar nokkrar breyt. í samræmi við orðnar breyt. í viðskiptamálum, t. d. hefur verið hætt skömmtun á kornvöru, kaffi o. fl. síðan í fyrra.

Ég sé ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. úr hlaði með fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. og vil beina þeirri ósk til hv. n., að hún afgreiði málið frá sér til hv. d. sem allra fyrst.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er ef til vill ekki ástæða til að ræða þetta frv. ýtarlega við þessa umr., en ég get samt sem áður ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um viss atriði í frv.

Það er fátt í þessu frv., sem ég er samþykkur. Þó er eitt atriði í því, sem ég get fallizt á, en það er sameining hinna tveggja deilda, fjárhagsráðs og viðskiptanefndar. Það hefur sýnt sig, að það er ekki heppilegt fyrirkomulag, og málum er vísað frá einni n. til annarrar, auk þess sem þeim er vísað til ríkisstj., og af þessu stafar meiri afgreiðslutregða en ef þetta væri í einu lagi. Og mér hefur virzt svo, að fjárhagsráð skipti sér lítið af störfum viðskiptanefndar, þegar það afhendir sín fyrirmæli um upphæðir, sem úthluta á hverju sinni í hverju efni. En í þeim löndum, þar sem einstaklingum og félögum er leyft að fara með verzlunarframkvæmdir, þá þykir mér líklegt, að lagasetning þessi væri alveg eins dæmi, ef þetta frv. væri samþ., að það sé ákveðið með lögum í einu landi, hversu mikið einn flokkur innflytjendanna skuli hafa af innflutningnum, og á ég þar við það, sem til er tekið í frv. þessu, að lagt er til, að ákveðið verði, að Samb. ísl. samvinnufélaga og kaupfélögin skuli fá 45% af innflutningnum, en kaupmenn 55%. Þetta er háttur, sem ég fullyrði, að þekkist ekki í nokkru öðru landi, fyrir utan það, að það verður ekki með neinum rökum sýnt fram á, að þetta byggist á nokkrum raunhæfum forsendum. Hér er sett fram í lagaformi togstreita, sem hefur verið á ferðinni síðan 1931 og hefur farið á ýmsa vegu og hallazt til ýmissa hliða. En nú er í fyrsta skipti þessi togstreita færð inn í Alþ., til þess að fá lögfest þessi hlutföll í innflutningnum. — Þetta frv. er ákaflega mikið frábrugðið því frv., sem áður hefur verið lagt fyrir þingið nokkrum sinnum um það, að skömmtunarseðlarnir skuli gilda sem innflutningsleyfi handa þeim aðilum, sem fá þá. Breyt. er, eftir því sem mér virðist, aðallega byggð á því, að nú er gert ráð fyrir því, að það verði veitt stofnleyfi, sem eigi að vera undanfari þess, að þetta form geti komizt á. Mér er ekki kunnugt um, að það sé í nokkru landi ríkjandi slíkt form við skiptingu innflutningsins, nema ef vera skyldi í landi eins og Argentínu, þar sem pólitískur ribbaldaháttur hefur gengið fyrir sig árum saman. Innflutningsmálunum hefur verið stjórnað — ég vil segja — í öllum löndum, sem hafa innflutningshömlur, samkvæmt kvótareglum. Mér dettur ekki í hug að segja, að kvótareglurnar hafi ekki annmarka. Þær hafa stórkostlega annmarka. En þrátt fyrir það hafa þjóðir eins og Norðurlönd, Bretland, Holland og fleiri lönd, sem yfirleitt reyna að reka sín störf á lýðræðis- og réttlætisgrundvelli, þau hafa ekki fundið annan réttlátari grundvöll en þennan. Þessum grundvelli halda þau enn í dag. Vafalaust má telja, að þessi lönd hafi mikið hugsað og rætt um það, hvernig bezt væri að koma þessum málum fyrir, vegna þess að öllum kemur saman um, að þetta séu vandræðamál, hvernig sem á þau er litið. En samt sem áður hefur enginn treyst sér til að fara út í jafnhæpnar ráðstafanir og hér er gert ráð fyrir. Með þessu móti, eins og frv. gerir ráð fyrir, væri það svo um félög og einstaklinga, sem hafa byggt upp sín fyrirtæki á löngum tíma, jafnvel á áratugum, að þau væru gerð gersamlega réttlaus með þessari skiptingu. Annars staðar er þessi skipting í mjög ákveðnu og sterku fyrirkomulagi. En hér hafa nú síðustu árin, vegna pólitiskra áhrifa, þessi mál farið svo úr böndunum, að það má segja, að úthlutunin í þessum efnum í flestum greinum fari fram án þess að hún sé byggð á nokkrum skipulagsbundnum hætti. — Ég hygg, að það mundi reynast erfitt í framkvæmd sumt af því, sem hér er gert ráð fyrir í frv., og vildi ég þá sérstaklega benda á fyrsta töluliðinn, upptalningarliðinn, í 3. gr., þar sem talað er um, að stofnleyfi skuli gefin út fyrir smávörum (er teljast með vefnaðarvöruflokknum), gúmmiskófatnaði, búsáhöldum, leir-, gler- og postulínsvörum og hreinlætisvörum. Það á að vísu að gefa stofnleyfi fyrir þessum vörum. En svo á að úthluta innflutningsleyfunum fyrir þessum vörum síðar, eftir skömmtunarseðlum fyrir vefnaðarvörum. M. ö. o. þeir, sem selja þessar vörur, eiga það undir einhverjum öðrum, hversu þeir menn eru duglegir að selja vefnaðarvörur, hvort þeir fá nokkurn innflutning eða ekki á þessum vörum. Þetta virðist nú vera nokkuð langt sótt. En það er þá ekki heldur gerð grein fyrir því í þessari gr., hvernig skiptingin á þá að vera til þeirra manna, sem eiga að fá þessar vörur. Hvernig á sú skipting að vera? Því að ef þetta frv. væri samþ., þá kæmi það til kasta þess opinbera að velja einhverja leið til þess að útbýta þeim leyfum, sem þannig koma til.

Þá er það byggingarefnið. Það má segja kannske, að það líti vel út á pappírnum, að þeir, sem nota vöruna, eigi að hafa frjálst val um það, hvar þeir geti keypt hana. En ef hv. þm. athuga, hvað innifelst í þessari kvöð, sem þeir þarna vilja setja á fjárhagsráð, þá kemur í ljós, að hér er gert ráð fyrir að setja þá kvöð á fjárhagsráð, að það verði að láta reikna út hvern smáhlut, hvern nagla, hverja skrá og hverja ró í húsi t. d., sem á að byggja hverju sinni, og gefa viðkomandi aðila sundurliðað leyfi fyrir öllum þessum vörum, sem þeir þurfa í byggingu hverja. Það má kannske segja, að það sé ekki gersamlega útilokað að framkvæma þetta. En það má öllum vera ljóst, hvílík gífurleg Kleppsvinna hlýtur að liggja í þessu, en þetta sýnir bara, hve miklum erfiðleikum hv. flm. hafa verið í viðkomandi því að finna einhverjar leiðir til þess að setja fram það, sem þeir hafa sett fram hér. Það var ekki heldur við því að búast, að þeir gætu fundið einhverja frelsandi leið út úr þessum málum,

þar sem aðrar þjóðir, miklu vanari skipulagi en við, hafa gefizt upp við að fara aðra leið en þá, sem ég gat um áðan.

Þá er það byggingarefnið til viðhalds. Formælendur stefnu þeirrar, sem þetta frv. flytur, segja: Því skal skipt á milli héraða (kaupstaða og sýslufélaga) í hlutfalli við mannfjölda. Það verður ekki af þessu skilið annað en að það eigi að úthluta byggingarefni til viðhalds til bæjarstjórna og sýslunefnda. Má vera, að hv. flm. gefi aðra skýringu á því.

Ég skal ekki draga neina dul á það, að frá mínu sjónarmiði eru l. um fjárhagsráð stórkostlega gölluð. En þau mundu ekki batna við þessa viðbót, það er hægt að fullyrða. En mér finnst ástæða til þess við þessar umr. að benda hér aðeins á þrjár málsgr. í l. um fjárhagsráð, til þess að hv. þm. geti rifjað upp fyrir sér, hvað margir af þeim á sínum tíma hafa samþ. sem verkefni þessarar stofnunar. Það er t. d. í 2. gr. nr. 2 til tekið meðal annars, að það sé, „að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.“ Og í 7. tölul. sömu gr. er það til tekið sem verksvið þessa ráðs, „að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.“ Og í þriðja lagi er í 8. tölulið: „að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.“ Þetta eru náttúrlega hlutverk, sem við viljum allir gjarnan, að verði unnin. En hugsum okkur bara, hvaða ráðstöfun það er að ætla að leggja svona hlutverk á herðar einnar stofnunar eins og fjárhagsráðs. Og hugsum okkur, hvaða von er um, að þetta ráð geti framkvæmt þetta. Það má segja, að það sé síður en svo, að það saki, þó að þetta standi í l. En við höfum þá líka gert okkur óþarflega bjartar vonir um það, hversu miklu slík stofnun geti afkastað.

Það, sem er mest nauðsyn á nú eins og stendur, er, að það sé hægt að koma á skipulegum og skynsamlegum vinnubrögðum í þessum málum.

Mér þykir rétt í sambandi við þessar umr. að geta þess, að gjaldeyrismálin eru að mínu áliti komin í hreint öngþveiti, eins og sakir standa, og það verður ekki komizt hjá því á einhvern hátt að taka þau föstum tökum. En það er ekki hægt að gera með þessu frv. Það eitt verður sagt. Óreiðuskuldir hafa safnazt í bönkunum undanfarna mánuði, og samkvæmt uppgjöri, sem var gert fyrir mánuði síðan, þá nam það yfir 50 millj., sem fyrir lá af beiðnum um yfirfærslur á fé til vörukaupa og greiðslu á vörum, sem komnar eru til landsins og liggja á hafnarbakkanum, en hefur ekki verið hægt að greiða. Þetta er svo alvarlegt mál, að það er ekki hægt að láta þessa þróun ganga svona lengur og halda áfram að safna skuldum við útlönd á þennan hátt. En við skulum bara gera okkur grein fyrir því í sambandi við skipulag þessara mála, sem við erum að ræða um, að þessar vörur líklega allar eru pantaðar út á lögleg innkaupaleyfi, gefin út af þeirri stofnun, sem þingið og ríkisvaldið hafa valið til þess að vinna þessi störf. En þrátt fyrir það að þessi leyfi séu gefin út að löglegum hætti, þá verða þetta óreiðuskuldir við útlönd, og þau fyrirtæki, sem senda hingað vörur, sætta sig ekki við, að þær liggi hér þannig, að það fáist ekki yfirfærsla vegna þeirra.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta mál að sinni. En vel kann svo að fara, að til þess reki nauður að gera þær ráðstafanir um stundarsakir, að ekki verði hægt að flytja vörur til landsins nema jafnframt sé tryggð greiðsla fyrir þeim.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur gert nokkrar aths. við þetta frv. eða nokkur atriði í því. Hann ræddi fyrst um það ákvæði frv., að gefa skuli út stofnleyfi, eða innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem eru kölluð stofnleyfi, fyrir nokkrum vörutegundum á næsta ári, sem eiga að gilda í sex mánuði, og hann taldi það ekki rétt að setja á þennan hátt lagafyrirmæli um ákveðna skiptingu á þessum vörum á milli sambandskaupfélaganna annars vegar og kaupmannaverzlana hins vegar. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að þegar frv. okkar um verzlunarmálin kom hér fyrir á síðasta þingi, og reyndar síðan í umr. um málið, þá hefur því mjög verið haldið fram og þá einkum af flokki hæstv. ráðh., að einn af höfuðgöllum þess hafi verið sá, að ef framkvæma ætti það, sem þar var farið fram á, þá hefðu menn vegna vöruskorts orðið að afhenda fyrir fram sínar innkaupaheimildir til verzlana, án þess að geta fengið vörur út á þær samtímis. Var talið, að þetta mundi hafa mikil óþægindi í för með sér, bæði fyrir verzlunarfyrirtæki og einstaklinga. M. a. með tilliti til þessa — þrátt fyrir það að ég geri ekki mikið úr þeirri aðfinnslu —, þá höfum við hér lagt til, að þessi stofnleyfi verði gefin út aðeins fyrir sex fyrstu mánuðina. Mundi það verða til þess, að færri en ella þyrftu að afhenda seðla sína fyrir fram til verzlana til þess að fá vörur út á þá seinna. Einkum þegar á það er litið, að seðlamagnið í umferð yrði takmarkað við aðeins 70% af innflutningsleyfunum, þá má gera ráð fyrir, að menn gætu yfirleitt fengið vörur jafnharðan út á þessa seðla og fært sig þá á milli verzlana og keypt þar, sem þeir teldu sér hagkvæmast. — Ég vil benda á, út af aðfinnslum hæstv. viðskmrh., að þessi ákvæði um ákveðna skiptingu á milli þessara tveggja höfuðaðila í verzluninni gilda aðeins um stofnleyfin, sem eiga að gilda í 6 mánuði. Eftir þann tíma eru þau ákvæði úr sögunni. Eftir þann tíma fer skiptingin á milli þessara aðila eftir því, hve margir vilja skipta við hverja verzlun á hverjum tíma, og eftir því á þetta að fara og ekki öðru. Réttur einstakra verzlana til innflutnings á hverjum tíma á að fara eftir því, hve margir landsmenn vilja við viðkomandi verzlun skipta, og ekki eftir neinu öðru. Hæstv. ráðh. talaði um, að þetta mundi hvergi þekkjast á byggðu

bóli, þar sem innflutningstakmarkanir eru. Skal ég ekki þrátta um það við hann. En ég held, að við séum þá sérstæðir að fleiru leyti í okkar viðskiptum og fjárhagsmálum, ef út í þá sálma væri farið. Og þetta fyrirkomulag væri alls ekki fordæmanlegt af þeim sökum, þrátt fyrir það að upplýst kynni að verða, að það væri ekki annars staðar.

Hæstv. viðskmrh. telur, að eftir kvótareglunni sé farið annars staðar, og virðist telja, að sú leið sé bezta leiðin í þessum efnum. En hvað þýðir kvótareglan? Hún þýðir það, að verzluninni er haldið í sömu skorðum, þannig að hún geti ekki hreyfzt til. Og þessi regla verður því verri fyrir landslýðinn sem höftin standa lengur. Með því að halda kvótareglunni og fylgja henni er í raun og veru sagt við landsbúa, hvern og einn: Þarna verzlaðir þú í gamla daga, þegar höftin gengu í gildi, og þarna átt þú að halda áfram að verzla, því að þessi verzlun á að fá innflutning í samræmi við það, sem hún hafði fyrr á tíma, þegar meira frelsi var í verzluninni. — Þetta tel ég slæma reglu. Ég tel, að hún eigi ekki rétt á sér. Samkvæmt henni getur maður, sem á þeim árum, sem miðað er við í útreikningi kvótans, hefur verzlað við kaupmann, ekki síðar, þó hann vilji, tekið þátt í að mynda kaupfélag og tekið að verzla við það. Og á sama hátt getur maður, sem á þeim tíma verzlaði við kaupfélag, en kemst að þeirri niðurstöðu síðar, að heppilegra sé að verzla við kaupmann, ekki fært sig til með verzlun sína. Þetta er gamla bindingin, sem þekktist á tímum einokunarverzlunarinnar í gamla daga. Og það fyrirkomulag hefur nú ekki verið hátt lofað á seinni tímum.

Hæstv. ráðh. talaði einnig hér um 1. tölul. í fimmtu málsgr. 3. gr. frv. og segir, sem alveg er rétt, að þar séu ekki settar neinar reglur um það, hvernig eigi að skipta á milli kaupmannaverzlana því magni af þar tilgreindum vörum, sem kemur í þeirra hlut í heild. Það er rétt, að ákveðnar reglur eru ekki settar um það, og spurning er, hvort hann hefði verið ánægðari með frv., þó að við hefðum sett einhverjar reglur um það. En þetta yrði annaðhvort að vera í höndum fjárhagsráðs eða leitað yrði til samtaka kaupmanna um till. um þetta eða þeim gefið úrskurðarvald um það, hvernig kaupmenn ættu að skipta þessu á milli sín.

Þá talaði hæstv. ráðh. um þá erfiðleika, sem samfara mundu vera því fyrir fjárhagsráð að reikna út hvern nagla og hverja skrá og ró, sem þyrfti í hvert hús, sem byggt væri, eins og hann sagði. Það er ekki í frv. þessu neitt um það, að ávísanir þurfi fyrir allra smæstu hlutum. Við teljum upp í frv., hvaða hluti menn eigi að fá ávísanir fyrir. Það er timbur, sement, steypustyrktarjárn, þakefni, miðstöðvarefni, hreinlætistæki, gólfdúkur og rúðugler. Þetta er það helzta, sem þarf til byggingarinnar. Öðrum smærri hlutum er sleppt. Og ég vil benda á, að það hefur mjög vafizt fyrir mönnum, þó að þeir hafi haft fjárfestingarleyfi í höndum, að fá suma þessa hluti til bygginga. Ég held því, að óþarfi sé að tala um Kleppsvinnu í þessu sambandi. Og ég vil benda á, að í fjárfestingarleyfum þeim, sem fjárhagsráð hefur veitt að undanförnu, er tilgreint það magn af sementi, timbri og fleiri vörutegundum, sem áætlað er, að þurfi til byggingarinnar, og fjárhagsráð hlýtur að fylgjast svo vel með, að það geti vitað, hvað þurfi af erlendum gjaldeyri fyrir þetta á hverjum tíma.

Þá segir hæstv. ráðh. um það, sem hér er talað um byggingarefni til viðhalds mannvirkjum og til framkvæmda, sem ekki þurfi fjárfestingarleyfi fyrir, að líkur séu til þess, að ætlað sé, að það eigi að veita þetta til bæjar- og sýslufélaga. Þetta er fjarri öllum sanni, því að hér eru reglur um það, hvernig eigi að skipta þessu á milli verzlana. Þessi ummæli hæstv. ráðh. benda til þess, að hann hafi ekki lesið frv., áður en hann talaði um það, og vil ég gefa honum það ráð að líta yfir þetta frv., áður en hann talar um það næst.

Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskmrh., að gjaldeyrisástandið hjá okkur er nú slæmt. Ég hef og heyrt það áður, að hér liggi nú vörur frá útlöndum óinnleystar, sem ekki hefur enn verið hægt að borga vegna vöntunar á erlendum gjaldeyri, þrátt fyrir það að innflytjendur þeirra hafi í höndum innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þeim frá yfirvöldunum. Þetta er mjög slæmt ástand. En einmitt vegna þess, hvernig ástandið er og að útlit er fyrir, að það þurfi mjög að takmarka vörukaup til landsins á næstu missirum vegna þessa slæma gjaldeyrisástands, þá er enn ríkari ástæða til þess að setja fyrirmæli um framkvæmd þessara mála, sem tryggi það, sem á að vera höfuðatriðið að mínum dómi, að því takmarkaða vörumagni, sem hægt er að kaupa til landsins, verði skipt sem sanngjarnlegast á milli landsmanna og að þeir hafi sem mest frelsi — og helzt fullt frelsi — til þess að ákveða það, hjá hvaða verzlunarfyrirtæki þeir kaupa þann takmarkaða skammt hverju sinni. Og allra sízt ætti flokkur, sem a. m. k. fram að þessu hefur haft frjálsa verzlun mjög ofarlega á sinni stefnuskrá, að mæla gegn því, að landsmenn allir eigi að hafa þetta frjálsræði. Ef hæstv. ráðh. getur bent á eitthvað annað, sem leiði að þessu sama marki, þá er vitanlega sjálfsagt að taka það til athugunar.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það er nú þannig með mig, að ég hef ekki lesið þetta frv. nægilega ofan í kjölinn til þess að ég hafi getað gert mér fulla grein fyrir því í öllum atriðum og sé því reiðubúinn að fella um það heildardóm. En mig langar þó til að fara um það nokkrum orðum og taka til athugunar sumt, sem hv. 1. flm. hefur sagt.

Hann taldi l. um fjárhagsráð ábótavant á ýmsan hátt, og get ég verið honum samdóma um það; t. d. framkvæmd skömmtunarlaganna, sem hann taldi mjög aðfinnsluverða, svo sem útgáfu seðla fyrir vörum, sem ekki væru til. Það er rétt, að þetta er einn af göllum þessa kerfis, sem byggt er á l. um fjárhagsráð. Kerfið er allt mjög þungt í vöfunum, það eru of margir aðilar með of lítið samband sín á milli, sem hér fjalla um, til þess

að samræmi geti fengizt á milli ákvarðana þeirra. Ég flutti á síðasta þingi frv. til l. um breyt. á l. um fjárhagsráð. Þar var lagt til, að viðskiptanefnd yrði lögð niður og yfirstjórn þessara mála færð undir eitt ráðuneyti. Síðarnefnda till. er ekki tekin með í þessu frv., en ég tel hana þó engu þýðingarminni ráðstöfun en að leggja niður viðskiptanefnd, því að með því móti mætti meira að segja takmarka starf hennar mjög. Og víst er um það, að á meðan margir flokkar stóðu að ríkisstjórn a. m. k., þá hefur það reynzt þungt í vöfum, að svo stór stofnun eigi undir ráðherrafundi að sækja í stað þess, sem réttara væri, að eitt ráðuneyti bæri alla ábyrgð á störfum hennar, en henni sé ekki dreift víða og enginn vilji svo við hana kannast. Vitaskuld kemur þetta síður til greina undir stjórn eins flokks, eins og þeirri, sem nú er mynduð, en það veit nú heldur enginn, hve lengi hún stendur. Og ég hef talið rétt, að yfirstjórn á þessum málum væri á einni hendi, og enn fremur var það till. mín, að viðskiptanefnd yrði lögð niður, svo sem hér er ráð fyrir gert. Það er meginatriði í þessu frv. — Fyrir utan það er svo annað meginatriðið um skiptingu innflutningsins. Hún virðist hér hugsuð nokkuð óðruvísi en svipaðir aðilar lögðu til á síðasta þingi, en um þessa skiptingu á innflutningnum átti ég till. í frv. í fyrra, sem hneig að því, að einungis ¾ af innflutningnum yrði skipt upp eftir kvótareglunni, og það sem eftir yrði væri notað til að jafna metin, veita af því nýjum innflytjendum og bæta upp þeim, sem hefði verið hallað á og hefðu meiri sölu en viðurkennt hefur verið.

Ég er ekki farinn að sjá, að þessar till., þar sem beinlínis er slegið föstu hlutfallinu á milli samvinnuverzlananna og einkaverzlananna, gangi hér í réttari átt. Það er auðvitað vandamál, hvernig þessu skuli hagað, en ég hefði haldið, að það yrði komizt nálægt hinu rétta, ef að því yrði horfið, sem ég lagði til í fyrra.

Ýmislegt er hér fleira, sem mér virðist, að taka þyrfti til athugunar. Þegar úthlutun leyfa er skellt á fjárhagsráð eins og hér er gert, þá er því um leið falið að gera viðtæka útreikninga í ýmsar áttir, og þegar starf þess er orðið svo víðtækt, þá þarf um leið að setja því ákveðnar starfsreglur, eins og ég lagði til í mínu frv., að gert yrði. Ég lagði til, að fjárhagsráð fengi sér til aðstoðar 6 deildir undir fastri stjórn, og færi hver aðili með sérstakt hlutverk. Það virðist einsætt, að ráðinu verði að setja fastar starfsreglur og það sé óhjákvæmilegt að gera samtímis því, að viðskiptanefnd væri lögð niður. Ég ætlaðist til, að úthlutun leyfa í einstökum vöruflokkum yrði falin ákveðnum manni og gerðir hans yrðu daglega lagðar fyrir ráðið til athugunar og yfirlits.

Í sambandi við þetta mál verð ég að minnast nokkrum orðum á annað, sem snertir þetta frv. mjög verulega, enda þótt það sé ekki tekið þar til meðferðar, en það er framkvæmd verzlunarinnar út á við. Hér er aðeins fjallað um framkvæmd hennar inn á við, en þetta tvennt er nátengt. Nú hin síðari ár og ekki sízt síðustu mánuðina hefur sú alda verið uppi í heiminum að reyna að losa um höftin á viðskiptunum landa á milli. Samvinnunefnd Marshallstofnunarinnar hefur haft þar forgöngu og hefur í því skyni komið á „frílistum“ og svokölluðu „glóbakvótakerfi“ í ýmsum löndum, sem kemur því til leiðar, að þau losna undan hinum þrönga stakki tvíhliða samninga sín á milli. Um okkur er það svo, að við getum aðeins farið skammt inn á þessa braut, en e. t. v. gætum við slakað það til á einstökum vörutegundum, að við gætum flutt inn til að fullnægja eftirspurninni og þó heldur meira. En verði það unnt, þá þurfum við ekki á þessum reglum að halda um skiptingu innflutningsins, sem settar eru vegna innflutningshaftanna.

Í frv. mínu á síðasta þingi lagði ég til, að jafnan yrði flutt inn af skömmtunarvörum meira magn en skammtað væri. Hefði það verið unnt, hefði mikið verið við það unnið. Það, hve neyzluvöruinnflutningurinn er takmarkaður, hefur orðið til þess, að þetta var ekki hægt, en það kemur til af því, að kapitalvöruinnflutningurinn er svo mikill. Ef úr honum yrði dregið án þess að atvinna drægist saman, — sparaðist t. d. innflutningur á skipum og vélum, sem svo stór liður hefur verið í heildarinnflutningnum til þessa, — þá mundi „automatískt“ lagast verulegur hluti af því ólagi, sem nú er á þessum málum. Og við samningu innflutningsáætlunar fyrir árið 1950 álít ég beri að stefna að þessu, því að undir eins og birgðir eru til af vörunum í hverri búð, kemur skiptingin af sjálfu sér. Um innflutningsskiptinguna skal ég annars ekki fjölyrða nú, né þær till., sem gerðar eru um hana í þessu frv. Ég er þeim enn of ókunnugur til þess. Enda þótt ég hafi lesið frv. tvisvar, tel ég mig þurfa að kynna mér það betur. En ég vil leyfa mér að leggja það til við þá hv. n., sem um þetta fjallar, að hún athugi jafnframt þær till., sem ég hef gert um þetta í áðurnefndu frv., og beri þær saman við það, sem hér er lagt til.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. Hafnf. (EmJ) sagði, þá er ég honum sammála um það, að það hefur verið ókostur við framkvæmd þessara mála, að þau skuli ekki hafa heyrt undir eitt ráðuneyti. Reynslan hefur sýnt, að ekki kemur til mála, að þau heyri undir alla ríkisstj. Með því móti verða framkvæmdir stofnunarinnar allt of þunglamalegar og raunverulega enginn, sem ábyrgðina ber. Ég gleymdi nú að benda á, að hv. flm. fella niður seinni málsgr. 9. gr., en með því virðist vera kippt burt möguleikanum til þess að setja fjárhagsráði starfsreglur, en það er mjög nauðsynlegt.

Það hefur undanfarið ár verið heróp samvinnumanna í landinu, að menn fái ekki að verzla þar, sem þeir vilja, og hv. frsm. segir, að þetta sé nú orðið eins og þegar við vorum verst staddir á einokunartímunum. Þetta er nú vægast sagt mjög mikill misskilningur, ef ekki vísvitandi blekking. Það getur hver maður verzlað í hvaða verzlun sem hann vill, og þetta vita allir. Deilan hefur hins vegar staðið um

heildarskiptinguna. Það er hin mesta fjarstæða að halda því fram, að Íslendingar séu bundnir við ákveðnar verzlanir. En þetta hefur verið túlkað á þann veg, að með því að S. Í. S. fái ekki nægilegar vörur, þá séu menn neyddir til að verzla þar, sem mönnum er það þvert um geð. En þessi fullyrðing fær á engan hátt staðizt.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð út af ræðu hæstv. viðskmrh. Ég sagði, að ef farið væri eftir kvótareglunni, þá yrði afleiðingin sú, að verzlunin væri bundin í sömu skorðum og áður var. En ég viðurkenni, að ekki er farið eingöngu eftir henni, og því er ófrelsið ekki alveg eins mikið. En mjög var það ofmælt hjá hæstv. ráðh., að menn geti verzlað hvar sem þeir vilji. Ég kann um það mörg dæmi, að menn, sem fengið hafa fjárfestingarleyfi, hafa orðið að fara sjálfir fleiri ferðir til Rvíkur eða gera út sendimenn eða fá sér þar umboðsmenn til þess að fá leyfisvörurnar, af því að þær vörur voru ekki til í neinum af þeim verzlunum heima í héraði, sem þeir helzt hefðu kosið að skipta við, allra hluta vegna. Ummæli hæstv. ráðh. eru því úr lausu lofti gripin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 88., 89., 90. og 93. fundi í Nd., 25., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 88, n. 544, 566).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um breytingu á l. um fjárhagsráð og snertir úthlutun innflutningsleyfa fyrir erlendri vöru. Horfur í viðskiptamálum eru óglæsilegar, og hefur svo verið undanfarið. Markaðir fyrir ýmsar útflutningsvörur hafa dregizt saman og verðið lækkað. Afleiðingin hefur orðið sú, að innflutningurinn er háður miklum takmörkunum, og þegar svo er ástatt, verður að sjá um, að hið takmarkaða vörumagn skiptist sem réttlátlegast á milli landsmanna, og einnig hitt, að sem mest frjálsræði ríki í viðskiptunum innanlands, svo að menn séu sjálfráðir um það, hvar þeir kaupa vörurnar. Að þessu hvoru tveggja er stefnt með þessu frv.

Ég legg til, að á frv. verði gerðar nokkrar breytingar, og taka þær að mestu leyti til formsins, en ekki efnisins. Allar miða þær að því að gera auðveldara að taka ákvörðun um úthlutun leyfa fyrir hverjum vöruflokki fyrir sig heldur en var samkv. frv. Mun ég nú víkja með nokkrum orðum að brtt. mínum.

1. brtt. felur í sér, að 10. gr. l. falli brott. Undir fjárhagsráði hefur starfað viðskiptanefnd, en nú hefur sú nefnd verið lögð niður, eins og kunnugt er. Þetta er því aðeins staðfesting á því fyrirkomulagi, sem nú er komið til framkvæmda. — 2. brtt. er um breyt. á 11. gr., og er það ekki efnisbreyt. frá því, sem nú er í l., heldur aðeins afleiðing, þar sem lagt er til, að fjárhagsráð annist sjálft úthlutun leyfanna. — Í 3. brtt. er svo lagt til, að á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, og breytist greinatalan skv. því. Mun ég nú víkja nánar að efni greinarinnar.

A-liður snertir úthlutun á kornvörum, kaffi og sykri og er lagt til, að leyfi séu veitt eftir óskum, ef innflytjandi hefur tryggt sér gjaldeyri til greiðslu á vörunum. Nú er sykur skammtaður og verður svo vafalaust fyrst um sinn.

Næsti liður till. er um úthlutun leyfa fyrir byggingarefni. Þar er það nýmæli, að lagt er til, að innflutningsleyfi verði látin fylgja fjárfestingarleyfum. Gerir þetta mönnum stórum auðveldara að ná í efni til framkvæmda en nú er, og með svo hagstæðu verði sem kostur er á. Allir þekkja þá erfiðleika, sem nú eru á því að snapa saman efni til bygginga hingað og þangað — með ærinni fyrirhöfn og auknum tilkostnaði. Ekkert virðist sjálfsagðara en það, að þeir, sem fá fjárfestingarleyfi til bygginga eða annarra framkvæmda, fái einnig leyfi til innflutnings á nauðsynlegu efni, svo að þeir geti fengið það á þeim verzlunarstöðum og hjá þeim verzlunum, sem þeir telja sér hagkvæmast að skipta við.

Síðari málsgr. till. er um úthlutun leyfa fyrir byggingarefni til viðhalds og framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir. Meginreglan þar er, að þetta efni skiptist milli landshluta eftir fólksfjölda.

Næsta till. er um úthlutun leyfa fyrir ávöxtum, nýlenduvörum og kryddvörum. Leyfi þessi skiptist milli verzlana eftir sykursölu þeirra. Er með þessu stefnt að því, að þessar vörur skiptist sanngjarnlega milli verzlunarstaða og verzlana og þaðan út til almennings.

Þá eru næstu liðir brtt. á þskj. 544, d, e, f og g, sem allir snerta úthlutun á innflutningsleyfum fyrir vefnaðarvöru, fatnaði og skófatnaði. Það er lagt til, að fyrst verði gefin út stofnleyfi, sem gildi í 6 mánuði og skiptast í ákveðnu hlutfalli á milli samvinnufélaga og annarra verzlana. Svo er einnig lagt til, að iðnaðarfyrirtæki fái slík stofnleyfi, en það er takmarkað við 50% af samanlagðri upphæð þeirra leyfa, er verzlanir fá fyrir þessum vörum. Þá er og lagt til, að vörur þessar verði skammtaðar meðan innflutningur þeirra er takmarkaður, til þess að tryggja sem réttlátasta dreifingu þeirra, og skal þess þá gætt, að aldrei séu gefnir út skömmtunarseðlar, er gildi fyrir meira en flutt er af vörum til landsins. Nýir skömmtunarseðlar séu gefnir út til almennings, er gildi fyrir ákveðna fjárhæð í erlendum gjaldeyri, en þó ekki yfir 80% af heildarupphæð stofnleyfanna. Úthlutun leyfa fyrir þessum vörum til verzlana á síðan að miðast við gjaldeyrisupphæð þeirra skömmtunarseðla, sem verzlanirnar skila til fjárhagsráðs.

Með þessu fyrirkomulagi, ef lögfest verður, fá menn ávísanir á ákveðna fjárhæð í erlendum gjaldeyri til kaupa á vörum þessum, ávísanir, er skapa þeim verzlunum, er fá þær í hendur, möguleika til áframhaldandi innflutn-

ings. Verzlanir og iðnfyrirtæki mundu að sjálfsögðu keppa að því að fá sem mest af þessum ávísunum, en það geta fyrirtækin með því að bjóða mönnum sem bezt kjör. Aðstaða almennings til vörukaupa gerbreyttist við þetta, en heilbrigð samkeppni mundi skapast á milli verzlana. En þetta er allt annað en það, sem nú tíðkast.

Næsti liður er um úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmíi, og er lagt til, að þeim skuli skipt milli kaupstaða og sýslufélaga í réttu hlutfalli við tölu skráðra bifreiða í hverju umdæmi. Síðan geta bifreiðaeigendur sjálfir ráðið því, hvert þessi leyfi fara, til verzlana eða viðgerðarstöðva innan hverrar sýslu og kaupstaðar.

Ég geri ráð fyrir því, að ég muni leggja fram till. um úthlutun á fleiri vöruflokkum, og fer það eftir því, hvernig fer um afgreiðslu þessara till. minna nú við þessa umr., en þá mun ég leggja þær till. mínar fram við 3. umr.

Eins og í síðasta lið till. segir, þá er lagt til, að auk þeirra leyfa, sem í hinum liðunum hafa verið talin, þá skuli um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa til kaupa á öðrum vörum fara eftir ákvörðunum fjárhagsráðs, nema fyrirmæli séu sett um það í lögum eða ályktunum frá Alþingi, og er það eins og nú er.

Þá legg ég til, að 3. gr. falli niður, því að ég tel, að aðalatriði hennar séu nú talin í 2. gr. frv., sem á við um einstakar gr. laganna. Þó skal ég geta þess, að í þeirri grein eru till. um úthlutun á leyfum fyrir fleiri vörutegundum en þetta, eins og t. d. gúmmískófatnaði, búsáhöldum, hreinlætisvörum o. fl., og geri ég ráð fyrir að leggja fram till. um úthlutun á þeim vörum síðar, eftir því, hvernig afgreiðslu málið fær hér við þessa umr.

Þá er einnig lagt til í 5.—9. brtt. á þskj. 544, að 6.—10. gr. falli burt. Þær gr. snerta allar saman 3. kafla l., en sá kafli hefur nú verið numinn úr l. með l. um verðlagseftirlit, en áður voru ákvæðin um verðlagseftirlit í sérstökum kafla þessara laga. Þessar frvgr. snerta þann kafla og eiga því ekki að koma til greina nú, eftir að búið er að gera breyt. á l. um verðlag og verðlagseftirlit.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um brtt. mínar, en leyfi mér að vísa til nál. á þskj. 544, þar sem ég hef skýrt frá efni till. minna í einstökum atriðum.

Landsmenn hafa nú orðið að taka á sig margs konar byrðar vegna gengislækkunarinnar, og ekki sízt vegna þess er nauðsynlegt, þegar innflutningur til landsins er mjög takmarkaður, að taka upp réttláta dreifingu og gera verzlunina svo haganlega fyrir almenning sem mögulegt er. Innflutningshöftunum er ekki hægt að létta af enn sem komið er. En þrátt fyrir það er hægt að gera ráðstafanir til þess, að langtum meira frjálsræði ríki í verzluninni en nú hefur verið um langt skeið, þannig að landsmenn eigi þess kost að ráða því sjálfir, hjá hvaða verzlunarfyrirtækjum þeir eiga viðskipti á hverjum tíma. Menn geta þá valið milli verzlana og farið með ávísanir sínar þangað, sem þeir telja, að sé hagkvæmast að verzla á hverjum tíma. Þá er fólki mögulegt og frjálst að velja um það t. d., hvort það kaupir tilbúinn fatnað hjá einhverri saumastofu eða efnið í fatnaðinn í verzlun, ef möguleikar eru til þess að gera úr því föt á heimilunum. En þetta er allt annað en nú tíðkast. Slíkt verzlunarfrelsi er skylt að veita öllum þegnum þjóðfélagsins, og að því er stefnt með því frv., sem hér liggur fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta frv. fer fram á það, að settar verði ákveðnar reglur um innflutning til landsins og skiptingu hans milli landsmanna. Það lá fyrir hv. fjhn. annað frv., sem ég og annar hv. þm. erum flm. að, um svipað efni. Hins vegar hef ég flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 566 og mun kannske flytja fleiri till. síðar. En áður en ég byrja að ræða um þessar till. mínar vildi ég minnast örfáum orðum á ástandið í þessum málum eins og það er.

Ég verð að segja það, að hreinskilnislega sagt finnst mér það undarlegt að ætla nú að fara að ræða af alvöru um skiptingu innflutnings á vörum til landsins. Mér sýnist ástandið vera þannig í þjóðfélaginu, að það séu önnur mál, sem þarf að afgreiða áður en farið er að ræða um það, hvort og hvernig innflutningurinn eigi að skiptast milli verzlana. Það er að vísu gott að hafa til ákveðnar reglur um skiptingu innflutningsins, en það er þá bezt, fyrst verið er að skipuleggja þetta, að skipuleggja það með hliðsjón af því, hvort eitthvað muni flytjast af vörum til landsins, sem séu til skipta. Og ég fæ ekki séð neina afgreiðslu á þessum málum, sem þingið getur verið þekkt fyrir, nema jafnhliða sé tekið fyrir spursmálið um útflutninginn. Ég fæ ekki betur séð en að það sé helber og ósvífnisleg blekking gagnvart neytendunum, ef við færum að afgreiða þetta mál út af fyrir sig, þó að það kunni í sjálfu sér að vera réttlátt, en það er blekking, þegar við sjáum, að grundvöllurinn undir innflutningnum er að hrynja í rústir, ef við gerðum ekki neinar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja það. Það er ekki hægt að afgreiða slíkt frv. sem þetta í þeirri trú, að það komi að einhverju gagni, öðruvísi en að sjá um það um leið, að útflutningurinn sé tryggður, til þess að hægt sé að flytja eitthvað inn; það væri ekki sómasamlegt af Alþingi að gera slíkt. Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um innflutninginn og mikið um hann deilt. Það hefur verið hægt að rífast um þessi mál einsömul. Þetta hefur gengið svo langt, að það hefur verið tekið allt frjálsræði af útflutningnum og fengið í hendur innflytjendum. En það sér hver heilvita maður, að þetta er ekki hægt lengur. Sú verzlunarpólitík, sem rekin hefur verið undanfarin ár, er búin að eyðileggja alian útflutninginn, og spurningin, sem fyrir liggur og svara verður, er því, hvernig við eigum að koma stoðum undir útflutninginn. Frá mínu sjónarmiði er um tvær leiðir að velja. Það er í fyrsta lagi sú leið, sem ég álít æskilegasta, samkv. stefnu minni í þjóðfélags-

málunum, að ríkisstjórn alþýðustéttanna hafi með útflutninginn og þessi mál að gera og reki þau með það sjónarmið fyrir augum að tryggja markaðina sem bezt fyrir okkar vörur. Sá möguleiki er nú ekki fyrir hendi, þar sem svo er ástatt, að harðvítugasta afturhaldsstjórn fer nú með völd á Íslandi og hefur gert nú undanfarin ár, og það ríkisvald hefur, blindandi eða vitandi vits, rekið sína verzlunarpólitík án nokkurs tillits til hagsmuna Íslendinga og eyðilagt þá markaði, sem við höfðum fyrir, eða horft á þá eyðileggjast af auðvaldskreppunni hjá engilsaxnesku þjóðunum, án þess að hafast nokkuð að. En ég ætla nú ekki að fara að ræða frekar þennan möguleika til breyttrar viðskiptastefnu með það fyrir augum að afla markaða fyrir afurðir okkar.

En það er til annar möguleiki, sem ég vil taka fram, að ekki er í samræmi við höfuðstefnu sósialistiskra flokka um þessi mál, en samt sem áður mundi vera til mikilla bóta miðað við þá einokun á verzluninni, sem undanfarið hefur verið rekin á Íslandi, og sá möguleiki er, að verzlunin verði gefin frjáls, að minnsta kosti að nokkru leyti frjáls. Með öðrum orðum, Íslendingum yrði gert mögulegt að selja út vörur sínar sjálfir og kaupa inn aftur þær vörur, sem að áliti fjárhagsráðs eru taldar nauðsynlegar. Ég álít, að sú stefna, sem rekin hefur verið í inn- og útflutningsmálunum, geti ekki gengið lengur, því að eins og fyrirkomulagið á þeim málum er nú, hafa þeir, sem flytja inn vörur, engan áhuga á því og engra hagsmuna að gæta, hvernig gjaldeyris fyrir þeim er aflað og hvort hann er til, og þaðan af síður dettur þeim til hugar að setja fé sitt í útflutningsframleiðsluna. Það er með öðrum orðum höggvið á hagsmunatengslin milli útflutnings- og innflutningsmálanna. Og þetta frv. tekur aðeins til annarrar hliðar þessa máls. Það miðar ekkert að því að vekja áhuga innflytjendanna á útflutningsrekstrinum, heldur aðeins af því að skipta innflutningnum. Ég hygg, að það horfi nú svo með okkar útflutning, að hann sé að hrynja í rústir. Það er ekki neinn framtíðarspádómur, heldur staðreyndin um það, sem er að gerast og gerist á næstu missirum. Gífurlega góð síldarvertíð í sumar gæti að vísu bjargað einhverju, en ef hún verður eins og undanfarin sumur, þá er hrun framundan. Ég býst við því, að það sé öllum þm. ljóst og ekki þurfi að taka fram, að hrun í útflutningnum þýðir skort eða hrun í innflutningnum og stöðvun í meiri hluta þeirra atvinnulegra framkvæmda, sem við þurfum nauðsynlega að gera til þess að koma í veg fyrir ægilegt neyðarástand. Nú efast ég ekki um, að þrátt fyrir þá kreppu, sem geisar víða erlendis í þeim viðskiptaheimi, sem við erum mest við tengdir, þá séu fyrir hendi mjög miklir möguleikar á því að útvega þar meiri markaði, ef unnið er að því af meira kappi en hingað til hefur verið gert. Það kerfi, sem notað hefur verið til þess að útvega markaði, er ekki til þess hæft. Ég tel ekki, að utanríkisráðuneytið sé útbúið til þess að hafa þau mál á hendi. Það er ekki skipulagt til þess, og enda er ekki ætlazt til þess, hvorki af þeim, er því stjórna, né heldur hefur því verið ætlað það í upphafi. En hins vegar hefur allt framtak einstaklinganna til þess að afla markaða verið lamað algerlega af því skrifstofubákni, sem yfir þessum málum er haft. Það hefur verið lamað og útilokað, að hægt sé að afla markaða og hefja viðskipti á þann hátt, sem þau eru hugsanleg. Það eru svo að segja öll lönd, sem hafa við svipaðar aðstæður og við að búa í þessum efnum. Þau geta ekki selt vörur sínar, hvorki í Ameríku, Asíu né Evrópu. Þau geta ekki selt vöru sína á frjálsum markaði fyrir dollara eða sterlingspund, en þau geta ef til vill selt hana með vöruskiptaverzlun. Það er því engum efa bundið, að það er hægt að selja afurðir okkar og flytja inn vörur í staðinn, ef það er gert af mönnum, sem hafa brennandi áhuga á því. En nú er fyrirkomulagið þannig, að það er ekki hægt að framkvæma svona verzlun með öllu því skrifstofubákni og öllum þeim leyfum, sem nauðsynleg eru. Það er ekki hægt að framkvæma svona verzlun með svo svifaseinu skrifstofubákni, það hefur verið reynt, en það hefur allt kafnað undir apparatinu. Sérhagsmunirnir eru svo ríkir í fjárhagsráði og togstreitan er þar svo mikil, að það er til að kæfa allt. Það er hægt að kaupa til landsins fjöldann allan af vörutegundum, sem okkur vantar, og selja afurðir okkar í staðinn, sem við þurfum að losna við, en það er ekki gert með því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum málum. Ég veit, að þá kunna einhverjir að spyrja, hvort við séum þá ekki að fara inn á þá braut, að þeir, sem flytji út afurðirnar á þennan hátt, flytji bara bíla og annan lúxus inn í landið til þess að selja svo á svörtum markaði á eftir, til þess að geta grætt sem mest á viðskiptunum. En ég álít, að það sé hægt fyrir Alþingi að útiloka svartan markað og innflutning á óþarfa varningi, og í till. minni á þskj. 566 er einmitt ákvæði um það efni, að Alþingi banni algerlega allan innflutning á slíkum vörum. Við eigum að segja: Við höfum ekki efni á því að flytja inn þessar vörur. — Og við eigum að banna innflutning á þeim. Ég tel að ástandið sé svo alvarlegt, að ef þjóðin segir, að við höfum ekki efni á því að flytja inn slíkar vörur, þó að einstakir menn hafi ef til vill efni á því, þá á Alþingi að banna innflutning á þeim, og það á engar undantekningar að gera á því, þó að einstaka menn hafi efni á því. Það á ekki að leyfa innflutning á neinu öðru en því, sem óhjákvæmilega er nauðsynlegt til daglegra þarfa, bygginga og atvinnuveganna, og hví þá ekki að gefa innflutning á þessu, sem óhjákvæmilegt verður talið, frjálsan við þá menn, sem geta selt út þær vörur, sem okkur vantar nú markaði fyrir? Ég álít, að ef þessu skrifstofufargani verður létt af, þá sé hægt með atorku þeirra manna, sem áhuga hafa á því, að afla nýrra markaða fyrir okkar vörur og fá inn í landið aftur þær vörur, sem okkur skortir. Og ég vil taka það fram, hvaða aðilar þetta eru. Það eru í fyrsta lagi útflytjendurnir, og ég vil taka það greinilega fram í því sambandi, að ég tel enga þörf á að láta undan þeim kröfum útflytjendanna,

sem óvinsælastar eru meðal almennings í landinu, eins og kröfum þeirra um frílista. Það er vel hægt að selja þær vörur, sem í þeim flokki eru, gegn greiðslu í nauðsynlegum vörum. Það er engin ástæða til þess að flytja inn tilbúinn fatnað, eins og mikið hefur verið gert, fyrir þennan gjaldeyri; það er vel hægt að kaupa inn vefnaðarvöruna sjálfa til landsins, ef möguleikar eru á því að vinna úr henni hér. Útflytjendurnir yrðu þá, að svo miklu leyti sem þeir hafa áhuga á sínum útflutningi, að flytja inn vörur, sem þörf er á og nauðsynlegar eru. — Í öðru lagi, ef svo er komið, þá er gefið, að S. Í. S. og kaupfélögin og heildsalarnir, sem hafa með innflutninginn að gera, mundu hafa áhuga fyrir því að kaupa útflutningsvörur til þess að selja þær í öllum löndum og til þess að reyna sem víðast að koma sér í slík verzlunarsambönd og vinna þannig upp markaði. Fyrst við erum að keppa við Norðmenn, þá verðum við að læra af þeim. Norðmenn og norskir fiskimenn vinna markaði í hverju einasta landi og reyna alls staðar að koma sinni vöru inn. Við skulum ekki ímynda okkur, að við getum barizt við þá á þeim grundvelli einum að undirbjóða þá eins og nú er gert með fiskinn, þegar alltaf er verið að lækka verðið á okkar fiski, m. a. í Suðurlöndum, niður fyrir það verð, sem Norðmenn fá fyrir hann, því að það eru ósannindi, að við höfum ekki verið samkeppnisfærir. Hins vegar er verið að skapa aðstöðu til þess að undirbjóða Norðmenn í Suðurlöndum. Ég álít, að þessi firmu, sem hafa með innflutninginn að gera, mundu fá áhuga fyrir því að útvega markaði fyrir íslenzkar vörur og vinna að því að koma þeim inn í öllum löndum, svo framarlega sem þessi firmu fengju innflutninginn með því skilyrði, að þeim tækist að útvega þessa markaði. Ég held þess vegna, að þeim mikla áhuga kaupsýslustéttarinnar, sem undanfarin ár hefur komið fram í því að hersitja Skólavörðustíg 12 í því skyni að fá gjaldeyrisleyfi hjá viðskiptan., væri bezt svarað með því að gefa þessum mönnum möguleika til þess að reyna að afla markaða. Í þessari till. minni, brtt. 566,2, er hins vegar gengið út frá því, að reynt sé að breyta einkaframtakinu í félagslegt framtak, þannig að verzlun og vöruskipti geti samrýmzt því skipulagi, sem við höfum nú, og það er eiginlega 2. málsgr., sem skýrir mína afstöðu. Þar geri ég ráð fyrir, að ef ríkisstj. gerir samning við önnur ríki um sölu ákveðinna vörutegunda þangað, þá sé henni heimilt að ákveða, að eigi megi bjóða til þess ríkis, selja þangað eða flytja þær vörutegundir, sem hún hefur samið um sölu á, nema að fengnu leyfi hennar. Að svo miklu leyti sem um er að ræða slíka verzlunarsamninga við önnur lönd, t. d. Bretland, þá verður hægt að halda því skipulagi, sem við höfum nú, og ríkisstj. eða það opinbera fær þá, þegar um frjálsan gjaldeyri er að ræða, þann gjaldeyri, sem þannig er skilað, til ráðstöfunar, og honum er þá skipt eftir þeim reglum, sem gilda í frv., sem hér liggur fyrir, og enn fremur gildir það um lönd, sem við höfum clearingviðskipti við. Við skulum segja, að ríkisstj. hafi samninga við 10 lönd á þann hátt; þá gildir það fyrirkomulag um þetta takmarkaða svæði. Hins vegar um þau lönd, sem ríkisstj. hefur ekki verzlunarsamninga við, þar álít ég, að við þurfum að nýta allan þann áhuga, sem innflytjendur hafa fyrir því að útvega innflutning, til þess að útvega markaði í þessum löndum fyrir okkar afurðir. Það mundi vera með þessu móti tvenns konar kerfi hjá okkur, og ég held, að það sé vel hægt að koma slíku fyrir, og ég held það væri ekki sérstaklega erfitt að stjórna því. Aðalvandinn mundi vera að ákveða bannlistann á þeim vörum, sem ekki mætti flytja til landsins. — Hvað fengist nú með því að gefa þetta takmarkaða frjálsræði, sem gengið er út frá í minni till.? Það ynnist það í fyrsta lagi, að þeir, sem nú hafa mestan áhuga fyrir að afla sér gjaldeyris með því að ganga í skrokk á gjaldeyrisn., mundu fara að útvega okkur gjaldeyri sjálfir og fá leyfi til að flytja inn vörur, sem leyft er að flytja til landsins. Í öðru lagi mundi það gerast með þessu, að það skapaðist áhugi hjá innflytjendum að tryggja þannig saman hagsmuni í útflutningi og innflutningi. Þetta mundi þannig þina þá, sem hafa áhuga fyrir að fá gjaldeyri, til þess að vinna að því að hjálpa til að útvega þennan gjaldeyri. Þetta mundi þýða, að mikið af heildsölufyrirtækjum í Reykjavík og S. Í. S. mundu fá aukinn áhuga fyrir að setja sitt fé í útflutninginn, og þetta mundi þannig orka á það, sem nauðsynlegast er, að reka nokkuð af því fé, sem fast er í verzluninni, yfir í útflutningsframleiðsluna, og það mundi um leið knýja fram, að unnið væri miklu meira að útflutningi á þessu sviði. Það þykir kannske dálítið undarlegt, að ég skuli koma með þessa till. Það hefði sem sé eftir þeim yfirlýsingum, sem komið hafa fram frá þeim flokkum, sem skipa ríkisstj., Sjálfstfl. og Framsfl., verið eðlilegt, að þessir flokkar hefðu komið fram með svona till. Það hefur enginn flokkur talað eins mikið um frjálsa verzlun á Íslandi eins og þeir flokkar. En af því að ég veit, að engin von er til þess að fá nú fram ríkisstj., sem með þjóðnýttri utanríkisverzlun mundi vinna að því að tryggja okkur markaði hvar sem það er hægt, þá ber ég fram þessa till., sem ég hefði ætlazt til, að þessir flokkar hefðu flutt til að rýmka þarna ofur lítið um innflutninginn og banna innflutning á þeim vörum, sem hægt er að komast af án. Ég álít, að einokunarskipulagið, sem nú er á verzluninni á Íslandi, sé meginorsökin að því hruni, sem nú er verið að þvinga yfir atvinnulífið, og mér finnst ákaflega hart, þegar menn horfa fram á hrun, ef það má ekki gefa landsbúum frjálsræði til þess að reyna að breyta verzluninni sjálfir í þessum efnum, þegar valdhafarnir geta ekki útvegað markaði og geta ekki skaffað vörur, sem við þurfum á að halda. Mér finnst það ákaflega hart, ef á að banna einstaklingum, félögum eða kaupmönnum að reyna að selja þessar vörur og kaupa nauðþurftir í staðinn. Ég vil minna á, að samvinnuhreyfingin hefur jafnra hagsmuna að gæta fyrir útflutningi sem innflutningi, og þegar dönsku selstöðuverzlanirnar réðu verzlun okk-

ar lands, þá voru það samtök bænda í Suður-Þingeyjarsýslu, sem hófust handa um útflutning á sauðfé og seldu það til Englands og keyptu vörur frá Englandi í staðinn. Dönsku kaupmönnunum þótti þetta hart, að gengið væri þannig fram hjá hagsmunum móðurlandsins. Það, sem liggur fyrir okkur nú í sambandi við þá till., sem ég hef hér gert, er hvort Íslendingum nú á tímum skuli leyft það sama og þingeysku bændunum var leyft 1880, hvort *Íslendingum skuli leyft að flytja út sínar* útflutningsvörur og kaupa vörur fyrir í staðinn, án þess að þurfa að sækja til einokunarkaupmannanna í Reykjavík. Ég álít, að það sé alveg óverjandi, með þeim horfum framundan, sem nú eru, að neita mönnum um þennan rétt og banna mönnum að reyna að skipuleggja svona hluti. Ég álít, að þeir menn, sem banna Íslendingum að gera þetta nú, taki á sig ábyrgðina á því að horfa upp á þetta hrun. *Annaðhvort verða menn að segja við þjóðina:* Ég skal bjarga þessu, — eða menn verða að segja: Nú get ég ekki meira, þið verðið að bjarga ykkur sjálf. — Það er ekki hægt í senn að segja við þjóðina: Það er ekki hægt að bjarga, og þú mátt ekki hreyfa þig til að bjarga því sjálfur. — Ég veit, að það er hér við ramman reip að draga, það eru 10—20 ríkustu heildsalar landsins í Reykjavík og S. Í. S., sem skipta á milli sín innflutningnum til landsins. Það virðast vera svo sterkir þræðir á milli þessara tveggja samtaka, að það er eins og það eigi að tapast allir hagsmunir íslenzku þjóðarinnar í viðureigninni milli þessara tveggja aðila um það, hvernig þeir eigi að skipta milli sín innflutningnum. Ég álít alveg óverjandi að láta þetta ganga svona til. Ég álít, að Alþ. geti ekki verið þekkt fyrir að afgreiða þetta mál á þann hátt að segja: Nú skulum við skipta innflutningnum á milli ykkar, voldugustu heildsalanna og S. Í. S., en hvort það verður nokkur útflutningur eða ekki, varðar okkur ekkert um. — Að láta þessa aðila engan áhuga hafa fyrir útflutningnum og eiga allt sitt á þurru álít ég að geti ekki gengið. Þessu verður að breyta. Þess vegna legg ég ákaflega mikið upp úr því, að það verði hægt að samþ. brtt. 566,2. Ég vil taka það fram, að að svo miklu leyti sem hv. þm. kynnu að sjá galla á framkvæmdinni eins og ég hef hugsað hana, þá er ég alveg reiðubúinn til samninga um þær lagfæringar, sem hugsanlegar væru, því að ég hef reynt að hugsa þessar till. þannig, að ef stjórnarvöldin framkvæmdu þær samvizkusamlega, þá væru ekki möguleikar á svartamarkaði. Ég skal viðurkenna, að til þess að framkvæma þetta verður að fara ákveðið í þennan bannlista, sem ég legg til. Ég er hræddur um, að við höfum ekki efni á að flytja inn nema það nauðsynlegasta, og þá dugir ekki að halda því ástandi að flytja inn óþarfar vörur, þó að mikið sé til af ríkum mönnum, sem óska eftir að kaupa þær. Ég er þess vegna, ef menn vildu fallast á aðalhugsunina, sem ég hef reynt að gera grein fyrir, en sjá annmarka á framkvæmdinni, reiðubúinn til þess að ræða um það og semja um það.

Varðandi frv., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. V.-Húnv. o. fl., þá hefur áður komið fram svipað frv. um þetta efni. En það er aðallega eitt spursmál í þessu, sem ég skal strax gera grein fyrir, að ég hef aðra skoðun á en hv. flm. Það er viðvíkjandi skiptingu innflutningsins. Í frv. því, sem við þm. Sósfl. höfum flutt á þskj. 282, kemur fram, að við álítum að það eigi, að svo miklu leyti sem innflutningnum er skipt, að skipta honum til neytenda, og enn fremur á hann að fara til samvinnufélaga og kaupmanna. Það hefur oft verið komið með það og það var talað um það fyrir kosningar að afnema skömmtunina. En mig langar til að heyra í þeim þm. nú, sem vill halda því fram, að það, sem við blasi í okkar atvinnulífi, sé það, að engin þörf sé á skömmtun. Ég verð að segja, að ef einhver hugsar sem svo, að engin þörf sé á skömmtun, þá hlýtur hann að ganga út frá alveg gífurlegri fátækt hjá almenningi á næstunni og hverfandi litlu af vörum til landsins, eða réttara sagt, að það verði mikið til af vörum, en almenningur geti ekki keypt þær. Ég er hræddur um, ef það fer eins og mér líst á, að við höfum ekki efni á að flytja inn meira af vörum en við höfum gert, en við verðum að sjá um, að fólkið geti skipt þessum vörum á milli sín. Ef við höldum þannig áfram að flytja eins lítið inn og galdeyrisástæðurnar leyfa, en höfum ekkert skömmtunarkerfi, þá er ég hræddur um, að það fari fjarri því, að hér verði um eins konar skömmtun að ræða eftir þessu frv. Ef þjóðin hefur lítið, þá verðum við að reyna að skipta jafnt, þannig að þeir, sem hafa mikil efni, geti ekki hrifsað til sín allt, sem inn kemur. Þá held ég sé betra að skipta smærra í hvern stað, en láta ganga jafnt yfir. Ég held *þess vegna, að það kerfi að úthluta til neyt*enda innflutningsleyfunum, sé gott kerfi meðan við búum við það ástand, sem nú er. Ég veit, að skömmtunarkerfið er leiðinlegt og misnotað og klaufalega framkvæmt, en það er til annað kerfi, sem er verra. Það er, ef fátæktin er svo mikil, að menn geta ekkert veitt sér, þegar ekki er flutt inn nema lítið, sem aldrei kemur til almennings vegna þess, að það hefur gufað upp á leiðinni. Ég hef þess vegna viðvíkjandi því, sem hv. þm. V-Húnv. leggur til um skiptinguna á stofnleyfunum í sambandi við innflutninginn, tilhneigingu til að gera þá breyt., að stofnleyfunum sé skipt milli samvinnufélaganna annars vegar og kaupmanna hins vegar. Ég skal þá benda á eitt atriði í sambandi við það, þegar stofnleyfunum er úthlutað. Þegar inn eru fluttar vörur, þá gilda þessi stofnleyfi eins og innflutningsleyfi í höndum þeirra aðila, sem þau fá, sem þýðir einokun. Ef svo og svo mikið af heildsölum fær þessi stofnleyfi, þá þýðir það, að þeir ráða, hvaða kaupmenn fá vörurnar frá þeim. Það þýðir, að heildsalarnir hafa líf þessara kaupmanna í hendi sér, verzlunarlega. Við vitum, að heildsalarnir hafa gert mikið að því undanfarið að reyna að ná sérstökum búðum á sitt vald og láta sérstaklega renna til þeirra búða, sem þeir eiga, enn fremur, að þeir ráða miklu í sambandi við verðlagsmálin, og hvernig er þetta viðvíkjandi skömmtunarskrifstof-

unni? Það er þannig, að það er enginn efi, að þetta kerfi, sem ætlunin er að leggja niður, skapar heildsölunum einokunarvald yfir smákaupmönnunum, og þetta er ófært. Við verðum, þegar við afgreiðum svona mál, að geta stuðlað að því, að smákaupmenn fái sinn rétt og möguleika gagnvart heildsölunum, að þeir hafi t. d. möguleika til þess að mynda samtök sín á milli um að kaupa sjálfir inn sínar vörur. Það er sannarlega í þágu almennings að skapa samkeppni á þessu sviði, að kaupmenn hafi sitt samband, ef það reynist betur. Eins er rétt að taka fram, að það eru líka til samvinnufélög utan við S. Í. S., og þau þurfa líka sinn rétt, það á ekki að ofurselja þau í hendur heildsalanna í Reykjavík. Ég kem þess vegna til með að koma fram með brtt. um þetta og kannske einhver fleiri atriði. Það getur farið eftir því, hvernig gengur með samninga um þetta mál.

Þá að síðustu örfá orð um fyrri partinn af brtt. 566, um það að gefa nokkuð frjálst viðvíkjandi byggingarstarfseminni, að það mætti án fjárfestingarleyfis byggja íbúðarhús, enda sé íbúðin ekki stærri en ákveðið er um verkamannabústaði. Ég held, að það væri óhætt að afnema skömmtun á byggingum á Íslandi, en setja í l., að það megi ekki byggja ákveðnar tegundir bygginga nema með sérstöku leyfi. Við skulum segja, að það væri bönnuð bygging þeirra íbúðarhúsa, sem eru yfir ákveðna stærð, enn fremur mætti banna byggingu ýmissa verzlunar- og skrifstofuhúsa, nema undir sérstökum kringumstæðum, og enn fremur viðvíkjandi verksmiðjuhúsum. Þá mætti einnig banna byggingu sumarhúsa, sem þyrfti nokkurt verulegt efni til. Þetta mætti banna með l., en gefa byggingar að öðru leyti frjálsar. Einokunarskipulagið gengur þannig yfir, að annars vegar er sagt við sjómenn úti á landi: Það er ekki til neins fyrir ykkur að framleiða fisk, þið fáið ekki leyfi til að selja hann, og þið fáið ekki leyfi til að kaupa vörur, og þið fáið ekki leyfi til að vinna sjálfir við bygginga húsa. Það er nú atvinnuleysi um allt land, fyrir utan Reykjavík og Hafnarfjörð. Á fjöldamörgum af þeim stöðum mundu menn geta skapað sér atvinnu með því að geta selt sjálfir eitthvað af sínum afurðum út úr landinu og komið sér síðan upp húsum, en hafa verið hindraðir í því vegna skriffinnskunnar hér í Reykjavík. Ég held sannarlega, að kreppa og annað slíkt sé nægilegt. Ég held, að það sé nógu erfitt fyrir menn að afla fjár til slíkra framkvæmda, þó að þeir þurfi ekki að vera að sækja um leyfi til alls konar nefnda hér, og það er óþolandi ástand að mega ekkert skera af nefndunum, hversu óþarfar sem þær annars eru. Það má telja afsakanlegt, þó að nokkrar hömlur væru settar á í þessum efnum meðan ótakmarkað fé var í umferð í landinu, en nú er ekki lengur um slíkt að ræða. Framferði fjárhagsráðs í úthlutun byggingarleyfa er óhæft. Byggingarleyfum fyrir s. l. ár var úthlutað í ágústmánuði, en leyfin ætti að sjálfsögðu að afgreiða árinu áður, svo að menn geti undirbúið sig í þessum efnum, byrjað bygginguna snemma vors og gert húsin fokheld fyrir veturinn og unnið svo að innréttingum að vetrinum, en með því móti að byrja svona seint á byggingunni verður bara vitleysa úr öllu saman og allt miklu dýrara og óhentugra. Í ár hefur ekkert leyfi enn verið afgreitt, og getur verið, að það verði ekki gert fyrr en í september eða hver veit hvenær, ef nokkur leyfi verða þá veitt í þessu skyni. Það þarf að minna þessa embættismenn á það, að þeir eru þjónar og mega ekki halda, að þeir séu herrar yfir öðrum þegnum þjóðarinnar, og það er kominn tími til að kippa hér í taumana. Ég tel þessi mál, bæði þetta og frv. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins, mjög þýðingarmikil mál. Mörgum kann að virðast, að hér sé um óskyld mál að ræða, en svo er ekki. Ég mun svo síðar koma með till. við einstakar greinar. Ég held því fram, að það sé hrein blekking og svik við alþýðuna í landinu að afgreiða þetta mál án þess að athuga það betur og eins með útflutningsverzlunina.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara langt út í efni þessa frv., en það er kunnugt frá síðasta þingi, að ég var sammála frv., sem hv. þm. Hafnf. (EmJ) flutti þá varðandi þessi mál, en það fjallaði m. a. um það, að úthlutun færi ekki öll fram samkvæmt kvótareglunni, heldur skyldi draga þar frá ¼ heildarúthlutunarinnar. Síðan skyldi úthluta eftir innflutningi s. l. ár, en geyma nokkuð handa nýjum fyrirtækjum og gömlum fyrirtækjum, sem hefðu vaxið að umsetningu á árinu. Það, sem ég var á móti þá og er enn á móti, það er að gera það neyðarúrræði, sem skömmtunin er, að undirstöðu verzlunarinnar. Ef slíkt hefði verið gert fyrir einu eða tveimur árum, þá hefði ekki verið hægt að afnema skömmtun á kaffi og fleiri vörum nema með lögum. Ef afnema á skömmtun á sykri, sem ég tel, að hefði átt að vera búið að gera, þá mundi það raska þessum grundvelli. Ég vil ráðleggja þeim, sem vilja samkeppni í verzlun, að vera ekki alltaf í hámarki þess, sem leyfilegt er. Ef þeir gera það ekki, skapast samkeppni og þeir, sem hefðu lægst vöruverð, mundu fá aukin viðskipti og hlutdeild í auknum innflutningi. Í fjhn. er það svo, að n. hefur látið þetta frv. og önnur slík liggja, þangað til ríkisstj. er komin og hefur lýst yfir stefnu sinni í þessum málum. Allar ríkisstj. hafa samið um þessi mál, og nú er það svo, að öll hæstv. ríkisstj. hefur með þessi mál að gera, og ef menn vilja ekki una við það ástand, sem nú er í þessum efnum, þá verður að setja um það ný lög. Ég tek því ekkert mark á þessu frv., en bíð eftir stefnu hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. — Viðvíkjandi frv. því, sem hv. þm. Hafnf. flutti hér á síðasta þingi, þá hefði þurft að taka það til athugunar í sambandi við lausn þessara mála. Ég sé því miður ekki hæstv. viðskmrh. hér í d., en ég undirstrika það, sem ég sagði áðan, að ég tel þetta frv. eins og það er tilkomið ekki svo þýðingarmikið, heldur sem eins konar aukaleik einstakra hv. þm. og að hæstv. ríkisstj. vilji bíða með þessi

mál óbreytt, unz hún hefur undirbúið þau betur, og tel slíkt ekki óeðlilegt.

Ég vil svo mælast til þess við hæstv. forseta, að hann gefi hæstv. ríkisstj. tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á þessum málum. Ég býst svo tæplega við, að ég hafi meiru við þetta að bæta, fyrr en ég hef heyrt stefnu hæstv. ríkisstj., sem lögum samkvæmt á öll um þetta mál að gera.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Við upphaf þessarar umr. lýsti hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) því yfir, að fjhn. hefði eigi borizt neitt frá ríkisstj. í sambandi við þetta mál, og hann lýsti jafnframt eftir stefnu hennar í viðskiptamálum. Ég tek undir orð hv. þm. V-Ísf., en enn skortir á, að stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstj. varðandi verzlunar- og viðskiptamál sé fyrir hendi eða að þar liggi nokkuð fyrir um. Af þeim sökum vil ég leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann ljúki ekki þessari umr. fyrr en hæstv. viðskmrh. verður viðstaddur, en Alþfl. vildi beina til hans nokkrum spurningum. Hver er stefna ríkisstj. í viðskiptamálum yfirleitt? Það er óviðunandi og óviðeigandi, að hæstv. ríkisstj. hefur ekkert látið til sín heyra um þessi mál. Það er mjög eðlilegt, að stjórnarandstaðan og ekki þá síður sjálfir stjórnarflokkarnir fái að vita afstöðu ríkisstj. í heild varðandi þessi mál. Eins og hv. þm. V-Ísf. lýsti hér yfir, er þá fyrst tími til kominn fyrir hv. alþm. að flytja brtt. við þetta mál, er stefna ríkisstj. liggur fyrir, ef þeir eru ekki sammála stefnu hennar. Ég vil einnig undirstrika þau orð hv. þm. V-Ísf., að við Alþýðuflokksmenn töldum og teljum, að með samþykkt frv. þess, sem hv. þm. Hafnf. (EmJ) flutti á síðasta þingi, hefði verið lagður grundvöllur, sem hefði verið eins konar bráðabirgðaúrræði á þessu viðkvæma og ekki vandalausa máli. Ég óska því eftir því, að er þetta mál verður tekið fyrir, þá verði hæstv. viðskmrh. viðstaddur, svo að hægt verði að fá að vita um afstöðu ríkisstj. til máls þessa. Þá fyrst ætti að vera hægt að taka til óspilltra málanna í afgreiðslu málsins og bera fram brtt. við frv. Ég fæ ekki skilið, að það geti verið svo, að sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr að völdum og mér hefur skilizt, að hafi verið mynduð til þess að ráða fram úr öngþveiti viðskiptamálanna, hafi ekki ákveðna stefnu í þeim málum, og því er það lágmarkskrafa, að við fáum að vita um stefnu hennar og hæstv. ríkisstj. gefi þinginu greinargerð í þessu máli. Hið háa Alþingi má ekki ljúka störfum á annan veg en að það fái að vita, hver stefna ríkisstj. er í viðskiptamálum, svo að okkur óbreyttum þm. gefist kostur á að yfirvega þá stefnu og ljá henni jákvæði eða gera athugasemd út af þeirri markaðri stefnu, sem kæmi fram.

Að lokum vil ég ítreka það, að ég óska þess, að 2. umr. ljúki ekki fyrr en við Alþýðuflokksmenn höfum átt þess kost að heyra greinargerð hæstv. ríkisstj. varðandi stefnu hennar í viðskipta- og verzlunarmálum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef ekki fylgzt með umr. þeim, sem fram hafa farið um þetta merkilega mál, en ég get þó ekki stillt mig um, sökum fjarvistar hæstv. viðskmrh., að gera nokkra grein fyrir stefnu ríkisstj. í þessu máli, og verður það einkum út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði.

Svo tókst til í þeirri stjórn, sem hv. síðasti ræðumaður veitti forstöðu, að mjög óljóst var, hver stefna þeirrar stjórnar var í verzlunar- og viðskiptamálum. Ég minnist þess, að viðskmrh. þáverandi lagði áherzlu á það, að þrjár stefnur í viðskiptamálum hefðu verið uppi í stjórnartíð hans, og taldi hann þá til síns ágætis, að hann hefði sneitt mitt á milli öfganna í þeirri hæstv. ríkisstj., annars vegar á milli hv. 1. þm. S-M. (EystJ), núv. hæstv. fjmrh., og hv. þm. Mýr. (BÁ), en hins vegar á milli mín og hv. þm. Vestm. (JJós). Hann fann og til þessa ósamkomulags í páv. hæstv. ríkisstj., þar sem hv. þm. Hafnf. var þá sjálfur viðskmrh. og varð að vinna þau störf, sem þar heyrðu til. Hann hafði þar ekki öll völd og gat því ekki framfylgt stefnu sinni, og þess vegna sagði hann, að það stefnuleysi væri ekki sín sök, heldur væri það vegna þess, að ósamkomulag væri í ríkisstj. um mál þessi. Þetta er ekkert launungarmál, enda fór svo að lokum, að upp úr slitnaði í stjórnarsamstarfinu, illu heilli. Var það fyrir frumhlaup framsóknarmanna, sem töldu sig ekki getað unað því að koma ekki sínu fram í fyrrv. stjórn, en stefna þeirra var mjög einhliða. Með þessa forsögu finnst mér það vera óviðeigandi fyrir hv. síðasta ræðumann að gera of mikið úr því, að ríkisstj. skuli ekki hafa lýst fyrir þingheimi stefnu sinni í viðskiptamálum. Í fyrrverandi samsteypustjórn voru þrjú sjónarmið um fyrirkomulag viðskiptamálanna, en nú eru þau í meginatriðum tvö, og hvort nú tekst að samræma þær skoðanir eða ekki, hlýtur fljótlega að koma í ljós. Ég get vel tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það væri mjög æskilegt og mjög eðlilegt, að þetta mál, sem hér er á dagskrá, lægi nokkru ljósar fyrir, áður en hv. þd. kveður upp sinn dóm yfir því, en forsendurnar, sem hv. þm. bar fyrir þeirri ósk, eru ósanngjarnar í garð núv. ríkisstj., enda er það ekkert launungarmál, að er núv. stjórn var mynduð, hafði ekki verið samið um þennan málaflokk. Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða, og mun ríkisstj. reyna að finna betri lausn þess, áður en Alþingi fellir sinn dóm. Að því mun verða unnið, og þess vegna vil ég taka undir þá beiðni, að hæstv. forseti fresti umr. og taki málið út af dagskránni.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 8. landsk. (StJSt) sagði um meðferð þessa máls, að ekki væri hægt að taka afstöðu til þess fyrr en eitthvað heyrðist frá hæstv. ríkisstj. Hvað því líður, þá vil ég benda á það, að þetta frv. verður að fá afgreiðslu á þessu þingi. Fjárlögin munu taka langan tíma,

en nú styttist óðum til þingloka, og vegna þess vil ég gera það að tillögu minni, að málið gangi nú til 3. umr., ef við þá umr. mætti vænta boðskapar ríkisstj. hæstv. Ég legg áherzlu á það, að málið gangi nú til 3. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er eins hvað mig snertir, að ég hafði búizt við því, að það hefði verið samið um þetta mál í ríkisstj., áður en umr. lyki. Úr því að nú er svo komið, að komið er að atkvgr., þá sé ég nú ástæðu til þess að segja nokkur orð um þetta mál almennt, og býst ég við því, að ræða mín muni kannske taka lengri tíma en þær fimmtán mínútur, sem eftir eru af fundartímanum.

Ég skal geta þess í tilefni af ræðu hæstv. dómsmrh., en hann minntist á það, að í tíð fyrrv. ríkisstj., eða næstfyrrv., hefðu verið ríkjandi þrjár stefnur í verzlunar- og viðskiptamálum, en slíku ásigkomulagi má líkja við ríki með þrem konungum, þar sem hver konungurinn færi í sína átt. Hinu er svo ekki hægt að neita, að er sú stjórn tók við völdum, var ein stefnan að koma fram l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Af þeim lögum hefur að mínum dómi hlotizt mest ógagn í verzlunar- og viðskiptamálum og í ýmsu öðru, sem þau lög snerta. Það eru ekki aðeins viðskiptamálin, sem orðið hafa fyrir barðinu vegna þessara laga, en einnig ýmsar verklegar framkvæmdir í landinu. Menn mega ekki hreyfa fót til neinna framkvæmda nema spyrja það háa vald, ekki einu sinni koma sér upp kofa fyrir kind eða hross. Ég veit, að þeir þm., sem setið hafa á undanförnum þingum, vita það, að ég var á móti þessu máli og kysi því helzt nú, að þessi lög væru nú afnumin með öllu. Ég tel, að því fyrr sem það yrði gert, því betra væri það. Nú hafa menn hlustað á umr. um þetta mál og heyrt fulltrúa stjórnarandstöðunnar lýsa því, hvert vandræðaástand þessi lög hafa skapað. Fulltrúi Alþfl. í fjhn. hefur lýst því yfir, að lög þessi komi ekki að gagni, og má það til sanns vegar færa. Þetta frv. hv. þm. V-Húnv. og fleiri framsóknarmanna bætir lítið úr þessu ófremdarástandi, sem nú ríkir í viðskiptamálum, þótt samþykkt yrði, en gæti skeð, að það ylli enn meiri grautargerð í skiptingu gjaldeyrisins á milli kaupmannaverzlana og verzlana samvinnufélaga. Mér er það vel ljóst, að það þarf að hafa eftirlit með úthlutun gjaldeyris, en ég teldi eðlilegast og heppilegast, að þau mál séu í höndum bankanna og að þeir annist um það, hverjar verzlanir fái yfirfærslur. En að skipta þessu verkefni niður á milli fjögurra til fimm aðila er aðeins til þess að koma á slíku vandræðaástandi sem mönnum er nú kunnugt um. Menn kynnu nú að spyrja, hví ég hefði ekki flutt till. sem nm. í fjhn. um að nema úr gildi lögin um fjárhagsráð. Það er vitað, að mikill hluti þess meiri hl., sem styður þessa ríkisstj., vill ekki samþykkja að losa þjóðina undan því fargi, og mun ég því ekki gera tilraun til þess að endurflytja þær till., sem ég flutti á síðasta þingi og taldi, að yrðu til bóta, en þær fengu lítið fylgi, og kom þá í ljós, að ekki var mikill vilji í þinginu fyrir því að auka frelsið í viðskipta- og verzlunarmálunum. Nú hefur skapazt breytt ástand með setningu gengisbreytingarl. Af þeim sökum má gera ráð fyrir því, að ásókn til kaupa á erlendum gjaldeyri verði ekki eins mikil og verið hefur til þessa, vegna þess að misræmið á verði erlends gjaldeyris með tilliti til sölugengis og þess, sem hann hefur verið metinn, hefur breytzt. Þetta breytta viðhorf gerir viðskiptin örðugri, bæði að afla þeirra nauðsynja, sem fólkið þarf til daglegs viðurværis, og þeirra framkvæmda almennt, sem þjóðin óskar að koma í verk. Það má vera, að þetta breytta fjárhagsástand verði til að hamla því og verði nægilegt til að varna því, að menn hlaupi út í öfgafullar framkvæmdir, og við þurfum ekki að hafa lengur milljónastofnun sem bannaðila. Að öðru leyti vil ég segja þetta: Ef það væri vilji þm. að spara ríkissjóði fjárútlát, þá á hæstv. ríkisstj. að byrja á því að ráðast þarna á garðinn. Hér er um að ræða alveg óþarfa stofnun, sem minnstur skaði er að losna við. Vegna alls þessa er ég ekki með í því að samþ. frv. hv. þm. V-Húnv. Þetta frv. er gamall kunningi og hefur verið flutt hér þing eftir þing. Það hefur einu sinni eða tvisvar flotið í gegnum þessa hv. d. með eins atkvæðis mun. Hins vegar hefur það ekki komizt í gegnum hv. Ed., og hefur það verið heldur til góðs, því að þessi regla er svo fáránleg, og má það furðulegt teljast, að svo greindir menn sem að þessu frv. standa skuli bera upp hér á Alþingi slíka firru sem þetta seðlaúthlutunarmál er. Þótt nú frv. fljóti í gegnum þessa umr., mun ekki fara hjá því, að ríkisstj. taki sínar ákvarðanir í þessu máli, en þar sem fundartíminn er nú alveg á þrotum, skal ég ljúka máli mínu nú.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð vegna þess, sem hæstv. dómsmrh. sagði um stefnu ríkisstj. í verzlunar- og viðskiptamálum. Það er alveg rétt, að í fyrrv. stjórn, eða þeirri, sem 8. landsk. (StJSt) veitti forstöðu, voru skiptar skoðanir um viðskiptamál og hafði hver flokkur sína skoðun um þau mál, en þeir komu sér þó saman að lokum um eina stefnu eða sameiginlega stefnu. Þó að hver hefði sína skoðun, tókst að ná samkomulagi um eina heildarlínu. Með setningu l. um fjárhagsráð og fleiri ráðstöfunum var sú lína mörkuð. Þetta gerir allan mun á fyrrv. stjórn og núv. hæstv. ríkisstj. Flokkar þeir, sem standa að núv. ríkisstj., höfðu ekki komið sér saman um framkvæmdir í viðskiptamálum, áður en stjórnin var mynduð. Í fyrrv. stjórn komu ýmsir annmarkar fram á því að ná samkomulagi, er fram í sótti. Þá bar ég fram frv. á Alþingi til þess að leitast við að ná endanlegu samkomulagi og samræma sjónarmið, sem fyrir hendi voru. Þessi tilraun tókst ekki, og var það ein orsök þess, að slitnaði upp úr stjórnarsamstarfinu. Hins vegar hefur þessi ríkisstj. enga tilburði sýnt til þess að reyna að samræma þau sjónarmið, sem uppi eru í viðskiptamálunum. Það er lágmarkskrafa þm. að fá að vita eitthvað um það, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að snúa sér í þessum málum. Ég

stóð upp til að undirstrika það, að er fyrrv. samsteypustjórn var mynduð, hafði verið gerður fyrir fram samningur um meðferð málsins. Nú er enginn samningur fyrir hendi, en eftir honum er beðið.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það hefur undanfarið verið nokkuð rætt um þetta mál hér í hv. d. og jafnvel af vissum flokki lýst eftir skoðun ríkisstj. eða stjórnarflokkanna á þessu máli. Og ekki spurðu þeir, sem það gerðu, vegna þess, að þeir ekki vissu. Stefna Sjálfstfl. í þessu máli hefur aldrei verið neitt leyndarmál og er ekki enn, því að hann hefur alltaf stefnt að því að gera verzlunina frjálsa. Og þær ráðstafanir, sem nýlega hafa verið gerðar í sambandi við gengisbreyt., eiga m. a. að geta stuðlað að því, að þetta megi takast í náinni framtíð. Reynslan verður að vísu að skera úr því, hversu tekst um þessi mál í sambandi við þessa breyt., sem ég gat um. En ég hygg nú, að það komi á daginn, að þetta sé það átak, sem mest stuðli að því, af því sem gert hefur verið í þessum málum, að verzlunin geti orðið frjáls. Annars er það öllum hv. þdm. kunnugt, að flokkar þessir eru mjög skiptir í þessum málum, svo að þar otar hver sínum tota, ef svo mætti segja, og þess vegna er hætta á, þegar deilt er um svo stórt mál eins og þetta, að úr því verði lagavanskapnaður, sem svo ekki er hægt að framkvæma eða fara eftir, og mundi það þá stefna málunum í meira öngþveiti og erfiðleika en nú er. — Þeir erfiðleikar, sem aðallega steðja nú að í verzlunarmálunum, er sá mikli skortur, sem er á erlendum gjaldeyri. Þarf ekki að skýra það mál frekar fyrir hv. þdm. En útlitið á því sviði er næsta geigvænlegt, og hefur aldrei, svo að ég viti til, verið jafnsvart útlit í þeim efnum og nú er um stund a. m. k. Í sambandi við það að gera verzlunina frjálsa þá mætti náttúrlega athuga ýmsar leiðir. Það mætti t. d. telja eðlilegt, að þær vörutegundir, sem eru fluttar inn án nokkurrar skerðingar, eins og t. d. matvörur og þá jafnvel kaffi og sykur, yrðu gefnar frjálsar, þannig að menn þyrftu ekki að sækja undir gjaldeyrisyfirvöldin um innflutning á slíkum vörum. Og einnig mætti hugsa sér, að ekki væri óeðlilegt, að nauðsynlegustu útgerðarvörur væri farið með á sama hátt, því að það er vitanlegt, að menn kaupa ekki meira af slíkum vörum en þeir þurfa að nota til útgerðarinnar. En það hefur verið þannig og verður meðan nokkur möguleiki er á því, að menn, sem sjávarútveg stunda, verði látnir hafa þær vörur og tæki, sem þarf til þess að halda útveginum áfram.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því að festa það skömmtunarfyrirkomulag, sem nú er fyrir hendi, og auka það, því að frv. byggist á því. En eins og kunnugt er, er skömmtunin nú — og hefur verið um skeið — komin svo að segja alveg úr reipunum. Og ég tel, að skömmtunin geri ekkert gagn eins og komið er. Það er því mál, sem þarf að athuga með mikilli gaumgæfni, hvort ekki væri betra hreinlega að afnema skömmtunina en að halda henni áfram eins og nú er, þar sem skömmtunarseðlarnir eru miklu meiri en svarar til vörumagnsins. Og þegar svo er komið, þá er þetta orðið að skriffinnskubákni, sem ekkert gagn gerir, bákni, sem kostar ríkissjóð nú nærri eina millj. kr. á ári. Þær vörur, sem skammtaðar eru nú, eru vefnaðarvörur og skófatnaður, smjörlíki, smjör og sykur og eru stærstu liðirnir þar skófatnaður og vefnaðarvörur, og sú skömmtun, sem hefur verið á þessum vörum, hefur ekki komið að haldi undanfarið, og það er ekki líklegt, að hún komi að haldi á næstunni, af þeirri einföldu ástæðu, að það verður síður en svo hægt að flytja þessar vörur inn í landið í því magni, að þær geti fullnægt þörfum manna svo að nokkru nemi. — Þungamiðja þessa frv. er einnig, að út verði gefin stofnleyfi fyrir ákveðnum víruflokkum. Ég vil benda á það, að þetta nær ekki tilgangi sínum, nema því aðeins að hægt sé að gefa út þessi stofnleyfi í svo miklu magni, að það komi að notum. Eins og nú standa sakir, er ekki útlit fyrir, að hægt sé að úthluta vörum eins og verið hefur undanfarið. Úthlutunin á þessum vörum verður af svo skornum skammti á næstu mánuðum, að skömmtunarhlutirnir verða miklu minni en verið hefur undanfarið. Maður verður að vonast til þess, að úr þessu rætist, þó að fyrir því sé engin trygging. En mér sýnist, að ef þessi stofnleyfi eiga að vera þungamiðjan í þessari framkvæmd, þá sé ekki heppilegur tími til þess nú að hefja slíka framkvæmd.

Hér hafa komið fram ýmsar brtt. við frv., og ég vildi mælast til þess, að atkvgr. yrði ekki látin fara fram um frv. í dag, heldur að frestur fengist með það fram yfir helgina, til þess að athuga málið nánar og brtt. Umr. geta sjálfsagt haldið áfram að öðru leyti um málið í dag. Þó vildi ég mælast til þess, að umr. yrði ekki lokið nú á þessum fundi, þannig að hægt væri að koma með brtt. við það fyrir 3. umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið oft á dagskrá hér í hv. d., og ég hef ekki látið það til mín taka og ekki tekið til máls í því fyrr en nú. Það var flutt snemma í vetur og hefur verið nokkuð seinfara gegnum umr. hér í hv. d., þar sem 2. umr. þess fer nú fram um það í fyrri d. Það er nú ekkert óeðlilegt, að svona frv. fari nokkuð hæga ferð í gegnum þingið, og ólíklegt er, að það nái nokkurn tíma þeirri ferð, að það komist í gegn.

Verzlunarmálin hafa verið mjög til umr. hinn síðari tíma, sérstaklega síðan fór að þrengjast um gjaldeyri og vöruskortur fór að gera vart við sig. Hefur þá verið sótt fastar á, eftir því sem meir hefur þrengzt um í þeim efnum, með að fá innflutningsleyfi fyrir þeim vörum sérstaklega, sem hefur skort. Ég býst við, að flestir séu þeirrar skoðunar, að stefna beri að afnámi hafta og skömmtunar, og ég er einn af þeim, sem vildu óska þess, að það mætti sem fyrst verða. Ég held, að það hljóti

að vera takmarkið, að við getum búið við frjálsa verzlun og losnað við skömmtunarfarganið og allan þann kostnað og þau óþægindi, sem af því leiðir. En í dag búum við við skömmtun, og við búum við innflutningshöft, og því miður verðum við sennilega að gera það að einhverju leyti enn um sinn. Er þá um það að ræða, hvernig við getum komið okkar málum þannig fyrir, að allir geti sæmilega við unað, undir þeim kringumstæðum, sem við er að búa.

Ég er sammála hæstv. viðskmrh. um það, að skömmtunin komi ekki nema að takmörkuðu gagni, eins og hún er núna, og að það beri að aflétta henni eins fljótt og auðið er. En eftir þeim upplýsingum, sem hann gaf hér áðan, sem reyndar var vitað áður, að mun minna vörumagn muni verða á markaðinum hér á næstu mánuðum en verið hefur, þá býst ég ekki við, að á næstu mánuðum verði horfið að því að aflétta skömmtuninni með öllu. Hitt þykir mér ekki ótrúlegt, þar sem svo fáir vöruflokkar eru skammtaðir, að það mætti á einhvern hátt draga úr þeim einnar millj. kr. árlega kostnaði, sem nú er vegna skömmtunarinnar. Og það er til athugunar fyrir hæstv. viðskmrh. og hæstv. ríkisstj., hvort nú er nauðsynlegt, eftir að þeim vörum hefur svo mjög fækkað, sem skammtaðar eru, að hafa jafnmikið húsnæði og jafnmikið starfslið við skömmtunina og var, þegar skömmtunin var yfirgripsmest. Eins og ég sagði áðan, þá tel ég, að það sé nauðsynlegt, meðan við getum ekki losnað að öllu leyti við skömmtunina og við höftin, að þessum málum sé skipað þannig, að sæmilega verði við unað, og helzt af öllu þannig, að við gætum losnað við þann leiðinlega reipdrátt, þau pólitísku átök, sem verið hafa undanfarið um verzlunarmálin. Og það munu flestir muna, að á síðasta hausti var í alþingiskosningunum hvað mest rætt um verzlunarmálin og mest átök hvað þau snerti af þeim málum, sem á dagskrá voru, og með þeim sterka áróðri, sem haldið hefur verið uppi undanfarið af vissum aðilum, hafa margir lagt trúnað á það, að skömmtunarseðlafrv. framsóknarmanna og sósialista gæti orðið til þess að bæta til muna verzlunarástandið í landinu. Tæplega held ég þó, að þeir séu margir, sem gera sér það í hugarlund, að vörumagnið ykist nokkuð við það, þó að það frv. væri samþ. Hins vegar hafa menn gert sér vonir um það, að dreifing vörumagnsins gæti með því móti orðið á einhvern hátt réttlátari, enda hefur verið óspart á því hamrað, að hún sé óréttlát með því fyrirkomulagi, sem nú ríkir, og að þeir, sem í dreifbýlinu búa, hafi verið mjög afskiptir, miðað við þá sem búa í kaupstöðunum. Má vel vera, að þeir, sem fjærst eru kaupstöðum og verzlunum, hafi eitthvað orðið afskiptir, ég skal ekki leggja dóm á það, en ég vil þó fullyrða, að meira er gert úr þessu en sanngjarnt er og raun ber vitni um.

Sú breyting, sem gerð er með þessu frv. frá hinu upphaflega fósturbarni framsóknarmanna og sósialista, er á 3. gr. þessa frv. Er sú breyt. allveigamikil og í því fólgin, að veita skuli stofnleyfi, sem skuli vera 50% af því vörumagni, sem ákveðið er að flytja inn, og stofnleyfunum skal skipta þannig, samkv. 3. gr. þessa frv., að Samband íslenzkra samvinnufélaga skal fá 45% í sinn hlut, og aðrar verzlanir skulu fá 55%. Það er áreiðanlegt, að það er alveg nýmæli hér á ferðinni. Það þekkist hvergi í löggjöf nokkurs menningarríkis, að það sé lögfest, að ákveðnir aðilar skuli fá svo og svo mörg prósent af heildarinnflutningnum, hvernig sem þeir annars rækja skyldur sínar við neytendur, hvernig sem þeir annars haga innkaupum sínum eða hvort þeir annars eru starfi sínu vaxnir til þess að þjóna hagsmunum neytenda og alþjóðar. Ég held nú, að þótt fjórir hv. alþm. hafi fengizt til þess að flytja þessa till., þá komi það ekki til mála, að meiri hl. alþm. fáist til þess að ljá henni atkvæði. Ég tel svo fráleitt, að það komi til nokkurra mála. Ég ætla ekki að fara að gera hér að umtalsefni hæfni S. Í. S. annars vegar og hæfni hinnar svokölluðu frjálsu verzlunar hins vegar til þess að annast vöruinnflutning og vörudreifingu til landsmanna. Ég ætla ekki að gera það hér að neinu umtalsefni. Ég býst við, að undir mörgum kringumstæðum megi telja ýmsa kosti báðum þessum aðilum til framdráttar. En mér þykir ekki nein goðgá að benda á, fyrst farið er að ræða þetta frv., sem ætlað er að veita S. Í. S. 45% af öllum heildarinnflutningnum, að á þeim tíma, þegar verzlunin var sama sem frjáls hér í landi, þegar innflutningsleyfin voru veitt aðeins að nafninu til, gjaldeyrir nógur og flestir fengu það, sem þeir óskuðu eftir, var innflutningskvóti S. Í. S. í skófatnaði og vefnaðarvörum 16% og í byggingarefni t. d. einnig 16%. Á þessum árum var í ríkisstj. maður, sem nú veitir S. Í. S. forstöðu, og á þeim tíma heyrðust engin óánægjuorð frá hans hendi um það, að þetta væri of lítið fyrir S. Í. S. Ég er ekkert að segja hér í dag, að þetta hafi verið nóg fyrir S. Í. S., þetta hafi verið það eðlilega og þetta sé það eðlilega nú í dag. En dálítill leiðarvísir ætti þetta að vera fyrir okkur á þeim villugjarna vegi, sem við göngum, að S. Í. S. skyldi ekki nota meiri leyfi, stærri kvóta, þegar enginn skortur var á innflutningsleyfum eða vörum í landinu. Ég minnist þess að hafa heyrt einn háttsettan alþýðuflokksmann gefa þær upplýsingar, að Alþfl. hefði raunar dugað S. Í. S. sérstaklega vel, því að meðan Alþfl. hefði átt viðskmrh., hefði kvóti S. Í. S. í byggingarefni, vefnaðarvörum og skófatnaði hækkað úr 16% upp í 33%, eins og hann mun hafa verið á síðasta ári. Þetta gerðist eftir að vöruskorturinn fór að gera vart við sig, eftir að það fór að ráða nokkuð miklu hinn sterki áróður og hin pólitíska togstreita í innflutnings- og verzlunarmálum, sem gilt hefur hina síðustu mánuði. Ég tel það hreina fjarstæðu, eins og ég áður tók fram, að vera að lögfesta hin svokölluðu stofnleyfi. Ég get, af því ég vona, að skömmtunin þurfi ekki að standa lengi, fallizt á að gera tilraun að nokkru með skömmtunarseðla, eins og till. mínar á þskj. 650 bera með sér. En um leið og það er lögfest, að skömmtunarseðlarnir skuli vera mælikvarði fyrir hverja smásöluverzlun, sá mælikvarði um það, hve miklar vörur hún

skuli fá, vil ég, að allir byrji með hina sömu og jöfnu aðstöðu og þannig, að ekki sé um nein stofnleyfi að ræða, heldur aðeins það, að þeir, innflytjendur, sem gera bezt innkaup, verði látnir sitja fyrir innflutningsleyfum. Og ef hv. alþm. lesa tillögur mínar á þskj. 650, sjá þeir, að þar er orðað greinilega, þannig að ekki verður um villzt, að eftir að fjárhagsráð hefur gert áætlun um innflutning á hinum ýmsu vörutegundum, er því skylt að gera útboð á þessu vörumagni og láta þann innflytjanda sitja fyrir leyfunum, sem býður hagkvæmast verð. Það mun nú einhver segja, að þetta ákvæði sé í l. eins og þau eru í dag, en þetta er þannig orðað í l., að það er hægt að sigla fram hjá því, enda hefur það verið gert óspart og ekkert eftir þessum lagabókstaf farið, enda segir, að þetta skuli gert eftir því sem unnt er og ástæður leyfa, og fjárhagsráð og viðskiptanefnd hafa sagt: Það er ekki unnt — og notfært sér það. En það er þeim mun nauðsynlegra að lögfesta þetta ákvæði nú alveg ótvírætt, nauðsynlegra nú en nokkru sinni fyrr, þar sem gjaldeyrir þjóðarinnar er jafntakmarkaður og nú. Dýrtíðin hefur vaxið gífurlega upp á síðkastið og kaupmáttur krónunnar minnkað. Það er þess vegna nauðsynlegra nú en nokkru sinni áður að tryggja það, að varan sé keypt til landsins á lægsta fáanlegu verði, sem ýtir undir dugnað og hæfni verzlunarstéttarinnar til vörukaupa. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að við eigum hér í landinu ötula og duglega verzlunarstétt, og það er ómögulegt um það að segja, hverjir verða ofan á og hverjir verða undir í þeirri samkeppni um vöruinnkaup, sem þetta ákvæði hlýtur að skapa. Ég ætla ekkert um það að segja, hvort það verður hin svokallaða frjálsa verzlun eða t. d. S. Í. S., sem fær meginið af innflutningnum vegna þessa ákvæðis. Það skiptir engu máli, en hitt skiptir höfuðmáli, að þjóðinni, sem hefur yfir litlum gjaldeyri að ráða, verði sem mest úr þessum gjaldeyri, og þetta ákvæði er til þess að drýgja gjaldeyri þjóðarinnar og er sennilega bezta baráttutækið gegn dýrtíðinni, sem við höfum ráð á í dag, því að enginn vafi er á því, að með því að lögfesta þetta ákvæði er stuðlað að því, að ýmsar vörur lækki mjög í verði. Er þá nokkuð annað frekar en þetta, sem getur tryggt almenning í landinu gegn því, að á honum sé okrað? Og er það nokkuð annað frekar en þetta, sem getur dregið úr minnkandi kaupmætti hinnar íslenzku krónu, sem svo mjög hefur verið talað um síðustu mánuðina? Ég held, að hverjir sem verða útundan eða hverjir sem verða duglegastir í því að ná innkaupum, þá verði ekki um það deilt, að þetta ákvæði þurfi að setja í l. og það verði svo ótvírætt, að fjárhagsráð geti ekki skorazt undan að framkvæma það, ekki undir neinum krinkumstæðum.

Það er þá í sambandi við þær vörur, sem enn eru skammtaðar og skammtaðar verða á næstunni, bætt sérstökum ákvæðum í þessum till. mínum, og í öðru lagi eru sérákvæði, svo sem eru í 3. gr. frv., um aðrar vörur, svo sem smávörur, sem skal úthlutað til smásöluverzlana af innflutningnum í hlutfalli við innlagða skömmtunarseðla fyrir skófatnaði og vefnaðarvöru, nema til sérverzlana, þar sé miðað við meðalumsetningu síðustu þriggja ára og úthlutað þannig til þeirra. — Þá er ákvæði um, að þurrkuðum og niðursoðnum ávöxtum, hvers konar kryddvörum og nýlenduvörum skuli skipt milli smásöluverzlana í hlutfalli við skilaða skömmtunarseðla fyrir sykri árið á undan. Virðist ekki hægt að finna betri úthlutun á þessum vörum. — Þá er till. í sambandi við úthlutun á varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmíi. Er lagt til, að þessu verði úthlutað til viðgerðarverkstæða í réttu hlutfalli við stærð og afkastagetu verkstæðanna. Það er enginn vafi á því, að svona verkstæði eru komin í hverja einustu sýslu á landinu, og stærð þeirra og afkastageta er áreiðanlega miðuð við það, hver þörfin er í hverju héraði. Virðist því rétt og eðlilegt að miða úthlutunina á hverjum tíma við stærð og afkastagetu héraðanna. Er gert ráð fyrir, að skömmtunarskrifstofa ríkisins semji skýrslu til innflytjenda þessara vara, sem þeir geti byggt á við úthlutun varanna til hinna ýmsu verkstæða.

Að því er snertir byggingarefni, er um litla breytingu að ræða frá því, sem er í frv., að öðru leyti en því, að ég tel alveg fráleitt að skipta því byggingarefni, sem fer í mannvirki og framkvæmdir, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi til, í réttu hlutfalli við framfærslu í sveitum og kaupstöðum, vegna þess að viðhald hlýtur að vera miklu meira í sveitum en í kaupstöðum, og koma þar t. d. til öll peningshús, en í kaupstöðum aðeins íbúðarhús og verzlunarhús. Legg ég því til, að þessu verði breytt þannig, að byggingarefni, sem ætlað er til viðhalds mannvirkja og framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir, skuli úthlutað til verzlana eftir skýrslum byggingarfulltrúa í bæjum og hreppstjóra eða oddvita í þeim sveitum, þar sem framkvæmdirnar eru gerðar. — Um innflutning á öðrum vörum en þeim, sem nefndar eru í þessari grein, fer eftir áætlun fjárhagsráðs, og gildir það t. d. um útgerðarvörur og annað slíkt.

Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) er hér með brtt. við þetta frv. Hann gengur nokkuð langt í því að nálgast flm. frv. Hann leggur til, að stofnleyfin séu 50% til samvinnufélaga og 50% til annarra verzlana, en mér er ekki ljóst, hvernig hann hugsar sér, að þessu væri skipt milli samvinnufélaganna. Ja, það er nú kannske eðlilegt, að Samband íslenzkra samvinnufélaga hafi sínar aðferðir um skiptingu til samvinnufélaganna. En það eru nokkuð mörg samvinnufélög utan S. Í. S., og hvað er þeim þá ætlaður mikill hluti af því, sem samvinnufélögunum er ætlað? Ef þessi brtt. yrði samþ., teldi ég eðlilegast, ef hv. flm. hefur gert sér nokkra grein fyrir því, að tekið væri fram í till., hvað samvinnufélög utan sambandsins eiga að fá mikinn hluta af þessum 50%. Ég segi, ef hún verður samþ., sem mér þykir harla ótrúlegt.

Till. á þskj. 566 geri ég ekki að umtalsefni, því að ég geri ekki ráð fyrir, að hún verði samþykkt, og vil því ekki eyða tíma í að ræða hana. En ég vænti nú þess, sérstaklega ef atkvgr. verður frestað í dag og þm. fá góðan umhugsunartíma, að till. mínar á þskj. 650 verði

samþykktar vegna þeirrar brýnu nauðsynjar, sem er á því að ráðast gegn dýrtíðinni. Ég vænti þess, sérstaklega ef þm. fá umhugsunarfrest, að þeir aðhyllist þessar tillögur mínar. Nú, það er alkunnugt og ekkert leyndarmál, að með þeim aðferðum, sem notaðar hafa verið fram að þessu um innflutning til landsins, þá hefur lítið verið að því spurt, á hvaða verði varan hefur verið keypt til landsins, og þeir hafa kannske alveg eins fengið innflutningsleyfi, sem ekki hafa gert hagkvæm kaup. En við höfum verðlagseftirlit, sem búið er að starfa í mörg ár, og munu sumir segja, að það sé mjög nauðsynleg og gagnleg stofnun. Menn hafa nú skiptar skoðanir um þetta efni. Ég minnist þess, að það er ekki langt síðan ég heyrði valdamenn í verðlagsmálum eyða góðum tíma í það að ákveða, hvort hrífuhaus ætti að kosta kr. 5.00 eða kr. 5.20. Ég gæti nú trúað því, að í sambandi við verðlagsmálin færi ákaflega mikill tími í smámuni, í það t. d. að ákveða, hvort einn hrífuhaus eigi að kosta kr. 5.00 eða kr. 5.20, en fram hjá því sé svo gengið, sem mestu máli skiptir, sem sé því, að varan sé keypt til landsins á því bezta verði, sem fáanlegt er á heimsmarkaðinum. Að vísu eru nú takmörk á því, sem við ráðum ekki við, því að við getum ekki alltaf keypt vörurnar eins og þær eru ódýrastar á heimsmarkaðinum, vegna „clearing"-viðskipta eða vöruskiptasamninga, en við ættum að geta ráðið því, að þær séu keyptar á því lægsta verði, sem þær eru fáanlegar á í því landi, sem við verðum að kaupa hverja vörutegund í samkvæmt samningum, því að það er kunnugt, að það eru mörg útflutningsfirmu í sama landi á hverja tegund, og þá skiptir mestu máli, að lægsta tilboðinu sé tekið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar till. mínar eða frv. að þessu sinni. Ég lýsti því í upphafi, að ég óskaði þess, að skömmtun og önnur höft mættu verða afnumin sem allra fyrst. Þessar till. mínar miða aðeins við það ástand, sem nú er, og við það, að við sennilega verðum nú um sinn að búa við höft að einhverju leyti, og ég tel þá, að þessar till. mínar, ef þær ná fram að ganga, skapi það réttlæti í löggjöfinni, sem allir landsmenn gætu unað við, og að þær yrðu það aðhald í verðlagningu og öðru slíku, sem er alveg nauðsynlegt núna, þegar kaupmáttur krónunnar hefur farið svo mjög minnkandi sem raun ber vitni um.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú fyrst leyfa mér að taka undir það, sem hæstv. viðskmrh. óskaði, að umr. verði ekki lokið í dag, heldur frestur veittur a. m. k. til mánudags til þess að koma fram með brtt., sem að nokkru leyti hafa verið boðaðar af hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) og að nokkru leyti af hv. 8. landsk. (StJSt), þegar hann ræddi um þetta mál, svo að ég vildi vona, að forseti sæi sér fært að ljúka ekki umr. í dag, en gefa frest til mánudags, svo að gengið yrði frá þessum brtt., sem verið er að undirbúa í sambandi við það, sem boðað hefur verið.

Að öðru leyti skal ég aðeins minnast með örfáum orðum á eitt eða tvö atriði í ræðu hæstv. viðskmrh. Honum þótti það nú í meira lagi óþarft að vera að spyrja um stefnu hæstv. ríkisstj. í þessu máli, þar sem vitað væri og ljóst og hefði lengi verið, hver stefna Sjálfstfl. væri í viðskiptamálum, nefnilega sú, að stefna að frjálsri verzlun, afnema höft og færa innflutninginn sem mest í það horf, sem hann var í áður en til þeirra laga var stofnað, sem hér væri verið að ræða um og áður hefði verið fylgt um innflutning og gjaldeyrismeðferð. Það er náttúrlega ekkert nýtt, og við vitum vel, hvað Sjálfstfl. hefur sagt, að sé hans stefna í málinu. En það spurðum við ekki um. Við spurðum um stefnu ríkisstj. í málinu, og það vantar, þó að ráðh. hafi skýrt okkur frá því, hvað hafi verið hin yfirlýsta stefna Sjálfstfl. Ef þeir aðilar, sem með þessi mál eiga að fara, koma sér ekki saman, þá er stefnulaust og leiðir að algeru öngþveiti. Hins vegar hlýtur stefnan í þessum málum sem öðrum að verða að byggjast á samkomulagi, þegar margir flokkar standa að ríkisstjórn og hver með sínar ákveðnu skoðanir. Hins vegar hef ég alltaf haldið fram, að framkvæmdin ætti að vera á einni hendi, enda viðkomandi um leið ábyrgur fyrir sínum gerðum. Þetta náðist ekki samkomulag um á meðan ég hafði með þessi mál að gera, heldur hafði ríkisstj. öll ákvörðunarvald, og tel ég það hafa verið mjög misráðið.

Hæstv. viðskmrh. sagði áðan, að höfuðástæðan fyrir því slæma ástandi, sem nú ríkir, væri gjaldeyrisskortur og um leið vöruskortur. Þetta er að sjálfsögðu að miklu leyti rétt, en þrátt fyrir það vill þessi hæstv. ráðh. afnema alla skömmtun. Af hverju var skömmtunin sett á? Var það ekki einmitt af vöruskorti? Hefur þá verið bætt úr þessum vöruskorti? Nei, sannarlega ekki, og þar af leiðandi hefur sennilega aldrei verið eins rík ástæða til að skammta og einmitt nú. Ef skömmtunin verður nú afnumin, án þess að frekari aðgerðir komi til, þrengist enn hagur almennings frá því, sem nú er, í sambandi við vöruútvegun. Að vísu má segja, að þær vörur, sem inn verða fluttar, lendi einhvers staðar, en þá verður klíkuskapurinn enn meiri í sambandi við úthlutunina en nú er, þó að sízt sé á það bætandi. Afleiðingin hlýtur að verða sú, að þeir, sem hafa hin svokölluðu góðu sambönd, fá allar vörur, sem inn verða fluttar, en aðrir ekkert. Ég get fúslega viðurkennt, að margir gallar eru á núverandi skömmtunarfyrirkomulagi, en meginástæðan fyrir þeim göllum er sú, að meira hefur verið gefið út af skömmtunarseðlum en flutt hefur verið til landsins af vörum, og ég get játað, að mér tókst ekki að kippa þessu í lag á meðan ég hafði með þessi mál að gera, en það var ekki mér eða mínum flokki að kenna. Á síðasta Alþingi flutti ég frv. um breytingu á þessum málum og tel tvímælalaust, að það frv., ef að lögum hefði orðið, hefði bætt mikið úr því öngþveiti, sem nú ríkir, en frv. náði ekki samþykki. Aðalatriði þessa frv. var meðal annars það, að flutt yrði inn meira magn af vörum en útgefnir skömmtunarseðlar næmu, og þó að þetta sé ef til vill aðeins framkvæmdaratriði, þá hefur þetta ekki fengizt samþykkt, og má tvímælalaust kenna því um, að framkvæmd þessara mála er ekki í höndum neins ábyrgs aðila. Ég

ætla ekki að lýsa hér neinu sérstöku trausti á hæstv. viðskmrh., en þó vil ég óhikað heldur leggja framkvæmd þessara mála í hans hendur en una við það ástand, sem nú ríkir. Ég tel að sá ráðh., sem með viðskiptamálin fer á hverjum tíma, eigi að hafa framkvæmd þessara mála í sínum höndum og ekki að þurfa að sækja undir neinar nefndir eða ráð eða aðra ráðh. stjórnarinnar. Það er áreiðanlega mjög óheppileg ráðstöfun að láta atkvgr. í nefnd eða ríkisstj. ráða úrslitum, þar sem oft ráða pólitískir duttlungar, og svo er enginn ábyrgur, þegar til þess kemur. Í tilefni af þessu er ein brtt., sem við berum fram við þetta frv., sú, að stjórn þessara mála verði hjá viðskmrh. og einungis stærstu atriðin, eins og innflutningsáætlun, heyri undir ríkisstj. í heild. Þetta ásamt fullkomnu samræmi milli innflutnings og útgefinna skömmtunarseðla teljum við, að geti bætt mikið úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir. Hins vegar erum við Alþýðuflokksmenn þeirrar skoðunar, að ekkert vit sé í að afnema skömmtunina á meðan ekki er hægt að auka innflutninginn verulega frá því, sem nú er. — Í þriðja lagi leggjum við áherzlu á, að innflutningnum verði ekki skipt eingöngu prósentvís milli innflytjenda, heldur verði þeir látnir sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt innkaup gera, bæði hvað verð og vörugæði snertir. Hins vegar vil ég taka það greinilega fram, að stefna okkar Alþýðuflokksmanna í verzlunarmálunum er allt önnur, ef út í það er farið. En við teljum vonlaust að koma þeirri stefnu okkar fram, eins og nú standa sakir, og þess vegna berum við fram þessar till. sem eins konar málamiðlun og tilraun til að fá það út úr þessu máli, sem bezt er af því, sem mögulegt er að fá samkomulag um. Aftur á móti tel ég frv., eins og það liggur fyrir, stórgallað og að það muni ekki óbreytt ná þeim árangri, sem stefnt er að.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Meðan þm. Hafnf. (EmJ) var viðskmrh., lýsti ég mig samþykkan þeirri skoðun, að það væri galli á l. um fjárhagsráð, að framkvæmd þeirra heyrði undir ríkisstj. alla. Í fyrsta lagi vegna þess, að erfitt væri að fá fastan grundvöll til að starfa eftir, þegar margir vildu ráða, og í öðru lagi vegna þess, að með því fyrirkomulagi væri ekki hægt að fá neinn sérstakan ábyrgan aðila í sambandi við framkvæmdina. Reynslan hefur líka sýnt, að þetta fyrirkomulag er ónothæft og blessast alls ekki til frambúðar. — Hv. þm. Hafnf. hefur óskað eftir að vita, hver væri stefna stj. í þessum málum. Það stóð víst ekki á stefnunni, þegar hann var sjálfur ráðh. Þó verður maður nú að ætla eftir reynslunni, að sú stefna hafi verið eitthvað hlykkjótt, enda var sannleikurinn sá, að sú stjórn hafði enga heildarstefnu, þó að vísu hafi verið sett lögin um fjárhagsráð. Það virðist því koma úr hörðustu átt, þegar þessi þm., sem hefur að baki hina bitru reynslu, fer að krefja núv. stjórn um ákveðna stefnu í þessum málum, þar sem hún hefur ekki setið nema tiltölulega mjög skamman tíma, miðað við þau verkefni, sem fyrir hafa legið. Annars ætla ég ekki að fara lengra út í það mál nú, en væntanlega verður hægt að gefa upplýsingar um þetta atriði fljótlega.

Í sambandi við skömmtunina þá tel ég hana algerlega þýðingarlausa, eins og nú er komið. Þegar fólk getur ekki fengið út á sína seðla, til hvers á þá að vera að kasta of fjár í slíka endileysu sem skömmtunin þá er orðin? Og satt að segja hélt ég, að hv. þm. hafi verið búinn að sjá í gegnum þessa vitleysu, þegar hann var ráðherra. Ég er ekki að ásaka hann neitt sérstaklega; það hafa eflaust legið margar ástæður til þess, að skömmtunin varð ónothæf í framkvæmd og að af henni hlauzt ekki annað en kostnaður fyrir hið opinbera. Og það eru áreiðanlega ekki fleiri ráð til að kippa þessum málum í lag nú en í ráðherratíð þessa hv. þm., og þess vegna hljómar það dálitið einkennilega, að hann skuli nú fyrst vera að benda á þau. Hafi ekki verið hægt að tryggja nægar vörubirgðir í landinu þá, eru enn minni möguleikar til þess nú, og þetta hlýtur þessi hv. þm. að vita. Ég er líka sannfærður um, að ef við spyrðum fólk almennt, hvaða reynslu það hefði af skömmtuninni, þá mundi svar flestra verða á þá leið, að reynslan væri afleit og skömmtunin væri einskis virði. En hvers vegna eigum við þá að vera að kosta upp á slíka starfsemi, þegar svo er komið? Er ekki bara réttara fyrir okkur að viðurkenna hreinlega, að slíkt sé einungis fálm, sem beri að afnema tafarlaust?

Umr. frestað.

Á 97. fundi í Nd., 8. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (88, n. 544, 566, 649, 650, 669).

Emil Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast til umr., þá lýsti ég nokkuð brtt., sem ég og aðrir Alþflmenn í d. mundum bera fram við þetta mál. Ég rakti þá efni brtt. allýtarlega og ég sé enga þörf á að endurtaka nú það, sem ég sagði þá, og vil ég leyfa mér að vísa til þess, en þessum till. hefur nú verið útbýtt.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég ætla bara að taka það fram, að ef þetta frv. kemur til atkvæða nú, þá ætla ég að biðja um lítið fundarhlé fyrir atkvgr.

Forseti (SB): Ég vil í sambandi við það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, taka það fram, að það eru nokkrir hv. þm. fjarstaddir, og óskir hafa komið um að hafa ekki atkvgr. um þetta mál fyrr en á næsta fundi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 98. fundi í Nd., 9. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 566,1 felld með 22:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JPálm, JÁ, JR, KS, MK, SÁ, SG, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl.

nei: EystJ, FJ, GG, ÓB, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, EmJ.

SB greiddi ekki atkv.
Við nafnakallið gerðu grein fyrir atkv.:

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Enda þótt ég telji þessa till. gallaða og of takmarkaða og að ganga beri lengra í þessu efni, að athuga um afnám fjárfestingarleyfa til byggingarframkvæmda á smærri íbúðum almennt og ekki aðeins gagnvart þeim, sem byggja fyrir sjálfa sig, þá ætla ég samt sem áður, þó að ég telji nokkra annmarka á till., að vera með henni og segi já.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Þetta mál er allt í athugun hjá ríkisstj., sem ég treysti mjög vel til þess að ráða á viturlegan hátt og sanngjarnan fram úr því. Og tel ég ekki, að ríkisstj. þurfi neina aðstoð á þessu stigi málsins í þessu efni, og segi ég því eindregið nei.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Með tilvísun til grg. hæstv. atvmrh. segi ég nei.

Brtt. 669,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, ÓB, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, EmJ, SB.
nei: EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, JörB, MK, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl.
Brtt. 566,2 felld með 27:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, JÁ, MK, SG, ÁkJ, ÁS.
nei: BÓ, EmJ, EystJ, FJ, GG, ÓB, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, ÁB, BÁ, SB.
JPálm, JR greiddu ekki atkv.
Brtt. 544,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, JörB, MK, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ.
nei: BÓ, ÓB, IngJ, JóhH, JS, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StSt, ÁÁ, SB.
EmJ, GÞG, JPálm, StJSt greiddu ekki atkv.
1 þm. (FJ) fjarstaddur.
Brtt. 669,2 felld með 17:17 atkv.
— 544,2 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 17:11 atkv.
— 544,3,a felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, JörB, MK, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ.
nei: ÁÁ, BÓ, EmJ, FJ, ÓB, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StJSt, StSt, SB.
Við nafnakallið gerði grein fyrir atkv.:

Emil Jónsson: Ég hef flutt hér á Alþ. ásamt hv. þingmönnum Alþfl. brtt. á þskj. 669 við þessa sömu gr., sem fer í aðra átt en þessi brtt., sem nú er borin upp, og hlýt ég þess vegna að vera á móti þessari brtt., sem hér er til atkv., og segi því nei.

Brtt. 544,3.b felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JG, JÁ, JörB, MK, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ.
nei: IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, EmJ, FJ, ÓB, GÞG, SB.
Brtt. 649,1 felld með 19:7 atkv.
— 544,3.c felld með 17:14 atkv.
— 649,2 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MK, SG, ÁkJ, ÁS, BÁ, EOl, JÁ.
nei: KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, ÁB, BÓ, EmJ, EystJ, FJ, ÓB, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, SB.
GG, HÁ, HelgJ, JG, JörB greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Eins og þetta er orðað, getur það varla staðizt, að þetta komi þarna aftan við liðinn. Meðal annars þess vegna segi ég nei.

Brtt. 544,3.d—e felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JörB, PÞ, SkG, StgrSt, ÁB, BÁ.
nei: EOl, EmJ, FJ, ÓB, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JÁ, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, SB.
MK, SG, ÁkJ, ÁS greiddu ekki atkv.
Brtt. 544,3.f (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 18:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JG, JörB, MK, PÞ, SG, SkG, StJSt, StgrSt, ÁB, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ.
nei: IngJ, JóhH, JPálm, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StSt, BÓ, ÓB, SB.
JS, JÁ, ÁkJ, ÁÁ, ÁS greiddu ekki atkv.
Brtt. 544,3.g tekin aftur.
— 544,3.h (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GG, HÁ, HelgJ, JG, JPálm, JÁ, JörB, MK, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ.
nei: FJ, ÓB, IngJ, JóhH, JR, KS, ÓTh, StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, EmJ, SB.
GÞG, JS, PO, SÁ greiddu ekki atkv.
Brtt. 544,3.i felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GG, HÁ, HelgJ, JG, JörB, MK, PÞ, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, BÁ, EystJ.
nei: FJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StSt, BÓ, EOl, SB.
ÓB, GÞG, JÁ, SG, StJSt, ÁÁ, ÁS, EmJ greiddu ekki atkv.
Brtt. 544,4 felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MK, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, JörB.
nei: KS, ÓTh, PO, SÁ, StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, EmJ, FJ, ÓB, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, SB.
Brtt. 669,3 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, ÓB, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR,

KS, ÓTh, PO, SÁ, StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, EmJ, SB.
nei: GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, JörB, MK, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ.

Brtt. 650 þar með fallin.
— 669,4 (4.—5. gr. falli niður) samþ. með 17:5 atkv.
— 544,5 (6. gr. falli niður) samþ. með 17:9 atkv.
— 669,5 þar með fallin.
— 669,6 (7.—12. gr. falli niður) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 554,6—9 komu því ekki til atkv.
13. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 694).

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 709, í 2 liðum, við frv. eins og það er nú. Í fyrsta lagi við 4. gr. b, að umorða þann lið, vegna þess að mér skilst, að eins og liðurinn er í frv., þá sé hann dálítið erfiður í framkvæmd. Þegar sagt er, að skipta skuli milli kaupstaða og sýslufélaga í réttu hlutfalli við tölu skráðra bifreiða í hverju umdæmi, þá yrði skiptingin tæplega réttlát, ef farið væri bókstaflega eftir þessu, vegna þess að það er svo misjafnt, hvað bifreiðar þurfa af varahlutum og gúmmíi, eftir því í hvaða atvinnu þær eru. Langferðabifreiðar, sem keyrðar eru með þungum hlössum allt árið, þurfa miklu meira af gúmmíi og varahlutum en bifreiðar, sem eru allan ársins tíma á sléttum götum í bæjum. Með þeirri breyt., sem ég hef gert á þessum lið frv., þá ætlast ég til, að það verði hægt að uppfylla á réttlátan hátt kröfur hinna ýmsu aðila, sem slíta bifreiðum sínum meira en t. d. í meðallagi, og hef ég því lagt til að umorða liðinn þannig, að varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmíi skuli skipta milli viðgerðarverkstæða með hliðsjón af tölu skráðra bifreiða í umdæminu og stærð og afkastagetu verkstæðanna. Ég held, ef liðurinn yrði samþ. þannig, að þá væri hægt að uppfylla, eftir því sem við verður komið, óskir og þarfir þeirra, sem við bifreiðaakstur fást.

Þá hef ég leyft mér að leggja til, að aftan við sömu gr. frv. bætist, að innflytjendum sé skylt að afgreiða til smásöluverzlana byggingarefni í hlutfalli við fengin fjárfestingarleyfi og að fjárhagsráð skuli miða fjárfestingarleyfin við það efnismagn, sem flutt er til landsins, þannig að tryggt sé að þeir, sem fjárfestingarleyfi hafa fengið, fái nægilegt efni til framkvæmdanna, en á því hefur oft verið misbrestur, eins og flestum er kunnugt, og því ekki ástæðulaust að setja þetta inn í l. Enn fremur, að því byggingarefni, sem ætlað er til viðhalds mannvirkja og framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir, skuli úthluta til verzlana eftir skýrslum byggingarfulltrúa í bæjum og oddvita í sveitum. Það er nú svo, að ýmsar smásöluverzlanir hafa fengið lítils háttar byggingarefnaleyfi, og þó að þessi liður væri samþ., þá breytir það ekki neinu. Hitt er þó algengara, að hinar stærri byggingarvöruverzlanir fái leyfi og þær úthluti svo aftur til smásöluverzlana, sem annast aðdrætti fyrir einstaklinga á þessum vörum. Það hefur verið á ýmsum byggingarvörum tvenns konar álagning, í fyrsta lagi heildsöluálagning og í öðru lagi smásöluálagning. Þó að ég leggi ekki til í þessari till., að þetta verði skilgreint nánar eftirleiðis en verið hefur, þá vænti ég, að svo megi verða, enda er það á valdi verðlagseftirlitsins að gera það. Ég held, að ef þessu væri bætt inn í l., þá gæti það orðið til bóta frá því, sem er, og geri þetta greinilegra en oft hefur áður verið. Það virðist ástæða til, eftir þeirri reynslu sem við höfum fengið, að það sé skýrt fram tekið í l., að fjárfestingarleyfi séu miðuð við það efni, sem á hverjum tíma er flutt inn. Það er vitaskuld alveg gagnslaust fyrir menn að hafa fjárfestingarleyfi í höndunum og geta svo ekki fengið efni til framkvæmdanna. Menn byrja á framkvæmdum og stöðvast svo, þannig að þeir hafa bundið fé í þessum framkvæmdum árum saman, vegna þess að það fæst ekki efni til þeirra, án þess að geta fengið þessar framkvæmdir í not.

Ég vænti þess, þó að þetta frv. sé að sumra áliti harla gott, að menn geti þó verið sammála um, að það megi bæta það með þeim till., sem ég legg hér fram, og vænti ég þess, að þær verði samþykktar.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég vil mæla gegn þeirri brtt., sem hv. 2. þm. Rang. leggur hér fram viðvíkjandi umorðun á b-lið 4. gr., um innflutning á varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmíi. Mér finnst ástæðulaust að ákveða í löggjöf, að viðgerðarverkstæði bifreiða ein skuli fá leyfi fyrir þessum hlutum. Með því væru bifreiðaeigendur of háðir verkstæðum, og tel ég því eðlilegra að hafa þetta eins og það er nú í frv., að það geti farið eftir því, sem bifreiðaeigendur óska, hvort leyfin fara til verzlana eða viðgerðarstöðva. — Um hina till. hans vil ég segja það, að ég treysti mér ekki heldur til að mæla með henni. Hún gengur í aðra átt en till. um þetta efni, sem ég flutti, en var felld við 2. umr., þar sem gert er ráð fyrir því, að innflutningsleyfi fylgi fjárfestingarleyfi til þeirra, sem fá þau. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að byggingarefni eigi allt að fara um hendur bæði heildsala og smásala, en ég tel ekki heppilegt að ákveða slíkt, því að í mörgum tilfellum er það þannig, að smásöluverzlanir hafa flutt inn sjálfar beint frá útlöndum byggingarefni í allstórum stíl, og ég tel, að þær eigi að hafa möguleika til þess áfram. Ég tel því, að þessi till., eins og hún er orðuð, sé sízt til bóta, heldur hefði átt að hafa þetta á þann veg, sem ég lagði til, að þeir, sem fjárfestingarleyfi fá, fái einnig innflutningsleyfi fyrir efninu og fái sjálfir að ákveða, hvernig þeir afla sér efnis út á þau leyfi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. þm. V-Húnv.

(SkG). Um það, sem hann sagði um byggingarefni, að eftir brtt. minni væri því slegið föstu, að það ætti bæði að fara gegnum hendur heildsala og smásala, þá er þetta ekki rétt, því að í 4. gr. frv. eru smásalar ekki útilokaðir frá því að fá innflutningsleyfi. Þetta, sem ég legg til að bætist við, á við það, að þegar smásali hefur ekki innflutningsleyfi, þá kaupi hann byggingarefnið af heildsala, og oftar mun svo vera, en brtt. mín breytir engu um möguleika smásala til þess að kaupa byggingarefni beint utanlands frá. — Um hinn liðinn, ef hann verður umorðaður, þá verða lögin skýrari og léttari í framkvæmd. Það er ekki venja, að bifreiðaeigendur fái innflutningsleyfi fyrir gúmmíum og varahlutum, enda eykur það einungis á skriffinnskuna, ef svo er. Eðlilegra er, að viðgerðarverkstæðin, sem til eru nálega í hverju héraði, fái þessi innflutningsleyfi, og þar sem sagt er, að leyfin skuli veitt með hliðsjón af bifreiðatölu héraða og afkastagetu verkstæða, þá er unnt að fara eftir óskum bifreiðaeigenda, því að það verður að sækja um þessi leyfi, og þá er hægt að láta fylgja umsóknum skriflegar óskir bifreiðaeigenda um það, hverjum þeir vilja fela að annast innflutninginn fyrir sig. Það verður því mun hægara að uppfylla kröfur bifreiðaeigenda, ef till. mín er samþ., því að þeir eru sjálfráðir í því, að hvaða verkstæði þeir snúa sér með viðgerðir. Ég er því viss um, að hv. þm. V-Húnv. sannfærist um það, að málið verður betra í framkvæmd, ef mín brtt. er samþykkt.

Forseti (SB): Mér hafa borizt tilmæli um að fresta umr. vegna brtt., sem eru í aðsigi bæði frá hv. n. og einstökum hv. þm.

Umr. frestað.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr. (A. 694, 709, 714, 734, 741).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

21. Jeppabifreiðar.

Á 10. fundi í Sþ., 14. des., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.* [65. mál] (þmfrv., A. 93).

Á 13. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á og viðauka við l. frá s. l. vori um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa. Sú breyt., sem gerð er á þeim l., er fyrst og fremst sú, að n., sem ætlað er að úthluta jeppabifreiðum, skuli einnig ætlað að úthluta heimilisdráttarvélum. Hvernig n. skuli vera skipuð, höfum við gert dálitla breyt. á, þannig að þrír aðilar í n. skuli kosnir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, en tveir af Stéttarsambandi bænda. Virðist eðlilegt, að þessar tvær stofnanir fari með úthlutun á þeim tækjum, sem tilheyra bændastéttinni, því að þetta eru tvær höfuðstofnanir, sem tilheyra bændastéttinni fyrst og fremst, þar sem Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda standa saman af hreppabúnaðarfélögum og búnaðarsamböndum landsins, sem eru aðallega félagsskapur bændastéttarinnar. — Í l. er gert ráð fyrir, að fimmti maður í n. sé kosinn af landbn. Alþ., en við gerum þá breyt. á þessu í frv., að sá maður verði ekki kjörinn af landbn., heldur af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Hin breyt. á l. er sú, að 12. gr. verði felld burtu, en í hennar stað komi 2. kafli l., sem eingöngu fjalli um úthlutun heimilisdráttarvéla. S. l. vor var notuð þessi heimild til úthlutunar á nokkrum hluta af þeim dráttarvélum, sem til landsins voru fluttar, en þó ekki öllum, þ. e. a. s. úthlutun á vélum frá einum innflytjanda. Það virðist eðlilegt, ef á annað borð einhver sérstök n. á að úthluta vélum, sem koma til landsins, að það sé þá úthlutað öllum vélum, en ekki einhverjum hluta af þeim, og við gerum það að till. okkar í þessu frv., að svo sé, og sé enginn þar undanskilinn. Það mætti margt um þetta segja, sem mætti verða til úrbóta í þessu máli. Það væri t. d. æskilegt, að til landsins flyttust aðeins nokkrar, örfáar beztu tegundir heimilisdráttarvéla, sem völ er á, en til þess verður að taka tillit á hverjum tíma, hvar hægt er að fá þessar vélar og hvernig gjaldeyrisástandið er. Það er líka vitað mál, að það er ekki nóg aðeins að flytja inn dráttarvélar, heldur er líka nauðsynlegt að fá tæki til þeirra. Það er því í okkar till. gert ráð fyrir, að gjaldeyrisyfirvöldunum sé skylt að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir tilheyrandi verkfærum, 50% miðað við verðmæti vélanna. Þetta kann að virðast nokkuð mikið, en það er misjafnt, hvað bændur gera miklar kröfur til véla, og ætti það að geta jafnað sig þannig, að þeir, sem ekki gera mjög miklar kröfur, geti miðlað hinum, sem kjósa fleiri tæki. En þetta er atriði, sem alltaf má breyta eftir því, sem hverjum þykir henta og reynslan sýnir, að hagkvæmast er.

Það hafa flutzt nokkrar vélar til landsins undanfarin ár. Þó er vitað, að það er miklu minna en eftirspurnin og þörf er fyrir, því að það mun ekki vera meira en fimmti hver bóndi, sem á heimilisdráttarvél. Þessar vélar eru nýlegar, en þó er farið að bera á allmiklum bilunum í þeim, og hefur verið skortur á varahlutum, þegar á þarf að halda. Þetta er vandræðamál. Það er þegar búið að flytja þessi tæki til landsins og ekki er hægt að breyta því, en það vantar oft lítil stykki, til að þessi tæki geti starfað óhindrað, og þess vegna förum við fram á, að jafnan verði séð fyrir nægilegum varahlutum til þeirra véla, sem inn verða fluttar.

Ég ætla svo ekki að ræða meira um þetta. Ég legg til, að málinu sé vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 88., 89., 93. og 94. fundi í Nd., 25., 27. og 28. apríl, 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 4. maí, utan dagskrár, mælti

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti: Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvað líði frv. til l. um breyt. á l. um úthlutun jeppabifreiða. Þetta mál hefur verið á dagskrá, en ekki verið tekið fyrir, en hins vegar sé ég það ekki á dagskrá í dag.

Forseti (SB): Út af fyrirspurn hv. þm. Dal. vil ég taka það fram, að ég sá mér ekki fært að taka fleiri mál á dagskrá í dag en nú eru á dagskránni. Hins vegar er þetta mál hv. þm. ekki nein hornreka og verður tekið á dagskrá svo fljótt sem auðið er, og ástæðan til þess, að það var ekki á dagskránni í dag, er einungis sú, að ákveðið var, að deildarfundir skyldu aðeins standa eina klst. í dag.

Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 93, n. 560, 561).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er orðið allgamalt hjá þessari hv. d. og vafasamt, að það nái fram að ganga, þar sem skammur tími er nú til stefnu. Ég skal ekki halda langa framsöguræðu, því að ég get látið mér nægja að vísa til nál. Einn nm. vill vísa frv. frá eins og hann mun gera grein fyrir. Í brtt. n. er annars bara um eina efnisbreyt. að ræða, þ. e. að þeir, sem eiga jeppabifreiðar og hlunninda njóta samkvæmt 2. gr. l. um bifreiðaskatt frá 1949, verði háðir sömu reglum og þeir, sem eiga heimilisdráttarvélar. Hér er um að ræða jeppabifreiðar, sem notaðar eru til landbúnaðarstarfa, en þær eru í 2. gr. l. undanþegnar skatti samkv. c-lið 1. gr. Að öðru leyti er frv. óbreytt. Einstakir nm. munu gera grein fyrir afstöðu sinni.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur mælt fyrir n., en þar sem ég hef sérstöðu, vildi ég segja fáein orð. — Ég er með brtt. n., en á móti þeirri breyt., er gerð er með 2. gr. frv. Ég tel, að með breyt., sem gerð var á síðasta þingi, hafi verið þannig frá þessu gengið, að ekki sé ástæða til breyt. nú. Ég tel rétt, að landbn. Alþ. hafi hér hönd í bagga, enda var um þetta fullt samkomulag þá. Hins vegar finnst mér rétt, að dráttarvélar falli einnig undir ákvæði l. og að n., sem um þetta fjallar, afli sér fyllri gagna en unnt var síðasta ár og láti sér þau mistök, er þá áttu sér stað, að kenningu verða.

Ég legg til, að 1. og 2. gr. frv. falli niður, en er annars fylgjandi öðrum breyt.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og sést á nál. landbn. á þskj. 560, er n. klofin í þrjá hluta, þó að allir nm. hafi skrifað undir álitið. Í fyrsta lagi eru þeir, sem vilja samþ. frv. með gagngerðum breyt., í öðru lagi hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem vill fella niður 1. og 2. gr., og í þriðja lagi ég, sem tel ekki ástæðu til að samþ. frv. Ég lít svo á, að Alþ. hafi gert sér nóg til skammar í sambandi við jeppa, þó að það geri sér ekki fleira til skammar. Þetta eru vinsæl tæki, bæði meðal bænda og kaupstaðarbúa, en þó er þetta kannske eina varan, sem eyðilögð hafa verið leyfi fyrir innflutningi á frá árinu 1947. Enn eru óinnfluttir 94 jeppar, sem þá var búið að leyfa innflutning á. Á síðasta Alþ. var líka samþ. að flytja inn 600 jeppa, að vísu áttu þeir ekki að sitja fyrir öðrum vörum, en ekki einn einasti var fluttur inn, þrátt fyrir það, að stöðug ásókn er á alla þm. um að útvega þessi tæki. Við skulum segja, að gjaldeyrisskortur hafi verið orsökin til þess, en þó var allmikið flutt inn af öðrum bifreiðum. Samkvæmt l., sem sett voru 1949, átti að skipa n., er úthluta skyldi jeppabifreiðum. Þessi n. tók til starfa, því að páv. landbrh., hv. þm. Mýr. (BÁ), fól henni líka úthlutun dráttarvéla til landbúnaðarþarfa, og var allmikið flutt inn af þeim. Ef til þess kemur, að fluttir verða inn jeppar og dráttarvélar, held ég, að sama n. geti séð um dreifinguna, og verður hún ekki ofsæl af því. Þurfi að setja nýjar reglur, þá er það á valdi þess ráðh., sem málið heyrir undir, að breyta og auka við reglugerðina, sem sett var, og taka inn í hana þau atriði, sem hér eru sett inn í frv. Ég legg þess vegna til, að frv. verði vísað til stj., og vænti þess, að hægt verði að sættast á það. Þar sem hv. 1. þm. Skagf. er í forsrh.-sæti, vænti ég þess, að hv. frsm. treysti honum til þess að leysa málið á þann hátt, sem heppilegast reynist.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð.

Það er ástæða fyrir því, að frv. þetta var borið fram. Legg ég til, að það verði samþ. Tel ég rétt, að settar verði reglur um úthlutun heimilisdráttarvéla, eins og settar voru reglur um úthlutun jeppabifreiða, sem ráð var fyrir gert, að fluttar yrðu inn á s. l. ári. Hitt er annað mál, sem ég vil benda á, og tek ég þar undir ummæli hv. þm. A-Húnv. (JPálm), að Alþ. gerir sig hlægilegt og er sér til skammar í jeppamálunum, þar sem áætlað var að flytja inn 600 jeppa og sett l. um úthlutun þeirra, en enginn þeirra hefur komið. Nú er útlit fyrir, að engar dráttarvélar verði fluttar inn. Lítur út fyrir, að bændur eigi að láta sér nægja reglur og l. um þetta, og þannig verður að ætla, að ástandið verði í verzlunarmálunum almennt.

Þetta vil ég benda á, þótt ég sjái eigi ástæðu til að vera á móti frv., þótt svo færi, að Marshallfé yrði notað til þessa, og tel rétt að

setja reglur um úthlutunina, eftir upplýsingum um dráttarvélarnar á s. l. ári.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Nú þegar er viðurkennt, að þörf sé á að hafa reglur um úthlutun jeppa, er fluttir eru inn. Um það er eigi hægt að segja, hvort tækin verða flutt inn, en við því verður að búast, að eigi verði ævinlega í framtíðinni búið við sömu kjör og í dag, greiðast muni úr þessu og þar með haldið áfram að flytja inn nauðsynleg tæki. Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) viðurkenndi, að þörf væri á að skapa reglur, sem unandi væri við, um úthlutunina. Ég er sammála því. Ég vantreysti ekki hæstv. landbrh., en meira öryggi finnst mér í því, að þetta standi í l., fyrir bændur, fremur en þeir séu háðir landbrh. um það, hvaða reglur verði settar. Ég skil ekki, að í fyrra hafi gilt sérstakar reglur um þetta, því að málið kom þá einkennilega fyrir sjónir. Mér þykir rétt og nauðsynlegt að hafa reglur um þessi mál og vænti þess, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. frv., svo að bændur geti talið sig örugga.

Að öðru leyti mun ég ekki segja fleira, en vona, að málið fái skjóta afgreiðslu.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef nú ekki miklu við að bæta í sjálfu sér, því að engin rök hafa komið fram um það, að nauðsyn sé á þessu frv., hvorki frá hv. frsm. né hv. 5. landsk. Aðalatriðið er, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er gersamlega óþarft, og Alþ. hefur annað þarfara við tímann að gera en eyða honum í slíkt mál. Hér liggja 12 mál á dagskránni, er mörg eru mikilvæg. Ef þessi tæki verða flutt inn og hæstv. ríkisstj. eru fengnar reglur um úthlutunina, þá verður að breyta reglugerð ráðh. og taka inn í hana það, sem vera vill, úr brtt. landbn. Legg ég áherzlu á, að hv. d. samþykki till. mína um að vísa málinu til hæstv. ríkisstj.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég get verið stuttorður, en mér fannst hv. þm. A-Húnv. (JPálm) taka það aftur, er hann var búinn að segja. Fannst mér hann viðurkenna, að fremur væri þörf á reglum nú en áður. Hann sagði og, að engin rök væru fyrir því, að frv. væri nauðsynlegt. En af hverju er verið að skapa lög og reglur nema fyrir það, að einhverjir í þjóðfélaginu telji sig eigi hafa þann rétt, sem þeir eiga? Og einmitt vegna þess er hér verið að skapa reglur eða lög, að ýmsir þegnar þjóðfélagsins telja sig eigi hafa verið svo rétthá við síðustu úthlutun, að þeir geti unað við það, og þannig er það með jeppana. Ég veit ekki, hvert hlutverk Alþ. er, ef það er ekki að skapa réttlæti mönnum til handa. Ef þetta eru eigi rök, þá veit ég ekki, hvað eru rök.

ATKVGR.

Till. frá þm. A-Húnv. um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: **StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, EOl, EmJ, GÞG, IngJ,** JóhH, JPálm, JR, KS, ÓTh, SB.

nei: SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JS, JörB, MK, PÞ, SG.

FJ, JÁ greiddu ekki atkv.

3 þm. (GTh, PO, SÁ) fjarstaddir.

Forseti (SB): Þá koma til atkv. 1. og 2. gr. frv. (*SkG:* Ég óska eftir, að 1. gr. sé borin upp sérstaklega.) Er það nú ekki óeðlilegt? (*SkG:* Ég vil benda á það, að þótt 2. gr. l. verði ekki breytt, getur 1. gr. frv. um kaflaskiptin vel staðizt. — *EOl:* Þótt allt annað sé fellt?) Greinarnar verða bornar undir atkv. í einu lagi.

1.—2. gr. felldar með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JG, JörB, PÞ, SkG, StgrSt, ÁB, BÁ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ.

nei: JóhH, JPálm, JS, JR, KS, MK, ÓTh, SG, StJSt, StSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BÓ, EOl, EmJ, GÞG, IngJ, SB.

JÁ, PO, FJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (SÁ, GTh) fjarstaddir.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann treysti sér ekki til að úrskurða 3. gr. fallna og taka síðan 4. gr. til atkv. (*Nokkrir þm.:* Hún er sjálffallin.)

Forseti (SB): Það verður að líta þannig á, að 3. gr. frv. sé sjálffallin, og kemur þá til atkv. 4. gr. frv., þ. e. 1. gr. í II. kafla þess.

3. gr. kom ekki til atkv.

4. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 561,1 (ný 5. gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 561,2 (6. gr. falli burt) samþ. með 18 shlj. atkv.

7.—8. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 656, 659).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram skriflega brtt. við c-lið 2. gr., þar sem stendur, að óheimilt sé að úthluta heimilisdráttarvél til þeirra, sem áður hafa fengið slík tæki. Þó að reglan sé réttlát, þá getur leikið nokkur vafi á þessu, t. d. þegar í hlut á ræktunarfélag, þó að það hafi áður fengið dráttarvél eða jeppa. Hin skriflega brtt. er þess efnis, að í stað orðsins „aðila" komi: einstaklinga. Það er, að í staðinn fyrir að slík úthlutun sé yfirleitt óheimil, þá sé svo, þegar einstaklingar eiga í hlut. — Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 671) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 671 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 659,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 659,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 672).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigða leitað, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, PZ, RÞ, VH, HV, HG, JJós, BSt.

9 þm. (StgrA, ÞÞ, BBen, BrB, EE, FRV, GJ, HermJ, KK) fjarstaddir.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104. fundi í Ed., 11. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 672, n. 776, 773).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Mál þetta hefur komið til landbn. og hefur þar verið athugað. Tíminn hefur verið naumur til athugunar, og var mér falið að líta yfir það og breyta því í samráði við n., eftir því sem við töldum nauðsynlegt og rétt. Sérstaklega er það sú breyt., sem er undir a. (13. gr.) og er alveg nýmæli í frv., um það, að það sé skylt að skrásetja allar dráttarvélar í landinu. Það hafa margir litið svo á, að erfitt sé að vita um það, hverjir séu hinir réttu eigendur þessara heimilisvéla og hve margar þær séu í landinu, á þann hátt, að það liggi fyrir úthlutunarn. En ef allar heimilisdráttarvélar í landinu eru skrásettar, þá er það samkvæmt því, sem segir í frv., eftir skýrslu frá sýslumönnum og lögreglustjórum um hver áramót, svo að það ættu ekki að verða miklar breyt. frá þeim tíma og þangað til úthlutun fer fram. Dráttarvélar eru oft notaðar til að flytja vörur úr kaupstað og í ýmissa smásnúninga, þannig að þær eru stundum á þjóðvegum, og hefur komið fyrir, að það hafi orðið árekstrar milli þeirra og annarra farartækja, og þá er erfitt að átta sig á því, hverjum tilheyri þessar vélar, þegar ekki er númer á þeim. En þegar skráningarspjöld eru á þeim, þá verður hægt að ganga betur úr skugga um það, svo að bæði er þetta til öryggis um það og eins að sama manni sé ekki afhent fleiri en ein heimilisdráttarvél, og var n. sammála um, að þetta mundi vera til bóta. — Annars er það fyrirkomulag, sem talað er um í b. (14. gr.) þannig, að það tryggir fljóta afgreiðslu á þessum vélum til þeirra, er æskja þess. Úthlutunarnefnd sendir umsóknir til fjárhagsráðs og fjárhagsráð á að taka tillit til óska kaupenda um það, hvað þeim sé hagkvæmast og heppilegast af slíkum vélum. Þegar fjárhagsráð er búið að ákveða, hvað margar vélar af hverri tegund skuli flytja til landsins, þá verður það tilkynnt þeim, sem eiga að flytja inn vélarnar, og úthlutunarnefnd skiptir þá vélunum milli umsækjenda. Þetta á að gerast svo fljótt sem hægt er. Í frv., eins og það barst d., átti úthlutunarnefnd aftur á móti að skipta vélunum milli búnaðarfélaga.

Þá er lögð áherzla á það í brtt. (17. gr.) að flytja inn varahluti til dráttarvéla, ekki eingöngu til þeirra véla, sem á hverjum tíma eru fluttar inn, heldur líka til þeirra véla, sem til eru í landinu. — 15.—16. gr. eru teknar upp eins og þær liggja fyrir í frv.

Ég hef borið þessar breyt. undir þann mann, sem nú er form. úthlutunarn., og hefur hann ekkert við þær að athuga og telur þessar breyt. til bóta. Þessar till. miða að því að gera hægan í vöfum innflutning og afgreiðslu á þessum vélum, um leið og það er trygging fyrir því, að þetta sé ekki misbrúkað, eins og átt hefur sér stað um þessa hluti, að þeir, sem áður áttu landbúnaðarjeppa, hafa fengið slíkar vélar, en það kemur af því, að n. gat ekki aflað sér upplýsinga um þá hluti. Við nm. erum sammála um þessar brtt. og mælum með því, að frv. verði samþ. eins og við leggjum til í þessum brtt.

Gísli Jónsson: Ég hef rekið augun í, að talað er um dráttarvélar. Ég vil því spyrja hv. frsm. að því, hvort aðeins er átt við dráttarvélar, sem tilheyra landbúnaði. Það er til mikið af vélum í landinu, sem notaðar eru í kaupstöðum til að draga vöruvagna við uppskipun og útskipun. En mér skilst, að ef þetta væri samþ., þá væri slíkum fyrirtækjum fyrirmunað að geta fengið dráttarvélar. — Þá leggur landbn. til, að það skuli aðeins greiða ⅓ gjalds af þessum vélum í staðinn fyrir að greiða gjald af þessum vélum eins og öðrum vélum. Það er eins og landbn. hafi tekið það á heilann, að það megi aldrei neinn aðili við landbúnað greiða neitt eins og aðrir menn. Ég er undrandi yfir því, að þetta skuli ganga svo langt, að jafnvel í þessum smámunum sé verið að stimpla bændur sem vesalinga, sem ekki megi einu sinni greiða skoðunargjöld nema ⅓ á móts við aðra menn. Ég held, að þessir bændafulltrúar séu ekki að gera sínum umbjóðendum neinn greiða með svona smásálarskap. Hitt er töluvert atriði, hvort það á að skilja það svo, að ekki sé heimilt að úthluta neinum dráttarvélum til annarra en bænda, sem landbúnað stunda, þegar vitað er, að undir því er komið, hvort hægt er að halda nægilega mörgum dráttarvélum við útskipun og uppskipun og halda niðri kostnaði við þá starfsemi. Á að banna þessum aðilum að fá dráttarvélar til þess að geta flutt vörur og skipað þeim upp fyrir minna verð en það annars kostar?

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er ekki nýtt að heyra hljóð úr því horni og aths., og er það náttúrlega þakkarvert, þegar grundvöllur er fyrir þeim. En hér liggur fyrir frv. um heimilisdráttarvélar, eins og hv. þm. getur séð, ef hann lítur á 15. gr. Hvað hitt snertir, að allir eigi að greiða skrásetningargjald af öllum dráttarvélum, þá finnst mér ekki

neitt ranglæti í því, því að það er rétt að hafa eftirlit með þessum vélum, jafnvel þó að þær séu notaðar til uppskipunar, og sjá, hvaða vélar eru í notkun, og þær mega gjarnan hafa sinn einkennisbókstaf. En hér er ekki talað um skoðunargjald, heldur skrásetningargjald. Þessar vélar eru aðeins færðar inn í þar til gerða bók, og skrásetningargjaldið er 15 kr., eins og nú standa sakir, og það er í rauninni ekki neitt óhóflegt verð fyrir að færa þær inn. En jafnvel þó að þetta næði til uppskipunarvéla, þá hygg ég, að sumar vélar séu bæði notaðar í þarfir landbúnaðarins og einnig til uppskipunar. Það er þægilegt, að ríkisstj. og fjárhagsráð geti jafnan haft fyrir sér skýrslur um það, hvað margar vélar eru í landinu, og það fæst fljótast og bezt á þennan hátt. En hv. þm. má ekki rugla þessu saman, skrásetningargjaldi og skoðunargjaldi, því að hér er ekki ætlazt til, að verði neitt skoðunargjald. Mér virðist ekki fráleitt að hafa þetta gjald svona lágt, þar sem þarna er miklu minna um að vera en með aðrar vélar, og eins og ég sagði áðan, þá er hér aðeins talað um heimilisdráttarvélar, og það kemur ekki til mála, að þær séu til annarra en þeirra, sem eru við búskap eða ræktunarstörf. Vel má vera, að það megi einnig úthluta til manna, þó að þeir stundi ekki búskap, farandmanna, sem fara um með stærri heimilisdráttarvélar til að herfa flög, og þess vegna er vafasamt, hvort eigi að breyta nokkuð frá því, sem komið er í þessu máli. Ég sé ekki ástæðu til þess, hvað mig snertir, að koma með neina brtt. um þetta, ég álít skrásetningargjaldið hæfilegt. En náttúrlega hefur hv. þm. leyfi til að koma með hvaða brtt. sem er.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að tala mikið um þetta frv., því að hv. frsm. hefur gert það. Ég hygg, að það sé á misskilningi byggt, þar sem þetta gildir aðeins um heimilisvélar til landbúnaðarþarfa, að það þurfi að taka fram, að þetta eigi ekki að ná til dráttarvéla, sem notaðar eru við uppskipun, enda er þar vissulega um að ræða aðrar tegundir dráttarvéla en þær, sem notaðar eru til landbúnaðarþarfa. (*GJ:* Það eru dráttarvélar.) En það er beint talað um það í jeppalögunum, að um sé að ræða dráttarvélar til landbúnaðarþarfa, og því ákveður breyt. á þeim l. ekki um aðrar dráttarvélar en þær. — Við erum tiltölulega ungir í notkun þessara dráttarvéla. Þær hafa ekki komið verulega til landsins fyrr en á síðustu árum, en eru nú orðnar nokkuð margar í landinu. Það munu vera til nú í landinu, notaðar í þágu landbúnaðarins, sem næst 1270 dráttarvélar. Þó eru þær orðnar til hér í landinu fleiri hlutfallslega en í mörgum öðrum löndum, miðað við tölu bænda hlutfallslega fleiri en í Danmörku og mörgum sinnum fleiri en í Noregi. Þó finnst þeim þar ástæða til þess að setja reglur um það, hvernig aðstaða þessara véla er, þegar þær koma út á vegina og mæta bifreiðum og öðrum hjólaverkfærum og ökutækjum, — hvernig aðstaða þeirra er, ef árekstrar verða og annað þess háttar. Nú, einmitt þessa daga sá ég í dönskum blöðum, að þeir eru að ræða um það að setja inn í l. í Danmörku ákvæði um réttindi til þess að aka þessum vélum úti á landvegunum. Og þegar við ræddum mál þetta, sem hér liggur fyrir, í landbn., þá vorum við að tala um, hvort ekki væri þörf á því hér að taka ákvæði upp um þetta. Við treystum okkur ekki til að gera það nú. En t. d. í þessu frv., sem liggur fyrir danska þinginu, er þessu skipt í þrennt. Í fyrsta flokknum skulu vera þeir, sem ekki fara út fyrir landareignina, þar sem vélin á heima, en ekki fara með þær út á vegi, sem svara til þjóðvega eða sýsluvega hér heima. Og það má aka þessum vélum hver sem vill. Þær vélar eru notaðar á akrinum heima, og það á ekki að skrásetja þær. En hér fannst okkur, að vegna úthlutunarinnar þyrfti að skrásetja þessar vélar, sem Danir sleppa alveg við það. — Svo koma í öðrum flokkinum hjá þeim í Danmörku, sem vilja gera þessa lagabreyt., dráttarvélar, sem mega fara allt að 3 km. út frá býlinu, þar sem þær eru, svo sem til næstu járnbrautarstöðvar eða mjólkurbús. Þessum vélum mega stýra minnaprófsmenn. Meiningin er að láta skrásetja þessar vélar og greiða eitthvað af þeim. En þeir, sem eiga að vera í þriðja flokknum og mega fara lengra út á vegina með vélarnar, þurfa að vera meiraprófsmenn, og hafa þær öll réttindi eins og bifreiðar.

Nú vildi ég gjarnan, þar sem véltæknin hér á landi er orðin svona mikil og aðstaða hér þannig, að menn aka dráttarvélum mjög mikið í veg fyrir áætlunarbíla og margir draga alveg að sér úr kaupstað á þeim vörur — ég vildi gjarnan mega heyra frá hæstv. landbrh., hvort ekki megi vænta þess, að hæstv. ríkisstj. athugi þessa hlið málsins fyrir næsta þing. Ég get búizt við því, að ákvæðum laga um skrásetningu þessara véla og skrásetningargjaldinu þyrfti að breyta hér hjá okkur eins og hjá Dönum, í samræmi við það, hve mikið þær eru notaðar hér á vegum úti.

Mér er kappsmál, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. nú á þessu þingi, til þess að reynt verði með því að koma í veg fyrir, að það endurtaki sig, sem gerzt hefur tvö síðustu árin, að fjárhagsráð hefur veitt leyfi fyrir vélum, sem fluttar hafa verið inn og svo enginn viljað kaupa. Í fyrra kom ný tegund af þessum vélum, sem ekki hafði komið áður. Allir, sem komu til greina í fyrstu umferð, vildu ekki fá þær. Þeir vildu aðra tegund. Í annarri eða þriðju umferð var hægt að fá menn til að taka við þeim. Ef þetta frv. væri samþ., þá gæti það legið fyrir, hvaða vélar menn vildu fá, áður en þær eru pantaðar, til þess t. d., að ef menn vilja fá helmingi meira af einni vélategund en annarri, þá sé hægt að panta helmingi meira af þeirri tegundinni, þannig að leyfum verði hagað í samræmi við það. Og væri það betra en að neytt sé inn á menn vélum, sem þeir ekki kæra sig um. Það eru nú til 26 tegundir dráttarvéla í landinu. Af þeirri tegundinni, sem fæst er til af, er aðeins ein til. Af nokkrum tegundum eru til þrjár til fjórar og upp í átta vélar, og ekki eru nema tvær tegundir, sem nokkuð margt er af í landinu. Og ef varahluti vantar í þær vélar, sem fátt er til af, hygg ég, að nokkuð

erfitt muni reynast að fá þá. — Af þessum ástæðum taldi ég sjálfsagt að reyna að koma þessu frv. í gegn á þessu þingi, ef þetta mætti lagast nú, enda þótt ég viti um hitt atriðið, notkun dráttarvélanna úti á vegunum og í sambandi við það breytilega skrásetningu á vélunum, eftir því, hve mikil ábyrgð er lögð á menn, sem eiga að aka þeim, gagnvart umferðinni á vegum úti. Ég vildi óska þess, að hæstv. landbrh. athugaði það fyrir næsta þing, hvort ekki væri rétt að setja í lög ákvæði um skrásetningu þessara véla og um réttindi til að mega aka þeim á vegum úti. — Vænti ég svo, að þetta frv. verði nú samþ., því að það ræður bót á ólagi, sem hefur endurtekið sig hvað eftir annað á tveimur síðustu árum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 789) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú farið inn á allt annað svið en orð mín gáfu tilefni til. Hins vegar tek ég ekki nærri mér, þó ég fái hnútur frá landbn., því að það eru ævinlega þakkirnar, ef ég bendi á atriði, sem ég tel, að betur megi fara. Þó sé ég nú, að landbn. hefur fallizt á mitt sjónarmið í þessu tilfelli. Annars vil ég benda frsm. landbn. á, að gefnu tilefni, að umr. eiga að vera til þess að upplýsa málin, og það er alveg óþarft fyrir hans hátign, yfirvaldið í Dalasýslu, að vera með hnútukast í minn garð út af þessu máli. Ég veit alveg eins vel um þörf bænda í þessu efni eins og hann. Hitt kann ég ekki við hjá landbn., að hún líti á bændur eins og einhverja betlara, en í það virðist oft skína. Bændur óska áreiðanlega ekki eftir slíku, og vænti ég, að frsm. landbn. venji sig af þeim ósið.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. frekar um þetta mál og sé ekki heldur ástæðu til að svara narti hv. þm. Barð. Um þá brtt., sem fram hefur komið, vil ég segja það, að ég taldi ekki ástæðu til nánari skýringa á 15. gr., enda er hún tekin orðrétt eins og hún kom frá Nd. og auðvelt að skilja, hvað við er átt. Hins vegar hef ég ekkert á móti því, að tekinn sé af allur vafi, ef talið er, að hún kunni að verða misskilin. — Um skrásetningarskylduna má segja, að hún geti verið reglugerðaratriði, en þó held ég nú, að engu sé spillt með því, að hún sé lögfest, og sömuleiðis sé ég ekki, að sú skylda geti ekki náð til allra dráttarvéla. Það getur vel verið um fleiri dráttarvélar að ræða en landbúnaðarvélar, og má í því sambandi minna á ýmsar vélar, sem hér er verið með á götunum.

Að lokum vil ég segja það til þm. Barð., að ég hef ekki bitið neinn. Hins vegar getur vel verið, að hann hafi glefsað, en ég er ekki hælsár. Ég vænti svo, að þessar umr. séu úr sögunni og að nú megi greiða atkv. um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 789 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 773 (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 790).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 105. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Verkamannabústaðir.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða [74. mál] (þmfrv., A. 128).

Á 24. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eitt af mestu vandamálum hvers þjóðfélags er að tryggja þegnum sínum sæmilegt og viðunandi húsnæði. Á þessu hefur hin síðari ár orðið mikill misbrestur hér á landi, ekki sízt vegna þess, að fólkið hefur með breyttum atvinnuháttum flutt úr sveitum landsins til kaupstaða og sjávarþorpa. Þegar svo þessir flutningar hafa farið fram samhliða auknum vandkvæðum á gjaldeyri til kaupa á byggingarefni, svo og auknum vandkvæðum á að afla fjár til bygginga innanlands, hefur þetta orðið ein af verstu meinsemdum þjóðfélagsins. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að þótt nauðsynlegt og sjálfsagt sé að byggja sjúkrahús, þá sé það ef til vill enn nauðsynlegra að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins viðunandi húsnæði. Geysimikill áfangi á þessari leið var farinn, er lögin um verkamannabústaði voru fyrst samþ. fyrir um það bil tveim tugum ára. Þó hefur ekki verið hægt fyrir almenning að notfæra sér það sem skyldi sökum skorts á nægilegu lánsfé. Sú reynsla hefur þó fengizt af þessum íbúðum, að ekki er nokkrum vafa undirorpið, að þetta húsnæði og íbúðir, sem reistar hafa verið í skjóli fyrrnefndra laga, hafa reynzt bezt, hagkvæmast og ódýrast og bezt við hæfi þeirra manna, sem ekki geta af eigin rammleik byggt

sjálfir. Það má því segja, af þeirri reynslu, sem þegar er fengin og áður er greint, að þetta hefur reynzt hagkvæmasta byggingarformið, ekki undanskildar samvinnubyggingarnar, sem nokkur dæmi eru fyrir að hafi verið misnotaðar í gróðabrallsskyni nú á seinni árum. Aftur á móti eru engin dæmi um slíkt hvað viðvíkur verkamannabústöðum, enda byggt með ströngu lagaákvæði. Þegar þetta er haft í huga, er það ekki nokkrum vafa bundið, að mest aðkallandi í þessum málum er meiri aðstoð almannavaldsins við þá, sem notfæra vilja sér ákvæði verkamannabústaðalaganna. En alvarlegasti þrándur í götu þeirra er skorturinn á lánsfé.

1948 gaf byggingarsjóðurinn í samráði við þáv. hæstv. ríkisstj. út lánsskuldabréf að upphæð 5 millj. kr. En ekki reyndist kleift að selja nema um helming bréfanna, eða fyrir um 2,2 millj. Þó gegnir stórfurðu, hve mikið hefur verið byggt í skjóli þessara laga, en auðvitað hefur það ekki nægt til þess að fyrirbyggja húsnæðisvandræðin. Við höfum séð rísa heil hverfi af fallegum húsum, villum og sambyggingum, en ég ætla þó, að þau hús séu ekki eins hagkvæm og skyldi, en það nauðsynlegasta fyrir okkur er að fá mikið af hentugum, ódýrum og hagkvæmum byggingum til almenningsnota.

Ég veit að vísu, og Alþfl. er það ljóst, að nú verður að stinga við fæti hvað fjárfestingu og byggingar snertir. En ekki verður hjá því komizt að styðja byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa til þess að leysa úr hinu alvarlega húsnæðisvandamáli. Eins og ég álít sjálfsagt og fjárhagsráði skylt að draga mjög úr byggingu stórhýsa, þá tel ég óhjákvæmilegt og sjálfsagt að byggja hentugar íbúðir fyrir alþýðumenn í kaupstöðum og kauptúnum. Af þessari nauðsyn er þetta mál flutt. Hér er ekki um að ræða neinar breytingar frá því, sem er í verkamannabústaðalögunum, heldur nánast aðeins viðauka til tryggingar, að nægilegt fé fáist til byggingarframkvæmda næstu fjögur árin. Það er tekið fram í 1. gr. frv., að hæstv. ríkisstj. eigi að tryggja sölu á skuldabréfunum næstu fjögur árin, þannig að ákveðin upphæð, sem þar greinir, verði til í sjóðnum til árlegra útlána. Miðað er við, af fyrri reynslu, að hægt verði að reisa 200 íbúðir víðs vegar um landið á ári hverju, ef þetta frv. yrði samþ. Í næstu gr. er hins vegar lagt til, hvernig eigi að framkvæma þetta, og það er með því móti að skylda vissar stofnanir, sem samkvæmt starfsemi sinni, reglum og eðli málsins verða að ávaxta varasjóði sína og geymslufé í tryggu verðmæti, þessir sjóðir skuli vera skyldaðir til að kaupa fyrir visst magn skuldabréf byggingarsjóðs verkamanna. Eins og kunnugt er, þá njóta þessi lán, samkv. l. um verkamannabústaði, ábyrgðar ríkisins. Í 3. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir því, að ríkisstj. leiti samkomulags um það við banka og aðrar peningastofnanir, og er þar átt við sparisjóði, að þeir kaupi fyrir visst fjármagn á ári skuldabréf byggingarsjóðsins. Að lokum er svo lagt til í 4. gr. frv., að ríkissjóður kaupi skuldabréfin, sem um ræðir í 1. gr., fyrir 3 millj. kr. árlega, og er það til nokkurs samræmis við löggjöf, sem sett hefur verið með l. nr. 35 frá 1946, um nýbyggingu og endurbyggingu í sveitum, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi árlega fram 2½ millj. kr. auk upphaflega fjármagnsins til þess að stofna þessa byggingarsjóði, sem standa eiga undir framkvæmdum við að reisa hús í sveitum landsins.

Ég álít, að mál þetta, eins og það er fram sett, sé bæði mjög mikið nauðsynjamál, og eins, að hér sé um raunhæfar till. að ræða, sem hægt sé að framkvæma, ef vilji er til þess. Það er bent á það í grg., að ýmis tryggingafélög og fyrirtæki, sem helzt er gert ráð fyrir að verði skylduð til þess að kaupa skuldabréf byggingarsjóðs verkamanna, hafi á árinu 1948 varið samtals 37,5 millj. kr. til skuldabréfakaupa. Nú yrði það ekki nema hluti af þessum 14 millj. kr., sem nást árlega, sem þessi tryggingafélög þyrftu að kaupa, og sýnist það ekki óeðlilegt, miðað við það, sem þessi félög og fyrirtæki árlega verja í sína varasjóði til þess að kaupa trygg og örugg skuldabréf. Ég held það verði aldrei hægt að koma á þeim endurbótum, sem að nokkru verulegu gagni yrðu í þessum málum, með öðru móti en að fara inn á einhverjar slíkar leiðir og hér er lagt til. Húsnæðisvandamálið er eitt af erfiðustu viðfangsefnum þjóðfélagsins. Húsnæðisskortur og slæmt húsnæði skapa vandkvæði fyrir fjölda fólks. Og þessi vandkvæði skapast ekki einungis á þann hátt, að fólkið er neytt til að búa í heilsuspillandi íbúðum, heldur er einnig haldið uppi húsaleiguokri í skjóli þeirrar miskunnarlausu reglu, að framboð á húsnæði er miklu minna en eftirspurnin, eða réttara sagt, eftirspurnin er svo langtum meiri en framboðið, að þeir, sem ráða yfir húsnæði, taka í mörgum tilfellum fyrir það okurleigu. Ég mæli sízt af öllu á móti því, að eftirlit sé haft með húsaleigu og reynt að halda henni í skefjum, eftir því sem unnt er, en ég hygg, að það verði alltaf örðugt í framkvæmd með öðru móti en því, að hægt sé smám saman að koma upp svo miklu og hagkvæmu húsnæði, að hlutföllin milli eftirspurnar og framboðs verði ekki eins öfug og verið hefur. Það er hægt fyrir þá menn, sem það vilja, að fara bak við l., og tilhneiging manna til þess er því miður ærið rík. Úr því verður ekki bætt til fulls, hversu skelegg löggjöf sem sett verður um eftirlit með húsaleigu, ef ekki er farið inn á aðrar leiðir. Þær leiðir álít ég skynsamlegastar og öruggastar að vinna að því, að aukið sé hentugt og ódýrt húsnæði. Með því er verið að kippa fótunum undan spekúlationsmöguleikum, sem verða mörgum alþýðumanni til mjög mikils tjóns.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að hafa þessi almennu orð mín fleiri um þetta frv., sem hér liggur fyrir, en ég vildi mega vænta þess, eftir því sem heyrzt hefur frá öllum stjórnmálafl., bæði í blöðum og kosningabaráttunni, að menn vildu taka höndum saman og gera eitthvað, sem að verulegu gagni gæti orðið til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum. Að mínu viti er þetta skynsamleg, réttlát og raunhæf leið, sem hér er lagt til að farin verði. Ég tel rétt, að þetta frv. fari til fjhn., og vænti þess, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég viðurkenni það fyllilega og er sammála síðasta ræðumanni um það, að það er mikil nauðsyn á því, að við getum byggt yfir það fólk, sem stendur höllustum fæti að geta byggt yfir sig sjálft. En þrátt fyrir þessa nauðsyn er jafnframt nauðsynlegt, að þetta sé gert á þeim grundvelli, sem okkar fjárhagsástæður leyfa. Ég ætla ekki að ræða mikið um þetta frv. á þessu stigi málsins, en mun gera það seinna. Ég vil einungis benda á það, að l. nr. 44 frá 1946, sem vafalaust áttu á sinni tíð að vera stórt skref í áttina til þess að bæta úr þörf þessara mála, þau eru þannig úr garði gerð hvað samvinnufélögin snertir, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist 85% af byggingarverði húsanna. Þetta er náttúrlega óhæfilega há tryggingarfjárhæð, sem ríkissjóður á hér að taka ábyrgð á. Þetta hefur orðið til þess, að svo mikil eftirspurn hefur orðið eftir ríkisábyrgð í þessar framkvæmdir, að sú ábyrgð hefur hækkað um tugi milljóna á síðustu tveimur árum, eins og mönnum er kunnugt. Og vegna þess, hversu ríkissjóður hefur tekið miklar ábyrgðir á þessum lánum — eftirspurnin hefur, eins og ég sagði, verið gífurleg —, þá má svo heita, að búið sé, eftir því sem ég get gert mér ljósast, að þurrka upp mest af þeim opinberu sjóðum, sem tiltækilegir eru til slíkra útlána. Við megum gæta þess, að þótt þörfin sé mikil annars vegar að koma upp húsum, þá má heldur ekki setja löggjöf, sem í raun og veru leggur svo mikinn þunga á lánaútvegun frá því opinbera, með þeirri beztu tryggingu, sem við höfum að bjóða, sem er ríkissjóðstrygging, að við getum ekki staðið undir honum. Annað kemur líka hér til greina, að nú er ríkistrygging handbær fyrir þessa menn, en þeir fá ekki lán út á hana lengur. Það eru ekki lengur til aðilar í þessu landi, sem geta eða vilja lána fé út á þessi skuldabréf, þó að ríkistrygging sé bak við þau, og það af þeirri einföldu ástæðu, að peningar eru ekki til. Þetta er enginn barlómur, heldur hreinn veruleiki. Nú er sjálfsagt fyrir þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að athuga það frá öllum hliðum, en það verður líka að athuga, hvað getan leyfir í þessum efnum. Svo vil ég líka benda á 4. gr. frv., þar sem segir, að ríkissjóður skuli kaupa skuldabréf þau, sem um ræðir í 1. gr., fyrir 3 millj. kr. árlega á árunum 1950—53. Við þessu er náttúrlega ekkert að segja, en slíkar fjárhæðir verða vitanlega að koma inn í fjárl. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að ríkissjóður kaupi skuldabréf, eins og nú standa sakir, án þess að taka það af því fé, sem hann hefur handbært á hverju ári. Annars þyrfti hann að lána út á þessi skuldabréf og stofna sjálfur lán í bönkum eða einhverjum öðrum stofnunum, sem hafa handbæra peninga. — Ég mun ekki ræða um þetta nánar að sinni, en ætla að ræða nánar um þessa hlið málsins, sem ég hef nú gert að umræðuefni, þegar málið kemur úr n.

Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég get í raun og veru þakkað hæstv. fjmrh. fyrir vinsamlegar undirtektir við meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir. Sem fjmrh. vill hann að vísu benda á þau vandkvæði, sem kynnu að vera til staðar við framkvæmd þessarar löggjafar. Hann nefndi sem dæmi, að nú væri gagnslitið að leita til opinberra sjóða um lán til byggingarsamvinnufélaga. Mér er kunnugt um, að þetta er rétt. Á þessu hafa verið mjög miklir erfiðleikar og farið vaxandi. En hvað sem líður ágæti samvinnubyggingarfélaga, — sem ég vil ekki draga í efa, — þá álít ég þó, að af þjóðfélagslegum ástæðum, — ef flokka ætti íbúðir niður, — þá ættu verkamannabústaðirnir að vera í fyrsta flokki. Þeir hafa reynzt ódýrastir og hentugastir og eru alveg lausir við þá ágalla, sem hafa fylgt mörgum öðrum byggingum og ég hef áður minnzt á. Ég hygg, að ég tali þar af nokkurri reynslu, að hverri ríkisstj. ætti að vera það kærkomið að fá í sínar hendur heimild til að hafa áhrif á að láta lánveitingar úr þessum sjóðum og stofnunum ganga fyrst og fremst til jafnhagnýtra og nauðsynlegra framkvæmda eins og bygging verkamannabústaða er. Ég hygg það rétt vera, að of lítið eftirlit hafi verið haft af hálfu ríkisvaldsins með þeim sjóðum og stofnunum, sem samkvæmt eðli sínu og starfsemi fást við útlán, og þetta, sem hér er lagt til, ætti að geta orðið eitt skref í þá átt, að aukið yrði það eftirlit. Að öðru leyti þarf ég ekki í tilefni af ræðu hæstv. ráðh. að ræða þetta meir, en mér þótti vænt um, að hann hefur lýst yfir velvild til málsins, og vona ég, að undirtektir annarra verði á líka lund og ekki lakari.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 641, var útbýtt 5. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Byggingarlán og húsaleigulækkun.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:

Frv. til l. um lánstíma og lánskjör lána þeirra, sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsum, og um lækkun húsaleigu [75. mál] (þmfrv., A. 129).

Á 24. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég flutti í vetur, ásamt hv. þm. Siglf., frv. til l. um húsnæði, þar sem m. a. er gert ráð fyrir lögskipaðri lækkun á húsnæði, og var það frv.

flutt að ósk Leigjendafélags Reykjavíkur. Í grg. þess frv. vöktum við eftirtekt á því, að það mundi verða örðugt í framkvæmd að fyrirskipa lækkun á húsnæði, nema samtímis yrðu gerðar ráðstafanir um að bæta þau lánskjör, sem nú eru á íbúðarhúsum, þannig að ýmsir, sem byggt hafa hús og erfitt eiga með að borga þau lán, sem á þeim hvíla, fengju lengri lánsfrest en þeir nú hafa og lægri vexti. Nú hef ég ásamt tveim öðrum þm. flutt frv. það, sem hér liggur fyrir, og er það í raun og veru uppfylling á loforði frá grg. fyrra frv. um, að flutt yrði frv., sem ætti helzt að verða því samferða. Það gefur að skilja, að svo framarlega sem ætti að beita því sem einni af mörgum aðferðum til að lækka húsaleigu að fyrirskipa lækkun á húsaleigu, þá yrði það ekki kleift fyrir fjölda af fólki, nema því aðeins að því yrði um leið veitt tækifæri til betri lánskjara. Við skulum taka sem dæmi efnalitla menn, sem hafa ráðizt í að byggja tvær íbúðir og leigja aðra þeirra út, en eiga að borga íbúðirnar upp á 10—15 árum eða jafnvel skemmri tíma og með eins háum vöxtum og menn nú verða að greiða, 6½% eða jafnvel hærri, þá mundi slíkum mönnum gert ókleift að standa í skilum, ef slíkri löggjöf um lækkun húsaleigu væri framfylgt. Þetta frv. fer þess vegna fram á það, að lánstíma og lánskjörum þeirra lána, sem tryggð eru með veði, sé breytt þannig, að lánstíminn verði minnst 40 ár, miðað við upphafstíma lánsins, og vextir lækkaðir niður í 3%. Ég skal geta þess strax, að þetta kemur misjafnlega niður, því að ýmis lán eru alls ekki tryggð með veði, heldur eru víxlar lánaðir út á mörg hús, sem eru þá kannske ekki tryggðir með veði. Það er hins vegar ákaflega erfitt af löggjafans hálfu að ætla að reyna að hjálpa þeim á þennan hátt, sem hafa fengið lán út á hús sín, ef lánin eru ekki tryggð með veði á viðkomandi húsi, heldur er um almenn víxillán að ræða. Þess vegna hef ég álitið, að maður yrði að binda þetta við lögveð. Það er vitanlegt, að meginið af þeim húsum, sem byggð hafa verið síðustu árin, eru hús, sem að öllum líkindum verður búið í alla þessa öld og fram á næstu öld. Það er ofvaxið a. m. k. venjulegum meðalefnuðum einstaklingi að eignast þessi hús á 10—15 árum og ekki óeðlilegt, þó að menn hafi 40—50 ára tímabil til að borga svona hús niður. Það er óhæfilega þung byrði lögð á þá kynslóð, sem nú byggir landið, ef hún á að borga öll hús, sem hún hefur byggt, niður á 10—15 árum. En lánskjörin eru slík, að það er verið að píska menn til að eignast þau á skemmri tíma en eðlilegt er. Afleiðingin verður svo sú, að ef kreppir að með vinnu, aukavinna minnkar, laun lækka og afkoma fólksins versnar, þá verður það fjöldi manna, sem lagt hefur í þessi húsakaup, sem missir húsin. Það er langt frá því, að það sé í „interessu" þjóðfélagsins, að þorri manna, sem hafa verið að reyna að koma upp þaki yfir höfuð sér, tapi húsunum og auðugustu menn þjóðfélagsins kaupi þau svo og leigi út með tiltölulega háu verði, en slík varð reynslan milli síðustu styrjalda. Menn höfðu byggt allmikið meðan á stríðinu stóð og eftir stríðið. Síðan kom kreppa, og menn gátu ekki risið undir því að borga af húsunum og misstu þau. Þau voru svo keypt af stóreignamönnum, og um langan tíma var það eitt með beztu gróðafyrirtækjum hér í Reykjavík að leigja út hús. Húsaleiga var há, tók ⅓ af launum almennra verkamanna, í stað þess, að það er normalt, að hún sé ekki meira en ⅙ af launum þeirra. Með þeirri breytingu, sem hér er gert ráð fyrir í 1. gr. frv., að lækka vextina í 3%, mundi aðstaðan gerbreytast. Það gerði mönnum mögulegt að halda sínum húsum, þó að fyrirskipuð yrði lækkun á húsaleigu.

Í 2. gr. er greint frá því, að húseigendur, sem verða aðnjótandi þessara fríðinda, sem um ræðir í 1. gr., skuli tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta, í Reykjavík borgarfógeta, „er færir hinn breytta lánstíma og lánskjör inn í veðmálabækur embættisins." Húsaleigun. er svo tilkynnt um breytingu lánsins, og gerir hún nýtt mat á leigu húsnæðisins, þannig að húsaleiga lækkar með tilliti til þess, hversu vextir hafa lækkað og lánstími lengzt, svo að sé leigjandi í húsinu, þá kemur þetta honum til góða. Þar með yrði svo raunhæfur fjárhagslegur grundvöllur skapaður til að framkvæma þau ákvæði, sem felast í frv. á þskj. 40, sem er flutt að tilhlutan stj. Leigjendafélags Reykjavíkur.

Þetta mál er vafalaust þess virði, að það sé athugað, og ég skal ekki fullyrða nema hægt sé að finna betri aðferðir til að ná þeim árangri, sem til er ætlazt. Ég vil enn fremur taka það fram, að þetta frv. er aðeins ein af mörgum aðferðum, sem þarf að athuga og nota til þess að lækka húsaleigu. Hér var einmitt áðan til umr. frv. til að gera enn þá raunhæfari þá leið, sem verkamannabústaðir og l. um þá fara eftir. Það hefur oft verið rætt hér um samvinnubyggingar og l. um þær. Þetta frv. á aðeins við hluta af þriðju leiðinni, þar sem um er að ræða einstaklinga, sem hafa ráðizt í að byggja, og á ekki að skoðast sem mótsetning við þær aðferðir, sem áður er getið um og ekki síður, heldur fremur eiga rétt á sér. Hins vegar kemur þetta af sömu orsök, sem allir eru sammála um, skorti á húsnæði. Hins vegar er það vitanlegt, að það, sem fyrst og fremst skapar háa húsaleigu, er stuttur lánstími og háir vextir. Ég hef í grg. frv. ofur lítið reynt að reikna út og athuga, hvaða mun slíkt geri. Það dæmi er tekið af handahófi, og mætti vafalaust koma með aðra reikninga í því sambandi.

Nú fór það frv., sem við fluttum hér áður um þetta efni, til allshn., því að þangað hafa frv. um húsnæðismál farið fram að þessu. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, mun frekar eiga heima í fjhn. Ég álít þó að betra væri til samræmis, — vegna þess, að að nokkru leyti er þetta frv. hugsað sem trygging fyrir því, að hægt sé að framkvæma þær ráðstafanir, sem frv. á þskj. 40 miðar að, — að þau færu í sömu n. Í versta falli yrðu þá fjhn. og allshn. að hafa samvinnu um afgreiðslu málanna, ef húsnæðismálum er skipt á milli þeirra. Ég geri það því að till. minni, að frv. fari til

allshn., og vona ég, að það sæti þar skilningi og velvilja, eins og önnur frv. um þessi mál þurfa á að halda, bæði hjá hv. n. og hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 80. og 82. fundi í Nd., 31. marz og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 129, n. 490 og 501).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þegar þetta frv. var tekið til afgreiðslu í allshn., voru allskiptar skoðanir um efni þess. Sumir nm. litu svo á, að allvafasamt væri, hvort frv. ætti rétt á sér, þar eð það bryti í bága við stjórnarskrána. Vegna þessa var frv. sent til lagadeildar Háskóla Íslands, og þess var óskað, að lagadeildin léti álit sitt í ljós um það. En þegar frá leið og vænta mátti svars, kom í ljós, að lagadeildin vildi ekki láta álit sitt í ljós um það. Að þessu búnu urðu nm. því að taka afstöðu til málsins án þess að sú leiðsaga fengist, sem við höfum beiðzt. Við höfum undirstrikað það álit okkar, að hér sé rennt á mjög tvísýnt vað, auk þess að við teljum efni frv. svo vaxið, að ekki sé hægt að fylgja því af þeim sökum. Eins og við höfum leitt rök að í nál. á þskj. 501, þá mundi frv. þetta, ef að lögum yrði, leiða af sér mikið og handahófslegt misrétti, t. d. ef skuldari gæti breytt lánskjörum sínum.

Í grg. þeirri, sem fylgir frv. þessu á þskj. 129, er gerð sú grein fyrir því, að tilgangur þess sé tvenns konar: Annars vegar að stuðla að lækkun húsaleigu og þar með dýrtíðarinnar og hins vegar að gera þeim kleift, sem eignazt hafa þak yfir höfuðið af litlum efnum, að halda því. Frv. er að efni til ekki á þá leið, heldur hlyti það að eiga við alla og hvern sem er og skuldar út á fasteign, sem gætu þá skyndilega óskað eftir því, að lánunum væri breytt. Skuldari gæti þá hringt til borgarfógeta og krafizt þess, að lánum sínum væri breytt og fengið lánið framlengt til 40 ára með 3% vöxtum, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil vekja athygli á þessu, að hér er verið að gefa almennar heimildir og án tillits til efnahags eða annarra aðstæðna. Svo er það húsaleigan. Það er allvafasamt að setja í löggjöf slíkt yfirmat, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir.

Þetta mál er ekki alveg nýtt, því að það hefur verið flutt till. um sama efni í bæjarstj. Reykjavíkur af fulltrúum sósíalista þar. Mig undraði það strax á þeim vettvangi, að svona till. skyldi vera borin fram, en þó ekki síður, að það skuli gert hér á Alþ., þar sem gert er ráð fyrir að gera að engu samningsfrelsi manna og eignarrétt með einu litlu frv., en sú yrði afleiðingin, ef þetta frv. yrði að l. Þetta er skoðun meiri hl. allshn., og leggur hann því til, að þetta frv. verði fellt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var flutt, þá var það gert til þess að efna loforð, sem gefið hafði verið, þegar annað frv. um húsnæði var flutt hér á Alþ. að tilhlutan Leigjendafélags Reykjavíkur, þar sem m. a. voru teknar ákvarðanir um, hve háa húsaleigu mætti reikna. Um leið var svo samkvæmt ósk þessa félags flutt frv., og í grg. þess frv. var það tekið fram, að þessar ákvarðanir um að lækka þannig húsaleigu til þess að vinna á móti dýrtíðinni mundu þýða það, svo framarlega sem slík l. kæmu einhliða til framkvæmda, að svo og svo mikið af mönnum, sem hefðu byggt sér hús af litlum efnum og tekið til þess dýr lán til stutts tíma, mundu missa húsin. Við flm. frv. bentum á það, að þessi húsnæðislöggjöf væri ekki framkvæmanleg, nema því aðeins að þetta frv., sem hér liggur fyrir, og frv. um lækkun húsaleigu væru látin fylgjast að, með öðrum orðum, að vextir af slíkum húsum eða íbúðum væru lækkaðir og lánstími þeirra lengdur. Ég held ég hafi rakið þetta ýtarlega, þegar frv. var hér til 1. umr., og sýnt fram á, hve miklu munaði, ef lán, sem veitt eru til 10—15 ára út á slíkar íbúðir, yrðu veitt til 40 ára og vextir, sem nú eru 6—7%, væru lækkaðir í 3—4%. Þess vegna var þess getið mjög greinilega í því frv. um lækkun húsaleigu, sem við fluttum að tilhlutan Leigjendafélagsins, að við mundum flytja hér annað frv., sem færi fram á að lengja lánstímann og bæta lánskjörin. Það er þess vegna rétt að taka það fram, að til þess er ætlazt af okkar hálfu, flm., að þessi frv. fylgist að, en hins vegar er rétt að geta þess, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, á þó líka rétt á sér sem sjálfstætt frv., en þó því aðeins, að ef ekki ætti að afgreiða hitt frv. um húsaleigu, þá yrðu nokkrar breyt. á því gerðar, vegna þess að hitt frv. er á vissan hátt forsenda fyrir þessu frv. Ég minni á þetta, af því að þetta frv. hefur verið afgr. frá n. nú, en ekki er enn þá farið að afgr. frv. um húsaleigu, en heppilegast er, að húsaleigufrv. öll væru rædd í einu.

Nú sé ég, að hv. meiri hl. allshn. hefur verið með nokkrar bollaleggingar um það, að þetta frv. mundi ef til vill brjóta í bága við almennt samningsfrelsi manna eða ákvæðin um eignarrétt og þess vegna mundi það brjóta í bága við stjórnarskrána. Það er satt að segja alveg nýtt að heyra það hér á Alþ., að frv., sem hér eru flutt og fela í sér takmörkun á umráðarétti manna yfir eignum sínum eða miða að einhverju leyti að því að breyta frjálsum samningum, sem menn hafa gert, þau séu talin brjóta í bága við stjórnarskrána. Ég er nokkuð hissa á því, þegar ég sé það, að þrír lögfræðingar standa saman um það mál, að þetta litla frv. sé hættulegt hvað þetta snertir, að það sé með því verið að kollvarpa samningsfrelsi manna. Í fyrsta lagi vil ég í þessu sambandi minna á, um hvað þetta frv. er. Þetta frv. er um að breyta lánskjörum viðvíkjandi húseignum, breyta þeim samningum, sem eru t. d. milli bankanna eða annarra lánardrottna annars vegar og húseigenda hins vegar. Hvað hefur nú Alþ. leyft sér að gera á þessu sviði gagn-

vart húseigendum? Alþ. hefur leyft sér það fyrst og fremst að ógilda þá samninga, sem húseigendur hafa gert við leigjendur í húsunum. L. um það eru búin að standa í 10 ár, og enn þá hafa engir lögfræðingar risið upp hér á Alþ. til að tala um það, að slíkt bryti í bága við stjórnarskrána. Í öðru lagi hefur Alþ. ekki látið sér nægja að kollvarpa þannig almennu samningsfrelsi húseigenda og leigjenda, heldur enn fremur svipt húseigendur ráðstöfunarrétti yfir sínum eigin húsum með því að skylda þá til að hafa leigjendur í húsum sínum, sem þeir gjarna vilja koma í burtu. Það hafa engir lögfræðingar á Alþ. risið upp né nein allshn. séð ástæðu til að leita til lagadeildar háskólans til þess að spyrja um, hvort þessar ráðstafanir brytu ekki í bága við stjórnarskrána. Og nú vil ég spyrja einmitt þessa ágætu lögfræðinga, sem að þessu standa í allshn., að hve miklu meira leyti væri réttur brotinn á lánardrottnum, venjulega ríkum stofnunum hér í landinu, sem samið hafa við húseigendur, heldur en réttur á húseigendum er brotinn með húsaleigul., sem eru oft fátækir menn, þó að á meðal þeirra séu líka ríkir menn. Ég fæ ekki séð það, og mér þykir það koma mjög undarlega fyrir, ef allt í einu á að fara að koma hér upp með það, að það sé brot á almennu samningsfrelsi og jafnvel brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar að takmarka að einhverju leyti samningsfrelsi lánardrottna og breyta samningum þeirra, þó að þinglesnir séu, frekar en að breyta húsaleigu, eins og búið er að gera upp undir 10 ár. Ég sé ekki, að þetta frv., sem hér er lagt til, að samþ. verði, sé að neinu leyti annars eðlis en húsaleigul. t. d. Og nú ætla ég hvorki að ráðast á þau l. né færa fram þau mörgu rök, sem fram má færa fyrir nauðsyn þeirra, en ég vil aðeins á það benda, að í þessu er algert ósamræmi. Það hefði frá upphafi ekki verið nema eðlilegt í sambandi við húsaleigul., þegar húseigendur eru sviptir möguleika til að hafa upp úr húseignum sínum og sviptir ráðstöfunarrétti yfir þeim, að lánardrottnar þeirra hefðu fengið að blæða líka. Ég held þess vegna, að ef það hafa ekki verið brotin eignarréttarákvæði eða samningsréttarákvæði stjórnarskrárinnar með þeim l., þá sé það ekki gert með þessum. Satt að segja er ég alveg hissa á þessu tali, um að eignarréttarákvæði og samningsréttarákvæði séu brotin með þessu frv., því að ég veit ekki betur — ef á annað borð á að halda þann paragraf í heiðri á Alþ. — en þau hafi verið þverbrotin á hverju þingi. Ég vil, án þess að fara út í „júridiskar" deilur um þetta atriði, segja það, að hér er siglt í sama kjölfarið og siglt hefur verið undanfarna áratugi. Hvort það er vegna þess, að þessir háu lánardrottnar, bankarnir, séu viðkvæmari en aðrir fyrir sliku, að meiri hl. allshn. sér ástæðu til að bera þetta fram, skal ég ekkert um segja. — Hvað hitt atriðið snertir, sem hv. frsm. n. minntist á, að það væri rétt að draga úr misrétti, sem gæti af því leitt, að ýmsir óverðugir gætu orðið þessa aðnjótandi, þá er það alveg rétt athugasemd, og ég vildi ákaflega gjarna, ef það eitt væri út á frv. að setja, reyna að komast að samkomulagi um það. Það er alveg rétt, að með svona ákvæðum eins og hér er lagt til að samþ., mundi leiða þó nokkurt misræmi, þannig að vel stæðir menn, sem ekki þyrftu þessara ráðstafana með, mundu verða þeirra aðnjótandi, en aðrir, sem væru illa stæðir, t. d. þeir, sem hefðu fengið víxillán, mundu ekki njóta þessara hlunninda, svo að ef hægt væri að finna aðferð til að koma í veg fyrir slíkt misrétti, væri það mjög gott. En ég vil benda á nákvæmlega samsvarandi atriði, sem við höfum átt við að stríða viðvíkjandi húsaleigul., sem eru búin að standa í áratug. Við vitum vel, hve miklu misrétti er beitt í sambandi við þau, og flestir viðurkenna það, en samt hefur ekki tekizt að finna út aðferð til að breyta þeim l. til að koma í veg fyrir misrétti. Hvað þann hluta málsins snertir væri mjög heppilegt að geta komið sér saman um breytingu, en hins vegar verð ég að segja það, að ef svona almenn ákvæði gætu orðið til að bjarga einhverjum, sem væru mjög illa stæðir, þá sæi ég ekki eftir því, þó að þau kæmu einhverjum vel stæðum til góða.

Viðvíkjandi þeirri höfuðgagnrýni af hálfu meiri hl. allshn., að almennu samningsfrelsi verði ekki kollvarpað með almennum l., vil ég á það benda, að Alþ. hefur nú tvisvar á síðasta áratug kollvarpað almennu samningsfrelsi með l. Fyrst með gengislækkunarl., sem sett voru í apríl 1939, þegar atvinnurekendur og verkamenn voru sviptir samningsréttinum og niður felldir samningar, sem gerðir höfðu verið, og meira að segja sumum þeirra samningum breytt með lagaákvæðum, t. d. voru afnumin þau ákvæði, sem voru í sumum samningum, að ef gengislækkun yrði, þá skyldi það bætt að fullu upp. Nýlega var, í sambandi við gengislækkunarl., afnumið ákvæði um visst atriði úr samningum, það atriði, að ef menn hefðu gert samninga um lán til húsbygginga og annað slíkt, sem skyldu greiðast aftur með fleiri krónum, ef gengisbreyt. yrði, þá var það sett inn í l., að slík ákvæði skyldu vera ógild. M. ö. o., samningum var breytt þannig með lagaákvæðum, og mun í þessum tilfellum oft hafa verið um þinglesin veð að ræða, sem tryggð voru á þennan hátt. Á árinu 1947 var enn fremur í sambandi við l. um að takmarka visitölugreiðsluna við 300 stig kollvarpað samningsfrelsi manna. Hvað eftir annað á undanförnum áratug hefur Alþ. afgreitt l., sem breyttu samningum og afnámu samningsfrelsi. Og nú kemur meiri hl. allshn. og segir: Við getum ekki mælt með frv. vegna þess, að það kollvarpar samningsfrelsi manna. — Ég skil þetta ekki, nema þá á þann hátt, að nú ætti að verða alger stefnubreyting á Alþ. Út af fyrir sig væri það á vissan hátt mjög skemmtilegt. Það færi fleira að líta öðruvísi út hjá okkur, ef stjórnarskráin ætti virkilega að vera í gildi eftir orðanna hljóðan. Við skulum segja, að á Íslandi ætti allt í einu að ríkja atvinnufrelsi. Það væri ákaflega gaman, en menn vita, að ekki er til snefill af því hér. Og kannske hefur einhverjum dottið í hug að afnema einokun og koma á verzlunarfrelsi, svo að ekki sé talað um samningsfrelsi, sem alltaf er verið

að afnema, og ég tala ekki um eignarréttinn, sem hefur á öðru hverju þingi verið skertur með l. Maður gæti haldið, að nú ætti allt í einu að gera hér á breyt., og ef svo væri, þá er ég vissulega reiðubúinn að ræða þetta mál og það frá öðru sjónarmiði. En út frá þeim „praksis", sem viðgengizt hefur á Íslandi síðasta áratuginn, nær ekki nokkurri átt að finna þetta að frv. Þess vegna held ég, að það sé misskilningur hjá meiri hl. allshn. að gagnrýna frv. út frá þessu.

Ég mundi satt að segja helzt óska þess, ef von væri til þess, að frv. um húsaleigu, sem liggja fyrir allshn., kæmu til umr. á þessu þingi, að þetta frv. yrði nú látið bíða afgreiðslu. Ég gat þess í upphafi máls míns, að þetta frv. væri flutt beinlínis vegna þess frv. frá Leigjendafélaginu, sem við nokkrir þm. Sósfl. höfum flutt eftir beiðni þess félags. Það frv. er hjá allshn. og ég held fleiri frv. um húsaleigumál. Þetta frv. átti alveg sérstaklega að laga alveg sérstakan órétt, sem mundi skapast, ef frv. Leigjendafélagsins yrði samþ. Ég held, að menn mundu sannfærast um það, ef frv. um húsaleigu fyndi náð fyrir augum meiri hl., þá yrði að gera eitthvað í átt við það frv., sem hér liggur fyrir. Færi hins vegar svo, að þau frv. kæmu ekki frá n., þá er rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. benti hér áðan á, að þá þarf að breyta þessu frv., og vildi ég þá fá tækifæri til þess. Ég vildi leyfa mér að bera þá ósk fram við hæstv. forseta, að þessari umr. yrði nú frestað nokkuð, þannig að við fengjum vitneskju um það, hvort hv. allshn. muni afgreiða hin málin.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. kom inn á, hvort húsaleigufrv., sem eru tvö hjá n., yrðu afgr. frá henni, vil ég taka það fram, að n. er búin að afgr. annað þeirra, en ekki þó það, sem hv. 2. þm. Reykv. og flokksmenn hans eru flm. að. Frv. hafa bæði verið rædd ýtarlega í n. og sem sagt annað afgr. frá henni, og koma nál. sjálfsagt næstu daga, en n. klofnaði einnig um afstöðu sína til þess máls.

Ég skal svo ekki bæta miklu við það, sem ég sagði í upphafi um álit okkar á þessu frv., en okkar álit var það, að það væri a. m. k. hæpið, að frv. bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Ég vil út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. taka það fram, að ef þetta frv. og efni þess brýtur í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, þá gerir það það ekki síður, þó að Alþ. hafi áður samþ. frv., sem vafi gæti leikið á, að væru ekki á sama hátt stjórnarskrárbrot eins og þetta frv. Hins vegar finnst mér gæta nokkurs misskilnings hjá hv. 2. þm. Reykv. í hugleiðingum hans almennt um það, hvort hér sé eða geti verið um stjórnarskrárbrot að ræða eða ekki. Á hverjum tíma getur það komið fyrir, að Alþ. geti orðið að setja l., sem gripa inn í efnahag manna og jafnvel eignarrétt manna líka. En það hefur verið litið svo á, að ákvæði stjórnarskrárinnar sjálfrar væru til þess að vernda það, að einstökum borgurum þjóðfélagsins verði ekki mismunað. Það eru mörg dæmi þess, að ákvarðanir Alþ. hafi orðið til að skerða eignarrétt og samningsrétt manna, og þá hefur það gengið yfir alla jafnt og hefur af löggjafarvaldinu verið talin almenn þjóðfélagsleg nauðsyn. Ég held, að dómstólamál hafi gengið um þetta. Þegar aðflutningsbannið var sett á áfengi, þá töldu þeir, sem verzluðu með áfengi, að þeirra atvinna væri lögð í rústir og þeir ættu að fá bætur af hálfu ríkisvaldsins fyrir. En þar sem sú löggjöf tók til þjóðarinnar almennt, varð niðurstaðan sú fyrir dómstólunum, að þeir skyldu ekki fá bætur. Það er augljóst mál, að ef þetta frv. verður að l., þá mundi vera gengið á eignarrétt sumra manna, en það yrði mjög handahófskennt, hverjir það yrðu. Það eru ekki bara lánsstofnanir almennt, sem hafa lánað út á fasteignir, heldur hafa margir einstaklingar lánað bæði vinum sínum og öðrum og fengið veð í fasteign til tryggingar fyrir láninu. Þessir menn ættu svo að sæta því, að einn góðan veðurdag væri búið að gerbreyta þeirri eign, sem þeir ættu í veðskuldabréfum, með því, að lánstíminn væri skyndilega lengdur og vextir lækkaðir verulega. Hér yrði töluverður hópur borgara fyrir því, að löggjafarvaldið breytti með þessu eignum þeirra, en það yrði algerlega handahófskennt, hverjir yrðu fyrir þessu. Og það er lítið samræmi í því, að l. eins og þessi komi niður á einstaklingum, sem lánað hafa fé til að koma upp íbúðum, en það eru þeir, sem eiga að sæta því, að með einu pennastriki á að gerbreyta þeirra lánum og eignum. Þetta sjáum við, ef við t. d. tökum dæmi um tvo menn, sem báðir eru efnamenn og hafa gert mikið að því að lána öðrum fé. Annar þeirra lánar svo og svo mörgum fé til þess að koma upp þökum yfir höfuð sér, og lánin eru tryggð með veði í fasteignum. Hinn hefur svo lánað til svokallaðrar braskstarfsemi, sem er miklu óþarfari á ýmsa lund. Þá sjá menn, hve fjarri öllu lagi er, að sá, sem lánað hefur til byggingarstarfsemi, verði að sæta því, að svo og svo mikil verðrýrnun er gerð á eignum hans af hálfu löggjafarvaldsins, en aftur á móti ekki á eignum hins. Þetta held ég hljóti að liggja til grundvallar, þegar það er metið, hvort l. brjóti í bága við stjórnarskrána og eignarrétt manna. Fyrir utan það, að þetta er skoðun okkar í meiri hl. allshn., eins og ég hef lýst að nokkru leyti, þá virðist efni frv. vera mjög vankantað, og kom hv. flm. inn á það í ræðu sinni og viðurkenndi, að í vissum tilfellum þyrfti ef til vill að breyta efni frv., miðað við það, hvernig öðrum frv. reiddi hér af.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv., frsm. n., sagði, að þetta kæmi misjafnt niður, af því að þannig væri t. d. um þá, sem lánað hefðu út sitt fé til húsa, að þeir yrðu illa úti, ef þetta frv. væri samþ., meðan þeir, sem hefðu lánað fé sitt til fyrirtækja, sem mætti telja alls konar óþarfa, yrðu miklu betur úti. Þetta er rétt. En þetta er það, sem verður fyrir almenning, vegna hverra einustu laga, sem svona eru samþykkt. Þegar t. d. húsaleigul. voru samþ. um 1940, þá eru reyndar raunveruleg yfirráð fjölda manna yfir húsum

sínum tekin af þeim. Á sama tíma eru aftur á móti aðrir, sem ekki hafa máske byggt íbúðarhús, en hafa lagt sitt fé til einhverra hluta, stundum þarfra, en stundum óþarfra, sem fengið hafa aðstöðu til þess að halda áfram að ráðstafa sínum eignum og kannske stórgrætt. T. d. hafa bankar lánað einhverjum mönnum fé til þess að kaupa togara og viðkomandi menn stórskulda bönkunum í stríðsbyrjun, en græddu svo á togurunum á stríðstímanum. — Nú gerði ríkið ráðstafanir til þess að svipta þá menn, sem höfðu lagt fé sitt í hinar mjög svo þörfu húsbyggingar, umráðarétti yfir sínum eignum með húsaleigul. Ríkið hins vegar lætur togarana vera áfram á höndum þeirra, sem þá skulduðu mjög mikið í bönkunum, og þar með fengu þeir tækifæri til að græða stórfé, jafnvel fleiri milljónir króna.

Nú er það út af fyrir sig ákaflega þarft verk, að bankarnir skuli hafa lánað til togara, og gott, að þeir hafa verið reknir, og allt slíkt. En það er ríkisvaldið, sem gripur þarna inn í og ræður því, að eigendurnir græða ekki stórfé á sínum húseignum, en togaraeigendur græða hins vegar stórfé á sínum togararekstri. Þetta kemur misjafnt niður á þegnum ríkisins. Og svona hefur það alltaf verið. Og þetta er ekkert sérstakt með þetta lagafrv., sem hér liggur fyrir.

Viðvíkjandi svo þeirri aths., sem meiri hl. hv. allshn. gerir, verð ég að segja, að mér finnst hún út í hött. Hv. meiri hl. allshn. segir: „Meiri hl. n. telur, að almennu samningsfrelsi manna verði ekki með réttu kollvarpað með almennum lögum, svo sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þar sem það bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.“ — Um hvað er 67. gr. stjskr.? Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.“ — Í fyrsta lagi: Meiri hl. allshn. hefur spurt lagadeildina, hvort hún vilji segja sitt álit um það, hvort eignarrétturinn samkv. 67. gr. stjskr. væri brotinn með samþykkt þessa frv. Lagadeildin hefur ekki látið uppi álit sitt um þetta. Meiri hl. allshn. segir, að almennu samningsfrelsi sé kollvarpað með ákvæðum frv., ef samþ. væru. Nú er 67. gr. stjskr. ekki um samningsfrelsi, enda hefur samningsfrelsi manna verið kollvarpað á undanförnum árum. Hins vegar er 67. gr. stjskr. um friðhelgi eignarréttarins. En friðhelgi eignarréttarins hefur hvað eftir annað verið kollvarpað á þessu sviði. Það er gert með húsaleigul., þar sem menn eru ekki látnir geta ráðstafað sínum húsum, af því að það var talin þjóðarnauðsyn að hafa það á þann veg sem gert var. Og það er ekki látið fara eftir þessari gr. stjskr., þar sem stendur: „enda komi fullt verð fyrir.“ Mönnum er ekki bætt það upp, þó að þeir hafi ekki full umráð yfir sínum íbúðarhúsum.

Þetta frv., sem ég flyt hér, miðar til þess að draga úr því misrétti, sem viðkomandi menn verða fyrir af völdum húsaleigulaganna, og miðar því að því að bæta húseigendum að nokkru leyti upp þá skerðingu á friðhelgi eignarréttarins, sem þeir hafa orðið fyrir með l. frá Alþ. hér áður. En það miðar að því að bæta þeim þetta upp á kostnað lánardrottna þeirra, m. ö. o. á kostnað þeirra, sem húseigendur skulda. Það er rétt, að þetta þýðir líka nokkurn ágang á hendur vissra eigenda, sem a. m. k. í mjög mörgum tilfellum eru voldugar og ríkar stofnanir.

Ég held þess vegna, að að svo miklu leyti sem hér kynni að vera brotið í bága við stjskr., þá sé það gert til þess að draga úr harðvítugri brotum á stjskr., sem Alþ. hefur samþ. áður að gera, en ekki fengizt til að laga, — ef um brot á stjskr. er hér að ræða, — og láta byrðar af slíku misrétti koma jafnar niður en verið hefur.

Ég ætla ekki að orðlengja meir um þetta nú. Mér þykir vænt um að heyra, að annað frv., sem ég gat um og allshn. hefur haft til meðferðar, er afgr., og vonast til þess, að áður en langt líður sjáum við, að hitt verði afgr. á einn eða annan hátt, þannig að þessi mál verði tekin fyrir sem heild, sem er ekki vanþörf á.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til þess að fyrirbyggja misskilning, í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði út af því, að í nál. meiri hl. n. teljum við, að almennu samningsfrelsi manna verði kollvarpað með slíkum lögum sem þeim, ef samþ. væri þetta frv., sem brjóta í bága við 67. gr. stjskr., sem er um friðhelgi eignarréttarins, eins og hv. þm. tók fram. — Mér finnst gæta nokkurs misskilnings í þeim orðum, sem hann sagði hér út af þessu. Og ég vildi segja, að það, sem fyrir okkur vakir í þessu, er, að eins og háttað er í þjóðfélaginu nú í dag, þá mundum við, — með því almenna samningsfrelsi, sem er í landinu, — hv. 2. þm. Reykv. og ég geta búið þannig um hnútana, að hann lánaði mér t. d. nokkra tugi þús. kr. gegn veði í fasteign hjá mér, með vissum vöxtum og um vissan tíma. Ef þetta frv. nú yrði að l., yrði kannske daginn eftir að við gerðum þennan samning, hv. 2. þm. Reykv. og ég, kollvarpað samningsfrelsinu, sem við bundum með samninginn um það, hvernig okkar viðskipti, sem ég nefndi, skyldu vera. Og það er það, sem ég átti við, þegar ég sagði, að þetta frv. bryti í bága við þá gr. stjskr., sem fjallar um friðhelgi eignarréttarins.

Umr. frestað.

Á 85., 98. og 99. fundi í Nd., 18. apríl, 9. og 11. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

24. Eyðing refa og minka.

Á 25. fundi í Nd., 10. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka [85. mál] (þmfrv., A. 172).

Á 28. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál að þessu sinni. Þetta er gamall kunningi, og hafa hér í grg. verið færð fram rök fyrir nauðsyn þess, að málið gangi fram í þeim búningi, sem við leggjum til. Og þar sem það fer til landbn., sem gefst kostur á að kynna sér þau gögn, sem henni berast, sé ég ekki að þessu sinni ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en vil vænta þess, að landbn. afgreiði málið af sinni hálfu skjótlega, svo að það geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 454, 462).

Frsm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Eins og getið er um í nál. landbn., er meginatriði þessa frv., að bannað verði refaeldi og fyllri ákvæði sett um eyðingu villiminka en nú eru í lögum. Þó að n. hafi gefið út sameiginlegt nál., varð ekki samkomulag um það að banna með öllu minkaeldi. N. skiptist í því efni, eins og frá er greint í nál. Hins vegar tókst að ná samkomulagi um að setja fyllri ákvæði um eyðingu villiminka en nú eru. N. leggur að vísu til, að nokkrum atriðum frv. verði breytt, en þær breyt. snerta eingöngu þær reglur, sem settar eru um greiðslu kostnaðar við eyðinguna. Um þetta varð fullt samkomulag í n., og stendur hún því sameiginlega að þessum brtt. Það er þess vegna óþarfi að ræða þá hlið málsins frekar.

Um hitt atriðið, að banna minkaeldi, voru skiptar skoðanir. Við, sem föllumst á ákvæði frv. að þessu leyti, lítum svo á, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því, að lögð verði fullkomin áherzla á eyðingu villiminka, meðan áframhaldandi hætta er á því, að starfið beri ekki árangur, vegna þess að minkar geta sloppið út úr girðingum. Þessi villiminkafans er nú dreifður um allt land, ógnar fugli og fiski og dæmi benda til, að þessum vargi sé stefnt á fleiri verðmæti. Þegar þessi innflutningur hófst, benti Guðmundur Bárðarson náttúrufræðingur á það, og lagði áherzlu á, að varla mundi hægt að einangra svo þessi dýr, að þau slyppu ekki úr vörzlu. Guðmundur sálugi Bárðarson, sá merki náttúrufræðingur, kynnti sér eðli og hætti þessara dýra, þar sem þau voru til annars staðar, og hann hafði þær sagnir í þessum efnum, að hann taldi óhugsandi, að svo yrði um búið, að þau slyppu ekki úr haldi. Þetta kom líka fljótt í ljós, því að það leið ekki langur tími, þar til dýrin fóru að sleppa. Þótt það sé ekki að efa, að í seinni tíð hafi verið reynt að búa betur um, bendir allt til þess og styðst við reynslu annars staðar, að tæplega sé hægt að ganga þannig frá búrunum, að ekki sé möguleiki fyrir dýrin að sleppa. Það hefur líka sýnt sig, að villiminkar, sem veiddir hafa verið, eru ekki eingöngu af fyrsta stofni, heldur eru líka í þeim hópi dýr af öðrum stofnum, er síðar hafa verið fluttir til landsins. Þetta er fullkomin ábending og sannar, að þrátt fyrir endurbætur á girðingunum hefur ekki tekizt til þessa að gera þær svo örugglega úr garði, að dýrin geti ekki sloppið. Á þessu byggist sú skoðun, að ekki verði hamlað á móti tjóni og voða af völdum þessa dýrs, nema með því að taka gersamlega fyrir allt minkaeldi í landinu. Og það virðist ekki miklu fórnað. Stofninn hefur minnkað *ár frá ári og var síðastliðið ár 4000 dýr*, þar af ¼ hluti fullorðin. Þegar líka er tekið tillit til þess, að þessi atvinnugrein gefur litlar tekjur, í sumum tilfellum hafa búin verið rekin með tjóni, virðist það léttvæg mótbára, að fjárhagslegt tjón muni leiða af banninu. Hitt er ábyrgðarhluti, að spyrna á móti því, að gengið sé með gunnreifum hætti að því að afstýra þessum voða. Villiminkur er nú dreifður um allar byggðir landsins, nema ef einhver héruð á Austfjörðum eru laus við þennan faraldur. En þess verður ekki langt að bíða, að hann komi einnig þangað, ef ekki verður tekið fastar á þessum málum en verið hefur gert undanfarið. Við flm. og meiri hl. landbn. væntum þess, að hv. Alþ. taki rögg á sig og samþ. að banna minkaeldi með öllu, eins og lagt er til í frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, þó að segja mætti margt og mikið um þann háska, sem af þessu dýri stafar. Málið hefur oft verið rætt á Alþ. og í blöðunum, og ekki er langt síðan náttúrufræðingar okkar hafa ritað um það og lagt þunga á, að gengið yrði hér röggsamlega til verks. En það er þeirra skoðun, að þá verði að taka fyrir allt minkaeldi í landinu, og er hún í samræmi við orð Guðmundar Bárðarsonar, er fyrst var stofnað til minkaeldis í landinu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. er ekki nýtt hér í d. Það var borið fram á síðasta þingi og þá breytt í þá átt, að í stað þess að banna minkaeldi voru samþ. lög, sem hertu á útrýmingu villiminka. Það er kunnugt, að villiminkur er nú kominn allt frá Markarfljóti vestur í Dali og hefur valdið miklum búsifjum og eyðileggingu. Það er því ekki að ófyrirsynju, að Alþ. hefur gert tilraun til að útrýma villiminkum.

Norðmenn eiga við erfiðleika að stríða í þessu efni. Villiminkar hafa gert miklar búsifjar þar. Samt sem áður hafa þeir ekki farið út á þá braut að banna eldi minka, enda er minkaeldi og loðdýrarækt yfirleitt snar þáttur

í útflutningsframleiðslu þeirra. Norðmenn fá fleiri tugi milljóna í erlendum gjaldeyri fyrir grávöru eða loðdýraskinn, sem þeir framleiða. Hér gegnir öðru máli. Við byrjuðum á að rækta silfurrefi, en sú ræktun hefur mistekizt algerlega og hefur gengið saman með ári hverju og er nú að verða að engu. Við fáum nú mjög lítinn erlendan gjaldeyri fyrir útflutt minkaskinn. Ég skal engan dóm á það leggja, hverju það er að kenna, að við höfum ekki komizt upp á lag með það, eins og t. d. Norðmenn, að afla okkur gjaldeyris með þessum hætti, enda þótt við virðumst í fljótu bragði hafa svipaða aðstöðu til þess og þeir. En staðreyndirnar tala. Sá gjaldeyrir, sem við fáum fyrir útflutning minkaskinna, er hverfandi, eins og fyrir skinn af öðrum loðdýrum, og sú framleiðslugrein er stöðugt að ganga saman, og er þó hvað auðveldast að annast eldi hans.

Ég hef verið þeirrar skoðunar, að síðan minkabúrin voru treyst frá fyrstu gerð, þá hafi dýrin ekki brotizt út úr þeim eins og þau, sem villiminkastofninn er frá kominn. Hins vegar benda nú miklar líkur til þess, að jafnvel enn, þrátt fyrir aðvaranir og loforð um að treysta búrin sem bezt, þá sleppi dýrin út eða hafi gert á hinum síðari árum. Og þegar það fer saman, að við höfum lítið gott af minkaeldinu og áhætta er enn af því að geyma þá í búrunum, ef stefna á að gereyðingu þeirra, þá tel ég rétt að banna með öllu minkaeldið.

Ég tel það leiðinlegt, að við skulum vera svo miklir eftirbátar Norðmanna, að geta ekki gert þennan atvinnuveg arðbæran og gert búrin trygg, eins og þeim hefur þó tekizt hin síðari ár. En það hefur ekki tekizt að hafa teljandi arð, og af þeim sökum er hitt skiljanlegt, að menn vilji ekki kosta svo miklu til sem þörf er á til þess að gera búrin algerlega trygg. Og úr því þau eru ekki 100% trygg og við erum annars sammála um nauðsyn þess að útrýma villiminknum úr landinu, þá hefur skapazt hér sú aðstaða, að minkaeldið verður að banna. Ég vil taka það fram, að ég harma það, að okkur hefur ekki tekizt að gera þennan atvinnuveg arðbæran, eins og gert hefur verið í Noregi, og ekki gengið svo samvizkusamlega til verks, að 100% trygging fengist fyrir því, að búrin væru örugg. En úr því svo er, að þetta er ekki fyrir hendi, þá hlýt ég að greiða atkv. með frv. á þskj. 172.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða mikið um þetta mál, og mun ég því ekki fara um það mörgum orðum, en aðeins gera stutta grein fyrir afstöðu minni hl.

Það er ekkert nýmæli, sem hér er flutt. Ég held þetta hafi legið fyrir á öllum þingum síðan 1942, eða a. m. k. flestum, og hafa löngum staðið um það miklar og harðar umræður. Ég býst ekki við, að neinn hafi löngun til að vekja þær upp enn að nýju, a. m. k. mun ég ekki taka hér upp langt orðaskak. Menn munu greiða atkv. um frv. þetta alveg eins, hvort sem ræður verða lengri eða skemmri.

Hv. flm. þessa frv. hafa frá öndverðu lagt alla áherzlu á að drepa þau dýr, sem í búrum eru í öruggri gæzlu, og það sem skjótast. Við, sem höfum verið því andvígir, höfum bent á, að hyggilegra væri að snúa sér af meiri krafti að útrýmingu villiminkanna. Hefur sú barátta okkar orðið til þess, að sett hafa verið harðari ákvæði um útrýmingu villiminkanna. Þegar hv. flm. bera nú fram till. um þá útrýmingu, teljum við okkur skylt að fylgja þeim. Um það er ekki ágreiningur. Hann er aftur á móti um hitt, hvort að svo stöddu sé rétt að fyrirskipa að lóga öllum alidýrunum.

Hingað til hefur ekkert það komið fram, sem sannar, að þau mistök, sem áttu sér stað í fyrstu, þegar engin lög eða reglugerðir voru til um gerð búranna eða annað varðandi þessa atvinnugrein, hafi komið fyrir aftur; a. m. k. er mér ekki kunnugt um, að þau óhöpp hafi endurtekið sig, svo að ríkari sannanir liggi fyrir en ágizkanir einar og dylgjur. Enda vitanlegt, að svo mikið slapp úr búrum á fyrstu árunum af þessum dýrum, að það var ærið nóg til þess að skapa villiminkastofninn. Við sjáum þess vegna ekki ástæðu til að svo stöddu að leggja til, að sá alidýrastofn, sem til er í landinu, verði drepinn niður. Þó í smáum stíl sé, er hér um dálítinn gjaldeyri að ræða, sem nú eftir gengisbreytinguna hefur enn meiri þýðingu en áður var, og ég er ekki heldur trúaður á, að ræktunarmöguleikar þessa stofns séu úr sögunni. Það vita allir, að loðskinnaframleiðsla hefur átt við mikla erfiðleika að stríða undanfarið og dregizt á stríðsárunum stórlega saman í mörgum löndum. Þess vegna er engan veginn hægt að fullyrða neitt um það, nema hér geti orðið um allveruleg verðmæti að ræða.

Hitt er matsatriði, hvaða möguleikar séu á því að útrýma villiminkunum og hve mikið þeir séu auknir með því að lóga þessum fáu alidýrum. Fyrir mitt leyti verð ég að segja það, að ég hef enga trú á því, að sú útrýming takist — ekki fremur en við höfum gengið með sigur af hólmi í 1000 ár í baráttu okkar við fjallarefinn. Þar voru þó engir refir í búrum til að halda stofninum við; hann var bara fyrir í landinu, óræktaður; og þó þar væri um dýr að ræða, sem að ýmsu leyti var miklu auðveldara um útrýmingu á, þá hefur hún aldrei tekizt og dýrunum jafnvel fjölgað mjög ört á seinni árum. Ég verð að segja, að mér hafa fundizt skoðanir margra um þetta efni nálgast ofsatrú, og mér er næst að halda, að þeir trúi því ekki sjálfir, sem þeir halda þar fram.

Minni hl. n. sér því ekki ástæðu til þess að svo stöddu, að 1. málsl. gildi, og leggjum við til, að hann falli niður, ásamt a-lið, og komi í staðinn sú orðun, sem við leggjum til í brtt. okkar á þskj. 462.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður um það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 172, en ég get tekið undir það með hv. frsm. minni hl., 2. þm. Skagf., er hann sagði í ræðu sinni, að bann við minkaeldi, þótt að lögum yrði, mundi lítið færa okkur nær því marki að útrýma villiminkunum. Það, sem drepið hefur verið á undanförnum árum af villiminkum, hefur eingöngu verið af

eldri stofninum, sem er ljósbrúnn. Nú hafa hin fáu minkabú, sem enn eru til, eignazt mjög góðan og dýran stofn frá Kanada, og eru dýrin af þeim stofni dökk að lit. Ekki einn einasti dökkur villiminkur hefur verið drepinn undanfarin ár svo ég viti til, heldur eingöngu ljósbrún dýr, og er það sönnun þess, að engin brögð eru nú að því, að dýrin sleppi úr búrum.

Ég held, að það sé m. a. af þessum sökum ekki áhorfsmál, að þetta frv. eigi að fá svipaða afgreiðslu nú og á undanförnum þingum, og beri að fella það. Þeim, sem enn hafa sýnt þann dugnað að halda alistofninum við og hafa trú á, að það geti svarað kostnaði, þótt treglega hafi gengið um skeið með þennan atvinnuveg, — þeir eiga það ekki skilið af löggjafans hálfu, að tekin sé sú ákvörðun að láta þá, eftir margra ára stríð og hallarekstur, missa þann góða stofn, er þeir hafa nú eignazt, auk þess sem sú ráðstöfun mun kosta ríkissjóð allmikið fé í erlendum gjaldeyri.

Ég er því mótfallinn því, að sú grein frv., er um þetta fjallar, nái samþykki.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil nú láta í ljós þakklæti mitt við hv. meiri hl. landbn. fyrir afgreiðslu hans á þessu frv., því að enda þótt hv. nm. hafi ekki fallizt á öll ákvæði frv., þá hefur meiri hl. fallizt á meginatriði þess og það, sem mestu máli skiptir, um verkanir þess í framtíðinni, ef verða mætti, að létt verði af þessari plágu, sem nú hefur breiðzt um allmikinn hluta landsins og líkur eru til, að breiðist um land allt, ef ekki verður unnið rækilega að útrýmingu þessara skaðræðisdýra.

Ég sé að vísu, að n. vill draga nokkuð úr kostnaði ríkissjóðs af útrýmingunni og færa lítið eitt niður það gjald, sem þeim mönnum er greitt, er dýrin vinna utan ráðningartíma síns. Þetta er ekki stórvægilegt og getur ekki skipt ýkja miklu máli. Hins vegar er ég sannfærður um það, að þeir menn, sem að útrýmingunni starfa, bera ekki úr býtum nema brot af því, sem svarar fyrirhöfn þeirra. Eigi að síður vil ég ekki gera of mikið úr þessu. Ég þykist ekki vera svo haldinn af því að gefa ekki fullar gætur að getu ríkissjóðs, en hann er nú svo staddur um skeið, að það er lítið, sem dregur hann. Og sú tilfærsla, sem hv. meiri hl. gerir hér, getur aldrei skipt höfuðmáli um tilgang þessa frv. Þeir, sem að útrýmingunni vinna, verða hvort sem er svo mikið í sölurnar að leggja, að þá munar ekki miklu, þótt hlutur þeirra sé með þessu svolítið skertur. Því miður sé ég, að landbn. hefur þó ekki getað haldið hópinn að fullu, og enn eru þar til menn, sem ekki geta fallizt á þá öryggisráðstöfun að banna minkaeldi í landinu. Frá þeirra sjónarmiði hefði þó ekki átt að gera þessa sparnaðartillögu. Þeir vita, að þeir, sem kunna að lifa vegna þessarar plágu framvegis og hafa gert hingað til, búa við nógu rýran hlut, þótt hann sé ekki með þessu skertur. Og mér hefði fundizt frá þeirra sjónarmiði, að þeir hefðu ekki átt að leggja til, að rýrt væri framlag til þeirra, sem mesta fyrirhöfn þola af þessari plágu. En vitaskuld hafa þeir um þetta sínar skoðanir sem um annað, og er ekki um það að sakast. Ég mun nú, eins og ég hef látið í ljós, ekki gera þessi atriði frekar að umtalsefni né gera mjög mikið úr þeim. — Það fer að vísu saman, að þeir, sem verða fyrir mestu tjóni af þessari plágu, fá þarna rýrðan hlut. En vafalítið kemur líka öll þjóðin til með að líða fyrir það, ef þetta verður til þess, að miður gangi um útrýmingu á þeim vágesti, sem villiminkurinn er.

Mér þótti vænt um það, sem hv. 2. þm. Rang. sagði. Honum hefur skilizt, að við verðum að gera okkar ýtrasta til þess að ráða bót á þessu og að svo búið má ekki lengur standa. Því fleiri sem átta sig á þeirri staðreynd, því betra. Hv. 2. þm. Skagf. vék hér nokkrum orðum að þessu. Hann gerir till. um það ásamt hæstv. forsrh. að banna ekki minkaeldi, og taldi hann, að frá því fyrst var um málið rætt, hefði ekkert nýtt komið fram í því. Þetta er ekki að öllu leyti rétt. Eftir því sem tíminn hefur liðið, hefur komið betur og betur í ljós, hvert skaðræði er að þessu dýri og hve útbreiðsla þess fer hraðvaxandi. Fyrst þegar byrjað var að ræða þetta mál, var útbreiðsla þess bundin við suðurlandið, Gullbringu- og Kjósarsýslu og aðeins nokkurn hluta Borgarfjarðar. Nú hefur þessi plága breiðzt út um allt Suður- og Vesturland, og jafnvel austur í Skaftafellssýslur, og ekki er víst, að það líði á löngu, að hún breiðist norður yfir heiðar — Holtavörðuheiði og Tvídægru. Tíminn mun leiða í ljós, hvort Strandamenn og Húnvetningar verði eigi fljótlega dýranna varir. Það er staðhæft, að seinni árin hafi þetta dýr eigi sloppið út úr búrunum, þessi nýja tegund hafi eigi sloppið, þegar menn fóru að ganga betur frá henni í búrunum. Ég held þó, að þetta sé alveg rangt, og hv. meðflm. minn veit deili á því, að þessi seinni tegund hefur veiðzt. Ég er eigi sjálfur fróður um þetta, en eftir upplýsingum frá hv. þm. Snæf. um útbreiðslu tegundarinnar kemur í ljós, að tvö dýr, sem unnin voru heima hjá mér á s. l. sumri, voru af þessum nýja stofni. Eftir litnum og hárafarinu er það þessi dökkbrúna tegund. Hef ég heyrt fleiri tala um þetta, enda gefur auga leið, hversu mikil fjarstæða það er, að þau hafi ekki sloppið út. Bæði Norðmenn og Svíar vissu, hver hætta var á ferðum, ef dýrin slyppu út, þegar þeir fluttu þau inn. Nú horfir til vandræða í þessum löndum, og í Noregi ægir minkurinn hlunnindunum, svo að hann er nú kallaður landplága. Ég hef séð lýsingu á aðförum þessa dýrs í norsku tímariti, og segir þar, að það stefni til landplágu, ef eigi verði rönd við reist og það heppnist ekki að vinna bug á þessu dýri. Þar við bætist, að dýrið hefur þar, sem það hefur verið lengst, eyðilagt fuglalíf, að það hefur lagzt á sauðfé, unglömbin. Ég hef séð hér og þar í opinberum skýrslum, að engar sannanir séu fyrir slíku, en fávíslegt er af mönnum að bíða eftir því, þar sem hægt er að sanna hið gagnstæða. En seilzt er til að hindra það, að endi sé bundinn á eldi þessa dýrs í landinu. Það munu dæmi til þess hér á landi, að minkurinn hafi snert sauðfé. Annars

finnst mér ekki nauðsynlegt að bíða eftir því. Ég ætla, að nóg sé það, sem komið er.

Hv. frsm. minni hl. gat þess, að loðdýraskinnasalan ætti nú erfitt uppdráttar. Við höfum séð það á opinberum skýrslum. En því þá að halda við þeim þættinum, er getur orsakað skemmdir á öðrum hlunnindum landsmanna? Það er hégómi að farga þessum dýrum nú, þegar borið er saman við það, sem þau geta spillt. Mundi t. d. eigi vera verðmæti í laxi? Íslendingar hafa haft tekjur af þeim útflutningi. Hvernig er með dúninn af landinu öllu? Þaðan koma verðmæti. Þessu er öllu stefnt í voða. Mundi eigi fara að skerðast um lax og silung í minni vötnum, þar sem eru hrygningarstaðirnir? Þetta er því enginn hégómi og áreiðanlega miklu meira virði en nokkrir bjórar af loðdýrunum.

Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að hér væri um ofsatrú að ræða hjá okkur flm. Þetta hygg ég, að sé eigi rétt hjá honum: að við höfum staðhæft, að yrði lagt bann við minkaeldi í landinu, þá mundi útrýming dýranna heppnast. Hitt höfum við staðhæft, að til þess að menn vilji vinna að útrýmingu minka, þá sé eitt ráðið, að engin dýr séu í búrunum. Það eru eigi nema fullyrðingar, að minkurinn sleppi ekki út úr þeim, og eftir því, sem komið hefur í ljós um innfluttu tegundirnar, þá er sýnt um seinni tegundina, að hún hefur líka sloppið. Það er því eitt, þótt eigi sé þar bókstafleg sönnun, að draga má ýmsar ályktanir. Skyldum við verða „passasamari" en Norðmenn og Svíar voru á sínum tíma? Hvernig fór það? Þeir ætluðu að gæta þess, að minkurinn slyppi ekki. Hér er um svo þaulsætið og vitiborið dýr að ræða, að það er hægara sagt en gert að hindra, að það sleppi út úr búrunum. Ég get nefnt dæmi. Maður einn í Árnesþingi átti hænsnabú. Hann hafði orðið fyrir heimsókn í húsið. Ætlaði hann nú að koma í veg fyrir það framvegis og gekk vel frá húsinu. M. a. klæddi hann það allt innan með vírneti. Hvergi var smuga, nema auðvitað þar, sem dyrnar voru, en frá þeim gekk hann rammbyggilega. Nú leið svo fullur hálfur mánuður, að ekkert bar til tíðinda. En einn morgun, þegar hann kemur í húsið, þá brá honum heldur en ekki í brún, mikið af hjörðinni dautt. Hann er stórvirkur og notinvirkur, minkurinn, um drápið, þar sem hann kemst til sláturstarfanna. Má hv. þm. Snæf. sanna það. Svo fer hann að rannsaka, hvernig dýrið hafi komizt inn, en finnur enga smugu, fyrr en hann sér í netinu á miðjum vegg í búrinu hleypimöskva, og þetta hefur minkurinn fundið. Þetta er sýnishorn af því, hvað dýrið er aðgætið og slungið að bjarga sér.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að hann sæi eigi ástæðu til að banna minkaeldi að svo stöddu. Það er gott, að þetta fylgdi með. En hvenær skyldi vera kominn tími til að banna minkaeldið? Hvað ætli hann þurfi að vera búinn að spilla miklu áður? Þeir segja, að dýrin séu í búrum. En þær staðhæfingar eru einskisverðar, — og ég undirstrika það. Þetta er búið að sýna sig, og menn eiga ekki að vera að veifa því, sem ekkert gildi hefur.

Hv. þm. Snæf. var úti áðan, þegar ég minntist á tegundirnar, sem eru tvær. En hann lýsti þeim, hvernig þær væru útlits. Þá kemur í ljós, eftir lýsingu hans, að á mínu heimili hafa tvö dýr verið drepin af þessari nýju tegund, dökkbrún á lit. Þetta var ég búinn að heyra. En sjón er sögu ríkari. Ég hef þá séð með eigin augum það dýr, sem aldrei átti að sleppa. Þarf ég því eigi að taka trúanlegt það, sem aðrir hafa sagt um þessi efni. — Hv. þm. Snæf. bætti við, að verið hefði að undanförnu hallarekstur á loðdýraræktinni. Nú virtist mér hann álíta, að hann færi að verða betri. Ég skal ekkert segja um það. Eitt er víst, að það verður hallarekstur að halda þessu dýri við varðandi aðrar nytjar landsmanna — á kostnað þeirra. Mér finnst rétt af okkur að vernda það, sem er víst til vinnings og skiptir máli fyrir þjóðarbúskap vorn, en vera eigi að tefla á tvær hættur, þótt hins vegar sé vonin veik um, að á honum verði ekki hallarekstur.

Ég mun svo eigi fjölyrða frekar um þetta mál.

Menn verða að velja sér þau viðhorf, sem þeir telja, að við eigi. Hv. þm. Snæf. mundi spara ríkissjóði mikið fé í bætur, ef allt minkaeldi í landinu yrði bannað. Ég hef þá von, að segja má trú, að þeir peningar borguðu sig vel, að verja þeim fyrst til upprætingar í búrunum og síðan til þeirra manna, sem vinna að útrýmingu minkanna á eftir. Í héraði mínu verða menn ófúsir til að leggja á sig að eltast við dýr þetta, meðan svo standa sakir, að minkar eru enn þá í búrunum, því að mikla þaulsætni þarf til að uppræta það. Þá er og aldrei hægt að segja, hvort það heppnast eða ekki. En eina vonin til þess er sú, að þeir, sem vinna að eyðingunni, eigi ekki von á því að fá þennan stefnivarg yfir sig þegar að nýju. Skoðun mín er sú, að forða eigi mönnum frá því. Nóg er um skemmdarverkin, þótt það sé gert. Eins og nú er ástatt í landinu, er ég undrandi yfir hv. þm., að þeir skuli mæla þessu bót. Er furðulegt, að sagt skuli vera, um leið og því er lýst yfir, að hér eigi menn ekki hagsmuna að gæta, að halda eigi þessu við. Ég held, að þá væri rétt að taka sér eitthvað þarfara fyrir hendur en það, sem gerir þeim tjón, sem stunda þennan atvinnurekstur, og öðrum margfalt meira. Ríkið hefur orðið að borga tugþúsundir króna á ári við útrýmingu minkanna og kemur til með að gera það, á meðan eigi er aðhafzt.

Ég vænti þess, að hv. d. samþykki frv. okkar hv. þm. Borgf., og til samkomulags mundi ég ekkert segja, þótt brtt. hv. meiri hl. n. væru samþ. Það mundi ég eigi gera að neinu ágreiningsatriði.

Sé ég svo eigi ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég held, að misskilnings gæti í meðferð hv. flm. frv. á þskj. 172. Ég heyrði eigi ræðu hv. þm. Borgf. En greinilega kom fram í ræðu hv. 1. þm. Árn., að hann telur, að um leið og búið sé að lóga öllum eldisminkum í landinu, þá sé plágunni létt af. Það er engu líkara en sá litli stofn, sem hér er, gangi jafnt utan húss sem í búrum og sé því að valda tjóni á fuglalífi landsins, lax-

veiði og silungs o. fl. Þetta er hinn mesti misskilningur. Álít ég, að hér sé byrjað á vitlausum enda málsins. Ég er þeirrar skoðunar, að allt sé gert til að forðast það, að eldisminkarnir sleppi. Er vitað mál, að villiminkar valda nú miklu tjóni úti um sveitirnar. Allir Íslendingar harma það, að villiminkurinn er til hér á landi. En við, sem fáumst við eldi á minkum í girðingum, álítum, að eigi sé unnið á plágunni með því að útrýma eldisminknum. Hv. þm. gat þess, að Svíar og Norðmenn hefðu gert sér vonir um, að minkurinn mundi eigi sleppa. En það hefur ekki heyrzt, að þeim hafi dottið í hug að banna eldi á minkum í girðingum, þó að villiminkurinn sé til í þessum löndum.

Við viljum stuðla að framleiðslunni í landinu og höldum, að gera megi það að atvinnu að hafa eldi á bæði minkum og refum. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Árn., að það lítur dálítið skár út með þetta eftir gengisfallið. Þessi atvinnuvegur hefur verið erfiðleikum bundinn á undanförnum árum. Þó að flest önnur framleiðsla hafi notið stuðnings hins opinbera, þá hefur þessi framleiðsla eigi verið verðbætt, þótt kostnaðurinn við hana vaxi og hún sé rekin með tapi.

Ég held því fram, þótt þessum stofni í girðingunum sé lógað, að þá séum við alveg jafnt fjarri því að hafa útrýmt villiminknum í landinu. Það mun sannast, þó að frv. verði lögfest, að villiminknum verður aldrei útrýmt að fullu. Byggist það á því, að hvergi þekkist, að tekizt hafi að vinna bug á honum, þar sem hann er orðinn útbreiddur. Það er rétt, að þetta er harðgert dýr, og erfitt er að vinna bug á honum, ef hann nær að venja sig við umhverfið. Mun reynast mjög örðugt að útrýma villiminknum hér á landi.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 462 felld með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, JS, SÁ, StgrSt.

nei: EOl, FJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JÁ, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SkG, StJSt, StSt, ÁB, ÁS.

GTh, SG, SB greiddu ekki atkv.

9 þm. (BÓ, EmJ, EystJ, JóhH, JPálm, LJós, ÓTh, ÁkJ, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 454 samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 476, 477).

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Það er vegna brtt. á þskj. 477 um það, að þrátt fyrir það, að minkaeldi sé almennt bannað í landinu, eins og samþ. var hér eftir 2. umr., þá skuli þó heimilt að stunda minkaeldi í Vestmannaeyjum og Grímsey, þar sem engar líkur eru til þess, að minkar geti sloppið til meginlandsins. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta, því að það er mjög ljóst. Ég er sammála þeim mönnum, sem harma útbreiðslu villiminksins, og ef vissa væri fyrir því, að með drápi allra aliminka væri unninn bugur á villiminknum, þá væri ég með þeirri útrýmingu, en ég leyfi mér að halda því fram, að þótt allir aliminkar yrðu drepnir, þá erum við ekki fetinu nær með að útrýma villiminknum, en með því að eyðileggja útflutningsnytjarnar af aliminknum, en sitja jafnframt uppi með villiminkinn, þá höfum við af þessu máli bæði skömm og skaða, sem mest má verða. Skaðann höfum við þegar, en það er skömm að nota sér ekki útflutning minkaskinna, úr því að villiminkurinn er á annað borð orðinn útbreiddur hér, sérstaklega eftir lagfæringuna á gengisskráningunni, því að þá gerbreytist aðstaðan til gjaldeyrisöflunar af framleiðslu minkafelda, svo að þar verður um að ræða mikilvæga atvinnugrein. Til þess nú að áframhaldandi reynsla fáist af minkaeldi án nokkurrar hættu á útbreiðslu, og til þess enn fremur að sjá, hvaða áhrif eyðilegging aliminksings á meginlandinu hefur á útrýmingu villiminksins, þá vil ég gera tilraun til þess, að menn í Vestmannaeyjum og Grímsey fái að stunda minkaeldi, þótt það sé bannað á meginlandinu.

Frsm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Mér virðist kenna nokkurrar þrákelkni hjá hv. þm. Mýr. í þessu máli, bæði hvað það snertir að stangast við staðreyndir og með tilliti til efnis þessarar brtt. hans. Hv. þm. endurtók það, að við værum ekki feti nær í því að heyja stríðið við þetta óargadýr, sem ógnar mörgu kviku, sem bæði er til gagns, fegurðar og nytsemdar í þessu landi, enda þótt bannað væri að ala minka í búrum. Þetta endurtekur hann, enda þótt hv. þm. sé kunnugt, að það veldur vonleysi í baráttunni við villiminkinn, að menn hafa alltaf yfir höfði sér, að þessu sé sáð út frá búrunum, því að það er fengin reynsla fyrir því, að erfitt er eða ómögulegt að tryggja það, að ekki sleppi eitthvað út. Því er það sterkur þáttur í baráttunni við villiminkinn að eiga þessa hættu ekki yfir höfði, og þetta hlýtur hv. þm. að sjá, sem bæði er kunnugur mönnum víða um land og sem formaður Búnaðarfélags Íslands hlýtur að hafa orðið var við þann skaða, sem bændur og raunar aðrir hafa orðið fyrir vegna þessarar plágu. Það er því einkennilegt, að hv. þm. skuli halda fram slíkum fjarstæðum og berja þannig höfðinu við steininn. Hv. d. sýndi við 2. umr., hver afstaða hennar er, og hún er í samræmi við afstöðu alls almennings í landinu. Út af brtt. hv. þm. Mýr. vil ég segja það, að hún er býsna einkennileg. Hann viðurkennir hættuna af minkafaraldrinum úti um landið, en vill svo setja þá, sem lausir

eru við pláguna, í sömu aðstöðu. Þessar eyjar hafa hingað til verið alveg lausar við minkinn og eru einu staðirnir á landinu, þar sem fuglastofninn er ekki í stórhættu vegna þessa villidýrs. Refaeldi er að vísu í Vestmannaeyjum, og minkaeldi var þar um tíma, en stóð mjög stutt, sem sést bezt af því, að þar slapp enginn minkur út, en það hefði varla lengi verið án þess, að eitthvert óhapp af hlytist. Ég hef nú athugað, hvort uppi mundu vera í Vestmannaeyjum ráðagerðir um að hefja minkaeldi á ný, og hygg ég svo ekki vera, svo að ekki mun það vera fyrir óskir Vestmannaeyinga eða Grímseyinga, að till. þessi er fram komin, enda býst ég við, að hún verði litin hornauga þar í eyjunum. Ég vil því mælast til þess við hv. d., að hún haldi áfram þeirri stefnu, sem hún markaði við 2. umr., og taki alveg fyrir minkaeldið, enda munu undanþágur frá því vera heldur í óþökk þeirra, sem fá eiga minkinn skv. brtt. hv. þm. Mýr. Reynslan hefur sýnt, að það er ekki miklu offrað, þótt minkaeldið sé stöðvað, og lýsti hv. þm. Snæf., sem þekkir þennan atvinnurekstur, að búin hefðu verið rekin með halla lengst af, enda hefur minkaeldi mjög dregizt saman undanfarið. En hv. þm. Snæf. ætti að athuga það, að frá mönnum við Breiðafjörð, m. a. í hans kjördæmi, hefur komið neyðarkall um að eyða minknum, þar sem hann ógnar nú öllum varplöndum á Breiðafjarðareyjum og er þegar kominn í a. m. k. 20 eyjar.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, en vil mælast til þess, ekki sízt vegna Grímseyinga og Vestmannaeyinga, að hv. d. felli fram komna brtt.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. Borgf. talaði um þrákelkni mína í þessu máli, en ég hélt nú, að aðstandendur þessa frv. þyrftu ekki að öfunda mig, því að þeir virðast sjálfir eiga nægilegt af þeirri vöru. Í sambandi við brtt. mína vil ég benda á, að minkaeldi hefur verið stundað í Vestmannaeyjum og það með þeim hætti, að ekki hefur nokkur plága af hlotizt. Þeir hafa notað búragerð, sem er talin vera alveg örugg, enda gefið ágæta raun. Höfuðólánið í sambandi við minkaeldið hér á landi er einmitt það, að fyrst þegar dýrin voru flutt til landsins, var búragerðin ófullkomin og auk þess mikið skeytingarleysi við að halda þeim í góðu lagi. Þessi vanhirða leiddi til þess, að dýrin sluppu úr haldi og hefur síðan fjölgað utan búranna. Það má líka benda á, að sá dýrafjöldi, sem nú sleppur úr búrum, er svo lítill í samanburði við þann fjölda, sem gengur laus, að varla mun meira en einn af hverjum þúsund, sem næst, vera sloppinn úr búri, og af því má sjá, hversu nær við erum að útrýma minknum, þó að minkaeldi verði algerlega bannað. En þrátt fyrir þessa staðreynd, þá er ég samþykkur öllum varúðarráðstöfunum í sambandi við þessa plágu, en ég vil þó ekki ganga svo langt, að minkastofn sá, sem við höfum náð inn í landið með miklum kostnaði, verði alveg eyðilagður. Og vegna þess að ég treysti bæði Grímseyingum og Vestmannaeyingum til að gæta dýra sinna, þá legg ég til, að undanþága frá banni við minkaeldi verði gefin fyrir þessa tvo staði. Og ég get ekki séð, að það verði á nokkurn hátt hættulegt fyrir landsfólkið eða verði í veginum fyrir þeirri hreinsun, sem ráðgerð er. — Ég vænti svo, að hv. þm. sýni frjálslyndi í þessu máli og samþ. þessa brtt.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð um þetta frv. og leiðrétta misskilning, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Borgf. Það er alls ekki rétt hjá honum, að mín afstaða í máli þessu sé reist á eiginhagsmunum. Ég rek að vísu allmikla loðdýrarækt, en minkurinn er svo lítill hluti af þeirri rækt, að ég hefði tiltölulega mjög lítil óþægindi af því, að minkaeldi væri bannað. Það eru önnur loðdýr, sem ég hef aðallega lagt rækt við, eins og t. d. refir. En hins vegar veit ég, að þetta bann kæmi ýmsum mjög illa og þá einkum þeim, sem keypt hafa dýra stofna utanlands frá og lagt með því allmikið fé í þetta eldi, og það er fyrst og fremst þeirra vegna, að ég er ekki hlynntur þessu máli, þar sem ég hef ekki heldur nokkra trú á, að bann við minkaeldi hafi nein veruleg áhrif á útrýmingu villiminksins. Það er líka harla einkennilegt að fara nú að banna minkaeldi, þegar búið er að leyfa það öll stríðsárin, þar sem lítið eða ekkert var upp úr því að hafa á þeim tíma, en nú er von til, að það geti orðið álitlegur tekjuliður og það í erlendum gjaldeyri, sem mikill skortur er á í landi voru. Það er líka nýbúið að flytja inn rándýran stofn frá Kanada, sem kostað hefur ærið fé, en gefur líka góða von um betri og verðmeiri skinn. Og hvaða afgreiðslu sem þetta mál kann að fá, þá leyfi ég mér þó að vænta þess, að refaeigendum verði heimilað að varðveita þennan dýrmæta stofn t. d. í Grímsey eða Vestmannaeyjum, eins og till. hefur komið fram um. Það hefur mikið verið rætt um, að villiminkurinn væri á góðum vegi með að drepa allan lax og silung og eyðileggja alla slíka veiði. Í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að við Elliðaárnar mun villiminkurinn hafa verið í 12 til 15 ár, og þó hefur laxveiðin aldrei verið betri en undanfarið. (*Atvmrh.:* Við Þingvallavatn er hann búinn að drepa allt nema mig.) Það má líka benda á, að í Kanada er minkaeldi ekki einungis leyft, heldur er minkurinn friðaður vissan tíma á ári og ekki drepinn nema þegar feldurinn er verðmikill. Eftir atkvgr. við 2. umr. þessa máls, þá virðist minkurinn ekki eiga langt líf fyrir höndum, en ekki undrar mig, þó að þeir vísu menn, sem að þeirri útrýmingu standa, verði fyrir vonbrigðum eftir svo sem 10 ár, ef þeir ætla að nota það sem vopn til útrýmingar villiminknum.

Frsm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Það koma nú alltaf fram nýjar og nýjar upplýsingar í þessu máli, og þær síðustu eru sem sagt þær, að mestöll minkabú hafi verið rekin með tapi til þessa. Þegar við það tap er svo lagt allt það tjón, sem þetta dýr er búið að valda, þá fer að verða ljóst, að lítill búhnykkur er að ala slíkan snák við brjóst sér. Við þekkjum þau spjöll, sem þetta dýr hefur valdið, t. d. þar sem æðarvarp er, og hæstv. atvmrh. tók nú svo djúpt í árinni, að við Þingvallavatn væri

ekki annað eftir en mannskepnan ein, allt annað kvikt hefði minkurinn drepið. Enda þótt þetta sé nú sagt í gamni, þá fylgir öllu gamni nokkur alvara, og svo mun í þessu máli. Ég var dálítið undrandi yfir þessari ræðu þm. Snæf. Hann vitnaði til þess, að minkurinn væri friðaður í Kanada á vissum tímum árs. Kannske hann vilji bara láta banna allt minkadráp hér? Svo endaði hann ræðu sína á því, að líklega ætti minkurinn ekki langt líf fyrir höndum, og harmaði það mjög. Ég veit, að það verður þungt og erfitt að hrista þennan ógurlega faraldur af landinu, en ég er sannfærður um, að Nd. Alþingis stigur heillaspor, þegar hún afgreiðir þetta mál, og það verður ekki harmað í framtíðinni, þó að minkaeldi hafi verið bannað. Þetta frv. er áfangi á þeirri leið að útrýma þessari plágu, og um leið er landið losað við þann taprekstur, sem komið hefur fram í umr., að minkaeldið hefur verið. Það er áreiðanlega slumpareikningur hjá þm. Mýr., þegar hann segir, að ekki nema einn af þúsundi þeirra minka, sem náðst hafa, séu úr búrum, enda er sá reikningur óþarfur, ef okkur heppnast að hrista af okkur ófögnuðinn.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Það kom fram víða í ræðu hv. þm. Borgf., að ég hefði haldið því fram í minni ræðu, að minkaeldið hefði verið rekið með tapi. Þetta sagði ég ekki, enda er ég þeim rekstri ekki nægilega kunnugur, þó að ég hafi rekið refabú. Hitt er augljóst mál, að eftir gengisbreytinguna nú horfa þessi mál öðruvísi við en áður, og má þá orða þá breytingu, sem orðið hefur, að nú sé þessi rekstur miklu arðvænlegri en áður, auk þess sem hinn bætti stofn, sem fluttur hefur verið til landsins, gefur vonir um verulega verðmeiri skinn. Ég vil líka benda á annað atriði þessa máls, en það eru útgjöld ríkissjóðs, ef þetta frv. verður að l. Það er fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður verður að borga mjög háar upphæðir, ef l. banna minkaeldi, og má í því sambandi minna á, að sumir innfluttu refirnir hafa kostað allt að 1000 kr. Þm. Borgf. virðist mjög bjartsýnn á, að villiminknum verði útrýmt, og telur bann við minkaeldi stóran áfanga í þeirri herferð, en mín skoðun er sú, að villiminknum verði alls ekki útrýmt, að minnsta kosti ekki að sinni, eins og hann er nú orðinn útbreiddur hér. Árangur þessa frv., ef að lögum verður, er því einungis sá, að allarðvænlegur atvinnuvegur, sem færir erlendan gjaldeyri í þjóðarbúið, er eyðilagður og auk þess bætt við útgjöld ríkissjóðs, sem þó hafa verið talin nægileg fyrir.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Mér virðist, að það hafi ekki komið greinilega í ljós, hversu mikið verðmæti um er að ræða í sambandi við þau minkaskinn, sem flutt hafa verið út. Þeir, sem mest mæla með að halda minkaeldi áfram, hafa talað um þá þýðingu, sem útflutningur skinnanna hefði fyrir landið, en hafa ekki minnzt á það, hvort þetta væri í rauninni nokkurt tap fyrir hvern einstakling. Hér í fórum mínum hef ég nokkrar tölur um minkainnleggið frá síðustu árum. Á síðasta ári komst verðmæti minkaskinnanna á 2. millj. kr. Næstu 8 ár á undan nemur verðmæti skinnanna 1 millj. kr. á ári. — Nú er að gæta þess, að pelsar muni hækka í verði vegna gengislækkunarinnar, en þó er einnig aðgætandi, að kaupgeta manna minkar. — Þá hlýtur og öll fóðrun dýranna að verða dýrari en áður. Þegar alls þessa er gætt, virðist ekki vera mikil eftirsjá í því, þótt þessum dýrum verði útrýmt. Auk þess verður að taka hér til greina alla þá eyðileggingu, sem villiminkarnir valda. Einmitt vegna þessa verðum við að útrýma öllum minkum, bæði úr búrum og annars staðar. — Margir eru sammála um það, að erfitt muni vera að útbúa búrin þannig, að öruggt megi teljast, að minkarnir sleppi ekki út.

Auðvitað mun þetta valda ríkinu nokkrum útgjöldum, en það verður þó lítilfjörlegt í samanburði við allt það tjón, sem minkarnir valda. Það má taka til dæmis það tjón, sem minkurinn veldur í Breiðafjarðareyjum. Þar fer nú varp mjög þverrandi, og það er ekki búið að sjá fyrir endann á öllum þeim skaða. Og þetta verður þó að telja engu síður mikilvæg verðmæti en útflutning minkaskinna. Allir eru nú sammála um það, að útrýma þurfi villiminki. En hér er deilt um það, hvort banna eigi allt minkaeldi í landinu eða ekki. Nú er það vitað mál, að ákaflega torvelt er að sjá svo um, að aliminkar sleppi ekki úr búrum, og þegar þess er svo gætt á hinn bóginn, hversu veigalítil atvinnugrein þetta er, þá ætti hv. þingdeild að vera það fullljóst, að hér verður að útrýma öllum minkum í landinu og því ekki þörf að fjölyrða um það.

ATKVGR.
Brtt. 477 felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, SÁ, SG, ÁÁ, ÁS, BÁ, GTh, HÁ, JPálm, SB.
nei: JR, JörB, KS, PÞ, PO, ÁB, FJ, GÞG, HelgJ, IngJ.
ÁkJ, GG, JóhH, JG greiddu ekki atkv.
11 þm. (JÁ, LJós, ÓTh, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, BÓ, EOI, EmJ, EystJ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 17:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 24. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 476, n. 495, 519).

Forseti (BSt): Ég vil taka það fram, að frsm. meiri hl. landbn. var varamaður hv. 1. þm. N-M., og væri því eðlilegast, að hann tæki við framsögu.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að geta þess, að þar sem sá maður, sem kjörinn hafði verið frsm., var forfallaður, hv. 1. þm. N-M., en hann er nú aftur kominn til þings, þá er hann manna bezt til sálar og líkama til þess fallinn að verða frsm.

Forseti (BSt): Ég vil spyrja hv. form. n., hvort hann óski eftir því, að málið verði tekið út af dagskrá eða hver eigi að gera grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar?

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef enga ástæðu til að gera grein fyrir nál., þar eð ég veit ekki, hvað n. hefur gert. Ég vildi spyrja n., hvort hún hefði athugað, hvaða kostnað þetta hefði í för með sér fyrir ríkissjóð, og eins hve útbreiðsla minksins væri mikil, og enn fremur að fá upplýsingar um það, hvaða ráðstafanir hreppsnefndir þær, sem hér eiga hlut að máli, hafi gert til að eyða minknum, og hvort sýslunefndir hafi tekið eyðingarstjóra og hvaða árangur hafi þá orðið af því. Ég vil enn fremur spyrja hv. 2. þm. Árn., hvað n. hafi gert, því að ég var ekki starfandi í n., þegar þetta mál var afgreitt. Ég er yfirleitt á móti n. í þessu máli og mun ekki undirskrifa nál., nema nýjar upplýsingar komi, sem ég ætla, að nú liggi ekki fyrir.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að ræða þetta mál, en hv. form. n. hefur nú gert grein fyrir afstöðu sinni og spyr nú, hvað n. hafi gert. Ég vil ekkert segja um nál., aðeins, hvað vakti fyrir mér, þegar ég skrifaði undir það. Hv. form. spurði, hve minkarnir væru margir. N. hefur ekki athugað það, og veit ég því ekkert um það, enda býst ég við, að erfitt muni vera að telja þá. Um það, hvað hreppsnefndirnar hafi gert, held ég, að muni vera erfitt að kanna. Frv. þetta hefur legið fyrir mörgum þingum og komizt þetta lengst nú vegna hatrammrar baráttu óvildarmanna minksins. Ég held, að öllum sé það ljóst, að verði þetta samþ. og eigi að vera meira en pappírslög, þá verður það mjög dýrt, auk þess sem óvíst er, hvort hægt verður að eyða minknum. En þetta er tilraun til að útrýma þessari skaðræðisskepnu, sem útrýmir fuglum og verður á annan hátt að tjóni, og væri því rétt að samþ. þessi l. Þau munu að vísu kosta mikið, en þau eru um leið viðleitni til að þóknast þeim mikla hluta þjóðarinnar, sem er á móti minkum. Það er ekki hægt að segja að óreyndu, hve erfitt verður að eyða minknum, en ég geri ráð fyrir, að það muni kosta mikið. Það eru tiltölulega margir, sem vilja eyða minknum, og það, sem veldur því, að ég skrifaði undir nál., var það, að ég mat meira vilja fólksins en hag fárra minkabúa.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég verð að játa, að ég hef ekki fylgzt vel með meðferð málsins. En í frv. stendur: „Frá 1. janúar 1951 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma. Ríkissjóður greiðir eigendum minkabúa bætur fyrir tjón, er af banni þessu leiðir, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna." Ég vil spyrja n., sem hefur haft með þetta mál að gera, hve mikið hún telji, að þetta muni kosta, hve margir aliminkar muni vera í landinu og í því sambandi, hve háan bótakostnað þurfi að greiða. Mér skilst, að verði þetta samþykkt, þá þurfi að setja þá upphæð, sem þarf til að framfylgja lögunum, á fjárl. En mér skilst, að það sé meira en andvirði minkanna, sem bæta þurfi; það þurfi einnig að bæta mannvirki, því að í frv. stendur: „Ríkissjóður greiðir eigendum minkabúa bætur fyrir tjón, er af banni þessu leiðir, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna." Og ef til vill á einnig að bæta atvinnutjón, um það skal ég ekki segja, en það verður að liggja fyrir, hve mörg dýrin eru og hve mikils virði mannvirki séu, þó að sleppt sé hinu óbeina. Ef ekkert liggur fyrir um þetta, þá verð ég að óska eftir því, að málinu verði frestað, unz n. og ríkisstj. hafa athugað það. Það gefur auga leið, að þetta verður að athuga vel og verður eflaust dýrt, en hv. þm. verða að gera upp við sig, hvað þeir vilja leggja fram til að eyða minknum. Í fyrra voru samþ. hér lög um eyðingu refa og minka, og varð af þeim nokkur kostnaður. Þá var fenginn hingað norskur maður til að kenna eyðingu þessara dýra; var gengið að því með atorku og varð af því nokkur kostnaður. Er sjálfsagt að halda því áfram, en sá kostnaður var þó lítill miðað við þetta, eftir því sem ætla má. Ég hefði óskað að fá upplýsingar um þetta eða að málinu yrði að öðrum kosti frestað, þar til þetta hefði verið athugað.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég var aðeins einn af dátunum í n. og hef kannske ekki allar upplýsingar í málinu, en eftir frásögn manna virtust fullorðnir minkar í landinu vera um 1200—1500 pör. Ég þori þó ekkert að fullyrða um það, því að þetta er aðeins frá einstökum mönnum, en ekki búunum sjálfum. En ef til vill eru þeir færri, þar eð ég hygg, að einstaklingar hafi ef til vill ekki gert minna úr fjölda þeirra heldur en er. Um fjölda villiminka treysti ég mér ekki til að segja, og eru þeir sennilega óteljandi, eins og eyjarnar á Breiðafirði. Um útbreiðsluna get ég ekki sagt fyrir víst. Ég bý á útjaðri svæðis þess, sem talið er, að þeir séu á, en það er erfitt að átta sig á þessu. Þeir komu allt í einu í Laxárdalinn, en var eytt þar og hafa ekki komið aftur. En þeir eru í Haukadal, og víðar eru þeir um sunnanverða Dalina og munu vera komnir norður í land, í Húnavatnssýslu, en ég veit ekki, hvort þeir eru komnir lengra. Þá eru þeir komnir austur í Rangárvallasýslu og dautt kvikindi fannst við Laxá í Þingeyjarsýslu. Þeir breiðast nú út við Breiðafjörð og eru komnir að Klofningi.

Út af fyrirspurn hv. 1. þm. N-M. um það, hvort ráðnir hefðu verið eyðingarmenn, þá get ég ekkert sagt honum um það, en lögin voru

staðfest svo seint, að sýslufundir voru búnir, en ein sýsla bannaði þó minkaeldi og vildi ráða eyðingarmann, sem var nauðsynlegt, því að hreppar eiga sameiginleg lönd og því heppilegra að fá sameiginlegan eyðingarstjóra, en hver oddviti sé ekki að puða fyrir sig. Þess vegna er ekki í mínum till. gengið fram hjá eyðingarstjóra, sem sýslan getur ráðið fyrir alla sýsluna eða parta af henni, og laun hans eru að ⅓ greidd af hrepp og sýslu og ⅔ af ríkinu.

Út af matinu, sem hæstv. fjmrh. var að spyrja eftir, þá get ég ekki sagt honum, hverjir eigi að meta, en líklega ákveður sýslumaður matsmenn, og verður að meta dýrin og mannvirki. Og eins og hæstv. ráðh. sagði, þá getur verið til athugunar, hvort ekki á einnig að meta atvinnutap. Minkaeigendur segja, að þetta sé nú mjög arðsöm atvinnugrein, og eru á móti því, að hún verði bönnuð. Það má búast við, að þetta verði nokkuð dýrt, og hefur hér verið tæpt á 1 millj. kr. Ég veit, að hæstv. form. n., eins duglegur og hann er, mundi láta athuga þetta fljótt. Ég kom með það í brtt. mínum, að eyðingarstjóri hafi eitthvað um þessi mál að segja og að ekki megi ganga fram hjá honum, en síðasta till. er aðeins leiðrétting. Ég mæli sérstaklega með 3 fyrstu till. mínum, en legg ekkert kapp á, hvort málinu verður frestað eða ekki, og um það ræður okkar ágæti forseti.

Forseti (BSt): Áður en ég ákveð, hvort málinu verður frestað skv. ósk hæstv. fjmrh., tekur hv. 4. þm. Reykv. til máls.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Mér finnst tilmæli hæstv. ráðherra eðlileg og sjálfsagt að verða við þeim. Um tölu þeirra alidýra, sem nú eru í landinu, hef ég fengið þær upplýsingar, að kvendýrin muni vera um 12—15 hundruð, og mun þá stofninn allur vera um 2000 dýr. Ekki veit ég, hversu mikið hægt er að meta þessi dýr. Ég er andvígur því að banna minkaeldi, eins og nefndarálit það, sem ég hef undirritað, ber með sér. Ég vil æskja þess, að það verði tekið til rækilegrar athugunar í nefndinni, hvort ekki sé hægt að setja reglur, er mæli svo fyrir um byggingu minkagirðinga, að öruggt sé, að þeir geti ekki sloppið út. Mér þykir það mjög sennilegt, að hægt muni vera að gera þannig girðingar, að þær komi að fullu gagni. Og orðlengi ég þetta ekki frekar að sinni.

Forseti (BSt): Hæstv. fjmrh. hefur óskað þess, að máli þessu verði frestað, og vil ég mælast til, að n. afli sér sem fyllstra upplýsinga um málið. Í öðru lagi er rétt að minnast þess, að sá, sem kosinn var framsögumaður í máli þessu af nefndarinnar hálfu, er ekki lengur á þingi, og því væri æskilegt, að hv. nefnd kysi sér framsögumann. Er umræðum því frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti (BSt): Samkvæmt beiðni formanns landbn. er málið tekið af dagskrá. En nú er mjög skammt eftir af þingtíma, og verður n. þess vegna að reyna að hraða störfum eftir föngum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Má ég upplýsa, að mér skildist, að það hefði verið lagt fyrir n. af ráðherra að afla gagna í málinu, og þau hef ég reynt að nálgast eftir ýmsum leiðum; en mörg eru ófengin. Og þegar málið liggur þannig fyrir, skilst mér, að n. verði að fá frest, unz gögnin eru fengin.

Forseti (BSt): Þetta verður tekið til greina eftir því sem hægt er; hins vegar getur enginn ráðherra sett deildinni stól fyrir dyr um það, hvað hún gerir í þessu efni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104., 105. og 106. fundi í Ed., 11., 13. og 15. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

25. Landskiptalög.

Á 28. fundi í Nd., 12. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á landskiptalögum, nr. 46 27. júní 1941 [90. mál] (þmfrv., A. 197).

Á 29. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð sem framsögu að þessu litla frv., sem lá hér fyrir síðasta Alþ. og fór þá umræðulaust, að ég hygg, gegnum þessa hv. þd., en dagaði uppi í hv. Ed. þá. Hér er kannske í raun og veru um enga breyt. að ræða, og eiginlega ekki breyt. á því, hvernig landskiptal. hafa verið framkvæmd, heldur er hér gert skýrt ákvæði í landskiptal., til þess að taka af öll tvímæli, þegar svo ber að sem getið er hér í 1. gr. og í grg., hvernig farið skuli með þetta. Og þetta er komið frá þeim, sem mest hafa að gera með landskipti, a. m. k. af hálfu Búnaðarfélags Íslands. — Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, að svo stöddu, vil aðeins leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Stofnlánadeild sjávarútvegsins (frv. EOl og ÁkJ).

Á 28. fundi í Nd., 12. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands [92. mál] (þmfrv., A. 199).

Á 30. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er í raun og veru tvennt, sem felst í þessu lagafrv. Í fyrsta lagi sú breyt. á 1. um stofnlánadeildina, að þar er lagt til, að 6. gr. laganna falli niður. Hún er á þá leið, að stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands skuli jafnóðum og hún fær frá skuldunautum sínum afborganir lána, sem hún hefur veitt, greiða seðlabankanum þær afborganir, eða jafnháa upphæð. Stofnlánadeildin var miðuð við, að hún megi nota 100 millj. kr. til sinnar útlánastarfsemi. Það var upphaflega meiningin, að þetta ættu að vera 100 milljónir og haldast það, til þess með því að geta tryggt sjávarútveginum lánamöguleika. Ef 6. gr. verður haldið í l., verður þetta í framkvæmdinni þannig, að jafnóðum og þeir, sem fengið hafa lán fyrir togurum, greiða afborganir, þá fara þessar afborganir úr stofnlánadeildinni til seðlabankans. Þannig mundi hún, ef svona væri haldið áfram, minnka niður í ekki neitt, upphæðin, sem lánuð er út úr stofnlánadeildinni, og verða aðeins þessar eitt hundrað millj. kr., sem lánað væri út úr stofnlánadeildinni einu sinni, og svo aldrei lánað út úr henni meir. Stofnlánadeildin eyddist þá þannig upp. En slíkt var ekki tilgangurinn upprunalega, þegar stofnlánadeildin var stofnuð. Og það er hægt að tryggja það, að í stofnlánadeildinni haldist þessar 100 millj. kr., ef 6. gr. l. er felld burt. Þá mundi löggjöfin aðeins takmarka, að það væri ekki yfir 100 millj. kr., sem hún hefði til umráða til útlána, því að þegar afborganir koma inn í stofnlánadeildina, væri hægt, með því móti að fella niður þessa gr., að tryggja, að stofnlánad. gæti lánað þetta fé út aftur með 2½% vöxtum. Nú er stofnlánadeildin komin með rekstrarfé niður í 83 millj. kr. Það er m. ö. o. búið að borga 17 millj. kr. inn í hana sem afborganir af lánum, sem hún hefur veitt. Þessar 17 millj. kr. hafa svo jafnóðum verið teknar úr stofnlánadeildinni og verið greiddar til seðlabankans. Ef þetta frv. yrði að l., mundi seðlabankinn vera skyldaður til að láta stofnlánadeildina fá rekstrarfé, þó ekki yfir 100 millj. kr., og þá verða að greiða þessar 17 millj. kr. aftur til stofnlánad. Og henni er bráð þörf á að fá, þótt ekki sé nema þessar 17 millj. kr., til umráða. Þær mundu nægja til þess að lána til þessara 7 togara, sem eftir voru með að fá stofnlán.

Munurinn, sem þarna yrði um að ræða, með því að seðlabankinn endurgreiddi stofnlánad. þessar 17 millj. kr., er í raun og veru aðeins reikningslegur. Ef ríkið t. d. tekur lán upp á 17 millj. kr. hjá Landsbankanum og borgar 6½—7% í vexti, þ. e. lán, sem lánað er út til togaraeigenda, Reykjavíkurbæjar o. fl., þá verður þarna mikill vaxtamunur. Nú er það sparisjóðsdeildin, sem lánar þetta og reiknar sér þetta háa vexti. En eftir frv. þessu mundi stofnlánadeildin lána þetta, og það yrði með ofurlitið minni vaxtagreiðslum. Mér finnst óeðlilegt, að sparisjóðsdeildin, ein grein Landsbankans, sé að skatta ríkið með sérstökum hætti, með því að taka svona háa vexti. Það er skattur, sem Landsbankinn leggur á ríkissjóð, með því að Landsbankinn láti ríkið borga 6½—7% í vexti, þar sem vextirnir ættu að vera 2½%. — Það að fella þessa 6. gr. l. niður mundi því bæta hag ríkissjóðs, án þess þó að Landsbankanum væri það tilfinnanlegt.

Þá er í 1. gr. hitt atriðið í þessu frv., sem mælir fyrir um vexti þá, sem stofnlánadeildin skuli greiða til seðlabankans, sem séu 1%. Þegar frv. til l. um stofnlánadeildina var fyrst lagt fyrir Alþ., þá var gengið út frá því, að seðlabankinn lánaði stofnlánadeildinni, sem upprunalega átti að vera í fiskveiðasjóði, fé með 1% vöxtum. Það þýddi, að stofnlánadeildin mundi hafa fengið aðstöðu til þess að græða 1½% á þessum lánum, með því að lána út með 2½% vöxtum. Þetta hefði náttúrlega ekki verið stórgróði, en nóg til þess, að stofnlánadeildin gæti staðið undir sér og aflað sér ofur lítils varasjóðs til þess að standa undir töpum, og e. t. v. eignazt rekstrarfé. — Og nú er þessi deild hugsuð sem deild í Landsbanka Ís-

lands, sem ætti því ekki að hugsa verr um en aðrar deildir bankans. En þá kemur til athugunar sú aðferð, sem landsbankastjórnin beitir við útreikning vaxtanna fyrir þessa deild, þar sem landsbankastjórnin hefur ákveðið, að stofnlánadeildin skuli greiða seðlabankanum 2,4% í vexti. Og sú álagning, sem stofnlánadeildin getur því lagt á útlánin, er 0,1%. — Af hverju er landsbankastjórnin að reikna stofnlánadeildinni svona háa vexti og gefa henni svona litinn möguleika til að tryggja sinn fjárhag að eðlilegum hætti? Það getur ekki verið af öðru en því, að stjórn Landsbankans áliti, að stofnlánadeildinni megi ekki safnast fé. En stofnlánadeildin gæti fengið í tekjur 1½ millj. kr. á ári með því að fá ódýr lán, eins og ég hef minnzt á. En með því að setja vextina 2,4%, sem stofnlánadeildin skuli greiða seðlabankanum, hindrar stjórn Landsbankans, að stofnlánadeildin geti eignazt nokkurt fé sjálf. Þetta er allt önnur pólitík heldur en rekin er gagnvart öðrum deildum bankans. Sparisjóðsdeildin má græða fé, og seðlabankinn má græða sömuleiðis. En stofnlánadeildin má ómögulega eignast einn eyri. Þetta er öfugsnúningur móts við það, sem ætti að vera, að stofnlánadeildinni sé gert svona erfitt fyrir, og allt annað en ætlazt var til upphaflega. En þetta mun koma af því, að stjórn bankans hefur aldrei verið hlynnt þessari deild. Sem stofnun er bankinn jafnríkur, hvort sem gróðinn af útlánum gengur til seðlabankans eða stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Þess vegna er óþarfi að fara með stofnlánadeildina eins og eitthvert stjúpbarn, hvað þetta snertir. Þarna þarf því að koma breyt. á. Stofnlánadeildin hefur mikið hlutverk að vinna. Hún þarf að geta lánað út fé til sjávarútvegsins, því að sjávarútvegurinn þarf mjög á því að halda.

Nýlega vorum við að ræða um þarfir báta-útvegsins í þessu sambandi. Bátaútvegurinn þarf á að halda miklu fé, sem hann hefur ekki getað fengið, en hann hefði getað fengið hjá stofnlánadeildinni, ef landsbankastjórnin hefði reiknað henni 1% í vexti. Þá hefði stofnlánadeildin grætt 1½ millj. kr. á ári, og á 4 árum 6 millj. kr. Hún hefði þá getað veitt lán, sem t. d. þurfti að veita til báta, sem nýlega hafa orðið að taka mjög dýr lán. Þess vegna væri ekki nema eðlilegt, að þetta væri ákveðið, sem í frv. er lagt til, og í samræmi við upphaflega tilganginn, sem var með því að stofna stofnlánadeildina, að stofnlánadeildinni væru reiknaðir 1% vextir af lánsfé, sem hún fengi frá seðlabankanum. Og ríkissjóður er í sérstakri ábyrgð fyrir stofnlánadeildinni og hennar rekstri, þannig að ef tap verður á rekstri stofnlánadeildarinnar, þá á ríkissjóður að borga seðlabankanum það í peningum. Það er því ekki ástæða til þess, að ríkissjóður geri leik að því að stofna sér í meiri skuldir við Landsbankann heldur en orðið er, með því að ákveðið sé, að seðlabankinn taki ekki nema 1% í vexti af því fé, sem hann lánar stofnlánadeildinni. Þess vegna er það, að þegar talað er um ríkissjóð sem sérstakan aðila gagnvart Landsbankanum, sem ríkið líka á, þá er réttast að hafa þarna venjulega verzlunarhætti á.

Ég þori ekki að segja um, hvaða vexti Landsbankinn reiknar sparisjóðsdeild Landsbankans. En ég veit, að eins naumt er sparisjóðsdeildinni ekki skammtað í því efni eins og stofnlánadeildinni. Sparisjóðsdeild Landsbankans eru sannarlega gefnir nokkrir möguleikar á því að græða nokkuð á því fé, sem hún fær að láni.

Ég held þess vegna, að þetta litla frv. gæti orðið til þess í fyrsta lagi að stöðva það, að stofnlánadeildin sé látin minnka þannig, að aldrei verði meira út úr henni lánað en fé það, sem hún fékk, þegar hún tók til starfa, en tryggja, að hún yrði þær 100 millj. kr., sem hún var í upphafi, til þess svo, sem er annað atriði frv., að hún geti lánað út til sjávarútvegsins með 2½% vöxtum, sem hún gæti, ef hún fengi rekstrarfé með 1% vöxtum. Nú virðist alveg sérstök þörf fyrir þetta lánsfé. Og ég vil þess vegna vona, að hv. þd. taki þessu frv. vel og athugi það gaumgæfilega.

Upprunalega mun frv. til l. um stofnlánadeildina hafa verið í sjútvn. Ég held, að það sé rétt munað hjá mér. Og mér finnst rétt, að þetta frv. fari þangað líka nú. Og ég vonast til þess, að hv. sjútvn. athugi málið mjög gaumgæfilega og taki vinsamlega á því.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal ekki deila neitt við hv. 2. þm. Reykv. um stofnlánadeildina yfirleitt eða í sambandi við þær ráðstafanir, sem gerðar voru á sínum tíma í sambandi við stofnlánadeildina. Hinu verður ekki neitað, að það hefur verið talin mjög óvenjuleg aðferð, sem viðhöfð var við stofnun deildarinnar. En ég skal ekki fara frekar út í þá sálma að þessu sinni. Þetta er mál, sem um garð er gengið, og verður engin breyt. á því gerð að sinni héðan af.

Ég vil í sambandi við mál þetta, sem nú verður vafalaust vísað til n., vekja athygli þeirrar hv. n. á því, að þetta mál er í athugun hjá fjmrn. Það er af sumum talinn vafi á því, hvort lagabreyt. er þörf til þess að ná því takmarki, sem stefnt er að með þessu frv., að fé, sem greitt hefur verið af höfuðstól stofnlánadeildarinnar, renni til hennar aftur. En þetta er í athugun og mun koma frá ráðuneytinu innan skamms.

Ég vildi gjarna í þessu sambandi láta í ljós þá skoðun, að það er mjög óeðlilegt, eins og hér hefur tíðkazt, að ríkið verði að greiða bankastofnunum hér sömu vexti eins og almenn verzlunar- eða atvinnufyrirtæki. Þetta tíðkast hvergi annars staðar í heiminum, svo að ég viti. Og það að skulda ríkið fyrir 7% vöxtum af yfirdráttarlánum á heldur, að því er ég veit bezt, ekki neins staðar hliðstæðu annars staðar. Þetta þarf því að breytast. En það verður því aðeins hægt að breyta slíku, að lánstraust ríkisins sé ekki látið standa öllum til boða, eins og hefur óneitanlega verið stefna Alþ. undanfarin ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

27. Fjárhagsráð (frv. EOl og ÁS).

Á 40. fundi í Nd., 3. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit [105. mál] (þmfrv., A. 282).

Á 41. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég þarf nú ekki að halda neina framsöguræðu fyrir þessu máli, svo kunnugt sem það er hér á Alþingi. Þetta frv. er nákvæmlega samhljóða því, sem flutt var á síðasta þingi af hv. þm. V-Húnv. og fleiri framsóknarmönnum í deildinni; náði það þá samþykki hennar og var sent til efri deildar, en fellt þar með eins atkvæðis mun. Sósialistar buðu Framsókn í haust að fylgja því á ný, ef fram kæmi, en ekki varð af samkomulagi um það. Hins vegar var borið fram annað frv., sem nú er til meðferðar í nefnd, en við sósialistar getum ekki verið samþykkir. Þykir mér líklegt, að það komi bráðum í ljós, hver verða afdrif þess máls; en í öllu falli vildi ég, að þetta mál lægi fyrir, hvernig sem um hitt fer.
Á þessu stigi málsins þarf ég ekki að færa rök fyrir þessu frv., það er þegar svo kunnugt, þar sem það hefur legið fyrir á tveimur þingum í nákvæmlega sama formi. Þætti mér vænt um, að fjhn., sem hefur haft til athugunar fleiri slík frv., yrði einnig látin fjalla um þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 735, var útbýtt 13. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

28. Veiting prestakalla.

Á 24. fundi í Sþ., 8. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um veitingu prestakalla [113. mál] (þmfrv., A. 310).

Á 46. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ýmis háttur hefur verið á hafður um veitingu prestakalla hér á landi. Í kaþólskum sið veittu biskupar prestsembætti, en þegar siðabótin komst á, skyldu sóknarbændur sjálfir kjósa presta. Þetta var þó aldrei framkvæmt, heldur veittu biskupar brauðin, og síðar amtmenn, en jafnframt tók konungur sér vald til þess að veita brauð. Fyrir miðja 18. öld áskildi konungur sér vald til að veita hin beztu brauð. Miðlungsbrauð veitti stiftamtmaður eftir till. biskups, en konungur varð að staðfesta veitinguna. Hins vegar þurfti ekki staðfestingu konungs til að veita lélegri brauðin. Um miðja 19. öld, eða 1851, var svo ákveðið, að miðlungsbrauð skyldu veitt af stiftamtmanni og biskupi, en 1865 var því aftur breytt þannig, að stiftsyfirvöldin skyldu veita öll brauð, er konungur veitti ekki sjálfur, og síðar, eða 1884, kom landshöfðingi í stað stiftsyfirvalda. Þessi skipun vakti óánægju. Veitingarvaldið var í höndum erlendra valdhafa. Í gömlu kirkjuordinantiunni frá því siðaskipti komust á var svo fyrir mælt, að sóknarbændur skyldu sjálfir kjósa presta. Þetta vald hafði konungur sölsað undir sig. Baráttan fyrir því að fá að kjósa presta var barátta gegn erlendu valdi, sem sölsað hafði ranglega undir sig rétt, sem sóknarbændum bar samkvæmt fornum lögum. Hér var um að ræða þátt í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Þessari baráttu lauk með sigri 1886. Þá var ákveðið, að landshöfðingi með ráði biskups skyldi velja 3 af umsækjendunum og skyldi síðan kosið um þá. Árið 1907 var svo ákveðið, að kjósa skyldi um alla umsækjendurna, en smávægileg breyting gerð 1915, sem ekki skipti þó verulegu máli, en þau lög eru í gildi enn. Þannig voru átökin um prestaskipunina nátengd átökunum um sjálfstæðismálið. Þegar veitingarvaldið fluttist inn í landið, féll niður meginástæðan fyrir baráttu þeirri fyrir prestskosningum, sem háð hafði verið á 19. öld.
Á engu Norðurlandanna er nú um að ræða hliðstæða skipun á prestskosningum og hjá okkur. Í Danmörku velja söknarnefndir 3 af umsækjendunum og raða þeim. Síðan er leitað umsagnar biskups. Hins vegar er veitingarvaldið hjá ráðh. Í Noregi mun fyrirkomulagið vera eitthvað flóknara, en þó ekki um kosningu að ræða. Hins vegar hefur mér ekki tekizt að afla nákvæmra upplýsinga um, hvaða háttur er hafður á þessum málum í hinum Norðurlöndunum, en hvergi mun þó vera sama fyrirkomulag og hér hjá okkur, heldur víðast þannig, að veitingarvaldið, þ. e. ráðherra, hafi óbundnar hendur.
Okkur flm. finnst margt styðja að því, að afnema beri prestskosningar, og eru meginrökin nokkuð rakin á þskj. 310 í greinargerð með frv. og þar með rökin fyrir því, að afnema beri þá skipun, sem verið hefur á þessum málum síðastliðin 40 ár. Við teljum í fyrsta lagi ofætlun að vænta þess, að þorri atkvæðisbærra safnaðarmanna geti að jafnaði lagt rökstuddan úrskurð á embættishæfni þeirra, sem þeir eiga að dæma um á kjördegi, þar sem umsækjendurnir dveljast aðeins stuttan tíma með söfnuðinum áður en kosning fer fram. Í öðru lagi

má fullyrða, að deilur í sambandi við prestskosningar hafa mjög truflandi áhrif á safnaðarlífið og valda bæði hinum nýkjörna presti og söfnuðinum óþægindum og erfiðleikum. Auk þess mun áróður sá, sem mjög er hætt við, að aldrei verði komizt hjá í kosningum, vera fáum til sóma eða gagns, og þá ef til vill síst kirkjunni sem stofnun. Þá hafa prestar mjög ójafna aðstöðu með núverandi fyrirkomulagi. Prestar, sem eru í embættum, geta ekki átt langdvalir í öðrum sóknum án þess að afrækja störf sín. Kandídatar eiga í þessu efni hægara um vik, en embættismönnum er gert þeim mun erfiðara fyrir sem þeir eru samvizkusamari og eru umfangsmeiri störfum bundnir. Flestir embættismenn eiga kost á að skipta um embætti án verulegra erfiðleika og geta með því hlotið betri og hægari stöður, ef þeir hafa rækt starf sitt vel. Prestar eiga þess ekki kost nema að leggja út í harðvítuga kosningabaráttu, sem oft hefur í för með sér ærin útgjöld og oft og einatt enn meiri leiðindi.

Rökin, sem beitt hefur verið gegn því, að hætta beri prestskosningum, eru einkum þau, að með því væri stigið spor í áttina frá lýðræði, eðlilegt sé að tryggja söfnuðinum fullt vald til þess að velja sér prest, einkum og sér í lagi með tilliti til þess, að ólíkar stefnur séu uppi í trúmálum. Um þetta er það að segja í fyrsta lagi, að kosningar á embættismönnum verða ekki taldar einkenni lýðræðisskipulags, enda yrði að telja lýðræði bágborið hér og í nágrannalöndunum, ef svo væri gert, því að engir embættismenn eru hér kosnir aðrir en prestar, svo sem kunnugt er. Í öðru lagi er það einkenni á öllum lýðræðiskosningum, að þær fara fram með vissu millibili. Lýðræði er ekki tryggt með því að veita kjósendum kost á að kjósa sér umboðsmann, er síðar skuli fara með umboðið til æviloka. Ef um lýðræði á að vera að ræða, þarf að vera hægt að losna við umboðsmanninn, ef hann að einhverju leyti bregzt vonum kjósenda, og velja annan. Ef tryggja ætti lýðræði í safnaðarmálum, ætti að efna til prestskosninga með vissu árabili, t. d. fjórða eða fimmta hvert ár. Þá og því aðeins yrði tryggt, að söfnuðir þyrftu ekki að hafa presta, sem þeir vildu ekki sætta sig við. Núverandi skipun tryggir slíkt engan veginn. Með henni er t. d. ekki tryggt, að trúarskoðanir presta séu í samræmi við skoðanir meiri hluta safnaðar. Það er því á algerum misskilningi byggt, að núverandi skipun tryggi lýðræði á því sviði, sem hér er um að ræða. Það væri ef til vill hægt að tryggja slíkt lýðræði, en eðlilegast frá almennu sjónarmiði og affarasælast fyrir kirkjuna sjálfa og prestastéttina er hins vegar vafalaust að leggja allar kosningar og allan áróður á þessu sviði á hilluna og veita prestsembættin á svipaðan hátt og önnur embætti, en tryggja þó söfnuðum, biskupi og hlutaðeigandi héraðsprófasti tillögurétt og vald til þess að ráða veitingunni, ef þessir aðilar eru á einu máli. — Mér er ekki launung á því, að prestskosning sú, sem nýlega fór fram hér í Reykjavík, og þau leiðindi, sem átt hafa sér stað í því sambandi, hafa hvatt okkur flm. til að bera þetta frv. fram, enda hefur sú kosning staðfest mjög áþreifanlega þá skoðun, að prestskosningar séu óheppilegar og að frá þeirri skipun eigi að hverfa í þjóðkirkjunni.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um skipunina, og er þar gert ráð fyrir, að leitað sé álits biskups, héraðsprófasts og sóknarnefndar. Ef þessir aðilar verða á eitt sáttir, þ. e. biskup, héraðsprófastur og sóknarnefnd, er gert ráð fyrir, að veitingarvaldið sé bundið við þá till., en sé hins vegar ágreiningur milli þessara aðila, hefur veitingarvaldið óbundnar hendur.

Mér þykir rétt að geta þess, að kirkjuráð samþykkti á fundi 12. maí 1947 að mæla með því, að horfið yrði frá prestskosningum, og hefur málið, eins og það nú er flutt, hlotið meðmæli kirkjuráðs.

Að endingu vil ég svo leyfa mér að óska, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni og til menntmn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umræðu, er nú gamalkunnugt hér á Alþingi, því að það hefur tvívegis verið flutt áður. Rökin fyrir því nú eru lík og áður. Að vísu hefur verið minnzt á nýafstaðnar prestskosningar sem rök fyrir málinu, eða þá klofningu, sem orðið hefur í því sambandi, en hitt hefur gleymzt, að þetta frv. nær ekki til frikirkjunnar og bætir þar af leiðandi ekki úr deilum út af prestskosningum í þeim söfnuði. Flm. þessa frv. virðast líka hafa gleymt því, að fyrir fáum árum var prestur við þjóðkirkjuna skipaður af ráðherra og afleiðing þess varð nú sú, að viðkomandi söfnuður klofnaði. Af því má ráða, að það fyrirkomulag, sem með þessu frv. er gert ráð fyrir, leysir ekki alltaf vandann við veitingu prestsembætta í sátt og samlyndi við alla í viðkomandi söfnuði. Ég álít, að kirkjan eigi að vera sjálfstæð stofnun, alveg aðskilin frá ríkinu, og þar af leiðandi eigi ríkisvaldið ekki að skipta sér af, hvernig hún velur sína starfsmenn. Af þessari ástæðu fyrst og fremst er ég á móti þessu frv., en auk þess tel ég, að rök þau, sem flm. bera fram með frv., gefi til kynna, að þeir séu á móti kosningum yfirleitt og þá líka alþingiskosningum. Flest þau rök, sem færð eru móti prestskosningum, gilda jafnt varðandi kosningar til Alþingis. Það er því varla hægt að álykta, að afnema beri rétt safnaðar til að kjósa sér prest á þeim forsendum, að kynni prestsins og kjósandans hafi verið lítil eða engin. Varðandi þau rök, að í söfnuðum skapist oft erfiðleikar út af vali prestsefnis, þá skal ég ekki heimfæra það, hvernig færi, ef pólitískur ráðh. skipaði presta þjóðkirkjunnar. Ég hef ekki trú á því, að slíkt mundi fara betur. Að byggja á slíkum úrskurði yrði allvafasamt, og ég treysti betur úrskurði safnaðar. Það væri að fara úr öskunni í eldinn. Það eru og einkenni þessa frv., sem hér liggur fyrir, að það virðist hugsað frá sjónarmiði embættismannastéttarinnar. Ég býst við, að við því megi búast, að kröfur embættismannanna muni koma áfram, ef afstaða hins pólitíska valds lýsir velþóknun sinni á þessum kröfum. Þetta frv. virðist ekki vera hugsað frá sjónarmiði safnaðarfólksins, heldur embættismannanna. Þetta

verður að hafa í huga, þegar þetta mál er rætt. Við búum við lýðræðisskipulag á Íslandi, en ef réttur safnaðanna yrði skertur til að kjósa sér presta, valdið tekið af kjósendunum, þá erum við að afmá lýðræðið. Þessi rök gilda um kosningar yfirleitt, og býst ég við, að slíkt sjónarmið sé ekki ráðandi. Það væri e. t. v. nær að endurskoða skipunina í hina áttina, að kontrolera og endurskoða þá valdaafstöðu, sem embættismannastétt þessa lands hefur fengið. Vald embættismannastéttarinnar er orðið mjög fast. Hefur oft hlotizt af því skaði fyrir þjóðfélagið í heild, þannig að embættismennirnir hafa staðið í vegi fyrir ýmsum framförum, t. d. á tekniskum sviðum, og hefur ekki verið hægt að koma sérfróðum mönnum í ýmis embætti, sem hefði tryggt, að þeir hefðu getað innleitt þær nýjungar og þá tækni, sem sérmenntun þeirra hefði leitt af sér. Slíkt er varhugavert. Hv. 1. flm. sagði í ræðu sinni, að það væri ekki nein mynd af lýðræði, þegar prestar væru kosnir eftir núgildandi reglum um kjör presta, þar eð kjörinn prestur hefði rétt til þess að sitja í embætti ævilangt, hafi hann einu sinni hlotið kosningu safnaðar og fengið veitingu fyrir prestakalli. Í þessu sambandi vildi hv. þm. halda því fram, að það bæri ekki vott um fullkomið lýðræðisskipulag, þó að embættismenn væru kosnir af fólkinu, en ekki skipaðir af ráðh. Ég er ekki sammála hv. þm. í þessu. Ég held, að það sé eitt af því, sem við þyrftum að athuga hér á Alþingi, að endurskoða afstöðuna til þessara mála og athuga, hvort ekki væri um heppilegra form að ræða en verið hefur. Kosning á embættismönnum hefur t. d. lengi tíðkazt í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Eitt er og víst, að aðhald skapast með því móti. Það er og öllum ljóst, að sókn ýmissa þjóða til lýðræðis hefur fyrst og fremst miðað að því á ýmsum tímum að brjóta niður vald embættismannastéttarinnar. Má hér t. d. minna á baráttu þjóðanna á 19. öldinni til þess að losna úr viðjum einvaldskonunganna og baráttuna við kaþólsku kirkjuna á 17. öldinni. Það er því frekar annað í sambandi við lýðræðisskipulag okkar, sem þörf væri að athuga, frekar en að afnema kosningu presta þjóðkirkjunnar. Þess vegna er það ekki á rökum reist, sem hv. flm. hélt fram. Hér er því um það að ræða, hvort afnema á lýðræðið innan þjóðkirkjunnar og afhenda það pólitísku valdi eða ekki. Hv. þm. segir, að prestar geti setið ævilangt í embætti, hafi þeir náð kosningu, og segir það ekkert lýðræði vera. Hví þá ekki að innleiða það, að prestar séu kosnir til takmarkaðs árafjölda í senn? En hví þá ekki að gera kirkjuna að sjálfstæðri stofnun, gera alla trúarflokka jafnréttháa á Íslandi og veita þeim sama rétt til kosningafyrirkomulags og tíðkast t. d. í verkalýðsfélögunum hér á landi, samvinnufélögunum eða öðrum hliðstæðum stofnunum? Reglan á ekki að vera sú, þó að hægt væri að gera fyrirkomulag lýðræðislegra, að svipta í þess stað í burtu öllu lýðræði. Hitt er líka að athuga, að þótt prestar geti setið ævilangt, þá er reynslan sú, að þeir flytja sig til í önnur embætti.

Hv. þm. lauk máli sínu með því að segja, að réttast væri fyrir kirkjuna annars vegar og prestana hins vegar, að allur áróður í sambandi við veitingu prestakalla yrði lagður á hilluna. Ég er viss um, að frá sjónarmiði safnaðar yrði þetta óvinsælt, og virðist þetta frv. yfirleitt vera hugsað frá hagsmunum þjónandi presta, þannig að þeim væri gert mögulegt að hækka í tigninni smám saman. Ég er ekki viss um, að slíkt fyrirkomulag væri heppilegt. Ungum guðfræðingum yrði gerður með því mikill ógreiði, sem gerði það að verkum, að þeim væri meinað að keppa um góð og stór brauð, en hví ekki að lofa þeim mönnum að fá tækifæri til þess að spreyta sig og starfa fyrir stóra söfnuði, sem oft er mjög erilsamt og erfitt verk, á meðan þeir eru ungir og hafa óskerta lífs- og starfsorku æskumannsins?

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Frv. þetta kom fyrir þingið í fyrra, en var þá svæft. Það getur verið, að það komi til atkvæða nú á þessu þingi, en ég er andvígur frv., því að það er ekki á rökum reist. Mín skoðun er sú, að líklegra væri til hins betra að fara í þá átt að aðskilja ríki og kirkju.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það má alltaf um það deila, hvort það sé meira eða minna lýðræði, hvort prestar eru kosnir af söfnuði eða skipaðir af yfirvaldi. Það er ekki skilyrði fyrir lýðræðisskipulagi, að prestar séu kosnir, og sama gildir um aðra embættismenn. Það getur verið jafngott lýðræði í landi, þó að prestar séu ekki kosnir, en almenn áhrif gæti það haft í för með sér um skipan embætta, ef slíkt frv. næði samþykki og það, sem hér liggur fyrir. Hér er um að ræða takmörkun á valdi, sem fólk yfirleitt lætur sig miklu skipta. Ég held, að það gæti verið varhugavert að takmarka þann rétt, sem safnaðarfólkið nú hefur, nema ef auðsæ rök væru þar til grundvallar lögð. Það má geta þess, að nokkur rök fyrir frv. þessu eru færð fram í dagsljósið í grg. fyrir frv. Mér finnast þau rök heldur viðalítil, og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 2. þm. Reykv., þá væri hnignun frá því, sem er, að samþ. þetta frv. Réttur safnaðanna væri fyrir borð borinn, en hins vegar væri réttur prestanna einna fyrir brjósti borinn. Frv. þetta virðist því meira vera miðað við það en hagsmuni heildarinnar. Það er og eftirtektarvert, að prestar hafa látið sig þetta mál litlu skipta, og gæti þó tilefnið verið minna. Í grg. frv. er þó gefið í skyn, að nokkrir prestar hafi lýst sig fylgjandi frv. Prestastefnan hefur þó ekki mælt með því. Ef prestar teldu málið svo gott sem hv. flm. vilja vera láta, mundu þeir varla láta sér svo fátt um frv. finnast. Hitt er svo aftur annað mál, að hér er ekki ætlazt til, að miðað sé við einkahagsmuni prestastéttarinnar, heldur á hér víðfeðmara sjónarmið að koma til. Mér finnst eðlilegast, að litið sé á þetta frv. frá því sjónarmiði, hvort það komi að gagni til hins betra. Óruggur prófsteinn ætti það að vera, hvort frv. leiddi til þess, að almenningur fengi frekar þann prest eða presta, sem fólkinu væri að geði. Ég held, að það sé erfitt að trúa því, að svo yrði. Ég held,

að mér sé óhætt að segja það, að tveir þeirra presta, sem mestum vinsældum hafa haft að fagna hér í Reykjavík, hefðu hvorugur fengið veitingu fyrir embætti á þeim tíma, sem þeir voru kosnir, hefði verið farið eftir venjulegum reglum um embættaveitingar. Svo að tekið sé eitt dæmi, sem nærtækt er, þá má geta þess, að líklegt er, að hinn vinsæli dómkirkjuprestur séra Bjarni Jónsson hefði ekki fengið skipun sem prestur dómkirkjunnar, ef eldri og reyndari prestar hefðu sótt á móti honum og farið hefði verið eftir venjulegum reglum í embættisveitingu. Nú vita allir, hverra óvenju vinsælda séra Bjarni nýtur. Þetta er ekki heldur eina tilfellið. Það má því segja um marga presta, að engar líkur eru til þess, að þeir hefðu fengið þau brauð, sem þeir þjóna, hefði almenningur ekki haft rétt til þess að ganga að kjörborðinu og velja sér prestinn. Það hefur og sýnt sig, að yfirleitt hefur verr tekizt til í þeim tilfellum, þegar ráðh. hefur vikið frá vilja fólksins og ekki veitt brauðið þeim umsækjanda, sem hlotið hafði flest atkv., en tekið þann manninn, sem honum hefur fundizt sér geðþekkari af einni eða annarri ástæðu. Af þessari reynslu sést það glöggt, að ekki virðist hún vera örvandi til þess að breyta til í þessum efnum. Svo má ekki gleyma hinu, að nú á síðari árum hefur ágreiningi skotið upp á milli presta um trúarmálefni. Menn þurfa ekki annað en lesa málgögn kirkjunnar, en þar kemur þetta mjög skýrt fram. Málsmetandi kennimenn greinir á um höfuðatriði kennisetningarinnar, sem prestar starfa eftir. Ekki tekur betra við, er þessi sjónarmið koma til álits. Ég held, að það yrði erfitt fyrir kirkjumrh. að taka ákvarðanir í þeim efnum og ýta undir einhverja af þeim skoðunum í trúmálum, sem nú eru efst á baugi í deilum kennimanna. Ef ráðh. fengi svo mikið vald sem lagt er til í þessu frv., færi ekki hjá því, að hann yrði oft að taka afstöðu og skera úr því frá þeim sjónarmiðum. Nú er auðsætt, að einmitt í slíkum tilfellum er vandi á ferðum. Ráðh. skal leita álits biskups á umsóknunum og héraðsprófasts, svo og sóknarnefndar eða sóknarnefnda. Ef nú þessum aðilum ber ekki saman, þá er vandinn bundinn við kirkjumrh., sem sker úr. Slíkt verkar á kosningu prestsins, og virðist því ekki annað vera heillavænlegra en að láta safnaðarfólkið sjálft segja til um það, hvaða formælanda það vill aðhyllast. Það verður ekki hjá því komizt að gera sér grein fyrir því, að þessi skoðanaágreiningur á túlkun kennibókstafsins er fyrir hendi og að starf prestanna er svo mjög með öðrum hætti en annarra embættismanna. Einmitt vegna þessa skoðanaágreinings og vegna þess, að störf prestanna eru með allt öðrum hætti en annarra embættismanna og miklu tengdari persónu og hugarfari sóknarbarnanna en starf annarra embættismanna, þá er miklu eðlilegra, að almenningur skeri úr um það sjálfur, hver eigi að vera prestur hans, heldur en stjórnarvöldin hér í Reykjavík hafi um það úrslitavald, auk þess sem fyrirkomulagið er þannig eftir frv., að vel getur viljað til, að einum armi innan kirkjunnar í þessum ágreiningi, sem þarna á sér stað, væri um of ívilnað og gert hægara fyrir um að koma sínum mönnum að en hinum, og horfir það ekki til þess, að líklegt sé, að því samkomulagi verði náð innan kirkjunnar, sem nauðsynlegt er að fáist í þessum efnum, ef vel á að fara.

Það má segja, að ekki heyri það beint til við 1. umr., en ég vil þó láta það uppi, að mér finnst ákvæði 2. gr. frv. ekki vera fullljós. Þar er tekið fram, að það á að leita umsagnar sóknarnefndar eða sóknarnefnda, og síðan segir: „Ef þessir þrír aðilar, biskup, héraðsprófastur og sóknarnefndir, verða á eitt sáttir í áliti sínu um umsækjendur, skal veita embættið samkvæmt því.“ Það er auðvitað ljóst, að ef enginn ágreiningur kemur upp milli neinna af þessum aðilum, þá er hægt að veita embættið samkvæmt því, sem segir í frv. Nú skulum við segja, að sóknarnefndir séu klofnar innbyrðis, en þar fáist meiri hluti, og þá er það venjulega talin lögformleg ákvörðun nefndar, ef meiri hluti hefur fengizt. Og sé litið á þessa aðila sem þrjú sjálfstæð stjórnarvöld, biskup, héraðsprófast og sóknarnefnd, þá má segja, að þar séu allir á eitt sáttir um meðferð málsins, þó að minni hluti sé til innan sóknarn., sem er á allt öðru máli. Hér er um mjög veigamikið atriði varðandi skilning á frv. að ræða, atriði, sem verður að fást skýrar, hvernig skilja beri, ef þetta frv. á að fá framgang á þann veg, sem hv. flm. leggja til. Ég held sem sagt, að það sé vænlegast við meðferð þessa máls að íhuga, hvort líklegt sé, að það leiði til þess, að almenningur fái þá presta, sem honum líkar betur við en nú er. Ég held, að það sé eina markmiðið, sem við eigum að fylgja í þessu máli, en aftur á móti stoði almennar, fræðilegar bollaleggingar harla lítið, og mín afstaða til málsins mótast af því, að ég tel, miðað við þá reynslu, sem fengin er, að það sé sízt líklegra til þess að greiða fyrir því, að menn verði ásáttari með presta sína, að taka áhrifavaldið af mönnum á þann veg, sem hér er ráð fyrir gert. Og ég tel auk þess aðra annmarka, sem ég hef drepið á, vera þessu samfara. Það er einnig á það að líta í þessu sambandi, að menn hafa það auðvitað í hendi sér að mynda sérsöfnuði, ef þeir eru óánægðir með þá presta, sem þeir fá. Nú er það auðvitað svo, að sérsöfnuðir geta verið svo litlir, að það sé óeðlilegt, að þeir séu myndaðir, og auk þess að kirkjan er auðvitað gagnslaus nema hún hvíli á samþykki þeirra, sem í henni eru, og þá verð ég að segja það, að almennt séð verður það ekki á neinn hátt talið til ófarnaðar, þó að sérsöfnuðir séu myndaðir. Víða eru söfnuðir að vísu svo fámennir, að þegar af þeim ástæðum mundi mönnum ekki detta í hug að kljúfa þá, og ekki er hægt að standa undir kirkjulegu starfi nema í þeim söfnuðum, sem ákveðnir eru með l. En á þeim stöðum, þar sem er um stærri söfnuði að ræða, þá get ég ekki séð neitt athugavert við það, hvorki frá lýðræðislegu sjónarmiði né kirkjunnar sjálfrar, þó að þeir, sem af einhverjum ástæðum geta ekki unað við, að tiltekinn maður verði þeirra sáluhirðir, velji sér annan hirði, ef þeir eru menn til þess að standa sjálfir und-

ir kostnaðinum við það. Mér finnst það ekki ófarnaðarmerki, heldur merki um það, að þar sé um lifandi félagsskap að ræða og menn vilji eitthvað á sig leggja til að halda honum uppi. Mér er að vísu ljóst, að hættan — ef menn vilja tala um hættu í því sambandi — hættan við slíkri klofningu safnaðanna er ekki meiri með núgildandi fyrirkomulagi en hún yrði, ef sá háttur er tekinn upp, sem hér er gert ráð fyrir. Hættan á, að söfnuðir klofnuðu, yrði einmitt aukin, ef yfirvöldin ættu að setja þann prest, sem almenningur vildi ekki hafa. Það má segja, að lýðræðisleg hætta felist ekki í þessu frv., vegna þess að fólkið hefur í hendi sér frjálsræði til að mynda nýja söfnuði, en það má ekki heldur telja það stórkostlega ógæfu, ef slíkt kæmi fyrir. Og það er alger misskilningur hjá hv. flm., ef þeir halda, að það hafi ekki fyrr verið óánægja með presta og ágreiningur út af þeim en núgildandi veitingarfyrirkomulag var tekið upp. Það er um þessar mundir hér um bil aldarafmæli þess, að prestur var hrakinn héðan úr Reykjavík, — mesti mætismaður, — vegna þess að safnaðarfólkinu líkaði ekki við hann. Þessi prestur hafði verið skipaður á löglegan hátt, en mönnum þótti hann ekki tóna nógu fallega eða hafa nógu háa rödd, og neyddist hann til að segja af sér og varð svo prestur úti á landi. Þannig hefur þetta verið, að menn hefur greint meira á um presta en aðra embættismenn, og það eru ekki nein líkindi til þess að úr því dragi, þó að valdið til þess að skipa þessa menn verði tekið úr höndum fólksins sjálfs, heldur mun það þvert á móti leiða til aukinna vandræða.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það var meginatriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl), að þjóðkirkjan eigi í raun réttri að vera sjálfstæð stofnun. Ræða hans var fyrst og fremst röksemdafærsla fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, og allt, sem hann sagði, byggðist að verulegu leyti á því, að þjóðkirkjan væri sjálfstæð stofnun, en það er auðvitað misskilningur. Íslenzka kirkjan er ríkiskirkja, þjóðkirkja, samkvæmt stjórnarskránni, og þess vegna má auðvitað ekki rökræða eins og svo væri ekki. Þegar ég skaut þeirri spurningu til hv. 2. þm. Reykv., hvers vegna hann bæri ekki fram frv. um að gera prestskosningar fullkomlega lýðræðislegar með því að kjósa presta með vissu árabili, þá svaraði hann því til, að hann teldi rangt, að íslenzka löggjafarvaldið hefði afskipti af málefnum kirkjunnar, eða rétt eins og ekki væri um ríkiskirkju eða þjóðkirkju að ræða. Hér gilda ákveðin l. um það, hvernig prestsembætti skuli veitt, og það, sem hér er um að ræða, er, hvernig þessi l. skuli vera, hvort þau skuli vera eins og nú er, eða hvort þeim skuli breyta, eins og lagt er til, að gert verði með þessu frv. Þá taldi hv. þm., að rökin, sem færð væru fram fyrir því í grg. frv., að afnema bæri prestskosningar, gætu að sumu leyti, ef ekki að miklu leyti, átt við um almennar stjórnmálakosningar, t. d. kosningar til Alþ. Þau mundu gilda jafnt um þingframboð og um umsóknir um prestsembætti. Hér er um mesta misskilning að ræða, svo mikinn grundvallarmisskilning, að ekki er laust við, að mig furði á því, að jafngreindur maður og hv. 2. þm. Reykv. er skuli bera þessa röksemdafærslu á borð fyrir þingheim. Það er auðvitað, að þingmenn, bæjarfulltrúar og aðrir slíkir aðilar, sem þátt taka í stjórnmálalífinu, bjóða sig fyrst og fremst fram sem fulltrúa ákveðinna flokka og ákveðinna stjórnmálaskoðana. Þeir bjóða sig fram til þess að fara með ákveðið vald í þjóðfélaginu. Þeir eru, eins og nú er háttað málum í hinu íslenzka lýðræðisþjóðfélagi, fyrst og fremst kosnir sem fulltrúar ákveðinna stjórnmálaskoðana, en ekki sem menn. Skipan Alþ. og sveitarstjórna byggist greinilega á þessari reglu, svo sem sjá má m. a. af þeim ákvæðum, sem gilda um skipan hinna landskjörnu þm., sem allir hafa sína varamenn. Meðal annars kemur það mjög oft fyrir í þingflokki hv. 2. þm. Reykv., að skipt er um menn. Nú var t. d. að taka sæti hér í þessari hv. d. einn af landsk. þm. úr hans flokki, sem hefur verið fjarverandi um langt skeið. Þetta ber þess glögglega vott, að þm. eru fyrst og fremst kosnir sem fulltrúar stjórnmálaskoðana eða stjórnmálaflokka, en ekki sem einstaklingar og ekki vegna persónulegra verðleika og ekki til að framkvæma persónuleg störf, heldur umboðsstörf í þágu ákveðinna stjórnmálaflokka. Hér ber brýna nauðsyn til að greina á milli þrenns. Í fyrsta lagi eru þeir opinberir trúnaðarmenn, sem taka ýmiss konar ákvarðanir, er hafa þýðingu fyrir hagsmuni borgaranna. Slíka opinbera trúnaðarmenn verður að kjósa í lýðræðisþjóðfélagi, og það er megineinkenni lýðræðis, að þeir, sem fara með slíkt vald, eru kosnir. Löggjafarvaldið á í lýðræðisþjóðfélagi að vera í höndum kjörinna manna, af því að það tekur ákvarðanir, sem snerta mjög hagsmuni borgara þjóðfélagsins. Frá þessum kjörnu trúnaðarmönnum verðum við svo að halda algerlega aðgreindum þeim embættismönnum, sem framkvæma ákvarðanir hinna fyrr nefndu. En þriðji meginflokkur hinna opinberu trúnaðarmanna eru þeir, sem fara með dómsvaldið. Hér er um að ræða gömlu regluna um þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Það er, eins og áður er fram tekið, megineinkenni lýðræðisþjóðfélags, að þeir, sem með löggjafarvaldið fara, séu kjörnir, en til þess ber enga nauðsyn, að þeir, sem með framkvæmdarvaldið og dómsvaldið fara, séu kjörnir, vegna þess að þessir aðilar taka ekki sjálfstæðar ákvarðanir, sem hafa þýðingu fyrir hagsmuni borgaranna, heldur eru þeir bundnir við ákveðnar reglur, sem löggjafarvaldið hefur sett. Það er þess vegna ekkert hagsmunamál fyrir borgarana, að þessir embættismenn séu kjörnir. Nú er það svo, að í þjóðfélaginu er um að ræða einn flokk opinberra embættismanna, sem að vísu eru skyldastir þeim, sem fara með framkvæmdarvaldið, en þó ekki alveg hliðstæðir þeim. Þar er um að ræða embættismenn eins og lækna og presta. Þeir fara ekki með neitt vald, ekki einu sinni framkvæmdarvald. Þeir eru í þjónustu almennings á vissu sviði, læknar til þess að tryggja líkamlega heilsu og velferð þegnanna og prestarnir

til þess að framkvæma tiltekin embættisverk og vera sálusorgarar borgaranna. En einmitt vegna þess, að þessir tveir flokkar embættismanna hafa bókstaflega ekki neitt vald, sem neina þýðingu getur haft fyrir hagsmuni borgaranna, er auðvitað enn þá minni ástæða til að kjósa þá en hina, sem fara með framkvæmdarvaldið, t. d. sýslumenn og aðra, sem með dómsvaldið fara.

Með þessu, sem ég hef nú sagt, þykist ég hafa leitt nokkru gleggri rök fyrir því en ég gerði í framsöguræðu minni, að það er alveg óskylt lýðræði, hvort þessir embættismenn, læknar og prestar, eru kosnir, og engar tvær stéttir embættismanna eru eins hliðstæðar og læknar og prestar. Mér er ekki kunnugt um, að nokkurn tíma hafi verið upp á því stungið hér, að læknar væru kjörnir. Það væri í raun og veru engu minni ástæða til að kjósa lækna en presta. Það mætti kannske segja, ef menn fyrst og fremst bera hag almennings fyrir brjósti, að þýðingarmeira sé fyrir menn að hafa lækna, er þeir geta unað við, heldur en að hafa presta, sem þeir geta sætt sig við. Hitt er annað mál, að hér er um það að ræða, að söfnuðirnir hafa ákveðið vald í sambandi við kosningu presta, og í þessu frv. er gert ráð fyrir, að það vald verði af þeim tekið. Aftur á móti hafa menn ekki haft skilyrði til að hafa áhrif á kosningu lækna og þess vegna sakna þeir þess ekki. En ég er alveg sannfærður um, að nokkrum árum eftir að l. hefði verið breytt, mundi enginn finna til þess, að neitt hefði verið frá honum tekið, frekar en að menn finna nú ekki til þess, að þeir geta ekki ráðið lækna með almennum kosningum. Það er því á algerðum misskilningi byggt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði síðast í ræðu sinni, að það, sem að væri stefnt með þessu frv., væri að afnema það, sem eftir væri af lýðræði innan íslenzku þjóðkirkjunnar. Ég tel mig hafa glögglega sýnt fram á, að þetta er spurningunni um lýðræði algerlega óskylt.

Hæstv. dómsmrh. fór nokkrum orðum um frv. og gat þess, að prestastéttin sjálf hefði ekki gerzt formælandi þessa máls, málið hefði ekki verið rætt á prestastefnunni. Til þess eru sérstakar ástæður. Það var haldin prestastefna, rétt eftir að málið kom fyrst fram, en það mun ekki hafa verið sent henni nógu snemma til þess að hægt væri að ræða það. Þegar prestastefna var haldin aftur, þá mæltumst við flm. til þess við biskupinn, að hann legði þetta mál fyrir prestastefnuna. Hann færðist undan því og bar því við, að dagskrá prestastefnunnar væri fullákveðin. Ég hygg, að ástæðan fyrir því, að biskup vildi ekki leggja þetta fyrir prestastefnuna, hafi verið sú, að hann hafi búizt við deilum um þetta mál, og að hann hafi ekki viljað efna til mikilla deilna á þeirri prestastefnu. — Það er algerlega rétt, og ég tek undir það með hæstv. dómsmrh., að aðalatriði þessa máls, sem hér um ræðir, er það, hvort líklegt megi telja, að almenningur fái þá presta, sem hann helzt vildi, ef þessari skipan verður breytt. Ég sé enga ástæðu til að óttast annað. Hæstv. dómsmrh. nefndi dæmi um það, að t. d. mundi Reykjavík hafa farið á mis við ágætan prest, síra Bjarna Jónsson, ef kosningarl. hefðu ekki verið í gildi. Það má vera, að ef til vill hefði síra Bjarni ekki verið skipaður, þegar hann fyrst sótti um embætti hér í Reykjavík. En engan vafa tel ég á því, að slíkum afbragðsmanni og kennimanni hefði bráðlega staðið Reykjavíkurembætti til boða, ef hann hefði leitað eftir því. Og hinu má heldur ekki gleyma, að einnig má nefna dæmi og m. a. s. mörg dæmi, sem sýna, að menn, sem allir hefðu verið sammála um, að bezt hefðu verið að embættunum komnir og söfnuðirnir hefðu verið ánægðastir með, hafa ekki sótt um laus prestsembætti vegna þess, að þeir hafa álitið, að aðrir mundu sækja á móti þeim, og þeir hafa ekki viljað standa í prestskosningum og öllu því, sem af slíku leiðir, þó að ekki nefni ég nöfn í því sambandi. Þó að vafalaust megi á það benda, að í ýmsum tilfellum hafi val presta með frjálsum kosningum tekizt vel, þá má líka benda á fjölmörg dæmi þess, að ágætir prestar hafa langan starfsaldur dvalið um kyrrt í litlum brauðum, þar sem starfshæfni þeirra og hæfileikar hafa engan veginn notið sín. Þeir hafa veigrað sér við að sækja um stærri brauð og ábyrgðarmeiri störf beinlínis vegna þess, að þeir hafa ekki viljað leggja út í prestskosningar, og því hefur í mín eyru verið haldið fram, að ein skýringin á því, hversu lítil aðsókn hefur verið í prestastéttina undanfarin ár, sé m. a. það fyrirkomulag, sem haft er á veitingu prestsembætta. Það þykir heldur óvænlegt, eftir að hafa lokið guðfræðiprófi, að eiga þess ekki kost að komast í embætti nema með kosningabaráttu og geta svo ekki skipt um embætti án þess að leggja út í nýja kosningabaráttu. Ég get líka viðurkennt ummæli hæstv. dómsmrh. um það, að sú reynsla, sem menn hafi af pólitískum embættisveitingum ráðh. á Íslandi, sé ekki allt of góð. Mér hefur verið það fullljóst, og m. a. þess vegna flutti ég fyrir tveim árum frv. hér í þessari hv. d. um embættaveitingar, þar sem gerð var tilraun til þess að stinga upp á skipan, sem átti að reyna að fyrirbyggja misnotkun pólitísks valds í sambandi við veitingu embætta. Mér er ljóst, að mjög mikill vandi er að fyrirbyggja það, að pólitískur ráðh. misbeiti valdi sínu. En prestsembættin eru engan veginn þýðingarmestu embættin, sem pólitískir ráðh. veita, og meðan menn telja, að þeir geti veitt embætti eins og hæstaréttardómara-, sýslumanna-, lækna- og biskupsembætti — hann er ekki kjörinn nema viss skilyrði séu uppfyllt —, þá fæ ég ekki séð, að ekki sé eins hægt að fela honum veitingu prestsembætta. Hæstv. dómsmrh. ræddi um ákvæði 2. gr. frv. og benti á, að ekki væri skýrt á um það kveðið, hvort sóknarnefnd þyrfti að vera algerlega sammála til þess, að atkv. hennar teldist gilt, eða hvort átt væri við meiri hl. Önnur gr. frv. er orðuð af kirkjuráði og send menntmn. sem till. kirkjuráðs. Við flm. tókum hana óbreytta upp í frv. Ég hef lagt þann skilning í þetta ákvæði, að nægilegt væri, ef um meiri hl. sóknarnefndar væri að ræða. Mér finnst sá skilningur eðlilegastur.

Að síðustu vil ég geta þess, að þau ummæli

mín áðan, að sú kosning, sem nýlega hefur farið fram í fríkirkjusöfnuðinum og sú kosningabarátta, sem þar var háð, hafi sumpart verið tilefni til þess, að við vöktum málið upp aftur, ber ekki að skilja svo, að ég telji ekki þann prest, sem þar var kosinn, vel að embættinu kominn. Þvert á móti. Ummæli mín má ekki skilja svo, að þetta frv. hafi komið fram vegna þess, að embættið hefði verið veitt öðruvísi, ef það hefði verið í höndum ráðh. að veita það. Tilefnið til þess, að við vöktum málið á ný í sambandi við fríkirkjukosninguna, var hinn heiftúðlegi áróður, sem var viðhafður í söfnuðinum í sambandi við kosningarnar. Hann harma ég og hef þá bjargföstu skoðun, að slíkt sé kirkjunni ekki til góðs.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. flm., 3. landsk. þm., minntist á, að þjóðkirkjan væri hér ríkiskirkja og þess vegna væri eðlilegt, að ríkið hefði vald yfir henni. Í 62. gr. stjskr. er svo mælt fyrir: „Hin evangeliska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.“ Það er auðséð, að þessi evangeliska lútherska kirkja á að njóta fram yfir aðrar kirkjudeildir sérstaks stuðnings og verndunar ríkisvaldsins. Hins vegar má breyta þessu með einföldum lögum. Það er ekki lögð til grundvallar sú hugsun, að þetta eigi að vera ríkiskirkja, sem ríkið eigi ofan frá að öllu leyti að stjórna.

Þá taldi hv. flm., að það væri allt öðru máli að gegna um þingmenn en presta, þar sem þeir byðu sig fram, vegna þess að frambjóðendur til þings væru í kjöri fyrst og fremst sem frambjóðendur stjórnmálaflokka. Þetta er að vísu rétt að nokkru leyti, en það er þrátt fyrir það mikla vald, sem stjórnmálaflokkunum er gefið í okkar stjskr., ekki bundið við stjórnmálaflokkana, hverjir geti boðið sig fram. Þó að stjórnmálaflokkar hafi mikinn rétt, þá geta menn boðið sig fram utan flokka við alþingiskosningar og án þess að tilheyra nokkrum stjórnmálaflokki, og kjördæmaskipunin er byggð á því, að út frá því sé gengið sem grundvallaratriði, þó að okkar pólitíska þróun hér á landi hafi orðið þannig, að pólitísku flokkarnir hafa orðið óvenju sterkar stofnanir. Og þrátt fyrir okkar flokkavald, sem er ríkt í okkar landi, þá eigum við að vara okkur á að gera of mikið úr því í hlutfalli við annað. Ég veit, að í ýmsum kjördæmum hér á landi eru ýmsir menn kosnir fyrst og fremst sem menn, en ekki sem fulltrúar stjórnmálaflokka, þrátt fyrir það að þeir bjóði sig fram fyrir ákveðinn flokk. Mér dettur í hug að halda, að til dæmis hv. þm. Borgf. (PO) mundi ná kosningu í sínu kjördæmi fyrir næstum að segja hvaða flokk sem hann byði sig fram fyrir. Og sama gæti ég hugsað um t. d. hv. þm. V-Ísf. og hæstv. landbrh. (JPálm). Ég gæti trúað, að svo og svo margir af hv. þm. séu það mikið kosnir sem menn, en ekki sem einstaklingar af stjórnmálaflokki, að þeir mundu í viðkomandi kjördæmum hljóta kosningu hér um bil fyrir hvaða flokk sem þeir byðu sig fram fyrir. Það er því mjög óeðlilegt að stilla málinu upp þannig, að þm. séu fyrst og fremst kosnir sem fulltrúar stjórnmálaflokka. Ég býst við, að hér í Reykjavík, þar sem flokkavaldið er sterkt, eigi þetta við. En engu að síður, meira að segja hér í Reykjavík líka, koma persónuleg áhrif ýmissa frambjóðenda ákaflega mikið til greina. Og ég held, ef maður ber þetta saman við kosningar í kirkjunni, að trúarflokkarnir hafi þar áhrif, sem oft og tíðum geti verið samsvarandi voldugt maskineri. Það eru til trúarflokkar hér í þjóðfélaginu, sem eru ákaflega sterkt valdaðir. Ég held, að þarna sé ekki eins verulega mikill munur á milli og hv. flm. vill vera láta.

Þá sagði hv. 1. flm., að starfsmenn framkvæmdarvaldsins og dómsvaldsins væru ekki kjörnir í kosningum. Engu að síður er það svo, að kosningar fara fram um menn, sem fara með framkvæmdarvaldið og dómsvaldið. Oft er því skipt þannig, að kviðdómur er kosinn, sem kveður upp úrskurð um hvort menn eru sekir eða ekki, og síðan koma svo dómarar, sem skipaðir eru af hinu pólitíska valdi, sem kveða upp dóm á grundvelli framkvæmdarvaldsins. Og sums staðar er framkvæmdarvaldið kosið með sérstökum kosningum, t. d. forsetar í Bandaríkjunum.

Svo voru það síðustu rökin, sem hv. flm. greip til til þess að sanna, hversu það væri fjarri lagi að láta sér detta í hug, að prestar væru kosnir, að það lægi ekki síður nærri að kjósa lækna en presta, en samt sem áður væru læknar ekki kosnir. Hv. flm. sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að læknar væru kosnir. En hér á Íslandi hefur komið upp fyrirkomulag á síðustu áratugum, sem ég hélt, að ekki hefði getað farið fram hjá hv. flm., þ. e. sjúkrasamlögin, og þar kjósa menn sér lækna, og meira að segja á eins árs fresti, og skipta þannig svo oft um þá sem þeim þóknast. Og alls staðar, þar sem sjúkrasamlög eru, hafa menn þetta vald, og í þeim er meiri hluti Íslendinga. Þannig kjósa menn sér beinlínis lækna, og menn geta skipt um lækna og það með árs fresti. Ég er hissa á, að þetta skuli hafa farið fram hjá hv. þm. Og ég held, að þetta sé mun lýðræðislegra fyrirkomulag en ef sjúkrasamlagsmeðlimir væru skyldaðir til þess að hafa vissa lækna hverjir fyrir sig, það væri t. d. ákveðið, að allir, sem hétu nöfnunum A og B, skyldu hafa vissan tiltekinn lækni, og aðrir, sem hétu nöfnum, sem byrjuðu á C, D eða E, skyldu hafa annan tiltekinn lækni, en allir í hvorum flokknum sama lækninn. Ég held, að menn mundu verða óánægðir með slíkt fyrirkomulag og ef þeir yfirleitt væru sviptir þeim rétti, sem þeir nú hafa til þess að kjósa sér lækna fyrir sig, heldur væri það lagt í vald landlæknis eða heilbrigðismálarh. að útnefna þeim lækni. Ég held, að þetta spor, sem stigið var í sambandi við sjúkrasamlögin, að kjósa skyldi þannig læknana, hafi verið mjög stórt skref og ákaflega svipað og átt hefur sér stað með prestana í sambandi við að kjósa þá. Og hv. 1. flm. frv. bar einmitt saman þessar tvær stéttir til að sýna, hversu náið persónulegt samband þær hefðu við alþýðu manna, þ. e. sína umbjóðendur. Einmitt af því, hve náið

persónulegt samband sjúklingar hafa við lækni sinn, hafa þeir fengið réttinn til þess að kjósa hann, og alls staðar þar, sem hægt er að koma þessu við vegna þéttbýlis, að menn kjósi sér þannig lækna, þá er þetta haft svo hér á landi. Og það kemur undir þetta fyrirkomulag mikill hluti allra Íslendinga. Hins vegar kemur héraðslæknirinn hér í Reykjavík ákaflega lítið við sögu fyrir einstaklingana persónulega viðkomandi þeirra persónulegu líkamlegu velferð. Hann hefur allt öðrum embættisstörfum að sinna. Í dreifbýlinu þá er aftur, af landfræðilegum ástæðum liggur mér við að segja, ákaflega erfitt að koma við þessum hlutum, að einstaklingarnir kjósi sér lækna. Þar er því gamla skipulagið um val læknanna haft. Þar er mjög erfitt að koma þessum rétti við. Ég skal ekkert segja, nema það væri kannske athugandi, að þegar skipt er um héraðslækna, þá hefðu menn rétt til þess að kjósa sér þá. Það væri alls ekki óeðlilegur hlutur. Og ég býst við því a. m. k., að ef sá háttur hefði verið hafður á í þessu tilliti viðvíkjandi læknunum eins og í þjóðkirkjunni hefur verið viðvíkjandi því að kjósa prestana, þá hefðu menn verið ófúsir á að breyta því, alveg eins og nú mundi fólkið, sem er í sjúkrasamlögunum, vera ófúst á að breyta því fyrirkomulagi að mega kjósa sér lækna. Ég held einmitt, að það dæmi, sem hv. 1. flm. tók, að það sé samsvörun að þessu leyti á milli lækna og presta, það sanni enn þá betur þá kosti, sem felast í því fyrir aðila að geta haft áhrif á það, hverjir séu þeirra fulltrúar, hvað snertir það að annast þeirra líkamlegu og andlegu eða trúarlegu velferð.

Ég ætla ekki með þessu að tefja þetta mál að neinu leyti, en vildi aðeins láta í ljós mínar skoðanir á þessu og að mínu áliti hrekja nokkuð af því, sem hv. flm., 3. landsk. þm., hefur fundizt vera ekki rétt í því, sem ég sagði áðan.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar ég sagði áðan, að mér væri ekki kunnugt um, að læknar væru kosnir, þá átti ég að sjálfsögðu við embættislækna. Það er því dálítill útúrsnúningur hjá hv. 2. þm. Reykv., þegar hann ræðir um sjúkrasamlagslæknana og bendir á, að fólk, sem í sjúkrasamlögunum er, geti valið sér sjúkrasamlagslæknana til eins árs í senn. Þeir læknar eru ekki embættismenn ríkisins. Þegar menn velja þá til eins árs, þá er það hliðstætt því, þegar maður leitar læknis, þar sem eru fleiri læknar en einn, og velur þá um, hvort hann sækir þennan lækninn eða hinn. Þegar tveir praktíserandi læknar eru á einhverjum stað, þá tekur maður ákvörðun um, til hvaða læknis maður fer, þetta er það og ekki annað, sem menn gera, þegar valið er á milli sjúkrasamlagslækna í sjúkrasamlögum. Það er alveg óskylt hinu vandamálinu, hvernig ráða eigi í embætti, sem ríkisvaldið skipar, hvort það eigi að gera að undangenginni kosningu eða með einfaldri ráðstöfun ríkisvaldsins sjálfs.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að erfitt væri að koma við læknakosningu. Það er misskilningur. Það er sízt erfiðara að koma við kosningu á lækni en kosningu á presti. Ef menn telja, að prestskosningafyrirkomulagið sé það réttasta og heppilegasta, þá er enginn vandi að taka slíkt kosningafyrirkomulag upp viðkomandi vali á læknum í læknishéruð og sýslumönnum í sýslurnar. Mér finnst það hljóta að vera svo, að ekki fylgi alveg hugur máli hjá málsvörum prestskosninganna, þegar það bólar aldrei á, að þeir leggi til, að kosningar verði teknar upp í sambandi við skipun neinna annarra embættismanna. Mér finnst, að hér sé fremur um að ræða almenna tregðu til þess að breyta gildandi skipan en að menn hafi í raun og veru sterka sannfæringu fyrir því, að hér sé um réttláta skipan að ræða, þar sem er prestskosningafyrirkomulagið. Þegar ákveðin skipan hefur verið viðhöfð um nokkra áratugi, þá eru alltaf einhverjir hagsmunir einhverra við þá skipan tengdir, og þá hafa augu manna festst við ýmis atriði, sem telja má kosti við þá skipan, því að mér dettur ekki í hug, að þessi skipan á vali presta í embætti sé kostalaus, því að þá mundi hún ekki hafa verið svo lengi í gildi eins og verið hefur. En aðalatriðið í andstöðunni gegn því að afnema þessa skipan, býst ég við að sé miklu frekar tregða við að breyta gildandi skipan og fastheldni í þá skipan, sem verið hefur, heldur en sannfæring fyrir því, að hún sé réttlát og skynsamleg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Kosningar til Alþingis (frv. SB).

Á 46. fundi í Nd., 13. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis [116. mál] (þmfrv., A. 325).

Á 47. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það mun öllum hv. þm. vera ljóst, að núgildandi ákvæði kosningalaga til Alþingis um merki framboðslista við hlutbundnar kosningar hafa leitt til mikils glundroða og erfiðleika hjá kjósendum og stjórnmálaflokkunum. Það stafar fyrst og fremst af því, að mjög oft hefur það atvikazt svo, að sami stjórnmálaflokkur hefur haft mismunandi listabókstaf á ýmsum stöðum í landinu. Það liggur í augum uppi, að slíkt gerir það líklegt og er vel til fallið að rugla kjósendur og skapa þannig erfiðleika,

bæði fyrir kjósendur og viðkomandi stjórnmálaflokk eða flokka. Þessa eru mörg dæmi, og eru nýafstaðnar bæjarstjórnarkosningar nýjasta dæmið. Með þessu frv. er lagt til, að úr þessu verði bætt. Gert er ráð fyrir, að lögákveðnir verði listabókstafir þeirra stjórnmálaflokka, sem nú eru til í landinu, þannig að sami flokkur hafi jafnan þann listabókstaf, sem hann hefur einu sinni hlotið. Með slíku ákvæði er komið í veg fyrir, að sami stjórnmálaflokkur hafi fleiri en einn listabókstaf í sömu kosningum. Bókstafur eins flokks yrði þá hinn sami um land allt. Ég held, að það sé tvímælalaust andi kosningalaganna, og reyndar allrar lagasetningar, að ákvæðin verði sem skýrust og stuðli til hagræðis fyrir það fólk, sem býr við lögin. Ég vænti því þess, að þessu frv. verði vel tekið. Og vissulega bitna ófullkomin ákvæði kosningalaga á öllum stjórnmálaflokkum og fólki úr öllum flokkum. Ágreinings um þetta frv. ætti því vart að þurfa að vænta, því að með því er verið að koma þessum málum í betra horf.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í frv., að er nýir stjórnmálaflokkar koma fram, þá skuli landslisti hins nýja flokks merktur þeim upphafsstaf, sem næstur er í stafrófinu á eftir bókstöfum þeirra flokka, sem fyrir eru í landinu. Sé um fleiri en einn nýjan stjórnmálaflokk að ræða, skulu landslistar þeirra merktir á sama hátt í þeirri röð, sem listarnir koma fram, er flokkarnir hafa í fyrsta sinn lista í kjöri. Það leiðir svo af sjálfu sér, að ákvæði um utanflokkalista haldast eins og nú er í lögum, og koma þeir í áframhaldandi röð.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum, en þetta frv. er fram borið, eins og ég hef getið, til þess að gera kjósendum og viðkomandi stjórnmálaflokkum hægara um vik með því að gera ákvæði kosningalaganna fullkomnari en þau nú eru. Ég vil svo gera það að till. minni, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að þessari umr. lokinni.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Mér finnst rétt að segja nokkur orð um þetta frv., áður en það fer til n. Þótt ákvæði frv. þessa stefni í rétta átt, þá væri eðlilegra og heppilegra, að lögfest yrðu ákvæði, sem gengju yfir alla línuna, þ. e. næðu til Alþingis- og bæjar- og sveitarstjórnarkosninga. Þó að ég sé þessu frv. hlynntur, þá álít ég, að hentugra væri að ganga frá þessu á nokkuð annan hátt. Ég tel, að það væri betra, að ekki yrði farið eftir stafrófsröð hvað listabókstafina snertir. Við þekkjum það t. d. frá kosningum hér á Alþingi, þegar hlutbundnar kosningar hafa farið fram, hve stafir geta hljómað líkt. Eðlilegra væri því að auðkenna listabókstafinn við upphafsstafinn í heiti stjórnmálaflokksins, en þá yrði listi Alþýðuflokksins auðkenndur með bókstafnum A, listi Framsóknarflokksins með F og listi Sjálfstæðisflokksins S. Nú hefur Sósialistaflokkurinn sama upphafsstaf og Sjálfstæðisflokkurinn, og yrði þá að velja öðrum þessum flokki annan bókstaf fyrir lista sinn, líkt og venja hefur verið með skásetningu bifreiða í héruðum landsins, en eins og kunnugt er, eru ekki allar bifreiðar kenndar með skrásetningarstöfum sínum með upphafsstaf í heiti þeirrar sýslu eða þess héraðs, sem ökutækið er skrásett í. Ég held, að þetta yrði heppilegri leið en að nota líka stafi, eins og b, c og d, sem hljóma svo líkt, þegar lesnir eru upp. Með þessu yrði aðgreining listanna gleggri. Að þessu vildi ég víkja og vildi skjóta þessu að n., sem væntanlega fær þetta frv. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 503).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. Einstakir nefndarmenn hafa þó áskilið sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Flm. frv. hefur gert svo glögga grein fyrir tilgangi þess, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 81. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, og hafði ég gert ráð fyrir að flytja brtt. við frv., en sökum annríkis kom ég því ekki í verk fyrir hátíðar, sem ég hafði þó ætlað mér. Sökum þessa óska ég þess, að hæstv. forseti fresti umr. um málið og taki það af dagskrá.

Forseti (SB): Ég verð við óskum hv. þm. Umr. um málið er frestað að sinni og það tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Nd., 14. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 325, 527).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 527. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og ég gat um, þegar frv. þetta var til 1. umr. hér í þessari d., þá gerði ég ráð fyrir að flytja breytingartillögur við það. Hef ég nú gert það, og eru þær hér á þskj. 527.

Við frv. sjálft eru tvær brtt., og er aðalatriðið það, að farið er fram á að breyta tillgr. talsvert verulega frá því, sem er í frv., og á þann hátt, að í stað þess að lögfesta, að listabókstafirnir fari eftir stafrófsröð ævinlega, þá sé þessu breytt svo, að hver stjórnmálaflokkur fái sinn listabókstaf. Ég legg til í till. minni,

að Alþfl. og Sósfl. hafi þá listabókstafi, sem þeir hafa haft, Alþfl. A, Sósfl. C, en hinir flokkarnir hafi sem listabókstaf fyrsta staf í nafni sínu, Framsfl. F og Sjálfstfl. S. Þá velji nýir flokkar sér listabókstafi á sama hátt, fyrsta staf í nafni flokksins, svo fremi að hann falli eigi saman við listabókstafi annarra flokka, sem þegar eru festir. Með þessu finnst mér að fyrirbyggja megi rugling, og mér hefur virzt ófært, að þrír stjórnmálaflokkar landsins hefðu þá stafi stafrófsins, b, c, d, sem líkust hljóð hafa. Hef ég orðið var við það á Alþ., að hæstv. forsetar hafa orðið að temja sér sérstök hljóð, þegar þeir hafa lesið af kjörlistum. Hér er farið fram á, að sömu reglur gildi í þessu efni og um einkennisbókstafi bifreiða. Þar er ákveðið, að ákveðinn stafur gildir alltaf fyrir sama hérað, þ. e. fyrsti stafur í nafni þess. Nú er eigi hægt að breyta hér meira en l. um kosningar til Alþ. En ég tel, að þessi regla eigi að vera „gegnumgangandi" með flokkaskiptingu þeirri, sem nú er, og þótt nýir flokkar komi fram. Sami stafur á að gilda fyrir alla flokka „niður í gegn", og vil ég, að það gildi þá eins um smærri kosningar, bæjar- og sveitarstjórnakosningar, og um alþingiskosningar. Þetta verður gleggra en hitt, og álít ég eigi unnt að koma þessu fyrir á gleggri hátt. Má segja, að hið eina, sem brýtur regluna, sé það, að ég legg til, að listabókstafur Sósfl. sé C, en það er ekki fyrsti stafur í nafni hans, heldur er það S eins og hjá Sjálfstfl. En þessi flokkur hefur haft þennan listabókstaf, og stefnan, sem hann kennir sig við, sósialismi, er skrifuð með c í flestum málum, svo að ég tel, að eigi þurfi að verða óánægja vegna þessa meðal þeirra.

Ég á hér á þskj. 527 miklu stærri og viðtækari brtt. við kosningal. Eru þær varðandi landslista flokkanna, þ. e., að breytt skuli með þá og sé þeim raðað af stjórnum flokkanna og frambjóðendur taki kosningu eftir þeirri röð, sem þeir eru í á landslista. Ég tel þá hendingarreglu, sem gilt hefur, óheppilega á ýmsan hátt og óheilbrigða. Það hefur í fyrsta lagi sýnt sig, að þannig getur farið, að vísast sé, að smæstu kjördæmin fái tvo þm., þegar flokkarnir bjóða fram. En þeir geta boðið fram menn, þótt ég hefði talið, að hentugra sé stundum, að þeir hafi landslista, sem fái atkv. — fremur þar en annars staðar. En þetta er þó eigi aðalagnúinn, sem er sá, og er það þá annað atriðið, að fólk, sem kýs frambjóðendur í vonlausum kjördæmum, hefur eigi hugmynd um, hvaða manni atkv. þess komi í rauninni að gagni. Segjum, að líkindi séu til, að frambjóðandi fái 20—30 atkv., en hann komist ekki að sem uppbótarþm. Þá hefur kjósandinn ekki hugmynd um, hverjum þessi atkv. koma að gagni. Getur það þá orðið sá, er honum er ógeðfelldur. Í þriðja lagi er það athugandi, verði reglurnar lögfestar skv. 1., 3. og 4. brtt. á þskj. 527, að þá mundi það gera eðlilegra en ella, að eigi flokkur von á aðeins örfáum atkv., þá sé bara landslisti í kjöri. Þarf þá eigi að vera að senda út í vonlítil kjördæmi frambjóðendur. Þá vissi fólk, hvað væri um að ræða, en ekki yrði farið eftir gildandi reglum um þá, er ná uppbótarþingsætum, þ. e.: 1. Fallnir frambjóðendur. 2. Þeir, sem hafa hæst hlutfall. 3. Skv. röðuðum landslista. Mér fyndist, að þetta ágreiningsatriði ætti að koma til athugunar. Þarf ekki stjórnarskrárbreyt. til þess. Hins vegar vil ég taka það fram, að vegna þess, að hér yrði um viðtækar breyt. að ræða, teldi ég ekki óeðlilegt, að brtt. yrðu athugaðar af hv. allshn.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Ég vænti þess, að hv. þm. sé ljóst, um hvað sé að ræða, og þeir geti án orðalenginga orðið við þessu.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., var flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir glundroða og rugling, sem leitt hefur af núgildandi ákvæðum kosningal. varðandi merkingu framboðslista flokka við kosningar. Ég ræddi nokkuð við 1. umr., hver reynsla hefði orðið af þessu, og benti á dæmi. Hv. allshn., sem fjallað hefur um málið, hefur nú skilað einróma áliti í þá átt að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. N. hefur fallizt á það, að nauðsynlegt sé að breyta núgildandi ákvæðum kosningal., þannig að núverandi stjórnmálaflokkar yrðu merktir þannig, að þeir hefðu sama listabókstaf. Fyrir þessa meðferð á málinu er ég hv. n. þakklátur.

Nú flytur hv. þm. A-Húnv. brtt. við frv., brtt., sem eru við efni frv. og þar að auki um viðtækar breyt. á öðrum ákvæðum kosningal. Fyrst ætla ég að ræða brtt. við efni frv. — Hv. þm. A-Húnv. leggur til í 2. brtt. sinni á þskj. 527, að landslistar stjórnmálaflokka og kjörlistar skuli merktir sama listabókstaf alltaf, þannig: Alþfl. A, Sósfl. C, Framsfl. F og Sjálfstfl. S. En listar nýrra stjórnmálaflokka skuli merktir fyrsta staf í nafni flokksins. Það er meginreglan, sem hv. þm. leggur áherzlu á, enda þótt hann neyðist til að gera undantekningu í þessum brtt., með því að einn flokkur, Sósfl., hafi annan bókstaf en nafn hans hefst á. Þetta sjónarmið á rétt á sér. En ég álít, að þessi aðferð tryggi ekki betur en sú, sem gildir nú, og enn verr en hin, er lagt er til, að tekin verði upp, í hinu upphaflega frv., öryggi það og festu, sem æskilegt er, að skapist. Ég held, að brtt. mundu spilla tilgangi frv., sem er sá að binda endi á ríkjandi glundroða og rugling vegna ákvæða kosningal.

Annars tel ég ekki þörf að ræða brtt. mikið. — Ég vek bara athygli á því, að reglan er óframkvæmanleg, þegar tveir flokkar hafa sama upphafsstaf. Það verður m. ö. o. að skira flokk, þegar þannig stendur á, af handahófi. Hv. þm. A-Húnv. sagði, að það gerði ekki svo mikið til, þótt Sósfl., sem héti nafni, sem byrjaði á s, hefði c áfram sem listabókstaf, því að hann hefði haft hann og í sumum málum hæfist nafnið á honum á c. (*StJSt:* Það eru kommúnistaflokkar.) Yfirleitt byrja ekki nöfn á lýðræðissósialistaflokkum á c, heldur eru það kommúnistaflokkarnir, sem bera heiti, sem í mörgum málum byrja á c, en líka k. Í erlend heiti flokka þessara er því ekkert að sækja. Ég held þess vegna, að þessi brtt. hv. þm. A-Húnv. nái engan veginn tilgangi þeim í þessu

frv. að eyða glundroða þeim og ruglingi, er stafar frá ákvæðum núgildandi kosningal. Vil ég því mega vænta þess, ef hv. þd. vill, að tilgangi frv. verði náð, að þá fallist hún ekki á brtt. hv. þm. A-Húnv.

Ég skal ekki gera aðrar brtt. hv. þm. A-Húnv. mikið að umtalsefni. Ýmislegt í þeim er vert athugunar. En þar er lagt til, að stórfelldar breyt. verði gerðar á kosningal., sem að vísu eru gölluð, og er ég sammála sumu. Hitt tel ég hæpið, að tími sé til þess nú í sambandi við þessa litlu leiðréttingu á kosningal., sem nauðsynlegt er að gangi fram sem fyrst, og ég tel enda ekki æskilegt í sambandi við þessa litlu leiðréttingu á l. að fara út í svo stórkostlega breyt. á kosningal. eins og gert er ráð fyrir í þessari brtt. Menn vita, að þessi mál eru e. t. v. viðkvæmari en flest önnur mál. Og það er vitað, að till. um miklar breyt. á kosningal. mundu vekja miklar deilur hér á Alþ. Og litlar líkur eru til þess, að samkomulag næðist um þessa litlu lagabreyt., sem frv. er um, ef þessar brtt. ættu að ná fram að ganga. Það hefur verið um það rætt í sambandi við endurskoðun stjskr. íslenzka lýðveldisins, að kjördæmaskipunin og kosningafyrirkomulagið yrði tekið þar einnig til athugunar. Og ég tel það líka eðlilegt og e. t. v. mjög nauðsynlegt. Ég held þess vegna, að heppilegra væri, að afgreiðsla þessara efnismiklu brtt. frá hv. þm. A-Húnv. biði, þar til sú heildarendurskoðun kjördæmaskipunarinnar og kosningalaganna fer fram, sem hlýtur að verða tekin til athugunar í sambandi við endurskoðun lýðveldisstjórnarskrárinnar.

Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég fellst fyllilega á þá uppástungu hv. þm. A-Húnv., að hv. n., sem um þetta mál hefur fjallað, fái tækifæri til þess að fjalla um málið að nýju og taka til yfirvegunar þær brtt., sem fluttar hafa verið og hv. þdm. er nauðsyn á að fá nokkurt tóm til að átta sig á.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þegar það mál, sem hér liggur fyrir, var afgr. í allshn., sem ég á sæti í, þá mælti n. með frv., en einstakir nm. áskildu sér rétt til þess, eins og oft er, að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, eða bera fram nýjar brtt. Nú hefur hv. þm. A-Húnv. lagt hér fram brtt. á þskj. 527, sem fyrst var útbýtt á þessum fundi, sem ganga í þá átt að gera verulegar breyt. á kosningal. Mér finnst þessar brtt. að mörgu leyti athyglisverðar og að rétt sé að athuga þær gaumgæfilega. En ég tel sérstaklega síðari höfuðbrtt. svo stórvægilega, að rétt væri að eiga þess kost að ræða þessar brtt. A. m. k. tel ég þetta, hvað snertir mig og minn flokk. Ég vildi þess vegna taka undir það með hv. þm. A-Húnv., að þessari umr. yrði frestað nú, hvort sem málinu yrði nú vísað beinlínis til n. eða ekki. Þó að ég telji þessar brtt. athyglisverðar, vil ég á þessu stigi hvorki mæla gegn þeim né lýsa fylgi við þær. — Ég get lýst því yfir nú þegar, að ég felli mig að mörgu leyti betur við till. hv. þm. A-Húnv. viðvíkjandi merkingu framboðslistanna, og get tekið undir þau rök, sem hann flutti þar, máli sínu til stuðnings. Og ég teldi eðlilegt og skynsamlegt, að með listabókstafnum væri kjósendum landsins gefin hugmynd um það, hvaða flokkur stæði að hverjum lista, og að þannig væri stafurinn tákn þess flokks, og að listabókstafurinn væri, eftir því sem kostur er á, tengdur við fyrsta bókstaf í flokksheiti viðkomandi flokks. Mér lízt þegar vel á þessa till. og teldi, að rétt væri að athuga, hvort hún væri ekki betri og happasælli en till. í upphaflega frv., — þó að ég telji tilgang þess frv. góðan og að rétt sé og eðlilegt að tryggja landsmálaflokkunum fastan listabókstaf án tillits til þess, hvort allir flokkar hafa frambjóðendur í kjöri við allar kosningar á hverjum stað, því að það veldur nokkrum ruglingi, ef breyt. verður á bókstöfum flokkanna. En breyt. verður á þessu af sjálfu sér, í sumum tilfellum, ef fylgt er reglum núgildandi kosningalaga. Það kannast allir við það, að í kosningahríðinni — sérstaklega í alþingiskosningum — og líka í bæjarstjórnarkosningum, þá er dreift yfir fólkið hvatningum, þar sem menn eru hvattir til þess að kjósa þennan og þennan listabókstaf. Og það veldur þá nokkrum vandkvæðum, ef ekki er sami bókstafurinn í öllum kjördæmum landsins fyrir sama flokkinn.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar inn á efni brtt., en vildi óska þess, að hæstv. forseti vildi fresta umr. um frv. og það yrði ekki tekið á dagskrá aftur, fyrr en upplýst væri, að flokkarnir hefðu kynnt sér málið nánar. Og mætti þá vel vera, að allshn. kæmi saman til fundar, eftir að það væri skeð, og fjallaði um brtt.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Raforkulánadeild Búnaðarbankans.

Á 27. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands [117. mál] (þmfrv., A. 351).

Á 51. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. þetta, sem prentað er á þskj. 351, en það er frv. til l. um raforkulánadeild við Búnaðarbanka Íslands. Samkvæmt 1. gr. frv. segir svo: „Stofna skal við Búnaðarbanka Íslands deild, sem hefur það sérstaka verkefni að veita lán fyrir heimtaugargjöldum til þeirra bænda, sem fá rafmagn hjá rafmagnsveitum ríkisins. Deildin skal heita raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands.“ Gert er ráð fyrir, að stofnfé deildarinnar verði 5 millj. kr., sem greiðast eiga úr jafnvirðissjóði,

og að lánin séu veitt til 15 ára. Vextir séu 3½%. Í varasjóð skal leggja ½% af útistandandi fé deildarinnar. Allar fjárreiður sjóðsins fari fram í Búnaðarbankanum gegn þóknun, sem ekki fari fram úr ½% árlega af útistandandi fé deildarinnar. Ég hef rætt þetta mál allýtarlega við bankastjóra Búnaðarbankans, og hefur hann fallizt á, að nóg væri að leggja ½% í varasjóð, til þess að bankinn geti staðið undir væntanlegum rekstri raforkulánadeildarinnar.

Eins og nú standa sakir, hefur ekki verið unnt fyrir bændur að fá lán út á heimtaugar, en rafmagnsheimtaugargjöld eru mjög há, þar sem ¼ rafmagnsveitnanna greiðist af notendum. Meðalkostnaður á býli hefur verið 6 þús. kr. Auk þess hefur svo bætzt við kostnaður við lagnir í íbúðarhús, peningshús og kostnaður við kaup á raftækjum. Það er því sýnt, að meðalkostnaður á býli verður um 12—15 þús. kr. Þetta er það há upphæð, að fáir bændur geta greitt þetta fé út, án þess að taka að láni hluta kostnaðarverðsins. Síðan raforkulögin tóku gildi, hefur verið lagt út í miklar raforkuframkvæmdir á Suðurlandi og víðar. Svo mun háttað á ýmsum stöðum, að heimtaugargjöld eru enn ógreidd, en margir hafa orðið að taka víxillán til þess að geta staðið í skilum með lánið. Illt er fyrir bændur að standa undir slíku, þar sem vextir eru 6—7%, en ofan á þetta bætast svo stimpilgjöld og framlengingarkostnaður. Bændum er því nauðsyn að losna við þetta lánsform, og er nauðsynlegt, að komið verði upp lánsstofnun, sem sinni því sérstaka hlutverki að lána fyrir heimtaugargjöldum, til þess að firra vandræðum. Með 5 millj. kr. stofnfé væri úr þessu bætt í næstu framtíð. Eftir að höfuðstóll deildarinnar hefur verið lánaður út, verða nettótekjur hennar árlega 500 þús. kr., þar af 7,5% afborgun af stofnfénu og svo vaxtatekjur. Reynslan mun svo skera úr því, hvort deildin fullnægir eftirspurninni. Þess er vart að vænta, að raforkuframkvæmdir verði á næstunni svo örar. En þó að tímarnir verði erfiðir, verður jafnt og þétt að miða í þá átt, að haldið verði áfram að dreifa raforkunni út um byggðir landsins, en raforkan er undirstaða alls nútíma atvinnurekstrar. Framkvæmdir, sem hafnar hafa verið í sveitum, hafa vakið menn og gefa vonir um, að sveitirnar geti öðlazt þessi þægindi. Alþingi þyrfti að sýna þessu meiri skilning. Þessar 5 millj. eru lítill hluti jafnvirðissjóðsins, því að gert er ráð fyrir, að Marshallfé verði um 120 millj. kr. Þar af er reiknað með, að 40 millj. kr. fari til virkjunar Sogsins og Laxár. Einnig hefur verið talað um að nota þetta fé til byggingar á áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju. Það er að vísu ekki nema gott eitt um það að segja, að fé sé notað til nytsamlegra hluta. Stofnun raforkulánadeildar ætti að vera einn liðurinn í þessum áformum. — Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið, en vænti þess, að því verði vel tekið og verði að l. á þessu þingi. Ég vil svo gera það að till. minni, að málinu verði vísað til hv. fjhn. og 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Verkstjóranámskeið.

Á 56. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um verkstjóranámskeið [122. mál] (þmfrv., A. 358).

Á 57. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Iðnn. hefur borizt þetta frv. frá hæstv. iðnaðarmálarh., og er það flutt að ósk hans. En nm. áskilja sér rétt til þess að flytja við það brtt. eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Á undanförnum árum hefur verið veitt úr ríkissjóði nokkur fjárupphæð til menntunar verkstjórum. Hafa af hálfu verkstjórasamtakanna og undir stjórn aðallega vegamálastjóra og að nokkru leyti einnig vitamálastjóra verið haldin námskeið í því skyni að auka nokkuð menntun þeirra manna, sem leggja vildu fyrir sig verkstjórn. Verkstjórasamtökin hafa frá upphafi beitt sér fyrir þessu máli. Og fyrir tæpum tveimur árum var þess farið á leit af þeirra hálfu við mig, sem þá hafði með þessi mál að gera í iðnmrn., að sett yrði nefnd til þess að athuga, hvernig þessum málum yrði bezt skipað. Nefndin var svo sett á laggirnar, og voru í henni fulltrúi frá samtökum verkstjóra, vegamálastjóri og forstöðumaður Iðnskólans í Reykjavík. Þeir sömdu síðan frv. það, sem hér liggur fyrir, og sendu rn., sem síðan hefur sent það, að ég ætla óbreytt, til aðgerða Alþ.

Innihald lagafrv. þessa er í stuttu máli að lögfesta, að árlega skuli haldið námskeið í allt að 6 mánuði til þess að búa menn undir verkstjórapróf. Þar er greint frá þeim inntökuskilyrðum, sem sett eru fyrir því, að menn fái að taka þátt í námskeiðunum, hvernig prófum skuli háttað að námskeiðum loknum, og þeim réttindum, sem þessi próf veita, þegar menn hafa innt þau af hendi. En þessi réttindi eru í stuttu máli þau, að þeir, sem lokið hafa prófi, skuli í opinberri vinnu ganga fyrir öðrum, sem ekki hafa lokið þeim. Önnur eða meiri réttindi veitir frv. að vísu ekki. En ætla má, að það þyki sjálfsagt líka, að þegar menn hafa numið þau fræði, sem á námskeiðunum er veitt kennsla í og miðuð eru við þeirra starf, þá muni það koma af sjálfu sér, að þeir menn

fái þar forgangsrétt, sem þeirrar menntunar hafa notið.

Í frv. er gert ráð fyrir, að Iðnskólanum í Reykjavík verði falið að sjá um námskeiðin. — Í sjálfu frv. er því ekki slegið föstu, hvað skuli kennt á námskeiðunum. Það er ætlazt til, að það sé reglugerðaratriði. En í grg. frv. eru nefnd helztu atriðin, sem þar koma til greina. — Þar er skýrt frá, eftir lauslegri áætlun, hver kostnaður muni verða af þessum námskeiðum, og gert ráð fyrir, að hann geti orðið á ári allt að 30 þús. kr. með einni kennsludeild, sem gert er ráð fyrir, a. m. k. til að byrja með. Ef kennslugjald er tekið af verkstjóraefnunum, eins og í grg. frv. er gert ráð fyrir, 500 kr. á mann, og 30 nemendur verða teknir á ári, verður kostnaðurinn, sem ríkissjóður þyrfti að inna af hendi í þessu skyni, um 15 þús. kr. Mig minnir, að kostnaður, sem ríkið stendur undir nú við það frumstæða námskeiðshald, sem í þessu efni nú er haldið uppi, sé 5 þús. kr. á ári, svo að þetta mundi að vísu verða lítilfjörleg aukning frá því, sem nú er.

Ég hygg, að öllum hv. þdm. sé það ljóst, hversu geysiþýðingarmikið atriði það er fyrir allar okkar framkvæmdir, að þær fari vel úr hendi og að einmitt þessir menn kunni vel til verka, og að það sé sannarlega ekki til of mikils mælzt, að það opinbera geri ráðstafanir, sem þó eru ekki kostnaðarmeiri heldur en hér er gert ráð fyrir, til þess að þessir menn geti fengið nokkra menntun, svo að þeir geti verið þeim mun hæfari til síns starfs.

Ég hef svo ekki fleira um frv. þetta að segja, en vildi leyfa mér að leggja til, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég kveð mér eingöngu hljóðs til þess að óska þess, að þetta mál verði nú tekið út af dagskrá. Iðnn. fór yfir frv., þegar það var sent henni, og kom sér saman um að flytja það óbreytt, en ýmsar athugasemdir komu fram hjá nm. um að breyta orðalagi ýmissa greina frv., og á n. eftir að athuga þetta betur, og óska ég því sem einn af nm. í iðnn., að afgreiðslu málsins verði nú frestað.

Forseti (FJ): Eftir ósk hv. þm. Mýr. tek ég nú málið út af dagskrá, en vænti þess, að hv. iðnn. taki málið sem fyrst fyrir.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 7. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Bjarni Ásgeirsson: Þegar þetta mál kom fyrir síðast, óskaði ég eftir, að beðið væri með atkvgr. þar til n. hefði athugað það nánar. Ég skýrði form. n. frá þessu, en fundur hefur enn ekki verið haldinn. Það er leitt að leggja stein í götu frv., en ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að frv. yrði ekki tekið til 3. umr. fyrr en n. hefur haft tíma til að athuga það betur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 358, 408).

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér til umræðu síðast, var því heitið, að iðnn. skyldi athuga málið milli umræðna. Það hefur nú verið gert, og leyfir n. sér að flytja þrjár brtt. á þskj. 408. Þetta eru nánast orðalagsbreytingar, en ekki efnisbreytingar. 1. brtt. er umorðun á 1. gr. frv. 2. brtt. felur í sér að taka efni 8. gr. frv. og skeyta því inn í síðasta málslið 3. gr. Og 3. brtt. er afleiðing af þessu, að 8. gr. falli niður. — Ég legg til, að brtt. þessar verði samþ. Það þykir fara betur á að orða frv. þannig. Iðnn. hefur öll orðið sammála um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 408,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 408,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 408,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Sþ., 13. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 415).

Á 72. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Iðnskólar.

Á 62. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um iðnskóla [128. mál] (þmfrv., A. 407).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um iðnskóla hefur oft verið flutt á Alþingi, víst fimm eða sex sinnum. Hins vegar var þetta frv. flutt á síðasta þingi, nær alveg óbreytt, en hin frv. voru nokkuð öðruvísi. En þetta er eitt af sérskólafrv. milliþn. í skólamálum og var lagt fram í fyrra.

Hæstv. samgmrh. hefur sent iðnn. þetta frv. og falið henni að annast flutning þess. Einstakir nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Í fyrra fylgdi ýtarleg greinargerð, er mælti með frv., og sé ég ekki ástæðu til að rekja hana og vísa til þess, sem áður hefur verið sagt um mál þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Stofnlánadeild sjávarútvegsins (frv. fjhn. Nd.).

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 41/1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands [131. mál] (þmfrv., A. 421).

Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hafði sent þetta frv. til hv. fjhn. og beðið hana að flytja það í d., áður en stjórnarskiptin urðu. Heyrir það að vísu undir hæstv. fjmrh., en hann er fjarverandi, og þykir mér því hlýða, að ég fylgi því úr hlaði með nokkrum orðum.

Áður en samþykkt voru l. um stofnlánadeildina, hafði Alþ. og ríkisvaldið gert ráðstafanir til þess, að byggðir væru 50 bátar í Sviþjóð og 30 togarar í Bretlandi. Gert hafði verið ráð fyrir því, sérstaklega hvað togarana snerti, að þeir gætu fengið lán úr stofnlánadeildinni, þegar til kæmi, og enn fremur þessir bátar og aðrir, sem þyrftu á slíku stofnfé að halda. Þegar til kom, var ljóst, að stofnlánadeildin hafði ekki nærri það fé, sem þurfti til þess að lána fyrirtækjum, sem stofnuð höfðu verið til nýbygginga og gert hafði verið ráð fyrir, að fengju lán í stofnlánadeildinni. Afleiðingin af þessari fjárþurrð var sú, að ríkissjóður, ef svo mætti segja, brann inni með 7 af þessum 30 togurum, sem gátu ekki fengið lán úr deildinni. Þegar svo var komið, var horfið að því ráði, að ríkissjóður legði þetta út til bráðabirgða, þ. e. a. s. aukin yfirdráttarheimild ríkissjóðs í Landsbankanum fyrir þessa 7 togara. Enn fremur urðu út undan 17 Sviþjóðarbátar, og þær fjárhæðir, sem ríkissjóður hefur lagt út í þessu skyni, eru 16½ millj. kr. fyrir togarana og 9½ millj. fyrir bátana. Þetta eru 26 millj., sem fallið hafa á ríkissjóð, þannig að yfirdráttarskuldir hans hafa aukizt að sama skapi. Undir þessum kringumstæðum virðist ekki rétt, að þau ákvæði stofnlánadeildarl. komi til framkvæmda, að endurgreiðsla lánanna falli jafnóðum til seðlabankans og að það sé jafnframt dregið úr stofnlánadeildinni. Það þykir ekki eðlilegt, að ríkissjóður sé með þennan bagga á herðum, og væri því réttara, að stofnlánadeildin fengi greiðslufrest á þessu hjá seðlabankanum, þannig að þetta verði þá ekki greitt úr deildinni fyrr en fullnægt hefur verið þeim kvöðum, sem ríkissjóður hefur orðið á sig að taka í þessu sambandi. Að vísu má segja, að það séu fleiri skip eða fyrirtæki, sem hafi orðið út undan hjá stofnlánadeildinni, fyrirtæki, sem beinlínis höfðu fengið loforð hjá viðkomandi yfirvöldum um lán úr stofnlánadeildinni, en ekki fengið sökum fjárskorts deildarinnar. Má segja, að það væri sanngjarnt, að þessi fyrirtæki væru tekin þarna með. En fjmrh. taldi ekki rétt fyrir sig í þessu sambandi, að annað væri tekið en það, sem ríkissjóður hefur á sinni könnu. En ég vildi drepa á þetta til þess að benda á, að fjmrn. lokar alls ekki augunum fyrir þeim möguleika, að þessum fyrirtækjum yrði liðsinnt jafnframt. Það mundi þá verða tekið til athugunar undir gangi málsins í þinginu. Hér er ekki stofnað til neinnar nýrrar fjárfestingar, heldur gerðar ráðstafanir til þess að létta byrðum af ríkissjóði og að það komi inn í þá stofnun, sem að réttu lagi á og átti að standa undir þessum fjárkröfum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þessu frv. Það, sem hér er lagt til að ósk hæstv. fjmrh., er spor í alveg rétta átt. Það mun að vísu vera stigið vegna þess, að ríkissjóður sjálfur hafi orðið að grípa þarna inn í og orðið fyrir miklum útgjöldum. En eins og hæstv. viðskmrh. minntist á, álítur hann, að það kæmi til mála líka að hjálpa þeim, sem ríkissjóður hefur ekki getað hjálpað, en eiga kröfur á stofnlánadeildina, og væri ákaflega æskilegt, að það væri gert undir gangi þessa máls. Ég hef flutt frv. um breyt. á þessu stofnlánadeildarmáli, sem fór í þó nokkuð sömu átt, og ég held, að það væri æskilegt við meðferð málsins nú, að orðið gæti um það samkomulag í þd. að gera þetta nokkru rýmra en þarna er. Ég vil í þessu sambandi benda á, að það er hæg og sanngjörn leið fyrir höndum til þess að auka það fé, sem stofnlánadeildin hefur til umráða. Hún er sú að ákveða í lögum vextina, sem seðladeildin tekur af stofnlánadeildinni. Eins og menn vita, lánar stofnlánadeildin út fyrir 2,5% vexti. Þegar seðlabankinn reiknar stofnlánadeildinni vexti af því, sem hann lánar henni, reiknar hann nú 2,4% vexti. Það þýðir, að það er 0,1% sem stofnlánadeildin fær til sín af þessu fé. Upp-

haflega þegar stofnlánadeildarl. voru rædd, var gengið út frá því, að þessi lán skyldu veitt úr seðladeildinni til stofnlánadeildarinnar með 1% vöxtum, seinna 1½%, þannig að ef það væri gert að ákveða vextina, sem seðladeildin reiknar stofnlánadeildinni, 1%, fengi stofnlánadeildin 1½% til sín af vöxtum þessa fjár, sem af 100 millj. kr. upphæð mundi nema 1½ millj. á ári. Með þessu móti mundi stofnlánadeildin öðlast umráð yfir nokkru fé, sem hún gæti notað m. a. til þess að standa undir skakkaföllum, sem ríkissjóður gæti orðið fyrir, þannig að það væri ekki nema eðlilegt, að deildin eignaðist nokkurt fé, sem hún gæti notað til þess að standa undir slíku, og enn fremur fengi hún þarna nokkurt fé til útlána. Þetta væri mjög sanngjarnt. Ég þykist vita, að sparisjóðsdeild Landsbankans greiði ekki svona háa vexti af því fé, sem hún fær frá seðlabankanum. Stofnlánadeildin er á sinn hátt hluti úr Landsbankanum eins og sparisjóðsdeildin og hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Það er því ástæðulaust að fara með hana sem nokkurt stjúpbarn Landsbankans. Að minnsta kosti kærði Landsbankinn sig ekkert um að sleppa henni, en vildi heldur hafa hana hjá sér en í öðrum bönkum. — Ég vildi því, að ákveðin yrði í l. viss prósentutala, sem ætti að reikna stofnlánadeildinni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Hæstv. viðskmrh. gat þess, að nokkur fleiri skip en þau, sem ríkissjóður hefði hlaupið undir bagga með, hefðu ekki fengið stofnlánadeildarlán, skip, sem þó lá fyrir skýlaust loforð um, að fengju stofnlánadeildarlán og nytu þeirra hagstæðu kjara, sem fólust í þeim lánum. Ég vil aðeins undirstrika það við þá n., **sem nánar fjallar um þetta mál,** að hún taki þetta atriði til athugunar, því að eins og kom fram bæði í ræðu hæstv. viðskmrh. og í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl), þá er engin sanngirni í því, að þessir aðilar, sem einskis stuðnings hafa notið frá ríkissjóði vegna þeirrar brigðmælgi, sem þeir hafa orðið fyrir, verði hafðir út undan, þegar að því kemur að skapa nýja möguleika til að standa við þau loforð, sem upphaflega voru gefin.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Það hefur borið að með einkennilegum hætti um flutning þessa frv. Áður hafði verið flutt um þetta efni frv. af hv. 2. þm. Reykv., að vísu í nokkuð öðru formi en þetta. Því frv. var vísað til sjútvn., sem hefur athugað málið og m. a. sent það til Landsbankans. Nú hefur fjhn. þessarar d. verið falið að flytja þetta frv., sem er — eins og ég tók fram — í nokkuð öðru formi en hið fyrra. Þetta frv. var til 1. umr. í gær, og vakti þá hæstv. forseti, hv. þm. N-Ísf., máls á því, að ástæða væri til að taka það til verulegrar athugunar, þar sem sýnt væri, að þrátt fyrir ákvæði þessa frv. mundu nokkrir verða útilokaðir frá því að fá lán úr stofnlánadeildinni, því að eftir ákvæðum frv. eiga einungis þeir að fá lán úr stofnlánadeildinni, sem ríkissjóður hefur greitt fyrir. — Ég hef nú kynnt mér þetta nokkuð og hef komizt að raun um, að nokkrir bátaeigendur, sem fengið höfðu loforð fyrir láni hjá nýbyggingarráði, en fengu það þó ekki, verða útilokaðir frá hlunnindum þessa frv. Ég hef því hugsað mér að flytja brtt. um, að þessir menn fái einnig að njóta réttinda þessa frv. En ég er ekki tilbúinn með þessar brtt. og vildi því fara fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði umr. nú, eða a. m. k. að frv. yrði ekki tekið til 3. umr. fyrr en ég hef lokið nauðsynlegum undirbúningi til þess að geta komið með brtt. mínar. Það skiptir ekki máli, hvor leiðin er farin, því að auðvitað get ég eins komið með brtt. við 3. umr., ef ekki er rekið um of á eftir málinu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér — eins og hv. þm. Borgf. — að bera fram brtt. við þetta frv. Ég vil því taka undir með honum og óska þess, að málinu verði ekki flýtt svo, að okkur gefist ekki kostur á að koma með brtt., a. m. k. við 3. umr. Hygg ég, að það þurfi ekki að tefja málið að nokkru verulegu leyti.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafði nýbyggingarráð gefið loforð fyrir lánum til allmiklu fleiri fyrirtækja en fengu þau. Ef nú breytingar væru gerðar á stofnlánadeildarlögunum, þá ættu þær að vera í þá átt að uppfylla þau loforð eftir getu deildarinnar, sem gefin hafa verið, en ekki uppfyllt, eins og til þeirra fyrirtækja, sem hafið hafa undirbúning, en eru ekki komin á þá leið, sem ætlað hafði verið. Mér er t. d. kunnugt um eitt fyrirtæki á Vesturlandi, sem lofað hafði verið stofnlánadeildarláni, en ekki fengið, og er aðeins búið að koma upp hluta af því, sem það hafði fyrirhugað. Mér finnst því, að ef breytingar yrðu gerðar á stofnlánadeildarlögunum, þá ættu þær að vera þannig, að deildin greiddi fyrst þau loforð, sem nýbyggingarráð hafði gefið.

Forseti (SB): Þar sem tilætlunin hafði verið, að hv. fjhn. d. athugaði málið fyrir 2. umr. þess, en hún hefur nú átt mjög annríkt undanfarið, þykir mér rétt að fresta umr. að sinni.

Umr. frestað.
Á 71. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 421, 456).

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki doka við með að taka þetta mál til umr., þar til form. fjhn. verður hér viðstaddur, vegna þess að n.

mun hafa athugað frv. á ný ásamt brtt., sem ég flutti við það.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Pétur Ottesen: Það hefur orðið samkomulag um það milli mín og form. fjhn., hv. þm. V-Ísf., að ég tæki brtt. mína aftur til 3. umr. N. hefur ekki unnizt tími til að athuga hana. Ég tek því till. aftur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 73., 74., 85. og 94. fundi í Nd., 23. og 24. marz, 18. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. GÞG o. fl.).

Á 73. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [133. mál] (þmfrv., A. 480).

Á 74. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar frv. um gengisskráningu o. fl. var til umr. í hv. d. í síðustu viku, fluttum við þm. Alþfl. við það tvær brtt., sem gerðu ráð fyrir, að persónufrádráttur mætti hækka nokkuð frá því, sem nú er, en þær till. voru báðar felldar. Þessum brtt. var andmælt m. a. með því, að slík ákvæði ættu ekki heima í þeim lögum. Hins vegar var þess getið af hæstv. forsrh., e. t. v. fyrir hönd hæstv. ríkisstj., að eðlilegt væri að hækka nokkuð persónufrádráttinn. Það er og mála sannast, að persónufrádrátturinn er óeðlilega lágur, eins og hann er í gildandi skattalögum. Í Reykjavík er hann ákveðinn 900 kr. fyrir einstakling að grunntölu, fyrir hjón 1800 kr. og 700 kr. fyrir hvert barn, en utan Reykjavíkur er hann 100 kr. lægri fyrir hvert barn. Meðan persónufrádrátturinn er ekki hærri en þetta, eru þurftartekjur skattlagðar og auk þess óeðlilega lítill munur gerður á skattgreiðslu einhleypra og hjóna og einnig barnlausra og barnmargra fjölskyldna. Það hefur því lengi verið réttlætismál að lækka skatta á þeim, sem hafa mörg börn á framfæri sínu. En nú með gengislækkun þeirri, sem nýverið hefur verið samþ. á Alþingi, er þörfin mun meiri, því að hún hlýtur að koma mjög hart niður á láglaunamönnum og alþýðu manna almennt. Það er því þörf ráðstafana til að koma á nokkurri tekjujöfnun með því að lækka skattabyrðina á láglaunamönnum og barnmörgum hjónum. Þess vegna er þetta frv. fram borið. Væntum við flm. góðra undirtekta, vegna þess að skilja mátti af orðum hæstv. forsrh., að hæstv. ríkisstj. teldi þessa breytingu eðlilega. — Þess má geta í sambandi við þetta, að fyrir hv. Ed. liggur frv. um breyt. á skattalöggjöfinni í þá átt að hækka persónufrádráttinn, en þó ekki alveg eins mikið og hér er gert ráð fyrir. En ef ástæða hefur verið fyrir hendi að hækka persónufrádráttinn sem nemur því, sem þar er gert ráð fyrir, á þeim tíma sem það var lagt fyrir hv. d., þá er ekki vanþörf að hækka hann nú sem þessu nemur. Í því frv. eru tvö höfuðatriði: Í fyrsta lagi hækkun á persónufrádrættinum og í öðru lagi að heimila að draga kostnað vegna aðkeyptrar heimilishjálpar frá skattskyldum tekjum, ef kona skattgreiðanda vinnur utan heimilis. Sú till. mun vera miðlunartill. í máli, sem deilum hefur valdið á undanförnum þingum, þ. e. hvort skattleggja eigi hjón saman eða ekki. Ég hef borið fram frv. um, að samsköttun skuli hætt, en það hefur ekki hlotið fylgi hér á Alþ. Þetta mun hv. 8. þm. Reykv. hafa vitað og þess vegna borið fram sitt frv., m. a. til þess að freista að fá nokkra lagfæringu á því ranglæti, sem átt hefur sér stað í þessum málum. En þetta frv. veldur líka deilum, og eru margir þm. andvígir því, m. a. vegna þess að þar er blandað saman tveim lítt skyldum málum. Vegna þessa er ástæða til að ætla, enda orðin sú raun á, að það verði fyrir nokkrum töfum. Það er heldur ekki rétt að blanda þessum málum saman, þar sem annað hefur verið og er mikið deilumál. Þess vegna höfum við þm. Alþfl. í þessari d. flutt þetta frv. um breyt. á einu atriði í skattalöggjöfinni, ákvörðunum um persónufrádrátt. Viljum við nú fá úr því skorið, hvort þetta réttlætismál á ekki fylgi að fagna hjá þeim flokkum, sem styðja hæstv. ríkisstj., því að ekki er ástæða til annars en ætla, eftir því sem fram kom, er frv. um gengisskráningu o. fl. var afgreitt, að báðir þeir flokkar, sem í stjórnarandstöðu eru, séu þessu fylgjandi. — Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 640, var útbýtt 5. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Skáldalaun, rithöfunda og listamanna (frv. MK).

Á 85. fundi í Nd., 18. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um úthlutun launa til listamanna [140. mál] (þmfrv., A. 545).

Á 86. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Undanfarið hefur mjög verið rætt um andlegt frelsi. Umræður þessar eru auðvitað góðra gjalda verðar, en hins vegar hafa þær verið nokkuð einhliða, þar sem þær hafa aðallega snúizt um andlegt frelsi manna erlendis. En ekki hefur verið rætt um andlegt frelsi manna hér innanlands, þótt það ætti að liggja mönnum nær.

Eins er það alkunnugt, að hið opinbera hefur allmikil afskipti af listamönnum okkar. Þjóðin er fámenn, og til þess að halda uppi listamannalífi og hlynna að þeim á einhvern hátt koma til afskipti ríkisvaldsins. Beinustu afskipti þess eru laun listamannanna. Á fjárlögum þessa árs er áætlað ½ millj. kr. til listamanna. Síðustu árin hefur staðið styr um þessa úthlutun. Sumir listamenn hafa fengið hvatskeytislega áminningu um stjórnmálaskoðun sína og verið refsað eftirminnilega, en aðrir hafa fengið umbun fyrir sín stjórnmálaafskipti. Tilgangurinn hefur auðsjáanlega verið sá að laða menn til fylgis við ákveðna stjórnmálaflokka eða hræða þá. — Upphaflega var sá háttur á úthlutun listamannalauna hafður, að hv. Alþingi úthlutaði fénu til einstakra listamanna á tveim greinum fjárlaganna, 15. gr. og 18. gr. Þeir, sem komust á 18. gr., héldu sínum launum til æviloka, því að ekki mátti skerða þau, en aðeins hækka. Þetta var mikið öryggi fyrir listamenn. 1939 var þessu breytt. Ástæðan til þess var eingöngu pólitísks eðlis. Var breytingunni beint gegn Halldóri Kiljan Laxness og Þórbergi Þórðarsyni. Hafði H. K. L. þá 5000 kr. og Þ. Þ. 2500 kr. í listamannalaun árlega, en þeir voru nú snögglega lækkaðir niður í 1800 kr. Tilgangurinn var einungis sá að hirta þessa menn.

Ég hef hugsað mér að vekja ekki deilur hér um þetta mál, en ekki varð hjá því komizt að drepa á þetta, sem ég hef gert, og hæfir hér að minna á ályktun, er gerð var á stofnfundi Bandalags íslenzkra listamanna 1942 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Listamannaþingið vill leiða athygli Alþingis að eftirfarandi atriðum:

1. Þeim listamönnum og rithöfundum, er launa nutu samkvæmt 18. gr. fjárlaga, var raunverulega gefið beint fyrirheit löggjafans um, að þeir nytu þeirra launa ævilangt.

2. Þetta fyrirheit löggjafans hefur verið rofið með því fyrirkomulagi, sem nú ríkir um úthlutun fjár til skálda og listamanna.

3. Slíkt brot á raunverulega gefnu heiti getur ekki talizt samboðið virðingu hins háa Alþingis, og auk þess skapar sú ráðabreytni óvissu og öryggisleysi fyrir þessa menn og aðra, er til greina hefðu komið síðar. En þetta allt saman hlýtur að draga mjög úr möguleikunum fyrir því, að fullgild ritverk og önnur listaverk geti orðið til, og er því beinlínis til tjóns fyrir menningu þjóðarinnar á þessum sviðum."

Ég hygg, að þessi röksemdafærsla eigi einnig við í dag. — 1942 var málunum breytt enn þá. Átti þá hver deild innan listamannasamtakanna að skipta laununum á milli einstaklinga. Þessi tilhögun mun ekki hafa verið gerð af góðum hug, enda er þetta fyrirkomulag ekki skynsamlegt. 1946 var enn breytt til, og var þá sá háttur tekinn upp, að láta þingkjörna nefnd úthluta fénu. Úthlutun þessarar nefndar hefur vakið umtal og deilur. Nefndin lækkaði laun H. K. L. úr 6000 kr. í 4000 kr., og er það brot gegn 18. gr., þar sem hann hafði áður kr. 5000. Enn fremur voru lækkuð laun hjá Gunnari Benediktssyni, Ólafi Jóh. Sigurðssyni, Snorra Hjartarsyni og Magnúsi Ásgeirssyni. 8 rithöfundar mótmæltu þessum aðförum og neituðu að taka við launum sínum. Dagblöðin töldu úthlutunina óréttláta og lögðu til, að fyrirkomulaginu yrði breytt. En þetta fyrirkomulag hefur haldizt óbreytt, og hefur hin þingkjörna nefnd úthlutað listamannalaununum. Þessi stefna, sem fram kom, að lækka og hirta vissa menn, hefur haldizt. Helztu breytingar, sem orðið hafa, eru: H. K. L. hefur ekki fengið nein laun undanfarin tvö ár. Halldór Stefánsson hefur verið sviptur öllum launum, Gunnar Benediktsson og Snorri Hjartarson sömuleiðis, og nú síðast gerðist það, að laun próf. Jóns Helgasonar voru felld niður. Lækkaðir hafa verið: Magnús Ásgeirsson, Steinn Steinarr, Ólafur Jóh. Sigurðsson. Allt þetta hefur vakið miklar deilur, og ég held, að fáir hafi verið ánægðir með þetta fyrirkomulag. 1946, þegar deilur stóðu um þessi mál, skipaði þáv. menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, nefnd til að gera till. um að koma málum þessum í fast horf. Í nefndinni voru: Jakob Benediktsson, Kjartan Ólafsson, Pálmi Hannesson og Gunnar Thoroddsen. Nefndin kom sér saman um frv., og voru helztu atriði þau, að 7 manna nefnd átti að sjá um úthlutun listamannalaunanna; 4 menn skyldu tilnefndir af stjórnmálaflokkunum, 2 af heimspekideild háskólans, og 7. nefndarmaðurinn var tilnefndur af þeirri deild, sem verið var að úthluta til í það og það skiptið. Þá voru og ákveðnir 6 launaflokkar. Enn fremur, að þeir, sem fengið hefðu laun í efstu launaflokkum í 5 ár, haldi þeim ævilangt úr því. Og að lokum lagði nefndin til, að verðlauna skyldi fyrir einstök verk höfunda. Þetta frv. var sent Bandalagi íslenzkra listamanna til umsagnar. Það lagði til, að nokkrar breyt. yrðu gerðar á því, og er niðurstaðan sú, sem þetta frv. ber með sér, sem ég hef leyft mér að bera fram. Það fyrirkomulag, sem hér er lagt til að upp verði tekið í úthlutun launa til listamanna, er einfalt, og er gert

ráð fyrir 3 launaflokkum. Þetta frv., eins og það nú liggur fyrir, var samþ. af öllum þeim, sem um það fjölluðu í Bandalagi ísl. listamanna, og sýndi ég það hv. 3. landsk. þm., en hann hefur haldið fast við sitt frv. Hins vegar hefði ég kosið, að hægt yrði að ná samkomulagi um þetta mál, og er ég fús til að ræða um breytingar á frv., en það skiptir miklu máli, að Alþingi komi nú endanlegu skipulagi á þessi mál.

Hv. þm. ættu að vera sammála um það, að deilur þær, sem orðið hafa um úthlutun launa til listamanna, séu sízt til sóma fyrir Alþingi, og er þess brýn nauðsyn, að þessu deilumáli verði komið í endanlegt horf.

Ég leyfi mér svo að óska þess, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Skáldalaun, rithöfunda og listamanna (frv. GÞG).

Á 86. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um laun skálda, rithöfunda og annarra listamanna og listarráð [143. mál] (þmfrv., A. 553).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég læt aðeins fáein orð fylgja þessu máli úr hlaði, þar eð hv. þdm. er málið þegar kunnugt, sökum þess, að það var flutt í sömu mynd á síðasta þingi. Aðalefni frv. er það, að gert er ráð fyrir, að heimilað verði að veita 12 skáldum heiðurslaun, allt að 18 þús. kr. Því fé, sem veitt kann að verða til skálda og listamanna þjóðarinnar, að heiðurslaununum frádregnum, skal skipta í 9, 6 og 3 þús. kr. launaflokka. Í frv. er einnig gert ráð fyrir því, að þau skáld og listamenn, sem hlotið hafa heiðurslaun í 5 ár í röð, skuli hljóta styrkinn ævilangt og skipi þeir listarráð eða akademi, er sé menntmrn. til ráðuneytis í listamálum og úthluti heiðurslaunum, hins vegar úthluti menntamálaráð hinum launaflokkunum, svipað og verið hefur.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl. (frv. ÁkJ og EOl).

Á 88. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl. [148. mál] (þmfrv., A. 580).

Á 89., 90. og 93. fundi í Nd., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. Siglf. er ekki hér viðstaddur nú, svo að ég verð að hafa stutta framsögu fyrir þessu frv., og er ekki þörf að orðlengja um þetta mál, þar sem hv. þm. ætti að vera það svo kunnugt, þar sem það hefur verið helzta deilumál undanfarinna þinga. En fiskábyrgðin var, sem kunnugt er, afnumin í vetur, er gengislækkunarfrv. var samþ. Við hv. þm. Siglf. fluttum þá till. um, að ábyrgðinni yrði haldið áfram, því að annars mundi útvegurinn stöðvast, en þá vildi meiri hlutinn ekkert sinna því. Alþfl. og sósialistar stóðu að till., en Framsfl. og Sjálfstfl. voru á móti. Við fluttum einnig till. um að lögfesta 93 aura verð sem lágmarksverð, en það var í samræmi við það, sem hagfræðingar ríkisstj. höfðu reiknað út, að fást þyrfti fyrir fiskinn, ef menn ættu að verða skaðlausir af gengislækkuninni. Hvað hefur svo komið í ljós? Það hefur komið í ljós, að loforð þau, sem fólust í grg. fyrir gengislækkunarfrv. um 93 aura verð, hafa brugðizt algerlega og verð ekkert hækkað úr 75 aurum og sums staðar lækkað. Hins vegar hefur það gerzt, að vörur, sem útgerðarmenn þurfa að kaupa, hafa hækkað í verði, olía um 45%, veiðarfæri og allt annað. Gengislækkunin hefur því einungis lagt byrðar á bátaútveginn, hækkað verð á nauðsynjum, en látið framleiðsluvörurnar annaðhvort standa í stað eða lækka í verði, og er það allt annað en lofað var, þegar verið var að samþykkja gengislækkunina. Við sósialistar sögðum þá, að svona mundi fara, en stjórnarflokkarnir mótmæltu því. Við sögðum, að gengislækkun væri röng aðferð til að bæta úr vandræðunum og auk þess væri verðfall erlendis fram undan, en stjórnarflokkarnir vildu ekki að heldur sinna því, en lækkuðu

aðeins gengið og hækkuðu með því móti allar nauðsynjar bátaflotans. Ég býst því ekki við því, að bera þurfi hér frekar fram siðferðislegar forsendur fyrir því, að ríkinu beri skylda til að grípa hér inn í. Ríkisstj. tekur gjaldeyrinn og hækkar allar nauðsynjarnar og lofar hærra verði fyrir fiskinn, og það verður að standa við það loforð, sem hefur verið gefið. Það er ekki hægt að grípa þannig inn í atvinnulífið ábyrgðarlaust. Það er ekki hægt að hækka verð á veiðarfærum, olíu og öðrum nauðsynjum, en láta afurðaverðið standa í stað. Ríkisstj. verður að standa við það loforð um hækkað afurðaverð, sem hún hefur gefið. Ég veit, að spurt verður, hvort þetta þýði ekki nokkurra milljóna tap fyrir ríkissjóð. Slíkt er hugsanlegt, en það verður ekki komizt hjá að horfast í augu við erfiðleikana, ef taka á gjaldeyrinn frá framleiðendunum. Það verður að ráðast á verzlunargróðann, og þjóðnýting hans er óhjákvæmileg nauðsyn. Íslendingar hafa ekki efni á að halda uppi fjölmennri stétt, sem tekur einokunargróða af verzluninni. Og það er ekki hægt að halda áfram eins og í vetur með gengislækkuninni. Allur grunnurinn er að bresta, og ef enginn útflutningur verður, þá verður heldur enginn innflutningur. Því er það aðalinntak frv. þessa, að frá 20. marz og til ársloka 1950 verði tryggt 93 aura verð fyrir nýjan fisk og sambærilegt verð fyrir hraðfrystihúsin og saltfiskframleiðendur. Ég þykist vita, að ástandið sé svo hér sunnanlands, að margir bátar hefðu hætt veiðum, þegar gengið var lækkað, ef ekki hefði verið orðið svo áliðið vertíðar, að það borgaði sig betur að reka bátana með tapi en hætta, en úti um allt land er hætt við því að verði alls engin útgerð, ef fiskábyrgðin verður ekki í gildi, og það er stórkostlegt þjóðhagslegt tjón, ef ekki verður gert út. Það er þjóðhagslegt tap, þegar fellur niður vinnudagur eða ekki er farið í róður, en ekki hitt, hverju hver einstakur þegn græðir eða tapar á. Við verðum að gera þær ráðstafanir, að þeir, sem að framleiðslunni vinna, geti stundað störf sín, en ég er hræddur um, að útgerðinni á Norðurlandi, Vesturlandi og Austurlandi sé teflt í tvísýnu, ef þetta frv. verður ekki samþ. Það hefur dregið úr áhrifunum, hve veiði hefur víða verið léleg, en þótt vertíðin hafi brugðizt víða, þá er samt erfitt að selja aflann. — Ég vil svo vonast til, að þó að meiri hluti Alþingis væri á móti fiskábyrgðinni, þegar gengislækkunin var samþ., þá hafi þeir nú séð, hvað þetta þýðir fyrir útgerðina, og vilji því nú fallast á það, sem þeir vildu ekki sinna þá. Það hafa komið áskoranir frá sjómönnum og útgerðarmönnum víðs vegar að af landinu um að taka aftur upp fiskábyrgðina, og frá mönnum af öllum flokkum, og vil ég þar nefna áskorun frá bæjarstjórn Vestmannaeyja. Ég vænti þess því eindregið, að frv. verði rækilega athugað, áður en þingi lýkur. Þá vil ég óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn. Fiskábyrgðarlögin hafa alltaf verið í þeirri n. vegna hugsanlegra útgjalda, sem af þeim stafa, þó að eðlilegra væri, að þau væru í sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 642, var útbýtt 5. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Sjúkrahús o. fl.

Á 49. fundi í Sþ., 12. maí, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. [166. mál] (þmfrv., A. 726).

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þetta mál hefur áður legið fyrir þ. í brtt.-formi. Rök hafa verið talin liggja fyrir því að láta fjórðungssjúkrahús njóta hinna sérstöku fríðinda hvað stofnframlög snertir. Þau liggja á sama hátt fyrir um sjúkrahús á Siglufirði, því að Siglufjörður er ein af mestu verstöðvum landsins. Þangað sækir fjöldi manns til vinnu í landi, og fjöldi innlendra og erlendra skipa er þar að jafnaði. Er fjöldi útlendra sjómanna t. d. lagður þar inn á sjúkrahús. Þessi eru rökin fyrir því að fara fram á, að sjúkrahús á Siglufirði verði látið njóta sömu fríðinda um stofnframlög og fjórðungssjúkrahúsin. — Sé ég svo eigi ástæðu til að segja meira um þetta mál. Það hefur áður verið rætt, og legg ég til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Útsvör (frv. ÁkJ o. fl.).

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör [169. mál] (þmfrv., A. 747).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

40. Vegalagabreyting (frv. HV).

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [4. mál] (þmfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Undanfarin ár hafa vegalögin ekki verið endurskoðuð, og má því ætla, að að því liði, að breyt. verði þörf. Þess vegna er þetta frv. flutt. Þar er um þrjár breyt. að ræða, allar fremur smávægilegar. Eins og l. eru nú, er Snæfjallastrandarvegur að Bæjum í þjóðvegatölu, en hér er lagt til í a-lið, að í þjóðvegatölu verði áframhaldandi vegur til Sandeyrar. Sú breyt., er felst í b-lið, er, að af Ögurvegi frá Eyri í Ísafirði verði tekinn í þjóðvegatölu vegur um byggðir Reykjarfjarðarhrepps, með afleggjara að skólasetrinu Reykjanesi, því næst um Þúfnadal, með afleggjara í Vatnsfjörð, til Skálavíkur í Mjóafirði. Þessi breyt. er gerð til þess, að hægt sé að leggja vegakerfið um hinn einangraða Reykjarfjarðarhrepp, í stað þess að vegurinn liggi að fjallabaki að stórbýlinu Ögri í Ögurhreppi. Þá er í þriðja lagi lagt til, að tekinn verði í þjóðvegatölu vegur frá Súðavík fyrir botn Álftafjarðar um Sjötúnahlíð og Kambsnesháls inn fyrir Seyðisfjörð að Hesti í Hestfirði.
Með frv. eru þrjú skref stigin til þess að koma á akvegasambandi um þéttbýlustu svæði Inndjúpsins. Það verður að bíða betri tíma að gera vegakerfið samfellt, og tel ég ekki ástæðu til að leggja til, að svo stórt spor verði stigið nú. Með frv. er aðeins farið fram á það nauðsynlegasta, sem verður vegagerðarverkefni á næstunni.
Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgmn.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það mun ekki vera regla að tala um efni brtt. við 1. umr. og ætla ég ekki að gera það. En ég á brtt. á þskj. 24, og eru það sömu till. og ég lagði fram hér í hv. d. í fyrra. Þær hlutu þá nokkra náð hjá samgmn., og ég vildi, að þær fylgdu móðurskipinu til n. nú. Ég vænti hins bezta hjá n. og skal ekki orðlengja frekar um þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 24, 35, 37, 42, 50, 53, 75, 185, 264, 284 og 314.

41. Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð [8. mál] (þmfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Á þinginu 1947 flutti ég frv. til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð. Lét ég því fylgja allýtarlega grg., og get ég að nokkru leyti vísað til hennar nú, eins og hún liggur fyrir í þingskjali, um tilgang frv. og mun láta nægja að ræða meðferð á þinginu 1947 og síðan. Afgreiðslan á því í iðnn. Ed. var sú, að nefndin klofnaði í meiri hl. og minni hl., og gaf meiri hl. út nál. í febrúar 1948 og lagði til, að frv. yrði samþykkt með nokkrum breytingum; en minni hl. gaf einnig út nál. og lagði til, að frv. yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi (með leyfi hæstv. forseta):
„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða þetta frv. með hliðsjón af lögum um rannsóknaráð ríkisins og lögum um fjárhagsráð og leggi síðan fyrir næsta Alþingi frv. um heildarskipun iðnaðarmálanna og aðstoð ríkisins við þau, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."
Var dagskrá þessi samþ. og málið þannig fengið í hendur ríkisstjórninni til frekari athugunar. Frv. var sent ýmsum aðilum til umsagnar, m. a. rannsóknaráði ríkisins, er mælti með því, að það næði fram að ganga, og taldi áríðandi, að málum yrði skipað með þeim hætti sem þar var gert ráð fyrir. Rannsóknaráð lagði að vísu til nokkrar breytingar, en þær eru ekki veigamiklar og raska í engu grundvallarstefnu frv. Þá var frv. einnig sent Félagi íslenzkra iðnrekenda til umsagnar, og mælti það sömuleiðis með því og gerði aðeins till. um óreglulegar breytingar, sem ekki raska meginefni. Segir svo í umsögn félagsins (með leyfi hæstv. forseta):
„Vér lítum svo á, að ef frv. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð nær lagagildi, muni verða rutt úr vegi mörgum þeim hindrunum, sem í athugaleysi eða að yfirlögðu ráði hafa verið lagðar í götu íslenzks iðnaðar. Þess vegna leggjum vér til, að frv. verði samþykkt."
Fleiri aðilum var frv. sent til umsagnar, svo sem Búnaðarfélagi Íslands, er einnig lagði til, að frv. yrði afgreitt.
Nú hefði mátt ætla, þegar jafnmargar stofnanir höfðu lagt til, að málið næði fram að ganga, að það hefði mætt meiri skilningi og samúð hér í þessari hv. þd. en raun varð á. En að vísu er þó skylt að hafa í huga, að n. lagði til, að frv. yrði samþ. Ég átti margsinnis ýtarlegt tal um það við hæstv. samgmrh. á síðasta Alþ., og svaraði hann jafnan, að málið væri í undirbúningi og mundi áreiðanlega verða tekið fyrir á þinginu. Þau loforð voru hins vegar ekki efnd. En vegna þeirra loforða bar ég málið ekki fram á síðasta þingi. Hins vegar hlaut ég að bera það fram nú.

Þetta mál var mjög aðkallandi 1947, og það er enn meir aðkallandi nú. Við sáum það bezt af umræðum ráðherranna í Sþ. í gær, að ef þetta mál hefði verið orðið að lögum, hefði það hjálpað mjög til að leysa þann vanda, sem þar var rætt um. Ég verð því að segja, að ég á erfitt með að skilja, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur getað látið undir höfuð leggjast í heilt ár að framkvæma vilja allra stofnana og félaga, er lýst hafa sig fylgjandi þessu frv.

Ég sé, eins og ég tók fram áðan, ekki ástæðu til að rekja efni frv., en læt mér nægja að vísa í gögn frá þinginu 1947 og nál. meiri og minni hl. iðnn. Vænti ég þess, að málinu verði að loknum umræðum vísað til iðnn. og hún kynni sér nákvæmlega öll gögn, er að því lúta, og komi þá einnig þau gögn henni í hendur frá hæstv. ráðh., er hann kann að hafa aflað síðan málið kom í hendur hæstv. ríkisstjórnar. Vænti ég þess, að hæstv. ráðh. hafi hér eitthvað að segja um málið, er upplýsi þann drátt, er á afgreiðslu þess er orðinn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæður til að ræða þetta mál mikið nú, en ef það fer til n., mun ég gefa henni allar þær upplýsingar, er ég get í té látið.

Aðalástæðan til þess, að frv. kom ekki fram á síðasta þingi, er sú, að ég var ekki alls kostar ánægður með það form, sem á því var. Það var rétt, sem hv. flm. sagði, að ég hafði hug á, að það gæti komið fram á síðasta þingi, en úr því varð nú ekki. Frv. er um margt athyglisvert, en hins vegar eru þar nokkur atriði, sem ég hefði óskað að væru öðruvísi, og mun ég gera hv. n. grein fyrir því og gefa henni aðrar upplýsingar, er að því kemur.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. orð hans. N. mun leita til hans, og þykir mér vænt um, að hann skuli vera fús til að gefa henni þær upplýsingar, er í hans valdi stendur, og jafnvel þótt hann hafi ekki aðstöðu til að gefa þær sem ráðherra, mun n. verða honum þakklát fyrir það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Stóríbúðaskattur.

Á 4. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um stóríbúðaskatt [30. mál] (þmfrv., A. 36).

Á 6. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það lá hér fyrir á síðasta þingi, en varð ekki útrætt, þannig að þdm. er það kunnugt. Ég vil aðeins láta þess getið, að það, sem fyrir flm. vakir með þessu frv., er það að fá einhvern jöfnuð á húsnæði, en svo sem kunnugt er, er húsnæðisskorturinn mikill og kemur ákaflega illa niður meðal fólksins, þar sem samkv. skýrslum er sagt, að hér í Rvík búi um 1700 manns í bröggum, sem ættu þegar að hafa verið lagðir niður, þar sem þeir voru byggðir til aðeins fárra ára. Samtímis hefur það svo gerzt, að byggt hefur verið meira af stærri íbúðum en nauðsynlegt má teljast, að fólk hafi, og er tilgangurinn með þessu frv. sá, að reyna að fá á einhvern hátt jöfnuð metin. Mundi það geta gerzt með tvenns konar hætti, þ. e. að vegna þessara l. yrði aukið framboð á húsnæði eða í gegnum þann skatt, sem hér er gert ráð fyrir, sköpuðust möguleikar til þess, að byggingarfélögin fengju einhver fjárráð, en eins og kunnugt er, er það annað aðalatriðið, sem hamlar byggingum mjög mikið, að ekki er nokkur leið að fá fé með nokkurn veginn sæmilegum kjörum. — Ég orðlengi þetta ekki frekar, en óska, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki búizt við, að 1. flm. byrjaði á því að lýsa yfir, að ekki þyrfti að fara mörgum orðum um þetta mál. Ég hefði frekar búizt við að heyra af munni hennar mörg orð um þetta mál. Mér skilst, að hér sé á ferðinni mjög mikið nýmæli, er skapi nýja stefnu í félagslífi þjóðarinnar, og lét mér ekki detta í hug, að flm. hefði tekið á sig þá ábyrgð að flytja slíkt mál nema ræða það allýtarlega. Ég vil þó nota mér það vald, sem ég hef, til að ræða nokkuð einmitt þessi atriði, sem hún óskar ekki eftir, að verði rædd við þessa umr.

Ég vil þá í fyrsta lagi leyfa mér að benda á, að jafnvel grg. er merkilega ómerkileg í sambandi við svona stórt mál, mjög fáar upplýsingar um það, hvað liggi til grundvallar, og sáralítil rannsókn, sem hefur farið fram, áður en slíkt mál er borið undir þingið. Vildi ég því bera hér fram nokkrar fsp. til flm., í trausti þess, að hún hafi kynnt sér þetta mál, að hún hafi ekki eingöngu flutt það af þjónkun við sinn flokk, heldur hafi raunverulega gert sér grein fyrir, hvort sé eðlilegt og hollt, að málið nái fram að ganga, þó að sú staðhæfing, að ekki þurfi að ræða málið, bendi í aðra átt. — Í fyrsta lagi: Hver er tilgangurinn með þessu frv.? Það kom raunar að nokkru fram, að aðaltilgangurinn væri sá að jafna húsnæðinu á milli fólksins. Ef það væri aðaltilgangurinn með frv., væri þá ekki eðlilegra að taka upp skömmtun á húsnæði, eins og á mörgu öðru í landinu? Eða hvað mundi hv. flm. segja, ef í stað þess að hafa skömmtun á kvenkjólum væru þeir stórkostlega skattlagðir. Ef það er aðaltilgangur frv. að miðla húsnæðinu jafnt á milli fólksins í landinu, fyndist mér eðlilegast að taka upp skömmtun, sem væri miklu fljótvirkari leið. En þrátt

fyrir öll húsnæðisvandræðin í landinu hefur sú leið ekki þótt fær undanfarin ár.

Ég vil spyrja hv. flm., hvort hún hafi gert sér grein fyrir, af hverju húsnæðisvandræðin stafa, eins og þau eru í dag. Veit hún, að þau stafa af hinum afar ranglátu húsaleigulögum, sem sett voru, því að annars væri ástandið miklu betra? Önnur ástæða til húsnæðiseklunnar í þessum bæ er sú, hve margir menn hópast hingað utan af landsbyggðinni, því að það þykir betra að lifa í Rvík en annars staðar á landinu. Ég vildi gjarna vita, hvort flm. hefur kynnt sér þessar orsakir.

Ég held, að fyrsta ástæðan fyrir flutningi þessa frv. sé sú að ná á þann hátt fé í ríkissjóð, og hygg, að bezt sé að viðurkenna, að aðaltilgangur frv. er að ná svo og svo miklum tekjum í ríkissjóð, auk þeirra skatta, sem þegar eru fyrir í landinu, og er þá bezt að ræða það á þeim grundvelli, hvort bezt sé að taka þetta fé á þann hátt, sem hér er lagt til. Þá gefur flm. það upp sem meginástæðu, að styrkja eigi byggingarfélög, sem sinna byggingarstarfsemi. Ég geri ráð fyrir, að flm. sé ljóst, að húsnæðismálunum hefur hjá þessari þjóð verið bjargað til þessa dags aðallega á tvennan hátt. Annars vegar er það einkaframtakið, sem hefur tekið að sér að byggja yfir sig og aðra í þjóðfélaginu, tekið á sig það verkefni að byggja undir þeim lagafyrirmælum, sem gilt hafa í landinu á hverjum tíma. Hins vegar eru svo þeir, sem hafa notið einhvers styrks frá því opinbera til þess að byggja fyrir, en hafa ekki haft efni á að byggja yfir sig sjálfir. Í þennan síðarnefnda flokk húsa hefur svo það opinbera látið allmikið fé á hverju ári og gerir enn, og skilst mér, að nú sé tilgangurinn með þessu frv. hér að styrkja enn frekar þessa aðila, en þá má ekki heldur loka augunum fyrir því, að ef það þykir sjálfsagt að halda áfram að styrkja þessa aðila til þess að byggja yfir sig og sínar fjölskyldur með stórum fjárfúlgum úr ríkissjóði, sem ég er ekki á móti út af fyrir sig, þá má ekki loka augunum fyrir því, að hinir, þeir menn, sem hafa tekið að sér þetta hlutverk án þess að fá nokkurn styrk til þess, ættu sízt af öllum að verða fyrir barðinu á þessum l. Áhugi þessara manna minnkaði stórkostlega fyrir þau kverkatök, sem þeir voru teknir með húsaleigul.

Ég hygg, að það sé óhjákvæmilegt að athuga þetta mál, áður en það fer lengra, þó að hv. flm. telji ekki þörf á að ræða það. Hvað telur hún að skatturinn mundi nema miklu, ef frv. næði fram að ganga? Það er óverjandi að flytja svona inn í þingið án þess að minnast á, hvaða tekjur það gefi ríkissjóði, hverju það bjargi og hvaða skatta það leggur á þjóðfélagið. Hefur hv. flm. haft fyrir því að reikna út, hve mikill skattur þetta yrði árlega, ef frv. næði fram að ganga? Ég skal gefa henni nokkrar upplýsingar í þessu máli, áður en ég lýk máli mínu. Tökum t. d. íbúð, sem er 130 fermetrar, og þar búi hjón, sem hafa alið þar upp tvö börn, og hjónin vilji ekki flytja burt, þó að börnin séu farin. Þá eru eftir 60 fermetrar, sem greiddur yrði skattur af, og yrðu það 11 þús. kr. á ári. Þegar hér var frjálst að byggja húsnæði, var algengt, að menn byggðu 350 fermetra hús, og þegar um var að ræða t. d. hjón með 6—8 börn, gat það ekki talizt mjög mikið húsnæði. Það voru svona rétt nægilegar stofur niðri, borðstofa, setustofa o. s. frv., og svefnherbergi uppi fyrir fjölskylduna. Hugsum okkur, að öll þessi börn séu farin að heiman, sem ekki væri óeðlilegt, og eftir séu aðeins gömlu hjónin, þá mundu viðkomandi aðilar, ef frv. þetta næði fram að ganga óbreytt, þurfa að greiða 37 þús. kr. í skatt á ári. Veit flm. þetta? Hefur hún kynnt sér þetta? Ég efa það mjög og sömuleiðis, að flokkur hennar hafi kynnt sér það eða formaður hans. Það getur verið, að hv. flm. finnist þetta sanngjarnt, getur verið, en það er áreiðanlegt, að flm. fær einhverja erfiðleika um það er lýkur, áður en búið er að innheimta alla þá skatta í þessum bæ, og þyrfti ekki að hafa fyrir því að bjóða sig fram til alþingis- eða bæjarstjórnarkosninga, eftir að farið væri að framkvæma þessa löggjöf eins og hún er borin fram.

Þá vildi ég spyrja hv. flm., hvort hún hafi kynnt sér, hve mörg hús það eru í landinu, sem kæmi til með að greiða yrði skatt af, ef frv. þetta næði fram að ganga. Hefur hv. flm. ekki kynnt sér, hvort þetta snertir örfáa menn eða allan þorra íbúa þessa bæjar og landsins yfirleitt? Nú geri ég ráð fyrir, að ef frv. þetta nær fram að ganga, fari eins og um getur í grg., að menn fari að þrengja að sér, að menn vilji ekki borga 37 þús. kr. skatt af íbúð sinni til ríkisins, heldur fari að leigja öðrum. Hvað er þá næsta sporið? Að gerbreyta húsunum, því að í langflestum þessum húsum, sem eru tvær hæðir, er ekki íbúð nema á annarri hæðinni, því að eldhúsið er venjulega aðeins á neðri hæðinni, og yrði því að gerbreyta húsunum til þess að gera þau að 2—3 fjölskyldna íbúðum, til þess að gera þau að rússneskum íbúðum. En hefur þá flm. gert sér grein fyrir, hvað þarf til að gera hús í Rvík að rússneskum íbúðum? Þetta skilst mér að flm. hefði átt að kynna sér rækilega. Ég er alveg viss um, að það þarf milljónir í fjárfestingu til þess að breyta húsunum svo, að hægt sé að forðast skattinn. Ég vildi gjarna spyrja flm., hvað hún hugsi sér, ef þetta frv. nær fram að ganga og þessir aðilar, sem ég hef minnzt á, vildu ekki búa við þetta, að setja sig niður í tveimur herbergjum og láta húsaleigunefnd hirða það, sem eftir er af húsinu, og breyta öllu, — á hvers kostnað hefur flm. hugsað sér, að þær breytingar færu fram? Ég vildi gjarna fá svar við því hjá flm., hvort hún hugsi sér að leggja þetta á húseigendur eða þá að fá tryggingu fyrir því, að hin nýja húsaleiga yrði þannig, að allur skatturinn fengist útborgaður. Þá vildi ég enn fremur spyrja flm., því að ég geri ráð fyrir, að hún hafi kynnt sér eitthvað í þessu máli: Hvað hugsar hún sér í sambandi við íbúðir þess opinbera, t. d. húsnæði prestanna hér í Rvík? Það er kunnugt, að í því skyni hafa verið byggð á s. l. ári hús, sem eru 130 fermetrar. Nú komast þeir í þá aðstöðu að búa einir í húsinu, — er þá ætlazt til, að þeir sleppi við að borga þennan skatt, eða á að framkvæma hina rússnesku aðferð á þeim líka?

Ég sé, að það stendur hér í grg., að ekki sé unnt að áætla, hve miklu skatturinn muni nema, því að gera megi ráð fyrir, ef frv. verði að l., að ýmsir, sem eiga að greiða skattinn, muni taka þann kost að bjóða fram til leigu nokkuð af því húsnæði, sem þeir nú nota. Þetta held ég að flm. telji, að verði gangur málsins, en þá rekur hún sig á það vandamál, sem ég lýsti áðan, að þetta yrði ekki gert nema með stórkostlegri fjárfestingu, sem ekki er tryggð með þessu hér, síður en svo.

Ég hygg, að það þurfi að leita lengi til þess að finna lagafrv., sem hefur verið jafnlítið grundað áður en það var sent inn í þingið og þetta hér. Og ég er viss um, að flm. hefur ekki sjálfur gert sér grein fyrir því, hvílíkum erfiðleikum menn kæmu til með að mæta við framkvæmd þessa frv., ef samþ. yrði.

Ég mun að sjálfsögðu fylgja frv. til n., hv. flm. hefur stungið upp á fjhn., og er það bein skýring á því, að hún telur þetta skattamál. Ef hún teldi það félagsmál, — húsnæðismál, þá ætti það að fara til heilbr.- og félmn. En þetta er skattpíningarmál, sem pínir út ákveðinn skatt, ranglátasta skatt af öllum ranglátum sköttum, þess vegna er bezt að viðurkenna það strax, að það er aðaltilgangur frv. Síðan á svo að nota þetta fé til að hjálpa mönnum til að byggja, sem hafa aðstoð frá ríkissjóði, en taka það af þeim mönnum, sem gerðu þessa skyldu sína, en höfðu enga aðstoð, — nú á að taka megintekjur þessara manna í skatta. Það er ekki furða, þó að hv. flm. segði, að það þyrfti ekki að ræða þetta mál. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða málið frekar á þessu stigi, en mun fylgja því til fjhn.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Það er búið að dynja svo mikið á mér af spurningum, að ég get ekki svarað helmingnum af þeim. Þó langar mig til að segja það, að ég hef heyrt hv. þm. Barð. flytja hér frv., og efast ég um, að hann hafi þá gert janfmiklar kröfur til sjálfs sín eins og hann gerir til mín nú. Hv. þm. kom með fyrirspurn varðandi 3. málsgr. 4. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að ef húsnæði leigist ekki, þá sé húseigandi undanþeginn skatti, fyrir eitt ár í senn. Það vill nú svo til, að hann svarar sér sjálfur, jafnframt því sem hann leitar upplýsinga, með því að lesa frv. yfir, en hann hefur sennilega ekki gert það fyrr en í augnablikinu. Hann svaraði helmingnum af þeim spurningum, sem hann var búinn að beina til mín, þar á meðal um breytingar á húsnæði. Það stendur ekkert um það í þessu frv., en það liggur í hlutarins eðli, að ef húsnæði leigist ekki í því ástandi, sem það er, þá kemur ekki til að greiða skatt af því. En ef hann vill gera brtt. um það, að það eigi að gera breytingar á húsnæðinu til að gera það íbúðarhæft, þá er það til athugunar. Annars snerist hv. þm. það mikið um sjálfan sig, að ég á erfitt með að taka upp þráðinn með honum. Hann segir: Hver er tilgangurinn? Hann svarar: Fá fé í ríkissjóð. — Hann er sjálfráður, hvort hann vill kalla það ríkissjóð, þar sem talað er um sérstakan sjóð, sem ætlaður er til lánveitinga, að hálfu til byggingarsamvinnufélaga og að hálfu til byggingar verkamannabústaða. Þetta er ætlað í ákveðnum tilgangi, en ekki í ríkissjóð. Ég held, að ef hv. þm. í rólegheitum hefði kynnt sér 4. gr. í sambandi við það, sem hann var að tala um fjárfestingu og breyt. á húsum, þá væri hann búinn að fá svör við því, sem hann þóttist ekki vita. Hann svarar sér líka sjálfur með því, sem stendur í grg., hve miklu skatturinn mundi nema. Hann sagði, að þessir menn hefðu tekið að sér af eigin rammleik það hlutverk, sem byggingarsamvinnufélög og þeir, sem standa að verkamannabústöðum, fá styrk til. Ég sé ekki, að það sé svo mikið hlutverk, ef menn hafa aðstöðu til að byggja yfir sig, kannske 2 manneskjur, 6—7 herbergja íbúð, að það sé sérstaklega þakkarvert. — Svo var hann að minnast á húsaleigulögin og sagði, að þau væru óréttlát. Ég hef átt heima í þessum bæ yfir 20 ár og þekki líklega gang húsnæðismálanna eins vel og hann, og hann þarf ekki að segja mér um húsaleigul. En það eru skiptar skoðanir um það, hverja stefnu eigi að taka, þar er kappsmál hans sú stefna, sem ég ekki fylgi.

Ég held ég sjái ekki ástæðu til að svara frekar á þessu stigi, fyrirspurnir hv. þm. voru það mikið út í bláinn, það verður ef til vill tækifæri til þess síðar. Það, að ég taldi ekki langra umræðna þörf hér nú, var vegna þess, að ég veit, að þetta mál hefur legið fyrir þinginu áður og það er því þm. kunnugt. En fyrst hv. þm. Barð. þekkir málið ekki betur en þetta, þá er sjálfsagt að ræða það eftir því sem honum þóknast.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það er ætlazt til þess við 1. umr. mála, að aðallega sé rædd meginstefnan, en þar sem svo stendur á, að afstaða manna til þessa frv. hlýtur að mótast eftir ákvæðum þess í einstökum atriðum, þá vil ég gera nokkrar aths.

Hv. 1. flm. undraðist, að menn hefðu ekki áttað sig til hlítar á þessu frv., þar sem það hefði legið hér fyrir Alþ. áður. En ég efast um, að flm. hafi þá verið alvara með, að frv. næði fram að ganga, a. m. k. hefði þá málinu verið fylgt á eftir á annan hátt en gert var, og þá mundi frv. einnig hafa verið betur úr garði gert en mér sýnist það nú vera. Ef ég hef misskilið frv., þá er gott, ef hv. 1. flm. getur leiðrétt það, svo að menn taki þá afstöðu til frv. með það fyrir augum. Ég vil lýsa því yfir, að meginstefnu þá getur ekki verið hægt að hafa á móti því, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til þess að reyna að létta á þeim miklu húsnæðisvandræðum, sem eru víðs vegar um landið, einkum í Reykjavík, og ef menn hafa trú á því, að það sé hægt að gera með frv. eitthvað í átt við það, sem hér liggur fyrir, þá er það vissulega leið, sem verður að íhuga áður en henni er hafnað. En fram að þessu hafa þessir menn ekki flutt frv., sem þeir sjálfir hafa einu sinni trú á, að næði fram að ganga, því að þá hefði málið verið fastar sótt en gert hefur verið. Og ég verð að segja það út af svörum hv. 1. flm. við fyrstu fyrirspurn hv. þm. Barð., að það er auðvitað töluvert ósamræmi í löggjöf að láta það haldast annars vegar, að

ríkið styrki tiltekna gerð íbúða, hvort sem það eru kallaðar samvinnubyggingar eða verkamannabyggingar, — að það sé styrkt með beinum framlögum úr ríkissjóði eða ábyrgð ríkissjóðs, en síðan séu þessar íbúðir, þegar búið er að koma þeim upp, skattlagðar svo, að óbærilegt sé. En ég held, að erfitt sé að komast fram hjá því, að eftir þessu frv. geti í mörgum tilfellum farið svo.

Hv. 1. flm. sagði, að hún teldi það ekki þakkarvert, þó að menn kæmu upp stærri íbúðum en þeir þyrftu á að halda, af eigin rammleik eða með atbeina ríkisvaldsins. En áður en farið er að beina að mönnum refsiköttum af því tilefni, þá finnst mér einfaldari leið að afnema þau ákvæði í l., sem veita mönnum beinan styrk til þess að koma upp þessum íbúðum, og setja þá til að byrja með fyrirmæli um það, að í verkamannabústöðum t. d. megi ekki aðrir hafa íbúðir en þeir, sem hafa svo stórar fjölskyldur, að þeir mundu sleppa skattlausir samkvæmt frv. eins og þessu, ef það er ætlun manna að festa það í l., og tilsvarandi fyrirmæli væru þá sett í l. um samvinnubústaði. Fyrst þegar búið væri að setja slík fyrirmæli í l. og hindra menn í að ráðast í þetta áfram, þá getur verið vit í því að fara að refsa mönnum með sérstökum sköttum. En hitt fær ekki staðizt, að ríkið haldi áfram að styrkja verkamannabústaði eða samvinnubústaði, en leggja svo á sérstakan refsiskatt, ef borgararnir hafa orðið við þeirri hvatningu, sem ríkið beinir að þeim, um að nota sér heimild l., — svo að ég held, að þetta frv. verði að skoðast í samræmi við þau l., sem nú þegar gilda, og ráðstafanir af ríkisins hálfu og bæjarfélaga til þess að greiða úr húsnæðisvandræðum. Ég held það sé óeðlilegt að halda áfram að leyfa mönnum að byggja t. d. íbúðir með „halli“ eða stórri innri forstofu, sem menn vita ekki, hvort hægt er að taka til mannabústaða, en þegar menn svo eru búnir að byggja þetta, að leggja þá á þá þungan refsiskatt fyrir að hafa gert athöfn, sem fram að þessu hefur verið kölluð lögleg. Ég vil benda á, að það er nær að hindra slíkar húsbyggingar. — En ég held, að það verði erfitt að koma því við að leggja þennan skatt á eins og hér er hugsað. Hv. flm. sagði að vísu, að það væri hægt að komast hjá skattinum með því að bjóðast til að leigja út. Látum það gott heita. En mundi það þá duga, og mundi leigjast út innri forstofa? Það getur vel verið, en það er vitað, að margar íbúðir mundu eingöngu lenda í þessum skatti af því, að menn hafa byggt og keypt íbúðir, sem eru með þessu sérstaka byggingarlagi og vitað er, að oft og tíðum reynast til trafala, en ekki er annars kostur eins og hér er allt í pottinn búið, og það er gefinn hlutur, að meðan þetta losaralag er á byggingarmálunum hér á landi, þá tjáir ekki að ætla sér að refsa mönnum fyrir þessar sakir. — Við skulum taka annað dæmi. Það er beinlínis ólöglegt að hafa íbúðir í kjöllurum, og ég hygg, að margar íbúðir, sem eru á háaloftum undir risi, séu á móti heilbrigðissamþykktum. Nú skulum við segja, að menn, vegna fjölskyldustærðar, hefðu talið sér hentara að láta innrétta hjá sér ris í stað þess að láta það vera alveg ónotað, eins og mundi vera löglegt og í rauninni eitt í samræmi við ströngustu ákvæði heilbrigðissamþykkta. Hvaða vit er þá í því að leggja á sérstakan refsiskatt fyrir að gera sjálfum sér þau þægindi að hafa einhver afnot af þessu risi eða kjallara, en láta þann sleppa, sem lætur þetta standa autt? Ég get ekki séð, að það sé nein sanngirni, og ég mundi telja, að þetta þyrfti nokkru nánari íhugunar við, áður en lögfest væri.

Þá sagði hv. þm., að sér væri kunnugt um húsaleigul. og hv. þm. Barð. þyrfti ekki að segja sér neitt af þeim. Ég er ekki viss um, að þeim, sem samdi þetta frv., hafi verið kunnugt um húsaleigul., vegna þess — og bið ég hv. flm. að leiðrétta mig, ef ég hef misskilið frv. — að ég get ekki skilið frv. á annan veg en þann, að ef leigjandi hefur of stóra íbúð samkvæmt frv., þá verði hann skattskyldur af henni. Nú getur verið að þetta sé leigjandi, sem samkvæmt gildandi húsaleigul. situr í íbúðinni eiganda að ófúsu, þannig að eigandi hafi gert ítrekaðar tilraunir til að koma honum út, en maðurinn setið þar engu að síður. En það er nú ekki svo áhættulaust fyrir eiganda að láta þennan mann sitja þarna, því að í 9. gr. frv. segir: „Stóríbúðaskatt má taka lögtaki, og hvílir hann sem lögveð á íbúðinni.“ Þá verður niðurstaðan sú, að vegna þess að leigjandi hefur, kannske um mörg ár, setið í óþökk húseiganda í húsi hans, en ekki farið út, af því að hann hafði rétt samkvæmt húsaleigul. til að vera kyrr, þá verður húseignin tekin sem lögveð fyrir þann skatt, sem lagður er á, þannig að fyrir það að þessi maður situr samkvæmt lagaboði í íbúðinni, þá telur löggjafinn, að það eigi að leggja refsiskatt á húseiganda, vegna þess að íbúðin sé of stór. Í þessu tilfelli verður húseigandi, sem um mörg ár hefur reynt að koma manninum út, ekki aðeins að þola lögtak, heldur verður hann að borga 10—20 þús. kr. á ári eða láta sem veð sína húseign fyrir það að verða að þola þennan dólg í húsi sínu. Ég held það sé einfaldara að heimila húseiganda að losna við slíkan herra úr húsinu, áður en hann yrði að taka á sig slíkar kvaðir. Ég held, að þetta mál hafi alls ekki verið hugsað til neinnar hlítar.

Á sama veg má segja t. d. um 10. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Stóríbúðaskattur skal á lagður í fyrsta sinn árið 1949.“ Nú er komið nokkuð langt fram á árið 1949, og ekki hefur mönnum á þessu ári gefizt tilefni til, samkvæmt þessu frv., að leigja út frá sér, eins og hv. flm. benti á, en ef það er úrræði, eins og hv. flm. taldi vera, þá tjáir ekki, eins og hér er gert ráð fyrir, að láta frv. verka aftur fyrir sig, það stangast hvert á annars horn. Tímafrestirnir í frv., sem við er miðað varðandi skattlagninguna eru 1. júní, 1. sept. og 1. okt., en samt segir, þegar komið er að áramótum 1949, að skatturinn skuli á lagður árið 1949. Ég held, að ekkert af þessu fái staðizt. Það má segja, að allt þetta séu atriði, sem megi laga í hendi sér, og það er einmitt vegna þess, að ég tel þetta vankanta, sem megi sníða af, að ég bendi n. á það. En þess vegna bendi ég n. á það nú við 1. umr., að afstaða mín til

þessa máls mun fara eftir því, hvernig þessi hugmynd verður útfærð, sem hér um ræðir. Ég tel hugmyndina sjálfa engan veginn frágangssök. Það, sem ég tel varhugavert við þetta, er, að ég tel þetta ákaflega erfitt í framkvæmd eins og sést af frv. eins og það liggur fyrir, og að það verði á því ótal göt, þar sem þeir, sem hafa í sér geð til þess, geti smogið í gegn, og þess vegna verði þessi löggjöf ætið meira pappírsgagn heldur en raunveruleg not verði að henni.

Ég vænti þess, að það *takist að sníða af* vankanta þessa frv., og þá má þess vænta, að því verði sómi sýndur. En ég held, að ég verði að taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði, að enn hefur aðalhlið þessa máls ekki verið skoðuð og frv. er hvergi nærri samið af þeirri vandvirkni eða alvöru, sem ætla mætti af nýsmíð svo ágæts þm. sem hér um ræðir.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins benda hv. 1. flm. á það, að ræða hennar sannaði fullkomlega, hversu lítið hún er kunnug þessu máli. Hv. þm. gekk fram hjá þeim grundvelli, sem ég lagði fyrir hana, vegna þess að hún hefur ekki kynnt sér málið í heild. Mér sem öðrum er kunnugt um menntun og gáfur hv. þm., og þær eru meiri en er samboðið þessari svarræðu. Getur það ekki afsakazt af öðru en vanþekkingu á málinu. Það er auðvelt að svara því, hvernig þetta verkar samkvæmt þeim útreikningum, sem ég tók. Ég spurði, hvort hv. flm. hefði kynnt sér, hvort þetta gæti komizt upp í 37 þús. kr. skatt á ári, eða hvort hún teldi þetta eðlilega skattálagningu, en hv. flm. kom ekki nærri að ræða það efnislega. Það gekk svo langt, að flm. var ekki ljóst, að þetta ætti að renna í ríkissjóð, en talaði um, að þetta ætti að renna í sérstakan sjóð. Það er ákveðið, að þetta er ríkisstyrkur, sem nota á til ákveðinna verkefna eins og t. d. benzínskatturinn, sem er notaður til viðhalds á vegum, og benzínskatturinn rennur í ríkissjóð.

Hv. flm. talaði um, að ég hefði gerzt talsmaður ákveðinnar stefnu og hún væri mér ekki sammála um þá stefnu. Húsaleigumálin eru ekki hér til umr., en það er rétt, að ég hef gerzt talsmaður þeirrar stefnu í húsnæðismálunum, sem ekki eingöngu traðkar á rétti þeirra manna, sem styrkjalaust af sjálfsdáðum hafa tekið að sér það hlutverk, sem nú þykir svo mikils virði, að ríkissjóður verður að leggja stórkostlega fjármuni, til þess að þetta geti haldið áfram. Þetta hefur verið mín stefna í húsnæðismálunum, og ef hv. flm. heldur, að það verði bætt úr þeim málum með því að ýta þessum mönnum af athafnasviðinu, þá er það misskilningur. Það er mjög langt þangað til hægt verður að ýta þeim mönnum burtu, sem hafa verið að byggja yfir sig og sína, og það mundu sjálfsagt margir finna til byrði, ef ætti að taka þá stefnu í húsnæðismálunum yfirleitt. Ég hef gerzt talsmaður á móti þeirri stefnu, en það er svo að skilja, að flm., ef hún er á öðru máli, þá sé það af því, að hún vilji gerast talsmaður þeirrar stefnu.

Hv. flm. talaði um, að þetta frv. hefði legið fyrir Alþ. En veit hv. flm., hvernig afgreiðslu þetta mál fékk á s. l. þingi? Ég held, að það hafi ekki einu sinni komið nál., hvorki frá meiri hl. né minni hl., því að þess var krafizt, að málið væri tekið úr n. til afgreiðslu fyrir d., án þess að nokkuð væri búið að ákveða sig um það, hvort n. mælti með frv. eða ekki. Þetta var afgreiðsla málsins, og það bendir til þess, að fullkomin ástæða sé til að athuga frv., eins og hæstv. dómsmrh. benti á, og enn meiri ástæða til að fara um það meira en örfáum orðum, þegar það er lagt fram.

Þá minntist hv. flm. á, að það væri ekkert annað en að láta íbúðirnar standa auðar. Mér er spurn. Bætir það úr húsnæðismálunum, ef fleiri íbúðir standa auðar, af því að ekki er hægt að leigja þær, vegna þess að fjárfestingarleyfi til að breyta þeim fæst ekki? Ég hafði þó skilið það svo, að eitt af atriðunum, sem þetta mál ætti að leysa, væru húsnæðisvandræðin. En það yrði ekki til þess að bæta úr í þessu efni, þó að margar íbúðir stæðu auðar, af því að ekki fylgdu þeim eldhús, böð eða stigar til að komast upp í þær. Nei, ég held, að þetta sé svo mikið vandamál, að það þurfi miklu betri athugun en hér hefur verið gerð, og hún verður náttúrlega gerð í þeirri n., sem fær málið til meðferðar. Ég er hins vegar ekki sammála hæstv. ráðh. um það að geta fylgt þessu frv. í nokkurri mynd. Mér skilst þetta frv. ekki vera annað en skattamál, og eins og ég benti á í minni fyrstu ræðu, að ef þetta á að bæta úr húsnæðisvandræðum, er auðveldari leið að skammta húsnæðið. En ég get ekki fylgt þeirri stefnu, sem kemur fram í frv., að nota þetta atriði sem hreint skattamál og þvinga menn þannig til þess að yfirgefa einhvern hluta af húsnæði sínu. (*RP:* Mundi ekki skömmtun hafa sömu áhrif?) Þá er komið inn á allt annað atriði. Þá eiga viðkomandi aðilar að taka að sér skyldur í sambandi við íbúðir sínar. Eftir þessu frv. verður útkoman sú, að búi t. d. hjón með tvö börn í húsnæði, sem ekki er skattskylt, sem verða fyrir þeirri sorg að missa annað barn sitt, þá eiga þau að greiða skatt, vegna þess að íbúðin verður þá of stór. Fyrir það ólán, sem þau hafa orðið fyrir, að missa barn sitt, þá verða þau annaðhvort að greiða skatt eða leigja út herbergið. Það væri ekki leiðinleg sending til hjónanna að fá einhvern fylliraft inn í íbúðina. Finnst nú hv. flm. sæmilegt að bera þetta fram? Það eru, eins og bæði ég og hæstv. ráðh. höfum bent á, þúsund erfiðleikar, sem koma fram, ef framkvæma á þetta eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held, að hv. flm. ætti að athuga þetta mál betur, áður en hún fylgir því með atkv. sínu út úr þessari deild.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég efa það ekki, að það sé rétt hjá þeim hv. þm., sem hér hafa staðið upp og andmælt þessu frv., að það megi margt við það athuga og að það liggi eitthvert verkefni fyrir þeirri n., sem fær frv. til meðferðar. Málið er sjálfsagt bæði umfangsmikið og vandasamt, og þess vegna má vel búast við því, að ýmsu þurfi að breyta, ef til vill skattupphæðinni og skattgrundvellinum, og tillit að taka til ýmissa atriða. Ég get

t. d. vel hugsað mér, að vafasamt sé að einskorða það svæði, sem frv. ætti að ná til, við þá staði þar sem húsaleigul. séu í gildi. Ég get hugsað mér, að það orkaði mjög tvímælis. Það er auðvitað margt fleira, sem kemur til greina, t. d. tillit til hinna opinberu húsnæðisl., l. um verkamannabústaði og samvinnubyggingarfélög. Það er mikið til í því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að fljótt á litið virðist óeðlilegt, að húsnæði, sem ríkið styrkir menn til að koma upp, verði síðan með annarri löggjöf skattlagt. Ef til vill er ástæða til, að n., sem fær frv. til athugunar, íhugaði þetta atriði. En meðan andmælin gegn þessu frv. birtast eingöngu í barlómi fyrir hönd þeirra manna í þjóðfélaginu, sem kynnu að verða fyrir fjárhagslegum útgjöldum vegna frv., þá finnst mér tómahljóð í þeim. Ég tel það augljóst mál, að það sé ekki nema réttlætismál og þjóðfélagslegt nauðsynjamál að skattleggja húsnæði, sem er illa notað, í þjóðfélagi, sem ekki hefur efni á að byggja yfir húsnæðislaust fólk. Ég sé ekki annað en að það sé sjálfsagður hlutur, ef það er mjög algengt, — sem virðist vera sannfæring hv. þm. Barð., — að tvær til þrjár hræður búi í stórum íbúðum, en sumir eru húsnæðislausir, og þjóðfélagið getur ekki veitt fjárfestingarleyfi, svo að það fólk geti byggt sér íbúðir, — þá sé ég ekki annað en það sé réttlætismál, að þetta stóra húsnæði, þar sem tveir til þrír menn búa kannske í húsnæði, sem gæti verið sæmilegt fyrir 20 til 30 manns, sé skattlagt. Og ég tel, að það gæti orðið til þess, ef menn vilja ekki taka á sig skattaálögur og vilja heldur ekki þrengja að sér, þá fái þeir sér annað húsnæði og yfirgefi hið fyrra, svo að fleira fólk komist þarna undir þak. Ég sé ekki annað en megintilgangur frv. sé réttlætismál, sem sé sá, að stuðla að betri notkun húsnæðis, sem þjóðin hefur fest fjármagn sitt í. Þetta er megintilgangur frv., þó að lagt sé til í því, að fé það, sem inn kemur, sé notað í þágu byggingarmála. Ég held, að það sé ekki rétt hjá hv. þm. Barð., þegar hann vill gera þetta að skattpíningarfrv. og fjáröflunarmáli. Andi frv. er, að nýtt verði betur það húsnæði, sem til er í þjóðfélaginu. (*GJ:* Ekki lagði ég til, að frv. færi í fjhn.) Þó hefði verið betra, að lagt hefði verið til, að frv. færi til heilbr.- og félmn. (*Forseti:* Er þetta till. frá hv. þm.?) Ég get vel gert það að till. minni að láta það koma til atkv. hér. Ég tel frv. aðallega fram komið til þess, að notað verði betur það húsnæði, sem til er í landinu, og hitt sé aukaatriði, að afla fjár með því.

Hv. þm. Barð. vék réttilega að því, að hugsanlegt er, að tilgangi svipuðum þeim, sem þessu frv. er sýnilega ætlað að ná, mætti ná með því að fara aðrar leiðir, það mætti taka upp skömmtun á húsnæði. Og mér er sagt, að Norðmenn hafi mjög farið þessa leið eftir stríðið. Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. Barð. teldi það skynsamlegri leið, því að um þessa leið sagði hann, „að flest atriði frv. væru bæði heimskuleg og ranglát.“ Ég held, að hv. þm. Barð. hafi ekki gerhugsað það mál, þegar hann ber fyrir brjósti hag húseigenda, þegar hann vill fara skömmtunarleiðina. Það getur verið, að hún sé effektivari, en hún er miskunnarlausari og gengur nær frjálsræði húseigendanna en skattlagningarleiðin. Ef húsnæði er skammtað, er það ákveðin rúmmetratala, sem húseigandi má nota, og á hann þá einskis annars kost en að hleypa fólki inn í húsnæði sitt, hann missir valdið yfir sínu húsnæði. Aftur á móti getur í mörgum tilfellum staðið svo á, að sá, sem býr við óþarflega rúmt húspláss, eigi þess kost að velja um, *eftir efnahagsástæðum* og hvaða mat hann leggur á þetta sjálfur, hvort hann vill heldur taka á sig peningaútgjöld og þrengja ekki að sér eða hvort hann vill sleppa við útgjöld og þrengja að sér eða flytja úr húsnæði sínu og selja það, afla sér síðan annars, sem er minna, og þá getur farið svo, að fleira fólk fái úrlausn sinna húsnæðismála með því að kaupa eða taka á leigu það húsnæði, sem þannig losnar. Það eru því margfaldir frjálsræðismöguleikar, sem hægt er að fá með því að fara skattlagningarleiðina, á við skömmtunarleiðina. Ég er því hissa á hv. þm. Barð. að fordæma þessa leið, sem hér er lagt til að farin verði, *sem er mildari og skerðir minna rétt* húseigenda en skömmtunarleiðin.

Ég held það hafi verið hæstv. dómsmrh., sem benti á, að óeðlilegt væri, að fjölskyldur, sem hafa til þess fullan lagalegan rétt að gerast eigendur íbúða í verkamannabústöðum, — og að engin skilyrði væru um það sett í l., að það þyrfti að vera ákveðin fjölskyldustærð til þess að geta fengið styrk af ríkisfé, — væru skattlagðar, ef fjölskyldunni fækkaði eitthvað. Það má segja, að þarna komi ónotalega í bakseglið, en ég vil vekja athygli á því, að l. um verkamannabústaði mundu einmitt samrýmast betur anda svona frv. heldur en þau mundu samrýmast húsnæðiseign einstaklinga. Það er sá höfuðkostur við l. um verkamannabústaði, að ung hjón, sem fá byggða íbúð á vegum slíks byggingarfélags, þau geta látið sér nægja í upphafi að gerast þar eigendur lítillar íbúðar, t. d. að íbúðin væri tvö herbergi og eldhús, en ef félagið hefði þessa starfsemi með höndum framvegis og fjölskylda ungu hjónanna stækkaði, þá er það mjög fær leið, að hún fengi hjá sama byggingarfélagi stærri íbúð keypta og seldi öðrum aðila minni íbúðina. Þá fær þetta fólk íbúð við sitt hæfi og annar aðili fengi einnig íbúð við sitt hæfi. Þegar svo börnin fara af heimilinu og fjölskyldunni fækkar, getur hún fengið litla íbúð keypta aftur hjá sama byggingarfélagi, og stærri fjölskylda flytti þá í hina íbúðina. Það eru líkur til, að svona hreyfingar eigi sér einmitt stað í sambandi við l. um verkamannabústaði, í sambandi við hús, sem byggð eru eftir þeim l., ef íbúðaskattur er í l. En ef hann er ekki í l., má búast við, að ungu hjónin kaupi strax, ef þau geta, stóra íbúð og sitji í henni ævilangt, og verður þá þetta húsnæði illa notað upphaflega og svo kannske mörgum árum síðar, þegar fjölskyldan minnkar. Ég sé ekki annað en að stóríbúðaskatturinn stuðli að því, einmitt kannske hvað þetta snertir, að húsnæði verði betur notað, að gernýtingu húsnæðis. Hjón, sem búa tvö ein í 10 herbergja íbúð og eiga, ef þetta frv. verður að l., að greiða stóran skatt, mundu vafalaust, ef þau teldu sér ekki fært

að greiða skattinn, reyna að selja húsnæðið stórri fjölskyldu, sem sæi fram á, að hún yrði ekki fyrir þungum búsifjum af skattinum. Hv. þm. Barð. sló því föstu, að geysilega mörg hús á öllu landinu og hér í Reykjavík mundu koma undir skattskyldu þessa frv., ef að l. yrði. Og það þýðir, að það er mikið til í þessari góðu borg og á okkar ágæta landi af húsnæði, sem er illa notað. Og spurningin er, hvort hægt er með l. að hafa áhrif á, að húsnæði verði betur notað, t. d. með skattlagningarleiðinni, eða hvort aðrar leiðir eru til þess færari. Ef einhverjir hv. þm. sjá aðrar leiðir, sem séu betur til þess fallnar að knýja fólkið til að nota betur húsnæði, til þess að hægt sé að gera úrlausn þeim, sem ekkert eða lélegt húsnæði hafa, þá vil ég vænta þess, að einmitt áður en málið fer til n. komi þeir með sínar ágætu till. Mér fannst hæstv. dómsmrh. viðurkenna það, að full þörf væri á, að eitthvað væri gert til þess að nota betur húsnæði, sem nú er til, og mér finnst það í raun og veru sjálfsagt, þegar eins er ástatt og nú er. Það er takmarkað, sem þjóðfélagið telur sig hafa efni á að verja af byggingarefni til viðbótar og endurnýjunar húsnæðis á ári hverju, og ég álít, að þá sé full ástæða til, að löggjafinn veiti mönnum aðhald um að verja ekki t. d. helmingi meira af byggingarefni og gjaldeyri í að byggja íbúð handa sér heldur en þörfin segir til um og þurfa svo fyrir bragðið að neita öðrum um íbúðir. Mér finnst þessi skattlagningarleið einna líklegust til að veita slíkt aðhald. Ég get ekki betur séð en að það taki fyrir slíkan lúxus í húsnæði sem stórhýsin, er standa í röð hérna vestur á Melunum, eru með „hall" í miðju húsi, sem eru eins stór og tveir til þrír meðalverkamannabústaðir. Ég teldi það bara gott. Möguleikar mundu skapast til þess að taka fyrir svona hluti, og um leið mundu verða möguleikar á því að byggja fleiri hóflegar íbúðir, og það væri úrlausn á þjóðfélagslegu vandamáli. Mér virðist því, að það hljóti að vera viðhorf okkar alþm. til frv. að taka ekki með fjandskap megintilgangi þess og búa til úr því skattpíningargrýlu, eins og hér hefur verið reynt, heldur finna út, hvað sé til þjóðfélagslegra umbóta með megintilgangi þessa frv., og svo, að n., sem fær málið til meðferðar, geti sniðið af því vankantana, svo að það komi að sem mestum þjóðfélagslegum notum. Þó að margt megi að frv. finna og margt verði að lagfæra í n., þá er megintilgangur þess helgaður þjóðfélagslegri þörf, sem full ástæða er til að bæta úr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ummæli síðasta hv. ræðumanns um fjandskap við þetta frv. get ég ekki tekið til mín. Ég gerði við það ákveðnar efnislegar athugasemdir, sem hv. 1. flm. hefur ekki hreyft athugasemdum við, og ég verð þess vegna að álíta, að hún, á þessu stigi málsins, hafi talið, að þær hefðu við rök að styðjast, og ég get ekki séð, að það sé neinn fjandskapur við málið, þótt það sé rætt eins og það liggur fyrir og bent á, hvar þar megi betur fara. Ég vil taka það fram, að ég er út af fyrir sig — ég get sagt það alveg skýrt — því sammála, að það geti vel komið til athugunar að fallast á þessa leið, sem hér er stungið upp á, svo fremi að það takist að færa þetta í það horf, að aðgengilegt sé og verði ekki, eins og ég sagði áðan, um bersýnilega rangsleitni að ræða annars vegar og gagnslaus pappírsl. að ræða hins vegar, sem auðvelt sé að komast fram hjá. En það er það, sem ég hef verið hræddur við um slíka lagasmíði sem þessa. En ég játa, að húsnæðisvandræðin eru svo mikil og eru sannarlega svo erfitt úrlausnarefni, að fyrir fram er ekki hægt að hafna neinni till., sem í alvöru er flutt fram til þess að reyna að bæta úr þeim. Hitt benti ég á, að þetta frv. sýnist að undanförnu ekki hafa verið flutt í alvöru, vegna þess að því hefur ekki verið fylgt eftir af flm. þess, eins og gert er með frv., sem menn í raun og veru vilja að nái fram að ganga. Ég tel líka, að á þessu frv. séu svo miklir annmarkar, að ef menn í alvöru hefðu viljað láta það ná fram að ganga, þá hefðu þeir vandað betur til þessarar frv.-smíðar en gert er.

En ég vil sérstaklega taka það fram hér, að ég tel, að hyggilegra sé að beita í þessu skyni skattaðferðinni heldur en beinni skömmtun, og ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um, að það mundi koma mildilegar niður, en þó gera sama gagn í flestum tilfellum, þannig að ef um það tvennt er að ræða, þá sýnist mér skattaleiðin aðgengilegri. Ég man ekki betur en á árinu 1943 hafi verið samþ., að vísu takmörkuð heimild um skömmtun á húsnæði, en enginn treysti sér til að nota þá heimild. Hún var skilyrðum bundin og tímatakmörkuð, en sá tími leið, sem hún var í gildi, án þess að menn treystu sér til að taka það fyrirkomulag upp hér. Hitt lýsti svo nokkrum misskilningi hjá síðasta ræðumanni, að hann sagði, að rétt væri að samþ. þetta frv. vegna þess, að það mundi koma í veg fyrir slíkar óhófsíbúðir eins og sjá mætti hér á Melunum. Ég vil benda hv. þm. á, að fjárhagsráð hefur algerlega tekið fyrir slíkar byggingarframkvæmdir. Ég held ég megi segja það, að hámark íbúðarstærðar, sem fjárhagsráð leyfir, séu 135 ferm., og í mörgum tilfellum leyfir það minni íbúðir einungis, þannig að nú þegar er búið að koma á þessari umbót. Ég vil geta þess til fróðleiks, að á þeim árum, sem ég var borgarstjóri í Reykjavík, leituðumst við töluvert eftir að stuðla að því, að góðar lóðir væru notaðar á þann veg, að gert væri að skyldu, að tvær íbúðir væru í hverju húsi. En ég minnist nokkurra dæma þess, að það var farið í kringum þetta á þann veg, að ekki varð við gert. Þessi löngun manna, þegar þeir hafa fjárráð til þess, að hafa stórar íbúðir, er svo sterk, að það verður býsna erfitt að girða þar fyrir. (*HV:* Mundi þá ekki skatturinn hjálpa?) Jú, það getur vel verið, að hann mundi hjálpa. Mér virðist fjárhagsráð hafa gert tilraunir til að takmarka stórar íbúðir. Þá hef ég einnig sagt, að ekki sé frágangssök að ræða frv. eins og þetta, það færi eftir því, hvernig tekst um útformun þess, hvaða afstöðu menn tækju til þess. En ég verð að segja það, að meðan einhleypar manneskjur geta fengið ríkisstyrk til að koma upp samvinnuhúsum, sem veittur er með ábyrgð ríkis-

sjóðs, þá er óeðlilegt að leggja þungan refsiskatt á þá, sem koma húsunum upp styrkjalaust. Og þó að manneskjan, sem þetta gerir, firri sig skattinum með því að leigja út óhæfilega stóra íbúð með okurleigu, þá er betra fyrst að koma í veg fyrir slíka misnotkun á styrkjum ríkisins, áður en farið er að refsa þeim með þungum sköttum, sem koma upp sínu húsnæði algerlega sjálfir, enda viðurkenndi hv. þm., að þetta mál yrði að skoðast í sambandi við gildandi l. um þessi efni. — Af því að ég benti hér á nokkur einstök atriði áðan, vil ég einnig spyrjast fyrir um það, hvaða tilefni er til þess hér í 2. gr., að séu þrír í fjölskyldu, má hver fjölskyldumeðlimur hafa eitt herbergi til afnota, fyrir utan eldhús, gang og „hall", en ef fjórir eru í fjölskyldunni, þá kemur önnur regla til greina. Ég sé ekki, að það sé eðlilegt að takmarka þetta á þennan veg. Mér finnst þá eðlilegra að segja: lágmarkið er, að eitt herbergi komi á hvern fjölskyldumeðlim. Það er hægt að taka um þetta augljós dæmi, t. d. ef um er að ræða hjón með uppkomin börn, sitt af hvoru kyni, eða ef ekki er hægt að komast hjá því að hafa vinnustúlku á heimilinu o. s. frv. Ég get ekki séð, að sanngjarnt sé að sníða þennan stakk svona þröngan sem hér er gert. Þetta heyrir að vísu undir meðferð málsins í n., en er ekki atriði, sem heyrir undir það, hvort menn geta fylgt meginstefnu frv. eða ekki.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, BBen, SÓÓ, GJ, JJós, LJóh.
nei: RÞ, StgrA, VH, HV, KK, BSt.
FRV, HG greiddu ekki atkv.
3 þm. (BrB, HermJ, PZ) fjarstaddir.
Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 8:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Fiskimálasjóður.

Á 7. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð [45. mál] (þmfrv., A. 61).

Á 8. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að flytja langa framsöguræðu í þessu máli, en vil þó leyfa mér að fara um það nokkrum orðum.

Löggjöfin frá 1947 um fiskimálasjóð er viðurkenning á því, að ríkisvaldinu beri að gera sérstakar ráðstafanir til eflingar atvinnulífinu við sjávarsíðuna á þeim stöðum, sem ráða yfir mjög takmörkuðu fjármagni, en liggja hins vegar vel við fiskveiðum. Þessi viðurkenning löggjafans hafði áður komið fram, og fer ég ekki nánar út í það að sinni. Hitt er svo degi ljósara, að ekki er þörfin minni nú en áður fyrir raunhæfar aðgerðir á þessum sviðum. Um það bera fjárhagsörðugleikar bátaútvegsins og skyldra atvinnufyrirtækja ljósan vott. Jafnframt er það augljós staðreynd, að þessi atvinnugrein, bátaútvegurinn, á stórmikinn þátt í öflun þjóðarteknanna. Í gildandi löggjöf um fiskimálasjóð eru sjóðnum einkum ætlaðir tvenns konar tekjustofnar: Útflutningsgjald af sjávarafurðum og beint framlag úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, allt að 1 millj. kr. á ári í 10 ár frá gildistöku laganna. Enn fremur er heimild til lántöku allt að 10 millj. kr. Framkvæmd þessara laga hefði orðið verulegt spor í þá átt að beina auknu fjármagni til framleiðslunnar og dreifa því nokkuð til hinna ýmsu útgerðarstaða, en einmitt þetta tel ég vera eitt hinna stærri viðfangsefna í íslenzkum stjórnmálum, því að minni hyggju er hinn gífurlegi samdráttur fjármagnsins í höfuðstaðnum samhliða stórfelldri bindingu þess í hinu og öðru utan við framleiðsluatvinnuvegina eitt mesta óhappið í atvinnumálum þjóðarinnar. Ég tel, að sú óheppilega fjármálaþróun hafi átt drýgstan þáttinn í því, hversu stríðir fólksstraumar hafa legið utan af landi til höfuðstaðarins og frá framleiðslunni til annarra starfsgreina. Nú hefur farið svo, illu heilli, að lögin um fiskimálasjóð hafa ekki komið til framkvæmda nema að litlu leyti. Hið árlega framlag ríkissjóðs hefur ekki verið tekið upp í fjárlög, og lántökuheimildin hefur ekki heldur verið notuð. Frv. því, er hér liggur fyrir, er ætlað að tryggja framkvæmd l. að því er viðkemur hinu árlega framlagi ríkissjóðs. Þá eru í frv. ákvæði um rýmkun á lánskjörum. Fer ég ekki nánar út í það að sinni, en vísa til grg.

Ég vil svo leyfa mér að leggja það til, að frv. verði vísað til hv. sjútvn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 256 og 260).

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið til meðferðar í sjútvn. síðan nokkru fyrir hátíðar, og leitaði n. umsagna stjórnar fiskimálasjóðs, Fiskifélags Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Þessar umsagnir hafa nú borizt n., þó ekki umsögn frá stjórn L. Í. Ú.

Niðurstaðan varð sú í n., að hún gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og eru því fram komin tvö nál. Að áliti meiri hl. standa tveir nm. með mér, en form. n., hv. þm. Barð. (GJ), gefur út sérálit. Einn nm., hv. 2. þm. Árn. (EE), var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í n. — Mér þykir rétt, án þess að ég ætli að fara að halda langa ræðu á þessu stigi

málsins, að gera gleggri grein fyrir því en ég hef áður gert.

Viðvíkjandi því, hvort samþykkja beri þetta frv. með litlum breyt. eða fella það, verður að gera sér ljóst, hvort ástæða var til að flytja málið og hver þörf er fyrir þær ráðstafanir, sem frv. kveður á um. En ef spurt er um það, má eins spyrja, hvort þörf hafi verið fyrir löggjöfina um fiskimálasjóð, eins og hún var sett í upphafi, en þá þörf viðurkenndi Alþ. á sínum tíma. Starfsemi fiskimálasjóðs er aðallega og í fáum orðum sagt tvíþætt: Annars vegar beinir styrkir til nýjunga, skv. 4. gr. laganna, og hins vegar viðbótarlánveitingar með hagkvæmum kjörum til þeirra aðila, sem búa við góð skilyrði til fiskveiða, en eru févana, skv. ákvæði 5. gr. Síðan þessi l. voru sett 1947, hafa nokkrar breytingar átt sér stað á aðstæðum almennt, en þær eru allar í þá átt, að þörfin fyrir starfsemi þessa sjóðs hefur vaxið. Þar hafa farið saman erfiðleikar framleiðslunnar og minni lánastarfsemi stofnlánadeildarinnar og fiskveiðasjóðs en gert var ráð fyrir í fyrstu. Þessar ástæður kalla á aukið fjármagn til fiskimálasjóðs, eða a. m. k. krefjast þær þess, að ekki verði dregið úr því fjármagni, sem gert var ráð fyrir við setningu l., að sjóðurinn fengi til umráða. Hér er farið fram á, að hin árlega greiðsla ríkissjóðs sé fest með lögum. Önnur ákvæði frv. eru um að mæta vaxandi lánaþörf og auknum erfiðleikum bátaútvegsins með hækkun einstakra lánveitinga úr sjóðnum og lækkun vaxta.

Ein helzta mótbáran, sem hreyft var gegn frv., var sú, að það væri mjög óviðeigandi að festa svona greiðslur með lögum. Það ætti ekki að ákveða greiðslur úr ríkissjóði til margra ára í senn. Mér þykir rétt að fara um þetta nokkrum orðum. Ég minni fyrst á það, að þetta atriði er einmitt mjög venjulegt í löggjafarstarfi síðustu ára. Ég skal aðeins tilnefna tvö eða þrjú atriði. Ef litið er í ríkisreikningana 1947, eru greiðslur vegna jarðræktarl. hátt á fjórðu milljón króna, Og ég hygg, að ekki leiki á tveim tungum, að mestur hluti þessara greiðslna sé samkv. bindandi ákvæðum l. Á sama reikningi er greidd vegna ýmissa bygginga í kauptúnum og kaupstöðum rúmlega 1 millj. árlega, allt samkv. bindandi lagaákvæðum. Þá er enn fremur með l. frá 1946 um landnám og nýbyggðir í sveitum gert ráð fyrir vissu framlagi árlega í 10 ár. Af þessu sést, að greiðslur til fleiri ára eru alls ekki svo óalgengar. — Í öðru lagi lít ég svo á, að þetta sé síður en svo fordæmanlegur siður, heldur ætti hann að tíðkast í fleiri málum. Ég álít, að Alþingi eigi ekki að þjarka um sömu greiðslurnar á fjárlögum ár eftir ár. Það er áreiðanlega full þörf á því að gera skarpari skil eða draga gleggri markalínur á milli löggjafar og framkvæmda. En það er nú önnur saga. — Í þriðja lagi er þetta ákvæði um fastagreiðslur til fiskimálasjóðs rökrétt, ef litið er á það, að sjóðurinn innir af hendi greiðslur vegna sjávarútvegsins samkv. 4. gr., sem eru þannig vaxnar, að sýnilegt er, að þar verður þörf mikils fjármagns um ófyrirsjáanlegan tíma. Sama má segja um lánveitingar sjóðsins samkvæmt 5. gr. l., ef það mál er skoðað nokkru nánar.

Í skjóli ranglátra verzlunarhátta og í sambandi við margt fleira af líku tagi hefur skapazt það ástand í þessu litla þjóðfélagi, að fjármagnið hefur sópazt af landsbyggðinni til höfuðstaðarins. Þetta ástand tel ég þjóðarógæfu, og það hefur ekki skapazt á fáum árum, heldur hefur verið að þróast um langan tíma. M. a. vegna þessa tel ég rétt að binda þessar greiðslur, sem vega eiga á móti þessari þróun að nokkru, við mörg ár, en ekki aðeins eitt.

Að lokum þetta: Ég tel, að frv. eigi fyllilega rétt á sér og óumdeilanleg þörf sé á því að styrkja báða aðalþætti sjóðsstarfseminnar. Hins vegar má auðvitað deila um það, hvernig úr eigi að bæta þeirri þörf, sem hér um ræðir, og kemur þar margt til greina, sem ég fer ekki út í að sinni.

Um brtt. þær, sem meiri hl. n. flytur, get ég verið fáorður, en þær eru þess efnis í stuttu máli, að haldið skuli hámarksákvæði, 150 þús. kr., til þeirra aðila, sem fengið hafa full lán úr stofnlánadeildinni eða fiskveiðasjóði.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið hv. meðnm. minum sammála um afgreiðslu þessa máls og því flutt sérstakt nál. á þskj. 260. Meginefni frv., ef að l. verður, er, samkv. 1. gr., að hv. flm. vilja láta nema í burtu það ákvæði, að framlag ríkissjóðs sé bundið því skilyrði, að það sé samþ. á fjárl. hvers árs. Þetta atriði var mikið rætt, er lögin voru sett, og þótti þá nauðsynlegt að setja þetta ákvæði inn, því ekki þótti fært að ákveða svona mikil fjárframlög án þess að vita fyrst, hvort hægt væri, og var nú hagur ríkissjóðs mun betri þá en nú. Það er alveg rétt, sem hv. flm. minntist á, að l. um nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum og nokkur önnur l. kveða svo á, að til ákveðinna framkvæmda skuli veitt árlegt og ákveðið framlag úr ríkissjóði. En það er sjáanlegt, ef löggjafinn ætlar að halda áfram á sömu braut og stefna hv. flm. þessa frv. ríkir hér á Alþingi, að ákveða með l. fjárgreiðslur til margra ára í senn, þá er hætt við, að sæki í það horf, að slík l., bæði þessi og önnur, verði ekki annað en pappírslög. Sérhver lög, sem sett eru um að skuldbinda ríkissjóð til margra ára um milljóna greiðslur, veikja það, að hægt sé að standa við slíkar skuldbindingar áður settar, og endar aðeins á þann hátt, sem kallað er bandormur. Það hefur gengið svo langt, að hæstv. ríkisstj. hefur orðið að fresta framkvæmd ýmissa slíkra l., því að ríkissjóður hefur ekki getað staðið við þær skuldbindingar, sem á hann höfðu verið lagðar. Vegna þessara ástæðna get ég ekki verið sammála 1. gr. frv., og 1. gr. er ekki um annað en að nema úr gildi það, sem stendur í 3. tölul. 2. gr. l. 89/1947, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Árlegt framlag úr ríkissjóði, eftir því, sem ákveðið er í fjárlögum, allt að einni milljón króna á ári næstu 10 árin frá gildistöku laga þessara.“

Nú vil ég benda á, hvernig þetta frv. er raunverulega vanhugsað, því að í sömu gr. þessara

l. frá 1947 er ákvæði um, að fiskimálasjóðsstjórninni sé heimilt að taka allt að 10 millj. kr. lán og ríkisstj. heimilað að ábyrgjast það. Sé þessi heimild notuð, er takmarkinu náð og fjárhagshlið sjóðsins mun betur tryggð en með þessu frv. Ég veit einnig, að þessi málsgr. var sett inn í l. frá 1947 með það fyrir augum, að hægt væri að fara þessa leið til fjáröflunar, ef hitt brygðist, sem tekið er fram í 3. tölulið 2. gr., að hægt væri að leggja fram á fjári. ákveðna upphæð til sjóðsins. Sé því nú svarað til, að þessi heimild sé ekki notuð vegna þess, að ekki sé hægt að fá lán, ber að sama brunni, þótt þessi grein verði samþ. Það er nú vitað, að ríkissjóður er kominn í um það bil 200 millj. kr. skuld við bankana, og ef þetta verður samþ., er ekki annað fyrir höndum en að ríkissjóður verður að nota heimildina í l. 89/1947 og taka enn lán. — Auk þessa er önnur veigamikil ástæða fyrir því að samþ. ekki þessa gr. frv., þ. e. a. s. fjárhagsafkoma ríkissjóðs, eins og hún er í dag, og sú skoðun sérfræðinga, að ekki megi auka fjárfestinguna í landinu og fyrsta skilyrðið til að bæta ástandið sé að draga úr fjárfestingunni. Ef nú 1. gr. þessa frv. verður samþ., er farið í þveröfuga átt. Nú geta hv. flm. auðvitað sagt, að hægt sé að draga úr alhliða fjárfestingu, þótt þetta frv. sé samþ., og þar með aukin fjárfesting í þessum þætti atvinnulífsins. Um það má auðvitað deila, hvað ganga eigi fyrir, og skal ég ekki fara inn á þau atriði. En mér þykir rétt að benda á, að eftir skýrslum hagfræðinga er upplýst, að fjárfesting í þessum atvinnuvegi var 1947 97 millj., 1948 79 millj., 1949 67 millj., og ástæða er til að ætla, að fjárfestingin 1950 muni nema allt að 66 millj. Þetta mun svara til 18—19% af heildarfjárfestingunni hvert árið, eða um 6% af þjóðartekjunum. Talið er og, að í engu landi með séreignarskipulagi sé fjárfesting, sem ríkið tekur beint eða óbeint þátt í, eins mikil hlutfallslega og hér. Ég veit ekki, hvort hv. flm. hafa gert sér það ljóst, að samþykkt á 1. gr. þessa frv. verður einmitt til þess að torvelda lausn hins mikla dýrtíðarvandamáls og tefur þannig fyrir því, að hægt sé að starfrækja atvinnuvegina á heilbrigðum grundvelli. Það er mun mikilvægara fyrir alla aðila, að skapaður sé grundvöllur en að vera að auðvelda mönnum að fá lán, sem fyrir fram eru töpuð, ef ekki er lagður starfsgrundvöllurinn. Ég tel það því mjög vanhugsað, að menn, sem vilja þessum málum vel, — og það efa ég ekki, að hv. flm. vilja, — fari nú fram á samþykkt frv., sem einungis verður til þess að íþyngja atvinnuvegunum meira en orðið er. Í sambandi við þetta tel ég rétt að geta þess, að hæstv. fjmrh. hefur ritað fjvn. bréf og óskað eftir því, að n. athugaði, hvort ekki væru möguleikar á að skera niður um 25% hina áætluðu fjárfestingu ríkisins 1950, þ. e. a. s. 25% af 66 millj. Á þeim lista, sem hæstv. ráðh. hefur sent n. þessu viðvíkjandi, eru einmitt mörg þau framlög, sem ákveðin hafa verið til margra ára, eins og hér er gert ráð fyrir, og ekki er hægt að skerða nema með því að búa til bandorm eða fresta framkvæmd l. um óákveðinn tíma. Mér finnst það því rekast nokkuð á, að tvær veglegar stofnanir, eins og fiskimálasjóður og Fiskifélag Íslands, skuli leyfa sér að mæla með samþykkt þessa frv., en taka það ekki til greina, að stöðva þarf fjárfestinguna um tíma til þess að lækka dýrtíðina. Ég vildi nú spyrja hv. flm., því að ég geri ráð fyrir, að frv. verði að l., ef marka má fylgi þess hér í d., — á hvað vilja þeir benda til þess að mæta þeim útgjöldum, sem af þessu mun leiða? Vilja þeir draga úr annarri fjárfestingu eða minnka aðrar verklegar framkvæmdir, t. d. byggingu brúa, lagningu vega eða annað slíkt? Eða hafa þeir á reiðum höndum till. um nýjar tekjuöflunarleiðir? Þessar upplýsingar tel ég nauðsynlegt að fá, þegar slík ákvæði eru sett sem þetta, er hafa töluverð áhrif á fjárhagsafkomu þjóðarinnar. En að þessu mun ég vikja síðar.

Það má með miklum rétti segja, að landbúnaðinum hafi ekki verið tryggðar fastar tekjur, þegar jarðabótastyrkurinn var samþ. Hins vegar fer það, hve styrkirnir eru háir, eftir því, hve framkvæmdir eru miklar. Það hefur verið talin þörf á því að styrkja landbúnaðinn, þótt ekki gæfi hann af sér mikil útflutningsverðmæti, heldur vegna þess, að mönnum finnst þjóðin missa svo mjög við það allan svip, ef landbúnaðinum er ekki sýnd sómasamleg rækt. Og ef ég með mínu atkv. ætti að skera úr því, hvort heldur ætti að stöðva jarðabótastyrkina og þetta frv. ná fram að ganga eða öfugt, mundi ég hiklaust greiða framhaldi jarðabótastyrkjanna atkv. Nú vildi ég spyrja hv. flm., hvort þeir eru á gagnstæðri skoðun, eða hvaða leiðir þeir vildu þá fara til þess að ná jafnvægi.

Nú vil ég benda á, að samkv. l. 89/1947, um fiskimálasjóð, er verkefni þessarar stofnunar tvíþætt. Annað verkefni sjóðsins er samkv. 4. gr. nefndra l., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimálasjóður veitir styrk til:
a. Hafrannsókna.
b. Rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum.
c. Tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum.
d. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
e. Markaðsleita fyrir sjávarafurðir.
f. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.

Öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstjórnina."

Þetta eru bein fyrirmæli um, að sjóðurinn skuli veita o. s. frv., sem ekki er hægt að komast hjá, ef sjóðurinn hefur nokkurt fjármagn. En þetta hefur þó ekki verið gert, þótt svo ákveðið sé það tekið fram í l. Þvert á móti hefur verið horfið frá aðalatriðinu, því sem sjóðurinn skal gera, og það framkvæmt, sem honum er heimilt að gera. Nú vilja hv. flm. enn auka það, sem eftir l. er aðeins heimilt að gera, en ekki skal gera. — Ég skal nú sýna fram á, hvernig verkefnum sjóðsins hefur alveg verið snúið við. Samkv. reikningi fiskimálasjóðs 1948 voru 390365 kr. veittar til starfsemi, sem heyrir undir aðalatriðið og má ekki vanrækja, en aftur á móti var varið 1141120 kr. til starfsemi, sem sjóðurinn er ekki skyldugur

að styrkja, heldur hefur aðeins heimild til að gera. Starfsemi sjóðsins hefur hér því alveg verið snúið við. Hann hefur á einu ári varið 1141120 kr. til starfsemi, sem honum ber ekki skylda til að styrkja, en hefur aðeins heimild til að styrkja og á ekki að ganga fyrir aðalstarfi hans. Hann hefur bókstaflega snúið við verkefnunum, sem honum var ætlað að vinna að, svo að maður verður alveg undrandi yfir, að slíkt skuli látið óátalið. Lánastarfsemi sjóðsins er rekin þannig, að 31/12 1947 á hann útistandandi 4172035 kr. og árið 1948 lánar hann 1141120 kr., en afborganir af lánum á árinu 1948, sem hann innkallar aftur — og eru sum þeirra lána mjög gömul —, eru aðeins 191382 kr. Það er með öðrum orðum ekkert hugsað um að innkalla lán, heldur er það látið lönd og leið, þótt þessar millj. kr. séu útistandandi hjá Pétri eða Páli, eins og sést bezt á þessum lista. Og það er gengið lengra, það eru afskrifaðar á þessu ári 107 þús. kr. Ég verð því að segja það, að þeir menn, sem vilja nú með breyt. á þessum l. styrkja þá starfsemi, sem hér er rekin, þeir gera það ekki til þess að tryggja hagsmuni þeirra aðila, sem l. frá 1947 ætlast til, að séu tryggðir, heldur liggur eitthvað annað á bak við. Nú þykir mér rétt að benda á það í sambandi við þessa lánastarfsemi, að ég tel mjög vafasamt, að fiskimálasjóði sé heimilt að ganga eins langt og hann hefur gert, hvað hana snertir, og ég tel raunar alveg öruggt, að hann hafi ekki haft heimild til þess, eins og hann hefur gert í heild, en ég tel einnig mjög vafasamt, að hann hafi haft heimild til að lána einstökum aðilum eins og gert hefur verið samkvæmt skýrslum frá sjóðstjórninni. Það stendur hér í 5. gr. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán" — það er heimild, en ekki fyrirskipun, gagnstætt því, sem sagt er í 4. gr. — „gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki að viðbættum lánum með betra veðrétti nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má nema yfir 150000 kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands."

Nú er það vitað í sambandi við skýrsluna frá sjóðstjórninni, að á árinu 1949 hefur lánastarfsemi sjóðsins numið 1193000 kr., með öðrum orðum, hlutföllin milli lánastarfseminnar, sem aðeins er heimild til fyrir, og styrkjastarfseminnar, sem er skylda sjóðsins að framkvæma. eru eins og undanfarið heldur óhagstæð. En til hvaða aðila er þetta fé lánað? Meðal annars hefur verið lánað til Guðmundar Jörundssonar, Akureyri. Ég geri ráð fyrir, að það sé í sambandi við togara, sem hann lét byggja. Mér er ekki kunnugt um neina nýjung í sambandi við þá togarasmíði, aðra en þá, að lestar allar í skipinu eru klæddar með alúminium, en þessi nýbreytni hafði verið tekin upp áður í sambandi við smíði Reykjavíkurtogarans Hallveigar Fróðadóttur. Ef þess vegna átt hefði að styrkja þessa nýjung, þá bar ekki síður að styrkja þá nýjung, sem fyrst var gerð. Ég skal ekki fara lengra út í það, en hins vegar var engin ástæða til að ganga lengra í því að veita lán í þessu skyni en því nam, sem þessi nýjung kostaði, og mér er vel kunnugt um það, að kostnaðarmismunurinn á því að klæða lestina á venjulegan hátt og að klæða hana með alúmíníum er ekki nema brot af þeirri upphæð, sem hér hefur verið lánuð. Ég skil þess vegna ekki, hvernig stjórn fiskimálasjóðs hefur treyst sér til að verja það, samkv. því sem fyrirmæli 5. gr. l. segja til um, að lána þessu fyrirtæki 150000 kr. Það kann að vera, að þetta hafi verið lánað í sambandi við það, að hugsað var að setja fiskimjölsvélar í þetta skip, en þær vélar komu aldrei í skipið og það var fyrir fram vitað, svo að þetta lán byggist eingöngu á því, hve fjárfrek sú nýjung hefur verið, sem gerð var við smíði skipsins. Þá hafa verið lánaðar 85 þús. kr. til H. f. Mata, Reykjavík, og 150 þús. kr. til Fs h. f. Kópavogi. Ég skal ekkert um það segja, hvort þessi fyrirtæki vinna að hagnýtingu sjávarafurða. Ég hygg, að það sé mjög vafasamt um annað, kannske bæði, en hitt er alveg víst, að með þessum lánum eru þverbrotin ákvæði 5. gr. l., því að þar er tiltekið, að þeir staðir skuli ganga fyrir, þar sem ekki sé nægilegt fyrir af slíkum atvinnutækjum, en að þeir staðir gangi ekki fyrir, þar sem þeim hefur verið hrúgað upp, svo að þau standa mörg tóm og bíða eftir hráefnum, svo sem er um Fiskiðjuver ríkisins, sem stendur nú án hráefna og verður að taka á sig þá áhættu að ráða til sín fiskibáta, svo að hægt sé að starfrækja það. Ég verð að segja það, að þegar þannig er farið með þessi mál, þá get ég ekki lagt til, að lengra verði haldið á þessari braut en nú hefur verið gert.

Ég sé, að stofnunin hefur farið inn á þá, eins og þeir segja sjálfir í bréfi sínu, mjög vafasömu leið að lofa lánum af væntanlegum tekjum sjóðsins næstu tvö ár. Ég skal ekki segja um, hve vafasöm sú leið er, það eru þeirra eigin orð, en hér eru að minnsta kosti þrjú atriði, sem fróðlegt væri að fá upplýsingar um. Björn Benediktsson netagerðarmaður, Reykjavík, hefur lofað lán hjá fiskimálasjóði, að upphæð 150000 kr. Ég veit ekki, hvort hann rekur frystihús, en þótt svo væri, þá teldi ég, að ekki mætti lána honum, vegna þess fjölda af frystihúsum, sem komin eru upp hér í Rvík. Fiskimálasjóður hefur einnig lofað vélsmiðjunni Þór, Ísafirði, láni, en það er vitað, að undanfarin ár hafa vélsmiðjur blómgazt mjög og verið hinar mestu afætur á útgerðinni yfirleitt. Ef það er líka hlutverk fiskimálasjóðs að lána þeim, þá verð ég að segja það, að þetta frv. þarf sannarlega að athugast betur að öðru leyti. Ég tel, að þessi lán, sem ég hef nú nefnt, samrýmist ekki heimild l., heldur sé algerlega óheimilt að lána til þessara fyrirtækja. Sama er að segja um dráttarbrautina á Norðfirði. Dráttarbrautir hafa 40% styrk úr ríkissjóði, en þar að auk styrkir ríkið þær með því að ábyrgjast 60% af lánum þeirra. Mér finnst því

skörin fara að færast upp á bekkinn með slíkri lánastarfsemi. Ég verð að segja það, að ef ofan á þessi fríðindi á það að bætast, að ríkissjóður taki lán með 6 eða 6½% vöxtum í Landsbankanum og verji því til að lána þessum fyrirtækjum og það með 2½% vöxtum, þá er það fjármálaspeki, sem ég ekki skil. Og sá flokkur, sem stendur að slíkri fjármálaspeki, er ekki alveg ábyrgðarlaus. Hann getur sagt við viðkomandi fjmrh., að hann geti sagt af sér, ef þessir baggar skuli á ríkissjóð bundnir, en ábyrgðarlaus er ekki slíkur flokkur, sem vill knýja fram slíka meðferð í fjármálum landsins.

Ég hef bent á, hvernig fé fiskimálasjóðs hefur verið varið undanfarin ár. En einmitt vegna þess, að svona átti ekki að fara með fé sjóðsins, voru ákvæðin sett í 4. gr. l. á sínum tíma, því að það er vitað — og það er svar við spurningu hv. 1. flm. um það, hvort ástæða hefði verið til að breyta l. —, að aðalástæðan til þess, að l. var breytt, var sú, að álitið var, að fiskimálan. gamla hefði farið langt út fyrir þau takmörk, sem hún hafði heimild til að fara samkv. l. Hún hafði t. d. ekki heimild til þess að leggja millj. kr. í fiskiðjuver. Með þessum l. átti að tryggja það, að fiskimálasjóðsstjórnin, sem við tæki eftir þessum l., gæti ekki farið á sama hátt með fé það, sem hún hefði yfir að ráða. En hún virðist ætla að fara eins að í þessu efni og hefur þegar gengið langt inn á þá braut. Hins vegar voru sett fyrirmæli í 4. gr. l., þar sem fyrirskipað er, hvert verkefni sjóðsins skuli vera. Og það er gert meira. Það er sett trygging fyrir því, að þessari fyrirskipun sé hægt að hlýða, með því að setja inn í 2. gr. frv., að fiskimálasjóður skuli hafa tekjur, eins og sagt er í 1. og 2. gr., af útflutningsgjöldum. Frv. er byggt upp með fullkomnu öryggi um, að annars vegar nægi tekjurnar einmitt frá sjávarútveginum, og hins vegar á að verja einmitt sömu tekjum til þess að undirbyggja og treysta sjávarútveginn í framtíðinni, á sama hátt og 4. gr. mælir fyrir um, en það er ekki byggt upp til að grafa undan sjávarútveginum, eins og gert hefur verið með framkvæmdum sjóðstjórnarinnar, þar sem meiri hluti fjárins er tekinn frá aðalverkefninu og lánað til manna, sem ekki stunda sjávarútveg eða koma nálægt sjávarafurðum. Og ég vil ekki vera með í því að viðurkenna eða halda áfram að styrkja slíkt. Ef fara á yfirleitt inn á lánastarfsemi, er langbezt að setja alveg ákveðin ákvæði um það í l. Ef frv. verður samþ. hér við 2. umr., þá mun ég bera fram brtt. við 3. umr., einmitt í sambandi við það, að þá er alveg sjálfsagt að setja ákvæði um það í l., hve mikill hluti af tekjum sjóðsins skuli fara til lánastarfsemi og hvað mikið til starfsemi samkv. 4. gr. Þeim mönnum, sem farið hafa með sjóðinn undanfarið, hefur ekki verið trúandi til þess að fara með hann samkv. l., og þess vegna er bezt að binda það svo með l., að þar sé enginn vafi á. Það verður að metast af Alþ., hvernig það vill skipta þessu fé. Ef svo á að halda áfram lánastarfsemi, sem ég skal út af fyrir sig ekki mæla á móti, ef hún er rekin innan viturlegra takmarka, þá á að sjálfsögðu að láta þá starfsemi ganga yfir til fiskveiðasjóðs og taka hana úr höndum þeirra manna, sem hafa haft með hana að gera undanfarin ár. Skal ég færa fyrir því nokkur rök. Fiskveiðasjóður hefur nú yfir að ráða um 30 millj. kr., en það er það fé, sem hann lánar út samkv. fyrirmælum l. um fiskveiðasjóð. Það hefur á árinu 1948 kostað kr. 94622,05 að stjórna þessum málum, útlánum, sem nema um 30 millj. kr., og að innheimta þau og tryggja. Á reikningum sjóðsins er ekki neitt svipað því af afskriftum eða töpuðum skuldum — á árinu 1948 eru engar tapaðar skuldir — eins og hjá fiskimálasjóði, þar sem þær eru á annað hundrað þús. Fiskimálasjóðsstjórnin hefur á sama tíma kostað kr. 147747,01, eða 50 þús. kr. meira en stjórn fiskveiðasjóðs. Ég hef rætt um það við stjórn fiskveiðasjóðs, hvort þeir mundu vera fúsir til að taka þetta verk að sér, og þeir telja, að það mundi vera þeim ljúft. Það mundi kosta sáralitið eða ekkert samanborið við þann kostnað, sem hefur verið við fiskimálasjóð, því að ekki þyrfti að bæta við mörgu starfsfólki til að vinna þessi störf. Auk þess hefur fiskveiðasjóður haft með höndum — og er það innifalið í þeim kostnaði, sem ég nefndi — aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1947, að upphæð 5 millj. kr., og aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1948, rúmar 4 millj. kr., og auk þess styrki úr lánasjóði fiskiskipa, nærri 7 millj. kr. Þetta heyrir allt undir verksvið Fiskveiðasjóðs Íslands, og er þá eðlilegt, að hann taki einnig við lánastarfsemi fiskimálasjóðs. Fiskveiðasjóðurinn er langkunnugastur hag útgerðarmanna yfirleitt og veit bezt, hvar skórinn kreppir að hjá þessum aðilum, og þekkir bezt skuldbindingar þeirra á öllum sviðum. Það er þess vegna langeðlilegast, að sá hluti þessa fjár, sem ætlaður er til útlána, sé afhentur Fiskveiðasjóði Íslands til meðferðar. Fiskifélag Íslands leggur einnig til í sinni umsögn, að þetta verði gert. Ég mun því, eins og áður er fram tekið, ef þetta frv. verður samþ. við þessa umr., bera fram till. um það í fyrsta lagi, að skipt sé tekjum sjóðsins á milli verkefnanna samkv. 4. og 5. gr. l. og að sá hluti, sem ætlaður er til útlána samkv. 5. gr., verði afhentur öðrum aðila. Á þann hátt má stórlega draga úr kostnaði við fiskimálasjóð. Þá er hann ekki orðinn nema nefnd til að ákveða, hvernig styrkveitingum skuli varið, og er alveg meiningarlaust, að borgaðar séu 150 þús. kr. á ári fyrir að veita styrki, sem nema 390 þús. kr. Það fer að verða skrýtin fjármálaspeki.

Nú vil ég í sambandi við þetta leyfa mér að benda á það, að þrátt fyrir það að Alþ. 1947, fyrir margítrekaðar beiðnir útgerðarmanna, tryggði ákveðið fé og mjög mikið fé frá útgerðarmönnum sjálfum til þess að inna þau verkefni af hendi, sem tiltekin eru í 4. gr. frv. og eru aðalundirstöðuatriðin til að tryggja rekstur sjávarútvegsmála í framtíðinni, framkvæma rannsóknir í sambandi við fiskveiðar og hins vegar að leita öruggra markaða fyrir sjávarafurðirnar, þá er til þeirra mála aðeins varið 390 þús. kr. árlega. Hefur því orðið að leita til Alþ. hvað eftir annað til

að krefja mjög hárra útgjalda til þessara framkvæmda, sem fiskimálasjóður á að annast. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á það, að fyrir Sþ. liggur þáltill., þar sem skorað er á Alþ. að veita nú þegar mjög ríflega fjárhæð til að láta gera gagngerðar rannsóknir á því, hvernig hægt sé að veiða síld, sem vitað er, að liggur hér úti fyrir ströndum Faxaflóa, svo að þessi fyrirtæki, sem eru hér kringum flóann og eru í fjárþröng og verið er að styrkja, hafi eitthvað að starfa. Það er hugsað að senda út skip til þess að leita uppi, hvar helzt er hægt að ná veiðinni, láta athuga, hvort ekki er hægt að finna upp ný veiðarfæri o. s. frv. En þetta er einmitt það, sem fiskimálasjóði ber skylda til að gera samkv. 4. gr. l. Við höfum fengið umsókn frá fiskimálasjóðsstjórninni í sambandi við þetta mál, þar sem sagt er, að sjóðurinn geti ekki tekið þetta verkefni að sér, þar sem hann sé í fjárþröng. En hvers vegna er hann í fjárþröng? Hann er í fjárþröng af því, að hann hefur notað það fé, sem átti að standa undir þessum kostnaði, til annarra hluta, sem hann hafði mörgum sinnum minni heimild til að gera og er miklu minni ástæða til að gera. Það verður engan veginn hægt að tryggja með nokkru öryggi framkvæmd á 4. gr. l. um fiskimálasjóð, nema hér sé snúið við á þeirri braut, sem farin hefur verið í þessum efnum, og hætt sé við að láta meginhlutann af tekjum sjóðsins árlega ganga í vafasöm lán, vafasama fjárfestingu, en hugsa ekki um meginatriðin, að tryggja rannsóknir, tilraunir og markaðsleitir í þágu sjávarútvegsins og alveg sérstaklega, svo að þessi fyrirtæki geti komizt á fjárhagslega sterkan og öruggan grundvöll. Það er áreiðanlegt, að eigendur þessara fyrirtækja, sem hér hefur verið minnzt á, óska miklu frekar eftir því, að hægt sé að búa þannig að þessum málum, að þeir geti rekið fyrirtæki sín öruggir, án þess að þurfa á þessari lánastarfsemi að halda. En það verður ekki gert með því að fara lengra í lánastarfsemi og lengra frá því verkefni, sem fiskimálasjóður fyrst og fremst á að vinna að.

Í frv., eins og það liggur fyrir, vilja hv. flm. hækka takmörkin úr 150 þús. kr. upp í 350 þús. kr. Það er hámarkslán, sem lána má til einstaklinga úr sjóðnum. Sjálf sjóðstjórnin mælir á móti þessu í bréfi sínu og telur, að ekki sé tímabært að hækka hámarkslán úr sjóðnum, og þykir mér það ekki undarlegt, þar sem þeir eru búnir að hrifsa svo að segja allar tekjur hans, þó að þeir vilji ekki láta lögfesta slíka hækkun, enda kæmi það í beina andstöðu við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, þar sem stjórnin hefur skipt 2661000 fyrir fram úr sjóðnum, sem er allt það fé, sem hann hefur yfir að ráða á næstu tveimur árum. Mér þykir því engin furða, þó að sjóðstjórnin geti ekki fallizt á þessa mjög svo þrauthugsuðu till. hv. flm. En eftir frv. er samt sem áður ætlazt til, að þessi lán, sem eru að langmestu leyti áhættulán og lítil sem engin trygging fyrir að komi aftur, skuli lánuð með 2½% vöxtum á ári, meðan vitað er, að hvorki fiskveiðasjóður né nokkur önnur stofnun í landinu tekur svo lága vexti, að undanskilinni stofnlánadeildinni, sem nú er komin í þrot, mikið fyrir það, hvað vextir voru settir lágir hjá henni, eins og bent hefur verið á. Hver á að borga mismuninn? Er ætlazt til, að mismunurinn milli venjulegra vaxta og 2½% vaxta sé nokkurs konar styrkur til þessara manna? Mér virðist það vera hugsunin hjá hv. flm. Það er vitað, að eigi ríkissjóður að láta 1 millj. kr. árlega, þá þarf hann að greiða af því láni a. m. k. 6½%, ef ekki 7% vexti, og mér skilst, að hann eigi að bæta því við sitt lán að bera þá byrði. Það er áreiðanlegt, að í dag er hvergi hægt að fá lán með 2½% vöxtum, hvernig sem að er farið. Þessi fjármálastefna, sem hér er rekin, er fyrir neðan allar hellur. Það er fyrir neðan allar hellur að byggja upp nokkra lánastarfsemi á mjög vafasömum verðmætum á bak við annars vegar og meira en helmingi lægri vöxtum en venjulegir eru hins vegar. Hér er komið inn á hreina styrkjastarfsemi en ekki lánastarfsemi, en það er ekki tilætlunin, heldur er það beint gegn fyrirmælum 5. gr., að slík styrkjastarfsemi sé rekin.

Ég hef þá lýst, hvers vegna ég hef ekki getað orðið samferða meðnm. mínum um afgreiðslu málsins. Það getur vel verið, að bæði þeir og aðrir, sem mál mitt heyra, telji þetta fjandskap við sjávarútveginn, en ég tel hitt meiri fjandskap við sjávarútveginn, að vera að skapa upp á pappírinn skilyrði, sem aldrei verður hægt að veita þessum atvinnuvegi, og blekkja menn til áframhaldandi starfsemi á þeim grundvelli. Ég tel það nauðsynlegast í þessu máli að skapa þann starfsgrundvöll fyrir þessi fyrirtæki, að þau geti sjálf starfað að eðlilegum hætti undir eðlilegum lánskjörum, en ég kalla það eðlileg lánskjör, ef þau gætu fengið 4%. Ef þau gætu fengið þau lánskjör, sem talað er um í 5. gr., að megi veita, þá tel ég það eðlileg lánskjör, þó að ekki sé farið lengra út í fjarstæðuna en komið er.

Ég skal svo ekki á þessu stigi málsins ræða það nánar en ég hef gert, en legg til, að frv. verði fellt.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Mér þykir rétt nú þegar að gera nokkrar aths. við ræðu hv. þm. Barð., frsm. minni hl., og mun ég þá jafnframt víkja nokkuð að einstökum atriðum í nál. hv. þm.

Það segir svo í nál. m. a. um það atriði, að það sé í senn harla óviðeigandi og sára þýðingarlitið að lögbinda þetta framlag. Hér sé raunverulega ekki um annað að ræða en viljayfirlýsingu þingsins. Um þetta atriði út af fyrir sig fór ég nokkrum orðum í fyrri ræðu minni og ætla ekki að bæta þar miklu við. Hv. þm. gat um það í ræðu sinni nú, að mjög kæmi til orða, mér skildist milli fjvn. og fjmrh., að taka til athugunar að lækka um 25% marga gjaldaliði ríkissjóðs, jafnvel einnig þá, sem bundnir væru með ákvæðum l. Ég vil aðeins benda á það, að jafnvel þótt þessi leið væri farin, væri þó stórum betur komið málum fiskimálasjóðs, ef hann hefði þetta framlag bundið í l. og fengi 75% af því, heldur en eins og það hefur verið

undanfarið, að hann hefur ekkert fengið. Og að halda því fram, eins og gert er m. a. í nál. hv. þm., að löggjöf, sem hefur gjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, sé ekki á neinn hátt bindandi, sýnist mér augljós fjarstæða.

Þá virðist mjög koma í ljós sú skoðun hjá hv. þm., að það sé sjálfsögð starfsaðferð og eigi að vera föst regla, að í hvert sinn, sem flutt er frv., sem hefur gjöld í för með sér, þá eigi að taka inn í frv. tekjuöflun þar á móti. Það getur vel verið, að þetta ætti svo að vera. En ég hygg, að þessi leið hafi ekki verið farin undanfarið. Og meðan svo hefur ekki verið, þá get ég ekki tekið á móti neinum sérstökum skútum fyrir það, þó að ég flytji frv., sem að þessu leyti er eins úr garði gert og fjöldi annarra þingmála hefur verið á undanförnum árum.

Í nál. segir m. a., að sama takmarki væri hægt að ná fyrir sjóðinn með því að nota lánsheimildina, sem gefin er í gildandi l., eins og að veita sjóðnum beint framlag úr ríkissjóði. Mér finnst alveg augljóst, að þetta fær ekki staðizt, að einu gildi fyrir sjóðinn, hvort hann fær fé sem framlag eða hvort hann fær það sem lán, sem hann þarf að greiða vexti af og skila á tilsettum tíma.

Þá segir hv. þm., að lántökuheimildin hafi verið sett inn í l. upphaflega til þess að nota hana, mér skilst eingöngu, ef framlag ríkissjóðs fengist ekki. Ég held, að það séu ekki til þau ákvæði í l., sem geri það eðlilegt að skilja þau svo alveg ákveðið. Ég hef litið svo á, að þessi heimild væri sett inn í l. með það fyrir augum, að hún yrði notuð til að afla sjóðnum fjár til viðbótar við fastar tekjur af útflutningsgjaldi og til viðbótar við framlag ríkissjóðs.

Þá var gert nokkuð mikið úr því atriði, að þessi hækkun, sem hér er farið fram á, mundi mjög vinna gegn því, sem nú er þó talið æskilegt, að draga úr fjárfestingunni. Það má kannske segja, að einhver fótur sé fyrir þessu. Ég vil þó leyfa mér að benda á, að eins og fyrir liggur í þeim fylgiskjölum, sem birt eru með áliti hv. minni hl., þá hefur sjóðstjórnin lofað lánum upp á allverulega upphæð. Þessi loforð hygg ég, að séu yfirleitt þannig og ástæður þeirra félaga og fyrirtækja, sem hér er um að ræða, þær, að þau eru þegar búin að ráðast í framkvæmdirnar. Framkvæmdirnar hafa verið gerðar og hin ýmsu fyrirtæki burðast nú með mjög dýr og óhagfelld lán, væntanlega mest víxla hjá sparisjóðum heima í sínu héraði og bönkum. Það, sem færi í þessa hluti af framlagi sjóðsins, mundi því ekki hafa í för með sér nýja fjárfestingu. Jafnframt liggur hitt alveg ljóst fyrir, að það verkefni sjóðsins, sem getið er um í 4. gr. l., er svo geysilega viðtækt, að það krefst mjög mikils fjármagns árlega á næstu árum, ef því er sinnt svo sem vera þyrfti. Enn fremur sýnist mér það liggja ljóst fyrir, að fjárfestingin á komandi árum — þó að það sé kannske ekki æskilegt, þá mun þó svo fara — verður takmörkuð af beinum afskiptum opinberra aðila.

Þá segir í nál. minni hl., að allar fastar tekjur sjóðsins ætti að nota eingöngu samkvæmt 4. gr., þ. e. a. s. styrktarstarfsemi. Enn fremur segir á öðrum stað, að fiskimálasjóði hafi verið falin framkvæmd þeirra mála og sköpuð öll skilyrði til að sinna þeim mjög myndarlega. Ég held, að það sé eitthvað orðum aukið, svo að ekki sé meira sagt, að sjóðnum hafi verið falin framkvæmd þeirra mála, sem um getur í 4. gr., þar á meðal hafrannsókna, markaðsleita o. s. frv.

En viðkomandi þessu, sem hv. frsm. minni hl. vildi telja, að l. gerðu mjög skarpa skilgreiningu á skyldum sjóðsins viðkomandi verkefnum þeim, er um ræðir í 4. og 5. gr. l., þá vil ég leyfa mér að benda einnig á 3. gr. l., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5. gr. þessara laga.“

Mér skilst, að 3. gr. brúi nokkuð þetta geysilega djúp, sem hv. þm. vildi vera láta, að væri milli skyldna fiskimálasjóðs varðandi þau verkefni, sem getið væri í 4. gr. annars vegar og 5. gr. hins vegar.

Það kom mjög fram í ræðu hv. þm., og ég held, að hann hafi sagt það eiginlega berum orðum, að hann vefengi heimild sjóðstjórnarinnar að nota svo mikið fé úr sjóðnum til lánastarfseminnar eins og hún hefur gert. Jafnframt taldi hann mjög orka tvímælis um einstakar lánveitingar, hvort heimilar gætu talizt. Fyrst nú ekki eru skýr ákvæði í l. um það, — og um það verður ekki deilt, að þau eru ekki til, — hve mikið af fé sjóðsins eigi að nota til útlána og hve mikið til styrktarstarfsemi, þá held ég, að ekki sé hægt að vefengja heimild stjórnarinnar að þessu leyti. En hvað viðvíkur lánveitingum til einstakra aðila, þá getur verið örðugt að dæma til fulls í einstökum tilfellum, án þess að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um þau rök, sem legið hafa til grundvallar fyrir sérhverri lánveitingu. Hv. frsm. minni hl. minntist á lánveitinguna til Guðmundar Jörundssonar. Mér skildist, að hv. frsm. hefði eingöngu viljað láta hana byggjast á því, að í skip þessa manns hefðu verið sett ákveðin tæki, viss umbúnaður í lest, sem væri nýr, og þá mætti, samkvæmt anda l., upphæð lánsins ekki fara fram úr því, sem þeir hlutir, sem væru hrein nýjung, hefðu kostað. Mér skilst, að samkvæmt þessari reglu mætti t. d. ekki lána til frystihúsa umfram það, sem kosta mundu þeir hlutir, sem áður væru óþekktir í slíkri stofnun. Allir sjá, hve fáránlegt slíkt fyrirkomulag væri. Hins vegar skal ég viðurkenna það, að mér sýnist nú við að líta yfir skrána um útlánin, að þar séu ýmsar lánveitingar, sem fljótt á litið eru hæpnar. Nú er ég hins vegar ósköp hræddur um, að ef einstakir menn færu að athuga útlánaskrár hvaða stofnana sem vera skyldi á þeim tíma, þegar lánsfjár er beinn skortur og um það rifizt, þá mundu alltaf koma fyrir mörg lán, sem þessum sömu einstöku mönnum þættu mjög orka tvímælis.

Svo var það viðkomandi því, að það hefðu verið mjög litlar og óeðlilega litlar afborganir af lánum árið 1948. Það má vel vera, að þetta sé alveg rétt. Mér fannst samt frásögn hv. þm.

af þeim hlutum ekki fyllilega tæmandi. Þannig var ástatt samkvæmt gögnum, sem við höfum frá árslokum 1948, að rúmlega 4127 þús. kr. lán var hjá Fiskiðjuveri ríkisins, en þá upphæð tel ég sérstaks eðlis, og það er engin afborgun af henni á þessu ári. En ef hún er dregin frá þessari upphæð og það, sem hefur verið afskrifað sem tapað, þá er eftir 2800 þús. kr., en afborgun er 191 þús. kr., eða 7% af þessari upphæð, eða 1/14 hluti. Það má vel segja, að það sé óeðlilega lítil afborgun, en hinu má þó ekki gleyma, þegar því er slegið föstu, hversu geysilega erfið aðstaða er nú hjá viðkomandi atvinnuvegi.

Ég get ekki varizt því, að mér finnst koma nokkuð fram í áminnztu nál. hv. minni hl. sjútvn., að þessi hv. þm. telji verkefni sjóðsins samkvæmt 4. gr. svo mikils verð, að ef þau væru rækt svo sem vera ætti, þá væru verkefnin samkvæmt 5. gr. allt að því óþörf. Þetta hélt ég þó, að okkur báðum, mér og hv. þm. Barð., sem höfum nokkra þekkingu á ástandinu úti á landi, ætti að vera ljóst, að ekki fær staðizt. Þörfin fyrir starfsemi sjóðsins samkv. 5. gr. hefur aldrei verið brýnni en nú, svo mjög sem bátaútvegurinn og honum tengd fyrirtæki eru aðþrengd orðin fjárhagslega.

Hv. þm. telur, að það eigi að setja ný l. og reglur um skiptingu tekna sjóðsins á milli hinna tvíþættu verkefna stofnunarinnar. Má vel vera, að það sé athyglisvert, ég skal ekkert um það segja að svo komnu máli.

Mér finnst dálítið villandi hjá hv. þm., þegar hann sagði, að stjórn Fiskifélagsins legði ákveðið til, að lánastarfsemi fiskimálasjóðs væri sameinuð starfi fiskveiðasjóðs. Í bréfinu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi sínum í gær samþykkti félagsstjórnin að mæla með frumvarpi þessu, en vill þó í því sambandi benda á, hvort ekki gæti til mála komið að færa útlánastarfsemi þessa yfir í fiskveiðasjóð.“

Hér er aðeins bent á þetta sem hugsanlegan möguleika.

Þegar l. um fiskimálasjóð voru sett í upphafi, var ástæðan sú, að rétt þótti að hafa skýra markalínu milli þess, sem var venjuleg bankastarfsemi, og þeirra lána, sem gert var ráð fyrir, að fiskimálasjóður veitti. Ég held, að það sé ekki rétt að hverfa frá þessu atriði. Ég skal að vísu viðurkenna, að með þeirri hækkun á hámarki einstakra lána, sem nú er gert ráð fyrir í reglunum, verða þessi mörk ógleggri en þau voru samkvæmt upphaflegu l. um fiskimálasjóð. En ég tel, að till. um þessa hækkun hafi fram komið af breyttum ástæðum og brýnni þörf og það geri frv. frambærilegt, eins og á stendur, þó að það auðvitað engan veginn geri það óþarft að taka málið til nýrrar athugunar síðar, ásamt öðrum skyldum lögum.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að að minni hyggju þá er kjarni málsins sá að bæta úr þörf dreifbýlisins, einkum og sér í lagi þeirra staða, sem eru útgerðarhæfir og hafa brýnasta þörf fyrir aukið fjármagn. Afgreiðsla þessa litla frv. hygg ég, að fari eftir því, hvern skilning hv. þm. sýna þessu atriði.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara lengra út í þetta atriði. Ég hef tekið mestallt fram, sem máli skiptir, í minni framsöguræðu fyrir minni hl. En ég vil benda á, að hv. frsm. meiri hl. og 1. flm. þessa frv. kom alls ekkert inn á þau atriði, ekkert inn á kjarna málsins, bókstaflega ekkert inn á kjarna málsins, m. a. að þetta eru pappírslög. Hann sneiddi fullkomlega fram hjá því atriði.

Ég ætla svo að svara aðeins örfáum orðum hans aths.

Hann segist ekki kunna við þau ummæli mín á nál., að það væri ákaflega þýðingarlítið að lögfesta þetta frv. Ég vil spyrja hv. flm. að því: Telur hann það mikils virði að fá þetta inn í l., ef ekki er hægt að taka upp framlagið í fjárl. eða ríkissjóður getur ekki fengið á þessu tímabili, m. a. á þessu ári, lán til þess að veita lán til þess að standa undir þessum gjöldum og hvorki hann né aðrir hv. þm. treysta sér til að leggja á nýja skatta til þess að mæta þessum greiðslum og í þriðja lagi, ef menn sjá sér ekki fært að færa niður önnur gjöld ríkissjóðs móts við það, sem hér verður að leggja fram? En eitthvað af þessu verður að vera fyrir hendi, til þess að þessi l. verði eitthvað annað en pappírsgagn.

Mér finnst hv. flm. ganga fram hjá kjarna þessa máls. Það er rétt, það hefur hvað eftir annað verið farið inn á þessa braut, að setja ný l. og lögbinda fjárframlag fyrir fram, án þess að bent væri á nokkrar tekjur. Hv. flm. finnst þá ekkert athugavert, þó að þessi braut verði farin áfram. Sannleikurinn er sá, að ef þetta er gert að aðalreglu, að halda áfram takmarkalaust á sömu braut, þá leiðir það út í ógöngur. Ég veit, að hv. flm. er það skýr á þessi mál, að hann sér, að það getur ekki annað en leitt út í ógöngur. Það er hægt að koma með till. um fjárframlög, þó að bent sé á litlar eða engar tekjur á móti, til eins árs. En hér er um að ræða fasta upphæð, sem ríkið á að greiða í 10 ár, sem við getum engu spáð um, hvernig verða. Og svo er annað. Þessi sjóður, sem hér á að fá aukið fjármagn, hann hefur fastan og ákveðinn tekjustofn til þess að geta innt af hendi sín störf. Það er ákaflega mikill munur á því, hvort þessari stofnun væru ekki tryggðar neinar tekjur, bókstaflega ekki neinar tekjur, eða hvort henni eru tryggðar allverulegar tekjur, eins og gert er í l. um fiskimálasjóð. Sé hægt að undirbyggja þennan atvinnurekstur eins og ég hef rætt um og ætlazt er til í 4. gr., þá fær á þann hátt þessi stofnun enn meiri auknar tekjur árlega inn í sjóðinn. Mér finnst hv. frsm. líta algerlega fram hjá þessum kjarna málsins. Það er náttúrlega alltaf hægt að ákveða svona í l., eins og hv. flm. hefur bent á, og það er mikið gert að því, en hitt er annað mál, hvort það stenzt í veruleikanum. Það mætti deila um þetta, ef það væri aðeins í eitt skipti, en hér er um að ræða ráðstöfun, sem á að standa heilan áratug, og einhvern tíma grípur lífið inn í, fyrr eða síðar, og þá er sama, hvað hefur verið samþ., ef ekki er hægt að fá þessar tekjur á einn eða annan hátt, og ef fé er ekki til, þá verður það ekki heldur greitt. Það er raunverulega vantraust,

hreint og beint vantraust á þm. að setja þetta inn í l. og treysta þeim ekki til að hafa þann kjark og manndóm á hverju ári að koma fram með till. um það að taka þetta ákvæði inn í fjárl. og berjast fyrir því þar. Þeir virðast ekki treysta sér til þess að gera þetta hér, heldur vilja fá þetta inn í lagabálkinn, en hugsa svo ekki um, hvort hægt sé að uppfylla l. á eftir.

Ég veit ekki, hvor okkar, hv. 2. þm. S-M. eða ég, sýnir dreifbýlinu meiri andúð í sambandi við þetta mál, ég með því að sýna fram á staðreyndir í sambandi við málið eða hv. 2. þm. S-M. með því að flýja burt frá kjarna málsins. Af því að ég veit, í hvaða félagsskap hv. 2. þm. S-M. er, þá skil ég að vissu leyti, af hverju hann mun telja betra að skera niður um 25% framlög til verklegra framkvæmda yfirleitt, til þess að þessi stofnun, sem hann ber sérstaklega fyrir brjósti, fái fjárframlag. Þetta er nákvæmlega sams konar og það, sem hv. flokksbróðir hans, núv. hv. 1. þm. S-M. (EystJ), barðist fyrir, þegar hann fór í ráðherrastólinn síðast. Þá heimtaði hann sérstakar 10 millj. kr. inn á fjárl., en fór fram á að skera niður um 25% framlög til verklegra framkvæmda, en þá var hann búinn að tryggja 85% af þessum áður greindu tíu milljónum til ákveðinna verkefna. En ef skera ætti niður um 25% þá áætluðu fjárfestingu á þessu nýbyrjaða ári, 1950, og svo að bæta allmiklu við útgjöld ríkisins, útgjöldin til fjárfestingar, þá þarf að skera niður um meira en 25% þessar 66 millj., til þess að ná sama niðurskurði í heild. En ef þetta frv. væri samþ., þá mundu fleiri mál koma fram slík og ekki aðeins þetta, áður en farið væri að skera niður. Og hvar lendum við þá? Þá mundi koma fram sama kapphlaupið eins og á sér stað nú, þegar hinir og aðrir, sem kaup taka, reyna að tryggja sér kauphækkun, áður en skerðing lífskjaranna kynni að koma til greina með dýrtíðarráðstöfunum. En hvert hefur slík stefna leitt? Hún hefur leitt til þess, að atvinnureksturinn og rekstur þjóðarbúsins er kominn í það ástand sem nú er. — Nei, fyrsta skilyrðið til þess, að hægt sé að tala um niðurskurð á fjárfestingunni í landinu, er að stöðva alla nýja fjárfestingu, nema til hluta, sem gersamlega er ómögulegt að ganga fram hjá í því efni.

Nú viðurkenni ég það hjá hv. flm., að hann hefur mikið til síns máls, annars vegar, að búið sé að lofa þessum mönnum styrk eða láni, sem hér er um að ræða, og hins vegar, að þeir séu búnir að setja í fyrirtæki sín fjármagn, en það á við um 2½ millj. kr., sem búið er að lofa, en ekki á það við í sambandi við visst framlag á ári í tíu ár fram í tímann. En upp á 22. gr. fjárlaga er tekin sérstök heimild til þess einmitt að bjarga þessum sömu aðilum, sem við erum að ræða um nú, þannig að fyrir þessa sök, að búið sé að lofa þessum mönnum þessum styrk, er ekki ástæða til að samþ. frv. Ég get mjög vel skilið, að það beri að gera sérstakar ráðstafanir, til þess að uppfyllt séu loforð í þessum efnum, sem mönnum hafa verið gefin, sem annars vegar fiskimálasjóðsstjórnin, hvort sem hún er góð eða ill, hefur lofað og hins vegar ráðherra staðfest loforðin. Og hæstv. ráðh. hefur einmitt í sínum till. til fjvn. gert ráðstafanir til þess, að þessi loforð verði uppfyllt á þann hátt, sem ég hef skýrt frá, þannig að það er alveg óþarfi að blanda þessum málum saman, annars vegar þessum gefnu loforðum og hins vegar því að ætla sér að fara inn á þá meginstefnu að binda ríkinu fjárframlagabagga langt fram í tímann, ef á að taka upp þá stefnu, sem hv. Framsfl. virðist nú berjast fyrir með klóm og höndum.

Hv. 2. þm. S-M. segir, að ég hafi talað um í nál., að hér sé aðeins að ræða um viljayfirlýsingu, sem komi fram í þessu frv., og telur það fjarstæðu. Hvaða fjarstæða er, að þetta sé ekki annað en viljayfirlýsing? Hvaða tryggingu getur hv. 1. flm. frv. gefið mér og öðrum fyrir því, að eftir tíu ár hér frá verði ríkissjóður megnugur þess að láta á ári 1 millj. kr. í þennan sjóð? Þetta er svo mikil viljayfirlýsing, að hvenær sem það skeður, að ríkissjóður hefur ekki fé til þess að greiða þetta framlag, hefur ekki heldur lánstraust til þess að fá fé að láni einhvers staðar og í þriðja lagi hefur enginn banki fé til, til þess að lána fé, né heldur aðrir, ef þjóðin og þegnarnir einnig eru svo aðþrengdir, að þeir geti ekki látið þetta í sköttum, þá verður þetta ekki greitt. Það er því annars vegar viljayfirlýsing, ef samþ. verður, að þetta eigi að greiða á næstu tíu árum, sem til er tekið í frv., ein millj. kr. á ári í þennan sjóð, og hins vegar bjartsýni, að hægt sé að gera þetta. — En ég teldi viturlegra að hafa, ef frv. verður samþ., það ákvæði í frv., sem er í mörgum lögum nú, að þetta skuli greitt eftir því, sem fé sé veitt til þess á fjárl. hverju sinni, því að sannarlega eru þeir hv. þm., sem með þessu máli eru, ekki of góðir til þess að berjast fyrir því, að fé sé þannig veitt. Ég held, að það væri meiri manndómur að segja sem svo: Á fjárl. 1950 skal fara ein millj. kr. í sjóðinn, — heldur en að vilja fá viljayfirlýsingu, sem hér er fyrir hendi.

Hv. flm. segist vilja benda mér á 3. gr. l. Hún staðfestir það, sem ég hef sagt, en ekki það, sem hv. flm. heldur fram. Í 3. gr. segir, eins og hann las hér upp: „Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5. gr. þessara laga.“ Og því má ekki verja á annan hátt. Þ. e., það skal fyrst og fremst veita styrki samkv. 4. gr., þannig að fyrsta og aðalhlutverk sjóðsins er að standa undir kostnaði samkv. 4. gr. Og svo má lána samkv. 5. gr. að sjálfsögðu, ef fé er fyrir hendi. Og hv. flm. þarf ekkert að segja mér, hvað lá á bak við það, þegar sett var inn síðasta málsgr. 2. gr., því að ég var í n., sem fjallaði um þetta mál, þegar lögin voru sett. Og þetta ákvæði var sett inn til þess, ef svo skyldi fara, sem alltaf er hætta á, að ríkissjóður geti ekki innt þetta af hendi, þá séu möguleikar til þess, að sjóðurinn þurfi síður að draga saman sína starfsemi, með því að hann geti þá fengið lán upp á 10 millj. kr., sem ríkissjóður ábyrgist. Og á þeim tíma, þegar við vorum að semja þetta, var miklu hægara að fá lán til hlutanna en nú. Það getur verið, að þessi gr. sé minna virði nú en 1947. En sé hún einskis virði í l. eins og nú

er, þá er einskis virði að lögfesta þetta frv., sem hér liggur fyrir nú til umr.

Hv. 1. flm. sagði, að það væri alls ekki hægt að vefengja heimild sjóðstjórnarinnar til að veita lánin, og honum fannst rök mín, er ég nefndi dæmið um Jörund, ekki geta staðizt. Ég hef nú ekki löngun út af fyrir sig til þess að ræða sérstaklega það atriði, en það er rökrétt hugsað, sem ég hélt fram, því að það er lánað til byggingar þessa skips til þess að koma af stað nýjung í einangrun í klæðningu. Lánið er ekki hér lánað til þess að byggja skipið í heild, enda hefur fiskimálasjóðurinn ekki heldur það hlutverk né heimild til þess. Og lestar þessa skips eru ekki frábrugðnar öðrum togaralestum, sem áður voru smíðaðar, að öðru leyti en því, að þessi einangrun var úr sérstöku og nokkru dýrara efni en í öðrum togurum hafði verið. Þess vegna gat, eftir reglum, sem sjóðurinn skyldi starfa eftir lögum samkvæmt, ekki verið um að ræða að lána úr sjóðnum í þessu efni meira en það, sem nam mismuninum á kostnaðinum við að einangra lestir skipsins, þeim mismun, sem það var dýrara að einangra þær með alúminium en með tré. Og sá kostnaðarmismunur hefur ekki verið nema brot af því, sem lánað var úr sjóðnum til byggingar þessa skips. Ef átt hefði að setja í skipið fiskimjölsvélar, sem rætt mun hafa verið um í fyrstu, þegar skipið var byggt, þá hefði það kostað töluvert fé að vísu. En þegar sjóðstjórnin afhenti lánið til skipsins, þá var vitað, að þessar vélar voru alls ekki settar í skipið og að þær mundu aldrei í það koma. En þær hefðu kostað miklu meira fé en lestarklæðningarnar í skipinu. Hins vegar voru reyndar aðrir aðilar búnir á undan að láta framkvæma þessar sömu tilraunir með einangrun í lestunum, þannig að þetta var því ekki hrein nýjung í sambandi við Jörund.

Hv. 1. flm. viðurkennir, að honum finnist sumar af þessum lánsaðferðum, sem ég gat um, að átt hefðu sér stað um lán úr fiskimálasjóði, mjög hæpnar. Ég held þá, að ég hafi ekki farið mjög um of langt í minni gagnrýni, því að eftir ákvæðum 4. og 5. gr. fær ekki staðizt, að hægt sé með réttu að lána fé sjóðsins þannig. En það virðist hvíla sá skuggi yfir þessari starfsemi, sem sjóðurinn innir af höndum, að þeir, sem sjóðnum stjórna, eru alltaf að gera hluti, sem er a. m. k. mjög vafasamt, hvort þeir hafa heimild til að gera, eins og t. d. þegar byggt var fyrir 8 millj. kr. fiskiðjuver við Grandagarð. Ég er ekki að segja, að það eigi að draga viðkomandi aðila fyrir landsdóm út af því. Hitt er víst, að það er mjög vafasöm ráðstöfun, og ég tel, að miklu réttara hefði verið en að samþ. þetta frv. að kippa í lag stjórninni á rekstri sjóðsins og setja svo fastar reglur fyrir starfsemi fiskimálasjóðs, að ekki sé neinn vafi á, hvar línurnar séu í þeim efnum. Hitt tel ég ekki tímabært, að hækka fjárframlag til sjóðsins, eins og hér er ætlazt til, og þá sérstaklega meðan ekki er gripið inn í um hina daglegu starfsemi sjóðsins, sem virðist vera mjög rík nauðsyn á að gera.

Hv. 1. flm. talaði um, að það væri sérstakt með þetta lán til fiskiðjuversins. Hvað er sérstakt með það lán? Það er það sérstaka með lánið, að eins og ég hef tekið fram, þá er það ákaflega vafasamt, hvort heimilt var að lána nokkurn eyri til þess fyrirtækis úr þessum sjóði. Og það er svo vafasamt, að þeir hafa ekki einu sinni treyst sér til þess að halda þessu fyrirtæki, sem eiga að sjá um fiskimálasjóðinn, þó að ákveðið sé í lögum, að fiskimálasjóður skuli yfirtaka allar eignir fiskimálanefndar. Það er svo vafasamt, að þeir hafa ekki treyst sér til þess að bera áfram ábyrgðina á þessari stofnun, heldur hafa kastað þessu, með litlum eða engum sóma, beint á ríkissjóðinn, eigandi hjá þessu fyrirtæki hundruð þúsunda, sem þeir líklegast fá aldrei, sem síðan hefur orðið til þess, að önnur fyrirtæki, sem sumpart voru fyrir og sumpart hafa risið upp síðan hér við Reykjavík, hafa ekki aðstöðu til þess að hafa nægilegt hráefni, svo að hægt sé að starfrækja þau. Og nú er farið inn á þessa mjög svo vafasömu starfrækslu, sem bókstaflega engin heimild er til í lögum, að leigja mótorbát og fara að gera út. Það er svo einkennilegt og sérstakt með það lán.

Ég þarf ekkert að endurtaka um endurgreiðslur á lánum þessum úr sjóðnum, sem ég hef rætt um. Þær eru upp á um 200 þús. kr., af um 5 millj. kr., sem lánaðar hafa verið út úr sjóðnum. Það er eitthvað bogið við þá starfsemi sem lánastarfsemi.

Þá sagði hv. 1. flm., að það væri ekki rétt, að fiskveiðasjóður hefði hvarflað frá því takmarki að inna af hendi alveg sérstaka lánastarfsemi. Ég veit ekki, hvort hv. þm. er ljóst, að ein deildin í fiskveiðasjóði hefur með höndum nákvæmlega sams konar starfsemi og hér er höfð með höndum af fiskimálasjóði. Hún lánar sömu áhættulán og með álíka kjörum og þessi stofnun, og er þetta alveg hliðstætt við þessa stofnun. Þetta var gert með ákvæði í l., er l. var breytt síðast, og þá áttum við þáv. hv. 1. þm. S-M., Ingvar heitinn Pálmason og ég, þátt í því og börðumst hart fyrir því hér í hv. d., að í staðinn fyrir að gefa mönnum stórkostlegt fé, þá yrði það lánað þeim sem áhættulán og því haldið áfram gagnvart eftirkomendunum, eftir því sem fé kæmi inn í sjóðinn. Svo að ég held, að það falli vel inn í starfsemi fiskveiðasjóðs, að sú stofnun verði látin yfirtaka þessa lánastarfsemi fiskimálasjóðs. Ég teldi slíka breyt. til mikilla bóta frá því fyrirkomulagi, sem er, og skil ég ekki, hvernig staðið verður á móti því að minnka stórkostlega kostnaðinn við lánin, því að það getur ekki vakað fyrir hv. flm. frv., að svo og svo mikið fé fari beint í stjórn sjóðsins, en ekki til þeirra, sem eftir l. eiga helzt að fá fé.

Hv. 1. flm. sagði, að það sannaðist við afgreiðslu þessa máls, hvaða hug menn bæru til dreifbýlisins. Ég sé ekki, að afgreiðsla þessa máls sé neinn mælikvarði á það. Og ef málið er bara borið fram til þess að auglýsa sig sem einhvern fulltrúa dreifbýlisins, þá skýtur hv. þm. alveg fram hjá markinu. Það getur ekki styrkt dreifbýlið að setja nokkur hundruð þús. kr. eða milljónir í fyrirtæki eins og fiskiðjuver hér í Reykjavík, það get ég ekki skilið. Og það getur ekki heldur verið ráðstöfun til

hagsbóta fyrir dreifbýlið að setja þau ákvæði um fjárframlög, sem í frv. er gert ráð fyrir, ef það yrði til þess, að skera þyrfti niður svo eða svo mikið af fjárframlögum til verklegra framkvæmda, svo sem vega, brúa og símalagninga í sveitum. Ég held því, að hv. flm. ætti að spara sér að slá um sig með að segja, að fylgi við þetta mál, sem hér er á ferð, sé mælikvarði á velvilja manna til dreifbýlisins á þann hátt, sem hann talaði um. Ég þori að mæta honum á því sviði, hvor okkar standi betur með hagsmunum dreifbýlisins, og ég þarf ekki að láta núa mér því um nasir, að afstaða mín til þessa máls sé einhver fjandskapur við dreifbýlið.

Verði frv. þetta samþ. hér við þessa umr., mun ég við 3. umr. bera fram brtt. við það.

Ég vil geta þess, að hv. 2. þm. Árn. (EE) var vegna veikinda ekki viðstaddur, er málið var afgr. í n., og hefur því ekki skrifað undir nál. Ég veit ekki um afstöðu hans til þessa máls.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Ed., 31. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Mér finnst varla ástæða til með ekki stærra mál að halda uppi löngum ræðuhöldum, en eigi að síður þykir mér rétt að bæta við nokkrum orðum í tilefni að ræðu hv. frsm. minni hl. á síðasta fundi. Ég sýndi fram á það í ræðu minni, að þessi l. yrðu ekki fremur pappírslög en önnur þau l., sem hér væru samþ., en því var haldið fram af hv. frsm. minni hl. Ég vil benda á, að það, sem hér er um að ræða, er ekki annað en það, sem er í ýmsum öðrum l., svo sem jarðræktarl. og l. um húsagerð í kaupstöðum og kauptúnum, og vil einnig minna á launal. og tryggingal., en það eru allt dæmi um l., sem ákveða greiðslur til margra ára. Hér er því aðeins farið fram á að setja þessar greiðslur, sem hér er farið fram á, við hliðina á greiðslum samkv. áðurnefndum l., og þetta eru ekki meiri pappírslög en landslög yfirleitt.

Hv. frsm. minni hl. hélt því fram og lagði mikla áherzlu á það, að það væri skylda flm. að nefna tekjuliði, sem gætu komið á móti þessu. Ég hef bent á það, að slíkt er ekki venja, en aftur á móti tel ég það skyldu hvers þm., þegar til afgreiðslu fjárl. kemur, að vinna svo að þessum málum, að ríkissjóður fái tekjur á móti þessum lið, sem öðrum útgjöldum. Þá vil ég beina frá þeim ummælum hv. þm., að ég hugsaði ekkert um að afla ríkissjóði tekna. Slíkar ásakanir um nýja þm., sem aldrei hafa unnið að afgreiðslu fjárl., eru of snemma fram komnar og tilhæfulausar, svo að ekki sé meira sagt.

Þá gætti beins misskilnings hjá hv. þm., er hann sagði, að tilganginum væri snúið við í frv., en slíkt er algerlega úr lausu lofti gripið. Hverjum sem les lögin og frv. er það ljóst, að ekki er verið að breyta tilgangi l., þó að rýmkun hvað lán snertir sé leyfð. Hv. þm. sagði, að verið væri að lögfesta hækkun á lánum, en slíkt er alveg af og frá, því að í frv. felst aðeins, að leyft sé að veita hærri lán.

Það hefur borið á því í sambandi við þessar umr., að deilt hafi verið á stjórn fiskimálasjóðs. Ég hjó eftir því í síðari ræðu hv. þm. Barð., að hann sagði, að fiskiðjuverið væri sök stjórnar fiskimálasjóðs. Ég er að vísu ekki vel kunnugur þessum málum, en þó hygg ég, að sú bygging muni hafa verið ákveðin á hærri stöðum, enda held ég ekki, að slíkt komi þessu frv. við. Sé stjórnin óhæf, þarf að skipta um stjórn, en ekki að breyta l.

Það kom mjög fram í ræðu hv. þm., að fjárfestingin væri nú orðin allt of mikil og það þyrfti að stöðva hana um tíma a. m. k., meðan verið væri að koma lagi á fjármálakerfið. Mér hefur fundizt einkennileg og ósennileg allra meina bótin í þessum tveim úrræðum: Fyrir nokkrum árum var nýsköpunin eitt allsherjar bjargráð. En nú skilst mér, að stærsta úrræðið eigi að vera það að draga úr fjárfestingunni og allt að því stöðva hana í bili. Mér hefur þó sýnzt, að nýsköpun þá og fjárfesting nú væru aðeins tvö mismunandi orð um svipað hugtak. En of langt mál yrði að fara út í það nú. Hér er eigi heldur um stórt fjárfestingarmál að ræða. En að því leyti, sem svo er, þá er það skoðun mín, að þessi fjárfesting sé sú, er sízt má stöðva. Þessu fé er ætlað að ganga beint til framleiðslustarfsins. Og má ljóst vera af plöggum og reikningum, sem fylgja nál. hv. minni hl. sjútvn., að hvað lánin snertir, þá ganga þau fyrst og fremst til hinna ýmsu kaupstaða og sjávarþorpa vítt um landið, til framleiðslunnar þar. Þessu verður eigi neitað. Og það er þetta, sem er kjarni málsins.

Vegna þeirra ummæla hv. þm. Barð., að bezt muni henta að sameina lánastarfsemi fiskimálasjóðs starfsemi Fiskveiðasjóðs Íslands, vil ég taka fram: Þetta frv. felur eigi í sér neina breyt. á sjálfu lánakerfinu. Það mál er umfangsmikið, og án efa er þar mörgu áfátt. Tel ég það óliklegt til úrbóta í þeim sökum að klastra við frv. það, er hér liggur fyrir hv. d., ákvæðum um breytingar á lánaskipulaginu. Það þyrfti ýtarlegri undirbúning en hér er fyrir hendi að þessu sinni.

Þá vil ég benda á tvö atriði í ræðu hv. þm. Barð., sem ekki er rétt að láta ómótmælt, atriði, sem ég tel ljós dæmi þess, hvernig málflutningur á ekki að vera í þessari d. og raunar yfirleitt á hinu háa Alþ. Ég hjó eftir því, að þessi hv. þm. var að narta í hv. 1. þm. S-M. (EystJ) fyrir það, að hann hefði, þegar hann átti sæti í síðustu ríkisstj., heimtað meiri fjárveitingar til ráðuneyta sinna en — að því, er mér skildist — góðu hófi gegndi. Nú vita allir, að við stjórnarskiptin 1947 lá fyrir að framkvæma bunka af lögum frá tíð fyrrv. stj. Sumar þær framkvæmdir hlutu að verða mjög fjárfrekar. Átti það ekki sízt við um þau mál, er heyrðu undir ráðuneyti hv. 1. þm. S-M., þáv. hæstv. menntmrh. Það er nú svona og svona, þegar hv. þm., sem sjálfir hafa átt þátt í að setja hina fjárfreku löggjöf, hefja árásir á þá, er framkvæma hana, af þeim ástæðum, að framkvæmdin kostaði peninga. Annars hefur þessi hv. þm. talað áður hér í hv. d. um líkt

efni. Þá var honum svarað af hv. 1. þm. Eyf. (BSt), og tel ég þetta nægja til viðbótar því, er þá kom fram.

Þá er það hitt atriðið. Hv. þm. Barð. deildi á okkur flm. þessa frv. fyrir það, að með till. okkar um hækkuð hámörk lánsfjár, miðað við hundraðshluta stofnkostnaðar, og lækkaða vexti, í 2½%, værum við að stuðla að sukki og óreiðu og lagði sérstaka áherzlu á það, að lækkun vaxtanna væri óheppileg. Jafnframt hrósaði hann sér af því að hafa átt þátt í að koma inn í l. um Fiskveiðasjóð Íslands hliðstæðu ákvæði og nú er í l. um fiskimálasjóð varðandi lánastarfsemina. Hvernig er svo háttað vaxtagreiðslum af lánum Fiskveiðasjóðs Íslands, þeim sem veitt eru skv. 8. gr., því ákvæði fiskveiðasjóðsl., sem hv. þm. hrósar sér af? Því er fljótsvarað. Í 8. gr. segir: „ ... Lán, sem veitt eru úr sjóði þessum, skulu vera vaxtalaus í 10 ár og afborgunarlaus fyrstu 5 árin ...“ Frá mínum bæjardyrum séð er eigi hægt í sömu ræðu að átelja menn fyrir lækkun vaxta af tilteknum lánum og telja sér það til gildis jafnframt að hafa fengið lögfest ákvæði um sams konar lán vaxtalaus. Og allra sízt fer þó vel á þessu hjá þeim hv. þm., sem gerast sjálfkjörnir siðameistarar hér í hv. d., eins og mér finnst hv. þm. Barð. stundum gera. En er við virðum fyrir okkur þetta ákvæði 8. gr. l. um Fiskveiðasjóð Íslands, sem hv. þm. Barð. talaði um og taldi sér til hróss, þá vil ég spyrja: Hvað um framkvæmd þess? Ég er hræddur um, að það hafi orðið helzt til mikið pappírsgagn. Nú sagði þessi hv. þm., að við — flm. þessa frv., skildist mér — værum „sannarlega ekki of góðir til þess að berjast fyrir því árlega,“ að tekin væri á fjárl. fjárveiting til fiskimálasjóðs. En hvernig er þá háttað árlegri baráttu hv. þm. sjálfs fyrir framkvæmd ákvæðisins í 8. gr. fiskveiðasjóðsl., sem hann hrósar sér svo mjög af? Að lokum vil ég segja varðandi hina „árlegu baráttu“, sem hv. þm. talar um: Það er sannfæring mín, að þær starfsaðferðir, sem einkennast af hinni „árlegu baráttu,“ leiði aldrei til góðs. Og ég undirstrika það, sem ég hef áður sagt: Það þarf að skapa meiri festu í starfsháttum þings og stjórnar. Það þarf að draga gleggri markalínu á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það þarf að taka upp önnur og hagkvæmari vinnubrögð á þingi en þau, sem tíðkazt hafa nú um hríð. Og, svo að ég noti orðalag hv. þm. Barð.: Íslenzkir alþm. „eru sannarlega of góðir til þess að berjast árlega“ um hverja þá fjárveitingu, sem til mála kemur að veita úr ríkissjóði.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja þessar umr. lengi, en mér finnst samt rétt að gera aths. við nokkuð af því, sem hv. frsm. meiri hl. n. hélt hér fram.

Hv. þm. þóttist nægilega gamall, bæði að árum og sem þm., til þess að taka ekki á móti ábendingum frá mér. En þessu er öfugt varið með mig, því að ég mundi taka ábendingum frá honum með þökkum, ef réttar væru. En ég kann því illa, þegar hv. þm. er í alvarlegu máli að snúa öllum staðreyndum við, og leyfi ég mér því að leiðrétta það, þó að ekki sé nema til þess að það sjáist í þingtíðindunum, að það hafi verið gert.

Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt það, að með þessu frv. hans væri tilgangi l. alveg snúið við. Ég sagði þetta aldrei. Ég benti á það, að framkvæmdinni á l. hefði alveg verið snúið við, en minntist ekki einu orði á hans frv.

Þá segir hann, að hér sé aðeins verið að ákveða árlegt framlag til fiskimálasjóðsins, eins og t. d. hafi verið gert til sjúkrahúsa. En þetta er ekki heldur rétt hjá hv. þm., að það sé ákveðið, hvað mikið fé skuli leggja til vissra sjúkrahúsbygginga, heldur er þar aðeins sagt, hvaða hluta ríkið leggi fram á móti viðkomandi bæjar- eða hreppsfélagi, en alls ekki hvað mikið fé. En hvað svo sem hv. þm. segir, þá verður þetta, þó að það verði samþ., aldrei annað en pappírslög. Það verður ekki annað en ný Egilsstaðasamþykkt.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði verið að ásaka stjórn sjóðsins vegna byggingar fiskiðjuversins, en ég vil leyfa mér að mótmæla því harðlega, að ég hafi sagt það, sem hv. þm. hélt fram. Það eru orð, sem mér hefði aldrei dottið til hugar að segja, en ég verð að segja það, að ég kann vægast sagt mjög illa við þennan málflutning hjá hv. þm.

Svo fer hann að tala um fjárfestingu, alveg hávísindalega, en hann heldur einnig þar áfram að snúa öllu við, sem ég hef sagt. Ég hef aldrei sagt það, að fjárfestingarnar væru of miklar, heldur hef ég aðeins bent á það, hvað hagfræðingarnir sögðu um þetta efni í áliti sínu. Hann virðist ekki geta skilið það, hv. þm., að fjárfestingar geta verið of miklar eitt árið, en of litlar annað ár. Ég skal nefna eitt einfalt dæmi. Ef bóndi hefur eitt árið eytt öllum sínum eignum til þess að byggja fjárhús á jörð sinni, ætli það sé þá ekki til fullmikils ætlazt, að hann leggi í jafnmiklar fjárfestingar aftur á næsta ári? Þetta ætti hv. þm. að minnsta kosti að geta skilið.

Svo segir hv. þm., að það sé ekki rétt að breyta lánakerfinu og það sé allt of umfangsmikið verk að láta fiskveiðasjóð taka við þessu, þegar ég hef hins vegar sýnt fram á það með óyggjandi rökum, að fiskveiðasjóður getur einmitt á miklu hagstæðari hátt lánað þessum sömu aðilum.

En sérstaklega vil ég þó mótmæla því, sem hann sagði, að ég hefði sagt um hv. 1. þm. S-M. Hann heldur því fram, að ég hafi verið að narta í hv. 1. þm. S-M. fyrir að bera fram hækkunartill., sem hann bar fram sem menntmrh. Hvaðan hefur hv. þm. þessar upplýsingar? Kannske eru þær beint frá þessum læriföður hans. Nei, það voru ekki hækkanir til menntamála eða annarra mála, sem undir ráðuneytið heyrðu, sem mestu vörðuðu, því að ég vil nú spyrja hv. þm., hvort það heyri eitthvað undir menntmrn., að hækkuð séu framlög til vega og brúa í Strandasýslu og Suður-Múlasýslu,

en það var einmitt það, sem ég talaði um, en ekki þær hækkunartill., sem hann hafði gert á framlögum til mála, sem undir ráðun. heyrðu. Það hafði þó verið samkomulag um það í fjvn., að rétt væri að skipta framlögunum eins og gert hafði verið, en ég hef samt ekki vitað, að þessar hækkanir á þessum framlögum til vega heyrðu neitt til menntamála eða heilbrigðismála. Það var að vísu eitt mál, sem heyrði undir menntmrn., og það var þegar þessi hv. þm. og þáv. menntmrh. pressaði það í gegnum þingið vegna pólitískra hagsmuna að kaupa handónýtt blaðarusl fyrir 300 þús. kr., sem var þó allt saman til áður í Landsbókasafninu, eftir því sem upplýst var. Það var met. Það er minnisvarði, sem Framsfl. hefur reist sér og seint fellur. En hv. 1. þm. S-M. hefur reist sér og flokki sínum fleiri minnisvarða, og gæti ég komið með fleiri mál, sem þannig hafa verið pressuð í gegnum þingið, eingöngu vegna pólitiskra hagsmuna Framsfl., en ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja það allt saman hér, en ég vil aðeins að síðustu benda hv. þm. á það, að svona málflutningur á ekki við á þingi, þótt hann sé til þess píndur af þeim mönnum, sem hann er undir bæði andlega og líkamlega.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef nú talað við þessa umr. svo sem þingsköp leyfa, enda sé ég ekki ástæðu til þess að fara um þetta mál fleiri orðum en þegar er gert. Mér finnst það alveg ástæðulaust í sambandi við hvert einasta minni háttar mál að fara að tala á við og dreif um mál almennt á undanförnum þingum. Ég sé enga ástæðu til þess. Og það sem ég vék að einstökum málum á þann hátt áðan, þá var það eingöngu að gefnu tilefni hv. þm. Barð. í fyrri ræðu hans. Það kann að koma fram, að okkur beri ekki alveg saman í einstökum smáatriðum um það, hvað fram hafi komið í umr. Það kemur sem sé stundum fyrir, að hv. þm. neitar því algerlega að hafa sagt það, sem hann hefur þó í raun og veru sagt, nema þá að verið geti, að ég hafi skrifað ósjálfráða skrift, þegar ég ætlaði að skrifa tilvitnanir úr ræðu hans. Það getur að vísu verið, að svo sé, en er þó með nokkrum ólíkindum. En eins og ég sagði, þegar ég stóð upp, þá get ég ekki séð, að neitt af því, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Barð. í síðustu ræðu hans, hafi nokkur áhrif á afgreiðslu þessa máls, og get ég því setzt niður aftur.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi, áður en atkvgr. fer fram um þetta mál, lýsa þeirri skoðun minni, að þrátt fyrir það, að æskilegt hefði verið, að séð væri fyrir fé til þess að geta lánað ýmsum stofnunum, sem nú eru í smíðum og eiga við örðugleika að stríða, þá get ég ekki séð, að þetta sé rétta leiðin, að veita framlag til fiskimálasjóðs að upphæð 10 millj. kr. á jafnmikið árabil, þ. e. a. s. til 10 ára. Það er rétt, að það vantar lánsfé handa ýmsum þeim, sem ekki fengu það úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, einkum til skipa. Þetta er viðurkennt, og það er í ráði að gera breytingar til þess að bæta þar úr, sem mest á bjátar. Ég álít, að það sé rétta leiðin, að það verði gert og um leið með þeirri forsjá, að það leiði ekki til beinna útgjalda fyrir ríkissjóð, eins og hér er farið fram á í þessu frv. Þetta er nú um þörfina á þessu og aðferðina til þess að bæta úr henni. En ég held varla, að það verði annað en kák úr þessu, ef það á að fara að ánafna fiskimálasjóði þetta fé og láta hann svo lána þessa peninga út, það er ekki annað en kák. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að til er eldri stofnun, Fiskveiðasjóður Íslands, sem ástæða hefði verið til þess að styrkja öllu betur, ef ekki lægi fyrir að efla stofnlánadeild sjávarútvegsins. Á þennan hátt hefði ég rökstutt svar mitt við þessu frv., ef hv. flm. hefðu leitað umsagnar ríkisstj. um það, áður en þeir lögðu það fram, en það gerðu þeir nú ekki.

Það hefur borið á því víða í l. að undanförnu, að sett eru ákvæði, sem binda ríkissjóð miklum fjárframlögum, án þess að hliðsjón sé höfð af því, á hvern hátt ætti að leysa, ef fjárþröng væri. Ég hef staðið í þeim sporum að vera dreginn alvarlega til ábyrgðar af þessum ástæðum. Þannig var það á þinginu 1948 í sambandi við framkvæmd á l. um nýbyggingar í sveitum. Ég minnist þess þá, að það var kveðið mjög hart að orði og það kallað brigðmæli af fjmrh., ef ekki væri pungað út með fé til þessara framkvæmda, sem eftir meiningu framsóknarmanna lögin lögðu honum á herðar. Það voru nú flokksbræður þessa hv. flm., sem það gerðu. Það var nú svo í það skiptið, að það mál var nú samt leyst með því, að ríkissjóður tók lán til þess að uppfylla þessar kröfur lagabókstafsins. Finnst mér, að þegar við höfum mörg þess konar dæmi fyrir augunum, að Alþingi samþykki slík lög, sem ákveða greiðslur úr ríkissjóði á þennan hátt, án þess að hafa hliðsjón af einhverri tekjuöflunarleið til að mæta þeim, ef fjárþröng er, þá er það nægilega mikið til þess, að flestir gætu álitið, að slíkar löggjafir væru nú orðnar nógu miklar og frekar væri ástæða til þess að nema þær úr gildi en að vera sífellt að bæta þar við. Það eru oft mestu vandræði að standa við allar þessar skuldbindingar l., vegna þess að það eru ekki gerðar tilraunir til þess um leið að afla þeirra tekna, sem á móti þurfa að koma, og þegar svo fjmrh., hver sem hann nú er, biður um hækkun á sköttum eða tollum, þá eru það ýmsir, sem hafa við það að athuga. — Þetta vildi ég aðeins láta koma fram.

Ég lít á frv. sem hvert annað kák. En hins vegar vil ég benda á, að það mundi binda ríkissjóð miklum byrðum og gæti jafnvel orðið til þess að draga úr því, sem í undirbúningi er varðandi stofnlánadeildina, og þeim vonum, sem menn binda við eflingu hennar. En því er ekki að leyna, að stjórn stofnlánadeildarinnar hefur ekki lagt sama skilning í þá löggjöf, að dómi ríkisstj., og þingið hefur haft fyrir augum, þegar hún var samþykkt á sínum tíma. Það klingir næsta oft við, þegar þessi mál eru rædd, að nýsköpunarstjórnin hafi gefið loforð í þessu efni, sem ekki hafa verið uppfyllt, og ég hef a. m. k. oft orðið fyrir miður vingjarnlegum aðdróttunum í því sambandi, sérstaklega

vegna misskilnings á völdum nýbyggingarráðs. En ég vil leyfa mér að benda á það, að nýbyggingarráð fór hvergi fram yfir þau takmörk, sem því voru sett af löggjafarvaldinu. Þegar því er haldið fram, að nýbyggingarráð hafi lofað að lána, en svikið það, þá er það ekki rétt, því að það gat ekki og gerði ekki heldur að því að gefa loforð um lán, heldur tiltók það aðeins hámark þess, sem heimilt var að lána. Það var sem sé bara eftirlit, sem þar fór fram, og nýbyggingarráð skrifaði síðan stofnlánadeildinni um það, en hafði hins vegar alls ekki á valdi sínu, hvernig stofnlánadeildin fór með þær ráðleggingar, sem af ráðinu voru gefnar. Það er aftur á móti alveg rétt, að nauðsyn er á umbótum, þar sem haft er fyrir augum að leysa úr viðjum þá, er brestur lán til sinna þarfa. Það er réttmætt, og það þarf að gera. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, flýtir ekkert fyrir, að sú hugsjón komist í framkvæmd. Það hefur annmarka, sem ég skal ekki orðlengja um, en mér þótti hlýða að gera grein fyrir þessu hér. Ráðuneytið sem slíkt hefur lítið yfirlit yfir lán úr fiskimálasjóði öðruvísi en það er lagt fram af fiskimálasjóðsstjórninni. Og það hefur tíðkazt í ráðun., bæði áður en ég kom þar og síðan ég kom þar, að samþ. þessar till. því nær undantekningarlaust, sem fiskimálasjóðsstjórnin hefur gert. Þetta er náttúrlega ekki það æskilegasta fyrirkomulag, því að þar sem er um útlánastarfsemi að ræða, eins og þarna er orðið, þyrfti miklu nánari athugun á slíkum lánveitingum en fiskimálasjóðsstjórnin hefur tök á að láta fara fram, og að slíkri athugun er miklu betur staðið og hún er miklu betur í samræmi við lánastarfsemi yfirleitt að því leyti sem hún er framkvæmd af Fiskveiðasjóði Íslands. Þar ætti í raun og veru að vera öll lánastarfsemin, sem í þessu efni kæmi til greina að því er snertir báta og iðjufyrirtæki við sjóinn, þó að það hafi verið að þessu leyti látið vera heimilt fiskimálasjóði að gera slíkt hið sama. En það hefur verið réttilega bent á það hér af hv. frsm. minni hl. n., að það er ekki fyrsta boðorðið í starfsskrá fiskimálasjóðs, að hann skuli starfrækja lánastarfsemi, heldur er hún heimil. En sjóðurinn hefur aðrar skyldur á herðum, og í fyrsta lagi hefur löggjafinn ætlazt til þess, að hann annaðist framkvæmdir á sínu höfuðverkefni, en að lánastarfsemin hafi svo ekki átt að vera nema í 2. röð. En þróun þessara mála hefur orðið dálítið önnur, og ætla ég ekki að fara að lá fiskimálasjóðsstjórninni, þó að hún hafi orðið að láta undan þrýstingi í þessum efnum, því að það er öllum vitað, hve mikið hefur verið sótt á um að fá lán úr sjóðnum og er enn í dag, og er erfitt þar að standa á móti, ef það er annars talið heimilt og komið í hefð að gera þetta.

Væri hér um það mál að ræða, sem ég teldi til verulegra þrifa, líka fyrir þann flokk manna, sem nú kynni að langa til að fá lán úr fiskimálasjóði, þá mundi ég hafa veitt þessu máli brautargengi. En eins og á þetta mál er litið í sambandi við aðrar fyrirætlanir, þær að efla stofnlánadeildina, þá er ég hræddur um, að það geri ekki atvinnuvegunum tilætlað gagn að samþ. þetta mál, en það hefur hins vegar marga annmarka, sem á hefur verið bent, svo sem þá að leggja margra millj. kr. byrði á ríkissjóðinn á næstu tíu árum. — Ég mun því ekki treysta mér til að fylgja málinu.

Forseti (BSt): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Hv. frsm. meiri hl. hefur óskað þess, að atkvgr. um málið verði frestað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það kemur á daginn hér, eins og oft endranær, að erfitt er að fá menn til atkvgr. Og á þessum löngu þingum eru þm. oft fjarstaddir, þegar þingfundir eru haldnir. En í þetta blandast líka hitt, að menn vita, vegna hefðar, sem á er komin, að atkvgr. er mjög oft frestað, ef fáir hv. þdm. eru viðstaddir. Spurningin er sú, hvort ekki væri líklegra til þess að halda góðum starfshætti á þinginu, að samkomulag væri á milli þm. og forseta um að fresta aldrei atkvgr., heldur að þær fari fram strax og umr. er lokið um málið, eins og tíðkað var lengi vel. Annaðhvort finnst mér, að atkvgr. ætti að vera frestað, þegar menn óska eftir því, eða þá, að það verði látin vera almenn regla að fresta aldrei atkvgr., þegar annars hægt er að koma henni á.

Ég vil skjóta þessu hér að, kannske ekki sem fullhugsuðu atriði, en til athugunar.

Forseti (BSt): Ég er mjög fús til þess að fresta aldrei atkvgr., ef d. er ályktunarfær, því að ég álít það vera þingmannsins sjálfs að gera ráðstafanir til þess að fá þá að vita um atkvgr. og vera mættur við atkvgr., þegar hann vill vera þar viðstaddur. Ég hef hingað til orðið við óskum manna um að fresta atkvgr., vegna þess að fyrirrennarar mínir hafa gert það, þegar þess hefur verið óskað, og það hefur verið siður hér að fara að þessum óskum. En ég skal mjög taka þetta til athugunar að fresta aldrei atkvgr., ef d. er ályktunarfær, þegar umr. um mál er lokið, en mér þykir það tæplega rétt, að það gildi á þeim fundi, þegar fyrst er um þetta rætt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er alls ekki að gera það að till. minni að gera þetta nú.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég tek aftur ósk mína um, að frestað verði atkvgr. um málið.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Út af orðaskiptum hæstv. dómsmrh. og hæstv. forseta vil ég mega segja það, að ég skildi ummæli hæstv. forseta svo, að hann vildi taka til athugunar að fresta ekki atkvgr. um mál, er umr. er lokið og hv. þd. er ályktunarfær, og þá væntanlega í samráði við aðra forseta þingsins, því að ég tel ekki til neinna bóta, ef önnur deild þingsins tæki upp þetta sem reglu, en ekki hin hv. þd. Mér virðist réttast, að í báðum hv. þd. gildi hið sama í þessu efni og að hæstv. deildaforsetar athuguðu það þá sín á

milli og tækju í sameiningu ákvörðun um þetta atriði.

Forseti (BSt): Ég hef ekkert á móti því að tala um þetta við aðra forseta þingsins. En hér er ekkert þingskapaatriði um að ræða, því að ef deild er ályktunarfær, getur forseti látið fara fram atkvgr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ef á að taka upp þessa reglu, sem um hefur nú verið rætt og ég hef ekkert á móti, þá vildi ég, að um leið yrði þá tekin upp sú regla að láta menn ekki sitja hér í allt að fjórðung stundar, meðan verið er að smala mönnum til atkvgr., eins og komið hefur fyrir nýlega, eftir ósk hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV, GÍG, HG, BSt.
nei: LJóh, ÞÞ, BBen, GJ, JJós.
PZ greiddi ekki atkv.
3 þm. (KK, EE, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 256 samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 279, 283).
Brtt. 283 *of seint fram komin.* — *Afbrigði leyfð* og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef borið fram brtt. á þskj. 283, en hef ekki haft tækifæri til að ræða hana við sjútvn. Ég vil því mjög mælast til þess, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá í dag og fresti umr. Ég skal láta taka málið fyrir í sjútvn. strax á morgun, svo að ekki þurfi að tefja framgang þess, en mér þætti eðlilegt, að till. yrði rædd við n., áður en hún kemur til afgreiðslu.

Forseti (BSt): Mér þykir rétt að verða við þessum tilmælum hv. form. sjútvn., og er umr. þá frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.
Á 49. fundi í Ed., 3. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. muna, var umr. um þetta mál frestað í gær samkv. ósk hv. þm. Barð. (GJ), til þess að sjútvn. gæti athugað till. N. ræddi málið á fundi í morgun og varð sammála um að leita álits stjórnar fiskimálasjóðs, og eru líkur til, að stjórnin gefi svör bráðlega. N. hefur því orðið sammála um að óska eftir, að málinu verði frestað, þar til hún hefur fjallað um það að fengnum till. sjóðstjórnarinnar, en líkur eru til, að það verði mjög bráðlega.

Forseti (BSt): Mér þykir sjálfsagt að verða við þessum tilmælum og mun ekki taka málið fyrir aftur fyrr en þetta hefur verið rætt í hv. nefnd.

Umr. frestað.
Á 50. og 54. fundi í Ed., 6. og 13. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Ed., 16. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir, að frestað var umr. um þetta mál, til þess að n. hefði tækifæri til að ræða og athuga till., sem ég bar fram hér á þskj. 283. N. hefur athugað brtt. og hún hefur sent hana til umsagnar til stjórnar fiskimálasjóðs. Vil ég leyfa mér að lesa hér upp svarið frá þessari sjóðstjórn, með leyfi hæstv. forseta, þar sem n. þótti ekki ástæða til að gefa út framhaldsnál. og bréfið hefur þá ekki heldur verið prentað sem þskj., en það hljóðar svo:

„Brtt. á þskj. 283 við frv. til laga um breyt. á l. um fiskimálasjóð, sem fylgdi bréfi yðar, dags. 3. febrúar s. l., var tekin til umr. á fundi sjóðstjórnarinnar 3. febr. s. l. Sjóðstjórnin er því alveg mótfallin, að ákvörðunarréttur hennar á meðferð sjóðsins sé takmarkaður á þann hátt, sem brtt. ber með sér, enda er útilokað, að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar um lánsloforð, ef brtt. verður samþ."

Ég verð að segja, að mig undrar mjög, að stjórn, sem falið er svo mikilsvert verkefni sem hér á sér stað, skuli leyfa sér að senda hæstv. Alþ. svona bréf, sem fullt er af hroka annars vegar og fer alls ekki rétt með staðreyndir hins vegar. Í fyrsta lagi er það algerlega rangt, að ef brtt. verði samþ., þá geti ekki sjóðstjórnin staðið við þær skuldbindingar um lánsloforð, sem hún hefur gefið, svo framarlega að lánsloforðin séu ekki annað eða meira en hæstv. sjútvmrh. hefur samþ. og legið hafa fyrir þinginu. Og ég hef enga ástæðu til að ætla, að annað eða meira hafi verið af þeim loforðum gefið, enda er þá gengið nægilega langt, þar sem lofað er að ráðstafa fé á árinu 1950 og 1951, og virðist hér, sem sjóðstjórnin hafi alveg litið fram hjá þeim staðreyndum, að með því frv., sem búið er að samþ. hér í þessari hv. d. á þskj. 279, þá er sjóðnum tryggt einnar millj. kr. hærra framlag á hverju ári en nú er. Um það hefur deilan staðið hér, hvort rétt væri að gera það, m. a. vegna þeirrar meðferðar, sem þessir menn hafa haft á sjóðnum. En úr því að svo er komið, að meiri hl. þessarar hv. d. vill, að þetta fé verði tryggt, og verði því ekki breytt í hv. Nd., þá er það raunveruleiki, að sjóðstjórnin hefur eins miklu fé yfir að ráða til útlánanna, þó að min brtt. verði samþ., það er að leggja 60% af tekjum sjóðsins til útlána samkv. 4. gr. Þá hefði stjórn sjóðsins einmitt fé til útlána sinna eins og hún hefur í dag á þann veg, sem hún lánar út féð. Þess vegna

eru þetta hreinar rangfærslur hjá sjóðstjórninni að fullyrða, að hún geti ekki staðið við skuldbindingar sínar um lánsloforð, ef samþ. verður mín brtt. — Hitt gegnir svo furðu, að þegar með ákvæðum í lögum er fyrirskipað, að einn sjóður skuli gera eitthvað sem aðalverkefni og það er enginn ágreiningur um það eftir l., hvert það verkefni er, þá skuli sjóðstjórnin leyfa sér ár eftir ár að taka langmestan hluta af tekjunum, sem sjóðurinn fær, til þess að framkvæma önnur verkefni, sem eftir lögum sjóðsins aðeins er heimilt fyrir sjóðinn að styðja, en eru alls ekki aðalverkefni sjóðsins. Það er vegna þessarar misnotkunar á fé sjóðsins, sem þessi brtt. er fram komin á þskj. 283, og það er ekki orðið lengur stætt á að gefa þetta vald til þessara manna að fara með þetta fé, eins og þeir hafa gert það á undanförnum árum, og vanrækt fullkomlega þau verkefni, sem eru undirstaðan undir því, að hægt sé að halda áfram sjávarútvegi í landinu, sem einnig eru þau verkefni, sem sjóðnum samkv. l. var aðallega ætlað að styðja og framkvæma, enda sýnir það sig, að kröfurnar, sem gerðar eru til Alþ. um fjárframlög til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd á þeim verkefnum, þær eru svo háværar, sem eðlilegt er, vegna þess alveg sérstaklega, að þeir menn, sem farið hafa með þetta fé, sem fiskimálasjóðurinn hefur haft til umráða, hafa alveg brugðizt skyldum sínum í þessu efni. Það kom fram m. a. þess vegna þáltill. í hv. Sþ. um að láta svo og svo mikið fé beint úr ríkissjóði, auk þess, sem látið er hér í þennan sjóð, til þess að standast kostnað af síldarrannsóknum á þessu ári og á komandi ári og til þess að fylgjast með öllum þeim nýjungum, sem fram kunna að koma, innan lands og utan, í sambandi við síldveiðar, svo að það væri hægt að nota þær verksmiðjur, sem hafa verið byggðar m. a. hér við Faxaflóa, að vetrinum til og ná hér þeirri síld, sem vitað er, að stendur hér í flóanum allan veturinn, en hefur ekki tekizt að ná, vegna þess að ekki hafa verið til nægilega góð veiðitæki til þess að ná henni, og svo að það væri hægt að bæta stórkostlega hag útvegsmanna með áframhaldandi auknum síldveiðum og verksmiðjuiðnaði, sem á síldveiðum byggist. En fiskimálasjóðsstjórnin, sem hefur milljónir króna yfir að ráða og á fyrst og fremst að inna þetta verkefni af hendi, spyrnir við fótum og segir: Það er ekki þetta, sem ég vil. Ég vil gjarnan taka á móti 10 manna nefnd, sem sé skipuð til þess að athuga þetta mál, en ég vil ekki láta hana hafa neitt fé til þess að starfa fyrir. — Og þegar svo kemur hér fram till. í þinginu um að tryggja, að ekki sé hægt að fara svona með þessi mál, þá rís þessi stjórn upp og segir: Nei, við látum ekki bjóða okkur þetta. Við viljum hafa leyfi til að ráðstafa því fé, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða, til þess, sem er aukaatriðið, en ekki til þess, sem eftir lögum sjóðsins er aðalverkefni hans.

Ég skal ekkert um segja, hvernig hv. samþm. mínir í hv. þd. líta á þetta mál. N. sá ekki ástæðu til að leggja til að gera breyt. á till. Hún kemur hér náttúrlega til atkv. Ég vænti þess fastlega, að hv. þdm. sjái ástæðu til að samþ. brtt. Og ég teldi það mjög mikla skammsýni, ef á sama þingi, sem auknar væru tekjur þessa sjóðs um eina millj. kr. á ári, væri ekkert gert til að koma í veg fyrir, að þessir sömu menn, sem farið hafa með stjórn sjóðsins, fari enn lengra út fyrir þau takmörk, sem þeim eru sett í l. fyrir starfsemi sjóðsins.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í þetta mál nú. Það hefur verið rætt ýtarlega áður. Ég vil þó aðeins víkja að einu eða tveimur atriðum, sem fram komu í ræðu hv. þm. Barð., um leið og ég lýsi afstöðu minni til þeirrar brtt., sem fram er komin frá honum. Honum þótti furðu gegna orðalag og efni þessa bréfs, sem n. barst frá stjórn fiskimálasjóðs, og m. a. fullyrti sá hv. þm., að það væri gersamlega rangt hjá sjóðstjórninni, að hún gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar, ef þessi till., um að binda 60% af árlegum tekjum sjóðsins í starfsemi samkv. 4. gr. l., yrði samþ. Og svo bætti hv. þm. Barð. við, að sjóðstjórnin gengi fram hjá þeim staðreyndum, að með frv. því, sem hér liggur fyrir, ef að lögum verður, sé sjóðnum tryggð ein millj. kr. árlega til viðbótar þeim tekjum, sem hann áður hefur haft, — algerlega tryggð, undirstrikaði hv. þm. Barð. Ég vil nú aðeins leyfa mér að biðja þá hv. þm., sem hér eru inni og kunna að hafa fylgzt með fyrri umr. um þetta mál, að bera þessa fullyrðingu hv. þm. nú, um það, að þetta einnar millj. kr. framlag sé alveg tryggt fyrir sjóðinn, saman við fullyrðingar hans í fyrri ræðum undir umr. um þetta sama mál, um það, að þessi l., þó að samþ. væru, yrðu aðeins viljayfirlýsing, pappírsgagn o. s. frv. Ég vil aðeins leyfa mér að benda hv. d. á það misræmi, sem mér virðist hér koma fram í málflutningi þessa hv. þm.

Við höfum áður rætt nokkuð um heimildarleysi eða heimildir sjóðstjórnarinnar til þess að verja svona eða svona miklu af fé sjóðsins samkv. verkefnum 4. gr. l. og verkefnum 5. gr. l. hins vegar, og hirði ég ekki að fara út í það mál enn á ný. En afstaða mín til þessarar brtt., sem hér liggur fyrir, hún er í stuttu máli þetta, að ég legg til, að brtt. verði felld. Það er af tveim ástæðum. Fyrst og fremst því, að eins og sjóðstjórnin tekur fram, þá er mikið fé bundið, ef svo má segja, í loforðum, sem sjóðstjórnin hefur gefið um lán, sem og samþ. hafa verið af ráðh., að mér skilst. Og ég tel, eins og ég hef oft tekið fram, að eins og ástatt er þá sé mjög brýn þörf á, að hægt verði að uppfylla þessi loforð og veita þessi lán, og það heldur fyrr en síðar, — mjög brýn þörf. Í öðru lagi er svo það, að ég lít svo á, að þörfin fyrir fé á þessum sviðum geti verið svo breytileg frá ári til árs, að það sé ekki rétt að binda þetta ákvæði til langs tíma með lögum, og ég veit, að þar greinir okkur mjög á, mig og hv. þm. Barð. En ég fyrir mitt leyti tel þeirri skiptingu fjárins í næstu framtíð betur borgið í höndum sjóðstjórnarinnar og undir yfirumsjón sjútvmrh., — því að það skilst mér, að þessi mál hljóti að vera, — ég tel skiptingu fjárins betur borgið með því fyrirkomulagi en með því, að Alþ. nú ákveði takmörkin um þetta.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki deila mikið við hv. þm. um þetta atriði. En ég vil spyrja: Er hann að komast að þeirri niðurstöðu nú, að hann hafi gengið svo langt í þessu máli sem hann hefur gert til þess að hann sé aðeins að fá hér viljayfirlýsingu? Mér hefur ekki fundizt hann vera á þessari skoðun undanfarið, og það er um það, sem deilan hefur staðið á milli okkar, mín og hv. 2. þm. S-M. Ég hef bent á, að lögin verði aðeins viljayfirlýsing, nema tryggt verði fjárframlagið hverju sinni þannig, að þetta verði lagt fram til sjóðsins. En hv. 2. þm. S-M. hefur haldið fram, að með því að fá þessi ákvæði, sem í frv. eru, inn í lögin, þá sé tryggt, að þetta fé verði lagt fram. Er hann nú eitthvað að fá eftirþanka um það, að það þurfi að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að þetta verði eitthvað annað en auglýsing austur í Suður-Múlasýslu? Það getur verið, að þessi hugsun hafi eitthvað svifið að þessum hv. þm. En gengið út frá því, sem hv. 2. þm. S-M. hefur fullyrt hér, að með því að gera þessar breyt. á l. um fiskimálasjóð, séu sjóðnum tryggðar meiri tekjur, — því að till. í frv. um breyt. á l. sjóðsins er ekki um annað en það, að það skuli með sérstökum l. ákveða, að taka skuli inn í fjárl. á hverju ári í tíu ár eina millj. kr. á ári, sem renni í fiskimálasjóð, í staðinn fyrir að í l. er nú, að þetta skuli greitt í sjóðinn eftir því, sem fé er veitt til þess á fjárl. hverju sinni, — gengið út frá fullyrðingum þessa hv. þm., þá skilst mér, að hann ætli sér að tryggja sjóðnum þessar tekjur með þessu frv., ef að l. verður, þannig að það sé þá skylda hv. þm. hverju sinni að sjá um, að þetta fé verði tekið inn á fjárl. Og gengið út frá þessu sé ég ekki annað en að það sé rétt hugsun hjá mér, að sjóðurinn hafi yfir einnar millj. kr. meiri tekjum að ráða, ef frv. verður að l., en annars mundi. Ef hv. þm. S-M. er nú á annarri skoðun og álítur nú, að engin trygging sé fyrir þessu, þó að l. um fiskimálasjóð verði breytt, hvers vegna á þá ekki að geyma frv.? Því að hvers virði er það þá fyrir fiskimálasjóð, þó að það sé eitthvað verið að flagga með flutning svona frv. austur í Múlasýslu? Hvers virði er það fyrir þá, sem eiga að fá lánaða peningana úr sjóðnum, þó að flaggað sé með frv. heima í kjördæmi, ef féð til sjóðsins verður ekki greitt? En verði féð greitt í sjóðinn, þá stendur sú ályktun mín óhagganleg, að sjóðurinn hefur meira fé en hann hafði áður.

Hv. þm. S-M. sagði, að hann liti svo á og legði þess vegna til, að brtt. mín yrði felld, að þessum málum sé betur borgið með því að láta þau liggja í höndum sjóðstjórnarinnar, eins og verið hefur, og sjútvmrh., heldur en að um ráðstöfun fjár sjóðsins sé ákveðið með l., eins og ég vil með brtt. Mér finnst þetta rekast nokkuð á við þær fullyrðingar, að hann vildi heldur lagabókstafinn um framlagið en að eiga þetta undir Alþ. á hverju ári, hvort þessi eina millj. yrði greidd til fiskimálasjóðs á ári hverju í tíu ár. En látum reynsluna tala. Ég minnist þess — og ásaka ég þar ekki hæstv. sjútvmrh. —, að á þeim tíma, sem Áki Jakobsson var ráðh., þá eyddi sjóðstjórnin með leyfi ráðh., ekki með fyrirskipun ráðh., heldur með leyfi ráðh., stórkostlegum fjárfúlgum í að byggja hér iðjuver, sem kostar átta til níu millj. kr. og er engum til sóma né gagns. Þetta fyrirtæki hefur orðið engum til gagns, að það hefur verið ausið í það fé út úr sjóðnum, sem annars hefði gengið til aðila, sem nú á með brtt. minni að tryggja, að fái þetta fé, sem sjóðurinn hefur til umráða, aðila, sem samkv. l. sjóðsins fyrst og fremst ber að láta fá þetta fé til þess að styðja fyrirtæki þeirra. Þetta fyrirkomulag um það, hvernig varið hefur verið fé sjóðsins, samkv. því dæmi, sem ég nefndi, telur hv. þm. S-M. vera betri ráðstöfun málanna en að kunna fótum sínum svo forráð að ákveða nú með lagafyrirmæli, hvernig eigi að nota fé sjóðsins. En á sama tíma sem hann talar svona lýsir hann þar með yfir, að það sé ekki aðalgrundvöllurinn undir framtíð sjávarútvegsins að framkvæma þau verkefni, sem talin eru upp í 4. gr. laga sjóðsins, því að annars gæti hann ekki fullyrt, að hann áliti, að þessum málum væri betur borgið með því sleifarlagi á þeim, sem verið hefur, með því móti, að það hlutverk sjóðsins, sem í 4. gr. er sett fram sem aðalhlutverk hans, sé vanrækt, og með því gefur hann í skyn, að það, sem talað er um í 4. gr. l., sé miklu minna virði fyrir sjávarútveginn yfirleitt en það, sem leyft er samkv. 5. gr. l. að verja fé sjóðsins til, og þá fyrst get ég skilið hans afstöðu í málinu, ef reiknað er með þessu. En sannleikurinn er sá, að ef ekki á með tilstyrk sjóðsins að halda uppi þeim aðalverkefnum, sem sjóðurinn átti að styrkja og talin eru upp í 4. gr. laga sjóðsins, þá getur verið, að við þurfum ekkert á sjóðnum að halda. Ef á að láta niður falla að halda uppi rannsóknum, sem eru undirstaða undir því, að hægt sé að reka sjávarútveg á sem beztan og hagkvæmastan hátt, og ef á að láta niður falla markaðsleitir, sem tryggja, að öruggara sé að selja það, sem veitt er úr sjó, þá getur það komið til m. a., að frystihúsin verði látin standa auð og þau geti aldrei endurgreitt þessi lán, sem sjóðurinn hefur veitt. Það er þess vegna, að ég berst fyrir þessari till., að ég er á öðru máli en hv. flm. Hann er þeirrar skoðunar, að það geri ekkert til, þó að ekki sé gerð ný rannsókn á þessu sviði, það sé bara að láta kylfu ráða kasti með það. Það geri ekkert til, þó að þau séu milljónir tonna af síld hér fyrir utan, sem ekki sé hægt að ná vegna þess, að við höfum ekki veiðarfæri af því tagi, sem hentar til slíkra veiða, það geri ekkert til, síldin komi að Norðurlandi, þegar hlýni í veðri. Það sé um að gera að lána nógu mikið fé til að byggja nóg af frystihúsum, sem kannske kemur ekkert í.

Ég nenni svo ekki að ræða meira þetta mál, það er margrætt. Ég læt till. að sjálfsögðu koma til atkv. og vil gjarnan sjá, hvað margir menn vilja leika þennan skrípaleik, sem hv. flm. er hér að leika.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er ástæðulaust að stagla mikið um þetta mál við 3. umr., eins og búið er að ræða það mikið við fyrri umr.

Hv. þm. Barð. er enn að tala um fiskiðjuver

ríkisins í sambandi við þetta mál, sem nú liggur hér fyrir. Mér skilst, að hann vilji með sínum till. m. a. fyrirbyggja, að sagan um fiskiðjuverið endurtaki sig. Ég hélt, að hv. þm. væri það alveg ljóst, og ég veit vel, að honum er það ljóst, þó að hann vilji láta annað í veðri vaka, að með þeim ákvæðum um hámarkslán, sem sett voru inn í l. á sínum tíma, að vísu ekki fyrr en búið var að leggja milljónir í fiskiðjuverið, þá var það fyrirbyggt, að slíkt mætti eiga sér stað, að svo stórum hluta af fé þessa sjóðs væri varið í eitt einstakt fyrirtæki. Þetta veit hann vel, þó að hann vilji láta annað í veðri vaka nú.

Viðvíkjandi því, að í ræðu minni hafi ég gefið tilefni til að ætla, að ég sé kominn á aðra skoðun um þýðingu þess að ákveða þetta gjald, án þess að tekjur séu ákveðnar á móti, þá er það misskilningur. Það eina, sem ég vildi gera og gerði, var að benda á, að það fær ekki staðizt hjá sama manni að hamra það fram hér í d., að slík lagasetning sé pappírsgagn, viljayfirlýsing o. s. frv., og koma eftir nokkra daga fram í sömu d. og segja, að með þessari sömu lagasetningu sé þeim sjóði, sem hér er um að ræða, tryggt það framlag, sem l. kveða á, — alveg tryggt. Svona málflutningur fær ekki staðizt, og það var aðeins þetta, sem ég vildi benda á.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum minntist hæstv. dómsmrh. á það í þessari d., hvort forseti vildi ekki taka til athugunar, að tekin yrði upp sú regla hér í Ed. að láta fram fara atkvgr. hvernig sem á stæði, svo framarlega sem d. væri ályktunarfær, en sinna ekki óskum um að fresta atkvgr., þó að um það væri beðið. Nú vil ég gjarnan óska að heyra frá hæstv. forseta, hvort hann hefur athugað þetta mál og hvort hann hefur þegar ákveðið, að sú venja skuli tekin upp, en sé það ekki, þá hvort hann vilji ekki fresta þessari atkvgr. nú til næsta þingfundar. Ég set mig ekki á móti atkvgr. nú, ef þessi regla hefur verið tekin upp.

Forseti (BSt): Út af þessu vil ég taka fram, að ég sé mér ekki fært að hafa um þetta aðra reglu í þessari d. en viðhöfð er í Sþ. og Nd. Nú hefur það verið venja að taka nokkurt tillit til þess háttar óska að fresta atkvgr. á öllum fundum í þinginu, og sé ég ekki fært að vera svo strangur að láta atkvgr. skilyrðislaust fara fram, þó að óskað sé, að henni sé frestað. Því hef ég þá reglu, ef ekki liggur sérstaklega á, að fresta atkvgr. í eitt skipti, en þá verður málið til atkvgr. á næsta fundi og fer þá fram. Allir þm. fá dagskrá, og geta þeir þá engum um kennt nema sjálfum sér, ef þeir eru ekki þá við atkvgr. Af þessum sökum mun ég nú fresta atkvgr. um málið. Er því atkvgr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Ed., 17. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 283 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, PZ, ÞÞ, BBen, EE, GJ, HG.

nei: RÞ, StgrA, VH, BrB, KK, BSt.

4 þm. (FRV, GÍG, HermJ, JJós) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég vil benda hæstv. forseta á, að það mun vera prentvilla, þar sem vitnað er í 4.—5. gr. þessara laga, því að það mun eiga að vitna hér í lögin, sem breyta á. En í trausti þess, að þetta verði leiðrétt, segi ég já.

Forseti (BSt): Ég er ekki viss um, að þetta þurfi að leiðrétta, því að orðalagið mun vera nógu skýrt til þess að skiljist, að vitnað er í lögin, sem nú eru í gildi.

Frv., svo breytt, samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, BrB, HG, KK, RÞ, StgrA, BSt.

nei: ÞÞ, GJ, JJós, LJóh.

BBen, EE, PZ greiddu ekki atkv.

3 þm. (FRV, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Vilhjálmur Hjálmarsson: Ég tel, að frv. hafi verið stórspillt með samþykkt þessarar brtt. á þskj. 283, en þar sem enn þá er e. t. v. hægt að fá þetta leiðrétt við meðferð málsins í hv. Nd., — m. a. vegna þess þá segi ég já.

Gísli Jónsson: Frv. er að vísu mjög bætt, eftir að brtt. á þskj. 283 hefur verið samþ., en þar sem með frv. er ákveðið, að greiða skuli skilyrðislaust úr sjóðnum, án þess að tryggja, að það sé hægt, þá sé ég ekki, að frv. sé betra en núgildandi l., og segi því nei.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég hef áður lýst skoðun minni á þessu frv. Það hefur nú að vísu verið stórbætt, en ég tel ekkert vit í því að binda ríkissjóði einlæga bagga, án þess að sjá fyrir tekjum á móti. Hér er enn fremur verið að efla stofnun, sem hefur það ekki fyrir sitt fyrsta hlutverk að lána út, og tel ég, að frekar hefði átt að efla Fiskveiðasjóð Íslands, ef aukið lánsfé hefði verið markmiðið. Ég segi því nei við frv.

Á 48. fundi í Nd., 20. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 340).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 28. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 340, n. 483 og 494).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur klofnað um þetta mál. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það hefur komið frá hv. Ed., en minni hl. n. leggur til, að gerð verði á því breyt., þannig að niður falli síðari málsl. 2. gr., en hann er um það, að 60% að minnsta kosti af árlegum tekjum sjóðsins sé varið samkvæmt 4. gr. fiskimálasjóðsl. Nú er það svo um fiskimálasjóðsl., að það er þannig ákveðið verkefni fiskimálasjóðsins í 4. gr., að fiskimálasjóðurinn veiti styrki til hafrannsókna, rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum, tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum, tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða, markaðsleitar fyrir sjávarafurðir og til annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins. Í 5. gr. er ákveðið, að veita megi viðbótarlán gegn síðara veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingar sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Undanfarin 3 ár a. m. k. hefur starfsemi fiskimálasjóðs nær eingöngu beinzt að framkvæmdum samkv. 5. gr. l., en í rauninni hefur gersamlega verið vanrækt sú starfsemi, sem sjóðnum hefur verið ætluð samkv. 4. gr. Ásóknin um lán hefur verið svo mikil, að segja má, að tekjum sjóðsins hafi að mestöllu leyti verið varið til lánveitinga, en ekki til þess að leita að nýjum fiskimiðum, tilrauna til nýrra veiðiaðferða eða annars þess, er 4. gr. ætlast til. Meiri hl. sjútvn. er sammála um, að slíkt megi ekki svo til ganga eftirleiðis. Við eigum svo mikið undir því, að reyndar séu nýjar veiðiaðferðir eða leitað sé nýrra fiskimiða og annars slíks, að við höfum ekki ráð á því að láta þann þátt fiskveiðanna vera algerlega vanræktan. Nú er fjarri því, að meiri hl. n. vilji neita því, að það hafi verið þörf fyrir lánveitingar, en þó virðist það vera allmikið um of, þar sem búið mun vera að lofa a. m. k. allt að 3 ára tekjum sjóðsins, eins og þær eru nú, til lánveitinga, og þá með þeim árangri, að ekki verður séð, að sjóðurinn geti að neinu leyti innt af hendi það verk, sem honum er fyrirskipað samkvæmt 4. gr. l.

Nú er að vísu ekki sagt í gildandi l., hvort ætlunarverkið eigi að ganga fyrir, en þó má gera ráð fyrir því, að það ætlunarverk, sem síðar er ákveðið í l., eigi frekar að sitja á hakanum fyrir hinu. En stjórn sjóðsins hefur hins vegar hagað starfi sínu þannig, að hún hefur algerlega látið lánveitingarnar ganga fyrir, en ekki sinnt um það atriði ætlunarverksins, sem fyrr er nefnt og á að rækja lögum samkvæmt. Eftir þeim upplýsingum, sem lágu fyrir sjútvn. Ed. í bréfi frá stjórn fiskimálasjóðs, þá hafa verið veitt lán á árinu 1949 1193000 kr., en búið að lofa um 2½ millj. kr. Það er eflaust mikil þörf fyrir slík lán. En það má ekki heldur loka augunum fyrir því, að fyrir sjávarútveginn sem heild og jafnvel fyrir þessa staði, sem hafa fengið lán, þá veltur á miklu að halda uppi hafrannsóknum, þannig að við Íslendingar getum notað okkur þau auðæfi, sem eru hér í sjónum hér við ströndina, og staðið betur að vigi en aðrar þjóðir. En með því að vanrækja að öllu leyti hafrannsóknirnar og gera tilraunir með ný veiðarfæri og aðrar slíkar tilraunir, þá má segja, að fiskveiðunum sem heild og þjóðarbúinu sé unnið mikið tjón.

Nú er það m. a. vitað, að fiskigöngur eru ekki alltaf á sömu miðum. Norðmenn hafa undanfarin ár gert ítrekaðar tilraunir til þess að finna, hvernig fiskigöngum sé háttað, miðað við sjávarhita og strauma. Þessi þáttur okkar fiskirannsókna hefur verið látinn alveg vanræktur. Það hefur komið fyrir hvað eftir annað, að talsverðar fiskigöngur hafa verið í sjónum og síldargöngur, sem hafa ekki komið upp á yfirborðið og þess vegna ekki náðst, og þorskgöngur, sem hafa ekki haldið sig við botninn og veiðast þess vegna ekki í okkar venjulegu veiðarfæri. Eitt af ætlunarverkum fiskimálasjóðs var það að gera tilraun með ný veiðarfæri til þess að veiða fisk, þegar svo stóð á, að hann hagaði sér þannig, að hann veiddist ekki í þau venjulegu veiðarfæri, sem landsmenn nota árlega. En eins og ég sagði áðan, hefur þessi þáttur af starfi fiskimálasjóðs verið látinn alveg vanræktur. Við höfðum glöggt dæmi af því í vetur, hvaða þýðingu slík vanræksla getur haft, því að í vetur kom einhver sú mesta síldarganga, sem vart hefur orðið við hér við land. Hún var hér fyrir utan Garðskaga, en á því dýpi, að við höfðum ekki veiðarfæri til að ná til hennar. Ef við hefðum rækt okkar skyldu undanfarið árabil, þar á meðal stjórn fiskimálasjóðs, má telja líklegt, að verið hefði til veiðarfæri, sem hægt hefði verið að ná síldinni með, sem stóð þarna rétt við bæjardyrnar hjá okkur meginhluta vetrarins. Það er búið að búa þannig í haginn hér, að til eru allstórar verksmiðjur við Faxaflóa, a. m. k. fyrir 25 þús. mál á sólarhring, og það er enginn vafi, að ef við hefðum náð síldinni, sem var hér í vetur, þá hefðum við ekki þurft að vera í slíkum gjaldeyrisvandræðum og volæði sem við erum nú. Það er rokið til á síðustu stundu skipulagslítið og farið að gera tilraunir með ný veiðarfæri og gera athuganir á mjög óskipulegan hátt, þegar allt er komið í óefni. Meiri hl. n. telur, að þetta megi ekki svo til ganga. Hann leggur því til, að varið verði fé úr fiskimálasjóði í miklu ríkari mæli en verið hefur til þessara rannsókna og framkvæmda. En ef farið væri eftir till. minni hl., lítur út fyrir, að ekkert fé verði lagt úr sjóðnum til slíkra framkvæmda á þessu ári eða næstu, en það telur meiri hl. mjög illa farið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég þykist vita, að minni hl. geri grein fyrir sinni afstöðu í þessu máli. Ég get fyrir mitt leyti yfirleitt á margan hátt skilið það sjónarmið, þó að ég hins vegar geti ekki komizt hjá að láta þá skoðun í ljós, að ég hygg, að það sjónarmið mótist ekki af þeim stórhug og framsýni, sem nauðsynleg er til þess að reyna að tryggja, að við getum notað okkur fiskveiðar hér við land í eins ríkum mæli og við þurfum að gera.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það hefur orðið ágreiningur í sjútvn. um afgreiðslu þessa frv. Álit minni hl. er prentað á þskj. 494, og hefur því verið útbýtt á fundinum. Ég vil taka fram, að villa er í upphafi grg. Þar stendur 1937, en á að vera 1934.

Sá ágreiningur, sem orðið hefur í sjútvn., er um það, hvort það eigi að vera eins og verið hefur, að stjórn fiskimálasjóðs ráðstafi því fé, sem veitt er úr honum samkvæmt l., eða hvort nú eigi í þeim l., sem í ráði er að setja, að binda hendur sjóðstjórnarinnar um ráðstöfun fjárins. Minni hl. hefur talið, að rétt væri að gera breyt. á frv., eins og það liggur nú fyrir, á þá leið, að stjórn fiskimálasjóðs ráðstafi sjálf fénu, en meiri hl. er hins vegar þeirrar skoðunar, að það eigi að binda í l., hvað miklu af fé sjóðsins skuli varið til lánastarfsemi og hversu miklu til styrktarstarfsemi. Meiri hl. telur, að það, sem megi verja til lána, megi ekki fara fram úr 40% af því, sem stjórn sjóðsins ráðstafar. Þetta tel ég ekki rétta stefnu, og mun ég koma að því síðar.

Á þingi 1934 voru sett l. um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða og fleira. Í þessum l. eru ákvæði um fiskimálasjóð. Þar er ákveði um, að stofna skuli sjóðinn og hvernig verja skuli tekjum hans. Í 14. gr. þessara l. er svo að orði komizt, að ríkisstj. skuli heimilt að veita einstaklingum eða félögum lán eða styrki úr fiskimálasjóði, eftir því sem nánar sé tilgreint í l. Ég vil vekja athygli á því, út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að styrktarstarfsemin væri sett fram fyrir, að því fer fjarri, að það hafi nokkurn tíma verið tilgangur l., að lánastarfsemi sjóðsins ætti að vera aukaatriði, heldur var frá öndverðu gengið út frá, að sjóðurinn ætti jöfnum höndum að veita lán og styrki til ýmissa framkvæmda, sem þar eru tilgreindar. Því er það, að lánastarfsemin, sem rekin hefur verið á síðari árum, fer engan veginn í bága við tilgang þann, sem fyrir löggjafanum vakti, þegar þessi l. í öndverðu voru sett, nema síður sé. Þetta kemur kannske einna gleggst fram, þegar l. um fiskimálasjóð var breytt 1937, því að þar er beinlínis gert ráð fyrir ákveðnum framkvæmdum, sem fiskimálasjóður eigi að styrkja, fyrst og fremst með lánum. Þar er m. a. talað um hraðfrystihús, en lán til hraðfrystihúsa hafa verið sú starfsemi, sem fiskimálasjóður hefur einna mest sinnt á síðari árum.

Nú er það hins vegar svo, að 1947 er enn gerð breyt. á þessum l., í þá átt, að starfsemi sjóðsins er aðgreind frekar en áður var, þannig að 4. gr. fjallaði um styrktarstarfsemi sjóðsins, en 5. gr. um lánastarfsemi þá, sem nefnd er í gr. Er þar ákveðið, að hámark láns skuli vera 150 þús. kr. eða 25% af stofnkostnaði. Nú bera l. frá 1947 það beinlínis með sér, að það var ætlun Alþingis, að þessi starfsemi sjóðsins, lánveitingar gegn síðari veðrétti, yrði aukin einmitt á þeim stöðum, þar sem fjármagn væri af skornum skammti og möguleikar til að koma upp þessum framkvæmdum, enda hefur það verið svo á síðari árum, síðan þessi l. voru samþ., að mjög hefur verið sótt eftir þessum lánum úr fiskimálasjóði, og hefur sjóðstjórnin reynt að verða við þeim umsóknum eftir megni. Hins vegar er það engan veginn svo, að hitt hlutverk sjóðsins hafi verið algerlega vanrækt, því að samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið frá stjórn fiskimálasjóðs, þá hefur a. m. k. á aðra milljón króna á þessum árum verið varið í þessu skyni, þar á meðal til síldarleitar úr lofti og síldarleitar á sjó. Ýmislegt er þar annað, sem sjóðurinn hefur sinnt af þessu tagi. En eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum hefur verið mjög mikil, og það hefur komið í ljós, einkum nú upp á síðkastið, að fiskimálasjóði var það alveg um megn að fullnægja þessari eftirspurn af þeim tekjum, sem hann hafði. En þörfin fyrir þessi síðari veðréttar lán hefur farið sívaxandi, ekki sízt vegna þess, að orðið hefur erfiðara og erfiðara að fá önnur lán til þessara fyrirtækja. Stjórn fiskimálasjóðs hefur þess vegna nú á síðasta ári tekið upp þá aðferð að veita fyrirheit um lán til slíkra fyrirtækja, sem veitt yrðu af tekjum sjóðsins síðar. Þau lán, sem lofað hefur verið á þennan hátt, nema nú allhárri upphæð, eða nokkuð á 4. milljón króna. Ég skal taka fram, að loforð um þessi lán hafa verið gefin af stjórn sjóðsins með samþykki ríkisstj. á hverjum tíma. Ríkisstj. hefur hvert sinn staðfest loforð sjóðstjórnarinnar um veitingu lána á þeim tíma, sem talið hefur verið, að sjóðurinn gæti greitt það af höndum. Nú er það svo, að tekjur sjóðsins árlega samkvæmt því, sem gert er ráð fyrir í l., þ. e. a. s. ½% af útfluttum sjávarafurðum fyrir utan saltsíld, er rúmlega 1 milljón króna á ári. Árið 1949 voru þær 1,3 millj. kr. Því er það ljóst, að það hlýtur að taka alllangan tíma að veita þau lán, sem stjórn fiskimálasjóðs hefur þegar lofað, enda hefur verið gert ráð fyrir, að síðustu lánin verði ekki greidd fyrr en 1952. Hins vegar er það vitanlega svo, að það er ákaflega bagalegt fyrir þessi fyrirtæki að geta ekki fengið þessi lán útborguð fyrr, hvað þá ef það drægist enn meira en orðið hefur eða gert er ráð fyrir, að þau yrðu greidd, en á hinu hefði öllu fremur verið þörf, að það hefði verið hægt að auka þessa lánsmöguleika og veita hærri lán út á síðari veðrétt og eins að það hefði verið hægt að borga þau fyrr en líklegt er, að gert yrði að óbreyttum lögum.

Það frv., sem hér liggur fyrir, var flutt í Ed., og tilgangurinn með flutningi þess var sá að greiða fyrir þessum lánveitingum og skapa möguleika til þess, að hægt yrði að greiða út þau lán, sem lofað hefur verið, fyrr en ella og jafnframt, að hægt yrði að hækka lánin. Til þess að svo mætti verða, var lagt til í frv., þegar það var fram borið, að tekjur sjóðsins yrðu auknar. Það var ætlunin að auka tekjur sjóðsins á þann hátt, að ríkissjóði yrði gert skylt að greiða 1 milljón króna á ári í fiskimálasjóð. Að vísu er ákvæði um þetta einnar milljón króna framlag úr ríkissjóði, en því látið fylgja það skilyrði, að framlagið sé tekið upp í fjárlög, en hingað til hefur ekki orðið af því. Nú er lagt til, að ríkissjóði verði gert skylt að greiða framlagið. Með þessum hætti hefði mjög rýmkazt fjárhagur fiskimálasjóðs. Tilgangurinn var sá, að hægt yrði að auka

lánastarfsemina, og í frv. voru líka ákvæði um það, að hámark þeirra lána, sem sjóðurinn veitti, væri 350 þús. í stað 150 þús. kr. áður og 50% af stofnkostnaði í stað 25% áður. Þriðja nýmælið var, að vextir sjóðsins yrðu lækkaðir niður í 2½% úr 4½%.

Ég hef áður getið um það, að þau loforð, sem stjórn fiskimálasjóðs var búin að gefa um síðari veðréttar lán úr fiskimálasjóði, mundu nema nokkuð á 4. milljón króna og gert væri ráð fyrir, að þau síðustu yrðu ekki greidd fyrr en 1952. Þessi lán eru lofuð til 29 fyrirtækja, og eru flest þeirra, eða a. m. k. meiri hluti þeirra til hraðfrystihúsa í verstöðvum. Einnig er þar um að ræða beinamjölsverksmiðjur og, að ég ætla, lifrarbræðslur og fleiri tegundir framkvæmda í þágu sjávarútvegsins. Ég hef athugað það lauslega, í hvaða landshlutum þessi 29 fyrirtæki væru, sem fengið hafa loforð fyrir lánum úr fiskimálasjóði. Mér telst svo til, að af þeim séu þrjú við Faxaflóa, fjögur við Breiðafjörð, tólf á Vestfjörðum, fjögur á Norðurlandi, fimm á Austurlandi og eitt á Suðurlandi. Þau eru sem sé mjög víða um landið, í öllum landshlutum og í mjög mörgum verstöðvum. Það er því mjög almennt hagsmunamál manna í mörgum verstöðvum á landinu, að þessi lánastarfsemi sé fremur aukin en rýrð.

Nú gerðist það, að ég ætla við 3. umr. í Ed., að gerð var breyt. á þessu frv. með nokkuð einkennilegum hætti, að mér virðist. Þessi breyt., sem samþ. var við 3. umr. í Ed., var á þá leið, að af tekjum sjóðsins skyldi verja 60% í ákveðnum tilgangi, sem þar er nánar tilgreindur. En af því leiðir, að ekki má verja nema 40% í mesta lagi til lánastarfsemi, og þannig er ákvæði frv. eins og það liggur fyrir nú. Niðurstaðan er þá sú, að í staðinn fyrir að auka möguleika fiskimálasjóðs til útlána, eins og ætlazt var til með frv. í fyrstu, er frv. orðið þannig, að ef það yrði að l. eins og það er, yrðu möguleikar sjóðsins til útlána rýrðir í stað þess að verða auknir, og það er vitanlega allt annað en ætlazt var til. En þrátt fyrir það, að þannig hefur verið frá gengið, að útlánamöguleikarnir í heild hafa verið rýrðir, þá standa samt enn þau ákvæði, sem í því voru í upphafi, að hámark lánanna megi vera allt að 350 þús. kr. í stað 150 þús., eins og er í l., og allt að 35% stofnkostnaðar. Ég geri ráð fyrir, að hv. dm. sjái, að á þennan hátt er ekki hægt að afgr. frv. Það væri að minnsta kosti mjög órökrétt að afgreiða frv. á þann veg að ætlast til, að einstök lán úr sjóðnum séu hækkuð og minnkaðir jafnframt möguleikar sjóðsins til að veita þessi lán. Þannig afgreiðslu er ekki hægt að hafa á frv.

Hv. þm. Ísaf. (FJ), frsm. meiri hl. n., sagði það sem sína skoðun, að stjórn fiskimálasjóðs hefði nú gert of mikið að því að lofa lánum, en lagt of litla áherzlu á hitt verkefni sjóðsins, að veita styrki til rannsókna og tilrauna í þágu sjávarútvegsins. Ég skal ekki ræða þetta út af fyrir sig, en það er staðreynd, að þessum lánum hefur verið lofað, og það er líka staðreynd, að það hefur verið mjög aðkallandi þörf fyrir þessi lán. Ég vil fullyrða, að ýmsum fyrirtækjum, sem hér um ræðir, einkum í hinum smærri verstöðvum, verður naumast komið upp nema þessi lán verði veitt og tæpast nema þau verði hækkuð frá því, sem gert var ráð fyrir. Þessum lánum hefur verið lofað, og það verður ekki aftur snúið með það. Við það verður að standa, og þá verður vitanlega að gera ráð fyrir fé til þess, og ég sé nú ekki, að það sé forsvaranlegt að láta þau fyrirtæki, sem hér um ræðir, bíða eftir útborgun lánanna í 2—3 ár. Þegar af þeirri ástæðu hefði verið ástæða til þess að auka nú þegar tekjur sjóðsins og þar að auki líka vegna þess, að full þörf væri á að hækka lánsupphæðirnar vegna þess, að þeim hefur verið lofað.

Ég vil ekki gera lítið úr því á neinn hátt, að nauðsyn sé til þess að verja opinberu fé til að styrkja rannsóknir og tilraunir ýmiss konar í þágu sjávarútvegsins, t. d. í sambandi við leit að síld eða fiskimiðum og veiðarfæratilraunir. En hitt vil ég fullyrða, að engu minni ástæða sé til þess að aðstoða menn í verstöðvum víðs vegar um landið við hagnýtingu sjávaraflans, og það liggur ljóst fyrir, að fyrir þeim, sem upphaflega settu l. um fiskimálanefnd og fiskimálasjóð, vakti það, að menn fengju aðstoð til þess að koma upp fyrirtækjum til slíkrar hagnýtingar sjávaraflans. Víða vantar allmikið á það, að hinn verðminni hluti aflans sé hagnýttur svo sem skyldi, og þarf ekki að fara um það mörgum orðum. En jafnframt er svo það, að í mörgum verstöðvum er sem stendur mjög lítið um tæki til hentugrar hagnýtingar aflans yfirleitt. Mjög víða hefur þó nú verið hafizt handa í þessum efnum og byrjað að byggja hraðfrystihús, beinaverksmiðjur, lifrarbræðslur og fleira. Sumum af þessum fyrirtækjum er að verða lokið, sum komin skemmra á veg, en flestum eða öllum er það sameiginlegt, að þau skortir lánsfé, til þess að hægt sé að ljúka verkinu. Flest þeirra reyndu að fá lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, og höfðu mörg þeirra skilríki fyrir því, að svo mundi verða. Hefur þó því miður yfirleitt ekki verið hægt að veita þessi lán, en jafnvel þó að séð yrði fyrir einhvers konar stofnláni til þessara fyrirtækja, er enginn vafi, að þau hefðu fulla þörf fyrir þau síðari veðréttar lán, sem gert var ráð fyrir, að þau fengju úr fiskimálasjóði. Vil ég því alvarlega vara við því að fara að binda hendur fiskimálasjóðsstjórnarinnar þannig, að hún geti ekki greitt lán, sem þegar hefur verið lofað, jafnvel þó að hún hafi áhuga fyrir rannsóknum og tilraunum, sem ég vil síður en svo gera lítið úr. Og ég vil raunar taka fram, að jafnvel þótt ekki væru í þessum l. gerðar sérstakar ráðstafanir til fjárgreiðslu í því skyni, þá er náttúrlega á valdi Alþingis að veita fé til slíkra rannsókna eða tilrauna, ef eitthvað sérstakt liggur fyrir, er sýnir, að þörf sé meiri fjárútlána en nú eiga sér stað. Þeir menn, sem fara með stjórn fiskimálasjóðs, eru kosnir af Alþ. Ég ætla, að þetta séu menn, sem hafi bæði áhuga og þekkingu á þeim málum, sem hér um ræðir og þeim hafa verið falin. Ég tel þess vegna út af fyrir sig ekki neina ástæðu til þess að fara að gera aðra skipun í þeim efnum og að Alþingi fari að taka að meira eða minna

leyti úthlutun þessa fjár úr höndum þeirra manna, sem með hana hafa farið. Og þó að meiri hlutinn af tekjum sjóðsins hafi undanfarin ár farið til lánveitinga, má vel svo vera, að stjórn sjóðsins sjái á næstu árum meiri ástæðu til þess en verið hefur að styrkja tilraunir og rannsóknastarfsemi, og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en þessir menn beri fullt skyn á það, sem gera þarf í þeim efnum, og þá nauðsyn, sem þar kann að vera. Ég er síður en svo að halda því fram, að skipting fjárins milli lána annars vegar og styrkveitinga hins vegar eigi endilega að vera sú sama og hún hefur verið undanfarin 2—3 ár, en ég held því fram, að ástæðulaust sé að gera þá breyt., sem gerð er í frv., eins og það liggur fyrir frá Ed., að banna með lögum, að lánað sé meira en 40% af tekjum sjóðsins.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég hef vakið athygli á því, að þeim tilgangi, sem frv. fól í sér upphaflega, hefur verið breytt mjög einkennilega og að því er ég tel á mjög óheppilegan hátt, og eins hef ég vakið athygli á hinu, að það er ekki hægt að afgreiða frv. í þeirri mynd, sem það er nú, þ. e. að gera hvort tveggja í senn: að minnka möguleika sjóðsins til útlána og ætlast jafnframt til þess, að lánin séu hækkuð frá því, sem nú er. Því atriði yrði a. m. k. að breyta samræmisins vegna, og væri hægt að athuga það við 3. umr. málsins, en við þessa umr. hefur minni hl. lagt til, að það ákvæði, sem ég hef áður nefnt og sett var inn í Ed., verði fellt niður.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Það kennir dálítils misskilnings hjá frsm. minni hl., þar sem hann virðist vera þeirrar skoðunar, að í frv., eins og það liggur nú fyrir Alþ., sé fiskimálasjóðsstjórninni gert að skyldu að hækka hámarkslán úr sjóðnum. Ég hef nú ekki getað fundið þetta út úr frv. Hins vegar stendur, að lánin megi ekki fara fram úr 350 þús. kr. Ég sé ekki, að þetta sé neitt hættulegt. Þetta er raunar hækkað frá því, sem áður var. En þar sem búið er að lofa nú þegar 25 fyrirtækjum lánum úr sjóðnum, með bréfi fiskimálasjóðsstjórnarinnar dagsettu í desember, og engin af þeim lánveitingum er hærri en 150 þús. kr., þá er auðséð, að búið er að ákveða hámark lánanna til alllangs tíma úr sjóðnum. Það er þess vegna mesti misskilningur hjá hv. þm. N-Þ. (GG), ef hann heldur, að það muni á einhvern hátt draga úr möguleikum þeirra, sem þegar eru búnir að fá loforð fyrir lánum, ef þetta ákvæði yrði samþ. eins og það liggur fyrir í frv. Nú, ef gera má ráð fyrir, að þetta frv. nái fram að ganga, þá lítur út fyrir, að tekjur fiskimálasjóðs, eins og þær voru fyrir gengisbreytinguna, yrðu um 2½ millj. kr. á ári. Ef **við gerum ráð fyrir,** að þessar tekjur standi í stað eftir gengisbreytinguna, mundi fiskimálasjóður hafa til lánveitinga á ári, með l. eins og hér er lagt til, að þeim verði breytt, um 1 millj. kr., en með bréfi dags. 29. jan. 1949 telur fiskimálasjóðsstjórnin upp 25 fyrirtæki, sem búin eru að fá loforð fyrir lánum, er nema 2661000 kr. Það mundi þýða, að þótt þessi takmörk yrðu sett í lagafrv., gæti fiskimálasjóðsstjórnin uppfyllt þessi loforð á þessu ári og tveimur næstu. Það er þess vegna alls ekki um það að ræða, eins og hv. þm. N-Þ. vildi láta líta út, að með lagafrv. sé verið að gera fiskimálasjóðsstjórnina ómerka að þeim loforðum, sem þegar er búið að gefa. Það er ákaflega fjarri lagi, að verið sé að binda að öðru leyti hendur fiskimálasjóðsstjórnarinnar með þessu frv., en hinu vildi ég ekki leyna, og ég held, að hv. þdm. þurfi að gera sér það ljóst, að eins og fiskimálasjóðsstjórnin hefur hagað sér, er ekkert til að leggja í fiskirannsóknir, sem eru vissulega enn þá nauðsynlegra atriði fyrir alla landsmenn en þótt eitt til tvö hundruð þúsund kr. séu lagðar í eitthvert hraðfrystihús, sem kannske er ekki hægt að starfrækja, vegna þess að ekki er hægt að selja hraðfrystan fisk, og ég hygg, að mörgum þeim stöðum, sem búið er að lána í hraðfrystihús, sé gerður ógreiði með því, því að það er auðséð, að á næstu árum verður erfitt að selja nema nokkurn hluta af þeim fiski, sem hægt er að frysta í þeim frystihúsum, sem þegar eru fyrir. Fiskimálasjóði var í upphafi ætlað miklu stærra starfssvið en lánastarfsemi, þó að hann hafi horfið algerlega inn á það svið, sem verður að fullyrða, að sé gersamlega brot á þeirri grundvallarhugsun, sem lá á bak við lagasetninguna um fiskimálanefnd og fiskimálasjóð, en að báðum þessum lagasetningum hef ég staðið verulega, einkum l. um fiskimálanefnd, og hygg, að ég geti þar talað um af meiri þekkingu en hv. þm. N-Þ. Hv. þm. N-Þ. vildi ekki ræða neitt þörfina á fiskirannsóknum, og get ég skilið það, ef hann hefur þá skoðun, sem kom fram hjá honum, að fiskirannsóknir séu gersamlega þýðingarlausar.

Nú, fyrir utan það, sem ég hef hér nefnt um ástæðurnar fyrir því, að ekki hnígi rök að því að óttast þetta lagafrv., eins og það kemur frá Ed., að því er snertir starfsemi frystihúsanna og möguleika fiskimálasjóðsstjórnarinnar til þess að uppfylla þessi loforð, má benda á það, að í 11. gr. laga um gengislækkun, launabreytingar o. fl. er svo ákveðið í 3. mgr., að framleiðslugjald það, sem innheimt verður samkv. 1. mgr. 11. gr. l., skuli notað samkv. fyrirmælum fjárl. til lánveitinga til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. Ef eitthvað kemur inn af þessu framleiðslugjaldi, má gera ráð fyrir, að þetta ákvæði létti nokkuð fyrir þeim hraðfrystihúsum, sem þessi hv. þm. ber fyrir brjósti. Ég hef á engan hátt viljað draga úr því, að nauðsynlegt sé að greiða fyrir félitlum fyrirtækjum úti á landi um fjárveitingar, en held ekki, að með þessum aðgerðum, sem þm. vill gera, skapist neinir möguleikar til þess að greiða almennt fram úr þeirri lánsfjárþörf. — Ég vil svo árétta það að lokum, að mjög brýn nauðsyn er á fiskirannsóknum, og ég álít, að smástöðum úti á landi sé ekki minni þörf á rannsóknum en stærri stöðum.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að tala langt mál út af

því, sem hv. frsm. meiri hl. mælti hér síðast. En það er misskilningur hjá honum, ef hann hefur viljað halda því fram, að ég vildi ekki verja neinu fé úr fiskimálasjóði til rannsókna og tilrauna í þágu sjávarútvegsins. Því fer fjarri, og ég tók fram í ræðu minni áðan, að ég vildi engan veginn gera lítið úr þeirri starfsemi, þó að vera kunni hins vegar, að sumt af því, sem ráðizt hefur verið í í þá átt og talið til rannsókna og tilrauna á undanförnum árum, sé nú e. t. v. ekki eins mikils virði og hafi ekki borið eins mikinn árangur og æskilegt væri. Ég vil jafnframt vekja athygli á því, sem ég hef áður tekið fram og upplýst hefur verið hér, að stjórn fiskimálasjóðs hefur á undanförnum árum, síðan núgildandi lög um fiskimálasjóð voru sett, varið eigi alllitlum fjárhæðum í þessu skyni, jafnframt því sem hún hefur veitt þau lán, sem hér hefur verið rætt um. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef frá sjóðnum, hefur þessi upphæð til styrkja í þessu skyni numið á árinu 1947 219 þús. kr., 1948 390 þús. kr. og 1949 425 þús. kr., eða samtals rúmlega 1 millj. á þessum þrem árum. Hv. þm. sagði, að ekki væri með frv. verið að gefa stjórn sjóðsins nein fyrirmæli um að lána hæst 350 þús. kr. Hann þurfti ekki að koma með þessar upplýsingar, því að mér er vel kunnugt um, að ákvæði frv. og ákvæði l. eru í heimildarformi, en heimildarákvæði l. um 150 þús. kr. hefur verið praktiserað svo, að lána allt að 150 þús. kr., og hlýtur því með þessu frv. að vera ætlazt til, að lánað sé allt að 350 þús. kr. Annars væri breytingin hrein markleysa. — Einnig sagði hv. þm. áðan, að stjórn sjóðsins hefði lofað að lána til 29 fyrirtækja samtals á 4. milljón kr. Ég hef nú um þetta nýrri upplýsingar en hv. þm. Ísaf., en samkvæmt þeim upplýsingum eru þessi lán komin yfir 4 milljónir og eiga að greiðast á árunum 1950—1952. Nokkur áttu að greiðast 1949, en þá voru tekjur sjóðsins ekki nægar til þess. Mun þar hafa verið um að ræða ca. ½ milljón, sem ekki var hægt að borga út á því ári, en hafði verið lofað þá. Ég held, að þrátt fyrir endurtekningar hv. þm. Ísaf. þá standi það óhrakið, að með því að hafa frv. óbreytt, þá yrðu tekjur sjóðsins minni en ella. Hv. þm. vildi leggja vaxtatekjurnar við, en skv. frv. eru vextirnir lækkaðir úr 4% í 2½%, svo að þær verða minni en hann gerir ráð fyrir.

Hv. þm. minntist á framleiðslugjaldið, sem tekið var í lög nýlega, en nokkur hluti þess á að ganga í lán til hraðfrystihúsa, sem ekki hafa fengið stofnlán. Það veit nú enginn, hvað þetta gjald verður mikið, en þótt það kunni að verða svo sem vonir standa til, þá er ekki ætlazt til annars en það komi í staðinn fyrir stofnlán þau, sem hraðfrystihúsin áttu að fá, svo að þá er eftir að sinna því hlutverki, sem fiskimálasjóður átti að annast, og mörgum þeirra nægir alls ekki að fá 1. veðréttar stofnlán, heldur þurfa því meira lánsfé, og því var gert ráð fyrir, að þau fengju síðara veðréttar lán úr fiskimálasjóði. Nauðsynin á lánveitingum úr þeim sjóði er því jöfn eftir sem áður, þótt þau fái stofnlán af framleiðslugjaldinu.

Hv. þm. hafði orð á því, að hann gæti talað af meiri þekkingu en ég um tilgang Alþingis með því að setja lögin um fiskimálanefnd o. fl. 1934. Í þann tíð áttum við báðir sæti á hv. Alþingi, og var samvinna nokkur með okkur þá um þessi mál og fleira, og trúi ég því ekki, að hv. þm. hafi þá látið undir höfuð leggjast að miðla mér af þekkingu sinni, svo að ég ætti að vera sæmilega á vegi staddur um upplýsingar um tilgang Alþingis þá með setningu l. En mér þykir hv. þm. vera orðinn nokkuð svartsýnn, þegar hann ber sér það í munn, að varhugavert sé að framleiða hraðfrystan fisk hér á landi. Ég man eftir því, að ýmsir töluðu um það hér á árunum, þegar saltfisksmarkaðarnir brugðust, að líklega yrði aldrei saltaður fiskur hér framar, en þetta reyndist á annan veg, því að gömlu saltfisksmarkaðirnir eru ekki enn úr sögunni, síður en svo, og þótt nú sé erfitt að selja hraðfrystan fisk, þá er ekki af þeim sökum rétt að ályktа, að hraðfrysting á fiski eigi sér ekki framtíð hér á landi. Má vera, að hér verði sama upp á teningnum og með saltfiskinn fyrrum, og ég skil ekki, að það geti í raun og veru verið skoðun hv. þm. Ísaf., að menn eigi að hætta við þessa framleiðslu, þegar þeir eru búnir að leggja í mikinn kostnað við að koma upp dýrum tækjum, af því að engin framtíð sé í því að hraðfrysta hér fisk. Þess er líka að gæta, að af sérstökum ástæðum getur sums staðar verið hagkvæmara að frysta fisk en salta. Sumar fisktegundir eru verðlitlar í salt, en gefa gott verð, ef þær eru hraðfrystar, og þar, sem slíkar tegundir aðallega veiðast, eiga hraðfrystihús vissulega að vera. Lánsfé sjóðsins á ekki heldur allt að renna til hraðfrystihúsa. Meðal þeirra 29 fyrirtækja, sem lánum hefur verið lofað til, eru t. d. beinamjölsverksmiðjur, lifrarbræðslur og saltfisksverkunarstöðvar.

Ég skal svo ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, en endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að tilgangurinn með frv. var að auka möguleikana á lánveitingum úr sjóðnum, þannig að lánin gætu orðið bæði fleiri og hærri, og er ekki sízt þörf á því nú, þar sem gera má ráð fyrir, að efni til þessara fyrirtækja verði dýrara en ætlað var. Í stað þessa er frv. nú þannig, að fé það, er fiskimálasjóður á að hafa í þessu skyni, er minna en ella, svo að alls ekki er hægt að hækka lánin, heldur þvert á móti. Ofan á þetta bætist svo það ósamræmi í frv., sem ég hef áður bent á.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Það kom nú ekkert nýtt fram í ræðu hv. þm. N-Þ. (GG). Hann gat þess þó, að hann hefði fengið hjá mér nokkra fræðslu í þessum efnum árið 1934, og held ég, að honum veiti ekki af að koma í framhaldsskóla hjá mér nú, því að mjög virðist hann hafa ryðgað í lærdóminum. Ég hef aldrei sagt það, að varhugavert væri að framleiða hér hraðfrystan fisk, eða að menn ættu að hætta við rekstur hraðfrystihúsanna, en hitt er annað mál, að nú lítur svo út, að mjög erfitt verði að selja hraðfrysta fiskinn, svo að það getur orðið bjarnargreiði að lána mönnum til að auka þessa framleiðslu, en þó getur verið nauðsynlegt að reisa hrað-

frystihús, þar sem engin eru fyrir, en það verður engu síður að taka tillit til þess, að víða vantar aðstöðu til saltfiskverkunar.

Hv. þm. gerði mér þann greiða að sanna það, að stjórn fiskimálasjóðs hefði vanrækt rannsókn fiskimiða og nýrra veiðiaðferða, þar sem hann sýndi fram á, að í þessu skyni hafi aðeins verið veitt 1 millj. kr. á sama tíma og 3½ millj. kr. er varið til lánveitinga. Ég hef talið rétt að samþykkja frv. eins og það er, vegna þess að við höfum ekki ráð á því að vanrækja fiskirannsóknir og ýmsar tilraunir viðkomandi fiskveiðum, og vegna þess að fiskimálasjóður getur hvort sem er aldrei orðið nægjanleg lánastofnun fyrir sjávarútveginn. Hann getur hjálpað einstöku sinnum, en nægjanlegt lánafyrirtæki fyrir sjávarútveginn verður hann aldrei. Því leggur meiri hl. sjútvn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. (FJ) talaði um þörfina á nýjum saltfisksverkunarstöðvum. Ég held, að hann stuðli ekki að því, að þær komist upp, með afstöðu sinni í þessu máli. Af þeim fyrirtækjum, sem rætt er um að fái lán úr sjóðnum, eru 2—3 slíkar stöðvar. Ef hans till. er fylgt, eru mjög litlar líkur til þess, að þessar stöðvar fái lán úr fiskimálasjóði, a. m. k. fá þær varla lán fyrr en eftir 1952. — Hv. þm. slær því föstu, að fiskimálasjóður geti ekki orðið lánveitingastofnun, sem um muni. Ég veit nú ekki vel, hvað hann á við með þessu. Það er ætlazt til þess, að hann láni viðbótarlán út á síðari veðrétt, en ekki annað, og ef frv. er afgr. eins og það var lagt fram, þá gæti hann þetta, og meira er honum ekki ætlað.

Ég vil svo að lokum segja það, að samkv. minni till. er ekkert því til fyrirstöðu, að fé sé veitt úr fiskimálasjóði til að styrkja rannsóknir og tilraunir. Það er alveg á valdi sjóðstjórnarinnar. En hv. þm. Ísaf. og þeir, sem honum fylgja, vilja binda hendur stjórnarinnar og banna henni að lána meira en 40% af tekjum sjóðsins, en ég vil láta þetta vera á valdi hennar. Stjórn sjóðsins skipa valinkunnir menn, að ég held úr öllum stjórnmálaflokkum, og sé ég enga ástæðu til að tortryggja þá, að þeir ekki komi auga á, hvað gera þurfi varðandi rannsóknir og tilraunir í þágu sjávarútvegsins. Engin ástæða er til að slá því föstu nú, að ár hvert þurfi 60% af tekjum sjóðsins í rannsóknir og tilraunir. Það getur verið mikil þörf sum ár, en önnur ár minni, og því á þetta að vera á valdi stjórnar sjóðsins.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur, þegar fundurinn var settur, og verð því að biðja afsökunar á því, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, milli mála. En ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að mig langar að vita, hvað dvelur frv. til l. um breyt. á l. um fiskimálasjóð, en það var afgr. frá sjútvn. þessarar d. fyrir nokkru síðan, og meiri hl. n. leggur áherzlu á, að það komi til afgreiðslu í d. eins fljótt og hægt er.

Forseti (SB): Í tilefni af ósk hv. þm. Ísaf. vil ég geta þess, að mál þetta hefur ekki verið tekið fyrir enn vegna sérstakra óska um, að því væri frestað um skeið. Hins vegar mun sá dráttur ekki verða langur úr þessu, og má vænta, að það verði tekið á dagskrá einhvern næstu daga.

Á 85. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. aftur tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Notendasímar í sveitum.

Á 10. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um notendasíma í sveitum [60. mál] (þmfrv., A. 79).

Á 11. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það, hve mikla nauðsyn allir menn telja sér á að hafa síma. Þessi nauðsyn kemur fram jafnt í þéttbýlinu og dreifbýlinu og það svo mjög, að í þéttbýlinu óska menn jafnvel eftir að hafa síma, sem hægt er að færa til fleiri staða í sama herbergi. Ég skal ekki draga í efa nauðsyn þessa, en ég fullyrði þó, að þörf þeirra manna, sem búa í dreifbýlinu, er ákaflega miklu meiri fyrir síma en alls fjöldans í þéttbýlinu, þegar undanskildir eru menn eins og t. d. embættismenn og menn, sem hafa mikil viðskipti með höndum og er nauðsyn á að ná fljótt viðtölum við aðra menn.

Nú er það svo, að síðan síminn kom hingað til landsins, þá hefur hann verið að smáfæra út kvíarnar og þeim fjölgað, sem hafa fengið síma, og gildir þetta sérstaklega í þéttbýlinu. Úti um landið hefur þetta gengið tiltölulega miklu hægar, og þó er komið svo, að símí er kominn líðlega á annan hvern bæ, svo að tæplega annar hver bær í sveitunum á eftir að fá síma enn. Margir af þessum bæjum eru svo langt frá símstöðum, að fólkið þarf að fara allt upp í 50 km leið til að komast í síma, og ég þekki þetta af eigin reynslu, því að ég hef iðulega þurft að borga tugi kr. fyrir að láta sækja mann í síma, sem ég hef þurft að tala við. Til þess að reyna að bæta úr þessu og flýta fyrir

því, að notendasímar komi sem fyrst í sveitirnar, er frv. þetta fram borið. Það hefur verið rannsakað á skrifstofu póst- og símamálastjóra vegna þáltill., sem samþ. var á Alþ., en flutt af þm. V-Húnv. (SkG), þar sem hann óskaði eftir, að rannsakað væri, hvað það kostaði að leggja síma í allar sveitir landsins, sem eftir væru. Er talið, að með núverandi verðlagi kosti það milli 27 og 28 millj. kr., og með því að nú er hver símanotandi í sveit látinn borga 770 kr. fyrir að fá símann heim, mundi framlag ríkissjóðs nema því sem næst 25 millj. kr. Í frv. er gert ráð fyrir, að gerð sé allsherjaráætlun um að koma símum í sveitir landsins á næstu 10 árum, og gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 2,5 millj. kr. á ári og þá verði verkinu lokið á 10 árum. Gjaldeyririnn í þann síma mundi á ári, eins og nú standa sakir, kosta 800 þús. kr., eða það er kringum ⅓ hluti af kostnaðinum við að leggja símann, sem er gjaldeyrir. Og til þess að ekki standi á honum og gjaldeyrisskortur hindri ekki framkvæmd málsins, er gert ráð fyrir, að gjaldeyrisyfirvöldin séu skylduð til að veita gjaldeyrisleyfi, svo að hægt sé að fá efni til hans, eins og fyrir er mælt í lögunum, eða efni fyrir 0.8 millj. á ári, svo að hægt sé að leggja fyrir 2,5 millj. kr. á ári í næstu 10 ár. Það þótti ekki ástæða til að taka upp neitt um það, hvert gjald menn greiddu fyrir innlagnir símanna, né heldur hvernig menn greiddu fyrir flutning efnis á staðinn. Um það eru reglur, sem ráðh. hefur sett og eftir hefur verið farið, og í 3. gr. frv. er vísað til þeirra. Þær reglur eru þannig, að landssíminn hefur flutt allt efni á næstu Eimskipafélagshöfn, en viðkomandi sveitarfélag sér um efnisflutninga, bæði í land og af hafnarstað og í hreppinn og um hreppinn, eftir því sem línurnar þar eiga að liggja. Þessar reglur eiga að gilda áfram og í þær er vitnað hér. Það þótti réttara að vitna í þær á hverjum tíma, vegna þess að innlagningargjaldið hefur breytzt. Það hefur nú nýlega hækkað um 10% í sambandi við almenna hækkun í landinu. Það getur vel verið, að þetta breytist aftur að einhverju leyti og þá þótti réttara að vitna í reglur, sem gilda á hverjum tíma, heldur en að slá þessu föstu. Eins hefur það verið misjafnt, hvernig hrepparnir hafa komið sér fyrir með flutningskostnaðinn. Sums staðar hefur hann verið kostaður af hreppunum að öllu leyti og sums staðar kannske að hálfu leyti og sums staðar hafa þeir, sem símana fá, séð um efnisflutninginn. Um þetta er ekkert ákveðið hér, og getur það þess vegna verið eins og verið hefur á hverjum stað. Þá hefur verið og er togstreita um það, hvar leggja eigi notendasíma á hverju ári. Þetta hefur legið í valdi landssímastjórans að mestu leyti, en þó að einhverju leyti heyrt undir ráðh. Þegar þessi ákvörðun var tekin, að ljúka verkinu á 10 árum, þótti okkur flm. ekki rétt að láta þetta heyra eingöngu undir vald landssímastjóra, heldur setja einhverja menn, sem teljast mega fulltrúar notendanna, bændanna, sem símana fá, til þess að ákveða, hvernig síminn yrði lagður. Og okkur fannst geta komið til greina fleiri sjónarmið. Fyrst er á það að líta, að eins og nú standa sakir er það töluvert misjafnt, hve langt er komið að leggja notendasímana. Það mun nú vera svo, að tvær sýslur landsins munu vera búnar að fá síma á meira en 90% af bæjum, sem í byggð eru í viðkomandi sýslum, meðan þær sýslur, sem lægstar eru, munu tæplega vera búnar að fá síma á ¼ hluta bæja, og svo eru þær þarna á milli, á ýmsum stigum. Það kom þess vegna mjög til álita, hvort ekki ætti að setja ákvæði um það, að þegar byrjað væri á þessari 10 ára áætlun, þá kæmu í fyrstu línu þær sveitir eða sýslur, sem ekki hefðu nema tiltölulega fáa síma, meðan hinar kæmu síðar, sem hefðu þá fleiri nú. Það þótti þó ekki alls kostar fært að ákveða þetta, þar sem svo gæti staðið á, að nauðsynlegt væri að koma síma áleiðis þar, sem fleiri símar væru fyrir, því að aðstaða manna til þess að komast í síma er ekki undir því komin, hve margir símar eru prósentvís á býlafjölda sýslunnar, heldur líka hvernig þeir liggja. Það er allt önnur þörf fyrir einhvern hrepp, langan og mjóan, að fá viðbótarsíma, ef síminn er kannske kominn á annan hvern bæ í hreppnum, svo að hvergi þarf nema bæjarleið til þess að ná í síma, eða annan hrepp, þar sem síminn er kominn á hvern bæ í hálfum hreppnum, en annar helmingur hreppsins er alveg eftir, en menn þurfa þar að fara 30—40 km til þess að ná í síma. Það geta verið jafnmargir símar prósentvís í þessum hreppum, en aðstaða manna er mjög ólík til þess að komast í síma. Þess vegna þótti okkur ekki rétt að setja um þetta föst ákvæði. Það kemur einnig til greina, að þar, sem samgöngur eru það góðar, að kannske eru samgöngur milli bæjanna tvisvar á dag, er þörf manna fyrir síma ekki eins brýn og hinna, sem hafa kannske ekki samgöngur við aðra nema einu sinni í viku eða einu sinni í mánuði. Með tilliti til alls þessa þótti réttast að láta fulltrúa frá bændunum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að verði formaður Stéttarsambands bænda og búnaðarmálastjóri, verða með í ráðum með póst- og símamálastjóra um, hvar símar séu lagðir á hverju ári. Þar við bætist, að það fjármagn, sem um er að ræða, notast áreiðanlega bezt með því að láta síma nokkuð mikið á sama stað, en ekki með því að láta síma á einn, tvo eða þrjá bæi sinn í hvori sveit eða sýslu um landið allt á hverju ári. Ég lít svo á, að menn muni miklu betur sætta sig við það, eftir að búið er að samþ. frv. eins og þetta, þar sem þeir sjá fyrir endann á símalagningu í sveit sína á næstu 10 árum, þó að þeir þurfi að bíða einu eða tveim árum lengur eftir símanum en áður, meðan allt var í óvissu um þetta og ekki vitað, hvort byrjað yrði á verkinu á næstu 20 eða kannske 50 árum. Þá settum við í 5. gr. til hliðsjónar og ábendingar fyrir þessa fyrirhuguðu n., að vitanlega teljum við að þeir verði að taka tillit til þeirra sveita, sem eru mikið aftur úr öðrum sveitum með að fá síma til sín. Nú er að vísu ástandið þannig, að ég geri ekki ráð fyrir, að hægt verði að veita gjaldeyrisleyfi fyrir meira efni en svo, að hægt verði að leggja síma fyrir 2½ millj. kr. á ári, en enginn veit, hvað framtíðin ber í skauti sínu, og eftirsóknin eftir að fá síma sem allra

fyrst er ákaflega mikil. Þess vegna er gert ráð fyrir í frv., að menn, sem vilja fá símana til sín, geti lagt fram lánsfé og fengið síma lagðan til sín fyrir það, en þó því aðeins, að hægt sé þá að veita gjaldeyrisleyfi, sem með þarf. Ég held, að ef þetta frv. yrði að l., og ég vona, að svo verði, þá sé stigið ákaflega stórt spor til þess að greiða fyrir því, að menn fyrst og fremst fái símana og það aftur óbeint verði til þess, að menn sitji áfram í sveitunum og láti síður lokkast úr þeim en hefur verið nú síðustu árin. Það eru til gömul l. frá 1929 um einkasíma í sveitum, sem ekkert hefur verið með gert og eru í raun og veru í framkvæmdinni fallin úr gildi. Landssímastjóri benti á, að rétt væri að nema þau l. úr gildi, og þess vegna höfum við tekið það upp í 7. gr. frv., að svo verði gert. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta frv. komi það fljótt til framkvæmda, að eftir því verði hægt að fara nema að einhverju leyti á árinu 1950, og þess vegna höfum við ekki sett neitt ákvæði um það til bráðabirgða. Þegar sýnt er, hvaða undirtektir frv. fær hér á Alþ., má á síðara stigi málsins hugsa sér að setja inn ákvæði um það, að t. d. á árinu 1950 skuli lagður fram einhver hluti af því fjármagni, sem um ræðir í 1. gr. frv., þar sem verkið kæmi ekki til framkvæmda nema part af árinu. Þetta mun náttúrlega sú n., sem fær málið til meðferðar, athuga.

Það kann einhverjum að finnast, að þessi upphæð, 2,5 millj. kr., sé há og erfitt verði að koma svo hárri upphæð fyrir í fjárl. Ég held, að það sé ekki erfitt, og ég treysti mér til þess, þegar þar að kemur, að finna nóga liði, sem hægt er að ná sparnaði á, á móti þessu, — nóga. Ég skal ekki fara sérstaklega út í það að benda á þá nú. Ég er ekki hræddur um, að ekki náist samkomulag um það út af fyrir sig, ef frv. að öðru leyti þykir aðgengilegt og rétt þykir að láta það ná fram að ganga.

Ég er ekki alveg viss um, í hvaða n. málið á að fara. Málið er samgöngumál, það er líka almennt félagsmál og enn fremur fjárhagsmál. Ég held, að réttast væri að setja það í fjhn., enda þótt það snerti ekki tekjuöflun. Ég held, að ég geri það að minni till., en sætti mig annars vel við, ef hæstv. forseti, sem er 2. flm. frv., vill að það fari í aðra n. Ég óska þess svo, hvaða n. sem frv. fer í, að það fái fljóta afgreiðslu og góðar undirtektir og nái sem fyrst fram að ganga á þessu þingi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér nokkur orð um þetta mál, með því að það fer ekki í neina n., þar sem ég hef tækifæri til að fara höndum um það. Í fyrsta lagi vildi ég gjarnan mega leyfa mér að benda á, að það er ákaflega varhugaverð braut, hversu mikil nauðsyn sem er fyrir hendi fyrir einu máli, að setja inn ákvæði, eins og gert er í 1. gr., um að binda fjárveitingavaldið. Ég held, að það sé þegar komið svo langt á þá braut, að það sé í alvöru rætt um að beita því, sem kallað hefur verið „höggormur", til þess að fresta framkvæmd l. alveg, af þeim ástæðum, að ekki hefur verið hægt að uppfylla þau ákvæði l. Ég vil leyfa mér að benda á, að ég held, að frestað hafi verið að veita framlag til byggingarsjóðanna, þó að það standi alveg ákveðið í l., að láta skuli svo og svo margar millj. kr. á ári til þeirra. Þetta hefur verið gert vegna þess, að ekki hefur þótt fært að taka þessa liði upp í fjárl. undanfarin ár. Þetta ákvæði eitt, án þess að láta annað fylgja, gæti orðið til þess, að l. yrðu pappírsl. og gætu tafið fyrir því, sem hér er lagt til, að taka upp sérstaka liði í fjárl. fyrir sveitasíma. Ef hins vegar væri sett inn í frv., að það skyldi eftir ákveðnum leiðum taka inn í fjárl. tekjur á móti, þá er um annað mál að ræða. Það hafa hv. flm. annaðhvort ekki treyst sér til að gera eða þeir hafa ekki talið þess þörf, en ég teldi ákaflega mikils virði fyrir málið, ef það væri gert, og sér í lagi þegar vitað er, að þetta mál er ákaflega mikið aðkallandi, að sími komi sem fyrst á alla bæi á landinu. Þó að hins vegar Ísland sé orðið fremst allra landa um símalagningar út um dreifbýlið, þá raskar það ekki þeirri staðreynd, að það er varla nokkurt mál, sem snertir sveitirnar eins aðkallandi og að koma síma helzt inn á hvert einasta heimili sveitanna. Mér er kunnugt um, að ef sumir þeirra manna, sem hér um ræðir, mættu velja, hvort þeir vildu heldur veg eða síma, þá tækju þeir heldur síma. Svo mjög aðkallandi er þetta mál, að það er fyllsta nauðsyn að tryggja það, að þetta frv., ef að l. verður, verði annað og meira en tómt pappírsgagn. Og það verður náttúrlega ekki gert með öðru móti en að finna um leið ákveðinn tekjustofn, þ. e. að setja inn í frv., að ákveðinn tekjustofn skuli vera fyrir hendi, einhverjar af tekjum landsmanna, og þá mundu hækka gjöld, sem þeirri upphæð næmi, jafnhliða, til þess að ná jafnvægi. Þetta finnst mér eiginlega meginatriði málsins.

Um kostnaðinn sjálfan skal ég ekki ræða á þessu stigi málsins. Ég geri ráð fyrir, að flm. hafi fengið upplýsingar um hann frá þeirri stofnun, sem hefur með þessi mál að gera. En þá skýtur eitthvað skökku við, ef þetta er allt, sem talið er hér, 25 millj. kr., og mig minnir endilega, að það liggi fyrir rannsókn á þessu máli, sem er ekki nema tveggja ára gömul, og að í þeirri áætlun sé upphæðin a. m. k. fjórfalt þetta. En þetta getur allt verið rétt, ef aðeins er tekinn sá liður, sem er í sambandi við lagningu síma inn á sveitabæina sjálfa. En sannleikurinn er sá, og það er mestur vandinn, að þegar lagður er sími inn á svo mikinn fjölda sveitabæja, þá er nauðsynlegt á sama tíma að fjölga aðallínunum til þess að geta tekið við innstreymi frá fleiri bæjum. Í því liggur mikill kostnaður, að endurnýja svo og svo mikið af símalínum um allt landið til þess að taka við samtölum frá bæjunum, sem hugsað er að leggja síma á í sveitum landsins. Ég veit ekki, hvort þessi kostnaður er meðtalinn í þessum 25 millj. kr. Sé hann tekinn með í þeirri upphæð, finnst mér skyndilega hafa lækkað áætlunin í þessum efnum frá því, sem var fyrir tveimur árum. En sé það ekki, finnst mér nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að þær framkvæmdir verði gerðar og tillit tekið til þessa í kostnaðaráætluninni. Mér skilst, að ein af framkvæmdunum, sem liggi mest á að gera

í sambandi við þessi mál, sé bygging stöðvarhússins í Hrútafirði. Eftir upplýsingum póst- og símamálastjórnarinnar þá hygg ég, að það sé eitt af meginatriðunum, sem þarf að framkvæma, til þess að hægt sé að auka verulega við símalínurnar í sveitunum á Norður- og Vesturlandi, að byggður sé fjölsími, sem gangi í gegnum þá stöð. Ef öll sú upphæð, sem til þess þyrfti, er þarna innifalin, þá er ekki ástæða til þess að hugsa sér að láta bændur frekar en aðra styðja símalagningarframkvæmdirnar með lánum frá sér. En ég hygg, að þessi kostnaður, sem ég síðast nefndi, sé ekki talinn með í þessari upphæð, en þá eru líka þrír fjórðu hlutar af erfiðleikunum alveg óleystir.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að hann treysti sér til þess að benda á ýmsar leiðir til sparnaðar á móti þessari upphæð. Það getur verið, að hann geti bent á þær. En það er ekki nákvæmlega það sama og að geta fengið meiri hl. Alþ. til að samþ. þær till. Ég skal leyfa mér að minna á, að á Alþ. í fyrra og þar áður og þar áður benti fjvn. á ýmsar leiðir til sparnaðar. Það komu fram frá n. 160 till. við afgreiðslu síðustu fjárlaga, sem flestar voru til sparnaðar. En margar af þeim till. mættu hreinni andúð, þó að það tækist á síðustu stundu að fá þær samþykktar, og alls ekki ugglaust, að í framkvæmdinni hafi orðið hagnaður af till. Ég treysti mér til þess að benda á leiðir til sparnaðar á fjárl., sem nemi miklu meiru en þessum 2,5 millj. kr., og þó að hv. 1. þm. N-M. væri samþykkur mér um þær allar, þá treysti ég mér ekki til að fá fyrir þeim meiri hl. á Alþ. Menn segja svo oft, þegar um slíka hluti er að ræða: Það er gott og sjálfsagt að spara, en það er bara ekki þetta og ekki heldur þetta, sem ég vil spara. — Og þegar hér fyrir ekki löngu í Sþ. var verið að ræða um till., sem mundi kosta ríkissjóðinn 12 til 15 millj. kr. á ári, þá veit ég ekki betur en að einn hv. framsóknarmaður hafi verið gramur yfir því að hafa ekki fengið að vera með í að flytja þá till., og ef sú till. nær fram að ganga, verður að sjá fyrir einhverjum tekjum þar á móti. Og eftir því, sem sá hv. þm. Framsfl. ræddi í sambandi við það mál, virðist hafa orðið veruleg skoðanabreyt. hjá þeim flokki í því efni, sem um var að ræða, og sömuleiðis ef tekið er tillit til þess, sem hv. þm. Str. sagði þá við þær umr. En þessi krafa, sem þar var um að ræða, er ein af greiðslukröfunum úr ríkissjóði, sem liggja fyrir þinginu og verður að taka til greina, ef hún verður samþ. Ég álít hins vegar, að þessar 2,5 millj. kr., sem hv. 1. þm. N-M. hefur rætt hér um til símalagninga, eigi að ganga fyrir. En ef meiri hl. Alþ. verður á þeirri skoðun, að þessar 15 millj. eigi að ganga fyrir, þá verður það vitanlega svo að vera, en þá verða þessar 2,5 millj. kr. útundan, nema sett séu í fjárlagafrv. ákvæði um alveg ábyggilegan tekjustofn þar á móti.

Þá vil ég taka til athugunar það atriði, hverjir eigi að segja til um, hvernig framkvæmdunum í þessum símalagningum skuli hagað, og benda á, að ég tel till. frv. um það sízt til bóta. Mér finnst óviðeigandi, að menn, sem alveg eru utan þings kannske allir, ákveði, hvernig eigi að verja þessum 2,5 millj. kr., sem veittar væru árlega úr ríkissjóði til þessara símalagninga, en ráðh. eigi svo væntanlega að setja nafn sitt undir það. Ég álít, að þetta verði að heyra undir ráðh., svo lengi sem ekki er beint ákveðið um þetta af Alþ. á hverjum tíma. Mér er kunnugt um, að umræður hafa farið fram á milli póst- og símamálastjórnarinnar og fjvn. undanfarið um það, hvort ekki væri heppilegt að hafa annan hátt á ákvörðun þessara framkvæmda, ekki af því, að til Alþ. hafi í raun og veru komið svo miklar umkvartanir um neina misbeiting valds í sambandi við þetta á undanförnum árum, heldur af því, að ekki er ákveðið með l., hvar símalagningar skuli gerðar á hverju ári. Og ég álít kannske ekki óeðlilegt, að þetta væri ekki slitið alveg úr sambandi við þingið, heldur sett í samband við afgreiðslu fjárl. á hverjum tíma, og þá væri t. d. sá háttur á í þessu sambandi, að póst- og símamálastjóri væri form. nefndar, sem færi með þessar ákvarðanir, en búnaðarmálastjóri og form. fjvn. á hverjum tíma væru hinir nefndarmennirnir. Mér þætti það miklu eðlilegri skipan þessara mála en það, sem gert er ráð fyrir í því efni í frv. Ég segi þetta ekki af því, að ég sé form. fjvn. af guðs náð, því að það veltur á hlutkesti eða fylgi, hver verður á hverju ári form. fjvn., en mér þykir þetta fyrirkomulag ekki óeðlilegt. Hitt þykir mér óeðlilegt, að þetta vald sé tekið af ráðh. Hann ætti að hafa úrskurðarvald um þetta, hvernig sem með þetta væri farið að öðru leyti. En það þótti ekki rétt að fara inn á þessa braut, því að það hefur verið reynt að taka til greina þarfir manna í þessum efnum, og ekki hefur um neina partisku þar verið að ræða, þó að ýmsir þykist afskiptir, en svo mundi alltaf verða, hverja skipan sem um væri að ræða í þessu efni yfirleitt.

Í sambandi við framlag til símalagninga á undanförnum árum þykir mér rétt að geta þess hér, að fjármálastjórnin hefur gert ítrekaðar tilraunir öll undanfarin ár, síðan ég kom í fjvn., til þess að lækka á hverju ári þetta framlag, og það allt niður í 300 þús. kr. Fjvn. hefur hins vegar alltaf haft þann skilning á því þessi árin, að þetta framlag væri eitt af því, sem ekki mætti minnka, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika á afgreiðslu fjárl., og hefur þessu framlagi verið á undanförnum árum haldið uppi í 800 þús. kr., sem mér hefur skilizt á póst- og símamálastjóra, að væri mjög frambærilegt til þess að leysa aðkallandi mál í þessum efnum á hverjum tíma, — því að ekki er hægt að leysa þessi mál allt í einu, — og hins vegar nokkurn veginn nægilegt til þess að hafa nógan starfa fyrir þessa menn, sem við þetta starfa á ári hverju. En ef ætti að setja þetta framlag ríkisins upp í 2,5 millj. kr., þá mundi verða að taka til þessara starfa vinnuafl frá framleiðslunni og þá mundu um leið vera torveldaðir möguleikarnir til þess að afla fjár í ríkissjóð. — Ég set þetta ekki fram sem neina andúð á málinu. En ég vil ekki heldur, að leynt sé þeim erfiðleikum, sem svona fyrirmæli kunna að skapa, sem gætu orðið til þess, að máli því, sem þetta frv. á að stefna að að leysa, væri

ekki tryggður eins góður framgangur og til er ætlazt.

Hv. 1. flm. frv. minntist á kostnað við flutning á efni til símalagninganna. Annars eru skýr ákvæði í lögum um þetta. (*PZ:* Þau eru í reglugerð.) Já, í reglugerð, um það, að landssíminn skuli bera allan kostnað af flutningi efnisins á þá Eimskipafélagshöfn, sem er næst þeim stað, þar sem nota á efnið, en sveitirnar skuli bera þann kostnað, sem leiðir af því að dreifa efninu frá þeirri höfn og á staðina, þar sem það á að notast. En þetta hefur sjálfsagt átt nokkru betur við gömlu lögin, eins og þau voru framkvæmd, en þau nýju. En það hefur verið breytt út af þessu á stríðsárunum, vegna þess að Eimskipafélagshafnirnar hafa ekki verið svo miklar, og þar að auki eru enn fremur engar löggiltar Eimskipafélagshafnir á landinu. En það veldur sjálfsagt ekki miklum erfiðleikum, er snertir flutning á efninu.

Ef þessi lög, ef frv. verður samþ., eiga að vera eitthvað meira en pappírslög, þá tel ég, að nauðsynlegt sé fyrst og fremst að athuga leiðir til tekjuöflunar á móti kostnaðinum, og að hins vegar sé vel athugað, hvort ekki sé gengið með þessu um of á vinnuaflið og það um of tekið frá framleiðsluatvinnuvegunum, ef framkvæmdirnar í þessum efnum eru meir en þrefaldaðar frá því, sem nú er. Og í þriðja lagi vil ég benda á, að ég tel alveg ótækt að setja fyrirmæli um það í l. að taka fram fyrir hendurnar á hinu valdamikla ráði, fjárhagsráði, en það yrði náttúrlega gert með þessum l., ef frv. væri samþ. eins og það er. Það má benda á, að samþykktir frá Alþ. eins og þál. um jeppabíla og landbúnaðarvélar o. fl. hafa verið aðeins pappírsgagn, vegna þess að það er ekki með þessu hægt að taka valdið af því ráði, sem hefur það að lögum, og er vafasamt, hvort hægt er í því efni með l. að kippa svona einum flokki innflutningsvara út úr, eins og gert er ráð fyrir í frv. Þar að auki er alls ekki trygging fyrir því, að 800 þús. kr. nægi í erlendum gjaldeyri til þessa innflutnings, sem hér er gert ráð fyrir (*PZ:* Eins og nú er). Það veit enginn, hvernig slíkt kann að breytast í framtíðinni.

Ég mun fylgja málinu til n. og tel rétt, að það fari í fjhn. vegna þess, að ég tel rétt, að í frv. verði sett ákvæði um tekjustofn, ef á að tryggja, að það verði nokkurt gagn að slíkum lögum.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Ed., 13. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég heyrði það nú á ræðu hv. þm. Barð. (GJ) hér í gær, að þó að hann væri því efnislega sammála að flýta fyrir því, að notendasímar yrðu lagðir um sveitir landsins, þá sá hann þar þó ýmis ljón á veginum í sambandi við þetta frv. Mig langar í því sambandi að benda honum á, að nokkuð af því, sem hann sagði þar, er á misskilningi byggt, en aðra hluti, sem hann benti á, tel ég fullkomlega athugunarverða. Því miður man ég ekki allt, sem ég þarf að svara úr hans ræðu. Hann talaði um m. a., að mjög væri óviðfelldið að ákveða fyrir næstu tíu ár, að á þeim skuli leggja árlega fram úr ríkissjóði 2,5 millj. kr. til þess að leggja notendasíma, og benti hann á, að sum slík ákvæði, sem sett hefðu verið í lög, hefðu orðið að eintómum pappírslögum. Þetta síðastnefnda er rétt, og það er ekkert nýtt að heyra þetta frá þm. annað slagið, að þetta sé óviðfelldin aðferð. Ég man það vel, þegar það kom hér í hv. d. til mála, að viss hluti benzínskattsins skyldi renna í svo kallaðan brúasjóð. Því var þá haldið fram, að það væri ófært að ákveða fyrir sig fram, að ákveðinn hluti ríkisteknanna skyldi renna í einhverju ákveðnu augnamiði í ríkissjóðinn. Þrátt fyrir það var þetta gert. Og enn fremur hafa þeir sömu menn, sem héldu því fram með ákaflega miklu harðfylgi hér í hv. d., að þetta væri svo skelfing óviðkunnanlegt, þeir hafa síðan sjálfir ákveðið í fjöldamörgum lögum sams konar aðferð að þessu leyti og hér er um að ræða, sem sum hafa að vísu verið höfð að engu, en sum framkvæmd. Þess vegna sé ég ekki, frá þessu sjónarmiði séð, að rétt sé að amast við þessu 2,5 millj. kr. framlagi á ári í 10 ár til þess að leggja fyrir notendasíma. Ég gæti farið í upptalningu til þess að sýna, hvað sömu menn, sem hafa talið það ógurlegt að hafa svona ákvæði í l., hafa innan stundar, svo að segja, borið slíkt fram sjálfir á Alþ. og það ár eftir ár. Það er því ekki til nein sérstök stefna í þessu efni hér á Alþ.

Hv. þm. Barð. talaði um það, að tryggara væri í sambandi við 1. gr., ef hægt væri að koma fram einhverjum framlögum öðrum en úr ríkissjóði til þessara hluta, finna einhvers staðar tekjur til þess að standa undir þessum kostnaði. Ég vil benda á, að ef þetta frv. verður að l. og ákvæði þess framkvæmd, mundi það auka mjög verulega tekjur símans. Afnotagjaldið eitt mundi fyrir þessar framkvæmdir hækka um hundruð þúsundir króna, miðað við núverandi verðlag, þannig að þar kæmu tekjur, sem ríkissjóður fengi inn á hverju ári í rekstrarafgangi símans. Og þó að afnotagjöldin hafi verið lág undanfarin ár, þá voru þau hækkuð nýlega, og símagjöld hafa verið einnig sum hækkuð á þessu ári, og þar er um að ræða tekjur, sem ríkið fær beint frá símanum. — Svo er nú annað í þessu máli. Það er nú lagt til hliðar í Landsbankanum á hverju ári fé í íslenzkum krónum fyrir því, sem við fáum sem gjafafé, Marshallfé, og á þann hátt myndast í Landsbankanum sjóður, sem nemur í ísl. kr. öllu gjafafénu, sem við fáum. Þessu fé má ekki ráðstafa nema með samþykki Alþ. og samþykki einhverra fulltrúa frá Bandarikjunum. Mér finnst, að vel geti komið til mála að verja einhverju af þessu fé — úr jafnvirðissjóðnum, — sem líklega verður upp undir það að ná 100 millj. kr., þegar það er allt komið þar inn, í þessu augnamiði. Það er beint ætlað að verja því til greiðslna á innlendum kostnaði við stofnun nýrra fyrirtækja, og það má segja, að hér sé um slíkt að ræða, hvað landssímann snertir. Þess vegna finnst mér vel geta komið til mála og vil benda hv. fjhn. á það að

athuga, hvort það geti ekki komið til mála, að einhver hluti af þessum 2,5 millj. kr., sem ríkissjóður ætti að leggja fram til þessara hluta, ef frv. væri samþykkt, gæti komið á þennan hátt.

Þá talaði hv. þm. Barð. um það, að þó að ég segði, að það kostaði ekki nema sem svaraði 800 þús. íslenzkar kr. í erlendum gjaldeyri það efni, sem til þessara framkvæmda þyrfti að flytja inn á ári, ef þessari áætlun, sem frv. gerir ráð fyrir, ætti að framfylgja, þá gæti það breytzt að upphæðinni, þó að um sama vörumagn væri að ræða. Já, það er nú allt breytingum háð hér í heimi, og jafnvel skoðanir manna geta breytzt frá degi til dags. Og því getur ekki síður það, sem lengra er fram undan, breytzt. En ég benti aðeins á það, hvað þetta gildir með núverandi verðlagi. En þó að það sé ekki nema 300 milljónir, sem við getum flutt inn fyrir á ári, með núverandi verðlagi á peningum, þá hygg ég, að það muni vera auðvelt að flytja inn efni til þessara mjög svo þarflegu framkvæmda, þegar ekki þarf til þess, eins og nú er, nema 0,8 millj. kr., þannig að ég sé ekki, að þetta út af fyrir sig ætti að vera því til fyrirstöðu, að þetta frv. verði samþ.

Ég álít, að þegar búið væri að slá því föstu, sem gert er ráð fyrir með 1. gr., að þetta eigi að gerast á 10 árum, þá sé miklu eðlilegra, að það séu fulltrúar frá þeim mönnum, sem eiga að nota þetta, bændunum sjálfum, sem ákveði, í hvernig röð þetta skuli gert, heldur en það séu fulltrúar frá fjárveitingarvaldinu, eins og hv. þm. Barð. vildi vera láta og benti á form. fjvn. sem annan aðila, sem í nefnd færi með póst- og símamálastjóra í þessu efni. Ef Alþingi fæst til þess að ganga inn á þá stefnu, að á næstu 10 árum skuli ríkissjóður leggja fram 2,5 millj. kr. á ári í þessu skyni, eins og 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, þá er það búið að segja sitt álit um málið, faglega séð, og þá leggur Alþ. það í hlut þeirra manna, sem eiga að njóta þess, sem frv. þetta er um, og fagmanna, sem hafa faglega þekkingu, að sjá, hvað sé það eðlilegasta um það, hvernig þetta skuli framkvæmt að öðru leyti en því, sem lögin ákveða, ef þetta frv. verður samþ. En ég álít, að form. fjvn. sé búinn að segja sitt álit um málið. Þess vegna sé ég ekki, að það muni vera til bóta, að breytt væri 4. gr., eins og hv. þm. Barð. talaði um, þó að mér finnist það ekki skipta verulegu máli í þessu sambandi.

Þetta, sem ég hef drepið hér á, mun vera það helzta, sem hv. þm. Barð. minntist á í þessu frv. — Svo bar hann nokkrar brigður á, að þær tölur, sem hér eru nefndar, mundu vera réttar. Í sambandi við það segir póst- og símamálastjóri í bréfi til mín: „Kostnaður við að koma þessum bæjum í símasamband við næstu símastöð er áætlaður 27 millj. kr., og er það miðað við núverandi verðlag. Með núgildandi stofngjöldum, kr. 770,00 á hvern bæ, mundi kostnaður ríkissjóðs verða um 25 milljónir kr.“

Þetta segir póst- og símamálastjóri um þetta í bréfi til mín, sem hann skrifar 5. des. 1949, og þaðan eru þessar tölur teknar. Þannig að ef hv. þm. Barð. ber brigður á það og heldur, að það sé einhvern veginn öðruvísi, sem ég hef um þetta sagt, heldur en rétt er, þá, ef svo væri, væri það af því, að þetta væri ekki rétt með farið í þessu bréfi frá póst- og símamálastjóra, þ. e. a. s. skakkt reiknað út af þeim verkfræðingum, sem hafa haft þetta með höndum.

Þá benti hv. þm. Barð. á hitt réttilega, að samhliða því sem notendasíminn yrði lagður, þá þarf sjálft heildarsímalínukerfið í landinu ýmiss konar umbóta við, sem sumar standa í beinu sambandi við það, að notendasímana sé hægt að leggja. Margar langlínurnar eru þannig nú, að ef á að bæta við þær notendasímum að ráði, þá þarf að þétta línurnar og bæta við vírum á línurnar. En þetta tóku þeir til greina, sem hafa reiknað út kostnaðinn af að leggja einkasímana, og þetta er innifalið í þessum 2,5 millj. kr., þéttingin á línunum. Aftur á móti hagar annars staðar þannig til, að það þarf að leggja nýjar línur, og enn fremur má sums staðar búast við, að svo fari, þegar nýir notendasímar bætast við á einhverri stöð, að breyta þurfi venjulegri símalínu í fjölsímalínu, og kannske fá fjölsíma, þar sem áður er einföld stauralína o. s. frv., til þess að hægt sé að anna því aukna álagi, sem búast má við, að verði við það, að notendasímum fjölgi svona mikið. Með þessu er ekki reiknað í því 25 millj. kr. framlagi, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Til eru áætlanir um þennan kostnað, sem verkfræðingar póst- og símamálastjórnarinnar hafa gert, og telja þeir, að hann verði svipaður, eða um 25 millj. kr., ef þessu verður komið í fullkomið lag. Það er hins vegar viðurkennt, að víða megi koma þessari aukningu síma á án þess að auka langlínukerfið. Flm. hafa gert ráð fyrir, að eins og áður verði samhliða auknu álagi dyttað upp á langlínurnar, til þess að vega á móti auknu álagi, en í frv. hafa þeir ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði. Hjá þeim kostnaði verður ekki komizt, hvort sem frv. verður samþ. eða ekki, en gefið er, að hann getur dregizt meira á langinn, ef frv. er ekki samþ. og menn hugsa sér að þetta verði framkvæmt á lengri tíma, t. d. 20 árum eða jafnvel 50 árum, ef varið er til þessara framkvæmda ½ millj. kr. á ári, eins og í fyrra.

Ég held, að þegar hv. þm. Barð. athugar þetta í sambandi við það, sem hann sagði um það, hve mikils virði síminn væri fyrir þetta fólk, — hann sagðist þekkja menn, sem fremur mundu kjósa að fá til sín síma en veg, — þá geti hann ekki annað en stutt að því, að frv. verði að l. og nái skjótum árangri.

Ég bið nú n. að athuga, hvort ekki væri hugsanlegt að nota til þessara framkvæmda eitthvað af því fé, sem lagt hefur verið til hliðar í jafnvirðissjóðinn í stað Marshallhjálparinnar, t. d. til þess að standa undir auknum kostnaði við langlínurnar.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að svara hv. þm. Barð. Báðir erum við sammála um, að hér er um brýna nauðsyn að ræða, og ég vona, að hann hjálpi okkur að koma frv. gegnum d. og út í lífið.

Gísli Jónsson: Fyrri ræða mín gaf ekki til-

efni til að óttast um það, að ég mundi ekki vilja flýta málinu út úr d. En hv. flm. hefur sannað í sinni ræðu, að í frv. er aðeins gert ráð fyrir helming kostnaðar. Það þarf 25 millj. kr. í viðbót við þær, sem frv. gerir ráð fyrir, til þess að leggja línur, er taka við nýjum línum, er lagðar hafa verið um sveitirnar. Frv. er því hálfkarað, og þyrfti að taka upp í 1. gr. ákvæði um þetta, nema flm. hugsi sér aðeins innbyrðissamband milli bæja, án sambands við langlínu. — Þá kom ný hugmynd fram hjá hv. þm., að nota Marshallfé til framkvæmdanna, og athugar n. það að sjálfsögðu.

Út af því, sem hann sagði um tekjur af nýjum símum, þá efast ég um, að þeir geri meira en að standa undir kostnaði. Trúlegt er, að frá flestum bæjum komi kröfur um 2. flokks stöðvar í stað 3. flokks stöðva. Mér er kunnugt um staði, þar sem hægt er að tengja símann beint til verzlunarstaðar og læknis héraðsins, en þá þarf að lengja símatímann úr 2 tímum upp í 6, 7 eða 8 tíma. Þetta hefur auðvitað í för með sér aukinn kostnað, og það er blekking að ímynda sér, að tekjurnar geri meira en að vega á móti útgjöldunum.

Ég er ósammála hv. þm. N-M. að því leyti, að ég tel, að l. geri ekki gagn, nema framlagið sé tryggt á annan hátt en frv. gerir ráð fyrir. Ef til vill má fá Alþ. til að samþykkja þetta, en það gefur ekkert meira öryggi. Það má samþykkja allt. Það má samþykkja, að það verði sólskin á morgun, og það má samþykkja, eins og gert var á fundi á Egilsstöðum fyrir löngu, að landið sé skuldlaust. Eins og ástandið er nú, er engin trygging fyrir 2½ millj. kr. til þessara framkvæmda á næsta ári, nema fundinn verði nýr tekjustofn eða ýtt verði burt öðrum útgjöldum. Annars verður aðeins um pappírslög að ræða, er ekki koma að neinu gagni, og það vil ég ekki.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:4 atkv.

Á 81. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 79, n. 384).

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. var til umræðu hér í d. hinn 30. des. s. l. og var þá vísað til fjhn. Nefndin tók málið fyrir á fundi sínum 1. febr. s. l., og var samþykkt að senda það póst- og símamálastjóra til umsagnar. Litlu síðar barst n. svar hans, sem er dagsett 8. febr. Þá var málið tekið aftur fyrir á fundi í n. 28. febr., en n. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og er slíkt ekki óalgengt. Þrír nm. voru á fundi og því löglegur nefndarfundur, en 2 nm. vildu ekki taka afstöðu til málsins, en ég var reiðubúinn til þess og gaf því út nál. dags. 1. marz. Ég gerði ráð fyrir, að er þetta frv. kæmi til 2. umr., hefði eitthvað heyrzt frá öðrum nm. En nú er liðinn langur tími síðan, og er varla að vænta, að nm. skili áliti um þetta mál héðan af, því að tæplega þurfa þeir svo langan tíma til umhugsunar. Ég lít svo á, að það sé skylda nefnda að skila málum af sér. Nm. eru ekki settar neinar reglur um það, hvernig þeir eigi að snúast við málum. Þeir geta verið með þeim eða móti þeim og fylgt þeim skilorðsbundið, en það væri ekki rétt, ef einstakir nm. gætu komið málum fyrir kattarnef með því að skila ekki nál. Á þessum forsendum hefur forseti tekið mál þetta á dagskrá. Það þykir hafa verið beðið a. m. k. hæfilega lengi eftir nál.

Ég legg til í nál. mínu, að frv. þetta sé samþ., enda er ég einn af flm. þess. Ég hef ekki séð ástæðu til að bera fram brtt. við frv., en ég er fús til samninga um vissar breyt. á frv., ef framgangur þess er tryggari við það. — Frv. var sent til umsagnar póst- og símamálastjóra, og er svar hans prentað sem fskj. við nál. mitt. Hann mælir yfirleitt með því, að frv. þetta sé samþykkt.

Eins og menn sjá við lestur frv., inniheldur það tvö meginatriði. Fyrra atriðið felur í sér, að gerð verði áætlun um að koma notendasímum um allar sveitir landsins á næstu 10 árum og leggi ríkissjóður fram 2½ millj. kr. árlega í þessu skyni. Nú eftir gengislækkunina er þessi upphæð orðin of lág, en áætlun þessi er byggð á því, sem áður var. Þetta hefur mætt nokkrum andmælum, að binda ríkissjóði þannig bagga, án þess að nokkrar tekjur komi á móti. Mér virðist tæplega sanngjarnt að krefjast þess um sérstök nauðsynjamál, er fé þarf til að framkvæma, að tekjur komi þar á móti, ef það hefur þá ekki verið gert að almennri reglu. Þetta Alþ. hefur meira að segja bundið ríkissjóði stóra bagga án þess að sjá honum fyrir nokkrum tekjum. Er þar skemmst að minna á það, er Alþingi samþykkti uppbótina á laun opinberra starfsmanna. Þá má hér minna á það, að því meir sem símakerfið dreifist, því meiri verða tekjur landssímans. Þó að ekki verði hægt að framkvæma þá símalagningu, sem frv. gerir ráð fyrir, þá er hér þó sett það takmark, sem ber að keppa að.

Hið síðara meginatriði frv. fjallar um það að gera tilraun til að bæta úr því misrétti, sem er um lagningu notendasíma um einstök héruð landsins. Ég veit t. d., að sumar sýslur hafa fengið notendasíma á hvern bæ, en aðrar á örfáa bæi, og ég skal geta þess, að þær sýslur, sem mest hafa orðið útundan, eru Eyjafjarðarsýsla og Snæfellsnessýsla. Ekki skal ég dæma um það, hvernig þessu er háttað á Snæfellsnesi og hversu mikill áhugi er þar heima fyrir. En ég vil fullyrða, að það er ekki vegna áhugaleysis í Eyjafirði, að sími hefur ekki verið lagður þar, því að þaðan hafa verið sendar beiðnir um notendasíma, og ekki einasta það, heldur hafa verið gefin loforð um, að sími mundi verða lagður í þennan og þennan hrepp, en þau hafa ekki verið efnd. Ég veit ekki, hvað veldur þessu misrétti, því að ekki sýnist vera hér um pólitíska hlutdrægni að ræða. Eyjafjarðarsýsla er framsóknarkjördæmi, en Snæfellsnessýsla sjálfstæðiskjördæmi, en hins vegar hef ég tekið eftir því, að þau héruð, sem hafa

átt því láni að fagna að hafa ráðherra eða aðra álika valdamenn fyrir þm., hafa setið við betri hlut en önnur héruð, og hægt mundi vera að nefna ákveðin dæmi um þetta. Af þessu er lagt til í 4. gr. frv., að ákvarðanir um símalagningar skuli teknar af nefnd manna, þar sem póst- og símamálastjóri er formaður og 2 menn aðrir, sem telja má eðlilega fulltrúa bændastéttarinnar. Einnig væri hægt að hugsa sér, að n. yrði skipuð öðruvísi, t. d. að 2 menn væru kosnir sérstaklega af Stéttarsambandi bænda, Ég læt eindregið þá von í ljós, að sjónarmið væntanlegrar n. verði hlutlausara og víðara en hjá þeim, sem hingað til hafa ráðið. Þetta er ekki sagt til þess að áfellast á nokkurn hátt póst- og símamálastjóra, því að auðvitað hefur hann ekki verið einráður, hann hefur haft sína yfirmenn úr ýmsum flokkum. — Í 5. gr. er ákvæði um það að hafa hliðsjón með, hvar sé mest vöntun notendasíma í sveitum. Frv. vill, að ekki sé lögð áherzla á að leggja síma á eitthvert afdalakot, heldur um byggðarlög, sem þéttbýl eru og reka landbúnað, en hafa ekki síma. Ég er þó ekki sannfærður um, að allir flm. frv. líti eins á þetta ákvæði, en telji ákvæði 1. gr. höfuðatriðið, en ég tel ákvæði 4. og 5. gr. frv. engu síður mikilsverð.

Ég gerði grein fyrir því í upphafi máls míns, hvernig gangur þessa máls hefur verið hér í d. og fyrir þeim ástæðum, sem forseti hafði til þess að taka málið á dagskrá, þótt álit allra nm. sé ekki komið fram. Gæti það orðið til þess að ýta við öðrum nm. í fjhn. að láta sitt álit í ljós. Ef svo gæti orðið, hef ég ekkert á móti því að taka málið af dagskrá og fresta umr. í nokkra daga, því að sjálfsögðu er heppilegra, að álit frá fleiri hv. nm. en mér einum liggi fyrir, er málið er afgreitt við þessa umr. Ef því fram kæmi ósk um frestun umr., mundi ég fallast á hana, en þó taka málið á dagskrá að nokkrum dögum liðnum.

Haraldur Guðmundsson: Forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að meiri hl. n., fjórir hv. nm., hafa ekki tekið afstöðu til þessa máls. Skal ég nú gera mína afsökun varðandi þetta atriði.

Ég vil fyrst lýsa því, að mér þykir það furðuleg óþolinmæði hjá hæstv. forseta, sem er form. fjhn., að taka málið á dagskrá nú, þegar ekki nema hann einn hefur skilað nál. um það og ekki er vitað um afstöðu allra hinna nm. til þess. Ég vil svo taka það fram, að þegar málið var afgreitt úr hv. n., gat ég ekki mætt og því ekki verið viðstaddur afgreiðslu þess. Hygg ég, að öllu þessu athuguðu, að rétt sé að fá málinu frestað nú og halda síðan fund í hv. fjhn. á ný og vita, hvort ekki væri þá hægt að fá málið afgreitt þar á viðunandi hátt. En persónulega finnst mér, að þá þyrfti að liggja fyrir umsögn hæstv. fjmrh. um málið eða hann mætti þar sjálfur að öðrum kosti, til þess að n. gæfist kostur á að heyra hans álit á því.

Um efni málsins skal ég ekki ræða að svo komnu máli, en það kann að vera, að fleiri þyrftu þar að vera með í ráðum um lagningu símans en frv. ákveður. En aðalatriðið er í mínum augum, hvort hægt er og fært að hækka framlagið til þessara mála eins mikið og gert er ráð fyrir í frv. Hér er sem sé lagt til, að 2½ millj. kr. verði árlega varið í þessu skyni, en undanfarið hefur það verið eitthvað nálægt 800 þús. kr. Hygg ég því, að nauðsynlegt sé að fá álit hæstv. fjmrh. um þetta atriði, áður en málið er afgreitt.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég get nú ekki kannast við, að ég hafi sýnt nokkra óþolinmæði í sambandi við þetta mál, heldur þvert á móti sýnt mikla þolinmæði. Ég rakti áðan í ræðu minni gang málsins og get endurtekið, að það var tekið fyrir í n. 21. febr. og síðan 28. febr., þegar afgreiðsla þess fór fram. Ég get ekki gert að því, þótt ekki mættu nema þrír hv. nm. á fundi og tveir af þeim þremur gætu ekki tekið afstöðu til málsins. Það haggar því ekki, að nægilegur tími var til þess fyrir þá. Hvað það snertir, sem hv. 4. þm. Reykv. (HG) var að tala um, að málinu yrði nú frestað, til þess, að mér skildist, að n. athugaði málið á ný, vil ég benda honum og öðrum hv. þm. á, að hluti af n. hefur þegar athugað málið og tekið afstöðu til þess. Verður því að líta svo á, að n. sé klofin í málinu, og þá er það venja, að hvor hlutinn fyrir sig safni þeim upplýsingum og gögnum, sem hann telur þörf á. Þetta vil ég benda hv. þm. á, að bæði hann og aðrir hv. nm. verða að gera, ef málinu verður nú frestað.

Gísli Jónsson: Forseti. Mér finnst nú ekki nema eðlilegt, að hæstv. forseti taki þetta mál nú á dagskrá, og tel veigalitlar afsakanir þeirra nm., sem ekki eru búnir að skila nál. sínu eða sínum. En ég vil nú segja nokkur orð um málið sjálft. — Ég vil þá fyrst taka undir það með hv. 4. þm. Reykv., að það er stórt spor, sem stigið er í fjárhagsmálum landsins með þessu frv., ef að lögum verður. Hér er farið fram á að meira en þrefalda þá upphæð, sem hingað til hefur verið ákveðin til þessara framkvæmda. Mér er kunnugt um, að a. m. k. síðan ég kom í fjvn., hefur n. óskipt alltaf reynt að fá framlagið til þessara mála eins hátt og mögulegt hefur verið á hverjum tíma, þrátt fyrir andstöðu ýmissa valdamanna. Fjvn. hefur gert þetta, því að hún hefur verið þess fullviss, að það er ekkert, sem er sveitafólkinu, sérstaklega á hinum afskekktari stöðum, eins mikil hjálp og síminn. En hér er farið fram á, að þetta framlag sé þrefaldað. Það er því ekki óeðlilegt, að fram komi till. um að ræða þetta við hæstv. fjmrh., áður en málið er afgreitt, og þekki ég illa hæstv. forseta, ef hann vill ekki verða við þeim tilmælum.

Hvað snertir einstakar greinar frv., þá finnst mér vera á þeim ýmsir ágallar. Ég vil benda á, að mér finnst það enginn Salómonsdómur, þótt ekki séu teknar ákvarðanir um, hvar leggja skuli símann á þann hátt, sem segir í 4. gr. Það væri nefnilega alveg eins hægt að segja, að hv. Framsfl. ætti að hafa þetta á hendi. Og þótt hv. frsm. segði ekki, að pólitísk sjónarmið hefðu ráðið, er úthlutað hafi verið notendasímum hingað til, þá lét hann í það skína, með því að láta orð falla á þá lund, að ráðherrar

eða aðrir valdamenn hefðu notað aðstöðu sína til þess að koma síma í sín kjördæmi. Það er nefnilega, eins og allir vita, varla til handhægari aðferð til atkvæðasmölunar en slíkt. — Ég get ekki heldur séð í frv., hver eigi að hafa úrskurðarvald, ef samkomulag næst ekki í þessari n. Ekki er það tekið fram, að það sé form. n. eða ráðherra, svo að það getur þá verið afl atkvæða í n. sjálfri eða þá símamálastjóri eða jafnvel búnaðarmálastjóri. Nei, ég held, með fullri virðingu fyrir þeim heiðursmönnum, sem frv. gerir ráð fyrir, að sitji í þessari n., að þá þyrfti að breyta skipun hennar. Svo er nú með þessu ekki nema hálft spor stigið, því að það þyrfti allt að 100 millj. kr. til þess að auka og endurnýja landssímalínurnar, sem notendalínurnar liggja frá, eftir því sem póst- og símamálastjóri upplýsir, til þess að ná settu takmarki. Hann minnist að vísu ekki á þetta í umsögn sinni til n., en segir þar þó, með leyfi hæstv. forseta, „að til þess að tryggja afrás hinna auknu símaviðskipta milli símstöðvanna innan sýslna eða landsfjórðunga er óhjákvæmilegt að auka samtímis notendasímalagningunni allmiklu við landssímalínurnar og veita einnig fé til þess.“ Og sannleikurinn er nú sá, að þegar búið er að hlaða svo mjög á landssímalínurnar eins og gert er ráð fyrir með þessu frv., þá verður að byggja upp nýjar og stærri.

Í 5. gr. er sagt, að þegar teknar séu ákvarðanir um lagningu notendasímans, þá skuli hafa hliðsjón af því, hvar mest sé vöntun símans. En þó er sagt síðast í gr., með leyfi hæstv. forseta: „Enn fremur skal leitast við að skipuleggja framkvæmdir eftir því, sem hentast þykir fjárhagslega.“ En þetta rekst nefnilega ákaflega oft á. Það hefur og orðið hlutskipti þeirra, sem erfiðast eiga og eru fjarlægastir, að fá ekki síma, þrátt fyrir hina miklu þörf sína fyrir hann. Ég veit ekki nema rétt sé að setja ákvæði inn í frv., þar sem lögð er á það sérstök áherzla, að leggja beri síma um þær sveitir, sem afskekktastar eru og minnstar samgöngur eru við, því að skiljanlega hafa þeir bændur mun verri aðstöðu, þar sem kannske einn eða enginn sími er í heilli sveit, afskekktri, heldur en þar sem nú eru t. d. fjörutíu símar. Mér sýnist því, að mjög vafasamt sé, að síðasti liður 5. gr. eigi að vera í frv., heldur ætti að taka það skýrt fram, að þau héruð, sem fjarlægust eru, ættu að ganga fyrir um símann. Svo hygg ég einnig, að 1. gr. frv. þurfi góðrar athugunar við.

En það, sem mér finnst vera mest til bóta í þessu frv., eru ákvæðin í 6. gr., þar sem ákveðið er, að sveitarfélögin sjálf megi bjóða fram lán til símalagningarinnar. Er ég þess alveg fullviss, að fjölmörg sveitarfélög mundu vera fús að lána ríkissjóði fé til þess að koma upp síma í viðkomandi sveit. En þá er ég kominn að því, sem ég minntist á áðan, að þetta er aðeins hluti af kostnaðinum, því að þetta fé er aðeins ætlað til þess að standa undir kostnaði af notendasímanum sjálfum og línum í sambandi við hann, en ekki til viðhalds og lagningar eða aukningar á landssímalínunum. En hvað sem ákveðið er um framlag til notendasímans, þá finnst mér ekki ástæðulaust að fá samþykkta heimild um, að símastjórnin mætti taka lán, eins og ákveðið er í 6. gr. þessa frv.

Nú vildi ég mega spyrja hv. frsm., hvort hann hefur ekki sem form. þeirrar n., sem hafði málið til athugunar, séð ástæðu til þess að spyrja póst- og símamálastjóra, hver sé ástæðan fyrir þeirri hlutdrægni í þessum málum, sem komið er inn á í grg. og hann lýsti í ræðu sinni hér áðan. Mér finnst það mikils virði fyrir okkur, sem eigum að greiða atkvæði um þetta hér í d., að fá þessar upplýsingar. Er það sök póst- og símamálastjóra sjálfs, eða einstakra ráðherra, eða þá hverra, að troðið er á rétti svo margra manna sem raun ber vitni? Þætti mér gott, ef upplýsingar fengjust um þetta, áður en þessari umr. lýkur, hvaða öfl það eru, sem hér eru á bak við. Ég býst varla við, að þeim hafi nokkuð verið ívilnað í sköttum, sem hafa orðið fyrir barðinu á þessu valdi.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta að sinni, en er fylgjandi málinu í höfuðatriðum og legg á það sérstaka áherzlu, að þeir, sem erfiðast eiga, fái fyrst símann. Aftur á móti get ég ekki fylgt því, eins og ætlað er í 1. gr., að ákveða með lögum, að stór upphæð í mörg ár fari í þessar framkvæmdir.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Það væri nú kannske réttara að geyma það til betri tíma að ræða þetta, því að umr. verður nú bráðlega frestað, eins og óskað hefur verið. En ég vil þó segja aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. Barð. sagði í sinni ræðu. Hann benti á, að samþykkt frv. kallaði á meiri fjárveitingar en frv. sjálft gerði ráð fyrir, ekki einasta, eins og ég benti á í minni fyrstu ræðu, vegna gengisbreytingarinnar, heldur, að því að mér skildist, vegna þess, að eftir því sem meira legðist á línurnar, þá þyrfti meira til þeirra. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt, en ég sé ekki, að ákvæði, sem að þessu lúta, eigi heima í þessu frv. Ekki veit ég til þess, að hér í Rvík eða öðrum kaupstöðum komi ráð eða framlög frá þeim, sem kröfur gera um síma, hvernig línurnar eigi að standa undir aukningunni, og ég get ekki séð, að notendasímar í sveitum hafi þar nokkra sérstöðu, heldur eru þeir alveg hliðstæðir símanúmerum í kaupstöðum. Ég benti einnig á það í minni fyrstu ræðu, að því meiri sem notendasímafjöldinn er, því meiri eru tekjur símans, svo að ég get alls ekki verið sammála hv. þm. Barð. um, að ákvæði, sem lúta að þessu, eigi að koma inn í þetta frv. — Í sambandi við 4. gr. sagði hv. þm. Barð., að sama væri, hvort hún væri samþ. eða framkvæmd þessara mála falin Framsfl. Það er nú alltaf svo með þennan hv. þm., að hann sér alls staðar Framsfl. og Framsfl. er sem grýla í hans augum. En ég get nú ekki séð, að þetta hafi við rök að styðjast hjá honum. Það kann að vera, að svo sé ástatt nú, að tveir af þessum mönnum, sem þarna eru nefndir í 4. gr. sem sjálfkjörnir í n. til að ákveða um þetta, séu framsóknarmenn. En slíkt er

nú alltaf breytilegt, og hver er kominn til að segja, að þessir menn verði framsóknarmenn? Hvað Stéttarsamband bænda snertir, þá veit ég ekki annað en að sjálfstæðismenn séu í meiri hluta í stjórn þess. Formaðurinn er framsóknarmaður að vísu, en ef hann færi að beita pólitískri hlutdrægni þarna eða yfirleitt, þá skil ég ekki í því, að stjórnin, sem skipuð er að meiri hl. af sjálfstæðismönnum, mundi endurkjósa hann oft, en það mun vera kosið á hverju ári. Ég get huggað hv. þm. Barð. með því, að ég vildi alls ekki samþykkja það, að Framsfl. væri falið að úthluta notendasíma í sveitum. Ég bara lít svo á, að hér sé um opinbera starfsmenn að ræða og það komi ekki málinu við í þessu efni, í hvaða flokki þeir eru. Hv. þm. Barð. spurði um það, hver ætti að hafa úrslitavaldið í þessari n., ef skoðanamunur yrði þar. Ég tel víst, að það yrði eins og í öðrum n., að það yrði að vera þar meiri hl., sem réði, ef um ágreining væri að ræða, og ég sé ekkert á móti því. Ég held, að það sé ekki síður að fela ákveðnum flokki að ráða þessum málum, ef ráðh. á að hafa úrslitavaldið. Ráðh. er venjulega flokksmaður. Eins og nú horfir við, mundi það þýða, samkvæmt hugsunarhætti hv. þm. Barð., að Sjálfstæðisfl. væri falið að ráða þessu, þar sem sá ráðh., sem á að fara með símamálin, er Sjálfstfl.maður. Nú dettur mér ekki í hug að líta svo á, að Sjálfstfl. sé falið að ráða þessu máli, þó að flokksmaður í Sjálfstfl. sé hlutaðeigandi ráðh. Og mér finnst, að hv. þm. Barð. ætti nú að geta farið að skilja það, að það er oft, og sem betur fer í flestum tilfellum, sitt hvað að vera opinber starfsmaður eða flokksmaður. Að opinberum störfum starfa menn yfirleitt ekki sem flokksmenn, heldur reyna að gera skyldu sína og gera rétt; þannig eru flestir.

Hv. þm. Barð. spurði um það, hvort ég hefði ekki spurzt fyrir um það, hvað mundi valda þeirri hlutdrægni, sem einatt hefði átt sér stað í þessu máli. Jú, ég hef spurzt fyrir um það, og ég hef meira að segja bréf frá póst- og símamálastjóra, þar sem hann reynir að afsaka það, hvernig Eyjafjarðarsýsla hefur orðið út undan í þessum efnum. Að öðru leyti skal ég ekki fara langt út í það, en það ætla ég að segja, að ég held, að þessi hlutdrægni, sem hefur átt sér stað, sé ekki pólitísk hlutdrægni, heldur stafi það af öðrum ástæðum, að hér hefur verið mismunað eins og gert hefur verið. Það er t. d. kannske nokkur ástæða til þess fyrir menn, sem svo eru gerðir, að láta undan því, ef mjög freklega er að gengið. Sumir menn eru þannig gerðir, að þeir taka minna tillit til kurteisra manna en hinna, o. s. frv. Ég get ekki útlistað þetta, hvorki sálfræðilega né á annan hátt. Ég bara bendi á staðreyndir.

Hv. þm. Barð. fannst um að ræða árekstra í 5. gr. frv., þar sem talað er um að hafa hliðsjón af því, hvar mest sé vöntun síma, og að hinu leytinu, að leitast við að skipuleggja framkvæmdir eftir því, sem hentast þykir fjárhagslega. Ég skal ekki neita því, að það kynni að geta orðið í einhverjum tilfellum, að illt yrði að sameina þetta tvennt, en ég held þó, að töluvert megi gera í þessu efni. T. d. ef athugað er fyrst, samkvæmt fyrri málslið gr., hvaða héruð vanti mest síma, þá sé fjárveitingunni fyrst og fremst beint þangað, en þar sé verkinu hagað svo, að sem hentugast verði fjárhagslega, t. d. að byggðarlög innan héraðsins séu tekin í einu, en aftur á móti ekki lagt á ýmsa bæi og sé langt á milli eða t. d. farið um alla sýsluna með einhverju káki, heldur sé tekinn ákveðinn hluti hennar, sem mundi þá undir öllum kringumstæðum verða ódýrara. Þetta var það, sem flm. frv. höfðu í huga. Það má á ýmsan hátt framkvæma þetta verk, eins og önnur, þannig að hagsýni í fjárútlátum sé gætt að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Að öðru leyti get ég verið hv. þm. Barð. þakklátur fyrir það, að hann sýnir málinu ekki tómlæti, og mér virðist, að hann sé frv. meðmæltur í höfuðatriðum. Þó að hann vilji gera á því breyt., þá er hann því meðmæltur, að l. séu sett í þessa átt. Ég er honum einnig sammála um það, sem hann sagði um 6. gr. frv. Það getur sannarlega staðið svo á, að héruð vilji vinna það til að ná í peninga til að lána í þessu skyni, gegn því að fá notendasíma um héraðið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á það á þessu stigi málsins, að við þær breyt., sem hafa orðið á gengi íslenzku krónunnar, þá mun sú upphæð, 2,5 millj. kr., sem ríkissjóður þarf að leggja fram árlega, ef tilætlunin er, að verkinu verði lokið á 10 árum, þurfa að hækka upp í 2,8 millj. kr. Og þegar n. tekur frv. aftur til meðferðar, sem ég geri ráð fyrir að gert verði, eftir því sem fram hefur komið, þá vildi ég biðja hana að athuga þetta.

Að öðru leyti vil ég benda á það, að ef þetta frv. nær að verða að l., þá breytist viðhorf bænda ákaflega mikið. Mér virðist, að hv. þm. Barð. og fleiri jafnvel séu hræddir um, að sú n., sem skipuð yrði eftir 4. gr., mundi verða hlutdræg. Ég er ekki hræddur um, að nokkur hætta sé á því, þegar búið er að slá því föstu, að þetta verði framkvæmt á næstu 10 árum. En hitt er allt annað mál, að ef menn eiga það ævinlega undir högg að sækja, hvort það verða 500 þús., 800 þús. eða 1 millj. kr. eða einhver önnur upphæð, sem veitt verður árlega til þessa verks, og menn vita ekki nema þeir verði að bíða kannske í 40—50 ár eftir því að fá síma, þá eru þeir hræddir um, að hlutdrægni muni verða beitt. Þegar aftur á móti er búið að slá því föstu, að síminn eigi að koma á næstu 10 árum, þá hverfur þessi ótti manna, af því að viðhorfið breytist gersamlega. Ég get til dæmis nefnt bæi vestur í Barðastrandarsýslu, sem þykjast hafa orðið afskaplega afskiptir, þegar nágrannar þeirra fengu síma og þeir einir voru skildir eftir. Ég hef nýlega fengið um það bréf, að hér á að hafa verið beitt hlutdrægni. En ef þessir menn hefðu átt vist að fá síma á næstu 10 árum, þá hyrfi þessi hræðsla um hlutdrægni. Ég tel þetta ákaflega mikils virði, að bændur viti, að einhvern tíma á næstu 10 árum fái þeir síma, svo að þeir láti

ekki hugfallast og flýi af jörðum sínum, af því að þeir séu hræddir um að fá aldrei síma. Upp úr þessu legg ég geysilega mikið.

Á annað atriði, sem kom fram hjá hv. þm. Barð., ætla ég að minnast. Hann hefur það eftir símamálastjórninni, að það þurfi 100 millj. kr. til þess að veita notendasímanum útrás. Þetta er mjög mikill misskilningur, sem ég veit ekki, á hverju byggist. Símastjórnin telur þurfa upp undir 25 millj. til breytinga á símakerfinu í sambandi við þennan notendasíma. Sums staðar þarf að gera mjög miklar breytingar á línulagningum, eins og t. d. á Snæfellsnesi, þar sem þarf að gerbreyta sjálfu línukerfinu um allt nesið, ef sími á að koma á hvern bæ þar. Það er tekið með í reikninginn hér. Hitt er annað mál, að byggja þarf símstöðvahús, leggja jarðsíma og fleira, t. d. þarf nýtt hús við Hrútafjarðará og víðar. Allar þær breytingar er búizt við, að kosti upp undir 100 millj. kr., en það stendur ekki í sambandi við notendasíma í sveitum. Þær breytingar, sem þarf að telja á þeirra kostnað fram yfir það, sem hér hefur verið gert, eru breytingar á húsum, borðum og ýmsu öðru, sem símamálastjóri segir, að þurfi að gera vegna notendasímans og geti komizt upp í 25 millj. kr. — Það var sérstaklega þetta tvennt, sem ég vildi taka fram. Fyrst og fremst það, að því verði slegið föstu, að síminn komi á næstu 10 árum. Þá hættum við hv. þm. Barð. að þurfa að vera á hlaupum til póst- og símamálastjóra til að minna á óskir um síma fyrir þennan og þennan hreppshluta á þessu eða hinu árinu. Menn vita þá, eins og áður er tekið fram, að þeir fá símann á næstu 10 árum, og þurfa ekki frekar um það að hugsa. Þetta er að mínum dómi þungamiðja málsins. Það er talað um, að erfitt sé að láta þetta fé og erfitt að slá því föstu nú að hægt sé að láta þetta fé á fjárl. á hverju ári. En ég verð að segja það, að ef vilji er til fyrir því að leysa þörf sveitanna fyrir síma, þá sé það bara ekkert erfitt. Það er nú svo, að hvert mál fer eftir því, sem það er virt, og manni gengur misvel að leysa verkefnin, eftir því hvort vilji er fyrir hendi til að leysa þau eða ekki. Ef vilji er til þess, þá er vel hægt að láta þessar 2,8 millj. kr. Hitt gæti orðið miklu erfiðara, að fá gjaldeyri til þess, sem í þessu tilfelli yrði 1 millj. kr. á ári. Það gæti vel verið, að af gjaldeyrisástæðum þyrfti að framkvæma verkið á 15 árum í staðinn fyrir á 10 árum. Það er spurning, hvernig gjaldeyrismálin verða í framtíðinni. Það er búið að fara þannig með þau mál í heild af þeim, sem undanfarið hafa yfir þeim ráðið. Þetta athugar n. vafalaust líka, þegar hún tekur málið aftur til athugunar.

Því, sem sagt hefur verið bæði um 4. og 5. gr. frv., er form. n. búinn að svara, og ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu þar við. Ég skal þó aðeins taka fram eftirfarandi. Ég er staddur austur á Hornafirði rétt fyrir sláttinn. Þar eru þá staddir 5 menn frá landssímanum og þeir eiga að leggja þar síma á nokkra bæi. Efni er komið á staðinn. Mennirnir fara til Reykjavíkur án þess þó að leggja símann, en eru svo síðar sendir austur á Hornafjörð til að leggja hann. Þarna var fé eytt að óþörfu. Ég skal taka annað dæmi. Það eru sendir 3 menn tvær dagleiðir til að leggja síma á einn einasta bæ, þó að ekki þurfi að leggja síma á neina bæi þar í nágrenninu. Það veitir því ekki af að setja það inn í frv., sem í 5. gr. er fram tekið, að enn fremur skuli leitazt við að skipuleggja framkvæmdir eftir því, sem hentast þyki fjárhagslega. Það er alveg nauðsynlegt að taka þetta fram, og til þess þarf n. að taka tillit.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst að svara hér nokkrum aths. frá hv. 1. þm. Eyf. (BSt). — Hann gerði þá athugasemd við ræðu mína, að Framsókn væri grýla í mínum augum í hverju máli. Ég fæ nú ekki séð, hvernig það geti talizt grýla, þótt ég sé andvígur því, að það sé lögboðið, að Framsfl. eigi að ráða algerlega einn einhverjum ákveðnum málum. Eins og 5. gr. frv. er nú orðuð, er það sjáanlegt, að meiri hl. n. þar á að vera skipaður framsóknarmönnum, og geta þeir því algerlega ráðið þessum málum og þurfa ekki að taka neitt tillit til þriðja mannsins í n. Það væri alveg eins gott að setja í lögin, að Framsfl. réði einn þessum málum. Hv. þm. sagði, að nú mætti segja, að Sjálfstfl. réði einn þessum málum. Þetta er herfilegur misskilningur. Auðvitað er póst- og símamálastjóri tæknimenntaður maður, en hann verður að bera allar ákvarðanir sínar undir ráðherra, en eins og greinin er nú orðuð, er beinlínis lagt til, að ráðherra skuli framkvæma ákvarðanir þessarar n. Þetta er reginmunur. Ég vænti þess, að hv. þm. taki það ekki sem neinn fjandskap gegn Framsfl., þótt hér sé mælt gegn því, að flokkurinn fái vald til þess að ráða þessum málum einn. Það er mjög óviðfelldið að gefa einum flokki vald til að ráða svona viðkvæmum málum einn, og ég mun aldrei samþykkja það.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að vitanlega yrðu þessir menn ekki endurkjörnir, ef þeir misnotuðu þetta vald eða sýndu pólitíska hlutdrægni. En ég vil bæta því við, að þessir menn hafa einmitt sýnt pólitíska hlutdrægni og verið endurkjörnir samt og e. t. v. af þeirri ástæðu. — Hv. þm. sagði, að það væri sitthvað að vera flokksmaður eða opinber starfsmaður. Það er hægt að segja það, en reynslan ber vitni um annað. Þar hefur oft verið gengið fram á yztu nöf.

Hv. þm. sagði, að hann hefði nú bréf í höndunum, sem sannaði það, að ekki hefði verið sýnd pólitísk hlutdrægni í símalagningum í Eyjafirði. En hv. þm. sagði, að samt hefði verið sýnd hlutdrægni í öðrum landshlutum, en upplýsti ekki, af hvaða ástæðum. Ég óskaði eftir því að fá að vita, hvaða ástæða hefði verið fyrir því, að hlutdrægni hefði verið beitt. Það er ekki nema rétt, að hv. þm. viti, hvaða vald það er, sem sýnir þessa hlutdrægni. Það gæti jafnvel farið svo, að fjvn. færi að skipta

því fé, sem ætlað er til símaframkvæmda. Ef hv. forseti d. og form. fjhn. Ed. gæti upplýst, hvað það er, sem valdið hefur þessari hlutdrægni, þá er það mikilsvert. Þá gæti auðvitað komið til mála að skipta símafénu eins og t. d. vegafénu. Þá þarf ekki að saka neina aðila um hlutdrægni í skiptingu fjárins aðra en þingmenn. Ég vil fá ákveðin svör við því, hvaða afl það er, sem hér er að verki.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ) var ekki myrkur í máli, er hann lét þau orð falla í sinni ræðu, að það gerði ekkert til, þótt n. sýndi hlutdrægni, og færði þau rök fyrir því, að það væri ákveðið, að sími ætti að leggjast um allar byggðir landsins á næstu 10 árum. Við þetta er nú í fyrsta lagi að athuga, að það er ekki víst, að allir geri sig ánægða með að bíða í 10 ár eftir síma, og því er ekki sama, hverjir verða fyrstir til að fá hann. Í öðru lagi er engin trygging fyrir því, að sími verði lagður á alla bæi á næstu 10 árum, þó að það hafi verið sett í lög. Þá sagðist hv. þm. hafa meðferðis bréf, sem sýndi, að sérstök hlutdrægni hefði átt sér stað í símalagningu í Barðastrandarsýslu. Hann ætti bara að leggja þetta bréf fram, svo að hægt sé að rannsaka þetta mál, því að sjálfsagt er hér að verki sama valdið og hv. 1. þm. Eyf. hefur verið að tala um. En mér er ekki kunnugt um, hvaða vald er hér að verki.

Hann, þessi hv. þm., sagði, að það væri misskilningur, að það þyrfti 100 millj. kr. til að fjölga línunum. Ég hef rætt þetta við póst- og símamálastjóra og hann segir, að ef á að reikna með nauðsynlegri fjölgun á aðallínum, húsbyggingum og öðru, þá er þetta álíka upphæð og hann hefur gefið upp áður. Hv. 1. þm. N-M. benti á, að það væru ekki nein vandræði að finna rúm á fjárl. fyrir 2½ millj. kr. á ári. Það má e. t. v. segja, að þjóðin þurfi ekki að taka á sig miklar fórnir til þess að skrifa 2½ millj. króna á þann pappír, sem fjárlögin eru rituð á, en það þarf meiri fórnir, ef á að framkvæma það. Fjárlögin eru nú þannig, að það vantar tekjur á móti nauðsynlegum gjöldum ríkisins. Fjmrh. er nú að reyna að meta, hvað helzt sé hægt að skera niður af útgjöldum ríkisins. Nú er alltaf matsatriði, hvað sé þarfast og nauðsynlegast og hvað megi helzt skera niður. Ég vil benda á, að það hefur verið deilt um það hér á þingi, hvort hækka ætti þennan lið úr 500 þús. upp í 800 þús., en nú er ætlunin að þrefalda hann og rösklega það. Ég vildi sem form. fjvn. gjarnan taka við ábendingum frá hv. 1. þm. N-M. um það, hvað hann vill fella niður á fjárl. í staðinn, hvort hann vill lækka framlög til sauðfjársjúkdómanna eða jarðræktar. Þetta kostar nú ríkið 5—7 millj. kr. á ári, og ef hægt væri að draga úr þessu, er auðvitað sjálfsagt að setja aðra útgjaldaliði í staðinn. En að ætla sér að setja þessi útgjöld á fjárl. án þess að fella niður önnur í staðinn, er fjarstæða, og fæ ég ekki séð, að málinu sé betur borgið fyrir það. — Úr því að hv. 1. þm. N-M. er kominn inn í d., vil ég endurtaka það, sem ég sagði áðan, að mér væri kærkomið, ef hann léti í té þau gögn um hlutdrægni í símalagningu í Barðastrandarsýslu, svo að hægt sé að taka þetta mál upp, og má þá vera, að hægt sé að rétta hlut þessara manna.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál. Ég var ekki á þeim nefndarfundi, þegar mál þetta var afgreitt, en síðan hefur dregizt að gera nál. um þetta, og er málið nú svo langt komið, að ekki er ástæða til þess. Nú hefur aðeins einn maður úr n. gert þetta álit, og málið hefur síðan verið lagt þannig fyrir, og hygg ég, að það sé einsdæmi. Ég hef ekki fylgzt nákvæmlega með þessum umræðum og veit því ekki nákvæmlega, hvað hefur fram komið. Mér hefur skilizt á hv. 1. þm. Eyf., að það mætti endurkjósa nm. og skipta þannig um menn í n., sem á að úthluta símanum, ef nm. reynast ekki hæfir eða ekki líkar við þá. Þetta er ekki hægt, og verður því ekki skipt um þá. Það eru einmitt formaður Stéttarsambands bænda og búnaðarmálastjóri, sem ætlað er að vera í þessari n., og maður getur auðveldlega séð það, að eftir því sem þeir fá meiri völd utan síns verkahrings, verður það til þess eins að leiða meiri og illvígari deilur inn í bændasamtökin, því að auðvitað vilja þá þeir, sem finnast þessir menn eða n. ekki hafa tekið nægilega mikið tillit til sinnar sveitar með úthlutun á símanum, hrinda þeim frá völdum og koma að öðrum, sem þeim eru hliðhollari. Svo get ég einnig búizt við, að ekki verði staðnæmzt hér, heldur verði þessari eða annarri n. faldar hinar ýmsu verklegu framkvæmdir, þannig t. d. að skipa fyrir, hvar skuli koma nýir vegir, brýr og bryggjur. En annars sýnist mér það hefði verið miklu hreinlegra, eins og hv. þm. Barð. benti á, að fela *með þessu frv. miðstjórn Framsfl.* að skipa símanum um sveitir landsins, því að það er opinberlega vitað, að bæði formaður stéttarsambandsins og búnaðarmálastjórinn eru í miðstjórn og annar þm. Framsfl. Um hjartalag símamálastjóra skal ég ekki dæma, (*Dómsmrh.:* Hann er yfirlýstur framsóknarmaður.) en mér finnst alls ekki rétt að gera þetta mál pólitiskt. Mér sýnist ekki vera fráleitt að nefna hér í sambandi við þetta mál líkinguna, að þegar maður réttir skrattanum litla fingurinn, þá taki hann alla höndina. Hún á þó náttúrlega ekki bókstaflega við þessa ákveðnu menn, sem ráðgert er að sitji í þessari n. En á sínum tíma var þessum mönnum falið að skipta búvélunum, sem til landsins komu, og nú á að fela þeim að skipta símanum milli héraða og sveita, og þannig fá þeir alltaf meiri völd koll af kolli. Þetta er ekki sanngjarnt, og er ég alveg hissa á hv. 1. þm. N-M., að hann skuli vilja þessa ráðstöfun eða láta hafa sig út í að verja slíkt, eins gott og oftast er að vinna með honum í n. Hins vegar er 1. gr. frv. góð og mundi ég fylgja henni, ef ríkið er þess megnugt að binda 25 millj. kr. í 10 ár til þessara framkvæmda. Vildi ég því gjarnan heyra álit hæstv. fjmrh. um þetta, áður en við greiðum hér atkv. (*Dómsrh.:* Hvað er ráðgert nú á fjárlögum að verja miklu fé í þessu skyni? — *GJ:* 550 þús. kr.) Annars gæti kannske hæstv. landbrh. upplýst þetta. — Að öðru leyti vil ég taka það fram, að

mér finnst gott og sjálfsagt, að settir séu upp notendasímar í sveitum landsins, en finnst alls ekki rétt, að það sé verið að draga pólitík inn í þetta, því að það gerir ekkert annað en að draga úr framkvæmdum. Vona ég því, að þetta mál verði látið hafna á góðum og rólegum stað, en ekki skipuð þessi n., því að verði hún skipuð eins og gert er ráð fyrir í frv., er vægast sagt verið að reyna að sýna pólitískt ofbeldi.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég held nú, að hv. þm. Barð. hafi algerlega sannað það, sem ég sagði í ræðu minni hér um daginn, að hann sæi alls staðar grýlur, ef hann heyrði Framsfl. nefndan, og meira að segja væri hægt að segja, að slíkt verkaði á hann eins og rauð dula á vissa skepnu. Hv. þm. sagði, að eins gott hefði verið að gera ráð fyrir, að miðstjórn Framsfl. úthlutaði símanum, úr því að ráðgert væri, að búnaðarmálastjóri og formaður Stéttarsambands bænda væru í þessari n. En það, sem ég átti við þegar ég sagði um daginn, að stjórn, sem væri að meiri hluta til skipuð sjálfstæðismönnum, mundi ekki kjósa mann sem formann, ef hann sýndi með starfi sínu, að markmið hans með því væri að vinna Framsfl. í vil, var einmitt það, að stjórn sú, sem annar þessara manna er form. fyrir, er að meiri hluta til skipuð sjálfstæðismönnum. Samkv. hugsanagangi hv. þm. Barð., sem hv. 11. landsk. virðist hafa líka, finnst mér eðlilegt, að þeir bæru fram frv. til l. um breyt. á stjskr. í þá átt, að ekki mætti fela framsóknarmönnum nein opinber trúnaðarstörf. Og það veit ég, að er svo augljóst, að ekki þarf fram að taka, að þessir menn eru ekki nefndir í frv. vegna þess, að þeir séu framsóknarmenn (*GJ:* Einmitt þess vegna.) Því mótmæli ég algerlega, það er ósatt. Þessi ákvæði um nefndarskipunina eru í frv. vegna þess, að þau sýnast eðlileg, en ég gæti vel hugsað mér aðra tilhögun á þessu, t. d. með því að láta Sþ. kjósa n. til að úthluta símanum, eða aðra slíka tilhögun. En þessi skipan, sem er í frv., finnst mér bara eðlilegri. — Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði sagt í öðru orðinu, að beitt hefði verið hlutdrægni um, hvar síminn hefði verið lagður, en í hinu, að ekki hefði verið beitt hlutdrægni. Í framhaldi af þessu kom svo í ljós af því, sem hv. þm. sagði, að hann skilur ekki muninn á almennri hlutdrægni og pólitískri hlutdrægni. Ég sagði, að það hefði verið af hlutdrægni, en ekki pólitískri hlutdrægni, að sími hefur ekki verið lagður meira í Eyjafjarðarsýslu en raun ber vitni. Hæstv. dómsmrh. kastaði því hér fram áðan, að póst- og símamálastjóri væri framsóknarmaður, og sé ég því ekki ástæðu til að ætla, að frá hans hendi sé þetta af pólitískri hlutdrægni, og get ég raunar ekki séð, hvernig það ætti að geta stafað af pólitískri hlutdrægni, hvort sem um væri að ræða Framsfl. eða Sjálfstfl. Það ætti þá helzt að vera Alþfl. að kenna. Hitt fullyrði ég, að Eyjafjarðarsýsla hefur verið beitt hlutdrægni og rangindum, þó að ekki sé af pólitískum ástæðum. Hv. þm. spurði, af hverju sýslan hefði verið beitt þessari hlutdrægni, en því get ég ekki svarað, því að ég veit það ekki. Ég hef fengið bréf frá póst- og símamálastjóra, þar sem honum verður tíðrætt um efnisskort og annað slíkt, en á sama tíma er verið að leggja síma um næstu sýslur. En hitt veit ég, að þetta verður ekki þolað lengur.

Hv. 11. landsk. kvað það vera einsdæmi, að mál væri afgreitt þannig, að aðeins væri komið nál. frá einum nefndarmanni. Ég minntist á þetta fyrr við umr. og get endurtekið það, að ég tel þá ráðstöfun mína að taka málið á dagskrá alveg rétta, því að ég get ekki meint, að einn nefndarhluti geti stöðvað mál og drepið með því að neita að skila nál. Ég tel það skyldu n. að gefa út nál. og skyldu forseta að taka mál á dagskrá, ef liðinn er mánuður eða meira síðan nál. frá einhverjum nefndarhluta var útbýtt. Í samræmi við þetta hef ég nú tekið málið á dagskrá.

Hv. 11. landsk. (ÞÞ) var að tala um, að þetta frv. mundi, ef að l. yrði, leiða illvígar deilur inn meðal bændastéttarinnar. Þetta tel ég nú ekki rétt, en þótt svo yrði, þá mundi það verða jafnt fyrir því. Nú, að láta þingið ákveða sérstaklega, til hvaða sveita eða héraða veita skuli þennan styrk, getur vel verið rétt, og var ég mjög að hugsa um að hafa þann hátt á þessu. En að svo er ekki í frv. er einungis vegna þess, að svo talaðist til milli mín og hinna tveggja hv. flm., að hafa þetta svo. En vel má vera, að hin tilhögunin sé réttari, og verði þetta frv. ekki orðið að l., er fjárl. verða afgreidd, þá mun ég flytja till. um slíka styrki.

Ég var búinn að tala áður við þessa umr., svo að ég get ekki gert nema stutta athugasemd og ætla því ekki að hafa þetta lengra nú, en vil að síðustu fastlega mótmæla því, að fyrir mér hafi vakað með flutningi þessa frv. að koma framsóknarmönnum til valda, og væru það raunar harla einkennileg ákvæði þessa frv., ef svo hefði verið. Fyrir mér vakti aðeins að koma á meira réttlæti í skipan þessara mála, því að ég er fulltrúi annars þess kjördæmis, sem mestri hlutdrægni hefur orðið fyrir. Fulltrúi hins kjördæmisins hefur undanfarin ár verið sjálfstæðismaður, og væri það því einkennileg afstaða hjá mér, ef fyrir mér vekti ekki annað en pólitísk sjónarmið, að sækja jafnframt mál þeirrar sýslu.

Ég vona svo, að ef þetta mál nær ekki fram að ganga, þá beiti hv. þm. Barð. áhrifum sínum, því að hann er mikill valdamaður í fjármálum landsins, í þá átt, að réttur verði hlutur þeirra, sem mestum rangindum hafa verið beittir undanfarin ár í þessum efnum.

Haraldur Guðmundsson: Forseti. Ég held, að ég sé alveg sammála hv. 1. þm. Eyf., form. n., um það, að nefndarminnihluti, jafnvel þótt það sé aðeins einn maður, eigi rétt á að fá mál afgreitt, þótt aðrir nm. skili ekki nál., ef óeðlilega langur tími er liðinn frá afgreiðslu þess í n. Og ég skal bæta því við, að ég tel mjög miður, að hinir nm. skuli ekki vera búnir að skila nál. í þessu máli. En um mína afstöðu hef ég gefið svo skýlausa yfirlýsingu í ræðu hér áður, að ég tel mig ekki þurfa að endurtaka hana nú. Þessi formsatriði eru nálega þau einu, sem ég er sammála hv. 1. þm. Eyf. um. En áður

en ég vík að málinu í einstökum atriðum, get ég ekki látið hjá líða að lýsa þeirri skoðun minni, að mér finnst sumir hv. þm., jafnvel hæstv. forseti einnig, vera dálítið á eftir tímanum með það, hvernig umræður milli þeirra hafa fallið. Ég ætla, að hv. 1. þm. Eyf. hafi orðað það svo, að það færi fyrir hv. þm. Barð. og 11. landsk. eins og þegar ákveðinni skepnu væri sýnd rauð dula, ef minnzt væri á það að veita framsóknarmanni embætti. Ég veit nú ekki betur en báðir þessir hv. þm. styðji mjög eindregið ásamt 1. þm. Eyf. hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., að ég nú ekki tali um hæstv. forsrh. Allir styðja þeir þessa hæstv. ráðh. af sömu einlægninni. Ég verð því að segja, að ég er mjög undrandi á þessu orðalagi hjá þm. þeirra flokka, sem sameiginlega stjórna nú málum landsins. Ég hefði því vissa tilhneigingu til þess að láta þá gera út um þetta frv. sem heimilismál og í mesta bróðerni sín á milli. En um frv. sjálft vildi ég þó segja þetta: Mér þætti mjög gott, ef hæstv. fjmrh. vildi láta hér við umr. sína skoðun í ljós um það, hvort hann væri sammála frv. og teldi það fært, að ákveða skuli nú með l. að fimmfalda framlagið frá því, sem gert er nú ráð fyrir í fjárlfrv., að varið skuli til þessara mála, og þetta skyldi gert, hvernig sem á stæði með fjármál ríkisins. Eftir því, sem mér hefur heyrzt á hæstv. fjmrh. um aðstæður ríkissjóðs, hygg ég, að hann sé ekki sammála þessu, en það væri æskilegt að heyra hans álit á þessu máli, áður en það er afgreitt við þessa umr. Ég ber ekki brigður á, að mikil þörf er á því að fá síma inn á hvern bæ í strjálbýli landsins. Það er sjálfsagt gott og nauðsynlegt, en það kostar óhemju fé, borið saman við allar aðstæður. Svo má ekki gleyma því, að fleiri vantar síma en þá, sem í strjálbýlinu búa. Í Rvík vantar þúsundir manna síma, og það mundi kosta mun minna fé að veita því fólki símann og borga sig miklu betur, því að það fé, sem í þetta yrði lagt, kæmi fljótt aftur í ýmiss konar gjöldum, en með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkið verði að greiða um ⅞ af kostnaðinum við símann. Ég tel, að þegar fjárhagsvandræði steðja að, líkt og nú, þá eigi einmitt að veita framkvæmdum sem þessum þangað, sem flestra vandræði verða leyst með sem minnstum tilkostnaði. Fyrst og fremst á að leggja áherzlu á að leysa þarfir sem flestra og bæta einnig fjárhag símans um leið. Það er og alveg óhjákvæmileg nauðsyn að fjölga til muna símunum hér í Reykjavík, þar sem þörfin er svo geysimikil. Til hvers er svo líka að vera að tengja svo og svo margar notendasímalínur við aðallínurnar, ef þær eru alls ekki í lagi og þurfa svo til algerrar endurnýjunar við, ef þetta frv. verður samþ., sem kostar stórfé, auk þeirra fjárveitinga, sem frv. gerir ráð fyrir. Undir slíkum fjárveitingum sé ég alls ekki, að við getum staðið eins og nú árar. Nei, það á að byrja á aukningu símans í þéttbýlinu og auðvitað að færa sig svo, þegar ástæður leyfa, út í strjálbýlið. Þetta er eina skynsamlega aðferðin, sem á að hafa á þessum málum, því að eftir því, sem tekjur símans eru meiri í þéttbýlinu, höfum við betur efni á því að leggja í hinar tiltölulega mjög kostnaðarsömu lagnir úti um dreifbýlið. Það væri því að byrja á öfugum enda að leggja fram þær upphæðir í þessu skyni, sem frv. gerir ráð fyrir, og ég verð að segja, að eins og gjaldeyrisástandið er, þá furðar mig á því, að í 2. gr. skuli sagt eins og þar segir: „Á innflutningsáætlun hvers árs skal áætla nægilega fjárhæð til þess, að hægt sé að flytja það efni til landsins, er þarf til að leggja þá notendasíma, er um getur í 1. gr. Gjaldeyrisleyfi fyrir þeim innflutningi ber að veita það snemma árs, að efnið geti verið komið til landsins, þegar framkvæmdir eiga að hefjast.“ Hvernig sem ástandið er, þá skal alltaf taka fyrst frá efni í þessar símalínur, sem hér um ræðir. Þó að lyf eða matvæli þyrfti að takmarka, þá má ekki takmarka þetta. Ég hygg, að hv. flm. hafi spennt sinn boga allt of hátt og sýnt ósanngirni.

Ég skal ekki blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram um þá nefndarskipun, sem hér er lagt til, að upp verði tekin samkv. 4. gr. Annað er það, að ég tel hana fráleita. Að slíkt framkvæmdaratriði sem hér um ræðir sé tekið úr höndum Alþ. og hlutaðeigandi embættismanns og lagt í hendur slíkrar n., virðist vera gert með ákveðið sjónarmið fyrir augum. En hvað sem því líður, þá er að minni hyggju skakkt að taka ákvörðunarvaldið í þessum efnum úr höndum Alþ. og þess ráðh., sem nú fer með þessi mál, og leggja það í hendur óábyrgri n., sem engum á að standa reikningsskap sinnar ráðsmennsku. Ég mun þess vegna af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt, greiða atkv. gegn þessu frv. og tel, að það sé alveg rétt aðferð að veita í fjárl. á hverju ári þá upphæð, sem meiri hl. Alþ. telur fært á hverjum tíma til þessara framkvæmda, en vildi vænta þess, að það sjónarmið, sem ég gerði að umtalsefni, mætti verða meira ráðandi í meðferð fjárframlaga til opinberra framkvæmda en verið hefur.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Ed., 18. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég benti á það við 1. umr. í sambandi við orð hv. þm. Barð. (GJ), þar sem hann talaði um, að erfitt væri að slá föstu fjárframlagi í þessu skyni, og virtist jafnvel halda, að slíkt væri ógerlegt; vildi hann og benda á, að það væri hæpið, að ríkissjóður gæti varið svo miklu fé sem frv. gerði ráð fyrir til símalagninga í sveitum, en eins og menn vita, er þar gert ráð fyrir 25 millj. kr. alls, sem skiptast eiga á 10 ár, og er þá allt miðað við það verðlag, sem þá var; — ég benti þá á, að ég teldi mega hugsa sér, að framlögum úr jafnvirðissjóði, sem myndast í Landsbankanum fyrir gjafafé til okkar, yrði varið til þess að standa undir útgjöldum í þessu skyni, t. d. til greiðslu á vinnulaunum. Þetta vil ég endurtaka nú. Það er sjálfsagt, þegar Alþingi fer að ráðstafa þessu fé, að það komi öllum landsmönnum til góða, en það verði vandlega forðazt, að það komi aðeins til góða einstökum landshlutum, og þá eru símaframkvæmdir, sem gilda fyrir allt landið, sem hér

eiga að koma í fyrstu röð. Þetta þarf mjög að athuga, og tel ég, að e. t. v. ætti að breyta frv. svo, að á næstu 10 árum kæmi sími um allar sveitir landsins. Ég hef athugað, hvernig ástandið var í þessum málum í haust, og samkvæmt því er prósenttala þeirra bæja, sem hafa síma, í hinum einstöku sýslum sem hér segir: Gullbringusýsla 58%, Borgarfjarðarsýsla 76%, Mýrasýsla 62% (en þar hafa síðan verið lagðir símar og einnig í Borgarfjarðarsýslu), Hnappadalssýsla 27%, Dalasýsla 62%, Barðastrandarsýsla 57%, Vestur-Ísafjarðarsýsla 64%, Norður-Ísafjarðarsýsla 58%, Strandasýsla 92%, Vestur-Húnavatnssýsla 84%, Austur-Húnavatnssýsla 68% (þar hefur eitthvað verið lagt síðan í haust), Skagafjarðarsýsla 46%, Eyjafjarðarsýsla 27%, Suður-Þingeyjarsýsla 75%, Norður-Þingeyjarsýsla 56%, Norður-Múlasýsla 35%, Suður-Múlasýsla 46%, Austur-Skaftafellssýsla 64%, Vestur-Skaftafellssýsla 74%, Rangárvallasýsla 48% og Árnessýsla 42%. Svona er ástandið núna, en getur þó eitthvað lítillega hafa brenglazt, bæði af því, eins og ég sagði, að lagt hefur verið inn á nokkra bæi síðan þessar tölur voru fengnar, og einnig af því, að þessar upplýsingar hef ég gengið gegnum símstjóra úti um land, en það hefur komið fyrir, að þeir töldu eina jörð og síma á henni, þar sem fasteignamatið telur tvær jarðir og tveir bændur eru. En breytingar af þessum orsökum eru áreiðanlega fáar. Ástandið er því svona, og nú er sérlega mikil ásókn í síma, og get ég tekið undir það með hv. þm. Barð., að það er ekkert, sem fólkið úti um land sækist eins eftir og síma. — Nú getur það komið fyrir, að til þess að fá fé úr jafnvægissjóði til símaframkvæmda þurfi að breyta öðrum lögum, en það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, ef almennt fylgi er fyrir málinu. Ég teldi það æskilegt, að n., sem ekki hefur skilað áliti nema form., tæki málið aftur til athugunar og reyni, hvort hún geti ekki orðið sammála um að leggja það til, að ríkissjóður legði fram fé til þess að þessu verði lokið á næstu 10 árum og jafnframt að setja einhver ákvæði um það, hvernig verja skuli því fé, sem hér er lagt til hliðar í sjóð vegna gjafafjár Marshallaðstoðarinnar. Í þann sjóð mun koma á þriðja hundrað millj. kr. og eru nú þegar í honum á annað hundrað millj. kr., og að verja 2,5 millj. kr. til símaframkvæmda í 10 ár er sjálfsagt og ekkert eðlilegra, ef menn vilja láta þetta fé koma landsheildinni að gagni. Mælist ég því eindregið til þess, að nm. allir reyni að koma saman á fund og vona, að þeir geti komizt að niðurstöðu í þessa átt.

Út af hörðum deilum, sem hér hafa orðið um það, hverjir ættu að úthluta símunum ár hvert, þá get ég sem flm. sagt það, að hv. þm. Barð. má fyrir mér ráða þessu, ef því er slegið föstu hér á Alþingi, að sími sé kominn á hvern sveitabæ eftir 10 ár, því að þá er það hreint aukaatriði, hvort síminn kemur fyrsta, annað, þriðja, fjórða eða fimmta árið. Ég legg því enga áherzlu á, hverjir í úthlutunarnefndinni sitja, og þegar ég lagði til, að það yrðu formaður Stéttarsambands bænda og búnaðarmálastjóri ásamt símamálastjóra, þá var það aðeins af því, að þeir eru opinberir fulltrúar bænda, sem símana eiga að fá. Annað komst ekki að hjá mér, og mér datt ekki í hug, hvar í flokki þeir stæðu, enda er það ekkert aðalatriði, hverjir í úthlutunarnefndinni sitja, þegar búið er að slá því föstu, að þessu eigi að ljúka á 10 árum. Öðru máli gegnir um þetta, ef ástandið er óbreytt, svo að menn geti búizt við að fá ekki síma fyrr en eftir 25—50 eða jafnvel 60 ár. Það hefur verið fullyrt, að landssímastjóri ráði úthlutuninni, en ráðherra skipti sér ekki af þessu, en mér er persónulega kunnugt um það, að ráðherra hefur skipað svo fyrir, að síma skyldi leggja á vissa staði, svo að þegar hv. þm. Barð. heldur því fram, að ekkert pólitískt vald hafi ráðið þessu, þá vil ég endurtaka það, að ráðherra hefur fyrirskipað vissa hluti í þessum efnum, þvert ofan í vilja símamálastjóra. Þetta skal ég standa við og sanna, hvenær sem er. Ef hv. n. kæmi sér saman um, að þessu skuli lokið á næstu 10 árum, þá er sama um skipun úthlutunarn., því að það er ekkert aðalatriði úr því. Það væri eðlilegt, að þær þrjár eða raunar fjórar sýslur, sem orðið hafa aftur úr, gengju fyrir, ef það þætti hagkvæmt við framkvæmdirnar, því að það er höfuðatriði, að verkið verði ódýrt og haganlegt fyrir heildina. Af öllu því, sem ég hef nú sagt, leiðir það, að ég er alveg ósammála hv. 4. þm. Reykv. Ég er því alveg ósammála honum og botna ekkert í því, hvernig hann getur haft þetta sjónarmið. Mér finnst alveg dæmalaust, að maður, sem kunnugur er í dreifbýlinu, skuli telja meiri þörf á að hafa þrjá til fimm síma í einu húsi í Rvík en að afskekkt sveitabýli fái þetta samband við umheiminn. Það er ofaukið mínum orðaforða að lýsa því óskaplega ranglæti og misrétti, sem hann vill þannig vera láta. Ég býst við, að hann þekki fjölskyldur á mörgum heimilum í Rvík, sem hafa marga síma, sinn í hverju herbergi. Og honum þykir miklu eðlilegra t. d., að bóndinn í Húsavík þurfi að fara alla leið til Borgarfjarðar til þess að ná í síma en að það þurfi að flytja síma á milli herbergja í Rvík. Ég á engin orð til að lýsa þessu fjarstæða sjónarmiði og skal ekki fjölyrða um þetta. En ég vil eindregið óska þess, að form. n. geti fengið n. saman til þess að komast að æskilegri niðurstöðu og að umræðu verði þá jafnvel frestað í því skyni. Það vakti ekki fyrir mér að koma þessu máli á pappírinn aðeins. Það takmark verður að setja að koma býlum í sveit í símasamband á næstu tíu árum, og áreiðanlega verður sjóðnum ekki varið á neinn hátt betur.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins samkvæmt því, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, beina því til hæstv. forseta, hvort ekki muni rétt að fresta umr. í málinu og taka það aftur til n. Ég teldi heppilegt að gera það nú, fremur en að bíða hins, að taka ákvarðanir um þetta við 3. umr. Nú er kominn annar símamrh. en var, þegar nál. var gefið út. Og enn fremur leikur mér hugur á að heyra álit hæstv. fjmrh. Þá hafa að vissu leyti orðið veðraskipti hjá hæstv. 1.

flm., sem eins og við mátti búast úr þeirri átt hafa orðið til góðs. Þetta þarf allt að athugast, og er ekki forsvaranlegt annað en n. komi saman til þess. Og ekki væri það óviðkunnanlegra, að n. gæti gefið út sameiginlegt nál. Þetta held ég væri nú það hyggilegasta, ef hæstv. forseti óskar á annað borð þessu máli góðs framgangs.

Mér heyrðist á hv. 1. flm., að hann væri að sumu leyti nokkuð á öðru máli en upphaflega. Um það skal ég ekki fjölyrða, en ég vil ítreka þau tilmæli mín til hæstv. forseta að fresta málinu, svo að það geti fengið athugun í n. og hægt verði að leita um það samkomulags að nýju. Við vitum nú t. d. betur en áður, hvernig horfir um fjárlög, og það virðist að öllu leyti rétt, að málinu verði frestað og n. fái það aftur til meðferðar.

Forseti (BSt): Út af tilmælum hv. 11. landsk. (ÞÞ) um að fresta máli þessu, þá er það að segja, að það hefur oft verið gert. Þetta er í þriðja sinn, sem málið er tekið fyrir, og auk þess hafa hv. nm. haft nægan tíma til að athuga málið, enda er nál. dags. 1. marz. Ráðherrum hefur verið borin dagskrá, og þeir hafa fengið næg tækifæri til að láta álit sitt í ljós. En samt, úr því að þessi tilmæli hafa komið fram frá nm., sem ekki var viðstaddur, þegar málið var afgreitt í n., þá skal nú orðið við þessum tilmælum, og geri ég þá ráð fyrir, að form. fjhn. boði fljótlega fund og þess sé þá að vænta, að nm. verði reiðubúnir að taka afstöðu til málsins.

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Ed., 24. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 79, n. 384 og 574).

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta mál er þegar búið að ræða það mikið, að þar er litlu við að bæta. Ég vil aðeins gera nokkru frekari grein fyrir nál., sem ég hef látið koma fram nú. Í því er ekki farið fram á nema tvennar breyt. á frv. Sú fyrri er, að 4. gr. falli niður, þ. e. nefndarvalið til þess að skipuleggja, hvar notendasíma skuli leggja. Þetta nefndarval, eins og nú er gert ráð fyrir því í frv., er hápólitískt, þar sem annar þeirra manna, sem eftir frv. á að koma í þessa n., fyrir utan póst- og símamálastjóra, sem sjálfsagður er í þessari n., er fyrrv. ráðh. Framsfl. og alþm., og hinn er einnig í miðstjórn Framsfl. eða flokksráði Framsfl. Þetta er náttúrlega illa viðunandi og ekki líklegt til heppilegs samstarfs, að taka svona einhliða út úr einum flokki menn í þessa n., enda er það erfiðara fyrir mennina sjálfa, sem eru flokksbundnir, að starfa í n., og einmitt fyrir það, að þeir eru flokksbundnir. Mér er vel við báða þessa menn, og þó að þeir reyni að vanda sig við störf sín í n., mega þeir alltaf búast við því að verða grunaðir um að láta flokkshagsmuni ráða sínum gerðum í þeim efnum, sem þeim yrðu falin í þessari n., kannske meir en réttlátt er, og út af því gæti orðið arg og óánægja í sveitunum. Það hefur ekki komið fram hér í umr., hvernig erindisbréf þeirra eigi að verða, heldur sér sennilega Framsfl. um það, að þessir menn nái kosningu og þeir telji sig þá frekar umboðsmenn hans en annarra flokka. Ég held, að þetta yrði til trafala því, að þetta fari vel úr hendi.

Hin brtt. mín er um það, að 3. málsl. 6. gr. frv. falli niður, sem þýðir það, að ekki verði teknir vextir af lánum þeim, sem lögð eru fram af sveitum eða sýslufélögum, en nú eiga að vera 4%, sem ríkissjóði beri að greiða. Ég álít skakkt að greiða mönnum, sem leggja fram fé að láni í þessu skyni, vexti og það hærri vexti en innlánsvextir sparisjóða eru yfirleitt, því að ef það er gert, þá kemur það svo út, að það er gróðavegur að leggja fram fé til þess að byggja fyrir símann í sveitunum, þannig að þetta mundi verka þannig, að það yrðu frekar þeir ríkustu, sem fengju síma heim til sín, en þeir fátækari. Mér virðist því, að þeir, sem vilja fá síma heim til sín í sveitunum, ættu heldur að leggja fram fé til þess sem lán, er sé vaxtalaust í eitt til tvö ár. Það sýndi þá, að þeir vildu nokkuð leggja í sölurnar til þess að fá síma heim til sín.

Því miður gat ekki orðið samkomulag um þessi mál í n. En einn hv. flm. málsins lýsti yfir hér í hv. d., að mér skildist, að hann legði enga áherzlu á, að þessi n. væri svo skipuð eins og gert er ráð fyrir í frv. Og mér skildist, að hann gæti látið sér lynda, að jafnvel engin n. væri skipuð í þessu skyni, og það sýnir viðsýni þessa hv. þm. í málinu. Ég tel ekki, að hann hafi neitt músarholusjónarmið í því máli, og yrði það frekar til framgangs málinu, ef að hans ráðum væri farið. En fé, 2,5 millj. kr. á ári, sem gert er ráð fyrir í frv., að við atkvgr. um það verði ákveðið að verja úr ríkissjóði til þessara mála, þykir mér nokkuð há upphæð, ef ástæður ríkissjóðs eru eins og sagt er. En ef málið er nauðsynlegt, sé ég ekki ástæðu til annars en að fylgja því, ef t. d. form. fjvn. og hæstv. fjmrh., sem er nú ekki hér viðstaddur, telja það geta gengið, að lögð sé þessi kvöð á ríkissjóðinn. — Hv. 1. þm. N-M. minntist á, að hann teldi, að þetta gæti komið fram frá Marshallfénu. Og mér lízt svo á, að með því móti yrði það betur tryggt, að þessar framkvæmdir kæmust á, heldur en annars. Teldi ég það heppilegt. En ekki hefur komið fram brtt. um það atriði, en ég geri þá ráð fyrir, að sá hv. þm., sem þetta lagði til í ræðu, komi fram með brtt. um það, sem gæti komizt að við 3. umr. — En það þykir mér sérstaklega erfitt nú, að fá ekki áheyrn hæstv. fjmrh., hvorki hans sjálfs né af hálfu hans hálfgerða staðgengils, sem hér er, hv. form. fjvn. (*BSt:* Hann hefur sagt sitt álit í málinu.), eða hjá öðrum hv. fjhn.-mönnum.

Sem sagt, það má mikið til þess vinna að reyna að koma á símum yfirleitt um sveitir landsins, og ef fé er tiltækilegt til þess, er ég því samþykkur. En það ætti að reyna að halda þessum framkvæmdum lausum við strangan flokkssvip. Framkvæmd þessara mála hefur reynzt sæmilega áður, þó að einstakar sveitir hafi kvartað nokkuð. Ég sé, að það hefur verið upp og niður með það, hvaða flokki hafa tilheyrt þeir þm., sem hafa verið fulltrúar

þeirra kjördæma, sem prósentvís hafa lægsta tölu notendasíma, en þau svæði eru Snæfellsnessýsla og Eyjafjarðarsýsla. En Framsfl. hefur átt fulltrúa Eyjafjarðarsýslu fremur en aðrir flokkar, en hins vegar Sjálfstfl. fulltrúa Snæfellsnessýslu, svo að það virðist ekki vera hlutdrægni þarna um að ræða, er telja megi landlæga eftir pólitískum línum, sem fram hefur komið í þessum málum, heldur hafi ýmis önnur atvik komið þar til greina, er ráðið hafa þarna um, þó að ég geti ekki fært rök fyrir því misræmi, sem hér hefur átt sér stað.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég hef nú talað í þessu máli eins og þingsköp leyfa. Og það er einungis vegna þess að ég hef fengizt við framsögu þessa máls, sem ég leyfi mér að fara fram á að fá að gera stutta aths. nú, og það er hér sérstaklega út af því, að hv. frsm. 2. minni hl. fjhn. sagði, að ég hefði lýst yfir því — mér skildist hann eiga þar við mig —, að ég gæti fallizt á, að þessi n., sem gert er ráð fyrir í frv., væri öðruvísi skipuð eða alls engin. (*ÞÞ:* Ég meinti hv. 1. þm. N-M.) Hann er ekki í fjhn. (*ÞÞ:* Nei, hann er einn af flm. frv.) En ég lýsti yfir í n., að ég gæti fallizt á, að n. væri öðruvísi skipuð, en alls ekki, að þarna væri ekki um nefnd að ræða, sem skipuð yrði í þessu skyni, sem um getur í frv., til þess að ákveða um þessi mál. Annars held ég, að það verði erfitt að búa til nefnd hér á landi, sem hægt sé að tryggja, að sé eins ópólitísk og þeir hv. þm. Barð. og hv. 11. landsk. þm. virðast vilja gera kröfu til um þessa n. Og þó að þetta *standi nú svo, að þessir menn, sem hér er um* að ræða, að gert er ráð fyrir í frv., að verði í þessari n., séu framsóknarmenn, þá er það ákaflega einkennilegt, ef ekki má fela embættismönnum svona störf, ef þeir eru í einhverjum tilteknum flokki (*GJ:* Hví má þá ekki fela landssímastjóra þetta, sem er ráðinn til þess af ríkinu?). Af því að reynslan hefur sýnt, að þetta hefur verið svona framkvæmt, að það er ekki jafnrétti í þessu á milli héraða, sem skýrslur sýna, og við slíkt er ekki hægt að una lengur. Og eins og hér hefur komið fram, verður ekki hægt að sjá, að hér sé um neina flokkslega hlutdrægni að ræða. Það er af einhverjum öðrum ástæðum, sem þetta hefur orðið svona. Þess vegna er stungið upp á því hér, að í þessari n. fáist við þessa skipulagningu með póst- og símamálastjóra menn, sem eru högum bænda og sveitanna sérstaklega kunnugir. En ég kann ekki við þennan tón í raun og veru, sem hér hefur komið fram gagnvart ákvæðum frv. um þessa nefndarskipun. Ég veit ekki, hvað yfirleitt er óhætt að setja í lagafrv., að fela skuli ákveðnum embættismanni, ef þetta ákvæði frv. á ekki að geta staðizt. Ætli embættismenn landsins séu ekki flestir í einhverjum landsmálaflokki? Og ef vegamálastjóri og póst- og símamálastjóri eiga að gera eitthvað, er það þá sama og þeir flokkar skuli gera það? Ég veit mjög vel, að t. d. vegamálastjóri er ákveðinn sjálfstæðismaður. Ég fyrir mitt leyti, eftir minni reynslu, hef enga ástæðu til þess að ætla honum pólitíska hlutdrægni í störfum hans sem embættismanns. Ég veit hins vegar ekkert, hvers flokks póst- og símamálastjóri er, en ég veit bara það, að héruðum hefur verið af símamálastjórninni svo mikið mismunað um lagningu notendasíma, að alls ekki er viðunandi. Þess vegna er það, að ég er algerlega á móti fyrri brtt. þeirri, sem borin er fram á þskj. 574. Ég gæti fallizt á að breyta ákvæðunum um skipun þessarar n., ef menn eru svo hræddir við pólitísk áhrif Framsfl. sem virðist vera í sambandi við þessa nefndarskipun, og gæti ég t. d. fallizt á, að hún yrði kosin af Alþ. En að fella n. alveg niður er ég gersamlega mótfallinn. Um 2. brtt. er það að segja, að ég get ákaflega vel fallizt á hana. En ef það þykir of mikið, sem ákveðið er í 1. gr. frv. um fjárframlögin, þá er þessi brtt. í raun og veru til þess að auka þau (*JJós:* Það gildir ekki vextina). Það er reyndar svo. Þetta kemur á sveitirnar.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er stutt aths. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) hefur stundum verið rökfastari og farið réttar með í málaflutningi sínum en nú. Hann sagði, að hér væri um embættismenn að ræða, sem láta ætti í þessa n. eftir frv. Búnaðarmálastjóri er að vísu embættismaður. En formaður Stéttarsambands bænda hef ég ekki heyrt, að væri talinn sérstakur embættismaður, því að hann er kosinn bara fyrir vissan tíma í senn og tekur ekki laun úr ríkissjóði og er því ekki frekar embættismaður en t. d. Sigurður Guðnason alþm., form. Dagsbrúnar, — það er mjög skylt, því að hann stendur þarna fyrir félagi, — eða þá Helgi Hannesson, forseti Alþýðusambandsins. En aftur er tekinn þarna sjálfsagður réttur af embættismanni, og þeim embættismanni, sem fyrst og fremst á að skipta sér af þessum málum og er jafnvel valinn af Alþ. í þetta og af símamálarh. sjálfum. Eftir frv. skilst mér, að ef símamálastjóri á eitthvað að koma að þessu, þá sé það aðeins til þess að staðfesta það, sem nm. gera. En Alþ. hefur komið sér saman um það við stjórnarmyndun að fela þessum manni æðstu yfirstjórn símamálanna, og tilgangur frv. í þessu er í raun og veru sá, að taka starfið af æðsta embættismanni þessara mála og draga hann út úr því og fela það manni, sem er alls ekki embættismaður. Ég segi ekki, að maðurinn sé verri fyrir því, þó að hann sé ekki embættismaður. En því vil ég beina til hv. þd., að ég tel vafasamt, hvort á að telja það þinglegt í raun og veru, a. m. k. af þeim, sem styðja núverandi ríkisstj., að taka réttinn af ákveðnum embættismanni, eins og gert er hér ráð fyrir með þessu ákvæði, embættismanni, sem falið er þetta starf sem ráðherra, völdum af Alþingi. Þess vegna getur þetta ekki gengið öðruvísi — ef á að kjósa til þessa starfs tvo menn — en að þeir inni það af hendi einnig ásamt póst- og símamálaráðherra. Annars verður nefndarskipun þessi mjög andkannaleg og hlutdræg. (*BSt:* En ef póst- og símamálaráðherra er Framsóknarfl.-maður?) Ef hann fær sína stöðu hjá Alþ., er ekkert við því að segja. En reyndin er, að þetta er bundið við menn, sem

eru þó falin trúnaðarstörf, en þessi maður er þó ekki embættismaður, eins og hv. 1. þm. Eyf. (BSt) deildi um. Annars þýðir ekki að deila um þetta, það verður að skeika að sköpuðu.

Ég býst við, að nú hnígi ég í valinn og megi ekki segja meir í þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst litlu skipta um þessa nefnd og óskiljanlegur hugsunarháttur, sem lýsti sér hjá síðasta ræðumanni um þetta. Ég skal viðurkenna, að mér finnst óskiljanlegt, að embættismaður skuli geta lagt til núna, eins og ástandið er, að byggðar verði brýr, sem enga þýðingu hafa fyrir almenning í landinu, en ætlaðar eru bara til þess að leika sér á. Mér finnst óskiljanlegt, hvernig embættismaður getur leyft sér slíkt. Þetta er svo mikil fjarstæða. En ég skal samt koma á móti þessum mönnum og hjálpa þeim til þess að koma 4. gr. út núna. Ég skal sýna þeim, að ég met málið það mikils og fyrirlít þeirra pólitísku togstreitu svo mikið, að ég skal koma henni úr frv. með því að fella hana niður núna og leggja til, að hún komist einhvern veginn öðruvísi inn fyrir 3. umr. Ég skal reyna að koma því þannig fyrir, að það verði tómir sjálfstæðismenn í n., nema þá bara póst- og símamálastjóri, og hjálpa þeim til þess að koma greininni út núna.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál. Önnur umr. fór að langmestu leyti fram að mér fjarstöddum, og nú eru flestir búnir að tala sig dauða. Ég er hins vegar ekki fyllilega með á því, hvaða afstöðu þeir menn, sem þátt hafa tekið í umræðunum, hafa tekið til þessa máls, en er ljóst, að hv. 11. landsk. (ÞÞ) er fylgjandi frv. í aðalatriðum, en óskar mjög eftir því, að breytt verði ákvæðunum um nefndarskipun í 4. gr. frv. Till. hans nú hljóðar um að fella þessa gr. niður, en mér skilst á aths., sem hann gerði núna, að komið geti til mála, að n. væri skipuð á annan hátt en lagt er til í frv. og þannig, að hann teldi viðunandi. Af því að ég er meðflm. að þessu frv., vildi ég aðeins taka fram, að ég er ákaflega fús til samkomulags um breytta tilhögun á þessari n., og hvernig sem þetta verður afgreitt við 2. umr. í þessari d., fellt niður eða ekki, vildi ég leyfa mér að vænta þess, að allir, sem styðja vilja málið í heild, sameinist um að láta það ganga til 3. umr. og þar verði leitað eftir samkomulagi þeirra, er á annað borð vilja styðja frv., um þetta atriði. Og eftir því, sem ég hef tekið eftir nú við lok 2. umr., þá get ég ekki verið í nokkrum minnsta vafa um það, að slíkt samkomulag megi nást, ef það er reynt til hlítar.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal stytta mál mitt mjög. En ég harma, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessar umræður, eftir því sem hann hefur talað um fjárhagsástandið. Mig furðar á því, að hann skuli láta það afskiptalaust, ef hér á að binda í lögum 2½ millj. kr. framlag með þessu frv., sem hér er til umræðu. Það hefur ekki verið bent á tekjuöflun til að mæta þessu, en útgjöldin, sem ákveðin eru með frv., eru þrefalt hærri en tekið er upp í frv. hæstv. ríkisstj. Ég veit ekki nákvæmlega, hvernig hlutfallið er milli framlags notenda og framlags ríkissjóðs til þessara mála. Ég hygg þó, að ekki sé fjarri lagi, að á undanförnum árum hafi þetta hlutfall verið eins og einn á móti átta. Það er að segja, á móti hverjum þúsund krónum, sem menn hafa lagt fram til þess að fá síma heim til sín, hafi þurft að greiða átta þúsund úr ríkissjóði. Ég verð því að endurtaka það, sem ég sagði fyrr í þessum umræðum, að mér finnst ákaflega mikillar einsýni gæta í flutningi þessa máls og baráttunni fyrir því hér í þessari hv. d. Þess er ekki að dyljast, að með sömu fjárhæð og hér um ræðir má bæta úr þörf margfalt fleiri manna en um er að ræða í þessu frv. Menn eiga að leggja mesta áherzlu á að bæta sumar af aðallínum landsins, enn þá meiri en að koma símanum út í strjálbýlar sveitir, eins og hér er gert ráð fyrir. Það er að vísu æskilegt að koma símanum á svo til hvern einasta bæ um landið allt. En ég þekki ekki eitt einasta land, sem hefur náð þessu marki, og er þó ólíku saman að jafna, hvað fjarlægðir strjálbýlisins snertir. Hitt er víst, að með því að teygja svona netið eykst rekstrarkostnaðar landssímans miklu meir en tekjustofninn, sem af þessu leiðir. Ég verð því að segja, að mig furðar stórlega á þessu, sérstaklega þegar þess er gætt, að Alþingi hefur á undanförnum árum samþykkt, að lagt yrði fram eins mikið fé til þessara mála úr ríkissjóði og hægt er að ætlast til.

Ég flyt engar brtt. við frv. að þessu sinni, en vil benda á ákvæði 2. gr., þar sem segir, að hvað sem tautar og raular, skuli taka inn í innflutningsáætlun hvers árs nægilegt magn af símaefni til þess að fullnægja ákvæðum þessara laga. Þetta er fjarri lagi, að taka einar lögboðnar framkvæmdir út úr og lögbjóða, að hvað sem öllu líði, skuli aldrei minna til þeirra veitt en tiltekið er í þeim sérstöku lögum. — Ég vil segja það um brtt. hv. 2. minni hl., að ég mun greiða atkvæði með þeim báðum. Ég tel þá skipun, sem n. leggur til í sambandi við 4. gr., fjarri lagi. Það er Alþingis og ríkisstjórnarinnar að taka ákvarðanir um það, hvernig þessu fé er skipt. Að skipa n., sem er einráð í þessum efnum, finnst mér fjarri öllu lagi.

Ég skal svo ekki eyða að þessu fleiri orðum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hjó eftir því við þessa umr., að fjmrh. óskaði eftir því að vera við umræður, áður en umr. væri lokið. Nú hefur hæstv. forseti farið þannig með það mál, að taka það á dagskrá án þess að fjmrh. gæti verið við eða hefði verið við. Það hefði ekki verið úr vegi að fá a. m. k. að vita, hvað fjmrh. meinti með því að biðja um frest. Hann hefur ekki rætt þetta mál við mig sem formann fjvn., og hefur þegar komið frá hæstv. ríkisstj. till. um að taka upp á fjárlög framlag til notendasíma í sveitum á öðrum grundvelli en hér er, og vildi ég geta þess, áður en gengið er til atkvæða um þetta mál.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. Barð. (GJ) vil ég taka fram, að ég held, að það yrði mjög litið úr þingstörfum yfirleitt, ef bíða ætti með atkvgr. hvers máls eftir því, að hæstv. ráðh. þóknaðist að vera við og segja álit sitt um það. Og hvað þetta snertir, hefur fjmrh. haft nóg tækifæri til þess að vera viðstaddur. Hann fær dagskrá þingsins eins og aðrir, og þetta mál hefur verið oft á dagskrá. Hitt get ég gert, að fresta atkvgr. til næsta fundar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Ed., 25. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, EE, BSt.

nei: BBen, GJ, HG.

JJós, BrB, FRV greiddu ekki atkv.

4 þm. (LJóh, StgrA, HV, HermJ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Þess var óskað, og ég beið alltaf eftir því, að hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því við þessa umr., hvort ríkissjóður væri þess megnugur að láta þessar greiðslur af hendi. Sú skilgreining hefur nú ekki komið enn frá hæstv. ráðh., en ég mun nú samt greiða þessu frv. atkv. til 3. umr. og segi því já.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég mundi nú hafa óskað þess að geta verið með þessari fjárveitingu, eins og svo mörgum öðrum, því að hér er um þarfar framkvæmdir að ræða. En mér finnst, eins og fjárhag ríkisins er nú komið, vera fullerfitt að standa undir hinum allra nauðsynlegustu útgjöldum, sem þegar hafa að mestu verið ákveðin, og segi því nei.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Þetta frv. þykir mér að því leyti varhugavert, ef rétt er frá því skýrt, að þær fjárveitingar til símalagninga, sem hér er um að ræða til langs tíma, séu í ósamræmi við það, sem hægt er að gera til bóta með slíkum framkvæmdum. En hitt er það, að séu þær ráðstafanir, sem hér er gert ráð fyrir, eitt af því, sem gæti verið laðandi fyrir það fólk, sem eftir er í sveitum landsins, þá eru þær alls góðs maklegar, því að mín skoðun er sú, að það sé meira virði en 2½ millj. kr. að halda við því fólki, sem enn er eftir í sveitunum. Og það er vegna þess, að ég tel þetta frv. vera þannig vaxið, að ég hef ekki hugsað mér annað en að vera því fylgjandi og segi því já.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Milli umr. um málið var þess óskað, að hv. fjhn. afgreiddi það ekki endanlega fyrr en hæstv. fjmrh. gæti verið viðstaddur umr. og sagt sína skoðun á því. Hv. form. n. hefur nú ekki gegnt þeirri sjálfsögðu skyldu sinni að verða við þeirri ósk. Hv. 1. flm. þessa frv. hefur fullyrt það hér í umr., að samkomulag væri fengið fyrir því í hæstv. ríkisstj. að leggja til þessara mála 1½ millj. kr. af þeim 2½ millj., sem frv. gerir ráð fyrir, úr jafnvirðissjóðnum. En þetta er algerlega rangt hjá hv. þm. og hreinustu blekkingar. Grundvöllurinn, sem byggt hefur verið á með þessar framkvæmdir, eru því blekkingar einar. Af þessum ástæðum segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Bernharð Stefánsson tekur það fram sem form. fjhn., að hæstv. fjmrh. hefur margsinnis verið gefinn kostur á að hafa afskipti af þessu máli. Ég segi já.

2. gr. samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, EE, BSt.

nei: GJ, HG, JJós, BBen.

StgrA, BrB, FRV greiddu ekki atkv.

3 þm. (HV, HermJ, LJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég álít rangt að taka það út úr afgreiðslu fjárl. með sérstökum l. að ákveða framlög til vissra framkvæmda og segi því nei.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 574,1 (4. gr. falli niður) samþ. með 6:4 atkv.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, KK, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, EE, FRV, BSt.

StgrA, BBen, BrB, GJ, HG greiddu ekki atkv.

3 þm. (LJóh, HV, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 574,2 samþ. með 10:1 atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, EE, KK, BSt.

StgrA, BBen, BrB, FRV, GJ, HG, JJós greiddu ekki atkv.

3 þm. (HV, HermJ, LJóh) fjarstaddir.

7.—8. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, EE, BSt.

nei: JJós, BBen, GJ.

StgrA, BrB, FRV, HG greiddu ekki atkv.

3 þm. (LJóh, HV, HermJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, EE, BSt.

nei: BBen, GJ, HG, JJós.

StgrA, BrB, FRV greiddu ekki atkv.

3 þm. (LJóh, HV, HermJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hef enn þá von um, að takast megi að koma fram umbótum á frv. við 3. umr., og segi því já.

Gísli Jónsson: Með því að ljóst er, að hæstv. forseti hefur haldið þannig á málinu, að engar líkur eru til, að hægt sé að fá samkomulag um skynsamlega afgreiðslu, þá sé ég ekki, að frv. eigi neitt erindi til 3. umr., og segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Ég hef ekki neitað neinu samkomulagi um málið og er fús til viðræðna um breyt. á frv. og segi því já.

Á 94. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 582, 583).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég gat þess við síðustu umr. þessa máls, þegar ég greiddi atkv. með því að fella niður 4. gr., að ég mundi taka upp við þessa umr. nýja gr. í hennar stað. Liggur hún hér fyrir á þskj. 583. Ég sé þó, að þar er ekki ákveðið, hversu langur starfstími n. er, sem kjósa skal samkvæmt brtt. Það er ætlazt til, að verkið taki 10 ár, og það er eðlilegt, að sömu menn sjái um það allan tímann, en annars legg ég ekki mikið upp úr því.

Annars skal ég endurtaka það, að þetta frv. er byggt á því, að framlag komi á móti þessum 2½ millj., sem ríkið á að leggja fram samkvæmt þessum l., 1½ millj. kr. á ári, eða 15 millj. alls. Með þessu yrði nokkuð unnið að því að flýta fyrir þessu máli, sem bændur sýna svo mikinn áhuga fyrir.

Talað hefur verið um að reyna að fá fé úr jöfnunarsjóði til þessara framkvæmda. Mér er kunnugt um, að hæstv. viðskmrh. og fjmrh. eru því hlynntir, að þetta verði gert, en á þessu stigi er það ekki hægt, því að þingið á eftir að taka ákvörðun um, hvernig fé úr honum verði ráðstafað. Það er hugsað af mörgum að nota mikið af honum til Sogsvirkjunarinnar. Það þarf leyfi annarrar þjóðar til að verja honum eins og við viljum, og þess vegna mun ekki vera hægt að taka það inn í þetta frv., en í því trausti, að það fáist seinna fram, fylgi ég þessu frv. og mæli ákaflega mikið með, að það verði samþ. Sýni sig, að ekki sé hægt að fá þetta, má síðar gera ráðstafanir í þessu sambandi, en á þessu stigi held ég, að ekki sé bein nauðsyn til þess.

Ég vil segja það út af minni brtt., að ég vænti, að þeir, sem gátu ekki fellt sig við n. eins og hún var upphaflega, geti sætt sig við hana svona og sjái sér einnig fært að fylgja frv.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég heyrði ekki upphaf ræðu hv. 1. þm. N-M., en ég þykist vita, hvað hann muni hafa sagt. En eins og sakir standa nú, virðist mér, að það hafi verið meira, sem bjó í huga hans, breyt., sem hann er búinn að boða fyrir löngu á 1. gr. frv., að það ætti að greiða eitthvað úr jöfnunarsjóði, en ekki beint úr ríkissjóði, en þegar af þeirri ástæðu finnst mér ekki hægt að afgr. málið eins og það liggur fyrir, fyrr en vitað er um það. Enn fremur finnst mér brtt. hans algerð fjarstæða, þar sem ákveðið er, að tveir menn skulu kosnir af Sþ. til að ákveða, hvar skuli leggja síma ár hvert, en sá þriðji skuli vera póst- og símamálastjóri. Ég tel ná engri átt, að símamálaráðh. skuli þannig vera settur utan garða og hafa engan tillögurétt, þó að hann sé sá maður, sem Alþingi hefur valið til að vera yfirmann þessara mála. Það hefur aldrei átt sér stað fyrr, að farið hafi verið fram á að taka menn gersamlega út úr „funktion" í því verkefni, sem þeim er ætlað. Mér finnst það ekki koma til mála. Þess vegna hefur mér dottið í hug, af því að við hv. 1. þm. N-M. erum jafnan kærir hvor öðrum, að betrumbæta hans till. og koma með skriflega brtt. við hana. Hv. þm. leggur til, að þessir menn skuli kosnir af Sþ. Það verður ekki skilið öðruvísi en þeir skuli kosnir með einföldum meiri hluta, en það finnst mér ekki geta átt sér stað. Slíkar kosningar eru alltaf *hlutfallskosningar, en einfaldur meiri hluti* ekki látinn ráða báðum mönnunum. Þess vegna vil ég leggja fram skriflega brtt., svo hljóðandi:

„Tillagan orðist svo: Sameinað Alþingi kýs tvo menn hlutfallskosningu til tveggja ára í senn, og gera þeir tillögur til póst- og símamálastjórnarinnar um lagningu notendasíma í sveitum, og skulu þeir skila póst- og símamálastjóra tillögum sínum fyrir 1. apríl ár hvert."

Ég held, að þetta sé hugsun þessa hv. þm., þó að hún hafi ekki komizt á pappírinn. Hann hefur ætlazt til, að hlutfallskosning yrði viðhöfð, og hann hefur ekki ætlazt til að kippa símamálaráðherra burt út úr þessu máli. Ég ætlast til, að þetta séu leiðbeinandi menn frá þinginu og þeir komi fram með sínar till., en völdunum sé ekki kippt úr höndum ráðh. og símamálastjórnin yrði í minni hluta, eins og orðið gæti samkv. till. hv. 1. þm. N-M.

Ég held satt að segja, að það sé ekki rétt að orðlengja um þetta mál nú. N. verður bæði með tilliti til 1. gr. og eins þessarar breyt. að athuga málið og einkum ef hv. þm. vildi koma fram með brtt. við 1. gr. eða skýra, hvernig þessum málum horfir, sem við erum ekki búnir að kynna okkur. Þess vegna finnst mér, að n. þyrfti að athuga þetta mál í samráði við hæstv. ríkisstj., og ef hæstv. ríkisstj. er ófáanleg til að koma á fund okkar, þá fengist skýrari og nákvæmari skýrsla um málið frá hv. þm., þar sem hann virðist vera milliliður. Úrlausn á þessu máli þarf n. að fá og koma svo með sínar till., soðnar upp úr því, sem liggur fyrir henni, og á þann hátt, sem hún kann sjálf að ákveða, eftir því sem gögn liggja fyrir.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

Forseti (RÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 11. landsk. (ÞÞ), sem hann hefur nú lýst: [Sjá þskj. 595.] Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Forseti. Þegar ég gekk út úr d. áðan samkvæmt ósk hæstv. fjmrh., var ekki lokið umr. í því máli, sem þá var á dagskrá, en þegar ég kom aftur, var umr. lokið, og var ég þó á mælendaskrá. Mér þykir leitt, að hæstv. forseti skyldi beita mig slíkum brögðum, því að ég hafði mikilsverðar till. að flytja. Ég þykist ekki hafa sótt fundi hér svo illa, að

ástæða hafi verið til að fara þannig að, er ég gekk frá til að gegna skyldustörfum samkvæmt ósk ráðherra. Bið ég svo hæstv. forseta að afsaka þennan útúrdúr.

Í sambandi við þetta mál þykir mér rétt að upplýsa, að fjvn. hefur fengið bréf frá póst- og símamálastjóra í sambandi við lagningu sveitasíma. Það er dagsett 25. apríl þ. á. Þar gerir póst- og símamálastjóri grein fyrir, hvað hann gerir ráð fyrir, að muni kosta að koma í samband þeim sýslum í landinu, sem nú hafa undir 50% síma, þannig að hver sýsla hafi síma á a. m. k. öðru hverju býli. Þetta segir hann, að muni kosta 2289319 krónur. Þá yrði á öllu landinu sími á 58,8% sveitabæjum og í engri sýslu sími undir 50%. Hann telur, að ef þetta væri gert, þá mundu tekjur símans að vísu nokkuð aukast, en telur þó ekki upp, hvað það mundi verða. Hann getur hins vegar um það í bréfinu, að útreikningar, sem gerðir hafi verið um tekjuaukningu landssímans á þessu ári, séu að því leyti rangir, að það megi búast við, að tekjuhliðin lækki um 3 millj. kr., þannig að reksturinn verði 3 millj. kr. óhagkvæmari en gert er ráð fyrir. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram í sambandi við þessar umr.

Það hefur verið samkomulag um það í fjvn. að taka inn á fjárlfrv. 1 millj. til notendasíma í sveitum, hækka liðinn úr 800 þús. kr. upp í 1 milljón. Nú sagði hv. 1. þm. N-M. um daginn, að þetta væri beinlínis gert til að uppfylla ákvæði 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, og á móti ætti að koma 1½ milljón úr jöfnunarsjóði. Ég veit ekki, hvað hann segir um þetta mál nú, en eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er þetta hreinn misskilningur hjá hv. þm. Það er enginn fótur fyrir því og engin von til þess, að hægt sé að láta á móti þessari 1 milljón króna 1½ milljón úr jöfnunarsjóði. Ég veit ekki, hvort þetta er gert til blekkinga eða það er meðfædd gáfa hjá hv. þm. í meðferð mála almennt hér á þingi. Ég tel, að með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið af fjvn., sé málinu sýnd svo mikil samúð og viðurkenning, að varla sé sæmandi að sækja þetta mál svo fast sem gert hefur verið, og ég er undrandi yfir því, hvernig okkar ágæti forseti hefur farið með þetta mál, vegna þess að ég hef ekki átt því að venjast þann tíma, sem ég hef setið á þingi, að slík vinnuaðferð hafi verið viðhöfð. Það hefur hvað eftir annað verið óskað eftir, að hann ræddi við hæstv. fjmrh., og hvað eftir annað hefur hann svarað því, að fjmrh. vissi um dagskrána, og það virðist ekki hafa verið gerð nein önnur tilraun til að hafa tal af honum í þessu máli en senda honum dagskrána. Ég hef nýlega átt tal við hæstv. ráðh. um þetta, og þá kom ekki til mála að hækka þetta framlag meira en upp í eina milljón, og þá veit ég ekki, til hvers er verið með þetta kapp að fá samþykkt frv., þar sem fyrirskipað er, að þessi upphæð skuli vera hækkuð svo sem hér er gert, þegar vitað er, að ekkert fylgi er fyrir því í ríkisstj. að taka þá fjárhæð inn í fjárl. á þessu ári. Þetta mál hlýtur því að vera borið fram af einhverju öðru en áhuga fyrir að tryggja því raunverulegan árangur. Ég er alveg viss um, að enginn af flm. þessa frv. hefur meiri löngun en ég að koma sveitasímunum sem víðast um landið. En ég get samt ekki séð, hvað á að þýða að leika svona skollaleik eins og hér er gert.

Ég skal ekki fara mikið út í þær orðahnippingar, sem orðið hafa í þessu máli. Hv. form. n. hefur vikið því að mér, að ég gæti ekki gert greinarmun á pólitískri sérstöðu og pólitískri afstöðu til málsins og ég vildi halda öllu í pólitískum viðjum. Mér finnst hins vegar, að gr., sem felld var úr frv., þar sem átti að lögbjóða, að miðstjórn Framsfl., eins og ég orðaði það, ætti að ráða yfir þessu máli, — það sýnir bezt, hvort engin pólitík er í þessu máli frá hendi þeirra manna, sem eru flm. frv. Auðvitað var það þeirra markmið að skapa sér pólitíska aðstöðu með frv. Það er svo augljóst mál, að það er ekki vert fyrir þá að vera að draga dul á það og afsaka það. Þess vegna fær maður nærri því klígju, þegar hv. 1. þm. N-M. lætur það út úr sér, að hann fyrirliti alla pólitíska togstreitu. Það mundi aðeins skapa togstreitu, sem yrði til að spilla málinu, ef fyrir þessu fengist meiri hluti hér á Alþingi. — Þá vil ég benda á út af brtt. um skipan þessara mála, að hv. flm. hefur setið í sparnaðarnefnd, sem gera átti till. um sparnað í ríkisrekstrinum. Hann fann þá, að það eru allt of margar nefndir, sem starfa á kostnað ríkisins, en hér á að bæta einni við. Það er vissulega of mikið af nefndum og pólitískri togstreitu í okkar landi, bæði í fjárhagsráði, viðskiptanefnd, jeppaúthlutunarnefnd og hvað þær nú heita allar saman. Ber hið bráðasta að snúa við á þessari braut og losa sig við þetta fargan. En ef það er nokkur, sem á að skipta þessu án þess að póst- og símamálastjórnin geri það, þá er það fjárveitingarvaldið á Alþingi, en þá á ekki að nota aðstöðuna í þessum efnum til þess að kaupa pólitískt fylgi, eins og virðist vera takmark hv. flm. frv. Ég álít, að þetta eigi að vera í höndum póst- og símamálastjóra, og sé það ekki nóg, þá hjá Alþingi, sem ekki má sleppa yfirstjórn þessara mála.

Ég tel rétt, að málið sé nú tekið út af dagskrá og hæstv. forseti ræði það við hæstv. fjmrh. og skýri síðan hv. d. frá niðurstöðum þeirra viðræðna. Að öðrum kosti verð ég að álykta, að hæstv. forseti sé á móti framgangi málsins.

Forseti (BSt): Út af því, sem hv. þm. Barð. (GJ) kvartaði um í upphafi ræðu sinnar, að umr. hefði verið lokið að honum fjarstöddum, en hann verið á mælendaskrá, þá vil ég taka það fram, að hann var ekki á mælendaskrá. Hitt kann að vera, að hann hafi beðið um orðið, en það farið fram hjá mér, og ef svo er, bið ég hann afsökunar, en ég hef þá verið truflaður, því að ég er vanur að taka eftir því, þegar þm. biðja um orðið.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Hv. þm. Barð. deilir mjög á mig við allar umr. þessa máls fyrir meðferð mína á málinu. Ég hef áður lýst því, að ég

gat ekki fengið meðnm. mína til að taka afstöðu til málsins og gaf því út nál. einn og tók svo málið á dagskrá eftir langan tíma. Ég tel þetta vítalausa málsmeðferð, og sjálfur hefur hv. þm. Barð. krafizt þess, að mál væru tekin á dagskrá án nál. — Út af hinu, að ég hafi ekki rætt málið nægilega við hæstv. fjmrh., þá tek ég það fram, að ég hef skýrt honum frá því, að þess væri óskað í hv. d., að hann segði álit sitt á málinu. Síðan hefur honum sem öðrum þm. verið send dagskrá, en það er nú svo með hæstv. ráðh., að þeirra annríki er mikið, og þeir virðast ekki hafa tíma til að mæta á þingfundum. Sé ég heldur ekki, að það sé hæstv. ríkisstj., sem á að segja Alþingi, hvaða l. það megi setja, heldur á Alþingi að ákveða það sjálft, en ríkisstj. að framkvæma lögin eða segja af sér ella. — Og um þann pólitíska hrekk, sem á að hafa legið til grundvallar frá okkur flm., þá virðist hann dálítið einkennilegur. Í Morgunblaðinu stóð á dögunum, að fellt hefði verið að láta nefnd þriggja framsóknarmanna úthluta símunum, en það getur ekki staðizt, nema póst- og símamálastjóri sé framsóknarmaður. Nú taldi ég um daginn, er málið var til umr., að ég vissi ekki, hvers flokks póst- og símamálastjóri væri, en þá sagði hæstv. dómsmrh., að hann væri kunnur framsóknarmaður. En um hvað var 4. gr., sem hneykslaði svo mjög hv. þm. Barð. og hv. 11. landsk. þm.? Hún var um það að skerða vald þessa manns, sem talinn er framsóknarmaður af þeim, því að ég hygg það satt, þótt hv. 11. landsk. tali mikið um, að hér eigi að taka vald af ráðherra, að þá sé það meira í orði en á borði. Ég hygg, að póst- og símamálastjóri hafi mestu um þetta ráðið hingað til. Þannig er það, að þeir, sem hafa á hendi forstöðu ríkisstofnana undir ráðherra, þeir ráða kannske eins miklu og ráðherrarnir sjálfir. Það er ekki hægt fyrir ráðherra að afgreiða ýmis smærri atriði. Þannig er nú þetta, en sennilega skilur hv. þm. Barð. ekki þann hugsunarhátt að hafa ekki flokkspólitísk sjónarmið til allra mála. Ég hef áður getið um það mikla misrétti, sem átt hefur sér stað milli héraða við lagningu notendasímanna í sveitunum, en ég taldi það ekki hafa verið af flokkspólitískri hlutdrægni, þar sem sérstaklega hefur verið níðzt á Eyjafjarðarsýslu og Snæfellsnessýslu, því að meiri hlutinn í þeim tveim sýslum hefur ekki fylgt sama pólitíska flokki. Það er annað en flokkapólitík í þessu sem mörgu öðru. Fróðlegt verður sjálfsagt að sjá till. hv. fjvn. um skiptingu fjár til verklegra framkvæmda, og má líklega gera ráð fyrir, að þær verði ekki þannig, að mest sé veitt í þau héruð, sem hafa fjvnm. fyrir þm. eða þá ráðherra. Vonandi er það viðsýnissjónarmið, sem þar ræður. Út af þeim firrum, að hér sé verið að taka vald af ráðh. og þetta sé alveg dæmalaust, þá er einkennilegt að heyra hv. 11. landsk. þm. halda þessu fram. Ég veit ekki betur en hann sé í n., sem úthlutar fé til íslenzkra listamanna. Eftir hans kenningum nú ætti menntmrh. að gera þetta. En hann er bara svo mikill smekkmaður á listir og hinir nm. sjálfsagt líka, að þeir eru líklega færari til þessa starfs en nokkur ráðh. eða fjvn. Þó að við séum þrír flm. þessa máls, þá er það svo, að við leggjum mismunandi mikla áherzlu á hin ýmsu atriði frv. Til dæmis hefur það komið fram, að hv. 1. þm. N-M. (PZ) leggur aðaláherzluna á það, að fé sé veitt árlega og þetta sé bundið svo, að notendasímarnir komist um land allt á 10 árum. Ég vil einnig leggja áherzlu á það, að símarnir komist um allt landið, því að ef fólkið í sveitunum fær ekki svipuð þægindi og fólkið í þéttbýlinu, þá er enn meiri hætta á því, að það hverfi þaðan, en mér er alveg ljóst, að með þetta sem annað verða menn að sníða sér stakk eftir vexti. Framkvæmdirnar hljóta að fara eftir getu ríkissjóðs á hverjum tíma, og þess vegna er ég fús til þess að fylgja till. um það, ef hægt væri að vísa að miklu leyti á annan aðila en ríkissjóð til þess að leggja þetta fé fram. Ég mun samt ekki bera fram till. um það, m. a. af því, að ég hef rætt þetta við hæstv. fjmrh., og hann telur réttara að ráðstafa fé mótvirðissjóðs með sérstökum lögum en þau ákvæði verði í einstökum öðrum lögum. En það er ekki óhugsandi, þótt þetta frv. verði að lögum, að eitt af verkefnum mótvirðissjóðs verði að standa hér undir. En ég get ekki neitað því, að ég legg ekki síður áherzlu á það, að trygging fáist fyrir því, að það misrétti, sem átt hefur sér stað um lagningu notendasímanna, haldi ekki áfram lengur, og það skal tekið fram, að ég hef að óreyndu enga ástæðu til að væna hæstv. núv. símamálaráðh. um hlutdrægni í þessum efnum. En ráðherrar koma og hverfa og aðalframkvæmdirnar og raunverulega valdið hefur verið hjá þeim aðila hér í bæ, sem sýnist ekki hafa gætt þess að láta borgarana njóta jafnréttis. Því álít ég rétt að setja nefnd í þetta, og hún mætti gjarnan vera ólaunuð, og ef hv. 11. landsk. þm. vildi styðja till. í þá átt, að n. ætti að skila ráðh. till. sínum, þá gæti ég fallizt á það.

Páll Zóphóníasson: Forseti. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) hefur nú tekið ýmislegt fram af því, sem ég vildi segja, en ég skal enn einu sinni sýna fram á það, hvílík fjarstæða það er hjá hv. þm. Barð., að till. mín um úthlutunarn. sé fram borin til að skapa betri pólitíska aðstöðu, með því að lýsa yfir því, að ég er reiðubúinn að taka tillögu mína aftur. Fyrir mér vakir ekkert annað en málið sjálft, en slíkt sjónarmið þekkir ekki hv. þm. Barð., sem alltaf hugsar um pólitíska aðstöðu, og þess vegna gerir hann mönnum slíkar getsakir. Þessi hv. þm. þykist ævinlega allt vita hér á Alþingi. Hann þykist meira að segja vita, hvað aðrir þm. hugsa. Hann skoðar hjörtun og nýrun. Slíkt álit hefur hann alltaf á sjálfum sér, og er það vissulega gott að hafa sjálfstraust, en allt er bezt í hófi, og ekki er ástæða til að ætla sér þá dul að vita hugsanir annarra manna. Það er ofmat, sem menn mega ekki leyfa sér, þótt gáfaðir séu. Ég hef aldrei sagt það, að hæstv. ríkisstj. styddi það að veita fé úr mótvirðissjóði til notendasímanna, en ég hef sagt, að tveir hæstv. ráðh. væru því fylgjandi, og það þarf að ráðstafa jafnvirðissjóði og til þess þarf leyfi annarra þjóða, og ég er ekki í vafa um, að þeir, sem þar

ráða, skilja þörfina í þessu efni betur en hv. þm. Barð. Þeir munu sjá, að sjóðnum verður ekki betur varið með öðru en því að láta hann ganga til þess að koma upp notendasímum í sveitum. Það stendur sem sagt til að ráðstafa fé mótvirðissjóðs, og væntanlega fæst þá eitthvað til þessara framkvæmda, en þar fyrir er hægt að samþ. frv. eins og það er nú og senda það til Nd., því að meðan það er þar til meðferðar, verður sjóðnum ráðstafað og þá er frv. ekki lengra komið en svo, að hægt er að vitna í frv. um ráðstöfun sjóðsins eða setja á fjárlög þá upphæð, sem með þarf. En fyrir mér vakir fyrst og fremst, að lagningu notendasímanna verði lokið á næstu 10 árum, svo að sem fyrst hverfi hin leiðinlega togstreita, sem verið hefur í þessum efnum, og eigi þurfi að vera um að ræða margsvikin loforð eins og komið hefur fram í ræðum hv. þingmanna. Ég hef engu lofað og er ekki við neitt annað bundinn en sannfæringu mína, því að það er fjarri lagi, að þetta sé eitthvert pólitískt mál hjá mér. Þetta er þarft mál fyrir dreifbýlið og sérstaklega það, að fé það, sem ákveðið verður til þessa, komi með ákveðnu árabili, svo að eigi þurfi um það að vera í óvissu, því að búast má við, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Barð., að allt verði skorið niður á fyrsta ári, eða, sem hv. 4. þm. Reykv. (HG) var með, að lagðir verði notendasímar í Reykjavík, áður en þeir verði lagðir um dreifbýlið, eins og áður hefur verið gert. Aðalatriðið fyrir mér er það, að þegar því verður slegið föstu, þá er sama, hver ræður, í hvaða röð símarnir séu lagðir inn á heimilin, og ef menn hafa svolitla glóru og vit í kollinum, að það verði gert á sem ódýrastan hátt, en eigi með því að peðra fénu og henda sínu í hverja áttina, þar sem hver otar sínum tota og allt verður því dýrara en ella. Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. 11. landsk., þegar hann sagði, að ég vildi taka ráðherrann út úr starfinu. Annars vil ég taka brtt. mína aftur. Hef ég þó ekkert á móti því, að mennirnir séu ólaunaðir. Er þá hægt, þegar þeir eru úr hópi þingmanna, að þeir taki ákvarðanir sínar meðan þing stendur, en þó mega þeir ekki vanrækja þingfundi fyrir það. (*BSt:* Það er eigi ástæða til að deila þar á hv. þm. Barð. Hann sækir manna bezt fundi.) Ég hef m. ö. o. ekkert á móti þessu og skal þá taka till. mína aftur. Ég geri annars eigi ráð fyrir, að atkvgr. fari nú fram, en verði það úr, mun ég bera fram till. um, að þeir verði ólaunaðir. Vona ég þá, að hv. þm. Barð. sjái, að það er í samræmi við það, sem ég hef áður sagt. Ég tel, að í Nd. ætti að vera hægt að ákveða um nýja 4. gr., í meðferð þeirrar hv. d. á málinu, þegar rætt verður um, hvernig l. um mótvirðissjóðinn verði breytt og hversu fénu skuli varið. Verður þá séð, hvernig fer, og vona ég, að allir flokkar verði með því, svo að inn komi nægilegt fé til að gera þetta verk á þeim tíma, sem um er rætt í frv., eins og það er nú, þótt það sé orðið úrelt. 2,5 millj. kr. nægja eigi. Nú mundi þurfa 2,8 millj. kr., ef efnið hækkar vegna gengislækkunarinnar, að óbreyttu verði erlendis, en það mætti þá líka laga það í hv. Nd., ef þeim sýnist svo. (*ÞÞ:* Við eigum ekki alltaf að reiða okkur á Nd.) Þar er eigi um það að ræða, hvort l. verði breytt. Þeim hlýtur að verða breytt. Það er talað um Sogsvirkjun og áburðarverksmiðju, Laxárvirkjunina, og alltaf er jafnvirðissjóðurinn nefndur í því sambandi. Yfirleitt er þar ætlazt til að lækka skyldur ríkissjóðs, hjálpa til við stórframkvæmdir og lagningu notendasímanna. Tel ég og varðandi hinn litla hluta, sem gengi til símanna, að mælast mundi bezt fyrir, að þeir yrðu lagðir um allt landið. Ég kann þó eigi að rannsaka hjörtu og nýru manna. Geri ég engum neinar getsakir. Af verkum manna á að þekkja þá, og það sýnir sig þá í hv. d., og það er mest um vert.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil enn harma það mjög, að hæstv. fjmrh. eða einhver af meðráðherrum hans hafa eigi séð sér fært að vera við umræðurnar í d. í sambandi við þetta mál. Það má segja, að það sé eigi stórvægilegt, en þegar litið er á það í sambandi við önnur mál, sem fyrir þinginu hafa legið og liggja, þá virðist mér það marka ákveðna stefnu, sem full ástæða er til að gera sér grein fyrir.

Eftir þessu frv. er gert ráð fyrir hærri, eða þreföldum framlögum á við það, sem undanfarið hafa verið lögð til notendasíma. Það var nú rétt áðan verið að afgreiða breyt. á jarðræktarl., sem eigi gera áætlun um, hversu auka muni þurfa kostnað í þeim efnum, en það mun nema um 1.5 millj. kr. Í Nd. er verið að ljúka við að afgreiða mál um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og á því stigi, sem það er nú, er ráð fyrir gert að auka framlög úr 3 í 6 millj. kr., eða tvöfalda þau. Ég held, að eigi sé ráðgert að taka það fé á einu ári, en það mun eigi verða skemur en á þrem árum. Þessi fjögur frv., ef að l. verða, valda því, að um verður að ræða a. m. k. 4 millj. kr. útgjaldaaukningu frá því, sem verið hefur. Í fjárlagafrv. ætla ég, að áætluð fjárhæð til sauðfjárveikivarna nemi um 7 millj. kr. Um það liggur fyrir frv. í hv. Nd. Ég vil nú engu spá um árlegan kostnað í heild sinni, en hann mun hlaupa á nokkrum tugum millj. kr. Ég nefni þar eigi endurgreiðslu tolla af sænsku húsunum, minkana og þess háttar, heldur aðeins þessi frv., sem marka alveg ákveðna stefnu. Ætlunin er að auka um milljónir króna framlög til framkvæmda í dreifbýlinu. Nú neita ég því ekki, að nauðsynlegt sé að styrkja og leggja fram fé til flestra þessara framkvæmda. Hins er eigi að dyljast, að talsvert af þessu fé, sem gengið hefur til strjálbýlisins, hefur ekki komið að gagni. Það eru ófá dæmi þess til, að jarðir hafi lagzt í eyði, sem komnar hafa verið í símasamband, vegasamband og til aukinnar ræktunar. Þetta virðist mér sýna skort á, að þeirrar fyrirhyggju og hagsýni hafi verið gætt, sem sjálfsögð er í þessum efnum. Nú hefði mig langað til að bera fram fsp. við hæstv. fjmrh., ef hann er nærri, en sé hann það ekki, þá getur hv. form. fjvn. e. t. v. upplýst það. Frv. markar þá ákveðnu stefnu að auka fjárframlög til einstakra framkvæmda í strjálbýlinu. Nú vildi ég spyrja, hvort þess væri að vænta, að aðrar framkvæmdir, sem eru a. m. k. jafnnauðsynlegar, séu jafnhugstæðar hv. flm.

þessara frv., þeirra er ég hef nefnt. Það hefur mikið verið um það rætt, að fjárhagsástand ríkissjóðs sé slæmt og afkomuhorfur hans harla dapurlegar, jafnvel eftir gengislækkunina. Mér er þá aftur spurn: Má vænta þess, ef fjárveitingar þessar verða samþykktar, að stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að meta nauðsynjar í öðrum efnum og annarra landshluta og treysti sér til að veita þangað tilsvarandi fjárframlögum? Mér hefði þótt vænt um, ef einhver úr hæstv. ríkisstj. gæti verið til andsvara. Afstaða mín mun mótast af því, hvort sama skilnings sé að vænta varðandi þéttbýlið. Á því er enginn vafi og það er ljóst, að horfurnar í atvinnumálum og fjárhagsmálum almennings í bæjunum eru í svipinn a. m. k. enn iskyggilegri en hjá þorra fólks í sveitunum. Koma áhrif dýrtíðaraukningarinnar harðar niður þar en í sveitunum og harðast á þeim, sem eigi geta tekið neinar neyzluvörur hjá sér sjálfum.

Þá vildi ég lítillega drepa á það, sem kom fram hjá tveim hv. þm. um fyrirhugaða ráðstöfun jafnvirðissjóðs Marshallfjárins. Þar virðist mér sem fullyrðing standi gegn fullyrðingu. Hv. 1. þm. N-M. staðhæfir, að ætlun hæstv. ríkisstj. sé að leggja fram 1½ millj. kr. úr jafnvirðissjóði til viðbótar framlagi ríkissjóðs til símalagninga í sveitum. Hv. þm. Barð. fullyrðir hins vegar, að engin ákvörðun hafi verið tekin um ráðstöfun fjárins. (*PZ:* Tveir hæstv. ráðh. hafa sagt það, og hv. þm. Barð. segir þá ósatt.) Ég hef ævinlega talið sjálfsagt, að um ráðstöfun eða tillögur til ráðstöfunar á jafnvirðissjóði yrði gerð heildaráætlun og þar leitað samþykkis Alþ. Ég get eigi hugsað mér, að einn til tveir ráðherrar fari að peðra fé úr sjóðnum án skipulegrar áætlunar, svo að allt er hér fullyrðingar og spásagnir út í loftið. Ég hef heyrt, eftir ummælum hv. 1. þm. N-M., að ætlun hæstv. ríkisstj. sé, fengi hún það samþ., að nota féð til stærri verksmiðja og e. t. v. við meiri háttar iðnað í landinu. En þetta eru aðeins bollaleggingar, er ekkert verður sagt um, fyrr en Alþ. hefur látið álit sitt í ljós.

Ég skal ekki hafa ræðu mína lengri, því að umræðurnar eru þegar orðnar langar, en vildi leyfa mér að bera fram tvær skriflegar brtt. Hin fyrri er við 1. gr. og þess efnis, að í stað „2,5 millj." komi: eina milljón. — Mér hefur skilizt á hv. 1. þm. Eyf., að út af fyrir sig sé honum ekki ákaflega mikið kappsmál, hver fjárhæðin verði, heldur yrði hún fastákveðin í l., svo að mismunandi viðhorf gætu eigi valdið því, að framkvæmdir stöðvuðust í þessum efnum. Það hefur upplýstst í umræðunum, að fjvn. hafi áætlað að lækka þennan lið, og væri það heldur tryggara, ef hún yrði tekin í l. — Hin síðari brtt. er við 2. gr., þess efnis, að gr. falli niður. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr., að ég teldi fráleitt, að slík ákvæði séu sett í þessi l.: að ein ákveðin vörutegund sé þannig ákveðin, að efni til þessara sérstöku símalagninga skuli samkvæmt ákvæðum í sérstökum l. ganga fyrir, hvernig sem jöfnuðurinn við útlönd verður, og þótt skortur sé á erlendum gjaldeyri. Ef þetta á að ganga fram og taka á þetta á innflutningsáætlunina, þá verður erfitt að lifa fyrir fjárhagsráð.

Ég skal svo eigi hafa þessi orð fleiri. Ég bíð eftir því, hverja afgreiðslu brtt. minar fá, og mun afstaða mín mótast af því. Leyfi ég mér svo að afhenda þær hæstv. forseta.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt þrjár skriflegar brtt. Fyrsta brtt. er frá 1. þm. N-M. (PZ) og er við skriflega brtt. frá hv. 11. landsk. (ÞÞ) við brtt. frá 1. þm. N-M., þess efnis, að aftan við till. bætist: Mennirnir starfi kauplaust. — Hinar tvær eru frá hv. 4. þm. Reykv. (HG):

„1. Við 1. gr. Í stað „2,5 millj." komi: eina milljón.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður."

Þessar brtt. eru of seint fram komnar og þar að auki skriflegar, og þarf því að leita tvöfaldra afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 596 og 597) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Einn hv. þm. er á mælendaskrá, hv. þm. Barð. (GJ), en fundartíminn er á þrotum. Er því umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Ed., 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 582, 583, 595, 596, 597).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að leiðrétta það hjá hv. 1. þm. Eyf. (BSt), þar sem hann fullyrti, að ég gæti ekki fylgt neinu máli á hv. Alþingi nema í pólitísku skyni og skoðaði mál einungis út frá hinni pólitísku hlið. Ég tel, að hv. þm. hafi enga ástæðu til að bera þetta fram, og væri gaman að vita, hvaða ástæðu hann hefur til þess, og vona ég, að hann endurtaki þessi ummæli sín. Raunar veit ég, að þetta hefur ekki verið hans meining, þótt orðin hafi komið svona frá hv. þm.

Þessi hv. 1. þm. Eyf. sagði, að ekki yrði allt í óvissu um lagningu síma í sveitum, ef þetta frv. yrði að lögum. Ég verð að segja það, að ég veit ekki, hvernig hv. þm. ætlar sér að tryggja þetta, nema hann fengi þessi lög um sveitasíma sett inn í stjskr. Eða hvernig ætlar hv. þm. að tryggja það, að þessi lög verði ekki svikin, þ. e. a. s., það þyki ekki mögulegt að framkvæma þau? Hafa ekki stundum verið sett lög, sem ekki hafa verið framkvæmd, af því að fé hefur ekki verið til? Þetta frv., þótt að lögum yrði, er einnig hægt að svíkja. Og hvaða trygging er þá fyrir því, að sveitasími verði lagður um allt?

Ég tel vafasamt, að hlutfallstala eigi að ráða, hvert sími er fyrst lagður. Það er einmitt mjög athugavert, hvort ekki eigi fyrst að leggja síma á afskekktustu staðina, ef þar á að hafa byggð á annað borð. Fátt er meira öryggi en hafa síma á afskekktum bæjum. Þá væri eðlilegt að leggja þangað síma fyrst, en illu heilli hefur þessi stefna ekki verið tekin upp. Auðvitað yrðu þá þéttbyggðar sveitir, eins og

Eyjafjörðurinn, að bíða. En það er ekki víst, að símamálunum þoki nokkuð betur áleiðis, þótt þetta frv. verði samþ. — Það er langeðlilegast, að símamálin hvíli í höndum landssímastjóra og ráðherra, nema Alþingi vilji hafa á sinni hendi sjálft úthlutunarvaldið, enda getur Alþingi í hvert skipti gert samþykktir þar að lútandi. — Hv. 1. þm. N-M. tók í sama streng, að fyrir sér vekti ekki annað en það að koma síma út um héruðin. Hann hefði engu lofað í kosningunum í haust og þyrfti því ekkert að svíkja og því vekti ekki fyrir sér nein pólitísk hlutdrægni. Ég er nú hræddur um, að þetta sé ekki alveg rétt hjá hv. þm. Gaman væri að geta sýnt ljósmynd af bréfi, sem hv. þm. skrifaði kjósendum sínum á s. l. hausti, og virðist það ekki vera nákvæm staðfesting á því, sem hv. þm. hélt hér fram í d. En ekki fer ég frekar út í þetta.

Hv. 1. þm. Eyf. hefur jafnan blandað því saman, að ég hafi gagnrýnt afstöðu hans að taka málið á dagskrá, en það hef ég alls ekki gert, heldur tel, að forseti hafi haft fulla heimild til þess, og svo hins vegar, að hv. þm. sem form. fjhn. hefur ekki uppfyllt það loforð, sem hann gaf í ræðu og er hans skylda, að ræða málið við ráðherra, og þess vegna hefur hv. þm. ekki gefið upplýsingar um, hvaða álit ráðherra hefur á þessu frv. En það hefur komið fram í ræðu hv. frsm. minni hl., að hann hefur persónulega rætt við ráðh., en alls ekki skýrt n. frá, hver afstaða ráðherrans er gagnvart 2½ millj. kr. útgjöldum ríkisins árlega á næstu 10 árum til símamála. Við eigum kröfu á því að fá að vita, hvert er álit ráðherrans á þessu máli, og ég vil ekki, að hv. þm. blandi þessu saman, heimild hans til að taka málið á dagskrá, sem ég hef ekki gagnrýnt, og hins vegar vanefndum hv. þm. á að gefa upplýsingar um álit ráðherra, sem ég hef mjög gagnrýnt. Forseti hefur haft fullan rétt til að taka málið á dagskrá, en jafnframt ber honum sem formanni fjhn. að ræða við hæstv. ráðh. og gefa d. skýrslu um álit ráðh. En mér er kunnugt um álit ráðherrans, og er hann andvígur því að taka þessa fjárhæð inn á fjárlög, og hvaða þýðingu hefur það þá að samþykkja þetta frv.? — Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að ráðherra ætti ekki að ráða lögum eða segja d. fyrir verkum, heldur ætti hann að hlýða því, er hv. Alþingi samþykkti eða færi fram á. En veit ekki þessi hv. þm., að það er alltaf samvinna á milli meiri hluta Alþingis og ríkisstj., þegar hún er studd af meiri hluta Alþingis? Og minnist ég hér nokkuð oft samþykktar á l., þar sem hv. 1. þm. Eyf. hefur lýst yfir í atkvgr., að hann væri andvígur bæði að innihaldi og stefnu, en segði já við þeim, því að hans flokkur eða stjórn vildi hafa það svo. Er þar skemmst að minnast afgreiðslu l. um dýrtíðarráðstafanir, er þau voru afgreidd, ekki síðast, heldur þar áður. En þetta vill hann nú ekki afgreiða í samræmi við fyrri gerðir, heldur stritast hann við að koma því hér í gegn. Að vísu er þetta gott agitationsmál í sveitum, en hv. flm. vita bara, að það er ekki hægt að gera það að veruleika. Hér bisast því hv. 1. þm. Eyf. að koma máli í gegn, sem er í andstöðu við vilja þeirrar hæstv. ríkisstj., sem hann þó styður. Þetta er svo ólíkt öllum fyrri störfum og athöfnum hv. 1. þm. Eyf., að ég undrast þetta mjög.

Hv. 1. þm. Eyf. sagðist mundu hafa gaman að því að sjá till. fjvn. um skiptingu fjár til ýmissa verklegra framkvæmda í landinu, og mér skildist, að hann byggist ekki við meira réttlæti þar en hann hefur lýst að hafi verið haft í frammi gagnvart Eyjafjarðarsýslu í þessum símamálum undanfarin ár. Nú vil ég segja honum það, að það að skipta þessu fé er of mikið vandaverk til þess að það sé á minu færi eða annarra hv. fjvn.manna að gera það svo, að það sé hafið yfir alla gagnrýni og að öllum geti líkað. En það vil ég segja í sambandi við þessa gagnrýni hv. þm. á fjvn., að þar koma til greina tvö sjónarmið. Það fyrra, hvort eigi að láta þau héruð, sem setið hafa að feitu undanfarin ár, hafa sín framlög áfram, eða hvort eigi nú að veita fé til þeirra, sem haft hafa miður. En Eyjafjarðarsýsla er einmitt eitt af þeim héruðum, sem setið hafa við háborðið hvað þetta snertir. Þetta veit hv. þm., og það snertir hann kannske vegna þess, að ekki hefur verið látið eins mikið fé ganga til framkvæmda í Eyjafjarðarsýslu á undanförnum árum einmitt vegna þess, að búið var að veita svo miklu þangað áður. En hv. þm. virðist hafa augun meira á því, sem vantar, en því, sem látið hefur verið þangað áður. Þetta svar vildi ég gefa hv. þm. varðandi fjvn. — Hv. 4. þm. Reykv. (HG) spurði, hvers mætti vænta um framlög til annarra verklegra framkvæmda og hvort þau yrðu aukin í sömu hlutföllum og til þess, sem hér um ræðir til annarra framkvæmda í dreifbýlinu. Ég get nú ekki svarað þessu fullkomlega á þessu stigi málsins, því að það er ekki alveg búið að ganga frá þessu. En ég get þó upplýst, að það er samkomulag um, að til vega og brúa verði veitt upphæð að krónutölu til nokkurn veginn sama og verið hefur undanfarin ár, svo að til þessara mála er ekki veitt hlutfallslega eins mikið og til sveitasímanna. Þetta er ekki gert vegna þess, að þörfin sé þar minni, heldur vegna þess, að það þarf svo stórar fjárfúlgur til þess að bæta þar eins vel úr og hægt er að gera með framlaginu til sveitasímanna, þó að auðvitað sé ekki nauðsynlegt að leggja sveitasíma inn á hvert býli. Hins vegar er það mín skoðun, að nauðsynlegt sé að leggja síma þar, sem strjálbýlt er, og þeim mun nauðsynlegra, því afskekktari sem bærinn er og því meiri sem vegalengdir eru á milli bæja. Þetta sýnist mér nauðsynlegt vegna öryggis þess fólks, sem þarna býr. En þessi stefna hefur ekki ráðið í þessum málum, og hefur þess kannske ekki verið að vænta, því að það kostar auðvitað tiltölulega meira fé, þegar það er fátt fólk, sem nýtur símans, og svo hefur þar, sem meira er þéttbýli, verið sótt fast og meira á um, að þau héruð dragist ekki aftur úr hlutfallslega. En það segir sig sjálft, að fyrir fólk, sem þannig er sett, að það er kannske allt í senn, brúa-, vega- og hafnalaust, er meiri nauðsyn á að leggja síma heldur en þar, sem þéttbýlt er og þessar aðstæður eru fyrir hendi.

Í sambandi við önnur mál hef ég ekki orðið var við, að ætlazt væri til aukinna fjárfram-

laga nema sem nauðsynleg eru vegna gengisbreytingarinnar og svo til þess að uppfylla ýmis lagafyrirmæli frá undanförnum árum, svo sem styrkur til sjávarútvegsins vegna síldveiðanna, en ekki almenn hækkun á framlögum umfram það, sem verið hefur undanfarin ár. — Þetta hefur mér þótt rétt að láta koma fram. Hins vegar getur auðvitað verið, að fjárl. verði breytt bæði við 2. og 3. umr., og þætti mér ekki ólíklegt, ef þetta mál nær það langt, að telja mætti víst, að taka yrði 2½ millj. kr. í stað einnar millj. upp á fjárlögin, að þá kæmu hækkunarkröfur annars staðar frá. Yrði það þá einungis til að spilla málinu að þvinga svo mjög fram framlög til þess, að annað þyrfti þess vegna að sitja á hakanum og yrði af þeim sökum vanrækt. Af þessum ástæðum mun ég ekki hika við að vera í andstöðu við þetta mál, en hins vegar mun ég stuðla að því, að tekið verði á fjárlög eins mikið og hægt er til sveitasímans á hverjum tíma.

Ég tel nú rétt, af því að hv. 1. þm. N-M. er kominn í d., að endurtaka þau orð, sem ég lét falla áðan í sambandi við það, sem hann sagði, að hann væri ekki einn af þeim, sem alltaf væru að lofa, en svíkja svo sín loforð. Í sambandi við þetta hefði ég gaman af að birta ljósmynd, sem ég sá af bréfi, sem hann skrifaði og sendi einum kjósanda sínum fyrir síðustu kosningar. (*PZ:* Ég hef aldrei lofað neinu).

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég fer nú að þreytast á því að eiga orðastað um þetta mál við hv. þm. Barð., því að það fer nú að verða klippt og skorið, og ég held, að hvorugur sannfæri hinn. Það er leiðinlegt, hvað þessi hv. þm. tekur oft rangt eftir því, sem sagt er. A. m. k. hafði hann rangt eftir það, sem hann taldi nú í síðustu ræðu sinni, að ég hefði sagt um hann. Hv. þm. sagði m. a., að ég hefði borið á sig, að hann úthlutaði fé og hagaði yfirleitt störfum sínum eftir pólitískum ástæðum. Þetta sagði ég ekki, heldur, að bæði hann og hv. 11. landsk. gætu ekki hugsað sér, að þeir menn, sem nefndir eru í frv., gætu starfað á öðrum en pólitískum grundvelli. Ég held nú, að það mundi reynast erfitt að finna þann stað á landinu, sem sími væri úthlutað á, að ekki mætti telja það af pólitískum ástæðum. Náttúrlega mundu þessir hv. þm. ekki telja það pólitískt, ef þeirra flokksbróðir ætti í hlut, heldur sérstaklega ef það væri framsóknarmaður. Ég vil nú segja það, að að óreyndu treysti ég núverandi símamálarh. eins vel og þeim, sem undanfarið hafa fjallað um þessi mál, þótt hann sé sjálfstæðismaður, en efast satt að segja um, að hann ákveði um þessi mál í einstökum atriðum.

Um meðferð mína á málinu, þar sem hv. þm. Barð. var að gefa skýringu á því, að mér skildist, að hann deildi ekki á mig sem forseta, heldur sem nefndarformann, þá verð ég að segja það, hvort heldur sem um er að ræða aðstöðu mína sem forseta eða sem nefndarformanns, að þá er mér alveg óskiljanlegt, hvernig ég hefði átt að fara öðruvísi að. Ég hef margsinnis gefið hæstv. fjmrh. kost á að hafa afskipti af málinu. Ég get ekki kúgað einstaka ráðh. til þess að taka þátt í meðferð mála. Hv. þm. veit, að ráðh. hafa málfrelsi og tillögurétt í báðum d., svo að hæstv. fjmrh. hefur haft kappnóg tækifæri til þess að lofa hv. d. að heyra sína skoðun á málinu, og því ekki um neitt að sakast við mig í því efni. Og að öðru leyti út af því, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Barð. og fleirum, að þeir virðast telja, að ráðh. eigi að segja þinginu fyrir verkum, þá vil ég algerlega mótmæla því og tel, að það sé þingsins að segja þeim fyrir verkum. Hér er nú hæstv. fjmrh. staddur nú, og hér með skora ég á hann að láta í ljós álit sitt á málinu. Ég skal svo ekki þreyta umr. um þetta lengur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 99. fundi í Ed., 2. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 597,1 felld með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, HG, JJós.

nei: RÞ, VH, ÞÞ, EE, KK, PZ, BSt.

StgrA, GJ, HV, LJóh greiddu ekki atkv.

3 þm. (BrB, FRV, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Eins og ég hef upplýst, þá leggur fjvn. til, að 1 milljón kr. verði veitt til þessara mála á fjárlögum yfirstandandi árs. Hins vegar er engin trygging fyrir því, að svo verði á hverju ári, og ég tel óhyggilegt að setja inn í frv. ákveðna upphæð, hvort sem hún er 2,5 millj. kr. eða 1 millj. kr. Ég tek því ekki þátt í atkvgr. um þessa brtt.

Brtt. 597,2 felld með 7:5 atkv.

— 583 tekin aftur.

— 596 samþ. með 8:4 atkv.

— 595, svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, EE, HV, KK, BSt.

nei: LJóh, BBen, GJ, HG, JJós.

StgrA, FRV greiddu ekki atkv.

2 þm. (BrB, HermJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég tel, að aðstandendur þessa frv. hafi játað og lýst yfir því, að ekki komi til mála að framkvæma frv. eins og það er nú og eins og fjárhag ríkissjóðs er nú háttað. Ég skoða þetta því sem gamanmál og dægrastyttingu vissra þm., en finnst óþarfi að vera að íþyngja öðrum þm. með því og segi því nei.

Eiríkur Einarsson: Ég hef lýst yfir því áður við atkvgr. um þetta frv., að mér þykir það að ýmsu leyti óðruvísi en æskilegt er, t. d. það að binda þessi fjárframlög svo langt fram í tímann, en hins vegar er þörfin á sveitasímum svo brýn og þetta mál svo mikill þáttur í því að stöðva flóttann úr sveitunum, að ég hef ekki skap í mér til þess að fella það og segi því já.

Gísli Jónsson: Ég tel, að þótt frv. verði að lögum, þá sé engin trygging fengin fyrir framkvæmd þessara mála, nema síður sé. Hæstv. fjmrh. hefur ekki skýrt afstöðu sína til málsins, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, og sýnist ljóst, að málinu sé ekki tryggður framgangur. Ég segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Ég vil taka fram, að bent hefur verið á aðra leið til að framkvæma frv. en þá að íþyngja ríkissjóði. Það er þó eðlilegt, að þau ákvæði séu í öðrum lögum, og segi ég því já.

Frv. afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Sþ., 3. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 617).

Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. RÞ).

Á 11. fundi í Ed., 12. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt [61. mál] (þmfrv., A. 86).

Á 13. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Hér er, eins og segir á þskj. 86, um breyt. á skattal. að ræða, og er samkv. 1. gr. um að ræða breyt. á 10. gr. núgildandi skattal., sem stefnir í þá átt að gera konum, sem vinna utan heimilis, auðveldara með að geta unnið utan heimilis síns án þess að komast svo hátt í skattstiganum eins og verið hefur undanfarið. Sem sagt, í staðinn fyrir það, sem lagt hefur verið til hér á þingi um þetta áður, er nú hér lagt til, að fyrir hjón, þar sem konan vinnur utan heimilis, fáist frádráttur frá skattskyldum tekjum, sem nemi þeirri upphæð, sem gengur í kostnað vegna heimilisstjórnar vegna þessarar vinnu konunnar. Þessi frádráttur er talsvert hærri heldur en gert er ráð fyrir í 10. gr. skattal., en þar segir: „Frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn má þó ekki fara fram úr lögleyfðum frádrætti vegna eiginkonu, samkvæmt 12. gr.“ En sá lögleyfði frádráttur er nú 900 kr., þ. e. a. s. 2700 kr., þegar búið er að umreikna skattinn. Það er ekki hægt að segja nákvæmlega, hver séu talin laun ráðskonu á heimili. Þau eru einhvers staðar á milli 500 kr. og 1000 kr. á mánuði, og mun vera algengt, að þau séu 700 kr. Það mætti því ganga út frá því, að sá frádráttur, sem er leyfður í þeim tilfellum, sem hér er gert ráð fyrir, eins og nú er samkv. gildandi l., væri einn þriðji hluti á móti því, sem hér er í þessu frv. gert ráð fyrir. En þess er að gæta, að hver sá, sem hefur ráðskonu eða hjálparstúlku á heimili sínu, ber af því miklu meiri kostnað en laun hennar ein. Og hefur mér reiknazt, að ef laun ráðskonu eða stúlku eru t. d. 700 kr., þá mundi það verða helmingur þess kostnaðar, sem hlýzt af því að hafa ráðskonuna á heimilinu.

Það hafa einkum í seinni tíð, þegar konur hafa meir en áður farið út á hinn frjálsa vinnumarkað, valdið miklum vandkvæðum einmitt þau ákvæði skattal., sem gera það að verkum, að þegar hjón eru skattlögð saman samkv. skattal., þá verður það þannig, að laun annars hjónanna fara venjulega alveg í kostnað af þessu, þ. e. a. s. í aukaskatt og kostnað við heimilisstjórn. Af þessu verður margs konar óréttlæti, m. a. það, að þjóðfélagið missir fyrir þetta oft vinnukraft, sem því annars væri hagur að að hafa og það telur sér hag að að hafa í sinni þjónustu, en unnið er óbeint með þessum skattal. á móti að verði notaður í þessháttar sem skyldi. Og auk þess eru þetta talsverðar hömlur á frjálsræði manna, að eiginlega er kona, sem er gift, nauðbeygð til að vinna sín heimilisstörf fremur en að vinna þau störf, sem hún hefur vanizt við og ætlað sér að hafa að lífsstarfi sínu.

Ég játa, að það, sem hér er gert ráð fyrir samkv. 1. gr., er engan veginn full bót á þessu. Það er ofur lítil hjálp, en ekki meira. Og ég játa einnig, að það eru margar konur aðrar en þessar konur, sem einnig ættu að fá þessi hlunnindi. En það var til þess að víkka ekki sviðið of mikið, að ég taldi réttast á þessu stigi málsins að fara ekki út í fleiri atriði en þetta, bara vegna þess, að það er þá dálítið erfitt að vita, hvar á að draga línuna, svo að mér þótti hentast að draga hana þannig að miða við þær konur, sem vinna utan heimilis. En ég játa fyllilega, að þetta er ekki full bót, hvorki fyrir þær konur, sem vinna utan heimilis, og ég viðurkenni það jafnframt, að margar aðrar konur mættu hljóta sömu friðindi og hér er gert ráð fyrir, en ég sé bara í bili ekki nein ráð til þess að fá það fram, þannig að ekki færðist þá meira úr skorðum. En nú eru skattal. í endurskoðun, og mun búið að endurskoða þau svo, að bráðlega má líklega vænta nýs skattalagafrv. fyrir Alþ. Og þá væri rétt að taka enn fleira til athugunar þessu viðkomandi.

Um 2. gr. er það að segja, að hér er um almennt réttlætismál að ræða, að gera persónufrádráttinn hærri en hann hefur verið. Það hefur valdið miklum óþægindum og miklu óréttlæti, hvað persónufrádrátturinn er lágur.

En þetta er ekki mikil hækkun, sem hér er farið fram á. En þegar búið er að umreikna, kemur þetta öðruvísi út, og þetta er dregið frá hinum umreiknuðu tekjum.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir því, að þessi lög, ef samþ. verða, komi til framkvæmda við álagningu skatts árið 1950. Mér er sagt, að það sé ekki óalgengt, að gert sé ráð fyrir slíku sem hér er gert ráð fyrir í þessu efni, og legg ég þetta því til með 3. gr.

Ég veit, að hv. þdm. er fyllilega ljóst, hvað hér er farið fram á, að þetta er sem sagt bara lítil úrbót. Og þegar væntanlega kemur fram frv. til nýrra skattal., gefst tóm til þess að athuga málið nánar og á breiðari grundvelli.

Ég hygg svo, að þetta mál, að lokinni þessari umr., muni eiga heima helzt í fjhn., og geri að till. minni, að því verði vísað þangað.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég er nú ekki svo næmur, að ég heyri ráðherrastólana svara, þó að ég vilji gera fyrirspurnir til hæstv. ráðherranna, þó að hæstv. forseti heyri þá veita leyfi til afbrigða frá þingsköpum. En ég vil benda n., sem fær þetta mál til meðferðar, á það, að fyrir ári síðan eða kringum það skilaði milliþn., sem ríkisstj. skipaði í skattamálum, till. um breyt. á skattal. Ég var ekki í n. og veit ekki vel um þetta nál., þó að ég hafi nú fylgzt dálítið með störfum þessarar n. En ég vil benda þeirri hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, á það, að ég hygg, að þessi milliþn. í skattamálum hafi verið sammála um að leggja til svipaðar breyt. á skattal. og þær, sem hér er farið fram á í frv., og að fulltrúar allra flokka, sem áttu menn í n., hafi verið sammála um þetta. Þess vegna vil ég mælast til þess, að áður en málið kemur aftur frá hv. n., sem ég geri ráð fyrir að verði fjhn., þá afli n. sér í fyrsta lagi vitneskju um það, hvort ríkisstj. hefur í hyggju að leggja þær breyt. fyrir Alþ., sem milliþn. lagði til á skattal. og eru miklu víðtækari en það, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., og í öðru lagi, hvort þessar brtt. eru ekki þar í og hvort fulltrúar allra flokka hafa ekki staðið saman um þessar brtt. í milliþn., sem ég hygg, að hafi verið.

Forseti (BSt): Ég skal taka það fram, að ég heyri ekki beinlínis stólana tala. En það er gamall málsháttur, sem segir, að „þögn er sama og samþykki", og hef ég farið eftir því um undanþágur frá þingsköpum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Almannatryggingar (breyt. á l. nr. 50/1946).

Á 17. fundi í Ed., 19. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau [68. mál] (þmfrv., A. 110).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Í lögum um almannatryggingar frá 1946 er svo ákveðið, að þau skuli endurskoða í árslok 1950. Reynslan hefur nú samt sýnt, að l. þurfti fljótlega að breyta, og það hefur verið gert á hverju ári síðan þau tóku gildi. 1947 var samþykkt að fresta framkvæmd kaflans um heilsugæzluna um eitt ár. Á sama þingi var samþykkt að lækka atvinnurekendagjald á öðru verðlagssvæði um 25%, og jafnframt var Tryggingastofnuninni heimilað að greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir gamalmenni og öryrkja. Árið 1948 var framkvæmd heilsugæzlukafla l. enn frestað um eitt ár og aðrar breytingar framlengdar, og til viðbótar kom breyting um sjúkradagpeninga til giftra kvenna, eða húsmæðra, sem ekki hafa sjálfstæðar tekjur. Einnig var samþykkt að heimila að greiða nokkurn styrk til læknisvitjanasjóða og sjúkrasamlaga til að kosta sjúkraflutninga og læknisvitjanir, þar sem sérstaklega stendur á og erfitt er um vik. Í viðaukal. 1948 var enn fremur ákveðið að endurskoða almannatryggingalöggjöfina fyrr en ákveðið var í upphaflegu l., og skyldi leggja þá endurskoðun fyrir Alþingi haustið 1949. Þess vegna er þetta frv. hér komið fram. Sumarið 1948 fól félmrh. tryggingaráði og forstjóra Tryggingastofnunarinnar að undirbúa þessa endurskoðun, og tók Skúli Guðmundsson alþm. sæti í ráðinu í stað Helga Jónassonar alþm. á meðan á endurskoðuninni stóð. Frv. þetta er svo flutt að tilhlutan félmrn. fyrir tilmæli félmrh., sem lætur þess getið, að hann hafi óbundnar hendur í sambandi við afgreiðslu málsins. Sama fyrirvara gera nm., afstaða þeirra fer eftir því, hvaða afgreiðslu einstök atriði málsins fá.

Ég skal nú ekki að þessu sinni fara langt út í þetta mál, en efni þessa frv. lýtur aðallega að þrennu. Í fyrsta lagi er lagt til, að breyting verði gerð á starfsmannahaldi, þannig að auk þeirra starfsmanna, sem ákveðnir eru með gildandi lögum, skuli heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunarinnar, er nefnist heilsugæzlustjóri. Í rauninni er þar með aðeins verið að lögfesta atriði, sem þegar er komið til framkvæmda, þar eð Sigurður Sigurðsson var ráðinn heilsugæzlustjóri s. l. haust. Heilsugæzlustjóri á að hafa með höndum forstöðu heilsugæzlunnar, er þriðji kafli l. kemur til framkvæmda, en þangað til á hann að vinna að undirbúningi þeirra framkvæmda og hafa yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna.

Önnur meginbreyt., sem þetta frv. felur í sér, er sú, að sjúkrasamlög verði lögboðin í öllum

hreppum landsins. Enn þá eru 50—60 hreppar, þar sem ekki hafa verið stofnuð sjúkrasamlög, en nm. eru á einu máli um, að það skapi verulegar veilur í tryggingakerfinu, að sjúkrasamlögin nái ekki til allra landsmanna.

Aðalatriðið í 2. kafla er ákvæðið um heilsugæzlustjórann. Hann á í fyrsta lagi að hafa yfirumsjón með læknamálum stofnunarinnar í samráði við forstjóra og einnig sjúkrasamlaganna, en í öðru lagi að undirbúa framkvæmd heilsugæzlunnar og taka við stjórn þeirra mála, þegar sá kafli kemur til framkvæmda. Aðrar breyt. á l. lúta aðallega að ákvæðunum um bætur. Það hefur sýnt sig, að síðan almannatryggingal. voru samþ. 1946, hefur dýrtíðin aukizt að mun og kaupgjald hækkað þrátt fyrir vísitölubindinguna við 300 stig. Það má því segja, að hlutfallið milli launa og bóta hafi raskazt bótaþegum mjög í óhag. Úr þessu hefur þó verið reynt að bæta með því að greiða ellilífeyri, sem miðaður er við vísitöluna 315, en ekki 300. Þá hefur einnig verið tekinn upp sá háttur að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Lætur nærri, að þetta hvort tveggja samsvari 10% hækkun á lífeyrinum, sem nú er á 1. verðlagssvæði 3780 kr. að viðbættu sjúkrasamlagsiðgjaldi, 15 kr. á mánuði, eða alls 3960 kr. í stað 3600 kr., ef miðað er við grunnlífeyrinn og 300 vísitölustig. Þessi hækkun öll kemur því til með að samsvara 30 vísitölustigum. Þá var og rætt um það í n., hvort tiltækilegt væri að breyta bótaupphæðunum, sem eru eftir verðlagssvæðum 900 og 1200 kr. í grunn. Þetta þótti ekki tiltækilegt, því að nm. sýndist svo mikil óvissa ríkja bæði um fjárhag ríkisins og sveitarfélaga svo og það miklar sveiflur í verðlagi og kaupgjaldi, að þar yrði kannske tjaldað til einnar nætur. N. þótti og tíminn síðan l. voru sett tæpast nógu langur, og miðar hún því till. sínar um breytingar á bótakaflanum við það, að ekki þurfi að raska fjárhagsgrundvelli tryggingganna nú. Af því leiðir auðvitað, að till. eru takmarkaðri en ella. Í skemmstu máli að segja þá eru heimildirnar auknar og nokkrum nýjum bætt við. Hægt er eftir þessum l. að greiða hjónum einstaklingslífeyri hvoru fyrir sig, ef ástæður eru fyrir hendi, sem tryggingaráð metur gildar. Þá er og lagt til, að í staðinn fyrir 40% uppbót á lífeyrinn þá sé nú heimild til að greiða 50% uppbót á lífeyrinn og sé heimild þessi ekki bundin, eins og nú er í l., einungis við sjúkralífeyri, heldur nái hún einnig til þeirra, sem sökum einstæðingsskapar eða algers skorts á vinnugetu geta ekki komizt af með venjulegan lífeyri. Ýmsar fleiri heimildir eru rýmkaðar og síðan bætt inn einum nýjum bótaflokki, mæðralaunum, þar sem ætlazt er til, að einstaklingsmæðrum, sem hafa tvö börn eða fleiri á framfæri sínu, skuli auk barnalífeyris greidd sérstök mæðralaun, sem fari hækkandi eftir því, sem börnin eru fleiri. Árið 1946 var kaflinn um þetta felldur niður, en mér er mjög vel kunnugt, að brýn þörf er á að setja ákvæði um þetta. Ég hygg að vísu rétt, að ákvæðin um barnalífeyri séu betri hjá okkur en mörgum öðrum þjóðum. Allt um það er bersýnilegt, að barnalífeyririnn er ekki nægilegur, ef um mörg börn er að ræða hjá sömu móður. Hygg ég, að segja megi með nokkrum rétti, að móður með eitt barn sé ekki ástæða til að ætla, ef hún er við góða heilsu, nema 2400 kr., þar sem 200 kr. á mánuði ættu að gera henni kleift að sjá fyrir þeim báðum. Allt öðru máli er að gegna, ef börnin eru 2—4 eða fleiri, því að þá getur móðirin litið eða ekkert unnið út á við. Og útilokað er með öllu, að móðir með fleiri börn geti unnið sér eitthvað inn utan heimilis. Hér er því lagt til, að móðir með 2 börn fái í mæðralaun 1200 kr., með 3 börn 2400 kr. og með 4 börn eða fleiri 3600 kr. fyrir utan sinn fulla einstaklingslífeyri. Kona á 1. verðlagssvæði með 4 börn fengi því samtals 13200 kr., og ætti hún að geta dregið fram lífið á því. Ég vil eindregið mæla með því við hv. d., að hún samþykki þetta, því að hér hygg ég, að þörfin sé einna mest. Gert er ráð fyrir, að aukinn kostnaður samkv. II. kafla l. muni nema 2—2½ millj. Tryggingastofnunin hefur safnað nokkru fé að undanförnu, vegna þess hve vel hefur innheimzt, en bótagreiðslurnar ekki náð fullum þunga enn. Þess vegna lítur stofnunin svo á, að hægt sé að bæta þessum 2—2½ millj. við, án þess að hækka iðgjöldin eða afla annarra nýrra tekjustofna. Frá samþykkt alþýðutryggingal. 1946 hafa tekjur trygginganna verið skertar töluvert, og skal hér gefið stutt yfirlit um það. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að útgjöldin aukist um 2—2½ millj. kr. Iðgjöld til sjúkrasamlaga vegna elli- og örorkulífeyrisþega og annars í því sambandi nema um 1½ millj. kr. Þá eru komnar hér um bil 4 millj. Auk þess hefur verið ákveðið að greiða sjúkradagpeninga til mæðra, en ekki þori ég að segja ákveðið, hve hárri upphæð þau útgjöld muni nema. Tekjur trygginganna hafa einnig verið skertar með lækkun framlags á fjárl. um 500—600 þús. kr. Samtals telst mér til, að aukin útgjöld á tryggingarnar síðan l. um almannatryggingar voru afgreidd, sé gert ráð fyrir, að þetta frv. verði að l., nemi um 5 millj. kr., eða 10% af því, sem gert var ráð fyrir, að upphæð bótanna næmi. Þó telst n. svo til, að hægt sé að mæta þessum nýju útgjöldum án þess að leita nýrra tekjustofna.

Á eitt atriði vildi ég minnast enn, og er það heilsugæzlukaflinn. Afleiðingin af því, að honum hefur verið frestað, er sú, að nokkrir hópar detta niður á milli, ef svo mætti segja. Sjúkrasamlögin greiða ekki nema 5 vikna legu, ef sjúklingurinn er haldinn ellikröm eða öðrum álíka sjúkdómum, og ríkisframfærslan greiðir ekki dagpeninga fyrir sjúklinga, nema þeir liggi á viðurkenndum sjúkrahúsum. Nú er það, að ekki komast allir sjúklingar á viðunandi sjúkrahús, t. d. geðveikisjúklingar, og þurfa þá ættingjar eða sveitarfélögin að greiða kostnaðinn. Sama gildir um gamalt fólk, að í flestum tilfellum lendir það á sveitarfélögunum að greiða kostnaðinn af legu þess, svo mikið sem ellilífeyririnn hrekkur ekki, en mismunurinn nemur í flestum tilfellum um helming. Til þessa fólks kemur frv. til með að taka, ef að lögum verður. Sama er að segja um örkumla fólk; til þess greiði Tryggingastofnunin að sínum hluta

það, sem á vantar, að ríkisframfærslan hrökkvi fyrir kostnaði.

Ég hygg því, að mjög nauðsynlegt sé að samþ. þetta frv. Vona ég, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., en heilbr.- og félmn. mun taka það fyrir, þótt því verði ekki formlega vísað til hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 13. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 110, n. 307, 308, 329, 330, 331).

Brtt. 329, 330 og 331 of seint fram komnar. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið athugað gaumgæfilega í n. Það hefur verið borið saman við gildandi lög og sérstaklega athuguð þau atriði, sem breyta á með frv. N. hefur haft samráð við heilbr.- og félmn. Nd., og hefur hún setið fundi n. Samkomulag hefur orðið um það innan n., að hún flytti aðeins þær till., sem hún öll er sammála um, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja öðrum. Einnig mun n. fyrir 3. umr. athuga, hvort samkomulag geti orðið um að flytja fleiri till. en prentaðar eru á þskj. 308.

Ég tel rétt í upphafi máls míns að drepa lítillega á undirbúning og afgreiðslu l. um almannatryggingar, sem samþ. voru hér á Alþingi 1946. Það eru nú liðin 3 ár síðan þau tóku gildi, og er því fengin nokkur reynsla af framkvæmd þeirra. Eftir því, sem l. eru byggð upp, er til þess ætlazt, að Tryggingastofnunin sé nokkurs konar banki, sem einstaklingar og bæjar- og sveitarfélög o. s. frv. greiði gjöld til, en stofnunin greiði svo aftur tryggingarbæturnar. Að sjálfsögðu var rennt nokkuð blint í sjóinn, er lögin voru sett, um það, hve há útgjöld stofnunarinnar yrðu. Ég fullyrði, að meginhyggjur þm. voru þá þær, að hér væri of þungur baggi lagður á þjóðina, sérstaklega hvort framlag ríkisins hrykki fyrir því, sem á skorti, að aðrar tekjur stofnunarinnar hrykkju fyrir útgjöldum. Nú er nokkur reynsla komin á þetta, og það hefur sýnt sig til þessa, að þær áætlanir, sem byggt var á, hafa reynzt mjög skynsamlega og varlega gerðar, þannig að stofnunin skilaði tekjuafgangi tvö fyrstu árin, og væntanlega verður eins um árið 1949, en reikningslok þess árs eru enn ekki tilbúin. Þetta frv. á að auka bætur og fríðindi stofnunarinnar til samræmis við það, sem telja mætti, að óbreyttir tekjustofnar gætu staðið undir, en ekki er lagt til að raska að ráði fjárhagsgrundvelli tryggginganna sökum þess, hve mikil óvissa er ríkjandi um verðlag og kaupgjald og atvinnulífið í heild; þótti hægara að breyta ákvæðum l. en fastbinda lögboðnar bótagreiðslur, sem hætt var við, að brátt yrði að breyta.

Ég skal nú láta þetta nægja sem inngang og víkja að einstökum breytingum.

Meginbreytingarnar samkvæmt frv. eru þessar: Í fyrsta lagi, að tekin eru inn ákvæði um skipun heilsugæzlustjóra, er hafi yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra hennar. Hann hefur og með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála stofnunarinnar, er þriðji kafli almannatryggingal. kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda, hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna og sinnir störfum, sem áður heyrðu undir deildarstjóra sjúkratryggingadeildar. Starf heilsugæzlustjóra hefur raunverulega verið tekið upp. Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir var ráðinn fyrir ári og hefur síðan starfað hjá stofnuninni, og telja allir vel ráðið, að hann skuli hafa þessi mál með höndum.

Þá eru víkkaðar og auknar heimildir í l. til að greiða hærri bætur en lögin ákveða. Samkvæmt 17. gr. er t. d. lagt til að heimila að víkja frá því að gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, þegar sérstaklega stendur á. Þá er lagt til samkv. 8. gr., að heimilað sé, að hámark lífeyrishækkunar miðist við 50% af lífeyrisupphæðinni, í stað 40%, og er það gert aðallega með tilliti til verðlags- og kauplagsröskunar, sem orðið hefur síðan lögin voru sett. Það er lagt til, að heimild til þessarar hækkunar verði einnig látin ná til þeirra, sem sökum einstæðingsskapar og algers skorts á vinnugetu ekki komast af með venjulegan lífeyri, auk þeirra, sem heimildin nær þegar til. Einnig, að greiða megi hjónum lífeyri eins og um tvo einstaklinga væri að ræða, ef hjónin geta ekki búið saman af heilsufarsástæðum eða öðrum jafngildum ástæðum.

Þá er gert ráð fyrir, að þeir, sem njóta eftirlauna eða heiðurslauna úr opinberum sjóðum, megi fá fullan elli- og örorkulífeyri, ef eftirlaunin svara hálfum lífeyri eða minna, og þeim, sem meira fá í eftirlaun, er heimilt að greiða það, sem á vantar, að þeir hafi hálfan annan lífeyri.

Þá er lagt til með 13. gr., að nýr bótaflokkur, mæðralaun, sé tekinn upp og heimilt sé að greiða mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa 2 börn eða fleiri innan 16 ára aldurs á framfæri sínu. Enn fremur er lagt til að heimila að greiða dánarbætur til ekkna og ekkla, sem komin eru á lífeyrisaldur, er makinn fellur frá. — Lagt er til, að framkvæmd heilsugæzlunnar samkvæmt þriðja kafla l. verði frestað til ársloka 1954, eða í 5 ár, og að sjúkrasamlögin starfi þetta tímabil og að þar, sem sjúkrasamlög hafa ekki verið stofnuð nú þegar, skuli þau stofnuð á þessu ári og ná þannig til allra landsmanna, en nú mun láta nærri, að 10—12% landsmanna standi utan sjúkrasamlaga.

Þá eru enn fremur teknar í frv. heimildir í viðaukalögum frá 1947 og 1948, heimilað að greiða styrki til læknisvitjanasjóða og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana, og heimilað, að lækkun atvinnurekendaiðgjalds á 2. verðlagssvæði skuli haldast áfram í lögum.

Heilbr.- og félmn. fellst á að fresta enn

heilsugæzlunni, þar sem enn vantar þær stofnanir, sem lögin gera ráð fyrir, og engar líkur til, að þær verði komnar upp fyrir 1951, sem miðað er við. Hins vegar gerir n. sér vonir um, að undirbúningur heilsugæzlustjóra fái því áorkað, að heilsugæzlukafli l. geti komið til framkvæmda í árslok 1954.

N. telur, að till. þær til breytinga á l., sem gerðar eru í þessu frv., stefni í rétta átt. Hún er því samþykk meginatriðum þess og vill mælast til, að hv. d. geri það að lögum. En nokkrar breyt. telur hún rétt að gera við 2. umr. og hugsanlegar fleiri breyt. við 3. umr.

Brtt. n. eru prentaðar á þskj. 308. 1. brtt. fjallar um gildistöku frv. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að það gangi í gildi 1. jan. 1950, en nú getur sýnilega ekki orðið af því. Þess vegna er lagt til, að 1. gr. falli niður, en aftan við 34. gr. bætist ný gr. og bráðabirgðaákvæði, og taki lögin þegar gildi, er þau hafa verið samþykkt.

2. brtt. á þskj. 308 fjallar um breyt. á 5. gr. frv. Aftan við orðin „Í kaupstöðum" í upphafi 3. málsl. gr. bætist: utan Reykjavíkur. — Í Reykjavík er starf sjúkrasamlagsstjórnar svo umfangsmikið, að hér verða að gilda sérákvæði í þessu efni.

Við 6. gr. hefur n. orðið sammála um brtt. nr. 3 á þskj. 308. Samkv. 6. gr. er gert ráð fyrir, að samanlögð upphæð lífeyris og eftirlauna megi ná hálfum öðrum lífeyri. N. lítur svo á, að þá verði að taka fram, að þessi upphæð samsvari lífeyri á 1. verðlagssvæði, að viðbættum hálfum lífeyri þess verðlagssvæðis, þar sem hlutaðeigandi er búsettur.

Þá er brtt. við 8. gr. fyrri málsgr., er orðist svo: „Hámark lífeyrishækkunar, sem tryggingaráði er heimilt að veita vegna sjúkleika eða ellilasleika samkvæmt 17. gr. laganna, skal miðast við 50 af hundraði af lífeyrisupphæðinni, og má einnig veita hana mönnum, sem eru algerlega eignalausir og sökum fullkomins skorts á vinnugetu og einstæðingsskapar geta ekki komizt af með venjulegan lífeyri." Hér er bætt inn í málsgr. orðunum „algerlega eignalausir," og það er eðlilegt, að ekki megi veita hækkun nema þeim, sem eru algerlega eignalausir.

Þá er brtt. við 13. gr., fyrri málsgrein. Það er einnig orðalagsbreyt. og lítið efnisatriði. Í frv. er talað um heimild til greiðslu mæðralauna, að fengnu samþykki ríkisstj., en n. lítur svo á, að ekki þurfi frekar að binda þessa heimild við samþykki ríkisstj. en aðrar heimildir l., heldur sé ætlazt til, að þær séu allar notaðar. — Enn fremur er lagt til að hnýta aftan við málsgr., að börnin séu á heimili móður sinnar. Það er í samræmi við álit mþn. þeirrar, er samdi frv.

Þá leggur heilbr.- og félmn. til, að aftan við 29. gr. bætist nýr málsl., um að tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar skuli varið til að mæta rekstrarhalla trygginganna einstök ár, og skuli ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði. Eins og hv. dm. er kunnugt um, hefur gætt nokkurs ágreinings milli fjmrn. annars vegar og Tryggingastofnunarinnar hins vegar um skilning á 116. gr. l. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar, að tekjuafgangur trygginganna renni til lækkunar á framlagi ríkissjóðs. Það hefur stofnunin hins vegar ekki getað fallizt á og talið þvert ofan í anda l. og hefur skotið máli sínu til félmrn. N. vill nú taka af öll tvímæli í þessu efni með viðbót aftan við 29. gr., sem fyrr segir, og er þar skirrzt við að leita til ríkisins um greiðslu á hallarekstri á meðan nokkur tekjuafgangur er í trrygginga-sjóði.

Þá leggur n. til, að aftan við frv. bætist ný grein og bráðabirgðaákvæði. Greinin, sem verður 35. gr., fjallar um gildistöku l., og bráðabirgðaákvæðið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggingaráði er heimilt að greiða úr tryggingasjóði allt að 10% uppbót á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrki og makabætur fyrir bótatímabilið frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950."

Þetta hefur verið rætt í Sþ., svo að ég færi engin rök að því. Þetta er gert samkvæmt ábendingum stofnunarinnar, og lítur meiri hl. tryggingaráðs svo á, að þetta sé greitt til viðbótar hækkunum, sem orðið hafa frá gildistöku l., sbr. launahækkun opinberra starfsmanna, og verði bráðabirgðaákvæðið samþykkt, nemur greiðslan um 5 millj.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. eða um brtt. n. að sinni, og geymi mér að ræða brtt. einstakra þm., þar til þeir hafa gert grein fyrir þeim. Fyrir hönd n. óska ég, að frv. verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umræðu, og mun n. athuga, hvort henni þykir rétt að bera fram fleiri brtt. við þá umræðu.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að ræða þetta mál almennt, en víkja að einu atriði, sem snertir fjárhag ríkissjóðs sérstaklega. Hér er gert ráð fyrir, að því sé slegið föstu, að framlag ríkissjóðs samkvæmt 116. gr. l. sé 5,8 millj. kr. á ári, það eru 29 millj. í 5 ár. Þar við bætist mjög hækkað framlag til sjúkratrygginga. Það hefur verið 3,4 millj., en er nú áætlað á fjárl. 6 millj., svo að hækkun á framlagi til sjúkratrygginga hækkar þannig um 2,6 millj. kr.

En það var aðallega framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr., sem ég ætlaði að tala hér um. Það hefur orðið ágreiningur milli fjmrn. og Tryggingastofnunarinnar um skilning á því lagaákvæði. Sá ágreiningur er ekki nýr. Um þetta mál hafa fjallað aðalendurskoðandi ríkisins og skrifstofustjóri fjmrn., sem báðir eru glöggir menn og góðir lögfræðingar, og þeir halda fram, að ríkinu beri aðeins að greiða það, sem á vantar, en það, sem safnast fyrir, sé ofgreitt og eigi að endurgreiða ríkinu. Þannig skilja þeir 116. gr. varðandi skyldu ríkissjóðs í þessu efni. Nú, þegar þetta ágreiningsatriði er komið inn í þingið, þykir mér rétt að gera við þessa umræðu málsins grein fyrir sjónarmiðum fjmrn. í sambandi við þennan ágreining. Ég ætla nú að leyfa mér, til þess að þetta sjónarmið skýrist betur, að lesa nokkrar greinargerðir, sem fjmrn. álítur, að skýri skilning þess á málinu.

„Fjórum aðilum er ætlað að standa undir ár-

legum útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins: Hinum tryggðu, atvinnurekendum, sveitar- og bæjarsjóðum og ríkissjóði. Framlög hinna þriggja fyrst nefndu aðila eru fastákveðin í lögum, og mega þau hvorki vera hærri né lægri en þar greinir. Öðru máli gegnir með ríkissjóð. Honum er lögð sú skylda á herðar, skv. 116. gr. l., að ábyrgjast greiðslu bóta og kostnað af heilsugæzlu samkv. lögum, og skal hann leggja fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar aðrar tekjur hans til að inna af hendi árlegar greiðslur, og til frekari áréttingar er svo bætt við, að taka skuli í hver fjárlög í þessu skyni áætlunarupphæð eftir áætlun tryggingaráðs, allt að 7½ millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót.

Þetta mega teljast mjög skýr ákvæði og ætti ekki að þurfa að misskilja. Ríkissjóði er lögð sú skylda á herðar að greiða það, sem upp á vantar, að tekjur Tryggingastofnunarinnar hrökkvi fyrir árlegum gjöldum, en hvorki meira né minna. Það er auðvitað á einskis manns færi að kveða á um það fyrir fram, hversu mikið kunni að vanta upp á föstu tekjurnar árlega, og þess vegna er sú fjárhæð, sem í fjárlög verður tekin, áætlunarupphæð, sem hlýtur að breytast til hækkunar eða lækkunar eftir því, sem útkoman af rekstri þessarar starfsemi verður. Eðlilegt er að fela tryggingaráði að gera þessa áætlun, af því að það á að vera þessum málum kunnugast. Tryggingastofnunin virðist vera á annarri skoðun. Í bréfi hennar til félmrn., dags. 19/12 1949, segir meðal annars svo: „Fari upphæðin ekki fram úr áður nefndu hámarki (þ. e. 7½ millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót), er framlagið fastákveðið samkv. 116. gr., og ber þá að standa skil á því, eins og hverjum öðrum lögbundnum greiðslum."

Færi svo, að Alþingi áætlaði framlag ríkisins svo lágt, að ekki hrykki fyrir útgjöldum þess árs, mundi Tryggingastofnunin að sjálfsögðu krefja ríkissjóð um það, sem á vantaði, sem rétt væri, þar sem hann annars hefði ekki fullnægt skyldum sínum samkv. 116. gr. Væri þá samkv. skilningi Tryggingastofnunarinnar fjárveitingin áætlunarupphæð, ef hún hrykki ekki til að greiða hallann á rekstrinum, en fast framlag, ef hún færi fram úr því, sem þyrfti til nauðsynlegra gjalda. Sjá allir, hversu fáránleg lögskýring þetta væri.

Enn segir í bréfi Tryggingastofnunarinnar: „Fari áætlunarupphæð tryggingaráðs hins vegar ekki fram úr nefndu hámarki (þ. e. 7½ millj. kr. + verðlagsuppbót, er það á valdi ráðsins að ákveða, hvert framlagið skv. 116. gr. skuli vera, og er þá skylt að taka upphæðina í fjárlög og inna greiðsluna af hendi, eins og áður segir." M. ö. o., Alþingi á ekki að hafa heimild til að breyta áætlun tryggingaráðs, hvað fráleit sem hún kynni að vera, en það væri sama sem að segja, að Alþingi hefði að þessu leyti afhent tryggingaráði fjárveitingarvald. Ég efast um, að þeir alþm., sem áttu sæti á þingi, er lögin voru sett, mundu vilja kannast við þetta.

Þá segir í bréfi Tryggingastofnunarinnar: „Af ótta við, að þetta framlag, þ. e. ríkissjóðs, mundi reynast of lágt, var það ákvæði sett í lögin, að upphæðin skyldi vera hámarksupphæð." Í 118. gr. frv. tryggingal., sem í l. varð 116. gr., er skylda ríkissjóðs til að greiða það, sem upp á kann að vanta árlega, alveg skilyrðislaus. Alþingi mun hafa þótt þetta ákvæði viðurhlutamikið, og því er hámarksupphæðin sett inn, ekki af ótta við, að framlagið yrði of lágt, heldur til að draga úr áhættu ríkissjóðs og jafnvel sett ákvæði um, að endurskoða skuli lögin, ef framlag ríkisins fer 75% fram úr hámarki. Þá virðist Tryggingastofnunin alveg misskilja, hvað átt sé við með því ákvæði, að fé tryggingasjóðs skuli jafnan vera handbært. Þetta er varúðarráðstöfun til að tryggja það, að stjórn fyrirtækisins festi aldrei neitt af árlegum tekjum stofnunarinnar, gagnstætt varasjóðnum, sem bæði er rétt og skylt að ávaxta á sem hagkvæmastan hátt. Ekki verður séð, hvaða orsakasamband er á milli þess, að tryggingasjóður hljóti að mega hafa tekjuafgang einstök ár, vegna þess að hann megi taka bráðabirgðalán hjá varasjóði. Þar sem ríkissjóður ábyrgist allan rekstrarhallann, er einsýnt, að slík bráðabirgðalán eiga að endurgreiðast af framlagi ríkissjóðs.

Það er rétt í bréfi Tryggingastofnunarinnar, að útgjöldin höfðu ekki náð fullum þunga árið 1947, og að þess vegna varð allmikill tekjuafgangur það ár, en 1948 varð tekjuafgangurinn þó ca. 5,5 millj., sem sýnir, að rífleg hefur tekjuáætlun verið það ár líka, og hefur svo jafnan verið síðan. Hitt er algerlega rangt, að tekjuafgangurinn sé ekki myndaður af framlagi ríkissjóðs. Framlag annarra aðila er fastákveðið. Framlag ríkissjóðs er bundið við hallann á rekstrinum, og allt, sem fram yfir er, er því ofgreiðsla af hálfu ríkissjóðs.

Tryggingastofnunin og félmrn. virðast leggja mikla áherzlu á, að ef gengið yrði inn á skilning ráðuneytisins, væri með því raskað þeim hlutföllum, sem hugsað var við undirbúning og setning l., að þeir aðilar, sem að tryggingum standa, greiddu framlög sín eftir. Við þessu er það fyrst og fremst að segja, að eitt er að áætla, annað að framkvæma, og slíkar áætlanir geta aldrei breytt veruleikanum eða skapað heimild til að sniðganga skýlaus fyrirmæli l. Þó skal vikið að þessu nánar.

Tryggingastofnunin segir í bréfi sínu, að gert hafi verið ráð fyrir, að sveitarsjóðir og ríkissjóður greiddu um helming kostnaðarins, þar af ríkissjóður ⅔ og sveitarsjóðir ⅓. Ekki er þetta nú alls kostar rétt. Í grg. frv. eru hlutföllin áætluð sem hér segir:

Hinir tryggðu	29%
Atvinnurekendur	16,5%
Sveitarfélög	21%
Ríkissjóður	33,5%

Samkv. reikningum Tryggingastofnunar ríkisins árin 1947 og 1948 urðu framlög þessara aðila sem hér segir, og þá einungis reiknað með tekjuliðum I—III á rekstrarreikn.:

	1947				
1. Hinir tryggðu	16.223	millj.	kr.,	eða	28.47%
2. Atvinnurekendur	13.358	—	—	—	23.44%
3. Sveitarfélög	10.8	—	—	—	18.96%
4. Ríkissjóður	16.6	—	—	—	29.13%

1948

1. Hinir tryggðu	16.768	millj.	kr., eða	26.31%
2. Atvinnurekendur	14.24	—	— —	22.34%
3. Sveitarfélög	11.6	—	— —	17.51%
4. Ríkissjóður	21.562	—	— —	33.84%

Hér er þó ekki nema hálfsögð sagan. Þegar umræddur útreikningur á hlutföllum á milli hinna ýmsu aðila var gerður, var að sjálfsögðu gengið út frá, að öll lögin kæmu til framkvæmda, þ. á m. sá kafli l., sem fjallar um heilsugæzlu. Í grg. fyrir frv. segir meðal annars svo: „Nefndin gerir ráð fyrir, að mestur hluti núverandi kostnaðar sveitarfélaganna við fátækraframfærsluna flytjist yfir á tryggingarnar... Kostnaður ríkissjóðs vegna heilbrigðismála, svo sem laun lækna, framfærsla sjúkra manna og örkumla og þess háttar, flyzt og að langmestu leyti yfir á tryggingarnar." Eins og kunnugt er, hefur ekki tekizt að koma kaflanum um heilsugæzluna í framkvæmd, þannig að heilsugæzlan hvílir enn með fullum þunga á ríkissjóði. Útgjöld þau, sem fallið hefðu á Tryggingastofnunina, ef heilsugæzlukaflinn hefði verið framkvæmdur, urðu árin 1947 og 1948 sem hér segir:

1947

1. Halli ríkisspítalanna	kr.	3.921	millj.	kr.
2. Kostn. v/berklavarna ...	—	2.942	—	—
3. Styrkur til sjúkra og örkumla	—	2.450	—	—
		9.313	—	—

1948

1. Halli ríkisspítalanna	kr.	2.582	millj.	kr.
2. Kostn. v/berklavarna ...	—	3.266	—	—
3. Styrkur til sjúkra og örkumla	—	2.833	—	—
		8.681	—	—

Þannig að það eru ekki 16.6 millj. kr., sem ríkissjóður hefur greitt vegna þessara mála árið 1947, heldur 25.9 millj. og árið 1948 ekki 21.562, heldur 30.243 millj. kr.

Í töflu þeirri í nál., sem fyrrgreindar hlutfallstölur n. eru byggðar á, er hluti ríkissjóðs af framangreindum liðum heilsugæzlunnar talinn, miðað við árið 1945, 7,3 millj. kr. og hefur því hækkað um rúm 25% á árinu 1947, en tæp 20% á árinu 1948. Ekki er ráðuneytinu kunnugt, hver hefur orðið hækkun á útgjöldum sveitarfélaga og einstaklinga vegna aukins kostnaðar við heilsugæzluna árin 1947 og 1948, en ef gengið er út frá 25% hækkun, ættu framlög hinna tryggðu að vera um 6,875 millj. kr. og sveitarfélaga um 2.75 millj. kr.

Sé því kostnaði við heilsugæzluna bætt við framlög þessara aðila til Tryggingastofnunarinnar, verður útkoman þessi:

1. Hinir tryggðu	23.098	millj.	kr., eða	30.43%
2. Atvinnurekendur	13.358	—	— —	17.6%
3. Sveitarfélög	13.55	—	— —	17.85%
4. Ríkissjóður	25.9	—	— —	34.12%
	75.906	—	—	—100%

1. Hinir tryggðu	23.643	millj.	kr., eða	28.82%
2. Atvinnurekendur	14.24	—	— —	17.36%
3. Sveitarfélög	13.91	—	— —	16.95%
4. Ríkissjóður	30.243	—	— —	36.87%
	82.036	—	—	—100%

sem sýnir, að hlutföllin hafa raskazt mjög ríkissjóði í óhag við það, að ekki hefur tekizt að koma heilsugæzlukostnaðinum yfir á Tryggingastofnunina, eins og lögin gera ráð fyrir. Væri skilningur ráðuneytisins á málinu lagður til grundvallar þessum útreikningi, þ. e. framlag ríkissjóðs miðað við greiðslu rekstrarhallans að viðbættum raunverulegum kostnaði af heilsugæzlu, yrði útkoman þessi:

1. Hinir tryggðu	23.098	millj.	kr., eða	33.96%
2. Atvinnurekendur	13.358	—	— —	19.64%
3. Sveitarfélög	13.55	—	— —	19.92%
4. Ríkissjóður	18.0	—	— —	26.47%
	68.006	—	—	—100%

1. Hinir tryggðu	23.643	millj.	kr., eða	30.89%
2. Atvinnurekendur	14.24	—	— —	18.61%
3. Sveitarfélög	13.91	—	— —	18.17%
4. Ríkissjóður	24.743	—	— —	32.33%
	76.536	—	—	—100%

sem að því er tekur til ársins 1948, þegar festa var komin á þessi mál, sýnir, að hlutföllin eru yfirleitt mjög svipuð því, sem n. gerði ráð fyrir í öndverðu.

Allt hjal Tryggingastofnunarinnar og félmrn. um röskun á grundvelli trygginganna og deilur, sem af því kunna að rísa um stofnunina og tryggingakerfið allt, er því gripið úr lausu lofti og hefur við ekkert að styðjast. Engin deila getur um þetta risið nema sú, sem þegar er upp komin á milli Tryggingastofnunarinnar og ráðuneytisins, um skilning á 116. gr. tryggingal., sem bráðlega mun leysast með úrskurði löglegra aðila. Tryggingastofnunin telur, að tryggingaráð hafi gengið út frá, að það mætti halda því fé, sem þannig hefur safnazt í tryggingasjóð, og hefur í því sambandi gert ráðstafanir til útlána á 14,5 millj. kr. á næstu 5—6 árum. Þetta er alveg furðuleg yfirlýsing, þar sem fé tryggingasjóðs á jafnan að vera handbært skv. 103. gr. tryggingal. og því algerlega óheimilt að lána það út. Þá viðurkennir Tryggingastofnunin, að hún hafi stundum lánað sveitarfélögum fé, til þess að ekki þyrfti að krefja ríkissjóð um greiðslu á framlögunum, sem ríkissjóður annars ber ábyrgð á. Þetta er í rauninni sama og veita sveitarfélögunum gjaldfrest með sín tillög, og verður mjög að draga í efa réttmæti slíkrar ráðstöfunar.

Samkvæmt athugasemdum, sem ríkisendurskoðunin hefur gert við reikninga Tryggingastofnunarinnar árið 1947, er ofgreitt af hálfu ríkissjóðs kr. 10.5 millj., tekjuafgangur 1948 5.5 millj. og ofgreitt vegna sjúkrabóta s. á. (áætlað) 2 millj. eða alls 18 millj. Framlag ríkisins er áætlað fyrir 1949 20.7 millj. kr. og á fjárlfrv. það ár 21,3 millj. kr. Samkv. reynslu

þeirri, er fengin er um útgjöld Tryggingastofnunarinnar, má búast við, að umframgreiðsla ríkissjóðs verði komin um eða yfir 30 millj. kr. í lok þessa árs. Þetta fé getur ríkissjóður ekki lagt fram nema með því að auka lausaskuldir sínar að sama skapi, en það þýðir aukna vaxtabyrði um 2 millj. kr. á ári. Þetta fé verður svo að liggja sem dautt kapital hjá Tryggingastofnuninni, því að óheimilt er að lána út fé tryggingasjóðs, eins og sýnt hefur verið fram á. Sjá allir heilvita menn, hversu gersamlega óverjandi þessi ráðstöfun er. Tryggingastofnuninni eru lagðir mjög ríflegir varasjóðir lögum samkvæmt, og námu þeir í árslok 1948 43,5 millj. kr. Vextirnir, sem leggjast við varasjóðinn, eru á þriðju millj. kr. árlega. Til varasjóðs á ekki að þurfa að grípa nema til bráðabirgða, því að ríkissjóður greiðir allt sem á vantar árlega, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum. Verður því ekki annað séð en mjög tryggilega sé gengið frá fjárhag stofnunarinnar. En jafnvel þó að útveguð yrði heimild til útlána á fé tryggingasjóðs, orkar mjög tvímælis, hversu heppileg ráðstöfun þetta væri, því að hún virðist stefna að því, að Tryggingastofnunin takist á hendur í sambandi við tryggingastarfið stórfellda útlánastarfsemi, sem eigi að byggjast á árlegum vaxtalausum milljónaframlögum, sem tryggingaráð, eftir skilningi Tryggingastofnunarinnar, á að geta skammtað sér úr ríkissjóði eftir vild, og hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Varasjóður Tryggingastofnunarinnar mun verða kominn upp í 48 millj. kr. í lok þessa árs og umfram greitt fé úr ríkissjóði um 30 millj. kr., eins og áður er sagt, eða alls upp undir 80 millj. kr. Hljóta þessir sjóðir að vaxa hröðum skrefum árlega, einkanlega ef um árleg milljónaframlög verður að ræða úr ríkissjóði, eins og verið hefur hingað til. Nú munu flestir sammála um, að ein af höfuðorsökum til verðþenslunnar séu óeðlilega mikil útlán banka og annarra stofnana á síðari árum. Sýnist nú lítið vit í því, að Alþingi og ríkisstjórn auki nú enn á þessi vandræði með því að auka lausaskuldir ríkisins um tugi milljóna króna með því að afhenda einni ríkisstofnun 8—10 millj. kr. árlega, til þess annaðhvort að lána þetta fé út aftur fyrir lægri vexti en ríkissjóður verður að greiða og í tilbót með þeim afleiðingum, að verðþenslan í landinu hlýtur að aukast, eða þá að fé verður að liggja að þarflausu, sem „dautt kapital" til tryggingar rekstrarafkomu Tryggingastofnunarinnar, sem er fulltryggð fyrir með digrum varasjóði og ábyrgð ríkissjóðs fyrir árlegum halla á rekstrinum. Af hálfu Tryggingastofnunarinnar hefur á það verið bent, að þetta fé hafi verið greitt aths.laust til Tryggingastofnunarinnar 1947 og 1948. Til þess er því að svara, að reikningar Tryggingastofnunarinnar bárust ekki ráðuneytinu fyrr en snemma á árinu 1949, og varð því ekki vitað með neinni vissu fyrr en þá, hvernig afkoman hefði orðið 1947. Skömmu eftir að ráðuneytinu varð þetta ljóst, átti ráðuneytið tal við fulltrúa Tryggingastofnunarinnar í fjarveru forstjórans og tjáði honum, að ráðuneytið liti svo á, að umframgreiðslan ætti að ganga til baka. En við forstjórann hefur málið verið rætt oft síðan, án þess að samkomulag hafi tekizt. Hins vegar hefur verið dregin frá framlaginu 1949 fjárhæð, sem svarar til tekjuafgangsins 1947.

Hér að framan hafa verið færð rök að því, að skylda ríkissjóðs samkv. 116. gr. er bundin við ábyrgð á árlegum kostnaði Tryggingastofnunarinnar fram yfir aðrar tekjur stofnunarinnar og gersamlega óheimilt er að greiða meira úr ríkissjóði árlega en sem því nemur. Að vegna þess, að heilsugæzlunni hefur ekki verið létt af ríkissjóði enn, hafa hlutföllin, sem hinum ýmsu aðilum var ætlað að greiða eftir, engan veginn raskazt ríkissjóði í hag, nema síður sé. Að vegna hárra varasjóða og ábyrgðar ríkissjóðs er alveg ástæðulaust að leggja Tryggingastofnuninni meira fé en lögin gera ráð fyrir, enda aldrei verið til þess ætlazt. Að útlán til tryggingasjóðs er vafasöm ráðstöfun og að óverjandi er að afla fjár til sliks með auknum lausaskuldum ríkisins og þar af leiðandi aukinni vaxtabyrði árlega."

Þetta er sú greinargerð, sem fjmrn. hefur gert af sinni hálfu í sambandi við þá deilu, sem upp er komin og eins og nú er komið verður að sjálfsögðu lögð undir dóm Alþingis. Sýnist það og vera réttur háttur, þar sem um svo miklar fjárhæðir er að ræða.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og tekið er fram í grg. fyrir frv., er það árangur af almennri endurskoðun tryggingal., sem var ákveðin af Alþingi 1947. Þegar þetta er haft í huga, liggur beint við að álykta, að Alþingi hafi þá þótt ástæða til að gera verulegar breyt. á l. Hins vegar kemur það fram í frv. svo og í grg. fyrir því, að breyt. eru ekki eins stórvægilegar og búast hefði mátt við. Meðal annars er ekki í frv. gert ráð fyrir neinum breytingum á lífeyrisupphæðum l. Breytingarnar, sem í þessu frv. felast og hv. n. hefur fallizt á, eru að mestu leyti aðeins þær, að Tryggingastofnuninni er heimilt undir sérstökum kringumstæðum að greiða nokkrar uppbætur á hinar almennu greiðslur samkv. l. Einnig er svo lagt til, að lögtekinn verði nýr bótaflokkur, svonefnd mæðralaun, og tel ég það vera mjög til bóta. Ég minnist á þetta vegna þess, að þegar lögin voru sett 1946, voru talsverðar deilur á Alþingi um sumt í l. og þá sérstaklega talið, og það með réttu, að ekki væri fært að fara með bótagreiðslurnar hærra en sem fullum ellilífeyri næmi.

Ég flutti í þessari hv. d. brtt. við frv. það, sem þá lá fyrir d. um almannatryggingar, og var efni hennar það, að upphæðir til bótaþeganna yrðu yfirleitt 25% hærri en gert var ráð fyrir í frv. Þessu var andmælt þá og sérstaklega af hendi þeirra, er töldu sig vera formælendur l., á þeim grundvelli, að þær tekjur, sem fært þætti að byggja á, þ. e. a. s. frá ríkinu, atvinnurekendum og bæjar- og sveitarfélögum, mundu ekki hrökkva fyrir hærri bótum en ákveðin voru. Nú hefur það sýnt sig, að verulegur tekjuafgangur hefur orðið undanfarin ár, og hefur hann nú leitt til deilu um það, hver eigi hann. Ég hef þess vegna nokkra tilhneigingu til að álíta, að þegar l. voru endur-

skoðuð, þá hefði verið fært og æskilegt, að upphæðir bótagreiðslnanna hefðu verið teknar til endurskoðunar og hækkaðar. Mér skilst nú, að ekki sé langt frá því, að tekjur Tryggingastofnunarinnar hefðu getað staðið undir 25% hærri bótagreiðslum, eins og ég lagði til. En um þetta þori ég þó ekki alveg að segja, þótt ég hafi séð reikninga stofnunarinnar yfir árið 1947. En ef það hefur ekki verið, þá er sá munur aldrei það hár, að auðvelt hefði verið að afla tekna upp í það, sem á vantaði. Það er nú kunnugt og m. a. viðurkennt af hv. 4. þm. Reykv. (HG), sem er forstjóri tryggginganna, að lífeyrisgreiðslurnar eru, eins og hann orðaði það, of lágar og ófullnægjandi og ekki hægt að lifa af þeim án stuðnings. Þegar þetta er nú haft í huga, þá tel ég, að það hafi verið full þörf á því og rík ástæða til þess nú í sambandi við endurskoðun að hækka lífeyrisgreiðslurnar t. d. um 25%. Þetta hefur nú ekki verið gert. Ég hygg, að það eigi rót sína að rekja til þess, að endurskoðunin er framkvæmd að tilhlutan félmrn. og ekki af n., heldur af tryggingaráði, sem hlýtur að hafa tilhneigingu til þess að líta frekar á fjárhagslega afkomu Tryggingastofnunarinnar en þörf hinna tryggðu. Þetta finnst mér sennilegasta skýringin á því, að ekki var breytt grundvellinum að bótaupphæðunum.

Fyrst þessi kostur hefur nú verið tekinn og hv. heilbr.- og félmn. beggja d. hafa orðið sammála um að hafa þetta eins og það er í frv., þá býst ég nú ekki við, að till. mínar frá 1946 eigi mikinn byr í hv. d. frekar en þá, og hef ég því ekki flutt neinar till. um hækkun á bótagreiðslunum. Hins vegar hef ég leyft mér að flytja nokkrar brtt., sem ekki raska fjárhagsgrundvelli Tryggingastofnunarinnar, og vænti ég þess, að þær geti fengið góða niðurstöðu í hv. d. samtímis samþykkt þessa frv., sem ég tel þó ganga skemur en æskilegt hefði verið.

Þá skal ég nú víkja nokkuð að brtt. mínum. Fyrri brtt. er á þskj. 329 og er brtt. við frv. Seinni brtt. mín er á þskj. 330 og er brtt. við brtt. á þskj. 308. Fyrri brtt. á þskj. 329 er við 10. gr. frv., en í 10. gr. er kveðið svo á, að þær takmarkanir, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsgr. 23. gr. l. á greiðslum barnalífeyris, skuli einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr. Eins og l. er háttað, hafa ekki þær takmarkanir, sem þar er talað um, gilt fyrir mæður óskilgetinna barna, þ. e. a. s. þessar takmarkanir eru þær, að ekkjur og fráskildar konur, sem fengu greiddan barnalífeyri með börnum sínum, fá ekki greiddan barnalífeyri nema 3 ár, en þessar takmarkanir hafa ekki gilt um mæður óskilgetinna barna. Nú er til þess ætlazt með þessari 10. gr. frv., að komið verði á samræmi þarna á milli og þá á þann hátt að minnka rétt þessara mæðra óskilgetinna barna frá því, sem verið hefur, samræminu er snúið við með því að draga úr bótum til þessara aðila. Till. mín fer hins vegar fram á, að þessi takmörkun til ekkna og fráskilinna kvenna, sem ákveðin er í 2. og 3. málslið 23. gr., falli niður, þannig að þetta ósamræmi verði fellt úr gildi, en á þann hátt, að þetta verði samræmt upp á við þannig, að ekkjur og fráskildar konur hafi sama rétt hvað þetta snertir eins og hinar mæðurnar. Ég þarf ekki að fjölyrða frekar um þetta. Ég geri ráð fyrir, að það liggi skýrt fyrir, hver munur er á brtt. minni og þeirri till., sem felst í 10. gr. Hv. þm. Barð. (GJ) flytur um þetta líka brtt. á þskj. 331. Sú till. gengur út á það að vísu að samræma þetta, en á þann hátt, að ekki aðeins sé rýrður réttur mæðra óskilgetinna barna, eins og felst í 10. gr., heldur líka dregið úr lífeyrisgreiðslum með börnum til ekkna og fráskilinna kvenna, þ. e. a. s. sá tími, sem þær fá slíkar greiðslur, er aðeins eitt ár í staðinn fyrir þrjú. Till. hans gengur talsvert lengra en það, sem felst í 10. gr., í öfuga átt við það, sem ég vil vera láta, og mun ég því ekki geta fallizt á þá brtt.

Þá fjallar 2. brtt. mín á þskj. 329 um þessa nýju tegund bóta, sem frv. gerir ráð fyrir að tekin verði upp í l., þ. e. a. s. mæðralaun. Eins og ég gat um áðan, þá tel ég það spor í rétta átt að taka slík ákvæði upp í l., og einnig þegar l. voru sett 1946, börðust sósíalistar fyrir því að fá slík ákvæði inn í l., en fengu því ekki fram komið. Nú er þetta sjónarmið okkar viðurkennt og ætlazt til, að í l. komi ákvæði um það, að greiða skuli mæðralaun til mæðra, sem eru einar um það að sjá fyrir börnum sínum. En þó að ég sé þessari hugmynd sammála og telji hana spor í rétta átt, þá er ég ekki alveg sammála því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir, að á þessu sé haft samkv. frvgr. og samkvæmt því, sem heilbr.- og félmn. einnig lætur standa óbreytt í frv. og virðist telja rétt vera. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að þessi mæðralaun komi ekki til greina fyrr en mæður hafa 2 börn á framfæri sínu, þ. e. a. s. fyrir eitt barn eru engin mæðralaun, og ég hef heyrt því haldið fram af frsm. félmn. hér, að rökin fyrir þessu séu þau, að þó að kona hafi fyrir einu barni að sjá, þá eigi það ekki að hindra hana í því að vinna fyrir sínu eigin framfæri. Ég er allt annarrar skoðunar hvað þetta snertir. Ég álít einmitt, að með tilkomu fyrsta barnsins sé móðirin fyrst og fremst hindruð frá því að geta stundað vinnu utan heimilis til þess að afla sjálfri sér lífsviðurværis, eins og högum er yfirleitt háttað hér á landi, sérstaklega í kaupstöðum. Við skulum segja í Reykjavík, þar sem t. d. dagheimili fyrir börn að vísu eru aðeins til, en í svo smáum stíl, að hverfandi hluti kvenna á þess kost að koma börnum sínum þar fyrir á daginn. Þá er augljóst, að strax og móðir hefur fyrir einu barni að sjá, verður hún að hafa það heima hjá sér og getur ekki farið frá því til þess að vera utan heimilis, nema því aðeins að hún eigi þess kost að hafa það hjá öðru fólki, en fyrir því er ekki hægt að gera ráð sem almennri reglu og ekki hægt að miða lagasetningu hvað þetta snertir við það. Ég álít þess vegna, að mæðralaun eigi að koma til greina þegar við fyrsta barn og að fyrir það fyrsta barn þurfi að greiða verulega upphæð til móðurinnar, vegna þess að þá þegar sé hún að verulegu leyti hindruð í því að geta unnið sjálfri sér framfæri með því að sækja vinnu út fyrir heimilið. Hins vegar

megi frekar lækka greiðslurnar hlutfallslega eftir því, sem börnunum fjölgar, vegna þess að móðirin er þá þegar orðin það bundin við heimilið, að hún á þess þá alveg sama kost að sinna 2—4 börnum eins og hún er bundin við að sinna einu barni heima fyrir. Barnafjöldinn hefur þá aðeins áhrif hvað sjálfan framfærsluþungann snertir, en minni áhrif hvað snertir hindrun móðurinnar í því að vinna utan heimilis fyrir sínu eigin framfæri. Ég hef þess vegna leyft mér að flytja brtt. við upphæð og fyrirkomulag mæðralaunanna, á þann hátt, að ef miðað er við 1. verðlagssvæði, þá verði greiðsla mæðralauna þegar vegna fyrsta barns og þá 600 kr. í staðinn fyrir að frv. gerir ráð fyrir, að fyrir fyrsta barn komi ekki neitt. Til mæðra með 2 börn 800 kr. í staðinn fyrir, að frv. gerir ráð fyrir 200 kr., og til mæðra með 3 börn 1000 kr. í staðinn fyrir 800 kr. í frv. Til mæðra með 4 börn eða fleiri 1200 kr., eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég hef ekki séð mér fært, vegna þess að hámarkslífeyrisgreiðsla er kr. 1200, að leggja til, að þessar greiðslur fari yfir það hámark, enda þótt ég haldi því fram, að það hámark sé of lágt og engan veginn fullur lífeyrir. En ég hef ekki viljað fara fram úr þessu marki vegna þess, að það skapar ósamræmi við aðrar lífeyrisgreiðslur og torveldar einnig að fá fylgi við þessar till. hér í d. Sem sagt, þessi till. mín er ekki miðuð við, að farið sé fram úr hámarksgreiðslum, sem gert er ráð fyrir í frv., heldur felur hún í sér aðra skiptingu á þessu. Að vísu felur hún í sér einhver aukin útgjöld, vegna þess að greitt er með fyrsta barninu í staðinn fyrir, að í frv. er ekki greitt nema með öðru. En samt vonast ég til þess, fyrst nú er sú framför orðin frá l. 1946, þegar þetta sjónarmið, mæðralaunin, var ekki viðurkennt, að þetta prinsip er viðurkennt og lagt til, að slíkar greiðslur séu teknar upp, að það verði a. m. k. tekið til yfirvegunar í sambandi við afgreiðslu málsins, hvort ekki mæli full rök með því, að hafður sé um þetta sá háttur, sem ég legg til í þessari till.

Þá flyt ég brtt. á þskj. 330 við tölul. 7.b. á brtt. 308, en það er um það, að í staðinn fyrir þau 10%, sem n. leggur til að greitt verði á ellilífeyri og aðrar slíkar greiðslur, komi 20%. Ég skal taka það þegar fram, að það hefur fallið hér niður úr þessari till. í prentun ein tegund greiðslna, sem þar átti að standa, þ. e. a. s. örorkustyrkur. Ég ætlaðist til þess, að sett væri í mína till., að þessar greiðslur næðu yfir alla þá sömu flokka sem taldir eru upp í till. félmn., en það hefur aðeins fallið niður í prentun og verður prentað upp. — Önnur breyt., sem felst í þessu frá till. n., er líka það, að till. n. miðast við, að þessar uppbætur verði greiddar aðeins á yfirstandandi bótatímabili, frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950, en í till. minni er miðað við, að þessar uppbætur verði greiddar á þessar bótagreiðslur þangað til almennar breyt. verða gerðar á bótagreiðslunum yfirleitt. Ég tel sjálfsagt, fyrst ekki er ætlazt til, að neinar breyt. verði gerðar á lífeyrisupphæðunum nú, að þá verði þó a. m. k. þær litlu uppbætur, sem gert er ráð fyrir að greiða á þetta, að standa þangað til þessar uppbætur verða endurskoðaðar enn á ný, en verði ekki aðeins greiddar fyrir þetta yfirstandandi tímabil. Því hefur verið haldið fram sem rökum fyrir því, að nægilegt væri að greiða 10% uppbætur á ellilífeyri og aðrar slíkar greiðslur nú, að það væri þegar búið að bæta þessum aðilum sem svarar 10% uppbótum á ellilífeyri, það hafi verið gert með því að ellilífeyrir hafi verið greiddur með vísitölu 315 í staðinn fyrir, að laun voru greidd með vísitölu 300, og það teljist 5% uppbætur, en hins vegar greiði Tryggingastofnunin sjúkrasamlagsgjöld fyrir lífeyrisþega og það teljist 5%, þannig að þeir séu þegar búnir að fá 10% uppbætur. Ég hef ekki, þrátt fyrir þær umr., sem fram hafa farið um þetta í Sþ. í sambandi við annað mál, getað fallizt á þau rök, sem fram hafa komið um það, að nú þegar sé um neinar uppbætur að ræða á ellilífeyrisgreiðslur. Ég held, að þvert á móti hafi þessar greiðslur verið verulega rýrðar frá því að l. voru sett 1946. Í þeim eru skýlaus ákvæði um það, að ellilífeyri, eins og aðrar bótagreiðslur, skuli greiða með fullu vísitöluálagi meðan vísitalan er fyrir ofan 110 stig, og það var skýlaus réttur, sem lífeyrisþegum var gefinn með tryggingal., að þeir skyldu fá þennan lífeyri greiddan með vísitölu á hverjum tíma. Síðan hefur verið vikið frá því, ekki til þess að hækka þetta, heldur þvert á móti til þess að lækka það. Í staðinn fyrir að greiða með vísitölu, sem nú er 340 stig, þá er greitt með vísitölu 315, þannig að þessar lífeyrisgreiðslur eru verulega skertar frá því, sem ákveðið var með l. um almannatryggingar, og ég álít þess vegna ekki með nokkru móti réttlætanlegt að nota það, að ellilífeyrir er bundinn við 315 stig, þegar enn meira hefur verið skorið niður hvað snertir launagreiðslur, sem átyllu fyrir því að greiða ellilífeyrisþegum nú minni uppbætur en ákveðið hefur verið að greiða launamönnum ríkisins. Ég álít það fráleita röksemd hvað snertir greiðslur sjúkrasamlagsgjalda fyrir ellilífeyrisþega, og það eru í rauninni sömu öfgarnar, nema kannske enn þá augljósari, þar sem ekki er um neinar uppbætur að ræða frá því, sem ákveðið er með l. um almannatryggingar. Í þeim l. er ákveðið, að kaflinn um heilsugæzlu skyldi koma til framkvæmda um áramótin 1947—1948, og eftir það áttu þessi gamalmenni, sem njóta ellilífeyris, að fá alla sjúkrahjálp, sem þau þurfa á að halda og þau nú fá gegnum sjúkrasamlög án þess að greiða nokkur gjöld til tryggingarinnar. Og þegar Tryggingastofnunin nú hefur ákveðið að greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir þessa aðila meðan sjúkrasamlögin enn starfa, er það aðeins vegna þess, að það er ekki fullnægjandi þeim ákvæðum, sem sett voru í l. um framkvæmd heilsugæzlukaflans. Framkvæmd heilsugæzlukaflans er alltaf frestað, og í þessu frv. er honum frestað um nokkurra ára skeið. Það leiðir til þess, að ellilífeyrisþegar fá ekki nú þau hlunnindi, sem þeir áttu að fá samkvæmt þessum kafla, og þegar Tryggingastofnunin ákveður að greiða sjúkrasamlagsgjöldin, þá er hún aðeins að bæta að nokkru leyti fyrir þær vanefndir, sem þetta fólk hefur orðið fyrir vegna frestunar heilsugæzlukaflans. Þetta eru

þess vegna ekki neinar uppbætur, sem ellilífeyrisþegar fá umfram það, sem ákveðið er með l. 1946, það er síður en svo, að það séu nokkrar uppbætur, sem þeir með greiðslu sjúkrasamlagsgjalda fái á sinn ellilífeyri. Þeir hafa með hvorugri þessari greiðslu fengið nokkrar uppbætur frá því, sem l. um almannatryggingar 1946 ákveða, og þess vegna eiga þeir nú, þessir ellilífeyrisþegar, þegar búið er að samþykkja að greiða nokkrar uppbætur, eða 20%, á laun embættis- og skrifstofumanna ríkisins, ekki minni rétt til þess að fá greidda 20% uppbót á ellilífeyri sinn, sem viðurkennt er, að er ófullnægjandi handa þeim, ef þeir hafa ekki aðrar tekjur með einhverjum hætti til þess að framfleyta sér. Ég legg þess vegna áherzlu á að fá þessu breytt og að greidd verði 20% uppbót á þessar bótagreiðslur, sem brtt. fjallar um, í staðinn fyrir 10%, sem felst í till. n., og ég vil vænta þess, að hv. þdm. muni við athugun á þessu máli fallast á, að það sé í rauninni ekki sæmandi, að Alþ. geri hlut þessa fólks lakari, hvað uppbætur snertir, heldur en hlutur embættismanna ríkisins hefur verið gerður í þessum efnum.

Það eru ekki fleiri brtt., sem ég hef flutt, a. m. k. ekki að svo komnu, við þetta frv. Skal ég að lokum aðeins geta þess, að þó að ég telji, að ákvæði frv. séu yfirleitt til bóta, það sem þau ná, þá er ein gr. eða ákvæði, sem ég mun ekki geta fallizt á, en það er í 18. gr., þar sem gert er ráð fyrir því að færa yfir á bifreiðarstjóra, sem aka eigin bifreið, skyldu til þess að greiða atvinnurekendagjald til slysatryggingganna. Ég fæ ekki séð, að þessir menn geti komið í flokk atvinnurekenda, þar sem þeir hafa enga menn í sinni þjónustu, enda munu liggja fyrir upplýsingar um það, að eins og l. nú eru, er ekki hægt að færa þessa skyldu yfir á þá, og þess vegna er þessu ákvæði nú skotið inn í þetta frv. En ég álít, að það liggi engin rök fyrir því að setja þessa menn í flokk með atvinnurekendum, og þess vegna greiði ég atkv. á móti þeirri gr., sem felur þetta í sér, 18. gr.

Það er að vísu ýmislegt fleira, sem ástæða væri til að ræða í sambandi við l. um almannatryggingar og sömuleiðis kannske atriði, sem ástæða væri til að ræða í sambandi við framkvæmd sumra ákvæða almannatryggingal., svo sem t. d. um þann drátt, sem orðið hefur og nú er ákveðið að lengja á framkvæmd heilsugæzlukaflans. Sömuleiðis mætti nefna önnur atriði, svo sem um það, sem er gert ráð fyrir í almannatryggingal., að Tryggingastofnunin hrindi í framkvæmd, þ. e. a. s. komi upp vinnuhælum fyrir öryrkja, þar sem þeim mönnum, sem ekki eru færir til almennrar vinnu, þó að þeir hafi nokkra starfsorku, væri gefinn kostur á því að fá verkefni við sitt hæfi og vinna sér fyrir tekjum, sem gæti orðið þeim sjálfum hin hentugasta lífsafkoma og líka til að létta á útgjöldum hjá Tryggingastofnuninni. Um þessi atriði bæði mætti vafalaust ýmislegt segja, en þar sem ég flyt ekki neina brtt., sem lýtur að þeim atriðum, mun ég ekki fara frekar út í að ræða það að sinni.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Ed., 16. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 110, n. 307, 308, 329, 330, 331, 334).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Lög þau, sem hér er verið að breyta, um almannatryggingar, voru sett í fyrsta skipti á þingi 1945, og var þá samkomulag milli þriggja stjórnmálaflokka, að þau næðu fram að ganga á því þingi, eins og einnig varð. Þá þegar urðu ágreiningsatriði innan þessara flokka um afgreiðslu l., aðallega þau, sem hér segir:

1) Skipting verðlagssvæðanna.
2) Upphæð bótagreiðslna.
3) Hvernig skipta bæri gjaldabyrðinni á aðila.

Þetta voru meginatriðin, sem deilt var um við setningu l. milli þeirra flokka, sem höfðu tekið að sér að fá frv. gert að l. En einkum kom gagnrýni frá þáverandi stjórnarandstöðu, Framsfl., sem fannst aðallega, að málið væri allt of illa undirbúið og í öðru lagi ýmiss konar misrétti milli bótaþega, eftir því hvar á landinu þeir væru eða í hvaða atvinnustétt, sérstaklega í sambandi við sjúkrastyrk og slysabætur. Var þessari gagnrýni mjög haldið á lofti, ekki aðeins í umr. á þingi 1945, heldur og lengi fram eftir í blöðum flokksins, eftir að l. höfðu verið samþ.

Ég hef frá öndverðu álitið, að hér væri um eitt af merkilegustu málum þjóðfélagsins að ræða og því yrði að byggja tryggingarnar upp á traustum og öruggum grundvelli, ef fyrirbyggja ætti, að l. yrðu annað en viljayfirlýsing. Þessi skoðun mín er óbreytt enn, enda mun tíminn leiða í ljós betur og betur, eftir því sem fleiri menn eiga afkomu sína, og a. m. k. frelsi að einhverju leyti undir bótagreiðslum, að þessi sjónarmið séu rétt og nauðsynlegt sé að tryggja stofnuninni fyrst og fremst öruggan starfsgrundvöll. Virðist þetta ekki verða gert nema á eftirfarandi hátt: Í fyrsta lagi með því að *ríkissjóður og sveitarsjóðir, er iðgjöld greiða,* séu á hverjum tíma nægilega fjárhagslega sterkir til að mæta þeim útgjöldum, sem á þá eru lögð á hverjum tíma, sem nauðsynleg eru til þess, að tryggingarnar geti staðið við skuldbindingar sínar. En hvernig hefur þetta tekizt á þeim fáu árum, sem l. hafa gilt? Við höfum verið svo heppnir, að á þessum árum hefur velgengni verið *meiri í landinu en nokkru sinni* áður, atvinnuleysi minna og fé það, sem menn hafa haft milli handa, sveitarsjóðir, bæjarsjóðir og ríkissjóður, miklu meira en nokkru sinni áður. Og þó hygg ég, — annars leiðréttir hv. frsm. það, ef ég fer þar ekki með rétt mál, — að nokkrir erfiðleikar hafi á því verið, að þessir aðilar uppfylltu þessar skuldbindingar, *nokkrir erfiðleikar hafi á því verið, að sumir* sveitarsjóðir stæðu við sínar skuldbindingar á réttum tíma. En hverju má þá búast við, ef breyting verður á fjárhag manna almennt í landinu og sveitar- og bæjarsjóðir komast í erfiðleika um greiðslur? Ríkissjóður er þegar kominn það, og einstaklingarnir standa frammi fyrir minnkandi atvinnu og ef til vill meiri dýrtíð í landinu og erfiðari fjárhagsástæðum en þeir hafa haft áður. Og þá finnst mér því

meiri ástæða nú en nokkru sinni fyrr að leita að öðrum leiðum til að tryggja, að þessi l., sem nú er verið að breyta hér, verði annað og meira en viljayfirlýsing.

Annar möguleikinn, sem hér má nefna, er að halda niðri kröfum um auknar bótagreiðslur, svo að stofnunin geti safnað sterkum sjóðum. Þetta sjónarmið vakti fyrir mér, þegar ég 1945 stóð ákaflega mikið á móti því, að bótagreiðslur yrðu settar upp á þann hátt, sem gert var ráð fyrir í frv. upphaflega. Ég fékk þá ágætt samkomulag við flm. og aðra nm. um að fara hér varlegar en hugsað var í fyrstu. Ég ekki eingöngu hygg, heldur fullyrði, að þessi stefna hefur verið rétt þá, og ég fullyrði, að hennar sé enn meiri þörf nú en 1945. Og það var einmitt þess vegna, að svo blessunarlega hefur tekizt til um framkvæmd þessa máls, að þá ríkti það sjónarmið hjá n. og Alþingi að stilla bótakröfunum svo mjög í hóf, að ekki væri hætta á því, að tryggingarnar þyrftu af þeim ástæðum að hrynja niður, að vísu ekki með fullu samkomulagi, en fullum vilja Sósfl. á þeim tíma, eins og kom fram hjá hv. 4. landsk. um daginn, en þeir féllust þó á þetta sjónarmið, og það varð sterkara hér á þingi en hitt, að stilla bótagreiðslunum miklu hærra en gert var og till. lágu fyrir um.

Þriðji möguleikinn til að tryggja þessa stofnun er að tryggja stofnuninni árlega verulegar tekjur, sem eru ekki háðar afkomusveiflum gjaldenda, og það tel ég út af fyrir sig langmikilvægasta atriðið að snúa sér að því að gera það. Ég kviði fyrir því, að allur sá þungi, sem hvílir nú á sveitarfélögunum, bæjarsjóðum og ríkissjóði og þegnunum, verði of þungur til þess, að þessir aðilar geti staðið undir honum á sama hátt og þeir hafa gert hingað til, ef versnar í ári, og það hljóti að koma niður á starfsemi stofnunarinnar og hún verði þar af leiðandi að draga úr bótagreiðslum, sérstaklega ef þær verða auknar nú í sambandi við afgreiðslu l. á þessu þingi, nema til komi einhverjar öruggar tekjur, sem eru ekki háðar sveiflunum í landinu. Ég gæti m. a. bent á það, og það hefur verið mjög mikið um það rætt, þegar l. voru sett, að það væri öruggara og nauðsynlegra og jafnvel réttlátara að taka nokkuð af tekjunum handa stofnuninni með beinni álagningu á laun manna, hundraðsgjald af launum allra manna í landinu. Það veitti stofnuninni að sjálfsögðu öruggar tekjur. Það var ekki horfið að því, af ástæðu, sem hv. flm. þá og hv. flm. nú hefur svo margoft minnzt á, að það þótti þá ekki réttilega skipt byrðinni af tryggingunum á þá aðila í landinu, sem einnig njóta bóta. Hins vegar er ekki því að neita, að sú aðferð um tekjur handa stofnuninni væri miklu öruggari, hvernig sem færi með almenna afkomu í landinu. Þess vegna harma ég það að sumu leyti, að sú leið var ekki farin.

Ég hef einnig í sambandi við afgreiðslu annarra l. á síðasta þingi bent á aðra leið. Ég vildi þá, að allt erfðafé gengi til Tryggingastofnunarinnar frá öðrum arfþegum en börnum, barnabörnum niður á við og frá börnum til foreldra, afa og ömmu upp á við, allt annað erfðafé gengi til Tryggingastofnunarinnar til að tryggja á þann hátt fastan tekjustofn. Meiri hl. þessarar d. féllst ekki á þær till. og felldi þær allar án þess þó að tryggja stofnuninni á nokkurn annan hátt öruggari tekjur en ákveðið var í l. sjálfum.

Afstaða mín til l. hefur ávallt markazt af þessari skoðun minni á málinu, og það er þess vegna, sem ég hef ávallt barizt fyrir því frá upphafi, að bótagreiðslunum væri stillt í hóf, a. m. k. þar til búið væri að sjá stofnuninni fyrir nægu fé til að taka á sig óvænt áföll, hvort sem þau stöfuðu af atvinnuleysi í landinu, fjárskorti þeirra aðila, sem eiga að greiða til tryggginganna, eða einhverju öðru. Og afstaða mín til málsins er óbreytt í dag. Ég tel, að það sé alveg rangt gagnvart Tryggingastofnuninni að auka bótagreiðslur meira en svo, að það sé alveg öruggt, að það þurfi ekki að lækka bótagreiðslur aftur til þess að forðast hrun hjá Tryggingastofnuninni. Það sé það fyrsta, sem þurfi að gera, að hafa alltaf það sjónarmið, að ekki þurfi að ganga á rétt bótaþega, eins og hv. 4. landsk. þm. minntist á um daginn, heldur að það væri stefnt að því að auka bæturnar, eftir því sem fjárhagurinn batnaði hjá stofnuninni.

Till. mínar, sem ég skal síðar koma að, miðast eingöngu við þetta sjónarmið, að fara ekki lengra í bótunum á hverjum tíma en svo, að það sé alveg öruggt, að stofnunin þoli það. Þetta á ekkert skylt við andúð á því fólki, sem fær þessar bætur, nema síður sé. Það er bein fyrirhyggja um hag þessa fólks, að það þurfi ekki að vantreysta þessari stofnun, sem það hefur orðið að bera svo mikið traust til um sína lífsafkomu.

Endurskoðun þessara l. hefur þegar verið gerð. Grundvellinum er engan veginn raskað á nokkurn hátt verulega frá því, sem áður var. Það eru að vísu sniðnir af ýmsir vankantar, sem vitað var í upphafi, að fram hlytu að koma við reynsluna, en grundvallaratriðin eru nákvæmlega þau sömu og samkomulag varð um við setningu l. 1945. Og það er einnig nákvæmlega sami ágreiningurinn um breytingarnar og var við afgreiðslu l. þá. Ágreiningurinn er sá sami um verðlagssvæðin. Þá vildu mjög margir menn, sem annars voru sammála, hafa verðlagssvæðið eitt, láta það sama ganga yfir alla, bæði um bætur og gjöld, hvar sem var á landinu. Þetta hefði verið mjög æskilegt. En eina ástæðan fyrir því, að ekki hefur tekizt að fara inn á þessa leið, er sú, að þetta mundi kosta svo mikið fé fyrir Tryggingastofnunina, að hún væri ekki örugg um að geta haldið uppi fullum bótagreiðslum, eins og ákveðið er, nema á sama tíma væri hægt að tryggja ákveðnar tekjur til að koma á móti þeirri útgjaldaaukningu. Það er eina og alls eina ástæðan fyrir því, að ekki varð samkomulag um að breyta verðlagssvæðunum á þann hátt.

Þá er sami ágreiningurinn nú og þá um bótagreiðslur. Þá vildi Sósfl. hækka bótagreiðslurnar um 25%. Sumir aðrir, sem hafa verið með þessu máli, hafa einnig viljað setja inn fleiri greinar, svo sem jarðarfararstyrk. Þetta er nákvæmlega sami ágreiningurinn og þá var, en þar hefur ekkert raskazt, heldur orðið sam-

komulag um að halda sér við sömu stefnu og mörkuð var 1945.

Þá er sami ágreiningurinn um tekjustofnana. Enn þá vilja sumir gjarnan fara inn á þá leið að taka ákveðið hundraðsgjald af öllum launatekjum í landinu til að tryggja stofnuninni öruggari tekjur, en um þetta hefur ekki heldur fengizt samkomulag, svo að raunverulega er um örlitla breyt. að ræða frá því, sem var 1945, nema að því leyti, að sniðnir eru af l. ýmsir agnúar, sem reynslan hefur sýnt, að þurfti að laga. En þetta sýnir þá einnig bezt, hversu framúrskarandi þeir aðilar, sem unnið hafa að þessu máli, og þá helzt áður en það kom inn í þingið 1944, hafa undirbúið það vel. Reynslan hefur sýnt síðan 1945, að grundvöllurinn hefur verið það traustur, að allar vonir standa til þess, ef hann er ekki veiktur nú, að fólkið geti treyst stofnuninni eftirleiðis eins og hingað til, og er þá vel.

Gagnrýni Framsfl., sem þá kom fram á frv., hefur alveg horfið. Þeir hafa haft fulltrúa í þessari mþn. til að koma fram till. um breyt. til bóta, en það verður ekki sagt, að þær till., sem samkomulag varð um, eða hinar, sem samkomulag varð ekki um, raski þeim grundvelli, sem lagður var 1945.

Þessar almennu hugleiðingar vildi ég hafa látið koma fram um frv., áður en ég geri grein fyrir brtt. mínum, sem ég ber hér fram og mótaðar eru af þessari skoðun minni á málinu, eins og ég hef nú þegar lýst, en ekki hefur náðst samkomulag um í n., en ég vænti, að d. fallist á, að sé nauðsynlegt að samþykkja til frekari tryggingar því, að Tryggingastofnunin bregðist ekki því trausti, sem hún þegar á hjá þjóðinni.

Ég skal þá, áður en ég lýsi till., fara nokkuð inn á álit hæstv. fjmrh. um eignarrétt ríkissjóðs yfir sjóðum Tryggingastofnunarinnar, sem myndazt hafa undanfarið tímabil, og hann ræddi nokkuð hér við umr. fyrir nokkrum dögum. Ég vil þá leyfa mér að vitna nokkuð í 116. gr. l., því að raunverulega er það hún ein, sem kveður á um þetta mál. Ég skal ekki fara út í að ræða um lögfræðilegan rétt samkv. orðalagi gr., hvort ríkissjóður gæti fengið sér tildæmt þetta fé eða ekki, þó að það væri hjákátlegt, að ríkissjóður færi að fara í mál og dómsúrskurð við aðrar ríkisstofnanir um skilning á l., en ég skal ekki fara út í það. En ég vil aðeins benda á það hér, að það er skýrt kveðið á um það í 116. gr. l., sem mér skilst, að þeir aðilar hafi gengið nokkuð mikið á snið við, sem álíta, að ríkissjóður eigi kröfu á þessu fé. Í 2. málsl. 1. málsgr. stendur: „Skal taka í hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni, eftir áætlun tryggingaráðs, allt að 7½ millj. kr., að viðbættri verðlagsuppbót.“ Þegar sú meðferð hefur verið höfð á málinu, sem verið hefur á hverju ári, að tryggingaráð hefur lagt fram áætlun um, að stofnunin þurfi svo og svo mikið fé til þess að standa undir rekstrinum á hverju ári og hefur lagt þá áætlun ekki aðeins fyrir fjvn., heldur og allt Alþ. til samþykktar eða synjunar, og þar sem tekið hefur verið upp á fjárl. hverju sinni allt að því hámarki, sem ákveðið er, þá fæ ég ekki skilið annað en því sé alveg slegið föstu, að þetta fé, sem þannig er tekið inn á fjárl. á hverjum tíma, sé einskis annars eign en Tryggingastofnunarinnar. Það hefði mátt ræða um það við afgreiðslu fjárl. á hverjum tíma, í fjvn. og á Alþ., að samþykkja að taka inn svo stóra upphæð sem hér er gert á hverju ári, og það gæfi þeim einhverja heimild til þess að lækka áætlun tryggingaráðs úr því hámarki niður í eitthvað annað, sem þeir álitu, að væri nægilegt fyrir Tryggingastofnunina að taka á hverjum tíma. En það er fráleit sú skýring, að eftir að búið er að samþykkja, að þessi stofnun skuli fá ákveðið framlag, þá megi koma og segja: Nú eigum við kröfu á að fá til baka svo og svo mikið af þessu fé. — Ég held, að það geti ekki verið ágreiningur um það, að þetta fé eigi að vera í vörzlu Tryggingastofnunarinnar og hún eigi að hafa umráð yfir því, en ríkissjóður hafi ekki rétt til að endurkrefjast þess.

Ég vil þá fara inn á brtt. og vil þá fyrst spyrja frsm. að því í sambandi við brtt. á þskj. 308, sem eru þó ágreiningslaust bornar fram af n., hvort það sé hugsunin, að móðir verði ekki aðnjótandi greiðslna með börnum sínum nema þau séu öll á heimili hennar. Það kemur ekki beint fram í gr., en sjálfsagt er hægt að ræða það nánar í n.

Fyrsta brtt. mín er við 8. gr., um að síðari málsl. gr. falli niður. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er tryggingaráði að binda hækkun samkvæmt þessari grein því skilyrði, þegar um einstæðingsskap er að ræða, að stjórn þess sveitarfélags, þar sem lífeyrisþeginn á heima, sjái honum fyrir viðunandi húsnæði gegn leigu, sem ekki fari fram úr 25% af lífeyrisupphæðinni, enda hafi hann verið búsettur í sveitarfélaginu óslitið eigi skemur en 5 síðastliðin ár.“ Mér þykir óviðeigandi og óþarft að binda heimildina til þess að greiða þeim aðila, sem fyrir einstæðingsskap getur ekki haft nægilegar tekjur til lífsframfæris, því skilyrði, að sveitarfélagið sjái viðkomandi manni fyrir húsnæði. Hefði ég helzt kosið, að gengið væri þannig frá þessu, að hægt væri að slíta burt öll tengsl milli bótaþega annars vegar og sveitarstjórna hins vegar. Ég legg á það mikla áherzlu, að d. sjái sér fært að fella þessi ákvæði niður, því að ég tel, að þau eigi ekki heima í l.

2. brtt. mín er við 10. gr. Það er gamalt deiluatriði. Þessi brtt. mín hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við 10. gr. Greinin orðist svo: Sá tími, er ekkja, sem giftist aftur, á rétt til barnalífeyris samkv. 2. málsgr. 23. gr. laganna, skal vera eitt ár. Sömu takmarkanir skulu og gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.“ Á sínum tíma var sett inn í l., að ekkja, sem giftist aftur, ætti rétt á fullum barnalífeyri í 3 ár með börnum sínum, og er það nú í l. Nú hafa bæði kvenréttindafélagið og mæðrastyrksnefnd óskað eftir, að þetta verði sett upp í sama takmark fyrir ekkjur eins og það er fyrir ógiftar stúlkur, þ. e. vilja, að ekkjur hafi hér sama rétt. En þessu er því til að svara, að í sambandi við stúlkur, sem eru ógiftar og hafa þessi réttindi nú, þar á Tryggingastofnunin aftur kröfu á barnsföður, ef hann er

lifandi, og getur tekið frá honum meðlag með börnunum, en getur það ekki, ef maðurinn er dáinn og hún gift öðrum manni. Ég hef reiknað út, að ef um er að ræða konu með 10 börn á 1. verðlagssvæði, er hér um að ræða greiðslu frá Tryggingastofnuninni til hins nýja heimilis, sem nemur 24 þús. kr. á ári, og 12 þús., ef um 5 börn er að ræða. Ég tel, að ekki sé nein ástæða til að hafa þetta þannig í l., og hef alltaf álitið, að hér sé um eina tegund af hvítri þrælasölu að ræða, að hér sé verið að bjóða óviðkomandi mönnum að giftast þessum konum í von um að fá með þeim 24 þús. kr. Er það nóg til þess, að ég hef alltaf verið andvígur þessu ákvæði. Þessi fjölskylda fengi að sjálfsögðu fjölskyldubætur, eftir að gifting hefur farið fram, eins og hver önnur fjölskylda. En nýi heimilisfaðirinn tekur að sér allar skyldur og fær því öll réttindi, og sé ég því ekki ástæðu til að hafa þetta í l., en legg til, að þessi tími verði settur niður í eitt ár. Þetta er gamalt deiluatriði, og get ég ekki fylgt þessu eins og það er, þó að ég geri það ekki að skilyrði fyrir fylgi við frv. sjálft, en óska mjög eftir, að þessi brtt. verði samþ.

Þá er hér nýmæli um fæðingarstyrk. Það hefur áður verið bent á, að ekki sé rétt að mismuna konum í fæðingarstyrk, heldur eigi hann að vera jafn, hvort sem konan vinnur úti eða á heimili, og hefur m. a. Framsfl. haldið á lofti þessu ákvæði og bent á þetta ósamræmi. Ég legg til í 3. brtt., að fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. skuli vera jafn til allra mæðra og nema 200 kr. fyrir hverja fæðingu, þ. e. sama og nú er greitt til allra kvenna annarra en þeirra, sem vinna úti. Þetta kynni að verða til þess, að breyta yrði öðrum l. nokkuð til þess að tryggja að þær konur, sem eru mæður en eru ekki giftar og eiga kröfu á barnsföður, fengju mismuninn greiddan frá barnsföður, en við því er ekkert að segja. Verður að teljast sanngjarnt að leiðrétta það misræmi, sem nú ríkir í þessum efnum, og legg ég því til, að þessi till. verði samþ. Ég legg til, að þetta gjald verði lækkað nokkuð, ekki vegna þess, að þessar konur þurfi ekki á hærri styrk að halda, heldur vegna þess að ég vil stilla í hóf bótunum, þar til alveg öruggur grundvöllur hefur fengizt fyrir tryggingunum og sjóðirnir eru orðnir nægilega sterkir til þess að taka við ýmsum áföllum. Ég vil í þessu sambandi benda á, að Tryggingastofnunin hefur á þessu ári orðið fyrir stórkostlegu fjárhagslegu áfalli, sem ekki var reiknað með. Það hefur verið mjög flanað að því að hækka hér laun embættismanna um 20% með einfaldri þáltill., sem kostar ríkissjóð ekki minna en 12—15 millj. kr. á ári. Þetta hefur þær afleiðingar í för með sér, að ekki er hægt að neita lægst launaða fólkinu í landinu um að fá einnig nokkrar viðbætur við sín laun, en það kostar tryggingarnar hvorki meira né minna en 6 millj. kr. á ári. Það hefur hvergi verið gert ráð fyrir slíku áfalli. Það er upplýst, að hægt sé að taka 5% bótagreiðslur á þessu tímabili án þess að rýra gjaldþol stofnunarinnar, vegna þess að safnazt hafi sjóðir. En hvernig hefði farið fyrir stofnuninni, ef hún hefði ekki safnað sjóðum, og hver er kominn til að segja, að ekki ríki hér í Alþingi minni skilningur á fjármálum þjóðarinnar framvegis en ríkir í dag? Það er sjáanlegt, að ekki er hægt að tryggja, að slíkir sjóðir verði til, ef gert er hvort tveggja í senn, annars vegar að hækka bæturnar og fjölga þeim, en tryggja hins vegar ekki fastar tekjur til stofnunarinnar, eins og enn hefur ekki verið gert í l. Tillaga mín miðar eingöngu að því annars vegar að bæta úr þeirri rangsleitni, sem ég hef alltaf verið sammála um, að hafi ríkt í þessu máli milli hinna einstöku mæðra, og hins vegar að fara ekki lengra en að örugglega þurfi ekki að fara til baka til að lækka bæturnar. Má benda á, að nú borgar sjúkrasamlagið þess utan að því er snertir mæðurnar verulegar fjárhæðir, svo að ekki er ástæða til að lækka þetta frekar en orðið er.

Þá er 4. brtt. við 13. gr., um, að á 1. verðlagssvæði megi mæðralaunin til mæðra með 2 börn nema kr. 400.00, til mæðra með 3 börn kr. 600.00 og til mæðra með 4 börn eða fleiri kr. 800.00. Þetta eru nákvæmlega sömu upphæðir og kvenréttindafélagið óskaði, að teknar væru inn, en 2. og 3. greiðsla eru lægri en ákveðið er í sjálfu frv., en þar er gert ráð fyrir, að fyrsta greiðsla sé 400, þá 800 og svo 1200. Ég álít, að þetta sé rangt, því að það er ekki rétt að fara mjög hátt með bótagreiðslurnar í fyrstu. Ég álít, að hlutföllin hjá meiri hl. n. séu ekki rétt, því að ég álít, að ef kona með 2 börn er sæmilega sett með 400 kr., sé hún eins vel sett með 600 kr. með 3 börn og 800 kr. með 4 börn. Ég álít, að það séu ekki rétt hlutföll milli 1. og 2. og 3. greiðslu, og legg því til, að það verði lækkað í það, sem hér hefur verið sagt. Þetta er ekki borið fram vegna neins kala til þess fólks, sem hér um ræðir, heldur vegna þess, að þá álít ég, að hlutföllin séu rétt, og ég álít ekki rétt að fara lengra í bótagreiðslunum til að byrja með en svo, að stofnunin geti örugglega staðið undir því.

Ég skal ekki tefja málið með því að fara mikið út í till. hv. 4. landsk. Ég geri ráð fyrir, að frsm. ræði þær. Ég er á móti þeim af sömu ástæðum og þegar þær voru bornar fram við afgreiðslu l. 1945, en gefst tækifæri til að ræða það nánar, ef þessari umr. verður frestað og ekki lokið á þessum fundi.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., 17. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki fara almennt út í málið, enda er það margrætt hér í d., svo að ég þarf ekki mikið um það að segja. Eins og frv. er, þá er ætlazt til þess, að stofnað verði nýtt embætti, og raunar upplýst í grg., að það sé búið að stofna það, en þar sem samþ. var á síðasta þingi, að ekki væru stofnuð ný embætti nema með leyfi fjmrh., þá hefði mig langað til að spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann hefði gefið samþykki sitt á þessu, en hann er ekki við, svo að ég verð að spyrja stólinn og fæ líklega ekkert svar.

Viðvíkjandi 3. gr. vildi ég beina því til hv. n., hvort ekki megi notast við þann læknadóm,

sem til er og í eiga sæti valinkunnir læknar, þeir Vilmundur Jónsson landlæknir, dr. Helgi Tómasson yfirlæknir og Guðmundur Thoroddsen prófesssor, og sleppa því alveg að búa til þennan nýja dómstól. Ég skil ekki annað en hægt sé að nota þann dóm, sem fyrir er.

Þá flyt ég brtt. við 8. gr., en í gr. er ætlazt til, að menn þurfi að hafa verið búsettir í sveitarfélaginu í 5 ár til að öðlast réttindi skv. gr. Þetta tel ég óviðkunnanlegt, að hefta þannig frelsi manna og taka af mönnum réttindi, þótt þeir flytji búferlum. Þetta miðar aftur á bak í áttina til átthagafjötra, og vil ég því fella endi gr. niður, en til vara ber ég fram þá till., að viðkomandi hafi búið 2 ár í sveitarfélaginu til þess að fá réttindin.

Þá flyt ég við 13. gr. brtt. um það, að ef kona á fleiri en eitt barn, þá vil ég láta mæðralaunin vera háð sömu lögum og barnalífeyri, þannig að hægt sé að krefja þau inn hjá barnsföður konunnar. Ég hef því lagt til, að við gr. bætist ný málsgrein, sem felur þetta í sér. Ég hef að vísu heyrt talað um það, að þessu fylgi vandkvæði, þar sem mæðralaunin séu mishá á 2., 3. og 4. barn o. s. frv. og erfitt mundi að fá þau handa konum, sem eiga mörg börn sitt með hvorum. En ég fæ ekki séð þau vandkvæði, því að ég hef aldrei heyrt dregið í efa, hvert væri 2., 3. eða 4. barn, sem kona á. Það held ég sé alveg greinilegt, og því finnst mér alveg sjálfsagt að hafa þetta eins og barnsmeðlögin. — Við 16. gr. vil ég breyta 52 vinnuvikum í 104 vinnuvikur og geri ég þetta til þess að létta undir með hvers konar smáatvinnurekstri. Ég tel þessa till. alveg sjálfsagða og býst við, að hv. þm. geti fellt sig við hana.

Nú er komið fram í febrúar, og þó að frv. verði samþ. hér fljótlega, þá á það eftir að fara í gegnum Nd., svo að trúlega verður langt liðið vetrar, þegar frv. verður að lögum. Það er því ómögulegt, að fyrir 1. júlí verði hægt að stofna alls staðar sjúkrasamlög, þar sem engin eru fyrir. Ég hef því lagt til, að í stað 1. júlí komi 1. október. Það mun þó líklega fullsnemmt og spursmál, hvort ekki er bezt að miða þetta bara við næstu áramót. Þó að þessi tímaákvörðun, 1. júlí, yti kannske á eftir málinu, þá er hún ekki heppileg og betra, að 1. okt. 1950 sé valinn. Bæði eru flestir hinir almennu hreppsbúafundir haldnir á haustin og auk þess miklu betri tími til sérstakra fundarhalda, ef ekki reynist hægt að stofna samlögin á einhverjum hinna föstu funda. Og raunverulega hef ég enga trú á, að málið verði afgreitt að vorinu. Þá vil ég benda á, að ég tel þörf á að breyta 24. gr., þó að ég hafi ekki borið fram brtt. við hana, en það er vegna þess, að mér hefur verið sagt, að n. hafi slíka breyt. í undirbúningi. Ég tel það alveg fráleitt, að skattanefndirnar séu sá aðili, sem hefur úrslitaorðið, hvort tekjum manna sé þannig háttað, að sveitarfélagi beri að greiða iðgjald hans. Helzt tel ég, að þetta úrskurðarvald ætti að liggja hjá aðilum, sem ekki eru í viðkomandi sveitarfélagi. Sömuleiðis er athugandi, hvort ekki ætti að vera réttur til málsskots í sambandi við þennan úrskurð.

Brtt. minni við 30. gr. er ætlað að auðvelda framkvæmd í sambandi við skrár þær, sem 118. gr. l. gerir ráð fyrir. Mér skilst, að eftir núverandi ákvæðum frv. sé gert ráð fyrir, að tvenns konar skrár verði gerðar, það er að segja önnur um þá, sem gjaldskyldir eru, en hin svo eftir að gjöldin hafa verið ákveðin. Þessu vil ég breyta á þá leið, að fyrrnefnd skrá verði gerð í tví- eða þríriti, en síðan verði iðgjöldin færð inn á skrána af þeim, sem þann útreikning annast, og síðan verði skráin þannig útfyllt send bæði innheimtumanninum og Tryggingastofnuninni. Þetta tel ég, að ætti að geta sparað nokkra fyrirhöfn.

Ég hafði tilhneigingu til að flytja fleiri brtt. við frv., sérstaklega þau ákvæði þess, sem snúðin eru með það fyrir augum að styðja að lausaleikskrökkum og lausaleik milli karls og konu, þar sem ógiftar konur hafa hærri barnalífeyri en þær giftu. Hins vegar hef ég ekki flutt slíkar till., vegna þess að ég hef heyrt, að n. sjálf hefði slíkar breytingar í undirbúningi, og ætla því að sjá til, hvort till. um jafnræði milli giftra kvenna og ógiftra í þessu máli kemur ekki fram. Ég geymi því að koma með brtt., þar til útséð er um, hvort n. ber slíka till. fram, en vil endurtaka það, að ég tel fráleitt að hónorera lauslæti í öllum myndum, eins og ýmsir lagabálkar hér frá Alþingi hafa gert síðustu árin.

Ég held ég hafi svo ekki fleiru við að bæta að þessu sinni. Ég er enn með því að breyta tilhöguninni á greiðslum til tryggingganna þannig, að nokkur hluti þeirra verði lagður á tekjur, því að ég tel það réttlætismál. En þar sem allar slíkar till. hafa verið drepnar hér á Alþingi til þessa, hef ég ekki flutt brtt. í þá átt, en er hins vegar tilbúinn að fylgja slíkum till., ef breyting hefði orðið á vilja þm. í þessu efni.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Það hafa komið fram allmargar brtt. við þetta frv., sem hér er til umr., og er sjálfsagt að ræða þær og athuga, enda þótt frv. sé samið af sérstakri n. og flutt skv. ósk félmrh.

Ég ætla þá fyrst að drepa á brtt. á þskj. 334, frá 1. þm. N-M. (PZ). Ég hygg, að það sé ofmælt hjá þessum hv. þm., að tryggingarlöggjöfin í landinu styðji að lauslæti í öllum myndum, og þeim orðum hafi ráðið löngun þm. til að segja eitthvað skemmtilegt. Hins vegar er ég skoðanabróðir hans í því að vilja stuðla að góðu siðferði, svo að hann er ekki jafneinangraður postuli skírlífisins og hann vildi vera láta. (*PZ:* Þá getum við orðið sammála um breytingar.)

Þá spurði þm., hvort fjmrh. hefði samþ., að skipaður yrði sérstakur heilsugæzlustjóri, og er því til að svara, að hér er ekki um neitt nýtt embætti að ræða, því að það er gert ráð fyrir, að hann komi í stað deildarstjóra sjúkratryggingadeildarinnar, en það starf verði lagt niður. Annars læt ég nægja að vísa til grg. um þetta atriði. — Þá taldi þm. óþarfa sérfræðinganefnd þá, sem frv. gerir ráð fyrir og nefnd er í því læknadómur og ætlað er það hlutverk að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um slíkar bætur og ekki vilja una úr-

skurði lækna Tryggingastofnunarinnar. Ég held, að þessi skoðun þm. byggist á misskilningi og hann mundi fallast á þetta fyrirkomulag, ef hann kynnti sér málið nánar, enda er með þessari skipan í flestum tilfellum hægt að losna við málssókn, sem ég tel mjög æskilegt.

Um fyrstu brtt. á þskj. 334, við 8. gr., að 5 ára skilyrðið um búsetu í sveitarfélaginu falli niður, er það að segja, að hún er óeðlileg vegna þess, að viðkomandi sveitarfélagi eru lagðar þarna nokkrar skyldur á herðar í sambandi við húsnæði, en ekki þykir eðlilegt að leggja slíkar skyldur á fyrr en viðkomandi hefur verið búsettur í sveitarfélaginu um nokkurt skeið, og var talið eðlilegt að miða við 5 ár, enda gæti skemmri tími haft í för með sér ýmsa erfiðleika fyrir viðkomandi sveitarfélög. Þess vegna legg ég til, að þessi brtt. verði felld og sömuleiðis varatill.

Um brtt. við 13. gr., að mæðralaunin verði endurkræf hjá barnsföður, er það að segja, að ég tel hana ekki óeðlilega, en hins vegar get ég ekki neitað því, að það kemur dálítið einkennilega út, þar sem slík mæðralaun eru ekki greidd til þeirra, sem aðeins eiga eitt barn. Sá maður, sem á eitt barn, losnar því alveg við slíkar kröfur, en eigi annar maður barn með konu, þá verður hann krafður um mæðralaun. Ég er alveg samþykkur því að styðja að skírlífi með því að láta svona skemmtun vera nokkuð dýra hjá þjóðfélaginu, en ég fæ bara ekki séð, hvers vegna sá fyrsti á að sleppa. Vegna þessa og framkvæmdarerfiðleika í sambandi við þessa brtt. get ég því ekki greitt henni atkv.

Þá leggur þm. til, að 16. gr. verði breytt þannig, að í stað 52 vikna komi 104 vikur, þ. e. a. s. að atvinnurekendur, sem greiða atvinnurekendagjöld af 104 vinnuvikum, skuli hafa sama biðtíma og ef um einyrkja væri að ræða. Þetta atriði var grundvallarágreiningsefni við setningu þessara laga. Ég get ekki frekar nú en þá fallizt á samþykkt þessarar till. Í 1. er ákvæði um 26 vinnuvikur með sömu skilyrðum og launþegar hafa, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að það verði hækkað í 52. Það jafngildir því, að viðkomandi atvinnurekandi eða bóndi hafi einn mann allt árið í þjónustu sinni. Auk þess gilda svo sérstök ákvæði um börn, sem vinna hjá foreldrum, þar sem vinna þeirra er ekki reiknuð nema 13 vikur, en það þýðir, að viðkomandi má hafa 4 börn yfir 16 ára aldur án þess að missa rétt sinn vegna þessa ákvæðis, það er að segja, ef þeim er ekki greitt kaup sérstaklega. Ég held því, að hér sé gengið hæfilega til móts við atvinnurekendur eða þá, sem hafa fólk í þjónustu sinni, varðandi biðtíma, þegar um sjúkrabætur er að ræða, og tel því ekki ástæðu til að samþ. þessa brtt. og vil mælast til, að hv. dm. felli hana. Hins vegar vil ég mælast til, að þm. taki 4. og 5. brtt. á þskj. 334 aftur til 3. umr., svo að n. fái tækifæri til að athuga þær nánar.

Ég vil þá víkja nokkuð að brtt. 4. landsk. á þskj. 329 og 330. Fyrsta till. á þskj. 329 er við 10. gr. frv. og þess efnis, að 2. og 3. málsl. 23. gr. falli niður. Aðra till. flytur þm. Barð. (GJ) á þskj. 331. Þau ákvæði 10. gr. frv., sem hér er átt við, fjalla um takmarkanir á barnalífeyri til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna. Ákvæði frv. um þetta efni er nokkuð á milli þeirra brtt., sem hér eru fram bornar, eða að bæturnar skuli greiddar í þrjú ár eftir að ekkja eða barnsmóðir giftir sig, og eftir atvikum tel ég það sanngjarnt. Þm. Barð. færði þau rök fyrir sinni brtt., sem fer í þá átt að stytta bótatímann í eitt ár, að með núverandi fyrirkomulagi væri raunverulega um hvítt mansal að ræða, og því til sönnunar benti hann á, að 24 þúsund kr. þætti harla góður heimamundur, en það er sú upphæð, sem 10 barna móðir fengi með núverandi ákvæðum eða nálægt því. Ég vil nú svara þessu þannig, að ég öfunda ekki sérstaklega þann mann, sem tæki að sér ekkju með 10 börn, jafnvel þó að hann fengi með henni 24 þúsund kr. Ég held því, að þriggja ára greiðslan sé réttlát og eðlileg, enda er hún nokkuð á milli þeirra öfga, sem fram koma í brtt. Ég vildi því leggja til við hv. dm., að þeir felldu báðar þessar brtt. og héldu sér við frvgr. eins og hún er. — Þá leggur hv. 4. landsk. til, að upphæð mæðralaunanna samkvæmt 13. gr. verði breytt verulega. Frv. gerir ráð fyrir, að einstæðar mæður með eitt barn fái aðeins barnalífeyri, en mæðralaun byrji með öðru barni og hækki með hverju barni upp í 4 börn, en ekki úr því. Því vill hv. 4. landsk. breyta þannig, að mæður með eitt barn fái 600 kr. í mæðralaun á 1. verðlagssvæði, auk barnalífeyrisins, það samsvarar í mæðralaun 1800 kr. á ári. En ég verð að telja þetta fullkomna ofrausn í sambandi við aðrar bætur. Mjög margir karlmenn verða að sætta sig við það hlutskipti að sjá fyrir konu og 3 börnum af tekjum sínum, án þess að fá nokkurn styrk frá Tryggingastofnuninni eða hinu opinbera. Þvert á móti verða þeir að greiða skatta sína og skyldur eins og aðrir. Og ung og hraust kona, sem á eitt barn og er fullvinnandi á allan hátt, hún fær 200 kr. á mánuði með barninu frá tryggingunum eða barnsföðurnum. Ég verð að segja, að miðað við að ætla karlmanni að sjá fyrir 5 börnum með sinni vinnu er slíkri stúlku ekki ofætlað að vinna fyrir einu barni með barnalífeyri 200 kr. á mánuði. Ég veit, að það tekur sinn tíma fyrir einstæðar mæður að annast, þótt ekki sé nema eitt barn, en hér er þó um ofrausn að ræða. Allt annað er, ef um fleiri en eitt barn er að ræða. Þá er augljóst, að slíkt dregur mjög úr tekjumöguleikum móðurinnar. Samkvæmt opinberum skýrslum voru hér 911 einstæðar mæður með einu barni á framfæri sínu árið 1947, og það gerir röskleg 1,6 millj. kr. til þeirra á ári, ef veita ætti þeim mæðralaun samkvæmt till. hv. 4. landsk., en sú upphæð er miklu hærri en gert er ráð fyrir samkv. frv., að verja þurfi til mæðralauna í heild. — Um hækkun mæðralaunanna að öðru leyti er alltaf matsatriði. Hv. þm. leggur til, að allt hækki. Ég skal játa, að það væri æskilegt að hafa mæðralaunin hærri. En ég tel, með hliðsjón af öðrum bótagreiðslum, sem frv. gerir ráð fyrir, að þá sé þetta of langt gengið hjá hv. 4. landsk.

Hv. þm. Barð. ber einnig fram brtt. við 13.

gr., og hann vill lækka mæðralaunin frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. til mæðra, sem eiga 3 börn og þaðan af fleiri. Fljótt á litið virðist mér till. hv. þm. lækka mæðralaunin í heild um 180—190 þús. kr., ef samþykktar væru, svo að hér er ekki um stórfellda breytingu að ræða, má segja. En ég get sagt það sama um þessa till. og till. hv. 4. landsk., að það er matsatriði, hvaða upphæðir eru hæfilegar. Ég álít, að hv. 4. landsk. fari hærra en sambærilegt er við önnur ákvæði frv. og l. og að hv. þm. Barð. tilnefni aftur of lágar upphæðir. Till. n. eru hér aftur mitt á milli, og styður það þá skoðun, að þær séu nærri réttu lagi.

Þá flytur hv. 4. landsk. brtt. á þskj. 330, þess efnis, að bráðabirgðaákvæðið, sem heilbr.- og félmn. bætti aftan við lögin um 10% uppbót á ellilífeyri, örorkulífeyri og makabætur, ákveði í staðinn 20% uppbót. Þetta mál hefur verið rætt í Sþ. í sambandi við tillögu þar. Meginatriðið hygg ég vera það, að eftir að Alþ. hafði samþ. til bráðabirgða fyrir jólin í vetur 20% launauppbót til opinberra starfsmanna, þótti óhjákvæmilegt að færa þar til samræmis bótagreiðslur tryggginganna. Nú hafa þegar verið hækkaðar lífeyrisgreiðslur til gamalmenna og öryrkja um 10%. Því leggur n. til, að þessar greiðslur verði nú auknar um 10%, þannig að samanlagt og miðað við gildistöku l. og 300 stiga vísitölu verði uppbótin hin sama, frá 1. júlí 1949 til jafnlengdar í ár, og opinberir starfsmenn hafa fengið til bráðabirgða. Hins vegar er till. hv. 4. landsk. eiginlega um 30% hækkun, eða 20% ofan á þá hækkun, sem þegar hefur verið samþykkt. Ég skal játa, að æskilegt væri, að hægt væri að framkvæma þá hækkun, en það er ekki hægt, og því er ég ekki með brtt. á þskj. 330. Ég vil mjög taka undir það með hv. þm. Barð., að það er ekki gott að hækka svo uppbætur og bótagreiðslur til bráðabirgða, að síðan þurfi að lækka þær aftur, því að það er alltaf illa séð, þegar á að fara að lækka. Uppbætur til opinberra starfsmanna hafa ekki verið ákveðnar til frambúðar, og ég tel óhyggilegt að samþykkja brtt. hv. 4. landsk. á þskj. 330, en vil ráða dm. til að samþ. till. n. hér að lútandi á þskj. 308. Ég tel, að ekki eigi að breyta till. n., því að þær nái hlutfallinu, sem venjulega hefur verið miðað við milli almennra tekna og bótagreiðslna. Ég mæli enn fremur gegn brtt. hv. þm. Barð.

Þá vil ég minnast á þá brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 331, að síðari málsgr. 8. gr. frv. falli niður, en hún er um lífeyrishækkun og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er tryggingaráði að binda hækkun samkvæmt þessari grein því skilyrði, þegar um einstæðingsskap er að ræða, að stjórn þess sveitarfélags, þar sem lífeyrisþeginn á heima, sjái honum fyrir viðunandi húsnæði gegn leigu, sem ekki fari fram úr 25% af lífeyrisupphæðinni, enda hafi hann verið búsettur í sveitarfélaginu óslitið eigi skemur en 5 s. l. ár.“

Ég skal játa, að svo geti farið, að erfitt verði að framkvæma þetta ákvæði undir sumum kringumstæðum og það komi ekki að verulegu haldi, og mþn., sem samdi frv., var ekki á eitt sátt um það. Það, sem fyrir henni vakti með þessari málsgr., var það, að eins og húsnæðismálum, sérstaklega í Reykjavík, er háttað, er ekki útilokað, að lífeyrisþegar greiði svo háa húsaleigu, að jafnvel 50% hækkun á lífeyri væri ekki nóg til þess að þeir hefðu eitthvað afgangs til að tóra fyrir. Hæsta lífeyrisgreiðsla er 450 kr. á mánuði, og eru þess dæmi, að lífeyrisþegar hafa orðið að greiða 300—400 kr. í leigu fyrir eitt herbergi á mánuði, og er þá sama og ekkert eftir af lífeyrinum, þegar þeir eru búnir að greiða húsaleiguna. Umrætt ákvæði á að tryggja, að bæjarfélög og sveitarfélög hlaupi undir bagga með lífeyrisþegum, ef um þessi ókjör er að ræða, og bærinn sjái þá með einhverju móti fyrir ódýru húsnæði. Erlendis er það víða þannig, að bæirnir sjá lífeyrisþegum fyrir húsnæði með þolanlegu verði. Ég mæli ekki með þessari brtt. hv. þm. Barð., þótt ég játi, að ákvæðið, sem hann vill fella niður, geti haft í för með sér erfiðleika í framkvæmd.

Hugleiðingum hv. þm. Barð. almenns efnis um tryggingarnar er ég að mestu sammála, að stilla bótakröfunum svo í hóf á hverjum tíma, að ekki þurfi að lækka þær greiðslur öðru hverju og stefna fjárhag Tryggingastofnunarinnar í tvísýnu, því að á erfiðu árunum, sem alltaf hljóta að koma öðru hverju, þarf stofnunin að vera viðbúin og hafa þá sveiflurúm eða svigrúm. Ég er hv. þm. mjög sammála um þetta atriði.

Ég neyðist þá til að víkja að greinargerð hv. fjmrh., og leiðist mér, að hann skuli ekki vera hér viðstaddur. En áður en ég vík að skjali því, er hann las hér upp, vil ég víkja að öðru, sem hæstv. ráðh. hélt hér óhikað fram. Hann sagði, að hækkað framlag til sjúkrasamlaganna á fjárlögum yfirstandandi árs næmi 2,6 millj. kr. Þetta er fjarri öllum sanni — og sannleika, liggur mér við að segja. Það er gert ráð fyrir rétt 11% hækkun á fjárlögum á framlagi til sjúkratrygginga. Það framlag er áætlað 3,4 millj., og samkvæmt því ætti sú 11% hækkun að nema 360—370 þús. kr., en ekki 2,6 millj., eins og hæstv. ráðh. taldi. Hins vegar má benda á, að sjúkrasamlagsiðgjöld eru mjög lág, og búast má við, að nokkur hækkun verði á þessum lið á þessu ári, sökum þess að gert er ráð fyrir að lögbjóða stofnun sjúkrasamlaga, þar sem þau eru ekki þegar starfandi, og það er eingöngu í sveitum, og þar eru lægri iðgjöld. Má því vera, að nærri láti, að framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna eða samlaganna á þessu ári nái 4 millj. kr. á fjárlögum. En að hækkunin fari 2,6 millj. kr. fram úr því, sem nú er áætlað á fjárlögum, nær engri átt og er hreinn misskilningur.

En það er ekki nóg. Öll greinargerð fjmrn. byggist á sama misskilningnum. Í grg. telur ráðuneytið, að þar sem ákveðið sé í l., að framlag ríkissjóðs til tryggingasjóðs skuli taka inn í fjárl. samkv. áætlun tryggingaráðs, þá leiði af því, að sú upphæð, sem tekin er inn á fjárl., sé áætlunarupphæð, sem ráðun. geti dregið frá og lækkað, eftir því sem það sér ástæðu til. Það hefur verið bent rækilega á, að þetta er ekki rétt, því að sú áætlunarupphæð, sem talað er um í þessari gr., er áætlunarupphæð trygg-

ingaráðs, sem verður föst upphæð, skv. 116. gr., allt hvað hún fer ekki fram úr því hámarki, sem 116. gr. l. ákveður. Og undanfarin ár hefur alltaf verið tekin lægri upphæð en í gr. segir.

Þá er enn fremur haldið fram í grg., að Tryggingastofnunin telji, að það sé alveg á valdi tryggingaráðsins að ákveða framlagið til Tryggingastofnunarinnar, allt hvað það fari ekki fram úr 7½ millj. kr., og Alþ. hafi ekkert um það að segja. Þetta er fjarstæða, því að Alþ. getur alltaf breytt l. um þetta. Og til þess er bent í 116. gr., að ef útkoma tryggginganna verði slík, að það þyki nauðsynlegt, þá skuli það gert.

Eitt af því, sem lögð var mest áherzla á, bæði af hálfu Tryggingastofnunarinnar og eins í þeirri grg., sem hér var flutt, er það, að svo var upphaflega ráð fyrir gert, þegar l. voru sett, að kostnaður við tryggingarnar skiptist í ákveðnum hlutföllum á milli þeirra fjögurra aðila, sem undir þeim standa: ríkissjóðs, sveitarsjóða, atvinnurekenda og hinna tryggðu. Og þau hlutföll voru hér um bil þau, að 50% hvíldu á ríkissjóði og sveitarsjóðum og er framlag sveitarsjóða innheimt með sköttum, eins og aðrar tekjur þessarar stofnunar, en helmingurinn hvíldi á iðgjaldagreiðendum og tveir þriðju hlutar af því á hinum tryggðu, en einn þriðji hlutinn á atvinnurekendum. Í grg. er dregið í efa, að þessi skipting hafi verið lögð til grundvallar, og í því sambandi hefur verið bent á grg., sem fylgdi frv. til l. um almannatryggingar, þegar það var lagt fyrir Alþ. 1945—1946. Í sambandi við þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. flutti um það, vil ég geta þess, að þær tölur, sem hann sýndi, að að nokkru skeikaði frá því, sem nú er ákveðið um skiptinguna, voru þannig, að sveitarsjóðir og ríkissjóður skyldu greiða 55% og atvinnurekendur og hinir tryggðu 45%. Þessar tölur voru upp teknar úr frv., eins og það var lagt fyrir áður greint þing, en á Alþ. var þessum ákvæðum breytt þannig, að framlög sveitarfélaganna og ríkissjóðs voru lækkuð. Og eftir að sú lækkun hafði verið gerð og tilsvarandi lækkun á útgjöldum tryggginganna, þá voru hlutföllin orðin þannig, að 50% voru greidd af hvorum aðilunum, annars vegar ríkissjóði og sveitarfélögunum, en hins vegar iðgjaldagreiðendum, eins og ég áðan sagði.

Þá gerði ráðh. einnig grein fyrir því, eða ráðuneytið, að í kostnaði Tryggingastofnunarinnar og framlögum til hennar nú væri ekki talin ríkisframfærsla, berklavarnir og styrkur til sjúkra manna og örkumla, og fullyrti, að ef þessar greinar væru teknar með, mundi útkoman verða sú sama og í frv. væri gert ráð fyrir, og las hæstv. ráðh. upp töflu, þessu til sönnunar. Við athugun á þessari töflu hefur komið í ljós, að þar er um hreina ágizkun að ræða út í bláinn, svo að ég ekki segi tilbúnar tölur. T. d. er talið, að hinir tryggðu greiði árið 1947 23 millj. kr. og 1948 23,6 millj. kr. Hvernig þessar tölur hafa verið fundnar út, get ég ekki sagt um. En þeir tryggðu hafa greitt á þessum árum 27,1 millj. og 27,4 millj. kr. Á sama hátt skeikar einnig framlag sveitarsjóða þessi ár svo nokkrum milljónum skiptir. Ég mun að sjálfsögðu koma leiðréttingum á þessum tölum til hæstv. ráðuneytis. En mér þótti rétt að láta þetta koma fram hér í umr., þannig að þessum tölum væri þar ekki ómótmælt.

Sama er að segja um þá skýrslu, sem sett er upp á bls. 6, um hundraðshlutaframlag þeirra einstöku aðila eftir þeirri skiptingu, sem ég áðan greindi.

Þá er í grg. allýtarlega um það rætt, hvílík fjarstæða það væri, að tryggingasjóðurinn færi að lána út fé sitt. Ég er alveg sammála þessu og alveg undrandi á því, hvers vegna fjmrn. ræðir um þessi efni, því að það hefur aldrei komið til orða, að ég held, að tryggingasjóðurinn lánaði út sitt fé. Þessum sjóði er ætlað að standa undir daglegum rekstri tryggginganna og mæta greiðsluhalla. Það verður ekki annað séð af þessu bréfi en að ráðun. hafi ekki hugmynd um það haft, að stofnunin hefur 40 millj. kr. varasjóð og úr honum er lánað til einstakra aðila eins og lög mæla fyrir um. Þar á meðal er loforð um lán til sjúkrahúsbyggingar hér í Reykjavík, 12 millj. kr. Það er beinlínis ákveðið í l., að varasjóðurinn skuli lána fé sitt til slíkra stofnana.

Ráðuneytið telur, að ofgreitt muni verða úr ríkissjóði til tryggginganna á árinu 1950 alls frá árinu 1947 um 30 millj. kr. Ég veit ekki, á hverju hæstv. ráðh. byggir þessa ágizkun, en ég þori að fullyrða, að þessi upphæð er of há. Þar að auki er það á fullum misskilningi byggt, að um ofgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar sé að ræða. Þá er og þess að gæta, að á þessu ári, að samþykktum frv. sem fyrir liggja, bætast útgjöld við hjá tryggingunum, sem nema um 5 millj. kr. á ári, og af því er gert ráð fyrir, að hægt verði að taka þrjár til fjórar millj. kr. af tekjum stofnunarinnar, en hitt verður líklega að taka af tekjuafgangi fyrri ára.

Ég hirði ekki, þó að ég hefði gjarnan viljað það, að ræða fleira um þetta hér, þar sem hæstv. ráðh. er ekki til andsvara. En ég vil taka fram, að því miður er þessi grg., sem hér hefur verið lögð fram, að verulegu leyti byggð á misskilningi, og þar að auki eru þær skýrslur og tölur, sem þar eru birtar, ekki réttar í ýmsum mjög þýðingarmiklum atriðum.

Ég skal svo láta máli mínu lokið að þessu sinni. En ég vildi mega vænta þess, að hv. þdm. sæju sér fært að greiða till. n. atkv., en veita að öðru leyti þeim till., sem ég hef drepið á, þá afgreiðslu, sem ég hef gert grein fyrir í ræðu minni. Einni brtt. gleymdi ég, brtt. frá hv. þm. Barð., um fæðingarstyrkinn, að hann skyldi vera hinn sami um allt land, 200 kr. í grunn, eða 600 kr. fyrir hverja fæðingu. Ég vildi mælast til þess, að hv. þm. vildi taka þessa brtt. aftur til 3. umr., því að það er til athugunar í n., eins og hann drap á, hvort ekki þurfi, ef þessi breyt. er gerð, að breyta einnig l. um meðlag til óskilgetinna barna.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég ætla aðeins með örfáum orðum að gefa nokkra skýringu á einu atriði, sem fram hefur komið, en alls ekki að gera grein fyrir afstöðu minni til hinna mörgu brtt., sem fram eru komnar.

Ég vil aðeins drepa á þetta vegna þess, að hv. þm. Barð. hefur miðað till. sína um upphæð mæðralauna við upphæð, sem nefnd er í till. frá landsfundi Kvenréttindafélags Íslands, og skýra frá því hér, að mér er kunnugt um, hvernig þessar tölur eru til komnar, af því að ég átti þátt í þessum till. Þetta var ekki nefnt sem upphæðir, er stungið væri upp á, heldur sett fram sem listi til skýringar á því, hvað eðlilegt þætti, að mæðralaunin færu stighækkandi. Og til sönnunar þessu vil ég benda á, að þá, eins og nú, var landinu skipt í tvö verðlagssvæði. Þarna var ekki nema þriðjungur Reykjavíkurkonur. Hitt voru konur úti um allt land, svo að það hefði verið ómögulegt fyrir okkur að finna sameiginlega upphæð fyrir þau tvö verðlagssvæði. Það er því ekki óeðlilegt, að upphæðin, sem nefnd var, sé sú, sem væri ætlað að gilda á II. verðlagssvæði. — Ég vildi láta þetta koma fram, vegna þess að hv. frsm. n. virtist eitthvað leggja upp úr þessum tölum, sem þarna eru nefndar í till. kvenréttindafélagsins. En þetta var ekki upphæð, sem beinlínis var lagt til, að lögð væri til grundvallar, heldur sett fram til þess að tákna, að það væri meiningin að borga meira með fleiri börnum en færri.

Ég vil svo að endingu lýsa ánægju minni, fyrir hönd kvenna yfirleitt, yfir því nýmæli, sem mæðralaunin eru. Það hefur lengi verið baráttumál kvennasamtakanna að fá þessar sérstöku tryggingar, og ég mun fylgja þeim till., sem fram hafa komið til framfara í þessu efni. Að öðru leyti ætla ég ekki að gera till. að umtalsefni hér.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. hefur nú talað hér í annað sinn og yfirleitt mælt á móti þeim brtt., sem fluttar hafa verið hér af einstökum þm., og ráðlagt hv. d. að fella þær flestar. Það gildir einnig um þær brtt., sem ég hef flutt hér, að hann hefur mælt í gegn þeim öllum og óskað eftir því, að þær væru ekki samþ. Hins vegar hafa þau rök, sem hann hefur flutt fram fyrir þessari ósk sinni, yfirleitt verið á þann veg, að ég get ekki á þau fallizt og tel þess vegna ástæðu til þess að fara um þau nokkrum orðum. Viðvíkjandi fyrri brtt. á þskj. 329 þarf ég þó ekki að vera fjölorður. Hv. frsm. benti á það, að jafnframt því sem ég flytti brtt. um, að náð yrði því samræmi, sem þar er um að ræða á milli ekkna og fráskilinna kvenna annars vegar og ógiftra mæðra hins vegar, og ég flytti till. um að auka rétt ógiftra kvenna, þá legði hv. þm. Barð. fram till. um, að þessi réttur yrði verulega rýrður. Og mér skildist, að hv. frsm. drægi þá ályktun af þessu, að þá væri það nokkurn veginn rétt meðalhóf, sem felst í frv., um að ná samræminu á þann hátt, sem þar er lagt til. Ég tel þetta ekki sterk rök út af fyrir sig. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að ég tel, að það sé mjög fráleit skoðun og fráleit túlkun, sem haldið er fram í sambandi við þetta, og sérstaklega af hv. þm. Barð., að með þessu sé Tryggingastofnunin að veita einhverja sérstaka og þá ríflega meðgjöf með þeim konum, sem í því og því tilfelli væru að gifta sig. Það er síður en svo, að þetta sé nokkur meðgjöf með konum. Eins og allir hv. þm. vita, er þarna um að ræða barnalífeyri, þ. e. a. s. fé, sem nota á til þess að létta undir með uppeldi barnanna, en alls ekki um að ræða nokkurt framfæri konunnar. Og ég held, að uppeldi barnanna sé svo þýðingarmikið mál, að það sé síður en svo nokkuð athugavert við það, þó að Tryggingastofnunin, úr því að hún starfar og menn eru sammála um, að hún sé nauðsynleg stofnun, á þennan hátt greiði fyrir því, hvort sem það er ekkja eða ógift móðir, sem er með fleiri eða færri börn á sínu framfæri og síðan giftist, að uppeldi barnanna sé tryggt betur en ella mundi. Og þetta gildir því fremur, ef menn vilja halda sér við það dæmi, sem hv. þm. Barð. hefur lagt hér fram, ef börnin eru fleiri, allt upp í 10 eins og hann talaði um, því að sá maður þyrfti að hafa meira en meðaltekjur, a. m. k. vinnandi maður, ef honum ætti að vera kleift aðeins af launum sínum að framfæra þessi tíu börn, sem hann í því tilfelli tæki að sér með konunni. Ég held, að það ætti að vera augljóst, að í svona tilfellum ætti að vera þörf á því — og það mikil þörf —, að sá maður, sem þannig giftist, héldi þeim lífeyri, sem þeim börnum væri ætlaður til framfæris, og það því fremur sem vitað er, að þessi lífeyrir, eins og annar lífeyrir samkv. tryggingal., er alveg ófullnægjandi til þess að framfleyta þeim, sem hann fær, ef ekki kemur annað til. Ég held því, að það sé full ástæða til þess að halda því ákvæði, sem nú er í l. varðandi rétt ógiftra mæðra um greiðslu barnalífeyris, þó að þær giftist, og það sé þess vegna eðlilegt, að þegar reynt er að fá samræmi, hvað þetta snertir, á milli þeirra og ekknanna, þá sé þetta samræmt upp á við, sem ég legg til, en ekki niður á við, eins og felst í frv. Og því fjarstæðara er, að meir sé dregið úr rétti mæðranna, eins og felst í brtt. hv. þm. Barð.

Þá er það viðvíkjandi mæðralaununum. Hv. frsm. orðaði það eitthvað á þá leið, að það væri fullkomin ofrausn, sem felst í tillögu minni varðandi mæðralaunin, það er að segja, að greidd skuli mæðralaun þegar með fyrsta barni. Og hann reiknaði það út, að ef fylgt væri till. minni um þetta efni, þá mundu viðkomandi mæður, sem hefðu eitt barn á framfæri sínu og fengju samkv. minni till. 600 kr. í grunn og síðan barnalífeyri 800 kr. í grunn, fá í tekjur 4200 kr., og það er rétt, það er þessi upphæð. En ég er ekki sammála hv. frsm. um það, að það sé ofrausn, þó að konan fengi frá Tryggingastofnuninni þessar tekjur, annars vegar til framfæris barninu og hins vegar til að mæta því vinnutapi, sem hún yrði fyrir vegna þess, að hún þarf að sinna barni sínu. Hv. frsm. talaði mikið um það, að ungri og friskri og fullvinnandi konu, sem hefði aðeins eitt barn á framfæri sínu, væri engin ofætlun að vinna fyrir sínu eigin framfæri, og taldi, að sá tími, sem hún þyrfti til þess að annast um þetta eina barn, væri ekki það mikill, að hún hefði ekki tíma til þess að vinna fyrir sínu framfæri. Hins vegar færi miklu meiri tími hjá móður til barnaumönnunar, ef börnin væru tvö, og því meiri sem börnin væru fleiri. Ég held,

að þetta sé alger misskilningur hjá hv. frsm. Ég held, að það fari nákvæmlega sami tími í það hjá móður að sjá um eitt barn og t. d. fjögur börn, ef heimilisástæður hennar eru á annað borð þannig, að hún þarf að vera heima yfir barninu, en getur ekki komið því yfir á einhverja aðra að sjá um það. Og þegar verið er að setja löggjöf um þetta, verður að ganga út frá því, að ekki komi þarna aðrir aðilar til en móðirin sjálf. Sem sagt, tíminn, sem til þess fer að líta eftir einu barni, verður alveg sá sami og fer í að líta eftir tveimur eða þremur börnum. Hins vegar verður það því meiri vinna og erfiði að líta eftir börnunum sem þau eru fleiri, og því eðlilegt, að mæðralaunin hækki eftir því, sem börnunum fjölgar. En grundvöllurinn undir minni till. er sá, að með fyrsta barninu er móðirin hindruð frá því að geta stundað vinnu utan heimilis, og þess vegna verða mæðralaunin að koma til framfæris, að mínu áliti, fyrst og fremst við fyrsta barn, og á þessu byggjast mínar till. um þetta efni. Það má hins vegar segja, að ef móðirin verður alveg hindruð frá því að stunda vinnu utan heimilis, vegna þess að hún sé bundin yfir einu barni, þá nægi engan veginn 600 kr. í grunn henni til framfæris. En það er a. m. k. verulegur styrkur að þessu framlagi og gæti gert móður kleift að standa straum af þeim kostnaði, sem af því leiddi að koma barninu í gæzlu með einum eða öðrum hætti, svo að hún gæti stundað vinnu utan heimilis, en það tel ég, að séu alveg rétt rök fyrir þessari brtt. minni, að mæðralaunin eigi fyrst og fremst að koma til með fyrsta barninu. Hitt má síðan auðvitað alltaf deila um, hversu háar upphæðirnar eigi að vera. Og eins og ég tók fram þegar í minni fyrri ræðu, þá álít ég, að þær upphæðir, sem ég legg til, — þó að þær séu nokkru hærri en í frv., — séu of lágar, en ég hef hins vegar orðið að miða þær nokkuð við þær bótagreiðslur aðrar, sem ákveðnar eru í almannatryggingal., og hef þess vegna bundið hámarkið við fullan lífeyri, eða 1200 kr., og ekki séð mér fært að fara hærra, og hef þess vegna líka orðið að stilla fyrstu upphæðinni í hóf, með tilliti til þess.

Ég vil vænta þess, að þrátt fyrir þessi andmæli hv. frsm. þá vilji hv. þdm. leggja það á sig að meta það, hvor okkar hafi sterkari rök í þessu efni. Og hver sem niðurstaðan verður við atkvgr. um frv. í þetta sinn, þá geri ég nú ráð fyrir því, að það muni fara kannske um þetta efni eins og nú þegar er þó orðið um sjálfa hugmyndina um mæðralaunin, að þegar hún var flutt fram af okkur sósíalistum við setningu l. hér 1946, þá fékk hún ekki viðurkenningu, en till. okkar þar um felldar. Nú hefur hugmyndin fengið þá viðurkenningu, sem kemur fram í frv., eins og það liggur fyrir. Og mér þykir ekki ósennilegt, að það muni fara svo, hvort sem það verður fyrr eða síðar, að þessi rök verði viðurkennd, sem ég flyt nú fram fyrir þessari till. minni, á þann veg, að það beri einnig að láta mæðralaunin koma til þegar við fyrsta barn, en ekki láta þau bíða, þangað til börnin verða fleiri.

Viðvíkjandi þriðju brtt., sem ég flyt á þskj. 330, í sambandi við uppbætur á ellilífeyrinn og annað, sem þar greinir, lítur út fyrir, að erfitt sé að koma þar við nokkrum rökum. Því er stöðugt haldið fram, að búið sé að hækka þessar greiðslur um 10%, þótt það sé bláköld staðreynd, ef miðað er við gildistöku l., að þá hafa þessar greiðslur verið lækkaðar. Ég þóttist taka þetta nægilega skýrt fram í minni fyrri ræðu, en þrátt fyrir það þá heldur hv. frsm. fram því gagnstæða. Það var ákveðið við gildistöku l. að greiða á þetta fulla vísitölu, en nú er vitað, að vísitalan er hærri en 315 stig, og er því raunverulega búið að lækka þessar greiðslur. Í sambandi við þetta tók hv. frsm. að vísu fram, að á ellilífeyrisgreiðslurnar væri greitt með vísitölu 315, en á laun almennt með vísitölu 300. En honum er það eins vel kunnugt og okkur, að þegar vísitalan var bundin, illu heilli, þótti ekki fært að greiða minna á ellilífeyrinn en 315 vísitölustig, því að svo voru þessar greiðslur annars skornar við nögl. Þess vegna þótti ekki fært að fara neðar með þessar greiðslur. Það liggur líka í augum uppi, þegar meta á afkomumöguleika ellilífeyrisþega og annarra launþega, að það er gengið mun nær hinum fyrrnefndu með stýfingu vísitölunnar í 315 en hinum síðarnefndu með stýfingu niður í 300 vísitölustig. Það er því alveg fráleit röksemdafærsla, að búið sé að bæta ellilífeyrisþegunum upp það tap, sem þeir urðu fyrir með stýfingu vísitölunnar, þótt þeim sé nú greitt með 315, og þykir mér furðulegt, að hv. frsm. n., sem er þó þessum málum mjög vel kunnugur, skuli nota slíkt undir meðferð málsins. Þykir mér einkennilegt, ef á þetta verður fallizt í hv. d. — Hitt þykir mér og jafnfráleitt, að telja það sem hækkun á ellilífeyrinum, þegar Tryggingastofnunin tekur að sér að greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir þetta fólk, eins og ákveðið er í heilsugæzlukafla l. Það, sem verið er að gera með þessu, er aðeins það, að ekki er verið að svíkja ellilífeyrisþegana um það, sem þeim og öðrum hafði verið lofað við setningu l. Það er því alveg fjarstæða að nota slíkt sem þetta sem röksemd á móti mínu máli. Frá mínu sjónarmiði séð hafa ellilífeyrisgreiðslurnar því verið lækkaðar síðan l. voru sett, þótt greitt sé á lífeyrinn með 315 vísitölustigum og sjúkrasamlagsgjöldin einnig greidd. Ég vil því fastlega vænta þess, að hv. frsm. geti fallizt á að greiða 20% uppbót til þessa fólks og gera þar með þess hlut ekki rýrari en annarra, sem þegar hafa fengið þá uppbót.

Ég skal nú ekki eyða tíma hv. d. í að ræða aðrar brtt., sem fram hafa komið, en mér sýnist þær flestar vera þannig, að ég geti ekki greitt þeim atkv. En mér virðist sem sagt ekki vera ástæða til þess að ræða það frekar en ég gerði í upphafi í sambandi við brtt. hv. þm. Barð., sem yfirleitt ganga í þá átt að rýra bótagreiðslurnar. Það er mín skoðun, sem og hefur komið fram í þessum umr., að ég tel bæturnar of lágar og því ástæðu til að hækka þær frekar en hið gagnstæða.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 4. landsk. (StgrA) endaði ræðu sína með því að segja, að till. mínar miðuðu að því að rýra bótagreiðslurnar. Ég vil mótmæla þessu. Þær koma ekki

nálægt þessu atriði, nema ef þannig ætti að skilja brtt. við 10. gr., og skal ég koma nokkuð að því. — Það fyrsta er, að ekki er búið að ákveða *mæðrastyrkinn enn, svo* að þar er ekki um að ræða að rýra neinar greiðslur. Hins vegar skal ég fullvissa hv. 4. landsk. um það, að ef ekki hefði verið farið að mínum till., er l. voru samþ., þá væru þau nú aðeins pappírsgagn, sem engum kæmi að haldi. En af því að Alþingi stillti greiðslunum í hóf eftir minni till., er l. voru sett, var hægt að byggja upp þessa þörfu stofnun. Það ætti hv. þm. að muna og vera mér heldur þakklátur frekar en að vera með hnýfilyrði í minn garð. — Ég skal nú benda lítillega á rökvillur hv. þm. í sambandi við brtt. mínar við 10. gr.

Hv. þm. sagði, að með ákvæðinu eins og það er í frv. væri verið að tryggja uppeldi barnanna. En hvernig er þetta þá þar sem t. d. tíu börn eru og öll í hjónabandi? Hvað er þá um þennan uppeldisstyrk, sem hv. 4. landsk. er að tala um? Og ég skal taka annað dæmi: Hvað segir hv. 4. landsk. um það, ef ekkill með börn tekur að sér konu? Þarf hann þá ekki einnig að fá fjölskyldubætur? Nei, það er sannarlega óverjandi að hafa þessa grein, nema því aðeins, að hún nái til beggja kynjanna. Það er svo fráleitt að hafa ákvæði um það, að ef kona giftist aftur, eigi hún að fá sömu greiðslu með sínum börnum, en ef karlmaður með börn giftist aftur, þá fái hann engar greiðslur. Það er nefnilega svo, að þetta byggist allt á því, að Tryggingastofnunin græðir á því, að konan giftist aftur, *og það er einmitt það, sem ég hef aldrei* getað fellt mig við og eiginlega aldrei getað fyrirgefið hv. frsm., að búa þannig um hnútana. En auðvitað er sú hugsun einnig á bak við þetta, að þegar konan missir mann sinn, þá kemst hún í meiri erfiðleika með að ala upp börn sín heldur en þegar maðurinn missir konu sína. En ég vil segja, að nauðsynlegt sé, að þessi ákvæði nái einnig til ekkla, svo að þetta sé jafnt fyrir bæði kynin. Það er og sett í þessi lög, að heimilt skuli að greiða ekklum barnalífeyri, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og var það rétt að farið. — En ég mun ræða þetta mál nánar við hv. frsm. í n., úr því að málið er nú komið á þetta stig, því að fyrir honum hefur alltaf vakað að koma konunum út, þ. e. a. s. að gera Tryggingastofnunina nokkurs konar hjónabandsskrifstofu.

Þá ætla ég að víkja örlítið að mæðralaununum. Það hafa engin rök verið færð fyrir því, að hlutföllin milli 1., 2. og 3. flokks séu rétt, og þess vegna hef ég gert mínar brtt., því að ég tel þau hlutföll vera röng eins og þau eru í till. n. Það hefur aldrei verið deilt um það, hvort upphæðin 400 kr. til konu með eitt barn væri of há eða of lág. En ef upphæðin til konu með eitt barn er rétt, þá er röng upphæðin til konu með tvö börn. Kona með 2 börn er mun betur sett með 800 kr. en kona með eitt barn með 400 kr. Hv. 8. þm. Reykv. (RÞ) vildi halda því fram, að það hefðu verið þessar ákveðnu greiðslur, sem vakað hefðu fyrir kvenréttindafélögunum. (*RÞ:* Ég sagði, að það hefðu verið þessi hlutföll, en ekki greiðslur.) Jæja, en ég vil segja, að þessi hlutföll eru röng. Ef þær hafa viljað fá 400 kr. með fyrsta barni, þá er rangt að greiða 1200 kr. með fjórða. Annars vænti ég þess að fá tækifæri til að ræða þetta við hv. frsm. í n. og skal taka brtt. *mínar aftur* til 3. umr. til þess að reyna að fá samkomulag. Hins vegar, ef hann vill ekkert samkomulag, þá er bezt að þær komi til atkvæða hér við þessa umr. — Hv. 4. landsk. segist vera ánægður með greiðslur til konu með eitt barn, því að þá geti hún unnið úti. En hví ekki að láta hana fá það einnig í hjónabandi? Hér er þannig verið að misræma mjög mikið. Annars vakir aðeins fyrir þeim hv. þm. að krefjast fjár án þess að taka tillit til, hvaða þýðingu það hefur.

Í sambandi við brtt. hv. 1. þm. N-M. (PZ) við 13. gr. vil ég taka fram, að ef hann vill taka þær aftur til 3. umr., þá skal ég fá þær ræddar í n. og athuga möguleika á að fá þær einhverjar lögfestar, því að þær eru að mörgu leyti sanngjarnar.

Ég tel svo rétt að síðustu að minnast á rökþrot hv. 4. landsk. út af 20% uppbótunum til gamla fólksins. Hv. þm. heldur því fram, að tekinn hafi verið af því einhver réttur, sem það hafi átt. Ég get eigi séð, að í l. standi neitt um það að greiða því bætur með vísitölu 315, heldur stendur hér í l.: „Greiða skal bætur þessar með vísitölu eins og hún er á hverjum tíma.“ Hér er ekki átt við annað en þá vísitölu, sem greidd er á kaup almennt, og er það því alveg rétt hjá hv. frsm., að bætt hefur verið við greiðslurnar til gamla fólksins frekar en hið gagnstæða. Auk þess væru það 360 vísitölu*stig, sem greidd væru á þessar bætur, ef 20%* hjá hv. þm. væru samþ. — Annars er alveg óþarfi að vera að ræða þetta mál nánar, því að það eru aldrei annað en hlægilegur áróður till. hjá þessum háttv. flokki, vitandi það, að búið er að bæta kjör þessa fólks meira en þeirra till. fara fram á, þótt hv. þm. þessa flokks séu alltaf að bæta sínar till.

Ég skal svo ekki ræða þetta nánar nú, en vona, að hægt sé að samræma till. hv. 1. þm. N-M. við frv. sjálft, því að eins og áður er sagt, er margt gott við þær.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., 20. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum að taka aftur 2., 4. og 5. brtt. mína til 3. umr. Það var óskað eftir því, að ég gerði það, og mér þykir sjálfsagt að verða við þeim óskum. — Í öðru lagi langar mig til að benda á — og það vil ég sérstaklega benda þeim hv. þm. á, sem nú eru hér í hv. þd. og vilja mjög ákveðið láta réttindi og skyldur karla og kvenna í landi hér verða allar hinar sömu, og ég viðurkenni, að þeirri reglu hefur verið fylgt miklu frekar í þessum l. en flestum l., sem frá Alþ. hafa komið. En þó er það nú samt sem áður svo, að í þessum l. eru kvenmenn víða settir skör hærra en karlmenn, hvað réttindi snertir. Ég skal ekki fara út í það, en ætla að óska, að n. taki það til athugunar. Eins og nú er komið, er það nú orðið svo, að það er ekki endilega karlmaðurinn, sem er fyrirvinna

hvers heimilis, heldur þekkir maður dæmi þess, að kvenmaður sé fyrirvinna heimilis, og þar hvílir á húsbóndanum, ekki síður en húsmóðurinni, að sjá um uppeldi barnanna. Ef maðurinn í þessu tilfelli verður ekkill, hverfur fyrirvinna heimilisins. Þá nýtur maðurinn ekki sömu kjara eftir l. og ekkja nýtur. En ef konan verður ekkja, hvort sem er í þessu tilfelli eða öðrum, þá á hún að fá meðlag með börnum sínum. En ef karlmaður verður ekkill, þá á hann ekkert slíkt að fá. Ég vil benda hv. n. á þetta. Og ef frv. verður tekið til athugunar á milli 2. og 3. umr., vænti ég, að hv. n. taki þetta til athugunar, og það því fremur sem í n. eru menn, sem mjög ákveðið eru með því, að réttindi karla og kvenna verði alveg hin sömu í öllum greinum.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) sagði nú síðast, vil ég taka fram, að það er fullkomlega rétt, að samkv. almannatryggingal. er réttur kvenna í mörgum tilfellum gerður meiri en réttur karla, — eins og sumir hafa orðað það, að það þyrfti að stofna karlréttindafélög til þess að bæta úr þessum halla. Þetta byggist að nokkru leyti á fornri venju, en í aðalatriðunum er þetta viðurkenning á því, sem er staðreynd, að í langflestum tilfellum er það karlmaðurinn, sem aflar tekna til heimilisins, þó að mörg dæmi séu þess, að konan vinnur utan heimilisins og aflar tekna til heimilisins, þó að meginreglan sé, að karlmaðurinn sé sá aðilinn, sem aflar teknanna fyrir heimilið, en það er aftur undirstaðan undir ákvæðum l., sem hv. 1. þm. N-M. minntist hér á. En dæmið, sem hv. 1. þm. N-M. tók um ekklana, er rétt, og í 9. gr. þessa frv. er tekið tillit til þessa. Í gildandi l. er nú ákveðið, að ekki megi greiða ekklum nema hálfan lífeyri með börnum, en í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að það megi greiða allt að fullum barnalífeyri, þegar ekklar eiga í hlut. Svo að það er þegar byrjað að stíga spor í þá átt, sem hv. 1. þm. N-M. benti á, að ástæða væri til að gera.

Við hv. þm. Barð. (GJ) hef ég ekki mjög mikið að segja. Það er aðeins ein af brtt. hans, sem gefur mér tilefni til þess að ræða við hann, það er brtt. hans um breyt. á upphæð mæðralaunanna. Hv. þm. sagði, og réttilega, að frsm. hefði láðst að sanna, að rétt hlutfall væri á milli mæðralauna til kvenna, sem hafa tvö börn og hinna, sem hefðu þrjú börn, og í þriðja lagi þeirra, sem hefðu fjögur börn. Þetta er vissulega alveg rétt. Hins vegar fæ ég ekki séð, hvernig hv. þm. getur til þess ætlazt, að hægt sé að sanna nokkurt rétt hlutfall í þessu efni. Sannleikurinn er, í þessu eins og öðru, að það er matsatriði, hvaða hlutfall skuli vera hér á milli, hvort sem hægt er að færa sönnur á það eða ekki, sem ég tel ekki vera beinlínis hægt, hvort barnalífeyririnn eigi að hækka um 200 kr. eða 400 kr., er tala barna hækkar um eitt barn. Ég hygg, að það verði alltaf matsatriði, hvað sé það rétta í þessu efni, en hins vegar geti hvorki ég né hv. þm. Barð. sannað, hvort réttara er. Till. frv. miðast við það, að ef börnin, sem móðir á að sjá fyrir, eru orðin fjögur eða fleiri, megi telja, að hennar aðstaða til að afla tekna utan heimilis sé eiginlega engu skárri en hjá þeim, sem eru komnir yfir 67 ára aldur og þess vegna njóta fulls lífeyris. Við það eru till. frv. miðaðar, að það sé ekki hægt að gera ráð fyrir, að hún geti leitað sér atvinnu utan heimilis, ef hún á fyrir fjórum börnum að sjá. Hvort þetta er rétt mat, er ekki hægt fyrir mig að færa sönnur á. Og ég skal viðurkenna, að þótt brtt. hv. þm. Barð. í þessu efni verði samþ., þá gerir það ekki mjög mikinn mun að því leyti, að það skakkar ekki nema um 180 þús. kr. á ári þess vegna, sem heildarupphæðin, sem greidd væri til þessa fólks, væri lægri, en það gengi út yfir þær konur, sem þyrftu að vinna fyrir þremur börnum eða fleiri. Hv. þm. Barð. leggur til, að upphæðin til þessara kvenna, sem þeim yrði greidd sem barnalífeyrir, hækki um 200 kr. fyrir hvert barn, sem hver slík kona á umfram tvö, þannig að miðað verði við 400 kr. barnalífeyri með tveimur börnum. En n. hefur lagt til, að tröppurnar væru 400 kr., þannig að lífeyririnn hækkaði um 400 kr. við hvert barn, sem slík kona ætti umfram tvö börn. Ég hygg, að það sé um matsatriði að ræða, þar sem ákveða skuli, hvort af þessu tvennu sé það heppilegra, sem hv. þdm. leggja sinn dóm á með atkv. sínum. Hitt er rétt, eins og hv. þm. tók fram, að í erindi, sem milliþn. barst um þetta efni frá Kvenréttindafélagi Íslands, þá voru tröppurnar, sem miðað var við, þannig, að gert var ráð fyrir, að mæðralaun yrðu 400 kr. til viðkomandi mæðra með 2 börn og að þessi lífeyrir hækkaði um 200 kr. við hvert barn. En þar var ekki aðeins gert ráð fyrir, að mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra hækkuðu um 200 kr. fyrir hvert barn, heldur er hins að gæta, að í þeim till. er gert ráð fyrir, að það væri greitt þegar með fyrsta barni 200 kr., og það er meginmunurinn á milli þess, sem Kvenréttindafélagið lagði til að greiða þegar með fyrsta barni, og hins, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Sem sagt, úr þessu verða hv. þm. að skera, hvað ákveða skal í þessum efnum. Ég hygg, að það, sem í frv. er gert ráð fyrir, sé nær því, sem hóflegt megi teljast.

Hv. 4. landsk. hafði ýmislegt við till. frv. um breyt. á l. og orð mín hér að athuga. Það er vitanlega rétt, sem hann sagði í sambandi við greiðslu barnalífeyris til ekkna og ógiftra mæðra, að það má fá fullkomið samræmi í þessu efni á þann hátt, sem hann leggur til, að afnema takmörkun á lífeyri til ekkna, sem gifta sig aftur, þannig að þær fái sama lífeyri með börnum sínum til 16 ára aldurs eins og ógiftar mæður. Það má færa margt fram því til stuðnings. Hins vegar er um þetta ágreiningur hér í þinginu, og ég hygg, að sú regla, sem loks varð niðurstaðan þegar l. voru afgreidd, að láta þriggja ára regluna gilda fyrir ekkjur í þessu tilfelli, sé mjög nærri sanni, og fyrir þá þekkingu, sem hefur fengizt á þessu máli með reynslu, þá hygg ég, að megi segja, eftir þeirri reynslu, sem er komin á þetta, að ekki sé mjög mikil óánægja með þessa reglu. Allir virðast á sama máli um það, að samræmi eigi að vera á milli ekkna og ógiftra

kvenna í þessu tilliti, og ég hygg, að réttast sé að halda sér við ákvæði frv. í þessu efni, sérstaklega þegar hlutur ógiftra mæðra er stórlega bættur með ákvæðum frv. frá því, sem var.

Hv. 4. landsk. þm. virtist hafa misskilið orð mín í ræðu minni, því að hann taldi, að ég hefði talið ofrausn að greiða 600 kr. í grunn í mæðralaun. Ekki sagði ég þetta. Ég sagði, að það væri ofrausn borið saman við aðrar bætur, sem greiddar eru samkv. almannatryggingal., og mætti bæta því við, að samanborið við hámarkslaun þá væri þetta mjög um of. Það er rétt, að þegar bæta á upp fyrir einhvern flokk manna, þá megi líta til annarra flokka. Og ef litið er annars vegar til hjóna, sem hafa þrjú börn á framfæri og ekki hafa aðrar tekjur en þær, sem maðurinn vinnur sér inn, maður, sem greiðir full gjöld til tryggingganna og þar að auki skatta til hins opinbera, og þessi hjón fá engan eyri frá tryggingunum, þá er býsna mikill munur gerður á þeim annars vegar og því hins vegar, ef kona, sem er á góðum aldri, fullvinnandi, á aðeins eitt barn og fær greitt með því frá föðurnum 200 kr. á mánuði. Þessari konu á að vera miklu auðveldara með að sjá um sitt eina barn með barnalífeyrinum en almennum verkamanni að sjá um sitt heimili, sem með vinnu sinni á að framfleyta fimm manna fjölskyldu og greiða einnig skatta og skyldur, en fær engan eyri frá tryggingunum. Og þegar litið er til þarfa bótaþeganna, þá verður líka að líta til þeirra, sem eiga að greiða í sjóðina, sem þarf að hafa, til þess að hægt sé að greiða bætur, en í þessu efni mundi þannig verða mismunað mönnum, ef farið væri að till. hv. 4. landsk. þm., — að ég ekki tali um ekklana, sem hafa engan rétt til þess að fá nema hálfan barnalífeyri, ef þeir eiga fjögur börn, þó að þar sé nú rýmkað um, ef 9. gr. frv. verður samþ. — Ég minntist alls ekki á, að þetta væri ofrausn að greiða þetta til kvenna, heldur, að það væri ofrausn með tilliti til þeirra sumpart, sem eiga að fá bæturnar, og hins vegar þeirra, sem eiga að greiða til tryggingganna.

Ég er hv. þm. algerlega ósammála um, að það sé engu tímafrekara að sjá um fjögur börn en eitt. Ég þekki þetta prýðilega. Ég hef átt bæði eitt barn og fjögur og samtals eitt og fjögur, og ég veit, að það er miklu tímafrekara að sjá um fjögur börn en eitt. Og ég efast ekki um, að ef hv. þm. kemst í sömu aðstöðu og ég að þessu leyti, þá sannfærist hann um þetta. Hitt er rétt, að æskilegt væri að geta létt undir með mæðrum, fremur en gert er með l., þó að þær eigi ekki nema eitt barn. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að hægt sé af þjóðfélaginu að láta konu, sem á eitt barn, geta bundið sig við að sjá um eitt barn, enda er það að vísu ekki hægt eftir till. hv. 4. landsk. þm. Ég er þeirrar skoðunar, að ef um er að ræða hrausta og vel vinnandi konu, sem á ekki nema eitt barn, og það, hvort hún eigi að fá með því barnalífeyri, þá sé a. m. k. meiri ástæða til að styrkja ýmsa aðra en að veita henni fjárstyrk umfram það, sem gert er ráð fyrir eftir l. nú. Ef brtt. hv. 4. landsk. þm. verða samþ., munu mæðralaunin hækka um 1600000 kr., eða verða samtals hátt á þriðju millj. kr. Og það er óhætt að fullyrða, að það er ekki hægt að hækka svo útgjöld á þessum lið án þess að afla tryggingunum aukinna tekna. Ég get því ekki mælt með till. hv. þm. af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt.

Hv. 4. landsk. hélt því fram, að því er mér skildist, að Tryggingastofnun ríkisins eða löggjafarsamkoman hefði svikið bótaþega og greitt lægri bætur en til var ætlazt samkv. l., og ef þeir hefðu fengið bætur sínar með dýrtíðaruppbót, þá væri hlutur þeirra betri en hann sé eftir frv. og till. Ég furða mig á þessari fullyrðingu, því að í l. segir, að bætur skuli greiddar með verðlagsuppbót. Árið 1947 voru bætur greiddar með vísitölu 315, eins og þá var almennt gert, og 1948 var einnig greitt með vísitölu 315. Ef nú yrði greitt með vísitölu 340, sem mun vera nær sanni, þá mundi hækkunin nema 13% á lífeyrinn, en ef till. n. yrði samþ., mundi hann hækka um 15% og sjúkrasamlagsgjald að auki, svo að hækkunin mundi nema um 20%. Hlutur bótaþega yrði því stórum lakari, ef það fyrirkomulag yrði haft, sem hv. 4. landsk. vill hafa, og ætti hann að sjá það. — Þá sagði hv. þm., að hefði till. hans og flokks hans 1946 um 25% hækkun á bótagreiðslum frá því, sem þá var í l., verið samþ., hefði Tryggingastofnunin samt haft nægar tekjur. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Árið 1947 hafði Tryggingastofnunin 42 millj. kr. tekjur, 25% þar af eru 10½ millj. kr., en afgangur það ár nam rúmum 7 millj. kr. Það hefði því orðið tekjuhalli það ár. Árið 1948 námu tekjurnar 47 millj. kr. og 25% af því nemur tæpum 12 millj. kr., en tekjuafgangur það ár nam aðeins 5,5 millj. kr., sem er tæpur helmingur þess, sem þurft hefði til að framfylgja þessu. Ég held satt að segja, að reynt hafi verið eins og hægt er að fylgjast með verðlagsbreytingum, svo að hlutur bótaþega yrði ekki skertur. Ef frv. og till. n. verða samþ., verður lífeyrir 4140 kr. og sjúkrasamlagsiðgjöld 192 kr. fyrir þetta bótatímabil á 1. verðlagssvæði og tilsvarandi á 2. verðlagssvæði. Þá er heimild til að greiða þeim, sem eru eigna- og tekjulausir og þurfa hjúkrunar eða eru algerir einstæðingar, allt að 50% hærri bætur, svo að greiðslan getur numið 6200 kr., ef hækkunarheimildin er notuð til fullnustu, og þar að auki kemur svo það, sem sjúkrasamlagið greiðir. Ég fullyrði því, að svo langt er gengið til að mæta þörfum hins tryggða, að ef lengra væri gengið í þeim efnum, væri óhjákvæmilegt, að allmikill hluti af greiðslunum mundi lenda hjá mönnum, sem ekki þyrftu á þeim að halda. Þá verður að bera saman almennar tekjur þeirra, sem greiða til tryggingganna, og bótaþega, því að óhæft er að ganga svo langt í bótagreiðslunum, að æskilegra sé að vera bótaþegi en að vinna fyrir sér og greiða til tryggingganna.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, því að ég geri ekki ráð fyrir, að það muni breyta neinu um afstöðu hv. þm., en ég vildi segja nokkur orð út af orðum þeim, er hv. 4. þm. Reykv. (HG) beindi gegn till. minum.

Það, sem okkur greinir einkum á um, eru mæðralaunin og uppbætur á ellilauna- og lífeyrisgreiðslur. Hv. þm. heldur því fram, að ekki sé nauðsyn að greiða mæðralaun þeim konum, sem aðeins hafa eitt barn á framfæri sínu, og heldur því fram, að kona með eitt barn geti unnið fyrir sér, og sagði, að þjóðfélagið hefði ekki efni á að láta hana binda sig yfir einu barni. Ég er honum sammála í því, að slíkt sé ekki heppilegt, en það er reynslan, að hafi kona eitt barn, þá er hún bundin yfir því, þar eð þjóðfélagslegum ástæðum er enn svo háttað hjá okkur, að hún á ekki annars kost. Ég veit, að hv. 4. þm. Reykv. veit það eins vel og ég, að hér í Reykjavík eru vísar að dagheimilum fyrir börn, en það eru aðeins vísar, og víðast hvar um land eru þeir ekki einu sinni til, hvað þá meira, en þessi dagheimili fullnægja hvergi nærri þörfum, svo að konur, sem jafnvel eiga aðeins eitt barn, eiga þess engan kost að vinna utan heimilisins, þar eð þær eru bundnar yfir barninu. Þess vegna verður að láta ákvæðin um mæðralaun ná einnig til kvenna, sem hafa aðeins eitt barn, og það var í þessu tilefni, sem ég viðhafði þau orð, sem hv. þm. var að fetta fingur út í, en ég sagði, að kona væri jafnbundin yfir einu barni og 3 eða 4, en hitt datt mér ekki í hug að segja, að fyrirhöfnin væri jafnmikil, því að þar er að sjálfsögðu ekki saman að jafna. Það er þessi aðstaða, sem veldur því, að þm. verða að sjá svo til, að þessar konur verði ekki settar hjá við slíkar greiðslur.

Hvað viðvíkur uppbótum á ellilífeyri og greiðslum í því sambandi, þá tekst víst hverjum að sannfæra hinn, en ég hefði þurft að fá frekari skýringu á því, að væru bætur þessar greiddar með núverandi vísitölu, 340 stigum, þá yrði það lægra en gert er ráð fyrir í frv. og till. n. Ég hef að vísu ekki reiknað þetta út, eins og hv. frsm., en ég furða mig dálítið á þessu. Um hitt atriðið, sem þeir héldu fram hv. frsm. og hv. þm. Barð., að ákvæði það, sem stæði í l. um, að greiða skyldi verðlagsuppbót á bætur, þá skýra þeir það á þann veg, að átt sé við þá verðlagsuppbót, sem greidd sé á hverjum tíma, en þegar l. voru sett, var allt greitt með fullri verðuppbót, og því var bótaþegum lofað, en síðar voru svo samþ. l. um að greiða eftir lægri vísitölu en rétt var, og var því hlutur bótaþega rýrður, þó að þeim séu greiddar bætur með vísitölu 315 stig. Þegar svo dýrtíðin hefur vaxið svo, að nauðsyn hefur verið talin að greiða opinberum starfsmönnum 20% uppbót á þeirra laun, þá skil ég ekki, hvaða rök liggja fyrir því, að bótaþegum sé ekki greidd nema 10% uppbót, þó að ekki væri farið eins langt niður með þá og hina. Og þó að þeir fengju 20% uppbót, yrði það samt sem áður miklu minni hækkun, sem þeir fengju, heldur en embættismennirnir, og einkum yrði þó mikill munur miðað við þá, sem hæst eru launaðir, þar sem þeir fá í hlutfalli við laun, svo að það eykur enn á misræmið, þegar sumir fá hærri uppbætur en nemur allri bótaupphæðinni. Ég fell því ekki frá því, hvað svo sem hv. frsm. segir, að verr er farið með bótaþega en Alþ. getur látið sér sæma, ef þeir fá ekki hlutfallslega eins mikið og embættismennirnir. — Ég mun nú ekki ræða þetta frekar, enda sannfærir líklega hvorugur annan, en ég vildi taka þetta fram í tilefni þess, sem hv. frsm. sagði hér áðan.

ATKVGR.

Brtt. 308,1 (1. gr. falli burt) samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—4. gr. (verða 1.—3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 308,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 308,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 308,4 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 331,1 felld með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, LJóh.

nei: RÞ, StgrA, VH, ÞÞ, BrB, HG, KK, PZ.

3 þm. (EE, JJós, BSt) greiddu ekki atkv.

4 þm. (BBen, FRV, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 334,1. aðaltill. felld með 8:1 atkv.

Brtt. 334,1. varatill. samþ. með 8:2 atkv.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 12:1 atkv.

9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 329,1 felld með 9:3 atkv.

— 331,2 felld með 8:4 atkv.

10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 331,3 tekin aftur.

11. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 329,2 felld með 8:3 atkv.

— 308,5 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 331,4 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, EE, GJ, KK, LJóh, BSt.

nei: RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV, HG, JJós.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

3 þm. (BBen, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 334,2 tekin aftur til 3. umr.

13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

14.—15. gr. (verða 13.—14. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 334,3 felld með 8:3 atkv.

16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

17. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

18. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 10:3 atkv.

19.—28. gr. (verða 18.—27. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 334,4—5 teknar aftur til 3. umr.

— 308,6 samþ. með 13 shlj. atkv.

29. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

30.—34. gr. (verða 29.—33. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 308,7.a (ný gr., verður 34. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 330 felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, FRV, JJós, StgrA.

nei: ÞÞ, BBen, GJ, HG, KK, LJóh, PZ, VH, BSt.

EE, RÞ greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÍG, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 308,7.b (nýtt bráðabirgðaákvæði) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 59. og 69. fundi í Ed., 22. febr. og 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 345, 331,3, 334,2 og 4—5, 394, 395, 396, 397).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég verð að biðja hv. d. afsökunar á því, hve lengi það hefur dregizt að afgreiða málið á ný úr heilbr.- og félmn., og þar við bætist svo, að síðan n. afgreiddi málið, hafa störf hv. d. verið með þeim hætti, að ekki hefur unnizt tími til þess að taka það fyrir.

Áður en ég vík nú að till. hv. n., vildi ég segja það frá eigin brjósti, að augljóst er, ef frv. verður samþ., að ætla má, að útgjöld trygginganna vaxi um sem svarar 5½ millj. kr. á ári frá því, sem verið hefur, þegar tillit er tekið til uppbótargreiðslnanna. Síðan málið var afgreitt frá n., hefur verið lagt fyrir Alþingi frv. um gengislækkun, sem hefur í för með sér hækkun á verðlagi og þar með hækkun á dýrtíð í landinu. Mér þótti þó ekki rétt að taka málið aftur fyrir í heilbr.- og félmn. til þess að gera till. um sérstaka tekjuöflun handa tryggingunum til að mæta hinum auknu útgjöldum, sem samþykkt áðurnefnds frv. hefði í för með sér, bæði vegna þess, að tryggingarnar hafa safnað nokkrum sjóðum, og í öðru lagi vegna þess, að ekki er hægt að gera sér fyllilega grein fyrir hinum aukna kostnaði af gengisbreytingunni fyrr en líklega næsta haust. — Þetta vildi ég taka fram, áður en ég fer að ræða um brtt. n.

N. hefur ekki tekið upp aðrar till. en þær, sem allir nm. eru sammála um, en þær till. er að finna á þskj. 395,1—4. Fyrsta till. er um það, að ráðh. geti ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkv. 32. gr. l. nr. 41 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga skv. 53. gr. laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja. Ákvæði hliðstætt þessu var í tryggingal., þar til 1946, en var þá ekki tekið í almannatryggingalögin. Nú hefur aftur á móti komið um þetta eindregin ósk frá L. Í. Ú. í gegnum n. frá þeim aðila. Sú n. fór að vísu fram á fleira, en heilbr.- og félmn. gat ekki gengið inn á nema þetta. Er þetta ákvæði mjög til bóta. Gert er ráð fyrir í till. n., að ráðh. ákveði, hvort og hvenær þessi skylda er lögð á útgerðarmenn, og hygg ég, að það verði ekki fyrr en í júní. Hins vegar get ég ekki á þessu stigi sagt um, hve mikla hækkun þetta hefur í för með sér, en ljóst er, að kostnaður verður einhver af þessu fyrir útgerðarmenn.

Þá er það 2. brtt. á sama þskj. Sú till. er nýmæli. Efni hennar er það, að erfðafjárskattur samkv. l. þar um og útarfur samkv. erfðalögum skuli hér eftir ekki renna í ríkissjóð, heldur í varasjóð trygginganna. Hugsunin á bak við þetta er sú, að miðað er við hina fornu réttarvenju, þegar erfðaréttur og framfærsluskylda voru látin fara saman. En nú hefur Alþingi með erfðalögunum nýju fellt niður rétt hinna yztu útarfa til arftöku. Nú hefur það verið svo, að þetta fé hefur runnið í ríkissjóðinn, en hér er lagt til, að það renni í varasjóð trygginganna, sem hafa a. m. k. að mestu leyti tekið að sér framfærsluskylduna. Hér er að vísu um litla upphæð að ræða. Ég held, að ég muni það rétt, að tekjur af þessu séu áætlaðar á frv. til fjárlaga fyrir 1950 um 350 þús. kr., hvort sem það verður nú eitthvað meira síðar. N. er á einu máli um þessa brtt., og vænti ég, að hv. d. geti á þetta fallizt.

Þriðja brtt. n. er við 23. gr., og er efni hennar í stuttu máli sem hér segir: Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn geti leitað álits undirskattanefndar utan kaupstaða, en yfirskattan. í kaupstöðum um það, hvort henni beri að greiða iðgjald fyrir aðila, sem fellur undir 109. gr., eða honum sé samt sem áður talið fært að greiða það sjálfum. Eftir frv. er því gert ráð fyrir, að nægilegt sé að leita til undirskattan. utan kaupstaða, en hér er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn leiti til yfirskattan. bæði utan kaupstaða og í og álit hennar skeri úr um það, hvort manni ber að greiða iðgjaldið eða ekki. Ástæðan til þessarar brtt. er sú, að undirskattan. hefur í raun og veru sagt sitt álit, þegar hún semur skattskrá, og því ekki þörf á að leita til hennar á ný, heldur réttast að leita þá álits yfirskattanefndar. N. leggur einróma til, að þessi till. verði samþ.

Fjórða brtt. fjallar um frjálsar tryggingar fyrir íþróttamenn. Ég hygg, að á hverju þingi hafi verið borin fram frumvörp um slysatryggingu íþróttamanna, sem þá hafa verið miðuð við, að þær tryggingar féllu undir almennu tryggingaákvæðin, þar sem atvinnurekendur bera kostnaðinn af slysatryggingunum. Tryggingaráð hefur litið svo á, að óeðlilegt væri að fella slysatryggingu íþróttamanna undir þessi ákvæði, en vill mæta óskum þeirra á þann hátt, sem sagt er í fjórðu brtt. Gert er ráð fyrir að tryggja í hóptryggingu þannig, að félagssamtök geti tryggt meðlimi sína, „þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara.“ Lengra hefur n. ekki þótt fært að ganga, því að ef íþróttamennirnir hefðu verið tryggðir á öllum æfingum, en þyrftu ekki að vera undir eftirliti valdra manna, þá mundi ekki vera hægt að fylgjast með því, hvort og hvenær slys hefðu orðið. Enn fremur hefur ekki þótt annað ráðlegt en að endurtryggja a. m. k. 75% af áhættunni, til

þess að koma í veg fyrir, að sjóðir slysatrygginganna almennt biðu tjón af þessu.

Ég hef svo ekki meira að segja um brtt. n., en vænti þess, að hv. d. samþykki þær. Aðrar brtt. mun ég geyma að ræða, þar til flm. þeirra hafa gert grein fyrir þeim.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 14. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram aftur við 3. umr. brtt. á þskj. 331, við 3. lið, sem tekin var aftur til 3. umr., og óska eftir, að hún komi til atkvæða. Ég sé ekki ástæðu til að ræða hana meir efnislega. Ég gerði það við 2. umr., og er engin ástæða til að tefja málið með umr. um hana meir, því að ég þykist vita, að alþm. hafi nægilega kynnt sér efni hennar, og vænti ég, að þeir samþykki hana.

Ég vil enn fremur nú við þessa umr. leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við 33. gr. frv. á þskj. 345, þannig, að gr. falli niður. Þessi gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.“ Ég tel það algerlega rangt, ef frestað er að taka lífeyri af þessum ástæðum, að viðkomandi aðili hefur hærri tekjur en svo, að hann geti fengið lífeyri, sem ekki getur talizt nein frestun, að þá geti það skapað honum rétt til þess að fá hærri lífeyri, þegar hann kemst undir þau ákvæði, að hann geti fengið hann. Um þetta hefur ekki fengizt samkomulag í n., en ég legg til, að gr. falli niður.

Ég vil þá aðeins minnast nokkrum orðum á brtt. á þskj. 394. Ég hefði getað fylgt þeirri brtt. með nokkurri breyt., sem nú er ákveðið, að borin verður fram af hv. frsm., og erum við báðir flm. að henni. Sé ég ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir henni og mun fylgja brtt. í heild, ef hún verður samþ., en annars ekki. Ég sé ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að ræða till., en mun að sjálfsögðu fylgja öllum þeim brtt., sem n. ber fram.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. þm. Barð. (GJ): „Við 33. gr. Greinin fellur niður.“

Brtt. þessi er of seint fram komin og þar að auki skrifleg. Þarf því tvöföld afbrigði fyrir henni, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 426) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að fara að halda langa ræðu í þessu máli. Ég veit, að það er að mörgu leyti undir ágætri forustu, þar sem er forstjóri Tryggingastofnunarinnar, og býst ég við, að hann láti ekki neinn róa á sig í því máli, heldur hugsi bæði um hag stofnunarinnar og sennilega almennings líka.

Það er hér aðeins ein brtt. frá hv. allshn., sem ég vildi gera að umtalsefni, þó meir að forminu til en efnisins vegna. Á ég við 2. till. á þskj. 395. Ég mundi ekki hafa talað um þessa till., ef ekki væri eins ástatt og nú er í þessari stofnun. Það er vitað, að ráðherraskipti urðu í dag og að hæstv. fjmrh. nýorðinn, sem gekk inn í embættið nú í dag, liggur veikur heima hjá sér og hefur þess vegna ekki getað fylgzt nægilega með þeim málum, sem honum koma sérstaklega við. Og mér virðist einmitt, að 2. brtt. á nefndu þskj. komi það mikið við fjmrh., að ekki sé rétt að láta hana ganga gegnum þingið öðruvísi en að hann fái hana til athugunar og umsagnar og láti í ljós álit sitt á henni. Hér er sem sé verið að breyta einhverjum helzta tekjustofni landasjóðs og jafnvel jarðabótasjóðs, hefur mér heyrzt. Sumir munu nú kannske segja, að þetta séu ekki stórar upphæðir. En eftir því, sem nú horfir, eru það engar smáupphæðir, jafnvel þó að við séum nokkuð eyðslufrekir. Á fjárl. nú hefur þetta verið áætlað 300 þús. kr., og mun það láta nærri því, sem erfðafjárskatturinn hefur venjulega verið. Með breyt. erfðal. er því þannig farið, að inn í ríkissjóð hafa komið yfir 300 þús. kr. bara frá einu bretti. Þó að það yrði milljón eða þar um bil, yrði þetta náttúrlega eins og krækiber í tunnu við útlát, en þó þykir draga dálítið um hverja milljón, og ætla ég, að öll lækkun á tekjum ríkissjóðs verði til þess að draga úr verklegum framkvæmdum, sem ætlazt er til á fjárl., því að lögbundin gjöld er ekki eins hægt að takmarka og þau ólögbundnu. Það er alltaf ráðizt á þau, og það er vitað, að á undanförnum þingum hefur lent mest á þeim hinum verklegu framkvæmdum. — Mér hefði ekki þótt það fjarri sanni og vil fara fram á það við hæstv. forseta, að fjhn. þessarar d. gæfist tækifæri til að segja álit sitt um þetta atriði, áður en gengið er til endanlegrar atkvgr. um það hér í d., og hún gæti í samráði við fjmrh. ákveðið, hvað hún legði til í þessu máli.

Ég verð að segja, að það er eitt enn, sem dregur úr nauðsyn þessara greiðslna til tryggginganna, en það er, að almannatryggingarnar eru líklega sú eina stofnun hér á landi, sem hefur nú fullar hendur fjár, sem betur fer, en aðrar stofnanir komnar meira eða minna á vonarvöl. Vil ég því benda á, að ekki er brýn nauðsyn að færa til í galtómum ríkiskassanum og láta í a. m. k. hálffulla skreppuna hjá tryggingunum. Þetta vona ég, að allir sanngjarnir þm. viðurkenni, og vil ég beina til þeirra þeirri áskorun, að þeir athugi vel þetta mál, en flaustri ekki að því. Ég vil sem sé endurtaka þessa ósk mína til hæstv. forseta, að hann vildi gefa fjhn. tækifæri til þess, áður en umr. er lokið, að athuga þetta mál í samráði við hæstv. fjmrh., því að form. n. er það innangengt til hans, að það ætti að vera hægt að ræða þetta atriði við hann og ætti ekki að tefja málið nema um einn dag í hæsta lagi.

Forseti (BSt): Út af tilmælum hv. síðasta ræðumanns vil ég benda á, að frv. í heild er frá annarri n. en fjhn. og hefur ekki verið að neinu leyti til hennar vísað. Áður en ég ákveð að fresta umr., vil ég með tilliti til þessa að minnsta kosti heyra orð frá þeirri n., sem málið hefur til meðferðar, um þetta atriði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. — Ég vil minna forseta á það, að við 1. umr. þessa máls tók ég aftur brtt. á þskj. 334, nr. 2, til 3. umr. og gerði mér vonir um, að n. mundi eitthvað athuga hana og taka hana upp. Hún hefur ekki komið með hana, og þar sem nú er 3. umr., liggur hún nú aftur fyrir.

Þá eru brtt. á þskj. 396. Ég benti á það hér áður undir umr., að ég teldi að n., sem hefði þetta mál til meðferðar, ætti að sýna jafnrétti milli karla og kvenna. Það hefur hún ekki gert, en hefur þvert á móti beitt karlmenn óréttlátt og látið konur hafa meiri rétt en karla á ýmsum sviðum, m. a. í sambandi við dánarbætur, þar sem ekkjum og ekklum er stórlega mismunað. Til þess að bæta eitthvað úr þessu misrétti, legg ég til, í fyrri brtt. minni við 12. gr., að á eftir orðunum „til ekkna" komi: ekkla.

Þá ber ég einnig fram aðra brtt. við sömu gr., þess efnis, að það sé ekki skilyrði, að börn séu heima hjá móður sinni, ef barnaverndarnefnd viðurkennir heimilið, sem þau eru á, sem gott og gilt.

Þá er ég hér með miðlunartill., þar sem n. vildi ekki samþ. mínar 104 vinnuvikur. Hef ég farið bil beggja og legg hér til í 2. brtt. minni á þskj. 396, að teknar verði upp 78 vinnuvikur. Vona ég, að menn fallist á það.

Þá tek ég upp aftur brtt., sem ég tók aftur til 3. umr., við 20. gr. Í stað „1. júlí 1950" komi: 1. október 1950. — Er þó hæpið, að sá dagur sé ekki tiltekinn of snemma.

Loks hef ég tekið hér upp till., sem ég var líka með við 3. umr., og er það 4. brtt. á þskj. 396, um það, að skrár þær, er sveitarstjórnum ber að semja samkv. 118. gr. l., skuli gera í þremur eintökum og senda til þeirra, sem á þeim þurfa að halda. Hefur n. orðað þetta öðruvísi en ég gerði í upphafi, og tek ég því þessa brtt. upp aftur.

Þetta eru allt smávægilegar brtt., en mér þykir töluvert á skorta, að í frv. í heild sé gætt jafnréttis milli karla og kvenna. Og þegar við erum á þeirri jafnréttisöld, sem við tölum um, eigum við að gæta þess, að svo sé í þessum lögum, og því samræmi milli orða og athafna.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Hv. þm. Barð. (GJ) hefur borið hér fram á þskj. 331 brtt. um það, að fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. l. skuli vera jafn til allra mæðra og nema 200 kr. fyrir hverja móður. Samkv. l., eins og þau eru nú, er gerður munur á því, hvort konan vinnur utan heimilis eða þjónar á heimili sínu. Það er fyrsta skilgreiningin, sem gerð er. Gert er ráð fyrir, að allar konur fái 80 kr. og að móðir, sem ekki stundar atvinnu utan heimilis, fái auk þessara 80 kr. 120 kr. upp í kostnaðinn. En þess utan er ætlazt til samkv. l., að mæður, sem stunda atvinnu utan heimilis, skuli fá 140 kr. á mánuði í allt að 3 mánuði samtals fyrir og eftir fæðingu. Þetta gerir samtals fyrir mæður, sem vinna utan heimilis, 500 kr. móti 200 kr., sem þær fá, er vinna á heimilum. Nú hefur það verið talið af mörgum algerlega óréttlátt að gera þennan greinarmun milli kvenna eftir því, hvort þær stunda atvinnu á heimilum eða utan þeirra. Ég skal ekki mæla móti ýmsum rökum, sem þar hafa komið fram. En það er líka gert ráð fyrir því í l., eins og þau eru nú, að þessi hækkaði fæðingarstyrkur skuli aðeins greiddur til kvenna, sem vinna utan heimilis, svo framarlega sem maðurinn geti ekki séð heimilinu farborða, en af þessu fylgir það, að ógiftar mæður, sem vinna utan heimilis, fá ætíð hinn hærri fæðingarstyrk, ef þær hafa misst laun vegna barnsburðar. Nú er gert ráð fyrir því í þessari till. á þskj. 331, að allar mæður skuli fá jafnan fæðingarstyrk. Ég hefði nú viljað, ef svo ætti að vera, að hann væri hækkaður frá því, sem hann er nú, en ekki að miðað væri við lægsta fæðingarstyrk. Það fann ekki hljómgrunn í n. Ef þessi till. yrði samþ., mundu skerðast til mikilla muna þau réttindi, sem ógiftar mæður og giftar konur, sem neyðast til að stunda vinnu utan heimilis vegna fátæktar, hafa haft fram að þessu. Mér þykir hér vera ráðizt á garðinn þar, sem hann er lægstur, og vildi því vænta þess, að þm. greiddu atkv. gegn þessari till., þannig að gr. stæði óbreytt eins og hún nú er í l. Færi nú svo, mót von minni, að þessi till. á þskj. 331, um jafnan fæðingarstyrk, yrði samþ., hef ég leyft mér að bera fram viðaukatill. Væri ekki svo komið, að þetta frv. er til síðustu meðferðar í d., mundi ég hafa geymt mér það til síðustu umr. að bera fram brtt., en nú eru það síðustu forvöð, þar sem málið kemur ekki hér fyrir oftar. Í þessari viðaukatill. legg ég til, að ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni, eigi rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 100.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem segir í 2.—4. mgr. gr., enda hafi þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni. Þessi brtt. stefnir að því að bæta nokkuð úr því misrétti, sem þær konur og þau börn, sem bágast eiga í þjóðfélaginu, yrðu fyrir, ef till. hv. þm. Barð. yrði samþ. Ég vil þess vegna í fyrsta lagi skora á hv. þdm. að fella till. hv. þm. Barð., en ef svo færi, að hún yrði samþ., vil ég mælast til, að sú viðbót, sem ég hef lagt hér fram, verði samþ. við till., til þess að bæta hana svolítið upp.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég flyt nokkrar brtt. við þetta frv., á þskj. 397, og vil ég fara um þær nokkrum orðum. Þessar brtt. eru allflestar um nokkur framkvæmdaratriði tryggingalaganna, atriði, sem ég þykist hafa rekizt á í mínu starfi fyrir sveitarfélag að mættu horfa til bóta, en yfirleitt er það um tryggingalöggjöfina að segja, að það er

mjög áríðandi, að öll framkvæmd hennar sé sem greiðust, bæði fyrir þá, sem starfa beint í þjónustu tryggínganna, og einnig fyrir hina tryggðu sjálfa.

1. brtt. er í fyrsta lagi varðandi innheimtuaðferð á barnalífeyri, en um endurinnheimtu á honum gilda nú ákvæði framfærslul. fyrst *og fremst og enn fremur* ákvæði l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og síðast, en ekki sízt 26. gr. tryggingal., sem brtt. mín er raunverulega breyting á. Höfuðreglan er sú, að kona á heimtingu á að fá barnalífeyri með börnum, sem hún hefur meðlagsúrskurð fyrir, til síns sveitarfélags, þar sem hún dvelur, en með 27. gr. tryggingal. var heimilað, að slíkar mæður gætu snúið sér um þetta til Tryggingastofnunar ríkisins, en Tryggingastofnunin gæti síðan, ef hún óskaði, endurheimt greiðsluna hjá dvalarsveit móður og hún aftur hjá framfærslusveit föður, því að þessar greiðslur eru endurkrafðar endanlega hjá föður eða framfærslusveit hans, ef ekki næst til hans. Mér hefur virzt, að af þessum ákvæðum hafi leitt óþarfa skriffinnska og fyrirhöfn þeirra, sem starfa að þessu, bæði fyrir Tryggingastofnun ríkisins og sveitarfélögin. Ég hef orðað brtt. svo, að enginn vafi leiki á, að Tryggingastofnunin missi engan rétt, þannig að endurkröfuréttur dvalarsveitarinnar á ríkissjóð færist til Tryggingastofnunarinnar, ef framfærslusveit þverskallast við að greiða. Ég held, að þetta fyrirkomulag ætti ekki að hafa í för með sér mikla fyrirhöfn eða aukastörf fyrir Tryggingastofnunina. Að vísu mundi þurfa að hafa einn mann í þessari endurheimtu, en þá væri líka miklu létt af sveitarfélögunum, sem þessi störf hafa haft með höndum. Dvalarsveitirnar, sem raunverulega hafa verið algerlega óþarfir milliliðir, hafa haft af þessu meiri örðugleika. Eins og kunnugt er, verða þær að leggja út allmikið fé í þessu skyni, en þar sem sveitarfélög eru flest mjög fátæk af rekstrarfé, hefur þetta reynzt mjög erfitt, enda þótt vissa væri fyrir því, að féð fengist endurgreitt. Hins vegar mun sú hlið málsins ekki hafa í för með sér nein óþægindi fyrir Tryggingastofnunina. Af þessum ástæðum held ég að allir, sem skilja þessa aukafyrirhöfn sveitarfélaganna og ekki vilja óþarfa skriffinnsku, hljóti að geta fallizt á þessa brtt.

Þá ætla ég að víkja að brtt. minni við 23. gr. frv., en sú brtt. er í raun og veru viðkomandi 109. gr. l., en í 109. gr. l. er kveðið svo á, að sveitarstjórn sé skylt að greiða tryggingunum iðgjöld fyrir þá, sem hafa svo lágar tekjur, að þeim sé það ofviða, en ákvæði 109. gr. um þetta eru óljós og vafasamt, að þau nái tilgangi sínum, og þess vegna leyfi ég mér að leggja til, að þetta komi ljósar fram, með því að ákveðið verði, í hvaða tilfellum sveitarstjórn sé skylt að greiða iðgjöld skv. 109. gr. l. og miðað við þau tilfelli, sem viðkomandi á ekki sök á því sjálfur, þó að tekjurnar hafi rýrnað, en það er í sambandi við slys, sjúkdóma, örorku, elli eða ómegð. Eins og þessu er nú háttað, verða sveitarfélögin að greiða fyrir ýmsa, sem raunverulega þurfa þess alls ekki með, enda þótt tekjur þeirra séu ekki mjög miklar. T. d. eru oft í þeim hópi börn efnaðra foreldra, sem síður en svo er ástæða til, að sveitarfélagið greiði iðgjöld fyrir. Ég lít svo á, að þessi brtt. skilji greinilega á milli þeirra, sem greiða þarf fyrir, og hinna, en verði ekki til að rýra hlut þeirra, sem rétt eiga og hafa þörf fyrir slíka aðstoð, enda getur áfrýjunarheimildin, sem n. gerir ráð fyrir, komið í veg fyrir, að á rétt nokkurs verði gengið.

Þá er 5. brtt. mín við 27. gr., en hún er um heimild sveitarfélaga til þess að leggja sérstakt gjald á fasteignaeigendur til að vega á móti því gjaldi, sem viðkomandi sveitarfélög verða að greiða til tryggínganna vegna slíkra fasteigna. Tilefnið til flutnings þessarar till. er það, að í mörgum sveitarfélögum eru fasteignir, sem hækka gjöld sveitarfélagsins til tryggínganna, án þess að viðkomandi sveitarfélag hafi af þeim eignum nokkrar tekjur, og má í því sambandi nefna eyðijarðir, sumarbústaði og ýmsar opinberar eignir. Þess eru dæmi, að eitt sveitarfélag hefur orðið að greiða 10—20 þús. kr. til tryggínganna, án þess að fá nokkrar tekjur á móti. Einkum er þetta stór gjaldaliður fyrir sveitarfélög, þar sem sumarbústaðir eru í hundraðatali, en eins og kunnugt er, fá sveitarfélögin ekki tekjur af slíkum eignum. Þá mætti nú ef til vill segja, að ákvæði um þetta eigi ekki heima í þessum l., en mér virðist þó, að það sé ekki nein fjarstæða, þegar þess er gætt, að tryggingarnar ákveða gjald af þessum eignum.

Þá flyt ég brtt. við 13. gr. þess efnis, að Tryggingastofnunin taki þátt í kostnaði, ef sveitarfélag ræður stúlku til hjúkrunarstarfa til aðstoðar, þar sem veikindi ber að höndum. Í 13. gr. er gert ráð fyrir sjúkrabótum í slíkum tilfellum, og mætti þá ef til vill athuga, hvort þær ættu að falla niður, þegar aðstoð er veitt, en það tel ég þurfa sérstaklega að aðgæta og varla koma til greina nema fullkomin aðstoð sé veitt.

Síðasta brtt. mín á þskj. 397 er um það, að Tryggingastofnun ríkisins skuli gefa út handbók til leiðbeiningar um öll mál, er varða tryggingarnar. Það er mikil þörf á leiðbeiningum um þessi efni bæði fyrir bótaþega og þá, sem greiða eiga til tryggínganna, og þó verður þörfin enn meiri eftir að þessi lagabálkur tekur gildi, því að í honum felast nokkrar breyt. frá l. eins og þau voru samþ. 1946. Fyrir þá, sem starfa að framkvæmd tryggínganna, einkum úti á landsbyggðinni, eru slíkar leiðbeiningar mjög aðkallandi, þar sem þeir eiga miklu erfiðara með að fylgjast með breytingum og óhægara um vik að afla sér upplýsinga. Ég tel þessa till. því alveg sjálfsagða, en vil geta þess, að verði hún frekar talin eiga að fylgja sem bráðabirgðaákvæði, þá get ég fallizt á það.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um aðaltill. mína, en hún fjallar um það, að Tryggingastofnunin komi upp og starfræki vinnustöðvar fyrir bótaþega, þar sem hver geti fengið vinnu eftir sinni getu og við sitt hæfi. Í því áliti, sem lagt var til grundvallar við setningu tryggingalaganna 1946, var till. um slíka stofnun frá Jóni heitnum Blöndal, en hann hugsaði sér

hana sem lið í atvinnustofnun ríkisins, er hefði atvinnumál þjóðarinnar með höndum og tryggði ekki aðeins atvinnuleysishjálp, heldur fulla atvinnu í þjóðfélaginu. Í 17. gr. tryggingal. er gert ráð fyrir, að komið verði upp gamalmennaheimilum, og í 104. gr. er beinlínis gert ráð fyrir að veita til þess lán úr varasjóði. Í bráðabirgðaákvæðum er gert ráð fyrir, að sett verði l. um opinbera aðstoð til handa öryrkjum. Það má því segja, að það sé beinlínis gert ráð fyrir, að sett verði á fót stofnun eins og sú, sem till. mín gerir ráð fyrir. Í l. eru hins vegar ákvæði um alls konar bætur til öryrkja, sem greiddar eru í peningum, bæði lífeyri og styrkjum. Það liggur fyrir skýrsla yfir þessar bætur fyrir árið 1948 og hvernig þær skiptast. Niðurstöður þeirrar skýrslu eru þær, að alls hafa verið greiddar 6297000 kr., eða á sjöundu millj. til þessara aðila. Skýrsla fyrir árið 1949 liggur ekki fyrir enn. Hins vegar eru líkur til, að þar sé þessi upphæð verulega hærri, og má í því sambandi benda á, að öryrkjum hefur fjölgað ár frá ári, t. d. voru þeir aðeins 1200 1943—44, en nú munu þeir vera um 2400. Það er líka vitað mál, að með versnandi atvinnuástandi eykst ásóknin í þessa styrki. Ég skal fúslega viðurkenna, að þessir styrkir trygginganna eru til stórra hagsbóta fyrir öryrkjana, sem þeirra njóta, en mín skoðun er bara sú, að það mætti gera annað við þetta fé, sem bæði væri betra fyrir þessa bótaþega og þjóðfélagið í heild, það er að segja, sem væri bótaþegunum meiri og kærkomnari styrkur en þessir peningar. Það er öllum, sem komið hafa nálægt þessum málum, kunnugt um, hvernig fer fyrir þeim, sem verða veikir. Þeim er fyrst og fremst bannað að vinna. Oft fylgir líka sjúkrahúsvist og í mörgum tilfellum er afleiðingin meiri eða minni örorka. Þegar svo er komið er ekki í neitt hús að venda nema að fá örorkustyrk, því að jafnvel þó að þessir menn geti unnið eitthvað, þá komast þeir ekki að við venjulega vinnu, enda geta þeir ekki staðið að vinnu eins og heilir menn. Þetta hefur þær afleiðingar, að þeir reyna að fá örorku sína metna sem hæsta, því að með því móti fá þeir hærri styrk, og ekki veitir af honum til þess að lifa, enda er hæsti örorkustyrkur miðaður við lágmarksneyzlu. Og þó að þessi styrkur komi sér vel og sé út af fyrir sig góður, þá er hægt að gera annað og betra fyrir þetta fólk, en það er að útvega því vinnu við þess hæfi. Flestir þessara styrkþega geta unnið meira og minna, aðeins ef þeir fá verkefni, sem miðað er við krafta hvers og eins. Og það var þessi hugmynd, sem vakti fyrir Jóni heitnum Blöndal, og það er raunverulega alveg sama hugmyndin, sem ég hef tekið hér upp í tillöguformi. Till. gerir ráð fyrir, að Tryggingastofnunin skrái alla öryrkja og láti gera nákvæmar skýrslur um vinnugetu þeirra og vinnuhæfni, auk þess sem þeir verði líka flokkaðir eftir aldri og kyni og getið um, hvaða orsakir liggja til örorkunnar. Þegar slíkar skýrslur liggja fyrir, þá skal Tryggingastofnuninni skylt að útvega viðkomandi öryrkjum vinnu við hvers hæfi, eftir því sem föng eru á. Og með góðri samvinnu við atvinnurekendur ætti að vera hægt að ná góðum árangri í þessu máli, því að fjölbreytni atvinnulífsins er svo mikil, að flestir ættu að geta fengið eitthvað við sitt hæfi og getu. Þessi skipan hefur verið tekin upp hjá mörgum menningarþjóðum, og má í því sambandi geta þess, að slík starfsemi hefur verið rekin með góðum árangri í Bandaríkjunum, og sömuleiðis mun þessi aðferð vera notuð í Sovétríkjunum. — Hitt atriði þessarar till., sem tekið er úr álitinu frá 1945, er það, að Tryggingastofnunin komi upp verkstæðum og reki þau eða hafi samráð við aðra um rekstur þeirra. Slík starfsemi mætti ekki vera rekin í ágóðaskyni, heldur fyrst og fremst með hag öryrkjanna fyrir augum og um leið hag þjóðarinnar. Það væri líka sjálfsagt og eðlilegt, að ríkið styrkti slíka starfsemi á einn og annan hátt, og sömuleiðis gætu bæjar- og sveitarfélög veitt mikla aðstoð. Ég tel þess ekki þörf á þessu stigi málsins, á meðan þessi till. mín hefur ekki sætt andmælum af hálfu hv. meðnm. minna né annarra hv. þdm., að færa fram ýtarlegri rök henni til stuðnings, en mun ef til vill gera það síðar, ef þörf gerist. En áður en ég lýk máli mínu vildi ég leyfa mér að segja nokkur orð um frv. þetta almennt og afstöðu mína til þess.

Afstaða mín til þessa frv. er mjög mótuð af því, að sú endurskoðun tryggingal., sem farið hefur fram á síðustu 2 árum, hefur verið framkvæmd af mönnum úr öllum flokkum, sem ég ber gott traust til, mönnum, sem hafa allra manna bezt aðstöðu til að þekkja þá reynslu, sem fengin er af framkvæmd l., a. m. k. frá sjónarmiði þess aðila, sem hefur mestan veg og vanda af framkvæmd þeirra, þ. e. Tryggingastofnun ríkisins. Ég treysti þeim mönnum fullkomlega til þess að hafa haft í huga við endurskoðun l. hagsmunasjónarmið allra þeirra aðila, sem standa undir tryggingunum og bera af þeim fjárhagslegar byrðar, en þeir eru sem kunnugt er:

1) hinir tryggðu	27.5 millj.	
2) ríkissjóður um	20.0 —	
3) bæjar- og sveitarfélög ..	14.5 —	(15%)
4) atvinnurekendur	13.5 —	
	75.5 millj.	

Heildarniðurstaða þessarar endurskoðunar er sú að raska ekki í neinum verulegum atriðum „fjárhagsgrundvelli trygginganna“ — eins og það er orðað, en af því leiðir, að ekki eru gerðar neinar verulegar breytingar á lögunum, en aðeins rýmkað um heimildir til Tryggingastofnunar ríkisins, sem veita einum eða öðrum flokk bótaþega úrlausn, eins konar glaðning, og Tryggingastofnuninni því fengið meira vald og svigrúm um framkvæmd l. á sama grundvelli og hingað til. Tryggingastofnunin virðist ekki hika við það í þessum tilfellum að taka á sig meira erfiði og vinnu við framkvæmd l. En veigamesta niðurstaðan af endurskoðun l. er vitanlega sú, að lagt er til, að framkvæmd heilsugæzlunnar verði enn frestað um 5 ár, eftir að henni hefur verið frestað ár frá ári. Þetta þýðir, að það tryggingakerfi, sem var samþykkt á Alþingi 1946, kemur ekki til fram-

kvæmda fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1955. Það var haustið 1944, að þjóðinni var í hátíðlegum stjórnarsamningi heitið því, að á árinu 1945 yrði komið á hér á landi „svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar án tillits til stétta eða efnahags, að Ísland verði á þessu sviði í fremstu röð nágrannaþjóðanna." Það er nú gefið fyrirheit um, að þetta tryggingakerfi geti loks komizt til framkvæmda 10 árum síðar en heitið var. Og þó er þetta tryggingakerfi, sem lögfest var 1946, í mörgum og veigamiklum atriðum langt að baki því tryggingakerfi, sem þeir Jón heitinn Blöndal og Jóhann Sæmundsson gerðu tillögur um 1945 samkv. stjórnarsamningnum 1944. Ef það stig, sem við stöndum á í tryggingamálum, og það kerfi, sem við búum við í framkvæmd, er borið saman við „nágrannaþjóðirnar", eins og það var orðað 1944, held ég, að við stöndum þeim langt að baki.

Það tryggingakerfi, sem við búum við í reynd, meðan 3. kafli l. er ekki framkvæmdur, veitir hinum tryggðu hlunnindi fyrst og fremst í formi bóta, sem greidd eru í peningum. Hitt kerfið, sem við eigum á pappírnum, lögfest að nafninu til í 3. kafla laganna, átti að veita hinum tryggðu hlunnindi í formi þjónustu, heilsuvernd og heilsugæzlu frá vöggu til grafar.

Það kerfi, sem við búum við, á meðan 3. kafli kemur ekki til framkvæmda, er kerfi alþýðutryggingal. frá 1943, sjúkrasamlagskerfið, með þess kostum og göllum. Það veitir að vísu nokkra þjónustu með bótum, sjúkrahjálp, trygga læknishjálp og lyf í veikindum, en það veitir ekki hitt, sem mörgum finnst meira virði, heilsuvernd, starfsemi til varnar gegn sjúkdómum.

Í grg. frv. frá endurskoðunarn. tryggingal. er sýnt fram á, að það tryggingakerfi, sem við búum nú við, kosti hina tryggðu mun meira en ætla má að hitt fullkomna kerfið kosti þá. En samt er lagt til, að því sé slegið á frest um 5 ár að reyna að framkvæma fullkomnara kerfið fyrir allt landið, með þeim rökum, að skilyrði séu ekki enn til þess að framkvæma það, heilsuverndarstöðvar, lækningarstöðvar og sjúkrahús séu ekki til o. s. frv. Menn verða að beygja sig fyrir þeim rökum í því trausti, að allt verði gert, sem unnt er af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins, til þess að ýta á eftir því og greiða fyrir því, að þessi skilyrði verði sköpuð á þeim langa fresti — 5 árum — sem nú hefur verið ákveðinn til þess að uppfylla þau.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson) [Upphaf ræðunnar vantar í handrit innanþingsskrifara.]: Þá er það þriðja brtt. á sama þskj., að í stað 5. júlí komi 1. október 1950. Heilbr.- og félmn. mælir einróma með, að þessi till. verði samþ. Það er svo augljóst, að ekki þarf um það að ræða, að sjúkrasamlögin geta ekki verið tilbúin að veita sín fríðindi fyrr en þá.

Hvað viðvíkur fjórðu brtt. á þskj. 396, þá kemur hún í stað fimmtu brtt. á þskj. 394. Ég get að vísu ekkert séð því til fyrirstöðu, að hún verði samþ., nema sumir kunna kannske að segja, að samþykkt hennar auki aðeins skriffinnsku sveitarstjórna við skýrslugerðir, en aftur á móti held ég, að þetta geti baslazt eins og verið hefur, þótt ákvæði frv. um þetta efni haldist óbreytt. Hér er ætlazt til, að ein skráin sé send innheimtumanni í febrúar. En ef hann fær skrána ekki nógu snemma, þá er ætlazt til, að hann noti fyrra árs skrá, og hefur sá háttur verið á hafður til þessa. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til þess að vera á móti samþykkt till.

Þá vík ég að brtt. hv. 7. landsk. (FRV) á þskj. 397. Skal ég þá fyrst ræða fyrstu brtt., sem er við 9. gr. frv. og fjallar um efni 27. gr. l. Það er rétt, sem hv. þm. segir, að samkv. l. nú, sem gert er ráð fyrir í frv., að haldist óbreytt, þá á Tryggingastofnunin völ á, hvort hún krefur endurkræfan barnalífeyri hjá dvalarsveit móður eða framfærslusveit föður. Er það alveg rétt, að það getur valdið töluverðri skriffinnsku að innheimta þetta hjá föðurnum. En ástæðan fyrir því, að ekki er gert ráð fyrir því í frv. að breyta þessu frá því, sem er í l., er sú, að áður hafði sá háttur verið á þessum málum, að dvalarsveit móður átti endurkröfurétt vegna barnalífeyrisins á hendur framfærslusveit föður og á þessu var engin breyting gerð, þegar lögin voru sett. Tryggingastofnunin fékk aðeins sama rétt og barnsmóðir hafði haft. Þótti því heppilegt að láta þetta ákvæði haldast óbreytt. Nú telur hv. þm. þetta óþarfa skriffinnsku, sem hægt sé að losna við, og segir að sér sé um það kunnugt, að í mörgum tilfellum sé verið að leita barnsföður í mörgum framfærslusveitum. Ekki skal ég nú rengja hv. þm. í þessu efni, því að hann er vel kunnugur oddvitastörfum, en ekki hygg ég, að mikið sé um þetta. En sú leit verður bara engu minni, þótt þetta sé flutt yfir á Tryggingastofnunina, heldur í sumum tilfellum meiri. Samkv. reglum um innheimtu barnalífeyris, útgefnum af atvmrn., segir svo: „Þar sem sýslumenn og bæjarfógetar eru innheimtumenn Tryggingastofnunarinnar hver í sínu umdæmi, telur ráðuneytið rétt, að það verði lagt í vald viðkomandi sýslumanns eða bæjarfógeta, hvort hann snýr sér til dvalarsveitar barnsmóður eða framfærslusveitar barnsföður, þegar svo stendur á, að báðar þessar sveitir eru innan lögsagnarumdæmis þess eða þeirra, sem hann hefur lögreglustjórn í." Þetta er sú regla, sem fylgt er af sýslumönnum eða umboðsmönnum þeirra, og geta þeir eftir henni valið um, þegar svo stendur á, að bæði dvalarsveit móður og framfærslusveit föður er í lögsagnarumdæminu, og hygg ég, að þeir snúi sér þá til framfærslusveitarinnar, nema þegar einhverjar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. ef um vangreiðslur er að ræða. En í reglugerðinni segir enn fremur: „Þegar hins vegar stendur svo á, að dvalarsveit er ekki á sama umboðssvæði og framfærslusveit, er rétt, að innheimtu sé hagað þannig, að dvalarsveit sé jafnan krafin. Ráðuneytið vill ekki gera ráð fyrir því, að til þess komi, að dvalarsveit greiði ekki umkrafið meðlag, þar sem hún á skýlausan endurkröfurétt á öllu meðlaginu úr ríkissjóði, ef

framfærslusveit þverskallast við að greiða.“ Eins og áður segir, á dvalarsveit endurkröfurétt á hendur ríkissjóði, þegar framfærslusveit stendur ekki í skilum. Nú leggur hv. þm. til í sinni till., að þetta flytjist yfir á Tryggingastofnunina, en því marki að minnka skriffinnskuna verður ekki náð með þeirri ráðstöfun, heldur hygg ég, að hún aukist. Ég get því ekki fyrir mitt leyti mælt með till., og heilbr.- og félmn. hefur ekki tekið afstöðu til hennar. Ég hygg, að með samþykkt hennar muni skriffinnskan aukast frá því, sem nú er, þegar þessu er dreift á sveitarstjórnir úti um land.

Þá er það fjórða brtt. á sama þskj., varðandi 109. gr. N. hefur athugað till., en ekki séð ástæðu til þess að taka hana upp eða mæla með samþykkt hennar. Einnig hef ég rætt hana við tryggingaráð, sem ekki hefur tekið afstöðu til hennar. Ég hygg og, að ekki sé rétt að samþ. till., a. m. k. að svo komnu máli. Meginhugsunin á bak við 109. gr. er sú, að þeir, sem ekki hafa svo háar tekjur, að þeir komist í skatt, séu þess ekki umkomnir að greiða tryggingaiðgjaldið og þess vegna sé eðlilegt, að sveitarstjórnir greiði iðgjaldið fyrir þá, án þess að sérstakar ástæður komi til. Samkv. brtt. hv. 7. landsk. á einungis að taka tillit til og greiða iðgjaldið, ef fyrir hendi eru þær ástæður, sem þar greinir, þ. e. a. s. slys, sjúkdómar, örorka, elli eða ómegð. Skal það metið af sveitarstjórn, hvort þessar ástæður eru fyrir hendi. Ef nú sveitarstjórn synjar greiðslu, má skjóta úrskurði hennar til yfirskattanefndar. M. ö. o., fyrst á sveitarstjórn að meta, hvort tekjurnar eru nægilegar, og síðar, hvort ákveðnar ástæður eru fyrir hendi, og síðan má áfrýja úrskurði hennar til yfirskattanefndar. Ég efast um, að bót sé að þessum till., þótt það skuli játað, að 109. gr. er hálfgerð vandræðasmíði. Með brtt. n. á þskj. 395 er gert ráð fyrir, að greinin orðist eins og þar segir, með það fyrir augum, að ef undirskattanefnd hefur ekki metið réttilega ókeypis fæði og húsnæði og þess háttar, þá geti yfirskattanefnd leiðrétt það. Eins og kunnugt er, hafa margir talið hættu á því, að unglingar, sem eru heima hjá efnuðum foreldrum, geti eftir ákvæðum gr. látið greiða iðgjaldið fyrir sig, en með brtt. n. er gert ráð fyrir, að þetta megi fyrirbyggja. Ég hygg því, að rétt sé og nægilegt það, sem n. hefur lagt til með þriðju brtt. sinni á þskj. 395.

Fimmta brtt. hv. þm. er við 23. gr. frv. og víkur að 114. gr. laganna. N. hefur ekki tekið afstöðu til till., en bendir sérstaklega á, að miðað við þau margháttuðu ákvæði um fasteignaskatt, sem í lögum eru, sé ekki ástæða til þess að bæta einum enn í tryggingal. Hins vegar vil ég segja fyrir mitt leyti, að till. hefur mikið til síns máls, og sé ég engu spillt, þótt hún sé samþ. Það er alveg rétt, sem hv. þm. tók fram, að ýmsar fasteignir, t. d. eyðijarðir, virkjanir o. fl., hækka ekki tekjur sveitarfélaganna, þótt þær hækki iðgjald sveitarsjóðs til tryggingana, og væri því rétt að hafa þann hátt á, sem hv. þm. leggur til. Get ég því fyrir mitt leyti mælt með till. og greitt henni atkv., án þess þó að það sé skoðun n. í heild.

Þá er það 2. brtt. á sama þskj., um að Tryggingastofnuninni sé heimilt að taka þátt í kostnaði sjúkrasamlags eða sveitarstjórnar við að hafa í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlku til þess að veita aðstoð á heimilum í veikindum. Ég benti hv. flm. á, hvort hann vildi ekki bæta við till. því skilyrði, að sjúkradagpeningar yrðu þá ekki greiddir, ef heimildin yrði notuð. Það hefur hv. þm. ekki gert. Sú gr. frv., sem þessi brtt. er við, er um heimild til greiðslu sjúkradagpeninga til giftra kvenna vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra. Gert er nú ráð fyrir, að þessi ákvæði verði tekin inn í l., því að ákvæði 92. gr. hefur, eins og vitað er, verið frestað. Ef nú heimildin, sem greinir í 2. brtt. á þskj. 397, væri veitt, þá væri upp tekin sú aðstoð, sem gert er ráð fyrir í heilsugæzlukaflanum. Nú er hins vegar ljóst af orðum till., að henni er ætlað að ná til þeirra héraða, þar sem sjúkrasamlög eru starfandi. Ég sé því ekki ástæðu til þess að mæla með samþykkt þessarar till., því að það var aldrei ætlunin með l. að greiða bæði sjúkradagpeninga og einnig að inna af hendi greiðslur vegna aðstoðar veittrar í veikindum. Aftur á móti tel ég enga hættu í því fólgna að samþ. þetta, því að í till. er aðeins talað um heimild.

Þá vil ég víkja nokkuð að megintill. á þskj. 397, sem eru um fyrirgreiðslu vegna öryrkja o. fl. Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði um þetta efni, að er lögin um Tryggingastofnunina voru samin, þá var undirbúið frv. um vinnustofnun ríkisins og átti Jón heitinn Blöndal mestan þáttinn í því. En hv. þm. láðist að geta þess, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, að í undirbúningstill. var gert ráð fyrir því, að vinnustofnunin yrði sjálfstæð stofnun, að öðru leyti en því, að tekjur hennar yrðu innheimtar með iðgjöldum Tryggingastofnunarinnar. En hvers vegna það? Einmitt vegna þess, að Tryggingastofnuninni var upphaflega ætlað að sjá um fjármál þessarar stofnunar, en öðrum aðila ætlað að sjá um framkvæmdir allar. Með þetta fyrir augum var ráð fyrir því gert, að vinnustofnunin hefði sérstaka stjórn, en iðgjöld hennar innheimt með iðgjöldum Tryggingastofnunarinnar. Er ég enn á þeirri skoðun, að þetta fyrirkomulag sé að öllu leyti heppilegra. — Þá er ég sammála hv. þm. um nauðsyn þess að styrkja öryrkjana og að gera ráðstafanir til þess, að vinnugeta þeirra komi þeim og þjóðfélaginu að meira gagni en hingað til hefur verið. En hins vegar tel ég að það, sem fram kom í ræðu hv. þm., að hægt væri að spara stórfé, ef þetta yrði framkvæmt, og þær tölur, sem hann nefndi í því sambandi, sé byggt á of mikilli bjartsýni. Öryrkjarnir eru nú eitthvað á milli 2200 og 2400 yfir 50%, þar af um ⅓ undir 75% og ⅔ yfir 75%, og eru litlar líkur til, að vinnugeta þeirra geti komið að verulegu haldi. Ég vil enn fremur segja í þessu sambandi, að þótt lítið hafi borið á framkvæmd Tryggingastofnunarinnar í þessu efni, þá er það ekki rétt, að ekkert hafi verið gert. Það er nú unnið að

því að gera skrá með tilliti til þess, og er það fyrsta skilyrði þess, að nokkuð sé í þessu hægt að gera. Þá hefur Tryggingastofnunin nú þegar skrá yfir alla öryrkja, sem til hennar hafa sótt um styrk, og er það ljóst, að mjög fáir eru þeir öryrkjar, sem ekki eru á þeirri skrá. Þegar svo fullkomnum athugunum á þessum öryrkjaskrám er lokið, var ætlunin að ráðgast um við bæjarstjórn í Reykjavík, hvort ekki væri eitthvað fyrir þetta fólk hægt að gera. Er og víst, að sú leið verður farin. En ef till. hv. þm. yrði samþ., sé ég ekki betur en að sveitarfélögin geti haldið að sér höndum í þessu efni og vísað á Tryggingastofnunina. En það eru alls ekki lítil störf, sem henni er ætlað að inna af hendi samkv. till. Ég efast og um, að ákvæði till. auðveldi það að fá atvinnurekendur til þess að taka öryrkja í þjónustu sína. Í Bretlandi eru ákvæðin um þetta þannig, að atvinnurekendum er skylt að hafa ákveðna prósentu af starfsliði sínu öryrkja. Þetta ákvæði þyrfti einnig að setja í löggjöf hér. Í till. hv. þm. segir svo: „Geti Tryggingastofnunin ekki miðlað þeim, sem þess óska, vinnu við þeirra hæfi með þessum hætti, getur hún haldið námskeið fyrir þá.“ Hér er m. ö. o. ætlazt til, að Tryggingastofnunin komi upp sérstökum námskeiðum fyrir öryrkja. Enn fremur segir þar, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að koma upp verkstæðum, vinnustofnunum o. fl. Ég held, að svo sammála sem ég annars er hv. flm. um aðgerðir í þessum málum, þá sé óráðlegt að samþ. þetta nú. Ég tel, eins og ég hef áður tekið fram, alveg rangt að blanda hér saman Tryggingastofnuninni og framkvæmd í þessu máli. — Ég hef því leyft mér ásamt hv. þm. Barð. og hv. 8. þm. Reykv. að bera fram brtt. við brtt. á þskj. 379, svo hljóðandi:

„Meginmál 3. tölul. (ný grein á eftir 21. gr.) orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir lok ársins 1950 láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má, að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal Tryggingastofnunin gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum, og hafa samráð og samvinnu við trygginganefndir og héraðsstjórnir um þær tillögur.“

Ég álít, að ef Alþ. telur ástæðu til að ýta á eftir þessu frekar en gert er í l., eins og þau eru, þá sé rétt að samþ. nú þessa skriflegu brtt. í staðinn fyrir brtt. 397.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 427 og 428) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Ed., 15. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 345, 331,3, 334,2 og 4—5, 394, 395, 396, 397, 426, 427, 428).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við umr. hér í gær var beint til mín nokkrum orðum í sambandi við brtt., sumpart brtt. á þskj. 395 og sumpart út af brtt. minni á þskj. 331. Skal ég leyfa mér að svara þessu hér með nokkrum orðum.

Hv. 11. landsk. þm. (ÞÞ) þótti það sæta nokkrum undrum, að ég skyldi gerast meðflm. að 2. brtt. á þskj. 395, og hv. 1. þm. N-M. (PZ) hvíslaði því að mér, hvort ég hefði virkilega sofið á verðinum, þegar þessi brtt. var samin og samþ. í n. Út af þessu vil ég leyfa mér að taka fram, að till. sjálf er borin fram af mér í n. og það alls ekki gert í svefni. Hún var borin fram af mér með alveg fullkomlega opnum augum og þeim skilningi á þessu máli, að það sé mjög mikil þörf á, að till. verði samþ. og þessari stofnun tryggt það fé, sem hér er um að ræða, og vil ég í því sambandi vísa til þeirrar ræðu, sem ég hélt um þetta mál á fyrra stigi málsins, þar sem ég tók mjög skýrt fram, að ég teldi, að nauðsynlegt væri að tryggja þessari stofnun öruggan tekjustofn, sem ekki væri háður verðsveiflum eða afkomu ríkissjóðs á hverjum tíma. Og ég hef ekkert breytt um skoðun á því máli. — Hv. 11. landsk. þm. lét í ljós hér í hv. þd., að honum væri það nú ekki beinlínis mjög á móti skapi, þó að þessi till. væri samþ., eftir því sem mér skildist á hans ræðu, heldur þótti honum það sárast, að hér væri lagt til að breyta gamalli venju og taka gamla tekjustofna frá ríkissjóði, sem mjög lengi hefðu verið tekjuliðir landssjóðs og hefðu þar áður runnið í jarðabótasjóð. Og þess vegna fannst honum óviðeigandi að raska nú þessari gömlu venju og taka þetta fé til annars en almennra ríkisþarfa. Ég met fastheldni þessa hv. þm. mjög, en vildi þá um leið beina því til hans, hvort hann vildi ekki horfa ofur lítið lengra aftur í tímann og minnast þess, að löngu fyrr en þessir sjóðir voru stofnaðir, sem hér er um að ræða, var það venja og ég held skylda, að saman færi framfærsla og arfur. Og það er *einmitt meginástæðan fyrir því, að ég hef borið* fram þessa brtt., að ég tel, að þessa gömlu venju eigi að taka upp. Ríkið hefur nú þegar tekið að sér framfærslu á þessum aðilum, sem eftir minni brtt. eiga að njóta þessa fjár, sem ríkið ekki gerði, þegar féð var látið ganga í þá sjóði, sem um hefur verið að ræða. Ríkið hefur tekið að sér að mjög verulegu leyti framfærslu þessara manna, sem ég legg til, að njóti þessa fjár, og þess vegna þarf að tryggja þessari stofnun nægilegar tekjur til að geta staðið undir þeim skyldum. Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að samkv. till. á að nota þetta fé í varasjóð Tryggingastofnunar ríkisins, samanber 100. gr. laganna. Og hvað ákveður 100. gr. laganna? Hún tekur fram, að úr varasjóði megi til bráðabirgða greiða halla, sem verða kunni á tryggingasjóðnum. En ef ekki er til neitt fé í varasjóði þessarar stofnunar, hvert er þá leitað? Samkv. l. er þá leitað beint í ríkissjóð. Það er því raunverulega ekki verið að taka úr ríkissjóði þetta fé, sem hér er um að ræða, sem eyðslufé í neitt annað, heldur er því ráðstafað aðeins sem tryggingu fyrir því, að þessi stofnun þurfi ekki að leita í ríkissjóðinn beint, þegar hún þarf

á þessu fé að halda, heldur sem sagt geti hún haft þetta fé sjálf, til þess að þurfa ekki að leita á náðir ríkissjóðs og gera þá ábyrga fyrir því, sem þar standa í ábyrgð fyrir, til þess að mæta útgjöldunum. — Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að þessi sjóður sé notaður til þess að hjálpa sveitarfélögunum til þess m. a. að koma upp elliheimilum, og það er eitthvert mesta vandamál í sveitum og kaupstöðum að standa undir þeim kostnaði, sem það óhjákvæmilega hefur í för með sér að koma upp elliheimilum í landinu, nægilega stórum til þess að geta tekið við því fólki, sem þangað vill fara, og til að gera þau nægilega ódýr, til þess að vera á þeim kosti ekki meira fyrir hvern einstakling en ellilífeyrisgjaldið er frá tryggingunum, og því takmarki verður að ná. Nú er gefin heimild í l. um að greiða allt að 50% í ofanálag á ellilaun til þeirra gamalmenna, sem eru einstæðingar og hafa ekki neitt fjármagn sjálfir fram að leggja. En því takmarki þarf að ná að koma upp elliheimilum í landinu, eins og til er ætlazt, og koma þeim þannig fyrir, að hægt sé að reka þau svo, að vist á þeim kosti ekki meira en ellilífeyririnn er á hverju ári. En þá eiga þessir aðilar, sem ellilífeyris eiga að njóta, ekki að þurfa að leita á náðir annarra en Tryggingastofnunarinnar né heldur hafa áhyggjur fyrir sinni elli. Og þetta fé, sem hér er um að ræða, á að notast til þess að ná þessu takmarki. Og ég er alveg viss um, að þegar hv. 11. landsk. þm. athugar þetta nákvæmlega, verður hann mér sammála um, að rétt sé stefnt með því að taka þetta fé beint inn í tryggingarnar. Ég skal viðurkenna það sjónarmið hv. 11. landsk. þm., þegar hann segir, að hagur ríkissjóðs sé þannig í dag, að sem minnst megi nema í burt það, sem eru tekjur á fjárl. Það er rétt. En ég vil benda á, að það eru fjöldamargir liðir á fjárl., sem eiga að víkja fyrir þessu. Ég háði harða baráttu í Sþ. fyrir því að hækka ekki laun embættismanna um allt að 15 millj. kr. á þessu ári. Meiri hl. Alþ. áleit, að rétt væri að standa að þeim till. að hækka launin, og það var gert. Þetta kostaði tryggingarnar nærri 6 millj. kr. á ári. Og það var svo stórt áfall fyrir Tryggingastofnunina, að Alþ. ber skylda til þess að láta fé koma þar á móti, þegar búið er að gera slíkar ráðstafanir, og það fyrsta til þess að uppfylla þessa skyldu ætti að vera að samþ. þessa brtt., sem hér er borin fram. Ég vil líka benda á, að hér er á ferð og til umr. nú í dag annað mál, 87. mál, sem mundi kosta ríkissjóð mikið fé, ef það væri samþ. Ég segi þetta ekki af því að ég haldi, að hv. 11. landsk. þm. sé því máli fylgjandi, en ég er ekki alveg viss um, að meiri hl. hv. alþm. sé á okkar mál þar. Og meðan svona er sótt að ríkissjóði um alls konar greiðslur, hvers vegna ætti þá að víkja til hliðar því, sem miklu nauðsynlegra er, að greiðist af því opinbera, þ. e. framlag til tryggingarnna til þess að tryggja greiðslur ellilauna? Því að það verður að metast, þegar afgr. eru fjárl., hvað er nauðsynlegt að láta vera á fjárl. og hvað á að víkja og hverju þjóðin hefur tjón af, að látið sé falla niður. Og ég er ekki í vafa um, að ef þessar nauðsynlegu greiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins verða látnar falla niður, er það svo stórkostlegt áfall fyrir einstök bæjarfélög og þjóðfélagið í heild. — Hv. 11. landsk. þm. sagði, að þetta mundi koma fram á verklegum framkvæmdum, ef fé þetta væri látið renna til þess, sem ég hef lagt til. Ég er honum ekki sammála um það. Ég stend engu síður fast utan um það, að verklegar framkvæmdir séu látnar halda áfram í landinu heldur en hv. 11. landsk. þm. Og ég mun standa mjög fast á því, að hvorki greiðsla þessa fjár samkv. minni brtt., ef hún verður samþ., né fjárupphæðin til verklegra framkvæmda sé látin víkja fyrir auknum rekstrarkostnaði í rekstri ríkisins hvað snertir mannahald og ýmsar aðrar óþarfar greiðslur, sem sumar eru komnar gersamlega út fyrir þau takmörk, sem vera ætti í þjóðfélaginu. Ég gerði í fyrra harða sókn til að fá framgengt því að skera niður 6 millj. kr. í þeim rekstri. Nokkuð af þeim till. hélt velli, en nokkuð féll. En það þarf að gera í þessu efni miklu harðari sókn. Og ef minnkaður er sá kostnaður til muna, þá virðist það ekki vera nein goðgá, þó að þær 300 þús. kr., sem hér er um að ræða, séu látnar renna í stofnun, sem er í raun og veru einn hluti ríkissjóðs. — Hér var líka á ferð nýlega annað mál, um að ákveða með sérstökum lögum fyrir tíu ár fram í tímann að taka eina millj. kr. á ári í vissu augnamiði, hvort sem það væri tekið inn á fjárlög eða ekki. Meiri hl. þessarar hv. d. áleit, að það væri rétt, og ég get ekki skilið, að sá meiri hl. telji það ranglátt, þó að Tryggingastofnuninni séu á þennan hátt tryggðar þær 300 þús. kr., sem hér er um að ræða. Ég minnist þess ekki, að hv. 11. landsk. þm. minntist á að stöðva það mál og senda það aftur til fjhn., eins og hann gerir nú í sambandi við þetta mál. Þykir mér það dálítið undarlegt, að það mál, sem ég áðan minntist á, skuli hafa farið hér í gegn, án þess að krafa hafi komið um það, að það færi til fjhn., hliðstæð þeirri kröfu, sem nú hefur komið fram viðkomandi þessu máli, um að það fari til fjhn. nú. Hins vegar er ég ekkert á móti því fyrir mitt leyti og get vel fylgt því, ef till. um það kemur fram, að þetta atriði sé sent til hv. fjhn. til athugunar, ef það mætti verða til þess, að hv. 11. landsk. þm. léði málinu lið á eftir og hv. n. fengist til að mæla með þessari till. En ekki hugsa ég, að jafnsamvizkusamur maður og hv. 11. landsk. þm. sé að bera fram þessa ósk bara til þess að tefja málið. Það er engan veginn honum líkt. — Sé ég ekki ástæðu til að ræða meir um þetta atriði. Ég hef tekið skýrt fram, að brtt. þessi er borin fram af mér fyrst og fremst, og er það í samræmi við þá skoðun, sem ég hafði á þessu máli í fyrra. Þegar erfðalögin voru til umr., bar ég fram till. um, að arfar þessir gengju til Tryggingastofnunarinnar, og ég mun halda uppi þeirri ósk í þessu efni, hvenær sem tækifæri er til, og fylgja hverjum þeim aðila, sem vill bera það fram eða fylgja því. Og það er ekki af því, að ég vilji ráðast þar á garðinn, sem hann er lægstur, eins og hv. 8. þm. Reykv. sagði í dag, en það er af því, að það er mín skoðun,

að því fé, sem menn hafa safnað og láta eftir sig, sé engan veginn öðruvísi betur varið að þeim látnum en til þess að standa undir þeim verkefnum, sem Tryggingastofnunin á hér að inna af hendi. Og ég ber engan kinnroða fyrir að halda því fram.

Hv. 8. þm. Reykv. (RÞ) skoraði á hv. þdm. að fella brtt. mína á þskj. 331 og aðallega vegna þess, að hún hélt því fram, að með þessari brtt. minni væri ég að ráðast á garðinn þar, sem hann væri lægstur. Ég mótmæli þessari fullyrðingu og tel mig ekki eiga það skilið í sambandi við afgreiðslu tryggingal. fyrr og síðar. Það er mér óhætt að segja hv. 8. þm. Reykv., að sú löggjöf væri öðruvísi en hún er í dag og verr séð fyrir þeim smæstu í þjóðfélaginu, ef flokkur hv. 8. þm. Reykv. hefði ráðið meiru en ég um setningu þeirrar löggjafar, en það var áður en hún kom á þing. En það er hart, ef taka á alvarlega það, sem hv. 8. þm. Reykv. segir — að hún segir, að ég sé að ráðast á þá smæstu. En í raun og veru hefur hv. 8. þm. Reykv. verið að verulegu leyti sammála öðrum í n. um þetta mál, þó þannig, að hún vildi hækka þetta um nokkrar kr. Hv. 8. þm. Reykv. var tilbúin til að gera samþykkt um þetta, ef fæðingarstyrkurinn væri hækkaður þannig, að öll upphæðin, sem nú er greidd í þessu skyni til allra kvenna í landinu, skiptist þannig, að grunnurinn hækkaði úr 200 kr. í 230 kr., eða alls úr 600 kr. í 720 kr. Þessu marglýsti hún yfir í n. En ég sá ekki ástæðu til þess að hækka þetta. Þó væri hægt að spara nokkrar krónur með því réttlæti, sem hennar flokkur hefur heimtað í mörg ár, því að hennar flokksmenn hafa heimtað, að því réttlæti væri komið í kring, að allar mæður fengju sama fæðingarstyrk. En þegar ekkert samkomulag varð um það, varð eiginlega samkomulag um það í n., að mín till. yrði samþ. gegn því, að þeim mæðrum, sem hér er um að ræða, yrði tryggður rétturinn til greiðslna í þessu efni annars staðar frá, og eins og hugsað var að gera með breyt. á l. um skyldur foreldra til barna, þannig að það væri lögð á barnsföður sú skylda að greiða í eitt skipti fyrir öll þessar 900 kr. sem fæðingarstyrk, en láta þetta ekki greiðast af tryggingunum. Um þetta var í rauninni nokkurn veginn samkomulag í n., og hv. 8. þm. Reykv. var með því, en svo snerist henni hugur, af því að hún var ekki sammála um það, að sett yrði inn það ákvæði, sem ég og hv. 4. þm. Reykv. flytjum till. um á þskj. 428. Hún vildi gefa konum, sem hvorki vita um föðurinn né segja til hans, þótt þær viti um hann, þennan rétt. Þegar svo var komið, varð ekki úr samkomulagi. Ég skal viðurkenna það, að hún vildi hækka fæðingarstyrkinn upp í 1400 kr. til allra kvenna, en hún féll frá því, þegar á það var bent, að þá yrði líka að hækka allar aðrar greiðslur trygginganna í samræmi við það.

Ég mun fylgja till. hv. 8. þm. Reykv., ef till. mín og hv. 4. þm. Reykv., um að lagður sé fram úrskurður á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði, verður samþ. Ég sé ekki, af hverju hv. þm. þarf að deila um þetta. Með þessu er þetta öllum tryggt nema í einstaka tilfellum, sem eru svo fá, að ekki er hægt að láta þau ráða afgreiðslu málsins.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða aðrar till. nema till. hv. 7. landsk., því að ég er að nokkru leyti á annarri skoðun en hann. Ég mun fylgja 1. brtt. Ég get ekki fallizt á, að það verði erfitt fyrir Tryggingastofnunina að hafa þá tilhögun. Ég mun hins vegar ekki fylgja 2. brtt., og vísa ég í því sambandi til hv. frsm. Ég er með 4., 5. og 6. brtt., en ekki 3. brtt. við 21. gr. Varðandi það atriði hef ég ásamt öðrum nm. borið fram sérstaka till. á þskj. 427. Ég tel, að hv. 7. landsk. megi vel við una, að málið verði leyst á þann veg. Það er full viðurkenning á hans sjónarmiði, og nm. hafa fullan vilja á því, að horfið verði að því að skipuleggja þessi mál. Ég treysti því, að Tryggingastofnunin láti framkvæma þessa athugun og leggi fram till. um ráðstafanir fyrir næsta þing. Það er enginn efi á því, að hér er um nauðsynjamál að ræða, en þetta er líka mörgum erfiðleikum bundið, eins og hv. frsm. talaði um. Ég tel, að stórt spor sé stigið, þar sem n. er sammála um, að þörf sé á sérstökum ráðstöfunum í þessu efni. Það er því ekki af andúð við málið, að ég fylgi ekki 3. brtt., heldur tel ég réttara, að sú leið sé farin, sem gert er ráð fyrir í till. á þskj. 427.

Ég sé svo ekki ástæðu til að tefja umr. frekar, og læt því lokið máli mínu.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Af því að ég hef um nokkurt skeið starfað við sveitarstjórnarmál og fengið nokkra reynslu í þeim efnum, tel ég mér skylt að segja nokkur orð.

Ég vil fyrst víkja að brtt. á þskj. 397, sem eru fluttar og reifaðar af hv. 7. landsk. (FRV). Ég er þessum till. yfirleitt fylgjandi og finnst þær bera þess vott, að hv. flm. hafi reynslu í sveitarstjórnarmálum. Ég er algerlega samþykkur 1. till. og tel hana þýðingarmikla til að taka af króka í framkvæmd þeirra málefnaliða, er þar er um að ræða. Till. er um það að taka það ómak af dvalarsveit að endurgreiða meðlög barna. Hv. 4. þm. Reykv. (HG) mælti heldur á móti till. í gær, og þótti mér það undarlegt um jafngerhugulan mann og hygg, að það muni stafa af því, að hann hefur ekki sett sig nógu vel inn í málið. Gangur málsins er sá, að barnsmóðirin snýr sér til umboðsmanns Tryggingastofnunarinnar og tekur þar meðlagið, en umboðsmaðurinn snýr sér síðan til dvalarsveitarinnar. Sá krókur kostar 5—6 bréf. Venjulega er það svo úti á landi, að umboðsmaðurinn, sýslumaðurinn, skrifar dvalarsveitinni bréf. Dvalarsveitin skrifar og sendir endurgreiðslu, og umboðsmaðurinn skrifar kvittun og sendir dvalarsveitinni. En dvalarsveitin á ekki að greiða þetta endanlega, heldur framfærslusveitin. Venjulega skrifar dvalarsveitin sýslumanni, og hann snýr sér svo til framfærslusveitarinnar og sendir meðlagið til dvalarsveitarinnar. Það er fimmta bréfið. Loks skrifar dvalarsveitin og sendir kvittun. Það er sjötta bréfið. Ég sé ekki betur en að hér sé um fullkomlega óþarfa skriffinnsku að ræða, ærið á framkvæmd l., sem þarf að sníða af. Þar sem 1. brtt. hv. 7. landsk. gerir það, skora

ég á alla að greiða atkv. með henni og vona, að hv. 4. landsk. verði henni einnig fylgjandi, er hann hefur athugað málið nánar.

Þá er það 2. brtt., um að Tryggingastofnuninni sé heimilt að taka þátt í kostnaðinum, ef sjúkrasamlag eða sveitarstjórn hefur í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum. Mér skildist á hv. 4. þm. Reykv., að honum þætti þetta ofrausn af hendi Tryggingastofnunarinnar. En hér er um heimild að ræða, og Tryggingastofnunin getur því metið það, hvort þetta er rétt og fært, og ef fjárhagur stofnunarinnar er góður, tel ég að hún eigi að takast þetta á hendur. Ég tel till. til bóta og mun því greiða henni atkv.

Þá er það 3. brtt. Ég er henni samþykkur að því er anda hennar snertir, en tel að sú brtt., sem lögð hefur verið fram af hv. 4. þm. Reykv., hv. þm. Barð. og hv. 8. þm. Reykv., sé eðlilegri og að betur sé af stað farið í þessum efnum á þann hátt, sem hún gerir ráð fyrir. Ég mun því greiða henni atkv.

Þá er það 4. brtt. við 109. gr. tryggingal. Ég get sagt það, að mér hefur alltaf líkað illa við þessa gr. Mér virðist, að með núverandi ákvæðum sé Tryggingastofnunin að gera sér hægara fyrir og ýta undir skattleysingja til að fara til sveitarsjóðs. Mér finnst, að nóg sé sett á sveitarsjóð, þó að ekki sé hóað á fólk á þennan hátt. Jafnvel í árferði eins og verið hefur undanfarið hefur margt verið um skattleysingja, og þegar meira kreppir að, verða þeir fleiri og geta sveitarsjóða minni. Ég sé ekki betur en að till. hv. 7. landsk. sé mjög heppileg til þess að stemma örlítið stigu fyrir þessa rás. Í till. er tekið fram, hvaða orsakir til fátæktar geta gert það að verkum, að sveitarsjóði beri skylda til að greiða iðgjöld. Þetta er til að vekja aðgát og gefa sveitarsjóði nokkra viðspyrnu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, ef sveitarstjórn synjar, að umsækjandi verði sjálfur að áfrýja til yfirskattanefndar. Sú breyt., sem hv. heilbr.- og félmrn. leggur til, að gerð verði í þessum efnum, er að vísu úrbót frá því, sem er, en þar er svo undarlega lagt til, að það er sveitarstjórn, sem áfrýja skal til yfirskattanefndar. Það mun vera óvenjulegt, að einstaklingar eigi ekki sjálfir að sækja rétt sinn til enda. Skattleysingjar eru margir fleiri en rétt er, því að skattanefndir ganga ekki hart eftir framtölum hjá þeim, sem eru á takmörkunum, þar sem það skiptir litlu fyrir ríkissjóð. En það skiptir máli fyrir sveitarsjóð. Það er allvenjulegt, að ungt fólk, sem dvelur í foreldrahúsum, en vinnur úti, fær fæði ókeypis, en telur það ekki til tekna, enda telja foreldrar það ekki til frádráttar. Líkt er um bústýrur á heimilum vandamanna. Þær telja ekki fram tekjur eins og þær hafa af framfæri, af því að heimilisfaðirinn má ekki telja það til frádráttar. Hér er um allstóran hóp að ræða, og þetta er því þýðingarmikið mál fyrir sveitarfélögin. Ég mun eindregið fylgja till. hv. 7. landsk., því að mér virðist, að með henni sé settur eðlilegur hemill í þessum efnum.

Um 5. brtt. sé ég ekki ástæðu til að tala mikið, þar er um nauðsynlega leiðréttingu að ræða. — Þá tel ég 6. brtt. eðlilega. Yfirleitt eru einstaklingar og jafnvel sumir þeir, sem hafa framkvæmd löggjafarinnar með höndum, ekki nógu fróðir um tryggingarnar og starfsemi stofnunarinnar.

Þá er enn ein till. á þskj. 395, sem ég vildi minnast á; það er 2. brtt. á því þskj. Hv. 11. landsk. (ÞÞ) talaði um hana í gær og var henni mótfallinn, og er ég það líka. Það er ekki vegna þess, að ég telji ekki Tryggingastofnunina ágætt fyrirtæki, heldur af því að ég sé ekki, að ástæða sé til og tel ekki eðlilegt, að stofnunin seilist inn á tekjusvið ríkissjóðs. Hins vegar á ríkissjóður að leggja fram fé til tryggginganna eftir þörfum og í samræmi við eðlilegar kröfur. Fyrir tilmæli hv. form. fjhn. átti ég tal við hæstv. fjmrh., sem er veikur, um þessa till. í gær, að gefnu tilefni frá hv. 11. landsk. Hæstv. fjmrh. óskaði eftir því, að ég lýsti yfir því fyrir hans hönd, að hann væri till. mótfallinn og óskaði, að hún yrði ekki samþ., þar sem með því væru teknir út tekjuliðir úr fjárlagafrv. Eins og kunnugt er, er fjárlagafrv. veikt fyrir og veitir ekki af sínu, og er því þessi ósk hæstv. ráðh. eðlileg.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt frekar. Til annarra till. mun ég taka afstöðu með atkv. mínu.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð varðandi 34. gr. og brtt. við hana. Í tryggingal. er yfirleitt tekin upp sú stefna varðandi hinar ýmsu bætur að gera ekki mikinn mun á þeim, hvort sem fólk er á öðrum sviðum betur eða verr statt. Það hefur t. d. engin áhrif á bæturnar, hvort gamalmenni á heimilisathvarf eða ekki. Í 34. gr. er þó undantekning frá þessari reglu. Hún er á þá leið, að mæður, sem stunda atvinnu utan heimilis, fá hærri fæðingarstyrk, en þó fá giftar konur því aðeins þennan hærri styrk, að maðurinn geti ekki séð heimilinu farborða. Ég skal ekki um það dæma, hvort þetta er rétt sjónarmið. Ég hefði getað fallizt á, að fæðingarstyrkur væri jafn til allra mæðra, ef hann væri nógu ríflegur. En nú er komið með brtt. um, að allar mæður fái jafnháan styrk og að þær verði allar í lægsta flokki og fái því aðeins ⅔ af hæsta styrk, sem veittur er nú. Ég tel óheppilegt, að þessi brtt. nái fram að ganga, og mun því greiða atkv. gegn henni. Úr því sem komið er tel ég bezt að gr. standi, eins og hún var sett í byrjun. En sökum þess að þetta er síðasta umr., sá ég mér ekki annað fært en að bera fram brtt., sem átti að bæta úr þeim óréttí, sem þeim er með þessu gerður, er átt hafa samkvæmt l. betri rétt. Nú er komin fram við brtt. mína brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Barð. Hún er á þá leið, að þessi hærri styrkur verði ekki greiddur nema móðirin leggi fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði. Það er rétt, að þegar ég fór að kynna mér málið, sá ég, að til þess að leiðrétta misrétti það, sem ógiftum mæðrum yrði með þessu gert, var ekki nægilegt að gera breyt. á öðrum lögum, eins og hugsað hafði verið. Það var ekki fullnægjandi vegna þess,

að sumar mæður fá ekki úrskurð á hendur barnsföður. Það hafa sagt mér lögfræðingar, sem þessum málum eru kunnugir, að þeir geti alls ekki verið vissir í þessum efnum þrátt fyrir vísindin. En þó að þeir trúi því, að móðirin hafi rétt fyrir sér, fær hún ekki úrskurð, ef niðurstaða vísindanna er ekki í samræmi við framburð hennar. Ef brtt. þessara hv. þm. yrði samþ., mundu þessar mæður aldrei fá fæðingarstyrk. — Ég vil fáu bæta við þetta. Ég get svarið, að þær mæður, sem verða fyrir vinnumissi vegna barnsburðar, verða fyrir meira tapi, þar sem er barnalífeyririnn. Í öðru lagi vil ég taka fram, að þótt ágætt sé að fá fæðingarstyrk, er lítið gagn að honum, nema hann komi á stundinni. Verði því brtt. hv. þm. samþ., mun lítið gagn verða að þessu. Álít ég, að ógiftar mæður séu miklu verr settar en giftar konur, sem eiga börn. Nú er e. t. v. ágætt fyrir allslausa móður að fá 900 kr. eftir 2—3 ár. Sumar mæður fá það, en ekkert gagn er að því í þessu efni. Vegna þessa er ég á móti brtt. hv. þm.

Ég er hissa á hv. 4. þm. Reykv., þegar hann vill halda því fram, að jöfnuður sé á milli kvenna í þessum málum. Er eigi fremur, að hann vilji hugsa um sjóði Tryggingastofnunar ríkisins? En skv. brtt. minni er gert ráð fyrir nokkuð miklum sparnaði, og varðandi 34. gr. l. ætti brtt. mín að gera framkvæmd hennar greiðari. Ég vona líka, að 34. gr. l. standi þar áfram, eins og verið hefur.

Ég sé svo eigi ástæðu til að fjölyrða um málið. Hygg ég, að hv. þdm. sé ljóst, um hvað deilt er. Ósk mín er sú, að þannig verði frá þessu gengið, að hjálpin skv. 34. gr. l. komi fljótt til nota og falli þeim í skaut, sem þurfa hennar með. Þetta liggur til grundvallar hjá mér. Ég álít því rétt að fella brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 331.

Þá vil ég að lokum minnast á ræðu hv. 4. þm. Reykv., þar sem hann taldi, að þetta væri eigi vatill., en ég hygg það eigi rétt. Brtt. mín á engan rétt á sér, nema aðrar brtt. verði samþ. Hv. þm. kom með einkennilega skoðun á þessu. En vatill. er aðeins sérstök tegund af brtt. Nú sker hæstv. forseti væntanlega úr þessu. Vil ég, að brtt. mín verði ekki borin upp fyrr en séð er, hvort brtt. hv. þm. Barð. hefur verið samþ. eða ekki.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að upplýst sé, að ég held eigi fast við þá ósk mína, að málinu verði vísað til hv. fjhn., þar eð hv. þm. S-Þ. (KK) hefur skýrt frá áliti hæstv. fjmrh. í málinu varðandi 2. tölul. brtt. á þskj. 395. Ég þykist vita um skoðun hv. form. n. og tveggja annarra og býst við, að þeir — að undanskildum hv. flm. — séu á móti brtt.

Hv. þm. Barð. gat þess, að sér hefði ég virzt vera á móti hv. form. n. — Ég tel óviðeigandi að breyta eldgömlum skattal. með öðrum l. eins og tryggingal. En ég verð að segja, að mér fannst hv. frsm. n. vera fremur deigur í þessu máli, þar sem hann sagði, að Nd. gæti breytt frv., ef hún vildi. Mér datt þá í hug atburður frá árinu 1914. Þm. einn hafði átt sæti í Nd. árið 1909 sem þjóðkjörinn og var þá frsm. Árið 1914 er hann orðinn konungkjörinn. Vildi hann þá fara að breyta l. aftur, en forseti greip fram í fyrir honum og spurði hann, hvort hann hefði eigi beitt sér fyrir framgangi sömu l. á þingi 1909. Svaraði þá þm.: „Víst gerði ég það, en ég hélt, að það væru menn með viti í Ed.“ Hér er líkt á komið, nema það er öfugt: Hv. Nd. á að breyta þessu, en mér þykir hljóma illa við, að Nd. eigi að fara að bæta handaverk okkar. Þó ætla ég eigi að fara að deila við hv. þm. Barð. Mun eigi líða langur tími, áður en unnt er að bæta öðru máli við, og hann hefur heilbrigða skoðun á málinu. Hann minnti mig á eitt atriði og fór aftur í fortíðina til að geta þess, að áður hafi fylgzt að framfærsla og arftaka. Þetta er rétt. En lýtin eru söm, þó að brtt. eigi rétt á sér. Ríkissjóður elur upp óskilgetnu börnin. Kemur því dæmi það, sem hann vildi hafa, til með að staðfesta, að forn venja haldi sér, sú að stofnunin taki á sig framfærsluskylduna. Ég býst þó við, að hv. þm. mundi taka á sig, og vilja gera það, framfærsluna á börnum, sem hann vissi, að hann yrði að taka á sig.

Ég geri eigi ráð fyrir, að málið fari til fjhn. En ég minni á eitt atriði, sem hv. þm. gat. Hann sagði, að hann stæði fast með verklegum framkvæmdum í landinu. Það er rétt, að fæturnir bila ekki undir hv. þm. Barð. En hann stendur á þeirri torfunni, sem hrynur áður en varir, og dugir eigi, ef grundvöllurinn bilar. Ég efast eigi um, að hann vilji hafa framkvæmdir í landinu, og hann hefur prýtt kjördæmi sitt, en hann gætir eigi að, á hvaða jarðvegi hann stendur. Mér virðist, að hann sé nýbúinn að fá vestfirzkan jeppabíl. Ég minni hann á gátur Gestumblinda, en frá honum komu engin „vigtar“-orð.

Þá á hv. 7. landsk. (FRV) hér nokkrar brtt. á þskj. 397, og verð ég að segja, að tvær þeirra lít ég sérstaklega hýru auga: 1. og 4. tölul., og mun ég frekar en hitt vilja ljá þeim jáyrði mitt. — En ég vænti þess, að við hv. þm. Barð. förum eigi að deila hvor á annan, því að við eigum tvö dagsverk fyrir höndum og megum þá eiga von á aðsókn.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Ég er með engar ágizkanir um það, að ég tel menn með viti í Ed. Ég held, að allir séu með fullu viti og sumir yfir meðallag, m. a. hv. 11. landsk. Hins vegar er hugarflug hans býsna mikið, sbr. ummæli mín áður. Annars mun ég gera samanburð við frv., þegar hæstv. fjmrh. kemur á fætur. — Munum við hv. þm. Barð. eigi greiða atkv. á annan veg nú en fyrr.

Ég skal þá varðandi brtt. n., 2. tölul., og einnig varðandi ummæli hv. þm. S-Þ. (KK) taka það fram, að hyggja mín er sú, að rökin fyrir henni, sbr. ummæli hv. þm. Barð., séu alveg eðlileg og sannfærandi. Við viðurkennum öll, að framfærsla og erfðaréttur hafi farið saman, og telja menn það eðlilegt. Framfærsluskyldan hefur verið talin eðlileg, nema um væri að ræða börn og foreldra. En erfðarétturinn er takmarkaður með l. frá Alþ. Í brtt. n. er ekki farið lengra en það, að erfðafjárskattur varð-

andi útarfa, sem eigi fellur ákveðinn arfur, skuli renna í varasjóð Tryggingastofnunar ríkisins. Fjárhæðin er áætluð 300 þús. kr. Kann þó að vera, að hún verði meiri eða minni. Þetta skiptir því eigi höfuðmáli. Vera kann, að síðar verði settar reglur um notkun þessa fjár. — Hv. þm. S-Þ. *taldi hæstv. fjmrh. andvígan brtt.* Ef svo er, þá er ég fús til að breyta henni, og þyrfti eigi að standa á því.

Hv. 11. landsk. gat þess, að ríkissjóður æli upp óskilgetnu börnin og eðlilegt væri því, að ríkið hefði enga framfærsluskyldu á herðum sér. En ég veit eigi betur en ríkisstjórnir hafi sýnt fulla viðleitni í þá átt, að þjóðir þær, sem hersetu höfðu hér á landi, endurgreiði hingað fé það, sem ríkissjóður hefur greitt vegna barna hermannanna. Ég skal ekki fullyrða, hve mikið hefur verið greitt þannig, en ég geri mér beztu vonir í því efni. Hins vegar hefur Tryggingastofnunin framfærslu allra annarra barna, föðurlausra hjónabandsbarna, óskilgetinna barna, munaðarlausra barna, og sá hópur er stærri en hermannabörnin, sem ríkissjóður hefur greitt fyrir. Held ég því, þegar tillit er tekið til þessa, að þá sé eðlilegt, að þessi brtt. n., sem hún stendur einhuga að, verði samþ. hér.

Hv. 8. þm. Reykv. (RÞ) vék að brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 331, þar sem lagt er til að gera fæðingarstyrkinn jafnan, og flytur brtt. við hana á þskj. 394, sem ég og hv. þm. Barð. höfum leyft okkur að bera fram brtt. við, á þskj. 428. Hv. þm. taldi, að yrði sú brtt. samþ., þá væri eigi verið að vinna að því að gera jafnan hlut þeirra, sem gr. ræðir um. Ég býst við, að þetta sé flókið mál í hugum manna, og skal rifja það dálítið upp fyrir þeim.

Skv. ákvæðum l. nú er enginn munur gerður á aðstöðu kvenna til fæðingarstyrks, hvorki ógiftra né giftra. Hið eina, sem hefur áhrif, er, hvort móðir hefur orðið fyrir vinnutjóni og tekjumissi. Skiptir þá engu máli, hvort konan er gift eða ógift, að öðru leyti en því, að eigi hún mann, sem hefur nægilega ríflegar tekjur, fellur réttur hennar niður til dagpeninga. Mismunurinn á dagpeningunum er því fólginn í eða fer eftir fæðingarstyrknum. Skv. brtt. hv. þm. Barð. á nú að fella þennan mun niður og greiða öllum mæðrum jafnt, án þess að gætt sé efnahags. Ef brtt. hv. 8. þm. Reykv. yrði samþ., þannig að allar ógiftar mæður, sem orðið hafa fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar, eigi að fá hærri fæðingarstyrk en allar hinar — og það, án þess að gætt sé efnahags, hvort til sé endurkröfuréttur, sem kæmi til viðbótar fæðingarstyrknum, eða eigi, — þá væri með þessu verið að mismuna mæðrunum. Ef gift kona vinnur úti, fær hún ekki hærri styrk, en ógift kona á að fá hann, þó að Tryggingastofnunin leggi hann að vísu út í bili. Má því líta á þetta fé sem bráðabirgðalán, en ekki sem styrk. Öðru máli gegnir um móður, sem eigi feðrar barn sitt. Þá á Tryggingastofnunin engan rétt, þótt hún greiði með barninu. Í öðru lagi á gifta móðirin engan rétt heldur, en stúlkan, sem ekki feðrar barn sitt, á réttinn. — Hér er reyndar eigi um stóra upphæð að ræða. En þetta er óheppilegt fyrirkomulag. Er þá tvennt til: Á að halda gr. óbreyttri, hvort sem um tekjumissi er að ræða eða ekki, eða á eingöngu að greiða hærri styrk, þegar endurkröfuréttur er fyrir hendi?

Ég bið afsökunar á því, hversu langan tíma hefur tekið að ræða um þetta við 3. umr. — Skal ég þá víkja að forminu.

Ég verð að líta svo á, að hér sé um venjulega brtt. að ræða frá hv. 8. þm. Reykv. (RÞ), þ. e., að eðlilegur gangur málsins sé sá, að fyrst sé borin upp til atkv. brtt. mín og hv. þm. Barð., en hún er brtt. við brtt. hv. 8. þm. Reykv., þar næst brtt. hennar við brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 331, 3. tölul., en að lokum brtt. hans. Ég mun greiða atkv. móti brtt. hv. þm. Barð., ef brtt. á þskj. 394 væri borin upp síðar, en með brtt. hv. 8. þm. Reykv. Á hinn bóginn gæti ég greitt atkv. með brtt. hv. þm. Barð., ef brtt. mín og hans yrði samþ. og brtt. á þskj. 394 yrði borin upp áður en greidd væru atkv. um brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 331, 3. tölul. Og ég fæ ekki betur séð en að þingmenn eigi rétt á því að láta vilja sinn koma fram við atkvgr. En það er ekki hægt, ef brtt. hv. þm. Barð. er borin upp án þess að bera upp aðra brtt. á undan, sem er við hana. Og ég sé ekki, að hv. 8. þm. Reykv. sé neinum vanda bundinn með það, því að hv. þm. hefur lýst því yfir, að jafnvel þó að hún fengi þessa breyt. samþ. á brtt. hv. þm. Barð., þá mundi hún verða á móti henni, og við því er ekkert að segja. Hún kýs þá heldur þau ákvæði í þessu efni, sem nú eru í gildandi lögum, heldur en brtt. breytta. — Hv. þm. S-Þ. (KK) kvaðst yfirleitt vera fylgjandi brtt. hv. 7. landsk. þm. (FRV) á þskj. 397 og gerði nokkrar þeirra að umræðuefni. Ég drap á þær áður og skal reyna að stytta mál mitt. Hv. þm. tók fram viðvíkjandi fyrstu brtt. á þskj. 397, að hann væri þessum málum kunnugur sem maður verandi viðriðinn sveitarstjórnarmál, sem hv. 7. landsk. þm. einnig er. Ég get skilið, að mönnum, sem fást við sveitarstjórnarstörf, sé kærkomið að losna við skriffinnsku, sem fylgir endurkröfu og innheimtu barnalífeyris. En ég fæ ekki betur séð en að meira sé úr þessu gert en ástæða er til, undir því fyrirkomulagi, sem nú er. Það kann að vera, að dæmi séu þess í Þingeyjarsýslu, að skrifuð séu sex bréf í sambandi við endurheimtu barnalífeyris, og hv. 7. landsk. þm. talaði um 10 bréf held ég í þessu sambandi. Þetta er líka hugsanlegt. En það er þá eitthvað sérstakt við þetta í einhverjum einstökum tilfellum, því að eftir þeim reglum, sem ég las hér upp og settar hafa verið af atvmrn., þá er sýslumanni í sjálfsvald sett, ef um það er að ræða, að bæði dvalarsveit móður og barns og innheimtusveit sé innan sama umdæmis. (*KK:* Ég var að tala um aðalreglu.) Þá velur sýslumaður um, hvort hann snýr sér fyrst til framfærslusveitar eða dvalarsveitar, og þá er venjulega farið fyrst í framfærslusveit með þetta, og því hygg ég, að rétt sé að tryggja þann rétt, sem dvalarsveit hefur samkv. l. til endurkröfu gagnvart ríkissjóði.

Það er rétt, sem hv. 7. landsk. þm. benti á, að

í þeim tilfellum, þar sem mörg sveitarfélög eru samtímis að leita að framfærslusveit eins og sama barnsföður, þar er þetta meiri vinna en ef Tryggingastofnunin fær allar kröfurnar til sín, og það er það eina, sem ég get séð, sem ástæða væri til að breyta, frá þeirra sjónarmiði, sem óska breyt. En þetta væri ekki til að spara skriffinnsku, heldur að koma henni frá sveitarstjórnunum og yfir til Tryggingastofnunarinnar. Ég óttast, að það geti jafnvel farið svo, af því að þetta er komið í nokkuð viðunanlegt horf nú, — að skriffinnskan verði meiri í þessum efnum en hún nú er, ef þessu er safnað öllu á einn stað, því að það er mjög orðum aukið, að þetta sé svo umfangsmikið sem látið er í veðri vaka. — Ég skal svo láta útrætt um þetta.

Það kann að vera rétt hjá hv. þm. S-Þ., að það sé ekki svo hættulegt fyrir Tryggingastofnun ríkisins að samþ. 2. tölul. brtt. á þskj. 397, af því að þar sé aðeins um heimild að ræða. En ég vil vekja athygli á því, að þessi lög eru í því formi yfirleitt, að hér er um heimildir að ræða, sem ætlazt er til, að séu notaðar, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi, sem valdi því, að ákvæði l. séu ekki uppfyllt. Þess vegna mundi vera þess að vænta, og að eðlilegum hætti, að af flestum þeim samlögum og sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli, verði þessi heimild notuð, ef ekki mæla sérstakar ástæður gegn því. Nú er það svo, að samkv. 92. gr. tryggingal., sem ekki er framkvæmd, er Tryggingastofnuninni heimilað að greiða hjúkrunarkostnað hjá samlögum að einhverju leyti. En til þess að bæta úr því, að þetta er ekki komið til framkvæmda, er heimildin tekin um sjúkradagpeninga giftra kvenna. Það er því ekki hægt að neita því, að ef hvort tveggja er heimilað, þá er lengra gengið í þessu efni en til hefur verið ætlazt af löggjafanum í upphafi. Og ég sé ekki heldur, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi í þessum efnum. Að sjálfsögðu getur Tryggingastofnunin létt undir með sjúkrasamlögunum í þessu efni. En að vísa sveitarfélögum, við skulum segja bæjarstjórnum, öllum fyrst á Tryggingastofnunina, með heimild handa henni til þess að taka þátt í kostnaði við að greiða hjúkrunarkonum eða aðstoðarstúlkum, sem væru við starfsemi í þessu sambandi í bænum, teldi ég ákaflega varasamt. Þannig er ástatt hér í Reykjavík, að starfsemi Líknar, sem er heilsuverndarstöð hér í bænum, er haldið uppi af sjúkrasamlaginu, bæjarsjóði og ríkissjóði, sem leggja fram einn þriðja hluta hver aðili af því, sem þessi stofnun kostar. Þessi stofnun ræður svo stúlku og hjúkrunarkonu til starfa, til þess að ganga út um bæinn. Og svipað er hugsað fyrirkomulag á öllum þeim stöðum, þar sem slíkar stöðvar eiga að vera starfandi. Ég sé ekki ástæðu til að auka við löggjöfina í þessu sambandi, meðan heilsugæzlukafla tryggingal. er frestað, og meðfram er það það, sem hefur orðið til þess, að greiddir hafa verið dagpeningar til sjúkra kvenna. Væri það þá ætlun hv. þm. S-Þ., að starfsemi Líknar félli niður í þessu efni og að bæjarsjóður tæki þetta að sér upp á það að fá greitt tillag til þess frá Tryggingastofnun ríkisins, en að það yrðu greiddir sjúkradagpeningar til giftra kvenna eftir sem áður? Því að það fylgir ekkert um þetta hér í brtt. hv. 7. landsk. þm. Ég held, að hvorki sé rík þörf fyrir hendi í þessum efnum né heldur ástæða til þess, nema samtímis séu gerðar breyt. á l., að taka þetta ákvæði inn, sem sett er fram í 2. tölul. þessarar brtt. Það er satt, að hér er um heimild að ræða. En þessi lög eru heimildarlög, sem ætlazt er til, að séu notuð, nema sérstaklega standi á.

Um 4. brtt. á sama þskj., sem hv. þm. S-Þ. mælti einnig með, hef ég litlu við að bæta það, sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni við þessa umr. Ef þessi brtt. væri samþ., er alveg horfið frá þeirri grundvallarreglu, sem lögð er í l., sem sé þeirri, að það skuli ekki vera byggt á mati í hverju einstöku tilfelli, hvort sveitarstjórnin greiði þetta eða ekki, heldur er gert ráð fyrir, að þeir, sem hafa svo lágar tekjur, að þeir ekki komast í skatt, skuli eiga rétt á því, að iðgjöldin séu greidd fyrir þá. Aðrir þurfa að sækja um þetta, og þá metur sveitarstjórn í hverju tilfelli, hvort ástæða sé til þess að verða við umsókninni. En þeir, sem svona tekjulágir eru, eiga réttinn á því, að iðgjöld þeirra séu greidd fyrir þá, ef þeir vilja nota hann. Nú er bezt að segja frá því, að fram til þessa hefur víðast hvar á landinu þessi gr. l. ekki valdið sveitarstjórnum neinum óþægindum og varla nokkrum óeðlilegum fjárútlátum. En hitt er rétt, að eins og tekjuframtölum hefur verið háttað, er kannske þörf á að búa hér betur um en gert er einmitt í sambandi við það, sem hv. þm. S-Þ. drap á hér áðan, hvernig hagað er framtölum hjá sumu fólki, nefnilega unglingum, sem eru komnir yfir 16 ára aldur og dvelja á heimilum foreldra sinna — og hann bætti við bústýrum og kannske fleiru vistráðnu fólki. En ákvæði eru sett í brtt. n., sem ætlazt er til, að girði fyrir, að þetta verði misnotað. Nú er framkvæmd á þessu þannig, að þegar skattanefnd semur skattaskrá, þá er jafnframt tekin upp sérstök skrá yfir þá, sem annaðhvort ekki greiða skatt eða hafa svo litlar skattskyldar tekjur, að þeir komast undir ákvæði 109. gr. Og iðgjöld þessara manna getur umboðsmaður tryggínganna innheimt hjá hlutaðeigandi sveitarsjóði, ef þessir menn ekki sjálfir greiða þau. — Nú er það einnig rétt, sem hv. þm. S-Þ. sagði, að þegar skattur er á lagður og framtöl prófuð, þá kemur fram, að ýmsir framteljendur eru alveg á takmörkunum með að lenda í skatti. Í þeim tilfellum skiptir sjálfur skatturinn engu máli, því að hann mundi verða svo lítil upphæð. En hins vegar skiptir það verulegu máli fyrir viðkomandi sveitarsjóð, hvort maðurinn öðlast rétt til þess að sveitarsjóður greiði iðgjald fyrir framteljandann eða ekki. Og ég veit, að á mörgum stöðum hefur þetta orðið til þess, að skattan. hafa gengið betur eftir því, að framtölin séu rétt heldur en áður var, einmitt til þess að girða fyrir, að á óréttmætan hátt kæmu byrðar á viðkomandi sveitarsjóði. Þó er sums staðar misbrestur á í þessu efni og þá sérstaklega fyrir það, að fæði, húsnæði og önnur slík fríðindi eru ekki rétt metin af skattan. Þess vegna er lagt til í brtt. n. við frv., að sveitarstjórnir geti skotið gerðum undirskattan.

í þessu efni til yfirskattan., og fæ ég ekki betur séð en að það sé eðlilegt. Hinn, sem er ekki á skattskrá og þess vegna hefur rétt til þess, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald, hann hefur enga ástæðu til að áfrýja til yfirskattan. Og viðkomandi brtt. frá hv. 7. landsk. í þessu sambandi þá held ég, að rétt væri að sannreyna fyrst, hvort ekki næst æskilegur árangur í þessu sambandi með því að samþ. brtt., sem n. leggur til. Að hverfa frá ákveðinni, fastri venju í þessu efni finnst mér slæmt. Ef þessi 4. brtt. hv. 7. landsk. þm. er samþ., þá eiga þeir, sem vegna slysa, sjúkdóms, örorku, elli eða ómegðar hafa eigi haft tekjur, er nægi þeim til framfæris og skylduliði þeirra, að eiga rétt á því, að sveitarstjórn greiði fyrir þá iðgjöld. Væntanlega yrðu þeir þá, ef þetta væri samþ., að sækja um þetta, og svo yrðu sveitarstjórnir að meta, hvort um þessar ástæður væri að ræða. Ef atvinnuleysi veldur þessu, að framteljandi er svona tekjulágur, þá á viðkomandi aðili hins vegar eftir brtt. ekki að fá réttinn til þessarar undanþágu frá iðgjaldagreiðslu, heldur aðeins í þessum fernum tilfellum, sem þarna er um að ræða. Og ekki aðeins á sveitarstjórn, eftir brtt. hv. 7. landsk. þm., að meta, hvort þessi skilyrði eða tilfelli eru fyrir hendi, sjúkdómar, slys, örorka eða elli, heldur á hún líka að meta og hafa óbundnar hendur í þeim efnum, hvaða tekjur maðurinn þurfi að hafa, til þess að það nægi til framfæris honum og hans skylduliði. Í gildandi l. er viðmiðun í þessu efni, sem er lág að vísu, en ekki látin gilda tilviljun með handahófi hjá mismunandi sveitarstjórnum. Ég vil ekki mæla með því að svo stöddu, að þessi brtt. sé samþ., heldur brtt., sem af n. hefur verið borin fram við frv. Og ég held, að það sé rétt að vita, hvernig ákvæði brtt. n. reynast í framkvæmd í þessu efni, áður en horfið er frá því að hafa fasta viðmiðun í l. um þetta efni.

Um 5. brtt. hv. 7. landsk. þm. vil ég segja það, að ég mun greiða henni atkv. mitt, án þess að ég sé þó öruggur um, hvernig hún mundi reynast. Þetta er nokkuð flókið mál. Með þessu ákvæði er sveitarfélögum veittur réttur til skattálagningar eins og í gr. segir. Hann er óvenjulega hár. En ég sé ekki, að það sé til skaða.

Um 6. brtt. er ekki mikið að segja. Hún er, að mér virðist, eins konar eftirrekstur á forstjórann út af því að hafa ekki verið búinn að koma þessu verki í kring. Annars verður þetta gert, hvort sem brtt. er samþ. eða ekki.

Þá er það ekki fleira, sem ég hef um þessar brtt. að segja. En um 3. brtt. á þskj. 397 vil ég endurtaka það, sem ég sagði síðast, að það, sem mér finnst í raun og veru aðalatriðið í því sambandi, er ekki, hvort þessar framkvæmdir verða gerðar, heldur, hvort það á að létta skyldum til framkvæmda í þessum efnum af sveitarfélögum eða héruðum, sem ég tel, að á þeim hvíli, og þessar framkvæmdir verði færðar yfir á Tryggingastofnunina, sem samkv. l. er ekki ætlazt til, að hafi þetta með höndum eins og hér er gert ráð fyrir. Ég fæ ekki betur séð, ef sú stefna verður ofan á, en að þá væri alveg eðlilegt að halda áfram á sömu lund, þannig að ætlazt væri til þess, að Tryggingastofnunin byggði elliheimili, sjúkrastöðvar, heilsuverndarstöðvar og annað þessu líkt, því að það væri hliðstætt við þetta, sem hér er lagt til í 3. brtt. á þskj. 397 frá hv. 7. landsk. þm. Þetta var þaulrætt, þegar löggjöfin var undirbúin, og niðurstaðan varð sú, að ákveðið var að aðgreina fjárhagshlið tryggginganna frá framkvæmdum í þessum efnum, þannig að annar aðili sæi um framkvæmdirnar, en svo mundi Tryggingastofnunin leggja sitt lið til þeirra, eftir vissum reglum.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég get þakkað hv. 4. þm. Reykv. (HG) fyrir hans ummæli um mínar brtt., vel flestar, og ekki síður hv. þm. Barð. og hv. þm. S-Þ., sem lýsti sig fylgjandi þeim sumum a. m. k., og hv. þm. Barð. tók fram, að hann væri fylgjandi andanum í 3. brtt. minni og lýsti áhuga sínum á framkvæmdum í þeim efnum.

Hv. 4. þm. Reykv. óttast mjög, að skriffinnska, sem hann viðurkennir, að sé nú til í sambandi við innheimtu barnalífeyris, kunni að lenda á Tryggingastofnun ríkisins, ef mín brtt. verði samþ. Hv. þm. S-Þ., sem er þaulreyndur sveitarstjórnarmaður, hefur fært svo skýr og sterk rök fyrir því, að það sé ástæða til að létta af óþarfri skriffinnsku, sem á sér stað nú vegna núgildandi ákvæða m. a. í tryggingalöggjöfinni viðkomandi innheimtu þessa lífeyris. Hann gerði þetta svo vel og ljóslega og nefndi dæmi þess, hve mörg bréf þarf að skrifa að óþörfu út af þessu í einstökum tilfellum. Ég held, að hv. 4. þm. Reykv. geri allt of mikið úr því, að þessi skriffinnska mundi lenda á Tryggingastofnuninni, eftir að sú breyt. væri gerð, sem þessi brtt. felur í sér, en þessi brtt. gengur út á það að losna við einn liðinn í þessari innheimtukeðju, sem er ekki nauðsynlegur, losna við, að dvalarsveit barnsmóður hafi nokkur afskipti af innheimtunni, því að það er öllum ljóst, að það er ekki eðlilegt, að dvalarsveit barnsmóður fari að taka að sér innheimtu hjá framfærslusveit barnsföður, því að það er sú framfærslusveit, sem endanlega á að greiða þetta. Hitt gæti auðvitað hv. 4. þm. Reykv. sagt, að áður hafi það verið svo, að sveitarfélögin hafi haft þetta eingöngu með höndum og þetta komi, strangt tekið, ekki við Tryggingastofnun ríkisins. En með 27. gr. tryggingal. var einmitt opnaður þessi möguleiki, að barnsmæður gætu snúið sér til Tryggingastofnunarinnar, í stað þess að þær höfðu áður getað snúið sér til dvalarsveitar sinnar eingöngu í þessum efnum. Og mæður nota það heldur að snúa sér til Tryggingastofnunar ríkisins en til sinnar dvalarsveitar. Dvalarsveitir þeirra eru því orðnar óþarfur aðili í þessu efni, vegna þess að mæður, sem hér er um að ræða, snúa sér beint til Tryggingastofnunar ríkisins, og þá er auðvitað einfaldara, að sá aðili taki að sér innheimtu hjá barnsföður. Það er misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv., að þessar innheimtur þyrftu allar að dragast til innheimtustofnunar tryggginganna hér í Reykjavík sjálfri. Innheimtumenn á hverjum stað á landinu eiga að snúa sér beint til viðkomandi framfærslusveita, hvar sem þær eru á landinu. Þess vegna held ég ekki, að það

komi til þess, að neitt þurfi að bætast við starf Tryggingastofnunarinnar vegna þessara starfa, þó að mín brtt. væri samþ.

Um 2. brtt. mína vil ég aðeins vekja athygli á því, að í 13. gr. frv. er aðeins um heimildir að ræða. Á þetta hefur verið bent hér ljóslega af öðrum. En ég vil enn fremur benda á, að þær heimildir eru svo takmarkaðar í gr., að það er aðeins í fáum tilfellum, sem þetta kemur til greina. Það stendur í 13. gr. frv., að þetta sé því aðeins heimilt, að skilyrði 2. málsgr. 40. gr. l. sé fyrir hendi, sem er, að kona, sem sækir um sjúkrabæturnar í þessu tilfelli, færi sönnur á það, að maður hennar geti ekki séð henni farborða. Ég held, að þessi heimild sé svo þröng, að ekki þurfi að óttast, að í mörgum tilfellum þurfi að greiða sjúkrabætur eftir þessari gr., þó að Tryggingastofnunin hafi viðkomandi þeim stöðum, sem um getur í brtt. minni, heimild til þátttöku í kostnaði við hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlku í sambandi við veitta aðstoð á vegum sjúkrasamlaga eða sveitarstjórna, samkv. brtt. minni, til handa giftum konum í veikindatilfellum þeirra. Og Tryggingastofnunin ætti auðvelt með að fá upplýst, hvort slík aðstoð hefði verið veitt í þeim örfáu tilfellum, þar sem konur eiga rétt á sjúkrabótum samkv. 13. gr., sem þessi brtt. mín er við. Ég sé ekki, að það þurfi neitt að óttast, að Tryggingastofnunin hafi það ekki í hendi sér að greiða ekki sjúkrabætur, ef hún fær upplýst, að fullnægjandi sjúkrahjálp hafi verið veitt, sem hún sé búin að veita styrk til áður. Ég sé því enga ástæðu til að óttast það, að um óþarfan kostnað verði að ræða, þó að heimilað verði, að Tryggingastofnunin taki þátt í kostnaði við starf hjúkrunarkvenna samkv. minni brtt., sem er í fullu samræmi við 92. gr. tryggingal., sem því miður, allur sá kafli, hefur ekki komið til framkvæmda enn.

Þá sé ég ekki annað en að það sé óþarfur ótti við vondar sveitarstjórnir, sem kemur fram hjá hv. 4. þm. Reykv., þegar hann ver löngum tíma til þess að tala á móti því, að 4. brtt. mín sé samþ. Ég sé ekki annað en að þau tilfelli, sem talin eru upp í 4. brtt. minni, séu einmitt þau tilfelli, sem sé gegnumgangandi gegnum öll tryggingalögin, að menn eigi rétt á bótum í sambandi við, þ. e. vegna slysa, sjúkdóms, örorku og þegar ellin sækir að. Og auk þess vil ég láta taka tillit til ómegðar, en það er yfirleitt ekki í tryggingal. tekið tillit til þeirra hluta, ekki heldur atvinnuleysis. Það eru ekki til atvinnuleysistryggingar, og þarf því ekki hv. 4. þm. Reykv. að setja það út á till., að þar sé ekki tekið tillit til atvinnuleysis. Ég sé ekki annað en að það sé nógu vel tryggt með þessum ákvæðum, að sveitarstjórnir greiði iðgjöld fyrir þá, sem nokkur ástæða sé til að greiða iðgjöld fyrir. Og þó að gert sé ráð fyrir, að það eigi að sækja um þetta, þá er það ekkert nýtt, sem þar kemur fram. Ég veit ekki annað en að Tryggingastofnun ríkisins hafi látið menn sækja um bætur samkv. tryggingal., og ég sé ekki annað en að það eigi hér líka að koma til greina, því að þetta, að greiða iðgjöld fyrir mennina samkv. 109. gr. l., eru líka bætur. Hv. 4. þm. Reykv. hefur ekki lagt beinlínis móti öðrum till. mínum en þeim, sem ég hef nú rætt um, en ég tel, að þær hafi áður fengið svo mikilsverðan stuðning hjá þeim mönnum, sem hafa gert þær að umtalsefni, að ég tel ekki þurfa að bæta neinu þar við.

Kem ég þá að 3. brtt. minni, sem hv. 4. þm. Reykv., hv. þm. Barð. og hv. 8. þm. Reykv. hafa gert brtt. við, sem í rauninni er frávísunartill. Ég get ekki sætt mig við þessa brtt. af þeirri ástæðu, að ég tel, að Tryggingastofnun ríkisins ætti að fá nánara aðhald um þær framkvæmdir, sem henni ber að gera í þessum efnum. Ég hygg, að ég hafi sýnt fram á það í gær, að í tryggingalöggjöfinni frá 1946 eru beinlínis ákvæði, sem sýna, að löggjafinn hefur ætlazt til þess, að Tryggingastofnunin hæfist þá þegar handa í þessum efnum, og í bráðabirgðaákvæðum þeirra eru ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir, að sett verði lög um opinbera aðstoð við öryrkja, þ. e. öryrkja, sem hafa misst 75% starfsorku sinnar, og það er þessi hópur öryrkja, sem er meira og minna hæfur til vinnu þrátt fyrir þessa örorku, sem þeir hafa við að búa. Mér þykir gott, að komið hefur í ljós viðurkenning hjá öllum meðnm. í þá átt, að nauðsyn sé á framkvæmdum í þessum efnum. En mér er það ekki nóg. Þessi brtt. minnir mig helzt á hljóð, sem stundum heyrist í mjög syfjuðum mönnum, sem hefur verið stjakað við, en geta þó ekki vaknað til fulls. Tryggingastofnun ríkisins virðist í þrjú ár ekki hafa gert neitt í þessum efnum, þrátt fyrir nauðsynina á framkvæmdum. Með brtt. er aðeins kveðið á um, að hún skuli fyrir lok þessa árs láta fara fram athugun á vinnugetu öryrkja. Þessa athugun var sjálfsagt að gera um leið og örorkutapið var metið hverju sinni, því að það er sjálfsagt að meta vinnugetu manna um leið og örorkumat fer fram. Ég tel því, að þetta verk, að láta þetta mat fara fram, sé ekkert þrekvirki. Mætti ljúka því fyrir næstu áramót, og verður ekki hjá því komizt, að Tryggingastofnunin sjálf geri ýmsar ráðstafanir fyrir allt landið í heild fyrir þetta fólk. — Hv. 4. þm. Reykv. leggur á það höfuðáherzlu, að Tryggingastofnun ríkisins hafi ekki í höndum framkvæmdir í þessum efnum, heldur lendi þær á sveitarstjórnum yfirleitt. En ég er sannfærður um, að aldrei verði hjá því komizt, hvaða athugun sem fer fram á því, að Tryggingastofnun ríkisins annist athuganir í þessum efnum. Í sveitum landsins eru nú á annað þúsund manns örorkubótaþegar, með meira en 200 börn á framfæri sínu, og ég er sannfærður um, að fyrir þetta fólk er ekki nóg, að sveitunum sé gert að skyldu að gera ráðstafanir til þess að koma því í atvinnu. Hér væri tilvalið, að Tryggingastofnun ríkisins hefði námskeið, sem væru sérstaklega ætluð þessu fólki, þar sem því væru kennd þau störf, sem það gæti leyst af hendi og unnið á þeim stöðum, þar sem það býr. Væri alveg tilvalið, að Tryggingastofnunin héldi uppi slíkum námskeiðum úti um land. Ég get vel skilið, að Tryggingastofnun ríkisins vilji koma þessu af sér, en það er ekki hægt að ætlast til, að sveitarfélög úti um land taki þessar framkvæmdir að sér. Það er Tryggingastofnunin, sem verður að taka að sér framkvæmdina hvað

þetta snertir. Hitt má segja, að í Rvík sé svo stór hópur öryrkja, að það standi Reykjavíkurbæ næst að gera þetta. En það þarf að gera tilraun í þessum efnum, sem engum stendur nær að gera en Tryggingastofnun ríkisins. Ég ætlast ekki til, að farið verði geyst af stað, heldur ætlast ég til, að byrjað verði smátt, en það þarf að gera tilraun, og Tryggingastofnunin á að *gera hana, en ekki sveitarfélögin.* Það er fyrir mér aðalatriði málsins. Hitt er viðurkennt af öllum, að það er hægt að koma miklu til leiðar til þess að létta gjöld tryggingasjóðs, sem eru orðin gífurlega mikil, komin á sjöundu milljón, með því að veita öryrkjum kost á vinnu, sem væri þeim miklu hollara og betra. Það mætti líka benda á, að eins og nú er, er það Tryggingastofnun ríkisins, sem á mest á hættu. Ég get nefnt dæmi. Ég þekki mann, sem þessa dagana verður vafalaust úrskurðaður 75% öryrki. Þetta er maður á mínum aldri, sem á 5 börn, og þegar hann verður úrskurðaður öryrki, fær Tryggingastofnunin að greiða með honum um 12 þúsund kr. á ári. Þessi maður hefur mikla starfsgetu, en það verður enginn, sem gæti útvegað honum vinnu, eftir að hann er kominn á full örorkulaun með fjölskyldu sína. Og þá gerist það, að hann sættir sig við að fá þessa upphæð greidda í peningum, en hvorki hann né neinn annar hefst handa um að útvega þessum gigtveika manni starfa, sem hann geti unað við. Það vill enginn gera, en Tryggingastofnunin verður framvegis að greiða honum 12 þús. kr. á ári. Ég er sannfærður um, að þessum manni og mörgum fleirum væri hollara, ef þeim væri gefinn kostur á vinnu í stað þessara bóta, þó að þær hafi gert stórkostlega mikið gagn.

Ég ætla svo ekki að deila meir við hv. 4. þm. Reykv. um þessa till. Ég þakka þm. ýmsum fyrir þá viðurkenningu, sem hefur komið fram í ræðum þeirra, að nauðsynlegt sé að hefjast handa í þessum efnum. Hv. 4. þm. Reykv. hefur helzt við þetta að athuga, að of miklar kröfur yrðu gerðar til Tryggingastofnunar ríkisins í þessum efnum, ef brtt. *mín yrði samþ.*, sem er í raun og veru það eina, sem ég teldi, að kæmi að fullu gagni.

Gísli Jónsson: Það eru aðeins örfá orð til þess að leiðrétta þann leiðinlega misskilning, sem *kom fram hjá* hv. 11. landsk. þm., að 2. till. á þskj. 395 væri borin fram hér sem einhvers konar málamyndatill. í trausti þess, að hún yrði síðar felld í hv. n. Ég veit ekki, hvar hv. þm. hefur verið, þegar ég mælti fyrir þessari till., en ég get fullvissað hann um það, að þessi till. er borin fram í fullri alvöru af minni hálfu, og bak við hana stendur fullur baráttuhugur að bera hana aftur fram, þar til hún er viðurkennd á Alþingi.

Röksemdafærsla hans í sambandi við framfærsluskylduna var líka röng. Óskilaarfur, sem *rennur í ríkissjóð*, er fé þeirra arftaka, sem ekki finnast. Hefur þm. sönnun fyrir því, að niðjar þeirra aðila séu ekki einmitt á framfæri Tryggingastofnunar ríkisins? Ég tel ekki útilokað, að einhverjir þeirra niðjar njóti styrks frá Tryggingastofnuninni, og er því eðlilegt, að *þetta fé renni til ríkissjóðs.*

Ummæli hv. þm. um börn erlendra setuliðsmanna eru líka röng. Framfærsla þeirra barna hvílir ekki á ríkissjóði Íslands, heldur á erlendum setuliðsmönnum, sem eiga þau börn, og ríkissjóður á kröfur á þá menn, og eru þessi ummæli því röng.

Ég vil svo að síðustu lýsa því yfir, að ef svo skyldi fara, að ég persónulega ætti eitthvert fé, þegar ég fer héðan, til þess að renna annaðhvort til Tryggingastofnunarinnar eða í ríkissjóð, eftir að búið væri að samþ. þessa till., þá væri mér það miklu meira gleðiefni að vita það renna til Tryggingastofnunarinnar, sem tryggir kjör þeirra, sem bágast eiga í þessu landi, en sjá það fara í ríkissjóð til þess að verða notað sem eyðslufé, sem ég aldrei samþykki, ef ég hef sjálfur ástæðu til, og ég er sannfærður um, að hugarfar þessa hv. þm. er á sama veg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Ed., 16. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 397,1 samþ. með 12:2 atkv.
— 428 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SV, ÞÞ, BBen, EE, GJ, HG, JJós, KK.
nei: RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV, BSt.
HV, HermJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (LJóh) fjarstaddur.

Brtt. 394 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 331,3 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HG, HermJ, KK, SV, ÞÞ, BBen, EE.
nei: RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV.
HV, BSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (JJós, LJóh) fjarstaddir.

Brtt. 396,1.a felld með 9 shlj. atkv.
— 396,1.b felld með 9 shlj. atkv.
— 334,2 felld með 10:2 atkv.
— 397,2 samþ. með 9:5 atkv.
— 396,2 felld með 9:5 atkv.
— 395,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 396,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 427 samþ. með 10:3 atkv.
— 397.3 kom ekki til atkv.
— 395,2 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HV, HG, RÞ, StgrA, BrB, FRV.
nei: HermJ, JJós, KK, SV, VH, ÞÞ, BBen, EE, BSt.
1 þm. (LJóh) fjarstaddur.

Brtt. 397.4 samþ. með 10:2 atkv.
— 395.3 kom ekki til atkv.
— 397,5 samþ. með 10:2 atkv.
— 396,4 samþ. með 8:5 atkv.
— 395,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 426 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, SV, BBen, GJ.
nei: HV, HG, HermJ, KK, RÞ, StgrA, VH, ÞÞ, BrB, FRV.
EE, BSt greiddu ekki atkv.
1 þm. (LJóh) fjarstaddur.

Brtt. 397,6 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Nd., 17. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 450).

Á 71. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 764, var útbýtt 15. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Endurgreiðsla tolla af tilbúnum timburhúsum.

Á 25. fundi í Ed., 10. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum [87. mál] (þmfrv., A. 181).

Á 29. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum, nánar til tekið sænskum timburhúsum, sem flutt voru til landsins á árunum 1945—1946—1947, þar af var eitt hús flutt inn 1945, 86 á árinu 1946 og 21 í janúarmánuði 1947, þ. e. a. s. gegnum Reykjavík, auk þess voru flutt inn 7 hús til Akureyrar á árinu 1946. Hús þessi eru sem sagt talin 108 hér fyrir sunnan og 7 fyrir norðan, samtals 115 hús. Saga þessa máls er sú, að það var rætt um það hér á Alþ. og víðar að flytja inn þessi sænsku tilhöggnu timburhús og reyna með því að fá ódýrari byggingar heldur en annars gat orðið, og voru menn mjög hvattir til þess að færa sér þetta í nyt, enda var gerð áætlun, þannig að mönnum leizt bærilega á það og lögðu í þessar byggingar, menn sem ekki höfðu talið sig hafa ráð á því að byggja með þeim byggingarkostnaði, sem hér gerðist þá. Sem sagt, vegna þessarar hvatningar og áætlana, sem gerðar voru, drifu menn sig í það, og byggingarsamvinnufélög börðust fyrir því að fá flutt inn þessi hús. En þegar svo byggingarefnið kom til landsins, kom það fram, að krafizt var mjög hárra tolla, eða 30%, af efni í húsin, og það var ekki gerður greinarmunur á því, að hve miklu leyti þetta efni var í raun og veru tilbúið eða hvort það var óunnið efni, af öllu efni voru tollar reiknaðir 30%. Í sambandi við l. um opinbera aðstoð við byggingar í kaupstöðum, nr. 44 1946, var samþ. svofellt bráðabirgðaákvæði: „Ríkisstj. heimilast að endurgreiða toll af þeim innfluttum tilbúnum húsum, sem flutt verða inn á árinu 1946, að því leyti sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf." Með þessa heimild í höndum var gengið út frá því af eigendum húsanna, að tollgreiðslan mundi ekki verða hærri en eðlilegt mætti telja. En það reyndist svo, að þessi heimild hefur ekki fengizt notuð, ríkisstj. hefur ekki talið sér fært að færa sér þessa heimild í nyt, og hefur því, þrátt fyrir miklar tilraunir af hálfu einstaklinga og byggingarfélaga, ekki verið unnt að fá þennan toll endurgreiddan. En tilraun var gerð hér á Alþ., í sambandi við afgreiðslu fjárl. 1947, til að fá þessa heimild endurnýjaða, en tókst ekki. Virtist koma fram sá skilningur hjá þeim, sem greiddu atkv. á móti till., að þar sem þessi heimild væri til, þá væri ekki ástæða til þess að fara að endurnýja hana í fjárl. Málið stendur þá þannig, að þessi heimild er búin að vera fyrir hendi síðan 1946, en hefur ekki fengizt notuð. En vilji þm. hefur komið fram bæði í samþykkt þessa bráðabirgðaákvæðis, sem samþ. var í byrjun, og jafnvel má segja, að vilji þm. hafi komið fram um leið og felld var till. við fjárlfrv. 1947. Enn fremur kom vilji þm. fram á síðasta þingi í undirskriftaskjali, sem 31 þm. sendu ríkisstj., þar sem þeir óska þess, að hún færi sér þessa heimild í nyt. Eins og ég sagði, hefur þetta ekki tekizt fram til þessa. Ég hef látið fylgja frv. ýtarlega grg., og einkum eru miklar og góðar skýringar í bréfi, sem tollstjóri ritaði fjvn. 18. marz 1947, en það bréf er birt í grg. Í þessu bréfi finnast upplýsingar, sem mættu verða hv. þm. til nánari skýringa, en það, sem er höfuðatriðið, er það, að tollstjóri telur endurgreiðsluheimildina illa framkvæmanlega vegna erfiðleika á því að fá skýrslur erlendra seljenda um það, hvert verðið hefur verið, til þess að fá tollinn endurgreiddan samkvæmt því. Hann telur því heppilegra, að Alþingi sjálft ákveði, hvað tollurinn skuli vera hár. Þá telur hann, að eigendur húsanna eigi raunar tolleftirgjöfina inni, en álítur, eins og áður segir, illmögulegt að framkvæma hana með þeim heimildum, sem nú gilda. Þetta frv. er alveg í anda þess, sem tollstjóri leggur til í bréfi sínu, en þar segir hann, að innflutningsverð húsanna hafi numið tæplega 3,7 millj. kr., en aðflutningsgjöld af þeim hafi verið 1276193,56 kr., og er þá reiknað með 30% verðtolli og 7 aura vörumagnstolli, en ef efni til húsanna er flutt óunnið, ætti það að tollast með 8% verðtolli, en meginefni húsanna er timbur, og af því óunnu er 10 aura vörumagnstollur á kúbikfet, eða sem svarar um ½ eyri af kg. Af mestum hluta annars efnis til húsanna óunnins mun vörumagnstollur vera 2 aurar af kg. Þetta segir tollstjóri um tollhæðina, eins og hann hefur reiknað út og eins og hún hefði átt að vera. Um formið á endurgreiðslunni segir tollstjóri: „Ef Alþingi vill veita kaupendum margnefndra húsa tollaívilnun, væri því eðlilegra og mun auðveldara í framkvæmd, að horfið væri frá því að nota heimild bráðabirgðaákvæðis laga nr. 44 frá 1946, en í stað þess

sett sérstök lög um, að verðtollur af tilbúnum húsum, fluttum inn á árunum 1945 og 1946 og til ákveðins dags á þessu ári (1947), t. d. 1. apríl, skuli lækkaður niður í lægri tollflokk, er þingið teldi hæfilegan ...“ Þess er einnig að geta, að heimildin náði aðeins til húsa, sem innflutt voru 1946. Þetta telur tollstjóri óeðlilegt, og telur, að ef veita eigi tollendurgreiðslu af húsum, sem flutt voru inn 1946, þá verði einnig að hafa sama hátt á um þau hús, sem flutt voru inn 1947, og það eina hús, sem flutt var inn 1945. Það er farið fram á það í 1. gr., að endurgreiðsla tollsins sé miðuð við það, að verðtollur sá, sem ríkissjóður fær af húsunum, sé 10%, og er þá stuðzt við uppástungu tollstjóra um það. Þá er einnig í 1. gr. lagt til, að vörumagnstollur verði 2 aurar á kg. Í áskorun 31 hv. alþm. til ríkisstj. um að endurgreiða eigendum húsa þessara tollana er bæði talað um verðtoll og vörumagnstoll, og þess vegna er vörumagnstollurinn einnig tekinn með. Með 2. gr. er reynt að koma í veg fyrir, að tollendurgreiðslan lendi hjá milliliðum, með því að ákveða, að þeir, sem séu eigendur húsanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli fá tollendurgreiðsluna. — Ég vil að lokum geta þess, til stuðnings við þetta frv., ef verða mætti til þess að hræra hjörtu hv. þm., að það voru margir, sem af litlum efnum brutust í að byggja þessi hús, bæði vegna húsnæðisvandræða sinna og vegna hvatningar yfirvaldanna, sem töldu, að húsin mundu verða ódýr. Þetta reyndist hins vegar þannig, að hús, sem áætlað var, að mundu kosta 110—120 þús. kr., komust upp í 270 þús. kr. fullbyggð. Slíkur aukakostnaður kemur sér meir en lítið illa fyrir fátæklinga, sem ekkert eiga upp á að hlaupa, enda hefur þetta skapað mörgum slíka erfiðleika, að þeir geta jafnvel ekki haldið húsum sínum, en þessi tollendurgreiðsla, sem frv. fer fram á, mundi geta bjargað mörgum þeirra frá stórum vandræðum. Ég verð því að telja þetta stórkostlegt réttlætismál og skyldu yfirvaldanna að endurgreiða tollinn. Það hefur strandað á því hingað til, að heimildin er óskýr, en ef þetta frv. nær fram að ganga, þá er úr þessu bætt, og er þess að vænta, að endurgreiðslan fari þá fram bráðlega. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. fái fylgi Alþingis og skjóta afgreiðslu og að því, að þessari umr. lokinni, verði vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að fara um þetta mál nokkrum orðum, áður en það fer til n., sem ég tel, að eigi að vera fjhn., því að hér er um stórkostlegt fjárhagsmál að ræða. Þetta mál hefur áður verið til meðferðar hér í þinginu, eins og hv. flm. minntist á, og hef ég haft tækifæri til þess að fjalla nokkuð um málið áður, vegna meðferðar þess í fjvn. Það er rétt, að í l. nr. 44 frá 1946 var sett inn grein, þar sem ríkisstj. er heimilt að endurgreiða toll af húsum, sem flutt eru inn á árinu 1946, en ég veit ekki, hvort hv. flm. veit, að þegar þetta mál var rannsakað af fjmrn., þá var niðurstaðan sú, að hvorki væri þörf né ástæður til að endurgreiða tollinn, og neitaði því fyrrv. fjmrh., Pétur heitinn Magnússon, að nota heimildina. Meiri hl. fjvn. hefur og alltaf verið á móti þessu, nema fulltrúar Framsfl., enda er þetta mikið sérhagsmunamál þess flokks. Hv. flm. sagði, að þetta væri ákaflega mikið fjárhagsatriði fyrir fólk, og vildi hræra hjörtu þm., en mér skilst á grg., að innflutningstollarnir á hvert hús fari ekki fram úr 11 þús. kr., og hvaða fjárhagslegt atriði er það fyrir mann, sem byggir hús upp á ca. 300 þús. kr.? Þá segir hv. flm., að verð húsanna hafi farið svo mikið fram úr áætlun. Jú, það er rétt. Það var einn ágætur framsóknarmaður, sem var þarna milliliður og mest græddi á því að spana menn upp í að kaupa þessi hús, m. a. með gylliboðum um, að þau mundu verða svo og svo ódýr. Menn ginu við þessu, og svo á Alþingi að fara að bæta úr þessari glópsku! Þá má geta þess, að þessi hús voru flutt inn á vegum samvinnubyggingarfélaga, sem fá stórkostlegan styrk frá ríkissjóði, og hafa þau því mjög misnotað þennan ríkisstyrk með því að flytja inn þessi hús fyrir mun meira verð en áætlað hafði verið. Slíkt á ekki að verðlauna, en um það vildi ég gjarnan vita, hvað af þessum húsum hefur fengið styrk, en hv. flm. hefur upplýst, að flest húsin hafi verið flutt inn fyrir samvinnubyggingarfélög, en þau njóta, eins og ég tók fram áðan, stórkostlegs styrks frá hinu opinbera. Á sínum tíma hófu menn, sem hagsmuni höfðu af slíkum innflutningi, ákafan áróður fyrir því að flytja inn hús, sem aldrei hefði átt að leyfa að reisa hér á landi. Þetta hlaut að setja upp iðgjöldin hjá tryggingafélögum hér í Reykjavík, því að húsin voru úr timbri og eldhætta í þeim miklu meiri en **í öðrum nýjum húsum**, en svo var áróðurinn fyrir innflutningi þessara húsa mikill og ósvífinn, að fólki var talin trú um, að húsin kostuðu ekki nema í mesta lagi 120 þús. krónur, þótt þau hins vegar reyndust kosta 270 þús. krónur, og eins og ég sagði áðan, ber sízt að verðlauna annað eins og þetta. Hv. flm. segir að vísu, að menn hafi verið hvattir af Alþingi til þess að flytja inn þessi hús, en ég held, að þetta sé hreinn misskilningur, nema að því leyti, sem Alþingi lofaði að veita heimild til endurgreiðslu innflutningstollanna, en það ákvæði var sett inn fyrir takmarkalausan áróður hér í Alþingi fyrir því að hlúa að vissum einstaklingum. Hv. flm. sagði, að þetta frv. væri gert skv. till. tollstjóra og hann áliti rétt að hafa þennan hátt á og teldi, að húseigendurnir ættu þetta fé inni. Þetta er alger misskilningur hjá hv. flm. Tollstjóri bendir aðeins á, að ef tollendurgreiðslan eigi að fara fram, þá sé nauðsynlegt að fara þessa leið, því að ekki sé hægt að nota heimildina í l. nr. 44 frá 1946, og er þetta nokkuð annað en leggja til, að endurgreiðslan fari fram. Hann bendir á, að ef þetta fé eigi að fást endurgreitt, þá verði að setja um það sérstök lög, enda er það alveg rétt sjónarmið, en það er síður en svo, að með þessu leggi tollstjóri það til, að sá háttur verði á hafður, sem frv. gerir ráð fyrir, og það er síður en svo, að húseigendurnir eigi kröfu á þessum endurgreiðslum, enda þyrftu þeir þá ekki að flytja málið á Alþingi, heldur gætu

þeir farið í mál við Alþingi, ef þeir ættu kröfu á þessu. Það kemur fram í grg. hjá hv. flm., að þessi tollur sé ranglátur og hafi verið settur á til þess að verja réttindi vissra manna. En þetta er misskilningur. Hér er um að ræða almennan verndartoll, enda er alls staðar gerður munur á því, hvort eitthvað er flutt inn fullunnið eða um hráefni er að ræða. Þetta er almenn regla, og ef þetta frv. verður samþ., þá er verið að breyta tollalöggjöfinni, og það aðeins vegna þessara húsa. En er þá ekki hægt að koma á eftir og heimta tolleftirgjöf af öðrum timburvörum fullunnum, svo sem húsgögnum, líkkistum o. s. frv.? Það eru vissulega engin takmörk fyrir því, hvað breyta má tollalöggjöfinni, ef þetta frv. verður samþ. — Það, sem skeð hefur í þessu máli, er það, að þeir, sem keyptu þessi hús, gerðu sér alrangar hugmyndir um kostnað þeirra, m. a. vegna upplýsinga frá seljanda, enda voru hús þessi svo léleg, að stórum þurfti að bæta þau, til þess að mætti setja þau upp skv. byggingarsamþykkt Reykjavíkurbæjar. Ég verð að segja, að mér finnst, að þeir, sem keyptu húsin, hefðu átt að kynna sér betur alla málavöxtu, áður en kaupin voru ráðin, og það var flónska þeirra að gera það ekki, og slíka flónsku á ríkissjóður ekki að borga.

Tollstjóri segir, að endurgreiðslan hér á verðtolli verði um 770 þúsund krónur á þessi 108 hús í Reykjavík, ef fylgt er hans tillögum, og þá getur hv. flm. reiknað út (*RÞ:* og hv. ræðumaður líka). Ég hugsa það verði undir þeirri upphæð, sem ég minntist á áðan, svo að það sést, að þetta er ekki neitt fjárhagslegt atriði.

Þá vildi ég aðeins minnast á 2. gr. frv., þótt ekki sé það venja að ræða einstakar greinar við 1. umr. Þar er ákveðið, að núverandi eigendur húsanna skuli fá tollendurgreiðsluna. Á hverju byggist það? Er nokkur trygging fyrir því, ef húsin hafa verið seld, að þau hafi verið seld á því verði, að þetta væri reiknað sem fylgifé, ef það fengist endurgreitt, þ. e. að engin álagning hafi verið frá seljanda til kaupanda? Ég veit ekki, hve mjög eða hve mörg hús eru búin að ganga kaupum og sölum, né hvert tillit hefur verið tekið til væntanlegrar tollendurgreiðslu við söluna. Og enn er það að athuga, að síðan 1945 hefur byggingarkostnaður stóraukizt, og mælir það enn á móti því að greiða hundruð þúsunda úr ríkissjóði í þessu skyni. Það væri sök sér, ef húsaverð hefði fallið, svo að menn sætu uppi með hús sín verðminni en þegar þau voru reist. En það er nú öðru nær. Eigendurnir eru nú betur settir en áður, því að húsin eru í hærra verði, svo að hér er barizt fyrir hagsmunum hinna betur stæðu gegn hagsmunum þeirra fátæku. Og lítið samræmi er í því að styrkja húseigendur, eins og hér er lagt til, og íþyngja svo sama flokki manna með stóríbúðaskatti, og þetta er hvort tveggja borið fram af einum og sama þm., þ. e. flm. þessa frv. Hér eru stórkostlegar álögur með stóríbúðaskatti á ferð, og mun hv. flm. tæpast hafa gert sér grein fyrir því, að hér hefur hún borið fram frv. um að styrkja þá, sem hún er að leggja stórkostlegar byrðar á með öðru frv.

Ég mun svo ekki ræða þetta mál nánar án frekara tilefnis og fylgi því til fjhn., svo að hún geti athugað það og fullvissað sig um rök þess. Sjálfsagt ræðir n. svo við hæstv. fjmrh. á sínum tíma. Hitt er svo annað atriði, að þetta mál er glöggt dæmi um takmarkalausar kröfur á hendur ríkinu; þótt skyldan bjóði að benda á tekjur eða afla þeirra á móti útgjöldunum, sem kröfur eru gerðar um, þá er það látið vera. En það er kominn tími til að fást við eitthvað annað en hreint niðurrif í fjárhagsmálum þjóðarinnar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það gleður mig að sjá þetta frv., því að ég vona, að það verði til þess að koma í veg fyrir, að sá blettur falli á hæstv. Alþ., að það standi ekki við það, sem það hefur samþykkt.

Það var lengi búið að tala um, að það vantaði húsnæði í Reykjavík. Þegar það kom svo til umræðu á Alþ., á hvern hátt yrði skjótast ráðin bót á húsnæðiseklunni í bænum, bar sænsku húsin á góma, þá kom Sigurður Thoroddsen og fleiri þm. með tillögu um að bæta úr húsnæðishrakinu með því að afnema alveg toll á sænskum timburhúsum. Ég var því ekki fylgjandi, heldur bar fram till. um, að tollur af sænsku húsunum yrði ekki hærri en af óunnum viði til húsa. Þá var nóg að gera fyrir alla smiði og þurfti ekki verndartoll. Mín till. var samþ., en á móti henni voru þeir, sem vildu afnema alla tolla, og þótti þeim ekki nógu langt gengið. Ýmsir töldu sænsku húsin óheppileg, aðrir töldu rétt að athuga málið nánar. Niðurstaðan varð sú, að ríkisstj. skipaði n. til að athuga hæfni eða gæði húsanna, og hún komst að þeirri raun, um hálfu ári eftir að Alþ. veitti heimildina, að óheppilegt væri að flytja inn þessi sænsku hús, en þá voru margir búnir að panta húsin í millitíðinni. Nú hef ég alltaf litið svo á, og það kom fram í greinargerðum fyrir atkvæði, svo sem hjá Sigurði Kristjánssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni, að heimildin væri nokkurs konar lög, og óþarfi ætti því að vera að greiða atkv. með lagafrv. í sömu átt. Hið sama kemur nú eiginlega fram hjá hv. þm. Barð. En það hefur sýnt sig, að þessi trú hefur orðið sér til skammar. Hér hefur verið gefinn ádráttur án þess að standa við loforðið. En ég tel þetta blett á Alþ. og vil heldur láta borga þetta, þó erfitt sé. Þegar átti að fara að borga, skaut stjórnin sér á bak við nefndina, sem athugaði húsin, og bar við, að ákvæði farmskrár væru svo óljós, að erfitt væri að reikna þetta út. Og á síðasta þingi skoraði 31 þm. á ríkisstjórnina að endurgreiða á árinu 1949 hluta af verðtolli og vörumagnstolli af hinum tilbúnu húsum og nota þar með þá heimild, sem fyrir hendi er, en það var samt eigi gert. Ég gleðst því af því, að hér á nú að fá úr því skorið með frumvarpi, hvað gera skuli. Það er með engu móti hægt að skjóta sér bak við álit nefndar þeirrar, sem skipuð var til að athuga sænsku húsin, hversu heppileg þau væru hér. Áður en álit þeirrar nefndar lá fyrir, hafði Alþ. ýtt undir innflutning þeirra með því að gefa ádrátt um endurgreiðslu á tolli. Þegar álit nefndarinnar kemur svo og hljóðar upp á það, að óheppilegt sé að

reisa þessi hús hér, þá mælir það einmitt með en ekki móti því, að heimildin væri notuð, úr því að húsin reyndust svo dýr. Ég held, að allflest húsin hafi verið byggð af félögum, sem ríkið ábyrgðist lán fyrir til byggginganna.

Varðandi það, hvaða menn hafi aðallega flutt inn þessi hús, og hvers flokks þeir hafi verið, sem riðnir voru við þann innflutning, skal ég ekkert um segja og er því ekki svo kunnugur. Sænsk-íslenzkt verzlunarfirma flutti eitthvað inn af þeim, og er gott ef hæstv. fyrrv. forsrh. var ekki riðinn við stofnun þess félags, ég man það ekki satt að segja, en ég tel alveg útilokað, að innflytjendur hafi frekar verið af einum stjórnmálaflokki en öðrum.

En sem sagt, ég legg mest upp úr því, að Alþ. gangi ekki á undan öðrum og gefi fordæmi um það að standa ekki við það, sem það hefur veitt ádrátt um.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Ed., 13. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Maður byrjar nú þar, sem frá var horfið í gær, og verður að hafa það, þótt eitthvað hafi fyrnzt yfir ræðu hv. þm. Barð., úr því mér gafst ekki kostur á að svara honum þá þegar.

Hv. 1. þm. N-M. ræddi nokkuð sögu málsins, og þarf ég ekki að bæta þar neinu við. Hann skýrði það m. a. mjög vel, sem ég kallaði hvatningu Alþ. til þeirra manna, sem fluttu inn þessi hús.

Hv. þm. Barð. hafði það rangt eftir mér, að ég hefði sagt, að eigendur húsanna ættu þessa upphæð inni, sem hér er um að ræða. Ég sagði ekki annað en það, sem greinir í bréfi tollstjóra, en þar stendur t. d. skýrt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fyrr segir, er eigi unnt að reikna tollgreiðsluna nákvæmlega út, nema fyrir hendi séu ábyggilegar skýrslur um þær efnistegundir, sem inn hafa verið fluttar til húsanna, þar sem tilgreint sé magn og verð hverrar tegundar óunninnar. Ættu skýrslur þessar að vera frá seljendum húsanna.“ Og litlu síðar: „Eins og fyrr segir, mundi meginhluti efnisins til húsanna hafa átt að tollast með 8% verðtolli, hefði það verið flutt inn óunnið, en nokkuð af því þó með 10% verðtolli og ef til vill einhver lítill hluti með hærri tolli. Er því varla fært að lækka verðtollinn meir en niður í 10%. Fælist og í þeirri lækkun mjög mikil ívilnun fyrir kaupendur húsanna, þó vörumagnstollurinn væri látinn standa óbreyttur.“

Sé nú þetta borið saman við heimildargreinina, þar sem segir, að ríkisstjórninni heimilist að endurgreiða toll af þeim innfluttum tilbúnum húsum, sem flutt verði inn á árinu 1946, að því leyti sem hann er hærri en á því byggingarefni óunnu, er til húsanna þarf, þá sést, hvað þetta er skylt. — Þessi heimild var samþykkt, eða lögin gefin út 7. maí 1946, og 5 fyrstu húsin voru flutt inn í maí það ár og síðan fleiri á næstu mánuðum; og þessi hús voru flutt inn beinlínis með tilliti til þessarar heimildar. — Hv. þm. Barð. ræddi einnig um það, hvað endurgreiðslurnar væru óverulegar og hefðu litla þýðingu; reiknaði hann út, hverju endurgreiðslurnar mundu nema, eða um 7 þús. kr. á hús. Hef ég einnig gert ráð fyrir þeirri upphæð. Hv. þm. virtist hræddur um að sérstakir aðilar væru fyrir brjósti bornir með flutningi þessa frv. Ég hef nú hér lista yfir innflytjendurna, en ég þekki þar aðeins örfá nöfn. Haukur Björnsson og Haukur Claessen eru stærstu innflytjendurnir auk annarra smærri. Ég þekki þá ekki, og get ekki skilið, hvað hv. þm. á við með þessu. — Þá minnir mig hv. þm. segja, að Alþingi ætti ekki að „verðlauna“ þessa menn. Hér er ekki um það að ræða að „verðlauna“ einn eða neinn; hér er aðeins talað um réttlæti og að Alþingi standi við gerðir sínar. Þessi hús eru flutt inn fyrir hvatningu Alþingis og í skjóli þeirrar heimildar, sem hér um ræðir. Hv. þm. Barð. taldi enn fremur of langt um liðið til þess að breyta þessu nú. En eigendur húsanna hafa allan þennan tíma reynt að fá þetta mál afgreitt eftir þeirri leið, sem lögð var með heimildargreininni. Og sjálfsagt hefði þetta frv. getað borið þá að, er hv. þm. Barð. hefði þótt það of snemma fram komið. Virðist vera ekki lítill vandi að gera hv. þm. til hæfis.

Þá var hv. þm. með frómar hugleiðingar um niðurrif á fjárhag ríkisins. Hann gefur nú löngum ófagrar lýsingar á því, hvernig honum sé komið; en sjálfur er hann í þeim flokki, sem mest hefur farið með fjármál ríkisins undanfarin ár, og er honum það mál ábyggilega skyldara en mér.

Ég vil að lokum beina því til hv. fjhn. — og ekki vegna ummæla hv. þm. Barð., heldur af eigin hugleiðingum — að taka sérstaklega til athugunar 2. gr. frv.; en hún er byggð á niðurlagsorðunum í bréfi tollstjóra: „Að lokum skal á það bent, að verði ákveðið að endurgreiða að meira eða minna leyti toll af framangreindum húsum, þarf að búa svo um, að endurgreiðslan verði þeim til hagsbóta, er byggja þau handa sér, en eigi milliliðum.“

Bréfið er dags. 18. marz 1947, og tæplega hafa verið orðin eigendaskipti á húsunum þá; en n. þarf sem sagt að athuga, hvernig beri að bregðast við því, þar sem eigendaskipti hafa átt sér stað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hélt nú satt að segja, að hv. 11. landsk. mundi kveðja sér hljóðs, en sé, að ég þarf ekki að bíða eftir því, — Ég þarf nú ekki að svara miklu hv. frsm. Ég vil benda á, að upplýsingar hv. 1. þm. N-M. voru lítið annað en það, sem fram kemur í grg. En mér er kunnugt um, að hann hefur sótt málið fast vegna blóðbanda og hagsmuna sinnar eigin fjölskyldu. Er ég ekkert að lasta hann fyrir það, en bendi aðeins á, að honum er málið ekki óskylt. Hv. frsm. fullyrti, að húsin væru flutt inn fyrir tilstilli Alþingis. En ég vil fullyrða, að 7120 kr. tilslökun um toll á hverju húsi gat aldrei haft endanleg áhrif á afstöðu manna til þessa innflutnings, þar sem um var að ræða hús fyrir allt að 300 þúsund krónur. Það er ekki fjárhagslega veigamikið atriði, þessar 7000 kr., þegar svo mikil upphæð er annars vegar. Og ef þetta er nú samt sem áð-

ur svo veigamikið atriði fyrir þá eigendur, sem nú eru að húsunum, þá vil ég leyfa mér að benda n. á það, hvort hún geti ekki gert um það till., að mennirnir geti losnað við húsin á kostnaðarverði, svo létt sé af þessum vesalingum þeirri byrði. Ég hygg, að það yrði ekki neitt slæmt fyrir ríkissjóðinn, því að þessi hús eru nú miklu verðmeiri en þau voru þá. — Annars finnst mér eins og þessi ágæti lögfræðingur geri sér ekki nægilega ljóst, að hér er ekki um neina fyrirskipun að ræða, heldur aðeins heimild til að endurgreiða tollinn, ef svo sýndist. Ríkisstjórnin, sem þá var, setti í þetta sérstaka nefnd, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að aldrei hefði átt að flytja inn húsin; og ráðandi menn á sínum tíma munu hafa styrkzt við það í þeirri trú, að ekki bæri að styrkja þessa starfsemi. Ég neita þess vegna, að ríkissjóður sé á nokkurn hátt bundinn af fyrirmælum greinarinnar. Það er aðeins um heimild að ræða, sem hefði mátt nota, ef ástæða væri fyrir hendi til þess að gera það, en það er hins vegar sjálfsagt að nota hana alls ekki. Þetta er kaupendunum sjálfum að kenna, því að þeir áttu náttúrlega að láta flokka þetta allt niður, þegar það var flutt til landsins, þannig að sjá mætti, hvað af þessu er flutt inn sem unnin vara og hvað ó-unnin. Það er því fyrir vanrækslu þessara manna sjálfra, að þeir þurfa að greiða það fé, sem hér er um að ræða.

Hv. frsm. sagði, að það væri ekki að heyra neina sérstaka hvöt hjá mér til þess að vera hlynntur innflytjendunum, eftir afstöðu minni í þessu máli. Það væri gott, ef hv. frsm. vildi taka svolítið betur eftir því, sem hér er að gerast. Því að hér er til þess ætlazt, að þetta fé gangi til þeirra, sem nú eru eigendur að húsunum, en ekki endilega þeirra, sem fluttu þau inn. Með öðrum orðum, þetta á að vera svolítil uppbót til þeirra, sem nú eiga húsin.

Hv. frsm. segir, að það sé ekki gott fyrir fólkið að vita, hverju það megi trúa, þegar heimild gr. er ekki notuð og þannig ekki hægt að trúa orðum Alþingis. Ja, sér eru nú hver rökin! Ég vil benda hv. frsm. á það, að hans ágæti flokkur, Framsóknarflokkurinn, hefur einmitt verið potturinn og pannan í því að koma í veg fyrir það, að fólk megi trúa því, sem samþykkt er á Alþ., því að í skattalögunum hafa menn aldrei getað treyst því, sem fram kemur á Alþ. Það hafa ávallt verið sett lög um skatta, sem látnir eru verka aftur fyrir sig. og það hefur kostað meira en sjö þúsund krónur, það hefur kostað menn tugi þúsunda og jafnvel hundruð þúsunda. Ég er ekki að segja þetta til ágætis fyrir þingið, því að þá þarf að verða stefnubreyting hjá því og ekki hvað sízt hjá þessum ágæta flokki, sem hv. frsm. telst til, því að þetta er stórkostlega til þess að draga úr öllum framkvæmdum, þegar menn geta ekki verið vissir um, hvort sett verða skattalög, sem verka aftur fyrir sig, svo að þeir peningar, sem þeir ætluðu til framkvæmda, renni ekki til þess að greiða skatta, sem ekki voru til, þegar það átti að gera. Ég skal í þessu sambandi benda á eitt frv., sem hv. þm. Str. og hv. 4. þm. Reykv. fluttu hérna á tveimur þingum, um sérstakan eignaskatt, sem síðan var samþykktur sem lög um eignakönnun. Það má ef til vill segja, að það hafi verið nauðsynlegt að gera þetta, en það er samt ekki annað en riftun á loforðum, sem mönnum höfðu verið gefin um að skattleggja ekki eignir þeirra frekar en þegar var orðið. En svo dettur þessum mönnum í hug að fara að leggja nýja skatta á það, sem eftir var, og auðvitað eru lögin látin verka aftur fyrir sig, svo að það er þá ekki um annað en riftun á loforði að ræða. Ég sé því ekki, að það sé nein ástæða til þess fyrir einmitt þessa sömu menn að fara nú að fárast yfir því, þó að ríkissjóður kippi nú að sér hendinni með greiðslur, sem hann hefur alls ekki lofað að inna af hendi.

Síðast sagði þessi hv. þm., að fjárhagsástand ríkisins væri allt saman mér að kenna, mestmegnis mér einum skildist mér, og mínum flokki. Ég skal ekki fara út í langar hugleiðingar um þetta mál, hverjum það ástand er helzt að kenna, sem nú ríkir í fjármálum ríkisins, en ég get þó ekki stillt mig um það að benda hv. þm. á það, að þegar fyrrv. ríkisstjórn settist að völdum, þá fór ég með formennsku fjárveitinganefndar í annað sinn. Þá var það fyrsta verk þessarar hæstv. ríkisstj. að koma með till. um 10 millj. kr. hækkun á útgjaldahlið fjárlagafrv. Ég gekk þá á milli ráðh. til þess að fá þá til þess að falla frá þessum till. sínum. Og ég verð að segja það til verðugs lofs, að 5 af þessum hæstv. ráðherrum lýstu sig reiðubúna til þess að falla frá þessum till., ef hinir ráðherrarnir hver um sig mundu gera slíkt hið sama. En þá var það þáv. menntmrh., hv. fyrri þm. S-M., sem sló í borðið, sagði: nei — og kom þannig í veg fyrir, að þessi 10 millj. króna útgjaldahækkun yrði felld. Fyrir það þurfti að bæta 10 millj. krónum á útgjöldin það árið. Það var að vísu bjargað einni millj. af þessu síðar, sem átti að fara í það að byggja hallir hér í Rvík, en það var alls ekki gert fyrir tilstilli Framsfl. Ég man eftir mörgum svipuðum tilfellum á mörgum þingum, þar sem sótt hefur verið svona fast á af þessum flokki, að fjárl. hafa fengið á sig þennan svip, sem þau hafa haft, og ætti hv. þm. að vita það vel, þó að hún hafi ekki átt sæti á þingi mjög lengi, því að hún hefur verið þingskrifari í mörg ár og ætti því að hafa getað fylgzt með því.

Nei, Framsóknarflokkurinn á sannarlega sinn þátt í þessu ástandi, sbr. t. d. síðast í gær, þegar þeir komu á síðustu stundu inn í frv. ákvæði, sem kostar ríkissjóð 2½ millj. króna, án þess að koma með nokkrar till. til tekjuöflunar á móti. Ég held því, að hún ætti að taka sér eitthvað auðveldara fyrir hendur en að ráðast á mig og minn flokk fyrir fjármálaástandið. Ég held hún ætti fyrst að moka flórinn heima hjá sér, áður en hún byrjar þessar ásakanir. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

Ég býst við, að hv. fjárhagsnefnd fái þetta mál til athugunar á milli umr., og vil ég benda á það í sambandi við afgreiðslu n., að það hafa verið fyrir fjvn. margar sams konar kröfur eða till., því að það virðist nú vera eitt helzta stefnumál Framsfl. að eyða sem mestu, til þess að geta síðan kennt Sjálfstfl. um það, af því að fjmrh. er „tilfældigvis" sjálfstæðismaður. Það

eru kröfur um endurgreiðslu tolla, kröfur frá bátabyggingarstöðvum, sem tapað hafa á smíði báta og fleiri svipaðar, sem kosta mundu ríkissjóð stórfé. En þeim hefur öllum verið vísað í körfuna. Það eru kröfur frá S. Í. F. um milljónir vegna taps á því að salta fisk árið 1947 eftir reglum, sem ríkið gaf, svo að þeir töpuðu milljónum á þessu. Hv. þm. V-Húnv. og 1. þm. S-M. hafa viðurkennt, að þessir menn ættu fullan siðferðislegan rétt til þess að fá þessar kröfur sínar greiddar. En fjvn. hefur ekki heldur tekið þetta til greina.

Ég get fullvissað hv. þm. um það, að ef þetta verður samþ., þá má búast við því, að allar hinar kröfurnar fylgi á eftir, því að þær eiga jafnmikinn rétt á sér, en það mundi sennilega gleðja hv. frsm. og Framsfl. ósegjanlega mikið, þar sem hann gæti þá skellt skuldinni á Sjálfstfl., ekki er mér örgrannt um það.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég hef nú verið að skrifa skeyti, meðan á þessari ræðu stóð, en ég heyrði það þó í sambandi við þetta mál, að hv. þm. Barð. hefur farið inn á almennar umræður og það almennari umræður en tilefni er til. En vegna þessara ummæla hv. þm. get ég ekki setið á mér að víkja að þeim nokkrum orðum, en skal hins vegar reyna að hafa það stutt og tefja ekki umr. frekar.

Viðvíkjandi því, að það hafi aðeins verið fyrir atbeina Framsfl., að lög hafa verið sett, sem verka aftur fyrir sig, vil ég spyrja: Er það þá svo, að Sjálfstfl. hafi aldrei samþ. skattalög, sem þannig verka aftur fyrir sig? Mér þætti fróðlegt að vita það hjá hv. þm., ég spyr að þessu sem málflutningsmaður, því að það er ekki lengra síðan en í gær, að ég var að greiða tolla af vörum, sem fluttar höfðu verið til landsins, og ákvæði um þá tolla voru ekki sett fyrr en eftir á, og í gær var verið að samþ. frv. í Nd. um tolla, og eiga þau l. að gilda frá síðastliðnum áramótum. Það eru sem sé ekki einasta skattar, heldur líka tollar, sem settir eru á með þessum hætti. Það er þess vegna ekki hægt að segja annað en að það sé heldur spaugilegt, þegar hv. þm. Barð. stendur upp og fyllist vandlætingu út af þessum aðferðum, sem hafa þó verið regla hans flokks, ekki einasta um skatta, heldur einnig tolla. Nei, þá finnst mér nú skörin vera farin að færast upp á bekkinn. Og það er ekki hægt að láta það standa í þingtíðindum án þess að benda á, hversu geysimikið blygðunarleysi þetta er, þegar hv. þm. stendur hér upp og segir: Það er ekki okkur að kenna, þó að óreiða hafi verið á fjármálum þjóðarinnnar eftir 11 ára fjármálastjórn.

Vitanlega er það þessum flokki að kenna, því að hver hefur haft stjórn fjármálanna á hendi undanfarin 11 ár, nema Sjálfstfl., og einmitt þessi þm. hefur verið formaður fjvn. nú að undanförnu, og það að form. fjvn. sættir sig við þetta ástand í fjármálunum, það er ekki nema viðurkenning á því, að honum finnist ekkert við það að athuga, og ef fjmrh. er ekki ánægður, þá á hann bara að fara, því að ef þeir sætta sig við afgreiðslu fjárl. og sitja áfram, þá er það ekki nema viðurkenning af þeirra hálfu. Ef þetta er ekki viðurkennt, þá er þingræði líka óheilbrigt. Annað er ekki þingræði. Svo að það er rétt, sem hv. frsm. sagði, þegar hann bar hv. þm. Barð. það á brýn, að hann bæri ábyrgð á fjármálaástandinu. Það er alveg rétt, því að einmitt hann og hans flokkur — það er sökudólgurinn. Það þýðir ekki fyrir hann að koma hérna og kalla: Þjófur, þjófur, grípið þjófinn.

Viðvíkjandi því, að ráðh. Framsfl. hafi ekki viljað niðurskurð á útgjöldum umræddra fjárl., þegar um það var rætt, þá var það þó tvísýnt, áður en það var komið til, því að þetta var skorið meira niður til þessara mála í till. og frv. sjálfu heldur en til annarra útgjalda, sem heyrðu undir aðra ráðherra. En í annan stað voru útgjöldin þess eðlis, að mjög hafði verið deilt um þau á Alþ., því að þau voru mestmegnis til framkvæmda úti um land, úti í dreifbýlinu, en það er höfuðnauðsyn að fjárveitingavaldið í landinu stuðli að því að fyrirbyggja það misræmi, sem verið hefur á lífskjörum manna í dreifbýlinu og í kaupstöðunum, og koma þannig í veg fyrir fólksstrauminn úr sveitunum til bæjanna, sem orðinn er jafnægilegur og raun ber vitni, og er nú alveg kominn að því að sporðreisa þetta þjóðfélag, ef svo mætti að orði kveða. Þess vegna var engin ósanngirni í **því að beita sér gegn niðurskurði á þessum útgjöldum til framkvæmda** í dreifbýlinu, sem áður höfðu verið skorin niður.

En viðkomandi þessum málum er það þó höfuðatriðið, að það er ekki hægt að gera hvort tveggja, að stjórna, en bera enga ábyrgð. Það er ekki hægt að samræma það þingræðishugtakinu. Það er ekki hægt að stjórna og segja svo, að aðrir beri ábyrgðina á því, hvernig stjórnað er, og það á að mótmæla því, þegar slíkt heyrist hér í þinginu, því að þeir, sem stjórna, þeir eiga líka að bera ábyrgð, en ekki að standa upp og kalla: Þjófur, þjófur. Eða getur hv. þm. bent á það tímabil, þegar við **framsóknarmenn** höfum haft fjármálaráðherrann, að við höfum sagt, að við bærum þá ekki ábyrgð á fjármálunum? Nei, hann getur það ekki, enda hefur okkur ekki dottið það í hug, og okkur dettur ekki í hug að neita því, að landbrh. beri ábyrgð á landbúnaðarmálum og menntmrh. á menntamálum, kemur það bara alls ekki til hugar. Þetta þekkist hvergi í heiminum, þar sem þingræði er viðurkennt. Hvernig ætli okkur þætti það t. d. hjá hinum Norðurlöndunum, ef fjmrh. stæði upp og form. fjvn. og segðu: Ég ber enga ábyrgð á fjármálunum. — En það mundi engum koma til hugar að gera þetta, hvorki í Danmörku né Svíþjóð, né heldur neinu öðru þingræðisríki. Það mundi aldrei koma fyrir.

Það er búið að grafa þingræðið nóg í sundur, svo að það yrði ófyrirgefanlegt, ef því væri ekki mótmælt, þegar einn þm. stendur hér upp til þess að segja, að ráðh. beri ekki ábyrgð á þeirri stjórnardeild, sem undir hann heyrir.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Mér fannst það óviðeigandi og ómaklegt af hv. þm. Barð., að hann skyldi gera þær árásir, sem hann gerði á Framsfl. Hann hafði ekki þau orð

við, að ég sæi ástæðu til þess að vita hann af forsetastóli, en ég get ekki stillt mig um að segja fáein orð um það, sem hv. þm. sagði, en ég get verið stuttorður, þar sem hv. þm. Str. hefur nú gert því glögg skil.

Eitt af því, sem hv. þm. færði hér fram, var það, að Framsfl. bæri ábyrgð á fjármálaástandi ríkisins, þó að Sjálfstfl. hafi bæði átt fjmrh. og form. fjvn. nú undanfarin 11 ár. Eitt var það, að menntmrh. hefði á árunum 1946—47, eftir að stjórnarskipti urðu, gert miklar kröfur um aukin útgjöld til menntamála. En hvernig stóð nú á þessum kröfum? Alþingi var þá nýbúið að setja nýja skólalöggjöf, sem var æði útgjaldafrek, en ekki hafði verið tekið tillit til hennar í fjárlfrv. En það var ekki Framsfl., sem stóð að þessari löggjöf, heldur þeir flokkar, sem þá höfðu farið með stjórn landsins um nokkurt skeið og kallað sig *nýsköpunarstjórnina*, svo að það er því ekki rétt hjá hv. þm. Og segja svo, eins og hv. þm. Barð., að Framsfl. hafi verið potturinn og pannan í því, að skattar séu látnir verka aftur fyrir sig, er náttúrlega hreinasta firra, því að undanfarin 11 ár hefur Sjálfstfl. átt fjmrh. og form. fjvn., en það er venjulega fjmrh., sem slík frv. leggur fram, eða fær þá nefnd til þess að gera það fyrir sig. Seinast nú eftir áramótin hefur það gleymzt hjá hæstv. fjmrh. að framlengja viss bráðabirgðaákvæði í tollskránni um hækkun á tolli, og var ekki lagt fyrir fyrr en eftir áramót, og svo hafði líka gleymzt að setja inn í frv., að þetta skyldi gilda frá 1. jan. þetta ár, og hér kemur till. frá hæstv. fjmrh. um það, að þetta skuli gilda frá 1. jan., m. ö. o. nokkra daga aftur fyrir sig. Að vísu er það svo, að það ber enginn einn flokkur ábyrgð á fjármálastjórn landsins undanfarin ár, sökum þess að enginn flokkur hefur meiri hl. í þinginu, en vitanlega ber sá flokkur mesta ábyrgð á fjármálastjórninni, sem bæði hefur fjmrh. og form. fjvn. En úr því hv. þm. er að fara út í þetta, mætti kannske minna á það, þó það skipti ekki miklu máli um heildarniðurstöðu fjármálanna í landinu, að hv. þm. Barð. hefur ekki verið meðal þeirra hógværustu þm. um kröfur fyrir sitt kjördæmi, og hefur þessi *framganga hans — og kannske fyrir það að hann* er form. fjvn. — haft þau áhrif að hvetja aðra þm. til að hækka sínar kröfur, og það hef ég oft heyrt undir meðferð fjárl. undanfarin ár, að vitnað hefur verið til Barðastrandarsýslu um fjárveitingar. Ég þóttist ekki komast hjá því að benda hv. þm. á þetta og láta það álit í ljós, að mér finnst, að svona árásir á flokka í þinginu, hvaða flokkur sem það er, ættu ekki að eiga sér stað út af tiltölulega meinlausum frv., sem ekkert koma heildarafgreiðslu mála við og ekki er hægt að telja til þeirra mála, sem ráða um það, hvernig stórmál eru yfirleitt rekin í landinu né heldur hvernig fjármál ríkisins eru sem heild. *Menn ættu að spara sér slíkt*, því það eru kannske allir flokkar í glerhúsi að einhverju leyti, en það er áreiðanlegt, a. m. k. í þessu tilfelli, að þeir, sem fara að kasta grjóti, geta aftur fengið grjót inn í sitt glerhús.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í gærdag hélt hv. þm. Barð. því fram, að þessi eftirgjöf á tollum, sem þetta frv. ræðir um, stæði í einhverju sambandi við þá, sem hefðu flutt inn húsin, og framsóknarmaður hefði flutt inn í mikið af húsunum og þess vegna sæktu framsóknarmenn þetta eins fast eins og þeir gerðu. Þeir, sem fluttu inn húsin, voru þessir:

Haukur Björnsson	30 hús
H. Claessen	22 —
Byggingarsamvinnufél. Reykjavíkur	20 —
Orka h/f.	16 —
S. Í. S.	8 —
Haukur Claessen	7 —
Magnús Sigmundsson	1 —
Hilmar Stefánsson	1 —
Áskell Löve	1 —
Valur Einarsson	1 —
Gísli Magnússon	1 —

Hver er þessi framsóknarmaður? Er það Haukur Claessen, eða Orka? — Ég þori ekki að fullyrða neitt um það, ég held, að þetta sé fullyrðing út í bláinn.

Í sambandi við það, að hann talar um skatta, sem verka aftur fyrir sig, vil ég benda honum á, að fyrst þegar samþ. voru l. um tekju- og eignarskatt, og þau undirbjó Magnús sál. Guðmundsson, þá var tekin upp sú aðferð hér á landi að reikna tekju- og eignarskatt af tekjum ársins á undan og eignir við áramót næst á undan að skattur er lagður. Þeirri aðferð hefur verið haldið, og þar af leiðandi hefur skatturinn alltaf verið fyrir árið á undan og komið eftir sig á, og þegar skattstiganum hefur verið breytt til hækkunar, hefur það að sjálfsögðu gert það líka, og aldrei talað um að leggja skattinn á sama mánuðinn og teknanna er aflað. En það er vel til athugunar, hvort hægt er að koma þessu þannig fyrir, að skattar séu lagðir á tekjur manna sama árið sem þeirra er aflað. En þetta var það kerfi, sem við mynduðum okkur þegar fyrst voru samþ. l. um tekju- og eignarskatt rétt eftir 1920, og því hefur alltaf verið fylgt síðan. Hitt hefur ekki tíðkazt fyrr en upp á síðkastið, að með brbl. séu settir tollar á vöru, sem búið er að selja frá 1. jan. fram á hálft árið. Svo vil ég endurtaka það, að nú er verið að koma með breyt. á l. um tollskrá, vegna þess að það hefur fallið niður að framlengja þau l. um áramótin, það verður sjálfsagt mánuður, sem þau l. verka aftur fyrir sig. Þetta er nýtt um tolla. En hvað tekjuskattinn snertir er hér aðeins um að ræða framkvæmd á sama kerfi, sem alltaf hefur gilt hér á landi, frá því sett voru lög um tekju- og eignarskatt.

Ég benti á það í gær, hvernig þessi heimild í l. væri til orðin, að hún kom fram sem brtt. frá mér við brtt., sem felldi tollinn alveg niður. En menn vildu ganga mislangt í því að gefa eftir tollinn, sumir vildu ekki gefa eftir tollinn, en þeir voru fáir, fjöldinn var með því að gefa hann eftir, sumir alveg, en sumir að nokkru leyti. Þetta benti ég á í gær. Síðan var því komið til leiðar, að n. var skipuð, og hún sagði sem sitt álit, að húsin væru óheppileg og dýr. Hafi verið ástæða til að gefa eftir tollinn, þegar þingið samþ. l. og setti þetta ákvæði inn, þá var því meiri ástæða eftir að það lá fyrir, að húsin voru óhagstæðari heldur en önnur hús.

Hafi ríkisstj. ekki viljað hafa þessi hús, gat hún bannað að flytja fleiri inn, en það gerði hún ekki, það voru pöntuð 30—40 hús eftir það. Það var farið þveröfugt að við það, sem hefði átt að vera, það átti að nota heimildina, en stöðva frekari innflutning.

Þá var hv. þm. Barð. að tala um, að af því að minn sonur ætti eitt húsið, þá berðist ég fyrir þessari tollaeftirgjöf. Hann má segja hvað hann vill í því efni. Við áttum báðir syni í Ameríku, ég 2 en hann 1, og nú vil ég bjóða honum að rannsaka, hvað mínir 2 synir hafa fengið yfirfært á ári, og ég skal fyrir fram segja niðurstöðuna, að hans sonur hefur fengið meira en helmingi meira en mínir synir báðir. Hvort hann hefur eytt því öllu, skal ósagt. Má vera, að eitthvað hafi verið yfirfært í öðru skyni. En úr því hann er að drótta því að mér, að ég sé með málinu af því að sonur minn eigi eitt húsið, þá vil ég benda á, hvernig framkoma okkar er gagnvart þessum sonum okkar, sem stunda nám í annarri heimsálfu; ég vil gjarnan að það komi fram í dagsins ljós. Ég get komið með nákvæmar tölur, en geri það ekki nú. Svona lagað er óheiðarlegt í alla staði, og mér hefði ekki komið til hugar að draga syni mína inn í umr. um deilumál á Alþ., hefði ekki hv. þm. Barð. látið sér sæma að vera með svona aðdróttanir. Þeir koma málinu ekkert við. En frekja okkar beggja til að mata krókinn fyrir okkur sést af því, sem ég nefndi. Og 300 þús. kr. fyrir eftirlit með byggingu togaranna sýnir það kannske líka.

Ég tók það fram í gær og geri það aftur nú, að það, sem gerir það, að ég fylgi þessu máli, er að ég vil ekki láta Alþingi komast undan að halda sín orð. Það er nóg komið af því með okkar þjóð, að einstaklingar haldi ekki það, sem þeir lofa, og jafnvel ríkisstj., þó að Alþ. geri það ekki líka. Það hefur alla tíð verið skoðað sem heit, sem ætlazt er til að sé framfylgt, þegar inn í fjárl. er sett svona heimild. Það kemur fyrir, að sett er inn í fjárl. heimild, sem ekki er ætlazt til að ríkissjóður borgi fyrr en búið er að rannsaka eitthvert mál betur en liggur fyrir þegar slíkt er sett inn í fjárl., en þegar sett er svona heimild inn í l., þá er ætlazt til, að heimildin sé notuð. Það er það, sem ég vil láta Alþ. standa við. Þetta er aðalatriðið fyrir mér, og ég gleðst yfir frv., sem hér er fram komið, af því að það var, eins og heimildin var samþ., óljóst, hvað tollurinn átti að vera mikill á því efni, sem ekki var sundurliðað á farmskírteini. Þetta var ástæða, sem ríkisstj. gat fært fram, að hún vissi ekki, hvað mikið það væri, en væri fús til að verða við vilja Alþ. En þessi ástæða fellur burt með frv., sem gerir ráð fyrir endurgreiðslu, og það hlýtur að vera fyllri stoð að þurfa ekki að fara eftir orðalagi heimildar í l. Þess vegna gleðst ég yfir þessu frv., og þó að hv. þm. Barð. og kannske fleiri séu þess eðlis, að þeim sé sama, hvort hægt er að segja, að Alþ., sem ég tel virðulegustu stofnun þjóðarinnar, standi við það, sem það lofar, eða ekki, þá er ég svo sómakær fyrir Alþ. hönd, að mér er ekki sama um það, og ég geri ráð fyrir meiri hl. af þm.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti leyfi mér að svara þeim ásökunum, sem gerðar hafa verið á mig. Í fyrsta lagi lýsti hv. 1. þm. Eyf. því yfir, að honum hefði ekki þótt viðeigandi að víta mig úr forsetastóli fyrir mín ummæli, og hefur þá ekki verið ástæða til. En úr því hæstv. forseti sá ástæðu til að ásaka mig fyrir það að draga þessi mál inn í þetta mál, hvers vegna ásakar hann þá ekki hv. flm. fyrir að draga önnur mál inn í þetta mál, og hvers vegna ásakar hann ekki hv. flm. fyrir þær ásakanir, sem hún ber á mig og minn flokk í sinni ræðu? Ég varð að svara því, og ég hefði ekki búizt við, að jafnágætur maður eins og hæstv. forseti réðist á mig hér og vítti mig fyrir að draga inn í þetta mál mál, sem ég hef alls ekki dregið hér inn í, heldur hans ágæti flokksmaður hv. 8. þm. Reykv. Mér hefði ekki dottið í hug að minnast á þetta atriði, ef hún hefði ekki haft þau ummæli, að það væri mér persónulega að kenna og Sjálfstfl., hvernig fjárhagur landsins er nú, og ég gaf ekkert tilefni til þess, að slík ummæli væru höfð hér í sambandi við þessi mál. Ég sé nú, eftir að hv. þm. Str. hefur talað, að það er hann, sem er potturinn og pannan í þessu, hann hefur spýtt þessu í sinn ágæta skjólstæðing, því að hann staðfestir þetta og segir í sinni ræðu, að ég sé aðalsökudólgurinn, og þá fer ég að skilja, hvernig í málinu liggur.

Hv. 1. þm. Eyf. sagðist mótmæla því, að það væri sök Framsfl., að skattar hefðu verið látnir gilda aftur fyrir sig, þetta væri að kenna Sjálfstfl., sem hefði farið með fjármálin öll þessi ár. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að þau ár, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) fór með fjármálin, þá sótti hann þetta mál einna fastast og markaði alveg þessa stefnu, eins og þegar það var til umr. að gerbreyta skattafrv. frá 1940, sem hann átti mestan þátt í, og sótti hann þetta þannig fastast af öllum þm., og flokkurinn stóð á bak við hann. Svo ég held það þurfi ekki að taka það sem neinar sérstakar skammir á Framsfl., því að þetta eru staðreyndir. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, eins og er alveg rétt, og hefði hann mátt hvísla því í eyru hv. 8. þm. Reykv., að það er enginn einn flokkur, sem ber ábyrgð á þessum málum, eins og flokkaskiptingin hefur verið. Það er vitnisburður gegn hv. þm. Str. Það er vitanlega meiri hl. Alþ., sem ber ábyrgð á fjárlagaafgreiðslunni undanfarin ár, og þá bar heldur ekki að ásaka Sjálfstfl., eins og hv. flm. gerði hér í sinni ræðu í dag. Hv. 1. þm. Eyf. sagði hins vegar, að þm. Barð. hefði gert mestar kröfur fyrir sitt kjördæmi undanfarin ár. Ég þori vel að taka þann samanburð upp. Hafi ég gert það, þá var það réttmætt, vegna þess að undir stjórn Framsfl. í 12 ár, meðan Bergur Jónsson var þingmaður kjördæmisins, var vanrækt að úthluta þessu kjördæmi eins og það átti heimtingu á, og það hefði átt að vera gleðiefni fyrir þennan flokk að bæta fyrir vanrækslu sína við þetta kjördæmi undanfarin ár fremur en að ráðast á mig fyrir að standa réttilega á verðinum fyrir mína umbjóðendur. Enda er síður en svo, að þetta kjördæmi hafi fengið meira til sinna framkvæmda heldur en

önnur kjördæmi, eins og ég hef sýnt fram á í umr. um fjárlagaafgreiðsluna.

Hv. þm. Str. segir að ég sé aðalsökudólgurinn. Ég get sagt hv. þm. Str. það í einlægni, að okkur er báðum vel kunnugt um það, mér og honum, að þessi ár, síðan hann fór úr ríkisstj., hefur hann róið að því öllum árum, að þeir menn í Framsfl., sem hafa verið í ríkisstj. síðan, hefðu enga ábyrgð á sínum gerðum í ríkisstj. Sjálfur hefur hann ekki stutt ríkisstj. og gert allt til þess að spilla því samstarfi og reynt að fá ráðh. Framsfl. til að gera þær kröfur til samstarfsmanna sinna í ríkisstj., að það væri ekki hægt að halda samstarfinu áfram. Honum hefur tekizt, m. a. á s. l. ári, að gera það miklar kröfur, að það hlyti að slíta samstarfinu. Þetta veit hv. þm. að er rétt. Hann kann að hafa gert það með þeirri hugsun, að enginn beri ábyrgð á fjármálum þjóðarinnar nema fjmrh.; ef hann hefði ekki nægilegt fylgi í þinginu, þá ætti ábyrgðin að koma á hans herðar, en kröfurnar ættu að vera frá hinum. Þetta er sú pólitík, sem hv. þm. Str. rekur. Hann sagði, að ég væri aðalsökudólgurinn, fjvn. og ég bæri ábyrgð á afgreiðslu fjárl., þó að ég og minn flokkur hafi ekki meiri hl. Ég vil gjarnan fara inn á þessi mál. Ég segi, að einnig ráðh. Framsfl. eigi alltaf að bera ábyrgð á sínum gerðum. Átti ég að bera ábyrgð á 9 millj. kr., sem gerðar voru kröfur um frá ráðh. Framsfl. 1947 og hann gerði að fráfararatriði, ef ekki fengist tekið með? Það var nýbúið að mynda ríkisstj., mánuðum saman hafði verið stjórnlaust í landinu að öðru leyti en því, að fráfarandi stj. sat. Átti ég og minn flokkur að láta það varða samvinnuslitum, að þessar 9 millj. yrðu ekki teknar inn á fjárl.? Mér sýnist það hugsun hv. þm. Str. Þá hefði hann aftur fengið tækifæri til að fiska í gruggugu vatni til að vita, hvort hann gæti ekki orðið menntmrh. eða forsrh. í stj., sem mynduð væri eftir svo og svo margar vikur. En það getur verið, að þjóðin hafi ekki verið á sama máli, að hún hafi heldur viljað greiða 9 millj. til þessara framkvæmda en að þm. Str. væri vikum saman að mynda stj. En ummæli hv. þm. um það, að þetta hafi farið til verklegra framkvæmda, eru röng. Sannleikurinn er sá, að fyrir það, að þessar till. voru teknar inn, varð að fylgja því, að önnur till., um að skera allar verklegar framkvæmdir niður um 15%, yrði samþ. Þetta er að snúa sannleikanum við. Einmitt fyrir það, að þessar till. voru gerðar frá hæstv. menntmrh., sem ekki fékkst til að víkja frá þeim, sjálfsagt fyrir undirróður frá hv. þm. Str., þá varð að samþ. till. um að skera niður verklegar framkvæmdir um 15%. M. a. var ein till. um að byggja hæli fyrir 1 millj., till. um bindindishöll og norræna höll, sem ég fékk tekna út og sett inn í staðinn 300 þús. kr. í hafnarbætur. Svo var m. a. till. um að auka vegabætur í Strandasýslu, skólamál o. fl. En árangurinn af þessu varð sá, að það var skorið niður um 15% af öllum verklegum framkvæmdum, eftir að þessar till. voru samþ., og skorið niður meira af verklegum framkvæmdum en sett var inn. Það var gjöf til dreifbýlisins frá Framsfl. á því ári. Hann spyr, hvort það sé lýðræði, að menn beri ekki ábyrgð á gerðum sínum í stj. og á þingi. Ég spyr hv. þm. Str.: Ber Framsfl. gagnvart þingi og þjóð ábyrgð á því, sem gert var, þegar gefið var Kaldaðarnes? Hvernig er sú ábyrgð? Þar er tekið hæli, sem kostaði ríkissjóð milljónir, og gefið til eins af þm. Framsfl. með þeim árangri, að nú er verið að setja nokkrar milljónir í annan stað til að byggja upp annað hæli. Það getur vel verið, að Framsfl. beri ábyrgð á þessu, — en hvers konar ábyrgð? Ber Framsfl. ábyrgð á því, að keypt var í heimildarleysi verksmiðjan í Silfurtúni, og ber hann ábyrgð á því, að fyrrv. menntmrh. lét úr sjóði ríkisins án þess að spyrja fjmrh.? Og er hægt að koma eftir á og segja: Þetta er sök fjmrh.? Það var eitt af fyrstu verkum menntmrh. að lána „Silla og Valda" 500 þús. kr. úr sjóði útvarpsins til 10 ára, og fjmrh. var ekki spurður um það. Ég gæti haldið áfram í allan dag að sýna fram á, að ráðh. Framsfl. hafa enga ábyrgð á þessum gerðum og hefur aldrei dottið í hug að gera það. — Ég vil að síðustu í sambandi við þetta benda hv. þm. Str. á, þegar hann talar um, að þm. Svía yrðu látnir bera ábyrgð á slíkum gerðum og sænskum ráðh. yrði ekki liðið að gera svona lagað, að þeir hafa aldrei haft framsóknarmenn í sínu þingi.

Mér þykir rétt í sambandi við upplýsingar hv. 1. þm. N-M., úr því hann bar inn í þetta mál óskylt mál, að lýsa yfir, að allan þann tíma, sem minn sonur var í Ameríku, þá fékk hann aldrei yfirfært annað en það, sem l. stóðu til um. Hvað hans synir hafa notað, kemur mér ekki við, en þetta er staðreynd. Ég ætla ekki að ræða það, hvorir hafi verið þyngri á ríkissjóði, sonur Gísla Jónssonar eða synir Páls Zóphóníassonar, en það er eins og það sé ekki hægt að koma þessari ætt út af fjárl.

Hermann Jónasson: Svo það á að fara að samþ. tollskrá eftir á; það eru meinleg örlög, að það er lesið upp á eftir þessari ræðu þm. Str. Það er ómögulegt, að þm. Str. samþ. ekki tollskrána eftir á. Það er sök sér að leggja á skatta eftir á. En að leggja á tolla eftir á! Ég vildi svo svara þessari aths. hv. þm. út af fyrir sig. Ég ætla ekki að fara að ræða það, — það er leiðinlegt umræðuefni að ræða um syni þeirra manna, sem hér eru. En vegna þessara ummæla, sem féllu hjá hv. þm. Barð. um syni Páls Zóphóníassonar — að það sé ekki hægt að koma þeim út af fjárl. —, vil ég taka það fram, að það er kannske eðlilegt, af því að þeir eru svo duglegir námsmenn og hafa stundað námið svo vel, að þeir hafa alltaf fengið verðlaun. T. d. þessir tveir, sem stunduðu nám í Danmörku, fóru báðir með því skilyrði, að þeir tækju ekki atvinnu í Danmörku eftir að þeir hefðu lokið námi, en síðan hefur ráðun. fallizt á, að þeir tækju embætti í Danmörku, af því að þeir voru fremstu menn hvor í sínum skóla. Nú hafa þeir beðið um að fara heim í þjónustu íslenzka ríkisins úr þjónustu danska ríkisins á háum launum. (*GJ:* Það er sorglegt, að danska ríkið skyldi ekki halda þeim áfram.)

Það getur vel verið, að hv. þm. Barð. óski ekki eftir því, að þeir, sem stunda vinnu hjá ríkinu, séu valdir eftir dugnaði, heldur eftir einhverju öðru, því að annað er ekki að hafa á móti þessum mönnum, því að þeir eru duglegir og sérstökum hæfileikum búnir.

Viðvíkjandi því, hvort Framsfl. og ráðh. hans bæru ábyrgð á Kaldaðarnesi og Silfurtúni og þeim ráðstöfunum, þá er því til að svara, að vitanlega bera þeir ábyrgð á því. Ráðh. Framsfl. dettur ekki í hug að skorast undan neinni ábyrgð í sambandi við sölu Kaldaðarness, enda mun þar hafa verið farin heppileg leið, eins og búið var að níða niður þá jörð. Viðkomandi Silfurtúni, þá ber Framsfl. einnig ábyrgð á því. Okkur hefur aldrei dottið annað í hug. Annars var öll ríkisstj. sammála um það. Viðkomandi láni úr útvarpssjóði, þá hygg ég, að það sé ávaxtað í öruggum bréfum, — eða halda menn, að það sé illa tryggt að lána Silla og Valda með fasteignaveði? Hvers konar áróður er þetta? Halda menn, að það sé pólitísk hlutdrægni af hálfu hæstv. menntmrh. að lána þessa fjárhæð til Silla og Valda? Vitanlega ber ráðh. Framsfl. ábyrgð á þessu, enda er þetta ekkert óeðlileg ráðstöfun.

Þá segir hv. þm. Barð., að ég hafi unnið að því að spilla samstarfi flokkanna. Ég gerði þær kröfur, að óstjórninni í íslenzku fjármálalífi yrði lokið. Ég krafðist þess að sjá fram á eitthvað annað en úrræðaleysi ráðh. Sjálfstfl., sem eytt höfðu 175 millj. kr. í halla á ríkisrekstrinum á 3 árum. Framsfl. sá, að á þessari braut varð ekki áfram haldið. En út af því, sem hv. þm. Barð. sífellt vitnar í, að hæstv. menntmrh. hafi ekki fallið frá 10 millj. kr. greiðslum á fjárl., þá voru þetta framlög, sem ákveðin voru í l. frá tímum hinnar svonefndu nýsköpunarstjórnar og ómögulegt var að komast hjá að greiða, eins og hv. 1. þm. Eyf. tók fram. Þetta voru fjárframlög til skólabygginga, sem ekki var hægt að stöðva, því að þá hefðu mikil verðmæti orðið ónýt, ef byggingarnar hefðu verið stöðvaðar í miðju kafi.

Ég skal nú stytta mál mitt, en ég vil benda á, að óstjórnin í okkar fjármálum stafar af því, að hlaðið hefur verið upp þyngri lagabáknum en þjóðin fær risið undir, svo sem skólal., launal. o. s. frv., og af því, að ráðizt hefur verið í framkvæmdir af lítilli forsjálni. Nú er talað um of miklar framkvæmdir og of mikla fjárfestingu, en þessar offramkvæmdir hétu einu sinni nýsköpun og voru stolt Sjálfstfl. En það eru þessar offramkvæmdir og lög eins og launal. og skólal., sem valda þenslunni í fjármálalífinu og dýrtíðinni, sem er að verða óviðráðanleg, og þetta er fjármálastjórn Sjálfstfl., sem átti að mega laga með einu pennastriki, en eftir því pennastriki bíður þjóðin nú. Það er ekki hægt að ganga fram hjá því, að ráðh. ber ábyrgð á þeirri stjórnardeild, sem undir hann heyrir, og Framsfl. ber fulla ábyrgð á því, sem hann hefur gert, og mun þar ekki undan skorast, hvorki t. d. varðandi sölu Kaldaðarness né lánið til Silla og Valda, en á sama hátt á fjmrh. að bera ábyrgð á fjármálum ríkisins, og ef Alþingi samþ. það, sem hann telur sér óaðgengilegt, á hann að segja af sér. Á kreppuárunum 1934—1942 neitaði fjmrh. að taka við óábyrgum samþykktum í fjármálum, og á þessu tókst að rétta við fjárhag ríkisins.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, að Framsfl. hefði innleitt það, að skattar væru lagðir á eftir á, þá er það ekki rétt, því að það var hans eigin flokkur, Sjálfstfl., sem fyrstur gerði þetta og hefur gert í 11 ár og ætlar enn að gera. Það er því auðsætt, að ásakanir hv. þm. Barð. á Framsfl. eru með öllu ósannar, og stendur hann ekki einungis höllum fæti þar, heldur er einnig, eftir að hv. þm. hefur haldið þessu fram, lesið upp þskj., sem ber með sér, að hæstv. fjmrh. ætlar nú einnig að láta tolla gilda aftur fyrir sig, en það er eins dæmi á Íslandi. Hér ræðst hv. þm. því á sitt eigið glerhús. Það er tvímælalaust rétt, að Sjálfstfl. ber að öllu leyti ábyrgð á fjármálaástandinu, og sést nú, hve miklir fjármálaspekingar nýsköpunarpostularnir voru. Þeir hafa tekið íslenzku fjármálalífi gröfina með offramkvæmdum og alls konar útgjaldafrekri lagasetningu. Þeir hafa þannig grafið undan grunni íslenzks fjármálalífs, að illmögulegt er að verjast hruni. Þeir hafa eyðilagt fjárhag ríkissjóðs, og sýnir þetta allt, að Sjálfstfl. á enga fjármálamenn. Þótt hagur ríkissjóðs væri góður um tíma undir þeirra stjórn, þá er það engin saga, því að það er enginn vandi að græða, þegar allir græða, en ásakanir þeirra í garð Framsfl. eru hlægilegar, að hann geti ekki stjórnað fjármálunum, því að það var Framsfl., sem öllu bjargaði 1934. En svo standa þessir menn upp, sem steypt hafa öllu í voða, og fyllast vandlætingu út af aðgerðum annarra í fjármálum þjóðarinnar. Áskorunum þessa fólks er sannarlega ekki hægt að taka þegjandi.

Flm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Fáein orð út af ræðu hv. þm. Barð. Hann var að áminna mig um að taka rétt eftir, en það er alveg óþarfi, því að ég hef tekið rétt eftir, og svo vel vill til, að hv. 1. þm. N-M. ræddi það atriði, sem hv. þm. Barð. taldi mig hafa farið rangt með, og sannaði, að það, sem ég hélt fram, var rétt. Hv. þm. Barð. taldi þessa tollaeftirgjöf litlu skipta fjárhagslega fyrir þá menn, sem byggðu hús fyrir allt að 300 þús. kr. En ég benti á það í gær, að þótt húsin hefðu reynzt svona dýr, þá var áætlað, að þau mundu ekki kosta nema 110—120 þús. kr., og af þeirri upphæð munar talsvert um 7000 kr. Hv. þm. talaði um það, að þessir húseigendur ættu að sækja til Alþingis um hjálp til að losna við hús sín. En það vilja þeir ekki. Þeir vilja búa í þeim, en ekki láta menn eins og hv. þm. Barð. standa fyrir sölu þeirra. Þá vildi hv. þm. gefa í skyn, að ég vissi ekki, hvað heimild þýddi, og vildi halda því fram, að heimild væri allt annað en fyrirskipun. Það kann nú út af fyrir sig að vera rétt, en hingað til hefur það þótt nokkurs konar fyrirskipun eða a. m. k. viljayfirlýsing til ríkisstj., þegar slíkar heimildir eru gefnar. Hins vegar hef ég ekkert ásakað hæstv. ráðh. fyrir að nota ekki þessa heimild til tolleftirgjafar, heldur fallizt á það, að ákvæðin væru óskýr og væri rétt

að hafa þetta allt tvímælalaust, og þess vegna er frv. mitt flutt. Hins vegar er óþarfi að deila um það mikið hér, hvað heimildin hafi átt að þýða; það kemur í ljós við afgreiðslu frv., hvað hv. þm. vilja leggja mikið upp úr því, sem Alþ. hefur áður samþ. — Ég ætla ekki út í umr. á breiðari grundvelli, en vildi aðeins svara því, sem hv. þm. Barð. hreytti í mig út af því, að ég vildi vinna að því að rífa undan fjárhagsgrunni ríkissjóðs.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 383).

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Þetta nál., á þskj. 383, er að því leyti einkennilegt, að það er frá minni hl. fjhn. Undir það rita tveir nm., en það má samt líta á það sem álit n. eða þess hluta n., sem tók þátt í afgreiðslu málsins. Eins og segir í nál., tók þriðji nm., hv. þm. Seyðf., ekki afstöðu til málsins, en hv. 11. landsk. og hv. 4. þm. Reykv. voru fjarstaddir. Nál. var því samþ. mótatkvæðalaust, en það stendur þó, að það sé frá minni hl., þar sem aðeins tveir nm. rita undir það. Þess vegna tók ég sem forseti málið á dagskrá.

Mönnum er kunnugt efni frv., en það er á þá leið, að ríkið endurgreiði hluta af tolli af tilbúnum timburhúsum, sem inn voru flutt á árunum 1945, 1946 og 1947, þannig að tollurinn verði hinn sami og um óunnið timbur hefði verið að ræða. Eins og ástæður ríkissjóðs eru nú, get ég sagt það, að hefði till. um þetta komið fram fyrst nú, þá hefði ég hiklaust verið á móti henni. En ég hef nokkrum sinnum orðið fyrir því að skrifa upp á víxla fyrir menn, og það hefur stundum gengið vel, en stundum líka illa. Ég hef þá talið það sjálfsagt að greiða umyrðalaust, og eins hygg ég, að muni vera um aðra hv. dm., þótt engum muni þykja þetta þægilegt. Ástæðan til þess, að hv. 1. landsk. og ég mælum með málinu, er sú, að okkur finnst, að hv. Alþ. og stj. hafi skrifað upp á víxil, með því að setja í lög endurgreiðslu á tolli að því er snertir hús, sem flutt voru inn árið 1946. Um þau hús, sem flutt voru inn árið 1947, er það að segja, að þau voru pöntuð árið 1946 og að nokkru í trausti þessarar samþykktar Alþ. Að vísu var hér um heimild fyrir stj. að ræða, og þess vegna gætu þessir aðilar ekki innheimt þetta með málssókn. En almenningur lítur jafnan svo á, að treysta megi slíkum heimildum, og við nm. tveir lítum svo á, að Alþ. geti ekki gengið frá þessari samþykkt sóma síns vegna, heldur verði að standa við hana og ákveða, að tollurinn verði endurgreiddur. Við lítum á þetta sem skuld ríkissjóðs. Ég skal játa, að það er ekki álitlegt að bæta á ríkissjóð nýjum útgjöldum, eins og ástandið er, þótt fram úr kunni að rætast, ef fyrirhugaðar ráðstafanir verða gerðar til að létta af byrðunum. Við mundum fúsir taka til athugunar að heimila stj. lántöku til þessarar endurgreiðslu með tilliti til þess, að við skoðum þetta sem ríkisskuld. Það skal að vísu játað, að það verður ekki sagt um öll þessi hús, að þessi ádráttur hafi verið gefinn. Svo er ekki um þau hús, sem flutt voru inn 1945, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er þar bara um þrjú hús að ræða. Það gat verið álitamál, hvort taka ætti þau með, en við sáum ekki ástæðu til að undanskilja þau. — Hv. d. verður svo að ákveða, hvernig hún snýst við málinu, en við ráðum til þess, að hv. d. samþ. frv. Þótt aðeins sé um heimild að ræða, liggur þó í þeirri heimild mikill ádráttur. Heiðarlegir einstaklingar skoða mikinn ádrátt sem loforð, og hv. Alþ. verður ekki ætlað annað en að það hagi sér svipað og heiðarlegir einstaklingar mundu gera.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég verð að byrja mál mitt með því að skýra afstöðu mína til þessa máls, er kann að líta út sem vanræksla. Fundur var boðaður í fjhn. um þetta mál strax að afloknum deildarfundi, en ég hafði þá tilkynnt staðgengli hæstv. forseta, að ég yrði að hverfa af deildarfundi vegna kveðjuathafnar. Þegar ég kom frá kveðjuathöfninni, var mér sagt, að fundur n. væri búinn og störfum n. lokið. Ég verð að segja, þótt hv. form. n. sé prýðilegur maður yfirleitt, þá fannst mér þetta ekki bera vott um sérstaka nákvæmni eða skyldurækni. — Mér er kunnugt, að eftir atkvgr. á Alþ. 1946, er heimildin var veitt, lét stj. fara fram nákvæma athugun á þessu máli, og eru skjöl varðandi þá athugun til í stjórnarráðinu. N. hefði átt að athuga þau skjöl. Bæði *fjmrh. og atvmrh.* stóðu að þessari athugun. Nokkrar upplýsingar munu hafa komið fram síðar, og afleiðingin varð sú, að þegar málið var næst borið upp, var heimildin felld með jöfnum atkv. Síðan fara ekki miklar sögur af málinu, en mér er tjáð, að maður utan þings hafi verið á sveimi með skjal varðandi þetta mál og að 31 þm. hafi skrifað upp á skjalið. Ég tel, að það hefði verið heppilegast að minnast ekki á þetta í grg., að árásir hafi verið gerðar á þm. til þess að fá þá til að skrifa undir skuldbindingar, en það hefur stundum þótt heppilegra að tala við þm. einn og einn heldur en að tala við þá sameiginlega. Ég vænti þess, að hæstv. forseti, sem jafnframt er form. fjhn., fresti umr. og geymi að láta ganga atkv. um málið þar til næsta fimmtudag, svo að við tvímenningarnir fáum tækifæri til að athuga málið og gera grein fyrir atkv. okkar. Jafnvel þótt rétt hefði verið að mæla með þessu 1946, sjá allir, að málið horfir öðruvísi nú. Það vita allir, að húsin hafa hækkað í verði, en annað mál er það, hvort þyngzt hefur í ríkiskassanum að sama skapi. Það verður erfitt fyrir ríkið að greiða nú nær 1 millj. kr. í þessu skyni, og verði það gert, geri ég ráð fyrir, að það komi harðast niður á fjárframlögum til verklegra framkvæmda. Á sama tíma og þessi hús voru keypt inn voru sænsku bátarnir keyptir. Eigendur þeirra hafa orðið fyrir miklum áföllum. Ef þetta verður samþ., þá má búast við, að

fram komi kröfur um, að tollur verði endurgreiddur af sænsku bátunum. Þeir hafa fallið í verði, en húsin hafa stórhækkað í verði. Ég vil ekkert mein gera þessu fólki, margt af því eru kunningjar mínir og vinir, en margt af því hefur góða aðstöðu og þægileg lán með lágum afborgunum og vöxtum, ég man ekki hvort vextirnir eru 4% eða 4½%. Það stendur því vel að vígi, og er ekki fremur ástæða til að vorkenna því en bátaeigendum.

Ég vænti þess, að hæstv. forseti fresti málinu og gefi okkur tíma til að athuga það. Æskilegt væri, að hann kallaði okkur aftur á fund, og það veit ég, að hann gerir, slíkur heiðursmaður sem hann er. Í trausti þess get ég lokið máli mínu nú, en þau atriði, sem ég hef nefnt, mæla öll á móti því, að gengið verði inn á þessa óhappatill.

Forseti (BSt): Nál. er dagsett 1. marz, og nú er 7. marz. Það virðist því svo, að tími hafi gefizt til athugunar á málinu, ef áhugi hefur verið fyrir hendi. (*ÞÞ:* Hvenær var því útbýtt?) Því var útbýtt 2. marz. Samt skal ég verða við þessum tilmælum hv. 11. landsk. um frestun, og er málið því tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 72. og 73. fundi í Ed., 14. og 15. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 181, n. 383 og 425).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. fjhn. lýsti hér afstöðu n. til þessa máls á síðasta fundi deildarinnar. En meðferð fjhn. á þessu máli, sem mundi kosta ríkissjóð um 800 þús. kr., ef samþ. yrði, er algert einsdæmi. Og mig furðar enn meira á þessu, að fyrir þessu stendur hv. forseti deildarinnar. Þegar vitað er, hversu réttlátlega hann tekur á málum yfirleitt hér í deildinni, vekur þessi málsmeðferð hans enn meiri undrun. Það var vitað, að mál þetta, ef það yrði samþykkt, mundi draga á eftir sér þann dilk, sem baka mundi ríkissjóði milljóna útgjöld. Þess vegna hefur þessu máli verið vísað frá Alþ. áður, því að það kæmu þá aðrar kröfur á eftir. — En nú hefur hæstv. forseti deildarinnar leyft sér að afgreiða þetta mál á einum fundi í nefndinni, þar sem aðeins eru viðstaddir 2 nefndarmenn; að vísu er þetta þó kallað minnihlutaálit. — Mál þetta hefur ekki verið rætt við aðila, sem vissulega hefði átt að ræða það við, eins og t. d. fjmrh.

Ég veit ekki, hvers konar málsmeðferð hefur verið viðhöfð hér á þessu máli. Ég er ekki með þessu að ávíta hér beinlínis form. n., heldur hlýtur hér að vera einhver sérstök ástæða fyrir hendi, því að þetta er ekki venja hv. form. n. Hann hefur lýst því yfir, að ef till. kæmi til atkvgr., muni hann greiða atkv. á móti henni. Þetta sannar, að hann er efnislega á móti þessu frv., en jafnframt sannar þetta líka, að hann er knúður til að fylgja þessu máli, þótt hann sé annars á móti því. Nú er þetta einnig gagnstætt venjulegri framkomu hv. þm., og er þetta því enn furðulegra. Hér hlýtur að liggja eitthvað meira á bak við. Það væri gaman að fá að vita, hvaða afl þetta er, sem knýr hv. þm. til að berjast fyrir máli gegn sinni eigin sannfæringu. Hann segir, að það hafi verið sett í lög að endurgreiða toll af tilbúnum timburhúsum, sem flutt hafa verið inn 1946 og 1947, og þess vegna treysti hann sér ekki til að standa á móti þessum endurgreiðslum. Ríkissjóður ætti að standa við sínar skuldbindingar alveg eins og einstaklingar. Þetta er algerlega rangt. Það hefur aldrei verið sett í lög, að ríkissjóður eigi að endurgreiða þennan toll. Hins vegar er það rétt, að ríkissjóði hefur verið veitt heimild með bráðabirgðaákvæðum til þess að endurgreiða þennan toll. Og er nú ekki munur á lögum eða heimild í lögum? Nú er það enn fremur vitað, að þessi heimild í lögum hefur ekki verið notuð, því að viðkomandi ráðh., sem kynnti sér málið betur, fullvissaði sig um, að það væri ekki rétt að endurgreiða tollinn. Nú er það vitanlegt, að á þeim árum var fé til, svo að hægt hefði verið að endurgreiða tollinn, en ráðh. taldi það ósanngjarnt. Hann mun hafa leitað umsagnar tollstjóra o. fl., er bezt gátu um þetta sagt. Hv. frsm. er ljóst, að ríkissjóður þolir ekki að taka á sig þessi útgjöld, og því bætir hann gráu ofan á svart og vill heimila ríkisstj. að taka lán til að endurgreiða tollinn. Þetta hefði mátt segja mér tvisvar, ef ég hefði ekki hlustað á orð hv. frsm. með eigin eyrum. Ég veit ekki, hvaða afl þetta er, sem knýr hv. þm. til að fylgja þessu máli. — Hann segir, að aðalástæðan til þess, að hann fylgi þessu máli, sé, að gefinn hafi verið ádráttur eða loforð til að endurgreiða þennan toll. En þetta er ekki rétt. Það hefur aldrei verið gefinn neinn ádráttur og því síður loforð um að endurgreiða tollinn, heldur hefur það aðeins verið heimilað, veitt heimild til þess í lögum, og á þessu er reginmunur.

Ég vil spyrja hv. 1. þm. Eyf., hvers vegna hann tekur ekki þessa afstöðu í öðrum málum einnig. Hann hefur verið form. fjhn. í mörg ár og haft til meðferðar skattalöggjöf, sem samþykkt hefur verið hér. En hversu oft hefur hann ekki verið með í því að taka til baka loforð, sem gefin hafa verið í skattalögum undanfarinna ára? Oft hefur skattalögunum verið breytt, og þau eru látin verka aftur fyrir sig. Hefur hv. þm. þá ekki reynt að fá þessu breytt? O-nei. Hér skýtur einhverju skökku við. Hann ætlast til, að ríkissjóður geti ekki breytt neinu í sambandi við útgjöld sín. Hann hefur gleymt þessu, að skattalögin fá ekki staðizt frá ári til árs. Þessu er öllu breytt, og það af þeim ástæðum, að þarfir ríkisins krefjast þess. Og hvenær hafa þarfir ríkisins verið einmitt meiri en nú?

Ég vil upplýsa hv. deild, að í öll þau skipti, sem þetta mál hefur verið hér til meðferðar, hefur legið frammi krafa um það að endurgreiða toll af Svíþjóðarbátunum, og núv. fjmrh. hefur sótt það fast, að hann verði endurgreiddur. Ef þessi till. verður samþ. nú, tel ég einnig rétt að samþykkja að endurgreiða tollinn af Svíþjóðarbátunum. Það má ætla, að þessar

tollaendurgreiðslur yrðu þá á 2. millj. kr. Ef þetta mál verður samþ., koma einnig kröfur frá þeim mönnum, sem smíðuðu hér báta innanlands og töpuðu á flutningi timbursins vegna gerræðis ríkisstj., þ. e. a. s., þeir töpuðu vegna þess, að þeim var neitað um innflutning á timbri á þeim tíma, sem þeim var hagkvæmast. Fyrir þessari endurgreiðslu mundi því liggja enn rökfastari krafa.

Þá má enn minna á það, að 1947 hvatti ríkisstj. menn til að salta sinn fisk í því augnamiði að létta á freðfiskmarkaðinum. Það var betra að jafna magninu og hægara að selja saltfiskinn. Ríkisstj. gekkst sem sagt fyrir því að taka upp söltun fisksins. Hún lofaði þá að greiða með ákveðnu verði. Síðan var fiskurinn látinn liggja 1947—48 með þeim árangri, að hann rýrnaði stórlega við geymsluna. Af þessum sökum töpuðu fiskframleiðendur millj. kr. Þess vegna hafa líka fiskframleiðendur krafizt þess að fá þetta tjón bætt upp. Og þetta get ég fallizt á að sé réttmæt krafa. En Alþingi vildi ekki samþ. að greiða neina uppbót, m. a. vegna þess, að þessi mál héngu öll saman, og því ekki hægt að taka eitt út úr og veita þeim aðila uppbót, en öðrum ekki.

Nú skulum við líta hér á 3 atriði, er snerta þetta mál og sérhver þarf að gera sér ljós: 1) geymsla saltfisksins, 2) tollurinn af Svíþjóðarbátunum og 3) smíði bátanna innanlands. Ég álít, að kröfurnar varðandi þessi 3 atriði eigi allar meiri rétt á sér en krafan um endurgreiðslu á tollum timburhúsanna. Ég hygg, að þeir, sem samþykkja þetta frv., gætu ekki staðið sig við að fella aðrar kröfur um hliðstæðar uppbætur, og það m. a. s. uppbætur, sem ég tel, að eigi miklu meiri rétt á sér. Þá er komið að alvarlegustu hlið þessa máls, en hún er sú, að þetta mundi baka ríkissjóði nokkurra milljóna kr. útgjöld. Hv. þm., sem fylgja þessu frv., ættu að gera sér þetta ljóst.

2. minni hl. fjhn. hefur gefið út annað nefndarálit, og virðist það ekki hafa verið rætt á fundi nefndarinnar, heldur virðist það hafa verið samið sérstaklega. E. t. v. mun ég ræða nánar síðar það atriði, að ekki er hægt að taka þetta mál þannig út úr, en neita að taka til greina aðrar uppbætur. Ég vil vænta þess, að hv. alþingismenn sjái nauðsyn þess að fella þetta frv. Hér hafa ekki verið gefin nein loforð frá ríkisins hálfu, sem þurfi að undirstrika með þessari lagasetningu. — Ég greiði atkv. á móti þessu frv., en áskil mér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr., ef frv. verður samþ. til 3. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við þetta mál fram yfir nefndarálitið á þskj. 425, einnig það, sem ég hef áður sagt í þessu máli, og nú það, sem fram hefur komið í ræðu hv. þm. Barð. Nú geta menn séð hina réttu hlið á hv. 1. þm. Eyf., sem ber þetta mál fram. Hvað það er, sem fær hann til að fylgja þessu máli, er fleirum en mér ráðgáta. — Ég vil þó nú biðja afsökunar, hversu nefndarálitið frá mér var seint tilbúið. Ég verð líka hér að taka upp hanzkann í einu atriði fyrir hv. 1. þm. Eyf. viðvíkjandi þeirri ádrepu hv. þm. Barð., að fáir hefðu verið viðstaddir, er mál þetta var afgr. á nefndarfundi. Það er rétt, að ég var boðaður á þann fund, er mál þetta var afgreitt í nefndinni, en þá stóð svo á hjá mér, að ég þurfti að vera við jarðarför eins ágæts bónda í Dalasýslu, er áður fyrr var framsóknarmaður. Ekki vildi ég svo skilja við þennan sæmdarmann, að hann væri ókvaddur, og því gat ég ekki mætt á nefndarfundinum. — Þegar ég kom aftur á fundinn, var búið að ljúka honum, og tveir nm. höfðu undirbúið að koma saman nál., auk forseta vors hæstv., en sá 3. gaf ekki upp neina afstöðu. Þegar svo var komið, gerði ég atrennu til að ná tali af hv. 4. þm. Reykv., en þar var ekki önnur gögn að fá, en eins og þm. vita, þá var það heimilað ríkisstjórninni 1946, með till., sem samþ. var í Sþ., að hún mætti endurgreiða toll af þessum húsum. Ég hef nú farið í gegnum þau gögn, sem formaður nefndarinnar útvegaði, en ég get ekki fylgt þessu máli. Eitt af þeim skjölum, sem ég hef séð í sambandi við þetta mál, er undirskriftaskjal eitt mikið, sem undirritað hefur verið með 31 þingmannsnafni, innan og utan þings, og mun bankamaður nokkur hafa staðið fyrir þessari undirskriftasmölun fyrrverandi og núverandi þm. Að vísu kom þessi sendiherra ekki á minn fund til þess að segja mér að skrifa fyrir fram undir, en undirskriftafargan sem þetta er hreinn ósómi og nær engri átt, að þm. sé ætlað að binda sig þannig fyrir fram með undirskriftum varðandi fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Það eru ekki innanþingsmenn, sem staðið hafa fyrir þessu, heldur aðkomandi menn, en þó er því svo varið, að ég sá í afriti, að af þeim 31 manni, sem undirritað hafa þetta skjal, hafa 8 aðeins einhvern tíma átt sæti á Alþingi. Það kann að vera, að hér sé aðeins um fyrstu leit að ræða á skjalið og meira eigi eftir að bætast við í annarri og þriðju leit. Þá gæti komið enn meira á þetta smölunarskjal í þeim atrennum. Það er nú æði langt um liðið síðan fyrsta krafan kom um endurgreiðslu á þessum tolli, og sú elzta er víst 6 ára, en það var 1945, og eru því sex ár liðin, og nú á því herrans ári 1950 er seilzt svo langt til baka, en slíku hljóta alltaf að vera nokkur takmörk sett, og ekki hvað sízt í máli sem þessu. Það er talað um, að því fólki, sem byggt hafi þessi hús, sé vorkunn, að það hafi þurft að greiða þennan toll, en þó er það nú svo, að það mun vera í alla staði betur sett að hafa lagt í að byggja þau heldur en að það hefði látið það vera. Þessar húseignir hafa nú mun meira verðgildi en á þeim tíma, sem þau voru byggð, og er ekki ósanngjarnt að álíta, að eigendur þeirra gætu haft mikinn fjárhagslegan hagnað af sölu þeirra, því byggingarkostnaður allur hefur mjög aukizt frá því þau voru byggð, en eftirspurn mikil eftir húsnæði. Hafa þessir menn því grætt mikið við framtak sitt. Alþingi er heldur ekki bundið neinu loforði í þessu máli, en ályktunin frá 1946 er aðeins heimild fyrir ríkisstjórnina að endurgreiða þennan toll, ef hún sjái sér það fært. Inn í þessar umr. hafa að nokkru verið dregnir bátar þeir, sem keyptir

voru frá Sviþjóð. Raddir hafa verið um það, að eðlilegt væri að endurgreiða þann toll, sem greiddur hafi verið af þessum skipum. Menn gengu til þessara kaupa fyrir það, að ekki var hægt að smíða hér á landi þá stærð báta, sem menn vildu festa kaup á, og hins vegar var málum svo háttað, að þær skipasmíðastöðvar íslenzkar, sem tóku að sér smíði hinna minni skipa, höfðu svo mikið að gera, að ekki var viðlit fyrir menn að komast þar að, fyrr en þá seint og síðar meir. En menn vildu fá báta sína strax, og ekki stóð á fjármagninu á þeim tíma. Hér er því um nokkurn eðlismun að ræða, því að það er kunnara en frá þurfi að segja, að með innflutningi sænsku húsanna var nokkur atvinna tekin frá innlendum iðnaðarmönnum, og ekki munu þessi hús hafa verið neitt ódýrari upp komin en venjuleg steinhús. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um þetta, munar 30 kr. á hverjum m^3 hvað sænsku húsin voru ódýrari en venjuleg steinhús. Nánar tiltekið kostaði rúmmetrinn í steinhúsi á þeim tíma, sem sænsku húsin voru byggð, kr. 293,00, og í þeim sænsku kr. 264.00. Hér er því ekki mjög mikill munur á. Ég verð nú að beina því til þeirra manna, sem staðið hafa með þessari endurgreiðslu á tollinum 1946 og samþ. þáltill. þá, að nú er nokkur munur á ástandinu. Nú er svo komið, að varla finnst eyrir í ríkiskassanum, og það er tómahljóð á þeim kassabotni. Það er sitt hvað að hlaupa undir bagga á góðæris- og fengsælum tímum en þegar svo gerólíkt viðhorf hefur skapazt, eins og raun ber vitni um, að hefur gerzt í fjármálum ríkisins. Það gæti dregið slæman dilk á eftir sér að fara nú að samþ. frv. sem þetta og bæta þannig einum pinkli enn á hana gömlu Skjónu, sem er orðin söðulbökuð af þungri byrði.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég skal ekki tala langt mál að þessu sinni. Ræður þeirra hv. þm. Barð. og hv. 11. landsk. þm., frsm. 2. minni hl., skiptast í 2 kafla. Í öðrum kaflanum ræddu þeir um vinnubrögð fjhn., en í hinum um sjálft frv., sem hér liggur fyrir. Hv. þm. Barð. talaði um vinnubrögðin í nefndinni og taldi þau hafa verið með endemum. Ef afgreiðsla þessa frv. er með endemum af hendi fjhn., þá vil ég ekki ganga undir það, að ég eigi þar alla sök. Ég sem formaður n. boðaði fund um málið og það skriflega, afhenti það verði í þinginu, sem kom aftur með tilkynninguna, þar sem staðfest var, að allir nm. höfðu séð fundarboðið og enginn þeirra hafði tilkynnt fjarvist á væntanlegum fundi, nema hv. 11. landsk., sem ekki gat mætt af ástæðum, sem hann nefndi. Hv. þm. Barð. sagði, að málið hefði verið afgr. á fundi, þar sem aðeins 2 nm. hafi verið viðstaddir. Þetta er rangt hjá hv. þm. Málið var rætt á tveim fundum með viku millibili, og það voru ekki 2 mættir, heldur 3, eða löglegur meiri hluti nefndarinnar. Ég get enga ábyrgð tekið á því, þótt þriðji nm. hafi ekki viljað taka afstöðu til málsins, hvorki með né móti. Ég held því, að meðferð þessa máls í fjhn. hafi verið eftir öllum atvikum forsvaranleg. Hv. þm. Barð. hneykslaðist yfir því, sem ég lét uppi við 1. umr. málsins, og sagði, að afstaða mín væri hvergi eins nú, því ég hefði þá verið á móti, en vildi nú samþykkja. Hann virtist vera að grafast eftir því, hvað hefði þvingað mig til slíkrar afstöðu. Því lýsti ég yfir í framsöguræðu minni. Ég er ekki svo kristilega sinnaður maður, að ég taki að mér að greiða skuldir fyrir aðra menn að ástæðulausu, en ef ég skrifa upp á víxil fyrir mann og hann getur ekki greitt hann, þá greiði ég hann umyrðalaust. Mér finnst, að Alþingi hafi í þessu máli skrifað upp á víxil, sem það hafi ekki siðferðislegan rétt til að hlaupa frá. Ég lít svo á, að það sé siðferðisleg skylda Alþingis að standa skil á þeim víxli, engu síður en einstaklinganna. Það er rétt, að í ályktun þingsins fólst ekki skipun, heldur heimild, en ég hygg, að slíkar heimildir í lögum séu almennt skoðaðar sem loforð. Þetta loforð var gefið, og knýr það mig til að mæla með framgangi frv. Alþingi verður að standa við loforð sín. Hv. þm. Barð. talaði um, að ég tæki ekki sömu afstöðu í öðrum málum, sem svipað væri háttað um. Það kannast ég nú ekki við. Ég man t. d. ekki eftir því, að það hafi verið gefið neitt loforð af þingsins hálfu um að endurgreiða toll af Sviþjóðarbátunum, eins og gert var varðandi tollinn af þessum húsum. Nú, hvort Sviþjóðarbátarnir eða annað ætti meiri rétt á því í raun og veru, burtséð frá þessu, er svo annað mál, sem ég ætla ekki að ræða. En mín afstaða til þessa máls byggist á því, að Alþingi hefur gefið ádrátt, sem aðilarnir skoða sem loforð og hafa treyst, ekki síst vegna þess, að það er, eins og hv. 11 landsk. lýsti, að alþm. óskuðu þess skriflega, að heimildin yrði notuð, og kemur það ekki málinu við, þótt sumir þessara hv. þm. séu nú farnir af þingi. Og þótt till. væri felld, að mig minnir með jöfnum atkv., í Sþ., þá voru margir fjarverandi, og þessar undirskriftir voru einmitt gefnar til áréttingar á þessu. (*ÞÞ: Tveim árum seinna.*) Það skiptir ekki máli. Þar sem hv. þm. Barð. fór að tala um, að hv. 2. minni hl. hefði ekki haft tækifæri til að ræða málið í n., þá vil ég aðeins skírskota til þess, sem ég hef áður sagt í því sambandi. Þar að auki hefur hv. 11. landsk. viðurkennt í sinni ræðu, að ég hafi verið honum mjög hjálplegur hvað snertir þetta mál.

Þá er það eitt atriði, sem fram hefur komið hjá báðum þessum hv. þm., sem á móti frv. hafa talað, og þó sérstaklega hjá hv. 11. landsk., og það er, að hægt hefði verið að smíða þessi hús í landinu og því hafi verið tekin af mönnum vinna með innflutningi þeirra og því sízt ástæða til þess að veita þeim sérstök hlunnindi, sem þau fluttu inn. En þegar við rennum huganum aftur til þess tíma, man ég ekki betur en þá hafi ekki verið hægt að fá iðnaðarmann af nokkru tagi til nokkurs hlutar. Allir virtust hafa nóg að gera og vera alveg uppteknir. Meðfram þess vegna var því farið að hugsa um innflutning á þessum húsum. Á þeim tíma þurfti ekki fjárfestingarleyfi eins og nú. Það vantaði þá menn til bygginga og allra mögulegra hluta, svo að ég held, að það fái

ekki staðizt, að margir hafi verið sviptir atvinnu sinni við þennan innflutning. Einnig má svo minna á, að almenningur var hvattur til þess, með góðu samþ. hæstv. þáv. ríkisstj., að flytja inn þessi hús.

Að ég tók nú til máls, var aðallega til þess að bera af mér sakir sem form. fjhn., en ekki til þess að ræða efni frv.; það býst ég við, að hv. flm. sé fullfær um að gera.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég sé mér ekki annað fært en að hrekja nokkuð af því, sem hefur nú komið fram í málinu, og einnig hygg ég, að það sé nauðsynlegt að fara nokkuð yfir málið almennt, því að langt er nú liðið síðan það var til 1. umr.

Forsaga þess er sú, að hér á Alþingi var farið að ræða um möguleikana á því, að menn gætu byggt ódýrari hús en hér hafði þekkzt, vegna hins mikla húsnæðisskorts, sem þá var. Komu þá til umr. þessi sænsku timburhús, sem hægt væri að flytja inn í tilbúnum flekum. Var og mikið mælt með þessu af ýmsum hv. þm. N. var sett í málið, til þess að rannsaka, hve mikill ávinningur væri að þessu, og voru menn jafnframt hvattir til að kaupa þessi hús og flytja inn. En það kom í ljós, er farið var að athuga, að efnið í þessum húsum var alls ekki eins vel unnið og ætlað hafði verið og jafnvel mikið af því óunnið. En þrátt fyrir það var það sett í tollskrána undir unnið efni og tollur heimtur af þeim eftir því.

Svo var það litlu síðar og eftir að aðeins nokkur hús höfðu verið flutt inn, að sú heimild, sem hér um ræðir, var veitt og þar með samþ. að endurgreiða tollinn af þessum húsum. Þessi heimild var því að mestu leyti veitt fyrir fram, og í trausti þess, að hún yrði notuð, fluttu menn svo húsin inn. Það er nú kannske rétt að staldra svolitið við heimildina, því að mér hefur heyrzt á tveim hv. þm., að þeir teldu hana einskis verða. En ég vil geta þess, að almenningur lítur öðruvísi á það atriði. Þegar Alþingi samþykkir heimild til hæstv. ríkisstj., er og hefur almennt verið litið svo á, að það sé sama og skipun frá Alþingi til ríkisstjórnar. En um það, hvort þessi skilningur sé réttur, mun nú atkvgr. í hv. d. skera úr. En sem sagt, strax í byrjun er það ákveðið af Alþingi, að ríkisstj. skyldi endurgreiða þennan toll. Þeir tveir hv. þm., sem talað hafa hér á móti málinu, hafa mikið lagt upp úr því, að þessi endurgreiðsla á tollinum sé talin svo ósanngjörn, að þess vegna komi hún ekki til greina. En í bréfi því frá tollstjóra, sem hv. þm. Barð. var að lesa upp úr máli sínu til stuðnings, koma hvergi fram þau gögn, sem geri það óeðlilegt að endurgreiða þetta. Hitt liggur fyrir, að skýrslusöfnun um málið er fyrst framkvæmanleg, þegar lög sem þessi hafa verið samþ.

Um það, hve mikið falli í hlut hvers manns af þessu, var rætt hér við 1. umr. Nú segir hv. 11. landsk., að það muni verða 20, 30 eða jafnvel 40 þús., en ég vil upplýsa hv. þm. um, að það verða aðeins 7—8 þús. kr. Ég vil einnig upplýsa, að margir þessara manna hafa orðið að taka stór og þungbær lán, og þótt peningamennirnir telji þessa endurgreiðslu á tollinum ekki miklu varða fyrir hvern einstakan, þá er það nú svo, að þeir binda við hana miklar vonir.

Um störf n. vil ég segja það, að hún komst fljótt að þeirri niðurstöðu, að þessi hús mundu ekki verða eins góð og þetta eins mikil happakaup og sagt hafði verið, en hæstv. þáv. ríkisstjórn gerði ekkert til þess að stöðva innflutning húsanna, þrátt fyrir þessa niðurstöðu nefndarinnar. Má því segja, að hún hafi með því bundið sér nokkurn siðferðislegan bagga. — Ég vil svo undirstrika það, sem hv. fyrri þm. Eyf. sagði viðvíkjandi ræðum þeirra hv. 11. landsk. og hv. þm. Barð. Einnig vil ég undirstrika, að hér er um að ræða greiðslu, sem mennirnir, er keyptu húsin, áttu ekki von á að þurfa að greiða og Alþingi hefur lofað að endurgreiða, og því loforði munu þeir treysta, þótt seint sé orðið, þar til annað kemur fram. Ég vil og taka það fram, að það voru fleiri en eigendur húsanna, sem töldu fyrrgreinda heimild vera loforð af hálfu Alþingis. Það gerðu einnig nokkrir hv. þm. í Sþ., er þeir gerðu þá grein fyrir atkv. sínu, þegar það kom til atkv. við fjárlagaumr. að setja þessa heimild á heimildargrein fjárlaganna, að þeir teldu þessa heimild þegar vera fyrir hendi. Þeirra skilningur var sá sami og almennings, að undirrituð áskorun rúml. 30 þm. væri heimild, sem bæri að framkvæma, og vona ég, að sá skilningur verði framvegis lagður í heimildarsamþ. Alþingis, eins og hingað til.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Ed., 20. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki mætt á þeim fundi hv. fjhn., sem afgreiddi þetta mál. Það skal játað, að eðlilegt er, að þeir af eigendum þessara húsa, sem sjálfir byggðu húsin í upphafi, um það leyti, sem heimildin til endurgreiðslu tolla af þeim var veitt, höfðu og hafa ástæðu til þess að ætla, að sú heimild sé notuð, því það er ekki venja að veita slíkar heimildir án þess að það sé meining þess þingmeirihluta, sem samþ. þær, að þær séu notaðar, nema eitthvað sérstakt komi til. Ég tel það því mjög eðlilegt, að þeir hv. þm., sem samþ. þessa heimild á sínum tíma, séu sama sinnis nú. Hins vegar get ég ekki neitað því, að mér finnst örðugt fyrir aðra þm. að greiða þessu frv. atkv. Hér er um að ræða greiðslu úr ríkissjóði, sem nemur eitthvað um 800 þús. kr. til á milli sextíu og sjötíu húseigenda, og mun láta nærri, að í hlut hvers þeirra komi 10—12 þús. kr. Nokkur þessara húsa hafa nú skipt um eigendur síðan þessi heimild var veitt, og sé ég ekki í frv. nein fyrirmæli um það, hver eigi þá að njóta endurgreiðslunnar, en líklega eru það þá núverandi eigendur þeirra. Mín skoðun er sú, að miklu meiri ástæða væri til að nota þessar 800 þús. kr. til þess að hjálpa mönnum að koma sér upp íbúðum nú í húsnæðisvandræðunum, sem alltaf eru að verða meira og meira böl. Ekki sízt þegar þess er gætt, að síðan þessi hús voru reist, hafa húseignir hækkað mjög í verði, og án efa

eru mun betri láns- og vaxtakjör á þessum húsum en nú gerist almennt.

Ég vil nú ekki segja, að það sé alveg rétt, sem sagt er í nál. hv. 2. minni hl., að víst megi telja, að nú sé söluverð þessara húsa langt yfir kostnaðarverði. Þetta gildir a. m. k. ekki um öll húsin. En á því er ekki nokkur vafi, að hús hækka í verði, og þar við bætist, að Alþingi hefur nú samþ. l. um gengislækkun, sem leiða mun til þess, að útlenda efnið í húsin, byggingarefnið, hækkar í verði sem gengislækkuninni nemur. Loks er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að margir voru á þessum tíma hvattir til þess að kaupa fullsmíðaða gripi frá Svíþjóð, en þeir eiga ekki eftir þessum l. að fá endurgreiðslu á tollunum. Ég fæ því ekki séð, að það sé snefill af sanngirni í því að veita þessum mönnum endurgreiðslu, nema einnig að veita endurgreiðslu á tollum af Svíþjóðarbátunum, því að það er víst, að þeir eru verr settir með sínar eignir heldur en þessir menn. Ég sagði í upphafi máls míns, að ég teldi það eðlilegt, að þeir, sem samþ. heimildina um endurgreiðslu tollanna af þessum húsum, væru sama sinnis enn. Ég var ekki einn af þeim, sem sáu ástæðu til þess að skuldbinda sig til að innleysa þennan víxil. Ég get því ekki stutt þetta mál né greitt þessu frv. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja umr. mikið, en vil þó aðeins svara nokkru af því, sem kom fram við umr. síðast. Frsm. n., hv. fyrri þm. Eyf., skipti umr. um málið í tvo kafla. Annar kaflinn var ádeila á meiri hl. fjhn., en hinn efnislegar umr. um málið. Ég vil nú benda á, að málið var aðeins tekið fyrir á tveimur fundum í n. Annar þeirra var haldinn 13. jan. og þá engin ákvörðun tekin, hvorki efnislega um málið né ákveðið að senda það til umsagnar ákveðinna aðila. Nú er það hins vegar ljóst, að þegar um svo mikið fjárhagslegt atriði er að ræða eins og í þessu máli, hefði verið eðlilegt og sjálfsagt að senda það til umsagnar ákveðinna aðila, t. d. þáv. fjmrh., en ekkert slíkt var þó gert. Og sérstaklega hefði verið nauðsynlegt að ræða þetta mál og afgreiða ásamt þrem öðrum skyldum málum, sem tvinnast öll saman, en það eru, eins og ég hef áður tekið fram, endurgreiðsla á tollum af Svíþjóðarbátunum, endurgreiðsla á tollum til þeirra, sem byggðu bátana innanlands, og greiðsla vegna rýrnunar á saltfiski 1947. Öll þessi mál voru rædd sameiginlega í fjvn. á sínum tíma, og var það gert vegna þess, að ekki þótti fært að gera efnislega upp á milli þeirra og slíta þau í sundur. Síðan er málið tekið aftur fyrir í n. 28. febr., og voru þá aðeins mættir þrír hv. nefndarmenn, en einn þeirra vildi ekki að svo komnu máli taka afstöðu til málsins. Þessi afgreiðsla er slík, að mér finnst hún, vægast sagt, mjög ólík hæstv. forseta, jafnábyrgum manni og honum, að hann skuli leyfa sér að afgreiða þetta mál alveg óupplýst með aðeins þrem mönnum mættum á fundi og gefa síðan út nál., sem er, eins og hæstv. forseti segir sjálfur, aðeins byggt á einhverju loforði, sem Alþingi á að hafa gefið á sínum tíma. Ég hef hér aðeins dregið fram staðreyndir, en er ekki að ásaka hv. fjhn. fyrir vinnubrögð hennar yfirleitt.

Þá vil ég víkja efnislega að málinu. Hv. þm. sagði, að þegar hann hefði skrifað upp á víxil, þá vildi hann standa við sínar skuldbindingar, og hér hefði Alþingi skrifað upp á víxil, sem því væri skylt að láta greiða. Þetta tel ég vera algeran misskilning hjá hv. þm. Alþingi hefur aðeins heimilað ríkisstj. að greiða þetta, og ríkisstj. hefði bakað sér ábyrgð, ef hún hefði greitt þetta í heimildarleysi. En með heimildarsamþ. á Alþingi var því aðeins skotið til ríkisstj. til athugunar, hvort hún teldi fært að greiða þetta eða ekki. Af þessum ástæðum er það alveg rangt, að Alþingi hafi skrifað upp á nokkurn víxil. Eftir að heimildin hafði verið samþ. á Alþingi, var þetta athugað af hæstv. ráðh., og þótti honum ekki ástæða vera til að greiða þetta. Nú er það vitað, að ráðh. taka það alltaf á sig að gera eitthvað eða láta vera að gera það. Vegna aðgerða sinna eða aðgerðaleysis geta þeir svo bakað sér ábyrgð, sem getur orðið til þess, að þeim er vikið úr stöðunni eða jafnvel dregnir fyrir landsdóm. Ef nú hlutaðeigendur væru þeirrar skoðunar, að hér hefði verið gefið loforð, sem ríkisstj. hefði svo svikið, gætu þeir hafið mál á hendur fyrrv. ríkisstj. eða einstökum ráðh. og sótt rétt sinn hina lagalegu leið. En þeir mundu bara tapa málinu, og það vita þeir, vegna þess að Alþingi hefur aldrei skrifað upp á neinn víxil fyrir þá. Þetta ættu hv. þm. einnig að vita og þá ekki síst hv. 8. þm. Reykv., sem er lögfræðingur. Það eru því alröng rök, sem hv. fyrri þm. Eyf. byggir afstöðu sína til málsins á. Þá sagði hv. þm., að hvort sem Alþingi á sínum tíma hefði gert rétt eða rangt, þá ætti það að standa við skuldbindingar sínar, og minntist í því sambandi á það, sem ég hefði sagt um benzínskattinn. En ég talaði bara aldrei um benzínskattinn, heldur um skattalöggjöfina, og er hún að vissu leyti mjög hliðstæð þessu. Hvað er það t. d. annað en að svíkja gefin loforð skattþegnunum til handa, þegar Alþingi s. l. laugardag samþ. lög, sem skipa fyrir um nýjar skattaálögur? Slíkar ráðstafanir hefur hv. frsm. verið með í að samþ. svo til á hverju þingi, og ætti það því ekki að koma við neina kviku í honum, þótt dregið væri nú til baka eitthvað, sem gefin hafa verið hálfgildings loforð um eða minna en það. En þá, sem ekki hafa dregið undan skatti og safnað fé eða eignum, þrátt fyrir hin ströngu skattaákvæði, þá menn svíkur nú Alþingi með því að taka stórkostlegan skatt af fé því, sem þeir hafa safnað, en hefðu kannske ekki gert, ef þeir hefðu vitað um skattaákvæði 1950. Það eru því ekki rétt rök, sem hv. þm. færir máli sínu til stuðnings, og hlýtur eitthvað annað en þetta að valda fylgi hans við það.

Ég vil þá koma örlítið að því, sem hv. flm. sagði. Hv. þm. sagði það vera forsögu þessa máls, að menn hefðu farið að leita fyrir sér um að fá ódýrari hús en til þess tíma höfðu tíðkazt. Þetta má vel vera rétt. En sannleikurinn er sá, að málið var ekki undirbúið sem skyldi og því þrykkt í gegnum þingið mest óathuguðu. Á þetta var m. a. bent allrækilega bæði af mér og öðrum á þeim tíma, sem töldum vera af

þessu mjög vafasaman hagnað. Ég vil benda á, að það að byggja á annað hundrað timburhús í einum hnapp hlýtur að auka brunahættuna í bænum og þar með hækka brunatryggingagjöldin ekki einungis af þessum húseignum, heldur af öllum húseignum í bænum. Svo það eru ekki eigendur sænsku húsanna einir, sem ættu að fá endurgreiðsluna í sinn hlut, ef út á þá braut væri farið. Þetta kom einmitt í ljós, þegar n. athugaði málið. Það var því frá þjóðhagslegu sjónarmiði rangt og fyrir fólkið sjálft óhagstætt að kaupa þessi hús. Hv. flm. segir, að það hafi örvað innflutninginn, að þessi heimild var veitt. En þetta er rangt, því að það var búið að panta húsin og flytja þau flest inn, þegar fyrrgreind heimild var veitt. Ég vil nú spyrja í sambandi við þetta, hvernig hugsar flm. sér, að önnur gr. frv. verði framkvæmd? Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þeir, sem eru eigendur húsanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fá tollendurgreiðsluna.“ En hvað um þá menn, sem fluttu húsin inn, en eru búnir að selja þau? Er það ætlun hv. flm., að öll upphæðin, 800 þús. kr., eigi að skiptast milli þeirra, sem í upphafi fluttu húsin inn og eiga þau enn, svo að hlutur þeirra hækki hlutfallslega, eða er það ætlunin, að upphæðin skiptist jafnt á öll húsin? Hvað eru þá mörg hús seld, og er ætlazt til að endurgreiða toll af þeim líka? 2. gr. segir ekkert um það. Ef ekki á að endurgreiða tollinn þeim mönnum, sem hafa selt húsin, af því að þeir hafa selt þau fyrir hærra verð, þá er sjáanlegt, að þeir, sem eiga húsin, hafa meira verðmæti. Það er óhætt að ákveða með 2. gr. að greiða eingöngu fé til þeirra manna, sem nú eiga húsin, en ekki til þeirra, sem hafa selt þau. Ég held, að það sé ekki ástæða til að endurgreiða tollinn, en ef hann er endurgreiddur, þá held ég, að það sé sjálfsagt að endurgreiða hann öllum, líka þeim, sem hafa selt, og ef hv. flm. ekki neitar því, þá viðurkennir hann, að húsin séu meira verðmæti heldur en þau kostuðu, sem er alveg rétt, og þess vegna er engin ástæða til að endurgreiða tollinn, vegna þess að þessir menn, þrátt fyrir þennan toll, hafa meira verðmæti í höndunum í dag heldur en þeir höfðu áður.

Hv. þm. spurði, hvers virði þessi heimild væri, og vildi láta líta svo út sem hér sé ekki um það að ræða, hvort eigi að greiða þessum mönnum tollinn, heldur hvort Alþ. eigi að standa við sín loforð. Ég get upplýst, að þessi heimild er þess virði sem hver ríkisstj. metur hana. Það er ekkert nýtt, að heimild hafi fallið niður og ekki verið notuð, af því að viðkomandi aðili hefur ekki viljað bæta því á ríkissjóðinn. Ég veit ekki betur en að á þessu ári hafi verið heimild til að greiða öll áfallin sjóveð báta frá síðustu síldarvertíð, en það er ekki farið að greiða einn eyri. Heimild er einskis virði, ef ríkissjóður hefur ekki fé, en ef það er sett inn í l., eins og hér á að gera, þá er það allt annað atriði, því að þá er það skuldbinding og hægt að taka fjármuni ríkissjóðs og selja á uppboði. Það er sá reginmunur á heimild og lagafyrirmælum, og þarf ég ekki að taka hv. flm. í svona barnatíma, sem er nýlega komin frá lagaskólanum. Nú hefði ég hugsað, ef á að samþ. frv., að það þyrfti að breyta 1. gr., að það sé ekki ríkisstj., heldur ríkissjóður, sem á að greiða þetta, nema hv. flm. ætlist til, að núv. ríkisstj. greiði það af sínum tekjum, og þykir mér merkilegt, að form. fjhn. skuli ekki hafa athugað þetta atriði, því að sjálfsagt er ekki ætlazt til, að ríkisstj. greiði þetta úr sínum vasa.

Þá er upplýst, að þessi upphæð muni nema 7000 kr. á hvert hús. Ég verð að segja: getur það verið rétt hjá hv. flm., að þeir, sem byggðu þessi hús, komist í óskaplegan vanda í sambandi við byggingu húsanna, þó að þeir fengju ekki þessar 7000 kr.? Því að 7000 kr. er ekki nema lítið brot af þessum 300000 kr., sem húsin kostuðu. Hér fer eitthvað á milli mála, hafi það skapað þeim óskaplegt fjárhagslegt tjón að fá ekki þessar 7000 kr. Það getur ekki verið afgerandi fyrir viðkomandi aðila, hvort hann fær þessar 7000 kr., svo það þarf ekki að leggja kapp á málið af þeim ástæðum, og þá sérstaklega þegar nú er svo komið, að margir af þessum mönnum hafa selt húsin fyrir hærra verð en sem nemur 7000 kr. álagi, sem hér um ræðir.

Ég vil líka leyfa mér að benda á, að þegar þetta var til umr. í sameinuðu þingi við afgreiðslu fjárl. 1948, þá bar hv. 1. þm. N-M. (PZ) fram till. við 22. gr. fjárl., sem hljóðar þannig: „Að endurgreiða á árinu toll af sænskum timburhúsum samkvæmt heimild í lögum nr. 44 frá 1946, ef fært þykir vegna tekna ríkissjóðs.“ Þessi hv. þm., sem ekki hefur klipið úr kröfum sínum á ríkissjóð, þegar hann hefur ekki beint borið ábyrgð á afgreiðslu fjárl., tekur hér fram, að þetta skuli gert, ef fært þyki vegna tekna ríkissjóðs. Hvernig er svo farið með þetta mál? Það er fellt með 22:22 atkv. Ég held, að hv. þm. hafi sagt, að margir þm. hafi ekki verið á fundi, en 44 taka þátt í atkvgr., 5 greiða ekki atkv. og 3 eru fjarverandi. Nú er það svo, að af þessum mönnum eru nú 3 ekki á þingi, sem sögðu já, og 4 ekki á þingi, sem sögðu nei, það er öll sú breyt., sem orðið hefur síðan. En þessir menn, sem greiddu atkv. þá, vildu ekki einu sinni endurnýja þessa heimild, þó búið væri að breyta henni í það horf að gera þetta, „ef fært þykir vegna tekna ríkissjóðs,“ og það er m. a. vegna þess, að þá lá skýrt fyrir, hver hætta þetta var fyrir ríkissjóð vegna hins málsins, og eins hitt, að á þessum tíma hafði þáv. fjmrh. svo skýrlega rakið, hvers vegna hann notaði ekki heimildina.

Ég lét þau orð falla um daginn, að svo framarlega sem þetta frv. yrði samþ., þá teldi ég óhjákvæmilegt að bera fram brtt. við frv., þannig að inn væri einnig tekið að endurgreiða tollinn af Svíþjóðarbátunum og auk þess einnig tekið inn að endurgreiða það tjón, sem skipasmiðir hefðu á sínum tíma orðið fyrir í sambandi við samninga, sem þeir gerðu við ríkisstj., sem brugðust vegna þess, að ríkisstofnun dró þessa menn allt of lengi á þeim leyfum, sem nauðsynleg voru til að uppfylla samningana, og í þriðja lagi, að það væri nauðsynlegt að setja inn í frv., að ríkissjóður endurgreiði allt það tap, sem saltfiskframleiðendur hafa orðið fyrir á árinu 1947, á sama hátt og ríkissjóður endurgreiddi það 1948.

Ég vil mælast til þess, af því mér skilst á þessum umr., að þetta mál eigi fylgi til að vera afgr., að hæstv. forseti fresti þessari umr. og gefi mér tækifæri til að bera þessar till. fram, og skal ég þá koma þeim strax inn, því að mér þætti eðlilegra, að þær kæmu strax til atkv. við þessa umr. heldur en það biði til 3. umr. Ég þarf að geta skýrt nákvæmlega frá því, hver muni verða kostnaður ríkissjóðs í sambandi við þessar till., og þess vegna vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði umr., svo að mér gæfist tími til að athuga þetta. Ég hygg, að hver till. mundi þýða nokkuð á aðra millj. króna útgjöld. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða meira um málið og mun ekki taka til máls aftur, nema sérstakt tilefni gefist til

Forseti (BSt): Hv. þm. Barð. fer fram á, að umr. um þetta mál sé frestað, til þess að honum gefist kostur að bera fram brtt. Í því sambandi skal ég benda á, að þetta er í þriðja sinn, sem málið er tekið til 2. umr., og sé ég því ekki annað en að gefizt hafi nógur tími til að bera fram brtt. við frv., auk þess er hægt að gera brtt. við 3. umr. Ég mun því halda áfram umr. um þetta mál enn um stund, en tek svo til athugunar, hvort ekki verður gefinn kostur á að fresta atkvgr. og ræða málið enn, þegar þar að kemur.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það fara að verða miklar umr. um þetta mál, a. m. k. milli okkar hv. þm. Barð., annar segir klippt, en hinn skorið, því að það eru sömu atriðin, sem hér ganga hvað eftir annað. Hv. þm. vék enn að meðferð málsins í fjhn. og hafði sitthvað út á vinnubrögðin þar að setja, en segist þó ekki almennt vera að finna að gerðum fjhn., sem ég kann honum þakkir fyrir. Hann taldi óforsvaranlegt, að n. hefði ekki sent málið til umsagnar einhverra annarra aðila. Það er auðvitað sjálfsagt og rétt fyrir n. undir mörgum kringumstæðum að leita sér sem beztra upplýsinga um málin, en ef nm. telja sig geta myndað sér fulla skoðun á máli án hjálpar annarra, þá tel ég, að þeir hafi rétt og skyldu til þess að láta þá skoðun í ljós. Ég get ekki kannazt við það, að öll þessi mál, sem hv. þm. Barð. minntist á í sambandi við þetta mál, heyri á þann veg undir eitt og það sama, að það sé sjálfsagt, að þau fylgist að, eða njóti nákvæmlega sama réttar. Þess vegna vísa ég einnig á bug þeirri aðfinningu hv. þm. Barð., að n. kom ekki með till. viðvíkjandi þeim málum, úr því hún gerði till. viðvíkjandi þessu máli. Þetta frv. er um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum, og það var ekki ástæða til þess fyrir n. að fara að blanda sér á því stigi í önnur mál, sem alls ekki hefur verið til hennar vísað. Þó að þessi mál hafi verið rædd í samhengi í fjvn., eins og hv. þm. upplýsti, þá á ég ekki sæti í fjvn. og veit ekki svo gjörla, hvað þar kemur fram, en mér hefur þó skilizt, að hún eigi að athuga fjárl. og allt, sem þeim við kemur, en sé ekki nein yfirnefnd þingsins, sem eigi að segja öðrum n. þingsins fyrir verkum. Hann telur, að málið sé afgr. frá n. óupplýst. Ég neita því, þær upplýsingar lágu fyrir í málinu, sem dugðu okkur þeim nm., sem höfum látið álit okkar í ljós um það og gert till. um það. Þungamiðja málsins er þetta, hvort ríkissjóður hafi tekið þarna á sig skuldbindingu eða ekki. Hv. þm. Barð. segir, að ríkissjóður hafi einmitt aldrei upp á þann vísil skrifað, og það var þungamiðjan í hans ræðu, og vitanlega er það alveg rétt, sem hann hélt fram, að lagalega séð mundi ekki vera hægt að innheimta þetta hjá ríkissjóði; ég tók það einmitt fram í framsöguræðu minni í gær. En ég álít, og við tveir nm., sem gefum út eitt nál., að sá mikli ádráttur, sem Alþ. hefur gefið um þetta, væri siðferðislega séð almennt loforð, en það er vitanlega ekki lagalega séð; þess vegna hefði hv. þm. getað sparað sér þann tíma í lögfræði, sem hann hafði hér yfir hv. 8. þm. Reykv.

Ef hv. þm. Barð. lofar mér því sem einstaklingi að greiða mér einhverja fjárhæð, lofar mér því munnlega úti á götu, þegar ekkert vitni er við, þá horfir eins við um þetta. Það er ómögulegt fyrir mig að innheimta það með lögsókn á hendur honum, ef hann neitar því, en ég veit, að hv. þm. Barð. mundi aldrei neita því, ef hann lofaði mér ákveðinni fjárhæð, heldur mundi hann standa við það, þó að hann gæti sloppið við þá greiðslu eftir l. Það er alveg sama aðstaðan, sem ríkið er í nú gagnvart þessum mönnum, það er siðferðisleg skuldbinding, og er auðséð á þessu, að hann lítur svo á, að ríkið sé ekki eins bundið siðferðislega í þessum efnum og hann sem einstaklingur eða einhver annar einstaklingur mundi vera.

Þá fór hann að tala um það enn, að það væri brigðmæli af ríkinu, ýmis atvik, sem orðið hefðu í skattamálum, t. d. eins og það, sem gert er nú, að lagður hefði verið allhár eignarskattur á stóreignir eða hærri eignir. Ég veit ekki til, að því hafi nokkurn tíma verið lofað, að skattal. út af fyrir sig gætu ekki breytzt. Það hefur verið svo alltaf síðan skattalög komu, að skattar hafa með ýmsu móti breytzt, og í stjskr. frá 1874 og í þeim stjskr., sem gilt hafa síðan, segir, að skattar skuli ákveðnir með l. Þess vegna eru það vitanlega engin brigðmæli af ríkisvaldinu, þó að það leggi á skatta, en það getur aftur á móti verið álitamál, hvað þeir eigi að vera háir. Ég ætla ekki að fara út í þann eignarskatt, sem nýlega er búið að leggja á, hv. þm. veit, að það er gert í sambandi við ráðstafanir, sem eiga að vera til þess að tryggja eignir manna, tryggja afkomu atvinnuveganna og aðrar eignir en peninga. Ég get því ekki kannazt við, að ég hafi neitt sérstaklega staðið fyrir því að svíkja gjaldþegna þjóðfélagsins í gegnum skattal., enda veit hann hvað þetta snertir, að þau l. voru samþ. af okkur báðum, hann samþ. það alveg eins og ég.

Það er rétt aths. hjá hv. þm. Barð., að það hefði sennilega verið réttara að segja í upphafi 1. gr., að ríkissjóður skuli endurgreiða þetta, heldur en að segja, að ríkisstjórnin skuli gera það. En það er alveg vitað, að það er ekki átt við ráðh. persónulega, heldur sem ríkisstj., það er ekki hægt með l. að skipa ráðh. sem einstaklingum að greiða stórfé, það væri þá helzt, ef þeir fremdu embættisafglöp, að hægt væri að

fá þá dæmda til þess, en það er ekki hægt að ákveða með l., að ráðh. skuli greiða eitthvað og eitthvað. Í þessu tilfelli mundi enginn dómstóll líta öðruvísi á, þó að komizt sé svona að orði, en að ríkissjóður ætti að greiða þetta. Ég geri ráð fyrir, að við 3. umr. verði borin fram brtt. um lagfæringu á þessu orðalagi, en meining okkar nm., sem mæltum með frv., var sú, að sjá fyrst, hvort það á fylgi í d., áður en við bærum fram brtt. við þetta.

Hv. þm. Barð. minntist á atkvgr., sem fór fram á þinginu 1948 út af till. frá hv. 1. þm. N-M. um að árétta það, að þessi tollur yrði endurgreiddur, — að sú till. hefði verið felld með jöfnum atkv. Það sýnir, að það hefur verið nokkuð mikið fylgi fyrir því í Alþ., að það yrði gert, úr því það var fellt með jöfnum atkv. En sumir þeir, sem sögðu nei, skrifuðu síðan á skjal áskorun um að greiða þetta og skýrðu það á þann hátt, að þeim hefði fundizt óþarfi að setja það inn í fjárl., þar sem heimildin hefði verið til í l., og er því ekki hægt að sjá annað en að beinn meiri hl. Alþ. hafi verið til fyrir þessu máli.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, ég ætla ekki að fara frekar út í almennar umr., þó að mér þætti rétt af mér sem form. fjhn. aðeins að minnast á fáein atriði, sem hv. þm. Barð. hefur minnzt á.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram strax, að ég hefði heldur viljað spara mér að taka til máls nú, ef hæstv. forseti hefði viljað veita umbeðinn frest á umr. til morguns. Ég hefði þá getað komið fram með brtt., sem ég hef í hyggju að bera fram. Ég tel heppilegra, að brtt. komi fram við 2. umr., verði því við komið, heldur en að skjóta þeim inn við 3. umr. Annað er það, að svo mun ástatt, að hæstv. fjmrh. mun enn vera rúmfastur, og mér finnst, þó að ég sé ekki úr hans flokki, þá erum við samt í stjórnarsamvinnu, bæði eðlilegt og sanngjarnt að leita álits hans, áður en slíkt stórmál, sem getur skipt milljónum, verður samþ. Mér finnst það því nokkur ofrausn hjá okkur hér í d. að afgreiða þetta mál, þó að ekki sé nema við 2. umr., án þess að ræða við hæstv. ráðh., enda veit ég, að hæstv. forseti er svo sanngjarn og vill ekki bera rétt annarra fyrir borð, og ég veit, að hann muni vilja gefa frest til morguns. Þá ætti að vera hægt að vera búið að fá að vita álit hæstv. fjmrh., og væri þá auðveldara að greiða atkv. um málið en nú er.

Hv. frsm. 1. minni hl. er vanur að vera mjög rökvís, og ég hygg, að svo sé ennþá, en hann talaði um, að þm. hefðu skrifað undir þetta og yrðu því að greiða atkv. með frv., en að taka þessu svo hátíðlega er fjarri öllu lagi. Ég held, að þessi loforð séu svo til komin, að komið hafi verið til þm. utan þings og þeir beðnir að skrifa undir þetta og þeir svo gert það af vorkunnsemi við þá, sem hafa byggt; en nú getur viðhorfið verið breytt. Nú er þessum málum svo háttað, að þeir, sem eiga húsin nú, hafa grætt mest. Ég vildi biðja hv. 4. þm. Reykv. að útvega mér eitt þessara húsa fyrir kostnaðarverð, og væri mér það mikil þökk, ef ég gæti klófest eitt þeirra á kostnaðarverði. En söluverð þessara húsa er nú langt yfir kostnaðarverði og hefur verið það lengi. Þeir, sem selt hafa hús sín, hafa því orðið verst úti, en samkvæmt frv. eiga þeir ekkert að fá.

Hv. 1. þm. Eyf. minntist á það, að ekki hefði verið hægt að fá smiði. Ég held satt að segja, að engin þurrð hafi verið á þeim, eða svo var a. m. k. ekki í sveitunum á þeim smiðum, sem nefndir eru gervismiðir, og ég hygg, að hægt hefði verið að fá þá hingað. Hvað viðvíkur miðstöðvum koma þær ekki til greina, því að þær þarf að setja upp í húsum, hvort sem þau eru sænsk eða ekki, en hvað viðkemur ofnum, þá mun hafa verið vont að fá þá.

Hv. 8. þm. Reykv. minntist á, að lánskjör hefðu verið léleg, en ég held satt að segja, að fáir hafi haft þau betri, og voru það yfirleitt 4% lán, sem þeir fengu hjá bönkunum. En ég get skilið þetta, og það er ekki nema mannlegt að vilja hjálpa öðrum og ekki sízt þegar ekki er tekið úr manns eigin vasa, heldur úr ríkissjóði. En það, sem felst í till. hv. 1. þm. N-M., sýnir vilja þingsins í þessum efnum, en hún var á þá lund, að þetta skyldi greiða, ef álitið væri, að ríkissjóður hefði efni á því, en sú till. kom fram snemma á árinu 1948. Og hafi verið efazt um getu ríkissjóðs í þessum efnum 1948, hvað mætti þá segja nú, 1950? Og ég held, að það hefðu runnið tvær grímur á hv. 1. þm. N-M. að greiða þessu atkvæði nú, úr því að hann var þessarar skoðunar 1948. Ég vil því láta athuga þetta vel, áður en þessi viðbótarbaggi er lagður á gömlu Skjónu, og held ég, að hún eigi fullerfitt með það, sem hún nú hefur. Ég tel því rétt og sanngjarnt að fresta nú umr., og veit ég, að hæstv. forseti muni gera það, og vænti þess, að það muni fremur verða til þess að flýta málinu en hitt.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. frsm. 1. minni hl. sagði, að mikið sé orðið um endurtekningar í sambandi við þetta mál, en ég kemst ekki hjá því að segja nokkur orð, en skal verða stuttorð. Ég get sett þetta einfalt fram. Það, sem hér um ræðir, er ekki það, hvort hægt sé að nota 800 þús. kr. til eins eða annars, heldur hitt, að þegar ríkisstj. hefur verið heimilað að greiða fé úr ríkissjóði, hvort það sé loforð eða ekki loforð og hvort taka beri það sem loforð heiðarlegs manns. Þetta er aðalatriðið, en ekki hitt, hvort hægt sé að nota peningana til einhvers annars eða hvort þeir, sem hér eiga hlut að máli, séu fátækir eða ekki. Ég veit ekki, hvaðan hv. 11. landsk. hafa komið upplýsingar um hin hagstæðu lánskjör, sem þessir menn hafa (*ÞÞ:* Frá bönkunum.), en ég veit það af tilviljun, að þeir hafa orðið að sæta bráðabirgðalánum, og húsin, sem áttu að kosta 110 þús. kr., hafa kostað 270 þús. Ég veit, að þessir menn, sem hér eiga hlut að máli, hafa lagt mjög hart að sér til að koma þessum húsum upp og eru því alls góðs maklegir, en þessi upphæð gæti orðið þeim að miklu gagni. En það, sem er aðalatriðið hér, er það, hvort Alþ. ætlar að standa við það, sem það samþ. 6. maí 1946, eða ekki. Í sambandi við þá dagsetningu og það,

sem hv. þm. Barð. sagði, vil ég taka fram, að fyrir þann tíma var aðeins 1 hús flutt inn, en svo 5 hús í maí, og svo ekki aftur fyrr en í sept. 16 hús. Það, að svo langur tími líður þarna á milli, bendir til þess, að samþykkt Alþ. í maí hafi orðið mönnum hvatning í þessum efnum, og vil ég fullyrða, að svo hafi verið.

Hvað viðvíkur 2. gr., þá hygg ég, að menn reki minni til þess, að við 1. umr. bað ég hv. fjhn. að athuga, hvort hún uppfyllti ekki það, sem fólst í bréfi tollstjóra, að fjárhæð þessi lendi ekki hjá millilíðum, ef endurgreiðslan verður samþ. Ég held, að þegar húsin voru seld, hafi mátt leggja á áfallinn kostnað, og hafa því þessir tollar að sjálfsögðu lent á kaupendunum, og tel ég því, að verði þetta endurgreitt, þá sé nauðsynlegt, að það komi á réttan stað. Ég vil undirstrika það, sem ég hef áður sagt, að þessir tollar á þessu efni eru settir sem verndartollar fyrir ísl. smiði, en þegar þetta var flutt inn, komu engin mótmæli frá þessum aðilum, þar sem þeir höfðu meira en nóg að gera, en undir þessum skala var einnig flutt inn mikið af öðru efni, sem ekki átti að vera þar, og það voru rangindin. En þegar þessi heimild var samþ. hér á Alþ., var gert ráð fyrir því, að verndartollanna yrði síðar þörf, svo að tollalögunum var ekki breytt, en í þess stað gefin þessi heimild. Ég var ekki á Alþ., þegar brtt. hv. 1. þm. N-M. var hér til umr., og veit ekki heldur, hvað rætt var í fjvn. um tengsl þessa máls við önnur mál, en það var rétt hjá hv. þm. Barð., að till. var felld með jöfnum atkv., 22:22 atkv., en 5 sátu hjá, og af þeim, sem greiddu atkv. gegn till., segir einn þm., Gunnar Thoroddsen, við nafnakall: „Ég tel, að heimildin til að endurgreiða tollinn sé í lögum og sýnist því till. óþörf og segi nei.“ Og er hann því raunar með till. Annar þm., Sigurður Kristjánsson, segir við nafnakall: „Ég hef alltaf litið svo á, að þegar Alþ. veitir ríkisstj. heimild, þá sé aðeins um kurteislegt form á fyrirmælum að ræða. Ég lít svo á, að endurgreiðslan styðjist við lög, og er með þessari brtt. stefnt til þess, að vilji Alþ. komi fram, og segi því já.“ Tölurnar 22:22 segja því ekki mikið um vilja Alþ. í þessum efnum, þar sem Sigurður Kristjánsson segir já á sömu forsendum og Gunnar Thoroddsen segir nei. — Ég læt þetta svo útrætt, en tel, að Alþ. beri siðferðislega ábyrgð til að samþ. frv.

Forseti (BSt): Samkvæmt framkominni ósk verður málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 18. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 181, n. 383 og 425, 474).

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt hér allmikið nú undanfarið. Að vísu er það langt liðið frá því það var á dagskrá síðast, að mér er farið að falla dálítið úr minni það, sem þá var aðallega um rætt.

Meðan ég gegndi embætti fjmrh., þá var þessi heimild til, eins og í tíð fyrirrennara míns, og var talsverð ásókn með að hún væri notuð. Fyrirrennari minn hafði þegar tekið afstöðu í því efni, sem mér virtist eftir atvikum rétt, og ég vildi ekki frekar leggja út á þessa eftirgjafarbraut, þó að heimild væri til, með því líka að sama ásóknin var á ráðuneytið vegna uppbóta og endurgreiðslna, sem þeir, er fluttu, töldu, að ættu jafnan rétt á sér og eftirgjöf vegna þessara timburhúsa. Það horfði því þannig við, þótt lagaheimildir yrðu ekki jafnglöggar alls staðar, að það yrði erfitt að neita á eina hlið, ef gengið yrði inn á endurgreiðslur á annarri. Þá voru líka fjárhagsástæður sízt bættar frá því í tíð hæstv. fyrrv. fjmrh., Péturs heitins Magnússonar. En hann gerði grein fyrir því, hvers vegna hann teldi sér ekki fært að nota lagaheimildina frá 1946. Getur vel verið, að sá rökstuðningur sé nú falljnn mörgum úr minni, og þykir mér ekki óviðeigandi að rifja hann upp einmitt nú og vildi leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, kafla úr rökstuðningi þeim, sem fjmrh. í þann tíð taldi fram til andsvara þáv. og núv. hv. 1. þm. N-M. á þinginu 1947, er þá sótti á og vildi heyra ástæður fyrir því, að eftirgjafarheimildin hefði ekki verið notuð. Hann mælti svo:

„Út af því, sem fram hefur komið í þessum umræðum, vildi ég minna á það, að um það leyti, sem l. nr. 44. frá 1946 voru sett, sat n. á rökstólum, skipuð af fyrrv. hæstv. félmrh., og átti hún að gefa álit um það, hvort hún teldi æskilegt að flytja inn tilbúin timburhús. Um þetta voru allskiptar skoðanir, en það varð að samkomulagi milli mín og fyrrv. félmrh., og gefin samkvæmt því sú yfirlýsing, að ef heimildin um tollaívilnunina væri sett inn í lögin, yrði hún því aðeins notuð, að n. léti í ljós það álit, að stuðla bæri að innflutningi tilbúinna húsa. Álit n. var á þá leið, að hún var mótfallin slíkum innflutningi, og í fullu samræmi við það var það, að ég neitaði um að eftirgefa tollinn. Ég held því, að það sé ekki rétt hjá hv. 1. þm. N-M., er hann telur innflytjendur húsa árið 1946 svikna um fyrirheit. Gerðir fjmrh. eru í fullu samræmi við það, sem fram kom hér á þingi.“

Þessi rökstuðningur lá fyrir, er til minna kasta kom að taka ákvarðanir, og ég fann ekki ástæðu til að ganga feti framar í þessu efni en sá, sem var fjmrh., er ákvörðunin var tekin, og tók þátt í því með þáv. félmrh. að fá rannsakað, hvort þarna væri farið inn á heppilega braut, og gerði það að skilyrði fyrir því, að hann notaði heimildina, að jákvæð niðurstaða fengist af rannsókninni. Því lét ég ekki til leiðast að fallast á þá eftirgjöf, sem heimiluð var, því að fast var á eftir rekið af ýmsum, og hætt var við, að fleiri mundu í kjölfarið koma, ef hér væri slakað til á tollinum. Enda sýnir það sig, að sömu kröfurnar koma nú, þegar þetta mál er tekið upp, sem fyrir mér lágu, og aðstandendur telja sjálfir ekki réttminni en kröfuna um eftirgjöf á tolli timburhúsanna. Það var nú ákaflega mikill vindur í þeim hv. þm., sem á sínum tíma ætluðu að bæta úr húsnæðisleysi landsmanna með innflutningi húsa erlendis frá, í stað þess að innlendir smiðir

byggðu upp hús sín. Þeim var svo léttstígt á þessu máli, að það var ekki nóg að flytja húsin inn, heldur átti að verðlauna kaupendurna með stórkostlegum tollafríðindum. En hér fór sem oftar, að reyndin varð sú, að n., sem ríkisstj. skipaði, komst að þeirri niðurstöðu, að hér væri ekki fundin nein ágætis lausn á húsnæðisvandamálinu. Viðkomandi þm. telja sig samt bundna að fylgja þessu máli fram. En við það er þetta að athuga, að í fyrsta lagi hefur aldrei legið fyrir það skilyrði, sem fjmrh. setti í öndverðu fyrir því, að heimildin yrði notuð, og í öðru lagi kemur til með að sigla fleira í kjölfarið.

Mér þótti rétt að gefa þessa skýringu, því að á vissu timabili reyndi á mig að neita þessu, og ég hafði sannarlega enga ánægju af því, en taldi mér það hins vegar skylt, eins og gengið var frá málinu í öndverðu.

Ég skal ekki um það segja, hvaða afstaða hér verður tekin gagnvart þeim brtt., sem hér hafa verið fluttar. Flestar óskirnar eru gamlir kunningjar, sem fjmrn. hefur séð framan í áður, t. d. krafan vegna vélbátanna, sem fluttir voru inn á sömu árum. Og ef matið er byggt á siðferðislegum grundvelli aðeins, þá á sú krafa óliku meiri rétt á sér að minu áliti.

Um þá brtt., að ríkissjóður skuli bæta upp tap á smíði báta, sem smíðaðir voru innanlands á árunum 1945—47, er hægt að segja margt, bæði með og á móti. Sú ríkisstjórn, sem sat við völd 1944—1947, lagði út í það að smíða báta þessa hér innanlands. Þetta var á sama tíma og nýbyggingarráð starfaði, en sú athöfn var þó framkvæmd af ríkisstj. sjálfri og án alls samráðs við nýbyggingarráð, og bar það því enga ábyrgð á þeirri framkvæmd. Hitt er svo aftur annað mál, að mikið má færa til réttlætingar því, að þessi bátasmíði var framkvæmd, og þó að ég taki það fram, að það hafi ekki verið nýbyggingarráð, sem sá um smíði þessara báta, þá hafði ég sem formaður þess talsvert að gera með ráðstafanir á þessu og einnig síðar sem sjávarútvegsmálaráðherra, og ég verð að segja það, að í mörgum tilfellum kom það greinilega í ljós, að það, að bátarnir voru smíðaðir, varð mjög til þess að leysa vandræði útvegsmanna, sem sökum óhappa höfðu misst skip sín, eins og oft vill verða, svo að segja má, að að því leyti hafi það síður en svo verið óheppileg ráðstöfun, að bátarnir voru smíðaðir. Það sá ég bezt, er fram í sótti og menn höfðu leitað til ráðuneytisins um farkost fyrir sig og sína, enda var það ólíkt hægara fyrir ríkisvaldið að stuðla að því, að Pétur eða Páll gætu fengið þessa báta, þegar af gjaldeyrisástæðum. Hitt er svo aftur annað mál, að þessir bátar urðu svo dýrir, eins og svo margt annað í okkar landi, og þess vegna voru þeir þungir til þess að eignast þá og standa undir rekstri þeirra fyrir fátæka útvegsmenn. Ég stóð því fyrir því í sæti sjútvmrh. af hálfu ríkisstj. að viðhafa nokkuð sérstaka hjálparstarfsemi til þess að útvega mönnum greiðslufrest fyrir þeim, svo að menn treystu sér til þess að standa undir þeim, og það kom líka í minn hlut að bera ábyrgð á lánsfjárgreiðslum á Svíþjóðarbátunum, sem keyptir voru á tímum utanbingsstjórnarinnar, og hygg ég, að hver maður í minum sporum, sem vildi líta á ástæður útvegsins annars vegar og framleiðsluþörfina hins vegar, mundi hafa gert svipaðar ráðstafanir um lánsfjárútvegun. En fyrir þetta hef ég sætt hinum mestu hrakyrðum af hálfu Framsfl. og verið atyrtur af málgagni þess flokks og svívirtur fyrir fjárafglöp, þó að ég hafi ekki gert annað en að sjá um dreifingu á framleiðslutækjum, sem aðrir keyptu erlendis frá eða létu smíða innanlands. Annars er ólíku saman að jafna, smíði innlendu bátanna og smíði Svíþjóðarbátanna, og ég hygg, að flestir séu á einu máli um það, að það hafi verið vanhugsuð ráðstöfun, sem gerð var, er samið var um kaup á Svíþjóðarbátunum. Smíði innlendu bátanna hafði miklu síður ágalla þeirra erlendu og var miklu meira við þarfir landsmanna heldur en þeir, bæði að því er stærð þeirra snertir og gerð.

Ég sagði það áðan, að þessir bátar hefðu verið of dýrir fyrir fátæka útvegsmenn, en það leiða við smíði innlendu bátanna er það, að þrátt fyrir það hafa skipasmíðastöðvarnar ekki grætt, heldur frekar tapað á smíði þeirra, og það er á þeim grundvelli, að skipasmíðastöðvarnar hafa gert kröfur um uppbætur á smíði þeirra. Ég hygg, að það megi slá því föstu, að slíkar uppbætur verði ekki lagðar á þá, sem keypt hafa bátana og þeim verið afhentir, og yrði þá ríkissjóður að taka þá greiðslu á sínar herðar. Hitt er svo annað mál, að ríkisvaldið getur varla verið þekkt fyrir það að láta framleiðsluna í landinu leiðast inn á þá braut að smíða og hafa af því stórkostlegt tap, enda hygg ég, að það hafi aldrei verið tilgangur þeirrar ríkisstj., sem samdi um smíði bátanna, að skipasmíðastöðvarnar væru látnar bera tapið, sem á varð og valdið hafa tvær ástæður: hækkun á efni og öðru til bátanna. Þetta er nú það, sem ég vildi hafa sagt um smíði bátanna hér innanlands, og niðurstaðan af því hlýtur að verða sú, að skipasmiðirnir hafa leyst störf sín vel af hendi og eiga mikinn siðferðislegan rétt á því að verða ekki of hart leiknir í viðskiptum sínum. Þó þykist ég vita, að sú ríkisstjórn, sem að þessum ráðstöfunum stóð, hafi alls ekki viljað hleypa þeim inn á efnahagslega glapstigu.

Þá er hér enn ein brtt., sem flutt er í sambandi við þetta frv. Hún er einnig, eins og hinar brtt., flutt af hv. þm. Barð. og er um geymslugjald á saltfiski árið 1947. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að árið 1947 urðu margir fyrir töpum vegna saltfisks, sem lá óhæfilega lengi hér á landi, áður en hægt var að koma honum á markað erlendis. Samt er ekki, eins og fram kom í ræðu hv. þm., þá ríkisstjórn, sem sat að völdum 1947, um að saka, að fiskinum var ekki afskipað fyrr en raun varð á, né heldur það, hve margir fóru í saltfisksverkun þetta ár. Það gaus upp sá kvittur 1947, að óvenjulega mikið af saltfiski yrði keypt af okkur af hálfu Rússa, og var búizt við samningum um sölu á saltfiskinum um leið og samið var um freðfiskssölu til þeirrar þjóðar. Hugsuðu nú margir til hreyfings, og margir fóru í framleiðslu á saltfiski, sem ekki höfðu átt við slíka framleiðslu áður, en auðvitað

líka margir, sem henni voru vanir og kunnu á henni skil. Það var svo ekki fyrr en í aprillok eða í byrjun maí, að útséð var um sölu á saltfiski til Rússlands, og með því að sala til annarra landa var ekki meiri venju, heldur jafnvel minni til Suður-Evrópulandanna, fór svo, að hér lágu talsverðar birgðir af saltfiski yfir sumarmánuðina, og margir urðu fyrir tjóni af þessum sökum, en eins og allir vita, er það mjög erfitt og áhættusamt að hafa fiskinn liggjandi þennan tíma. Þessar óviðráðanlegu ástæður voru fyrir því, að þetta tjón varð á saltfiskinum, en ekki vegna þess, að ríkisstj. hafi gefið neinar gyllivonir eða hvatt menn til saltfisksframleiðslu né heldur dregið að sér höndina við að reyna að selja fiskinn, nema síður væri. En hitt er satt, að menn bundu of lengi vonir við það, að samningar tækjust við Rússa um sölu á þessum fiski.

Ég taldi það rétt að gefa þessa skýringu, en allt það, sem ég hef um þetta sagt, breytir engu um það tap, sem á þessu varð. Ég hef þá gefið þær skýringar, sem ég álít réttastar og sannastar, af hálfu ráðuneytisins í tíð fyrirrennara míns og í minni tíð, og enn fremur gefið skýringu á og látið í ljós hugsanir mínar gagnvart eftirgjöf tolla, og loks skýrslu til leiðréttingar því, sem haldið hefur verið fram varðandi saltfiskinn. Ég mun nú bíða átekta og sjá, hvað gerist í þessu máli, en verði það samþykkt að greiða til baka tolla af sænsku húsunum, þá býst ég við því, að það reynist erfitt, bæði fyrir mig og aðra, að ganga á móti brtt. á þskj. 474, að minnsta kosti þeim tillögum, er snerta innflutningstoll af Svíþjóðarbátunum og uppbætur á smíði innlendu bátanna. Eðlilegast hefði ég þó talið, þegar á allt er litið, þar á meðal þær gengisbreytingar, sem orðið hafa síðan innflutningur húsanna átti sér stað, að viðurkennt væri að aðstaða þeirra, sem fluttu húsin inn, sé ekki erfiðari heldur en annarra, en jafnvel betri, og menn geti séð sér fært að láta þessar kröfur á ríkissjóð falla niður.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs fyrir alllöngu við fyrri hluta þessarar umr., og voru það ummæli hv. flm., sem tilefnið gáfu, en nú man ég ekki lengur þessi ummæli, þó að þau kunni að hafa verið mjög mikilvæg, og mun það kannske vera svo um fleiri. Að því leyti get ég því látið vera að lengja mál mitt með því að vera að elta ólar við þau. Ég vil taka það fram, að hjá hv. flm. kom fram sá megni misskilningur, að hann áleit, að vegna þess að veitt hefði verið heimild til þess að endurgreiða tolla af þessum húsum, þá væri þar með lögð skylda á ríkissjóð að borga þetta. Nú er það vitað, að margir af þeim, sem greiddu þessari heimild atkv., gerðu það eingöngu vegna þess, að hér var um heimild að ræða, en hefðu hins vegar ekki viljað leggja ákveðna skyldu á ríkissjóð í þessu máli vegna fjárhagsástæðna, og það var einmitt vegna þess, hve ótryggt málið var, að heimildarformið var notað, en ekki lögð greiðsluskylda á ríkissjóð. Þetta sýnir, að það fer víðs fjarri, að einstaklingar þeir, sem hér áttu hlut að máli, hafi orðið fyrir neinni brigðmælgi af hálfu hins opinbera, því að það fékkst aldrei neitt loforð fyrir þessari endurgreiðslu, og vegna þeirra breytinga, sem síðar hafa orðið, er enn síður ástæða til þess að veita þeim þennan styrk nú, og auk þess má segja, hvort heldur sem húsin verða talin hagkvæm eða ekki og þó fullyrða megi, að sumir af kaupendum húsanna hafi verið helzt til of ginntir af innflytjendum þeirra, þá hafa síðari atburðir gert það að verkum, að miðað við núverandi verðlag eru þessi hús tiltölulega ódýr og eigendur þeirra sízt verr farnir heldur en aðrir húseigendur, og þar sem Alþingi fékkst aldrei til þess að gefa loforð um þetta á sínum tíma, finnst mér ekki ástæða til þess að greiða þessu frv. atkvæði, þar sem það hefur verið hæpið mál allt frá byrjun. Auk þess er rétt og eðlilegt að gefa hæstv. fjmrh. kost á því að láta í ljós, hvort hann álítur, að hægt sé að bæta þessum greiðslum inn á fjárlögin, en það er enn fremur vitanlegt, að ef þetta verður samþ., þá muni einnig koma til annarra greiðslna, sem sízt minni ástæða er til, og hefur hv. þm. Barð. komið með brtt. um það, en hv. þm. Vestm. einnig bent á nokkur atriði. Má einnig í því sambandi benda á fleiri hliðstæð atriði, og mun það verða gert, ef málið heldur áfram til 3. umr. Ég vil til dæmis minna á það gífurlega tap, sem Sveinbjörn Kristjánsson varð fyrir vegna byggingar rannsóknarstöðvarinnar á Keldum, en þar stendur svo á, að ríkissjóður hefur fengið aukastyrk frá Rockefellerstofnuninni, vegna þess að hlutur ríkisins reyndist dýrari en í upphafi hafði verið gert ráð fyrir. Hins vegar hefur ríkið ekki viljað viðurkenna sams konar rétt til handa Sveinbirni Kristjánssyni, og hefði það þó átt að vera augljóst, að einstaklingur mundi ekki síður þurfa aukinn styrk heldur en ríkið. En þessu hefur verið neitað og það byggt á samningi. Þetta er lögfræðilega rétt, og viðkomandi á ekki rétt á endurkröfu, en ef það á að fara inn á þá braut að endurgreiða tolla þá, sem hér er farið fram á í frv., jafnfráleitt og það nú er, þá verður heldur ekki staðið á móti þeim kröfum hliðstæðum, sem nefndar hafa verið. Þannig held ég, að nægileg dæmi muni koma upp, ef frv. á sér lengri lífdaga heldur en þessa 2. umr.

Að öðru leyti sé ég svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál lengur núna, því að það er svo langt um liðið síðan fyrri hl. umr. fór fram, og nenni ég því ekki að vera að elta ólar við hv. flm. nú, eins og ástæða hefði verið til, ef það hefði verið gert í beinu framhaldi af ummælum hans.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég hef nú eiginlega talað það, sem þingsköp heimila mér, en ég hef ekki látið álit mitt í ljós út af brtt. þeim, sem fram eru komnar, því að þær komu ekki fram fyrr en ég hafði talað, en mér finnst skylda mín sem frsm. að minnast nokkuð á þær, en vil þó fyrst víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan. Ég tel það víst og efast ekki um, að það sé rétt, sem hann sagði

um skyldu ríkisstj. til þess að greiða þetta, og þegar átt er við lagalega skyldu, þá er það rétt. Hitt er svo annað mál, hvort það er jafnrétt frá siðferðislegu sjónarmiði. Þó að heimild sé samþ. til ríkisstj. að greiða eitthvað, en henni ekki fyrirskipað að gera svo, svo að stj. geti þar af leiðandi lagalega séð neitað, þá held ég, að venjulega sé það skoðað þannig, að það veiti siðferðislegan rétt. Við skulum segja, að það hafi komið fyrir, að heimilað hafi verið að greiða mönnum á 22. gr. fjárlaga skaðabætur fyrir eitthvað. Ég hygg, að það hafi ævinlega verið litið svo á, að slík heimild hafi verið skoðuð sem loforð frá Alþingi um, að mennirnir skyldu fá þetta fé.

Hæstv. ráðh. sagði, að réttara hefði verið að gefa hæstv. fjmrh. kost á að vera viðstaddur umr. Ég vil taka fram bæði út af þessu og öðru, að ráðh. er alltaf gefinn kostur að vera hér við umr., taka þátt í þeim og láta skoðun sína í ljós, ef þeir sjá ástæðu til. Mér finnst, að ráðh. eigi að geta litið yfir dagskrána eins og hverjir aðrir þm. og verið við þær umr., sem þeir sjá ástæðu til að vera við. Að vísu á hæstv. núv. fjmrh. sæti í Nd. sem þm., og er þá vitanlega meiri afsökun, þó að hann sé ekki við, en þeir ráðh., sem eiga hér sæti sem alþm.

Mér er ómögulegt að sjá, jafnvel þó að þetta frv. yrði samþ., þá bæri að greiða öllum skaðabætur, sem einhvern tíma hefðu skaðazt, eins og þótt Sveinbjörn Kristjánsson hafi skaðazt á vissri byggingu, sem hann tók að sér að byggja. Þetta frv. er aðeins byggt á því, að það hefur verið litið svo á, að Alþingi hafi a. m. k. veitt mikinn ádrátt um það, að þessi tollur yrði endurgreiddur. Hv. flm. hefur litið svo á, að Alþingi mundi vilja standa fyrir sitt leyti við þann ádrátt, svo að maður kalli það ekki beint loforð.

Út af brtt. á þskj. 474 verð ég að segja, að ég er alveg hissa, að þær skuli vera bornar fram sem brtt. við þetta frv., einkum b- og c-liðurinn. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Vestm. hafi gefið alveg rétta skýrslu um þessi mál, en þrátt fyrir það sé ég ekki, hvað svona till. eiga að gera inn í frv. um endurgreiðslu á tolli af tilbúnum timburhúsum. Í a-liðnum er þó talað um endurgreiðslu á tolli, en í b- eða c-lið er ekki talað um neina slíka endurgreiðslu, heldur allt annað. Það er uppbót vegna tjóns, sem menn hafa beðið af einum eða öðrum ástæðum. Þetta er allt annað mál, svo að mér er ómögulegt að sjá, að slíkt geti átt heima í þessu frv. Sérstaklega er furðulegt, þegar hv. þm. Barð. ber slíkar till. fram, að hann skuli þá ekki um leið bera fram brtt. við fyrirsögn frv. og láta frv. heita allt annað en það heitir nú, því að ef hér verða sett ákvæði um uppbætur til þeirra, sem liðið hafa tap á smíði báta og af geymslu á saltfiski, þá getur frv. ekki heitið frv. um endurgreiðslu tolla á tilbúnum timburhúsum. Ég er því hræddur um, að fyrirsögn frv. þyrfti að verða öðruvísi, ef ætti að samþ. þessar till. Ég efa það ekki, að þeir menn, sem hlut eiga að máli og þessi till. er borin fram út af, ættu á margan hátt skilið stuðning frá ríkinu og þeim sé þörf á honum. Ég hlustaði með nokkurri athygli á ræðu hv. þm. Vestm. og hv. flm. þessarar till., og gat þó ekki fundið, að eins stæði á um þetta og sænsku timburhúsin, að nokkurt fyrirheit hafi verið gefið í þessu efni. Það hafa svo margir beðið tjón í þessu landi, að ef það ætti að bæta öllum allt það tjón, sem þeir hafa beðið, þá mundi ríkið ekki lengi verða fjár síns ráðandi.

Ég tók það fram í minni fyrstu ræðu hér, að ég hefði ekki séð mér fært að greiða atkv. með þessu frv., ef ekkert hefði skeð í málinu áður. Fyrir mér er það svo mikið atriði, að Alþingi beinlínis lætur í ljós, að það fyrir sitt leyti vilji, að þessi tollur sé endurgreiddur, að mér finnst Alþingi tæplega geta annað en staðið við það. Jafnvel þó að það sé aðeins heimild til ríkisstj. og bindi ekki stj., þá bindur það Alþingi. Þess vegna sé ég enga ástæðu til að deila á hv. þm. Vestm., sem gegndi embætti fjmrh., eða fyrirrennara hans. En Alþingi sjálft sér væntanlega sóma sinn í því að bregðast ekki mönnum, sem það hefur gefið fullt tilefni til að vænta þessarar endurgreiðslu, þó að það sé ekki loforð, sem hægt er að byggja málssókn á.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil, af því að það er búið að prenta umræðupart þingtíðindanna fyrir 1946, lofa hv. þm. Vestm. og öðrum að rifja upp það, sem þá gerðist. Málið er búið að fara gegnum Ed. og komið úr n. í Nd., búið að fara í gegnum 1. umr. og komið langt á 2. Þá kveður Sigurður Thoroddsen sér hljóðs og leggur fram skrifl. brtt. að heimila ríkisstj. að endurgreiða toll af þeim innfluttu tilbúnum húsum, sem flutt verði inn á árinu 1946. Þetta stendur í B-deild þingtíðindanna, 1710. bls. Finnur Jónsson, sem flutti þetta frv., kemur þá fram og segir, að nauðsynlegt sé að greiða fyrir innflutningi þessara húsa og nauðsynlegt að gefa eftir tollinn af þeim, ef þau reynist heppileg fyrir loftslag á Íslandi. Hann vill skipa n., sem rannsaki það. Ég geri svo brtt. við þetta um það, að aftan við þessa till. STh bætist „að svo miklu leyti sem tollur á húsunum er hærri en efnið ónnið.“ Svo eru greidd atkv. um þetta. Þá eru ýmsir, sem gera grein fyrir atkv. sínu við nafnakall. Hv. þm. Vestm. segist vera á móti minni brtt. Hann segir: „Ég er á móti aðaltill. Mér finnst þessi brtt. draga úr henni og greiði henni því atkv. til bráðabirgða og segi já.“ Pétur Ottesen segist vera með aðaltill., en þar sem brtt. dragi úr henni, segi hann nei. Sigurður E. Hlíðar segist vera á móti till. og segja nei. Stefán Jóh. Stefánsson segir já með skírskotun til yfirlýsingar hv. þm. Vestm. Emil Jónsson er á móti og segir nei. Eysteinn Jónsson segir nei, af því að hann telur rétt, að þessi sænsku hús verði tollfrjáls með öllu. Garðar Þorsteinsson segir já með sömu forsendum og hv. þm. Vestm. Svo er till. samþ. og aðaltill. samþ. svo breytt með svo að segja öllum atkv.

Það skilyrði, sem hv. þm. Vestm. er nú að tala um, að hafi verið sett undir umr. um málið, kom að vísu fram hjá hæstv. félmrh. (FJ) í því formi, að hann taldi, að það ætti að

gefa tollinn eftir, ef húsin reyndust heppileg í „íslenzku loftslagi", að dómi nefndar, sem fela ætti að athuga það, og vill hann helzt ekki láta till. koma fram af þeim ástæðum, en leggja það á vald rn. að fengnu áliti nefndarinnar að gefa tollinn eftir. En þegar till. er komin fram, telur hann rétt að gefa tollinn eftir, ef húsin séu hentug fyrir loftslag hér. Hann greiðir svo till. atkv. (*JJós:* Var ekki skipuð n.?) N. komst að því, að húsin hentuðu loftslagi hér, en væru dýrari en steypt hús. Hæstv. ráðh. segir, að af því að húsin hafi verið dýrari, hafi tollurinn ekki verið gefinn eftir, en hvernig hann réttlætir það, skil ég aldrei. Það var allt í lagi með húsin, þau stóðust prýðilega loftslag hér, en þau voru dýrari en steinhús. Ríkisstj. bannaði ekki innflutninginn, hún vildi láta halda áfram að flytja þau inn til að bæta úr húsnæðisvandræðunum, en neitaði að gefa eftir tollinn. Ég skil ekki á nokkurn hátt framkomu hæstv. stj. í því máli. Ég skil vel, að hún vilji spara ríkissjóði fé. Það er eðlilegt og sjálfsagt. En þegar húsin reynast dýrari en steypt hús, en boðleg fyrir loftslagið, þá átti að vera sérstök ástæða til að gefa eftir tollinn. Ef húsin hefðu verið ódýrari, þá skil ég vel, ef stj. hefði sagt: Þessi hús eru svo ódýr, að það er óþarfi að gefa eftir toll af þeim. — En þegar það kemur í ljós, að þau reynast dýrari og að þeir, sem voru að agitera fyrir þessum húsum, reyndust falsspámenn, þá get ég ekki séð, hvernig á að réttlæta það, að neita um eftirgjöf á tollinum af þeim ástæðum. Þetta liggur fyrir í þingtíðindunum. Menn geta séð, hvernig það liggur fyrir, og það eru hrein og bein svik, ef tollurinn er ekki endurgreiddur. Það er eingöngu þess vegna, sem ég er með málinu, eingöngu þess vegna, hvað sem menn segja um það. Mér þykir nóg af því í þjóðlífinu, að loforð séu svikin, þó að Alþingi gangi ekki þar á undan. Það hefur að vísu gert það. Það hefur verið samþ. frv. um Austurveg, að leggja hann á nokkrum árum, en ekkert gert. Það eru til l. um hótelbyggingu, sem aldrei hafa verið framkvæmd. Það er búið að lofa mörgu, sem hefur verið svikið. Það er búið að lofa þjóðinni mörgu, sem hefur ekki verið efnt. En þetta, sem hér liggur fyrir, eru loforð til einstaklinga, og það er þó dálítið annað að svíkja almenn loforð en það, sem lofað hefur verið einstökum mönnum. Það er ósamboðið þinginu og virðingu þess, sem kannske er takmörkuð áður, að ganga svo á bak orða sinna eins og hér er gert, ef tollurinn verður ekki endurgreiddur. Ég tel skilyrðislaust, að það eigi að endurgreiða hann þrátt fyrir alla erfiðleika, og það átti að vera búið að því fyrir löngu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er einmitt vegna þess, að ég hef talað svo oft sem þingsköp leyfa, að ég hef mælt fyrir þeim brtt., sem ég hef borið hér fram. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að segja nokkur orð, og skal ég stytta mál mitt, það gefst tilefni til að ræða málið nánar við síðari umr.

Mér hefur þótt rétt að bera fram þessar till. Þær hafa áður verið tengdar saman, frá því að fyrst var farið að tala um það. Ég vildi óska þess, að hæstv. forseti vildi fresta þessari umr. og halda fund um þessar till. m. a. í fjhn.; hversu fráleitar sem honum finnast till. vera í sambandi við þetta mál, þá vænti ég samt sem áður, að hann verði við þeim tilmælum að láta n. fjalla um þessar brtt. Sjái hann sér ekki fært að gera það og vilji láta málið ganga til atkv. við 2. umr., þá er ég samt sem áður fús til að taka aftur till. mínar til 3. umr., því að ég mun þá ræða þær meira og lengur en tækifæri er til nú. Ég skal þá einnig athuga þær ágætu ábendingar frá hv. 1. þm. Eyf., sem hann gaf mér í sambandi við að breyta fyrirsögninni, enda er það ekki of seint að breyta fyrirsögninni, ef till. verða að öðru leyti samþ. Ég get því tekið till. aftur til 3. umr., en vildi heldur óska þess, að umr. yrði frestað og n. tæki till. til athugunar og gæfi þá kannske út nýtt nál.

Forseti (BSt): Ég get orðið við þessum tilmælum, en það geta ekki orðið miklar umr. við framhald umr., því að flestir, sem við málið eru riðnir, eru búnir að tala eins og þingsköp leyfa.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Ed., 21. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og menn munu minnast, var umr. frestað um þetta mál síðast þegar það var á dagskrá, samkvæmt beiðni um að svo yrði gert og að málið yrði á ný tekið til athugunar í fjhn. Nú hefur málið verið tekið til athugunar í n., og var hún næstum fullskipuð, þegar hún ræddi málið, það voru 4 nm. á fundi. En árangurinn af því varð lítill, það kom í ljós, að sumir nm. eru á móti málinu, t. d. hv. þm. Vestm., sem taldi sig þó sennilega verða með því, ef brtt. 474 væri samþ., a. m. k. tvær þeirra. Á hinn bóginn kom fram í n., að nm. litu svo á, að a. m. k. síðasti liður þessarar brtt. væri svo óskyldur því, sem um ræðir í þessu frv., að hvað sem um málið má annars segja, þá ætti tæplega við að setja slíkt inn í þetta frv., og verð ég að segja frá mínu sjónarmiði, að ég sé þá engin takmörk fyrir því, hvað mætti setja inn í þetta frv., ef það væri sett inn í l. um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum að bæta upp saltfisk, eins og þarna er farið fram á. Má þó segja, að hinir liðirnir séu skyldari, einkum a-liðurinn, þar sem farið er fram á endurgreiðslu á tollum eins og í frv., og segi ég fyrir mig, að ég get ekki haft á móti þeim lið og það því fremur sem sáralítið af þessum tollum mun vera greitt og litlar líkur fyrir því, að þeir verði greiddir. Annars get ég ekki nákvæmlega fullyrt um það, en þetta hef ég grun um, og hvað sem öðru líður, þá er það hliðstætt frv., sem felst í a-lið till. — Ég vildi aðeins skýra frá þessu fyrir hönd n., en að öðru leyti skal ég ekki lengja þetta mál, enda áður talað eins og þingsköp leyfa við þessa umr. málsins og tók aðeins til máls sem frsm.

n. til að skýra frá því, að n. hefur rætt þetta mál án þess að komast að niðurstöðu.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er um þetta mál að segja, að ég tel málið sjálft útrætt og skal ekki frekar teygja umr. um það, en vil aðeins geta þess, hver afstaða mín er til þeirrar brtt., sem komið hefur hér fram, og ég gat þess í nál. minu, að gera mætti ráð fyrir því, að þeir fiskibátar, sem hafa verið smíðaðir í Svíþjóð, mundu sumir leita sér fríðinda nú um leið, eins og þessi hús mundu hafa, og það er komið á daginn, og ég verð að segja, að mér er ekki hægt samræmisins vegna annað en að greiða þeirri till. hv. þm. Barð. atkv., hvað sem verður um málið sjálft endanlega. En ég vil segja, að það er mjög hliðstætt því að láta þá, sem hafa orðið fyrir skakkaföllum á smíði báta innanlands, fá einhverjar uppbætur, ef á annað borð verða veittar þessar endurgreiðslur, og ég mun ekki bregða fæti fyrir það, að sú uppbót fengist. En um þriðja liðinn finnst mér standa öðruvísi á, og ég er ekki ráðinn í því, hvernig þar fer með atkvgr., en það mun verða skammt að bíða að skera úr um það.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að gera þá fyrirspurn til flm. brtt. á þskj. 474 og þeirra, sem fylgja henni, hvort hann mundi þá fylgja frv., ef þessar till. væru samþ. Ég geri ráð fyrir, að aðeins tvær fyrstu till. á þessu þskj., a- og b-liðir, komi til greina, vegna þess að c-liðurinn er svo óskylt mál, að það eru litlar líkur fyrir því, að hann nái samþykki, enda kom það fram í umr. En hvað snertir a- og b-liði, þá er ég þeim út af fyrir sig fylgjandi, en afstaða mín til þeirra hlýtur að fara eftir því, hvort samþykkt þessara till. verður til þess að greiða fyrir samþykkt frv. eða til að stofna því í hættu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í tilefni af brtt. 474 langar mig til að fá upplýsingar. Í a-lið stendur: „Ríkissjóður skal endurgreiða innflutningstoll af öllum vélbátum, sem fluttir voru til landsins á árunum 1945, 1946 og 1947.“ Í tilefni af þessu langar mig til að fá að vita um það, hvað mikið af þeim tollum er greitt. Ég hef óljósa hugmynd um það, að nokkuð margir af innflytjendum þessara báta hafi engan toll greitt, og af því hér situr í d. hv. þm. Vestm., sem fór með þessi mál og hafði yfirumsjón með þessari innheimtu á sínum tíma og sat í ráðherrastól, þá vildi ég gjarnan fá upplýsingar um, hvernig þessi mál stóðu, þegar hann fór úr ráðherrastól. Það skiptir nokkru máli í mínum augum, ef þetta er eins og ég hygg vera, að meiri hlutinn af þessum tollum sé ógreiddur með öllu, og sé ekki meiningin annað en að gefa hann eftir, eins og ég hef heyrt, þá finnst mér alveg eins formlegt, að þingið geri það eins og ráðh. geri það án þess að spyrja að því, en formlega er ekki búið að gefa neitt af því eftir. Þetta langaði mig til að fá upplýsingar nm. um.

Jóhann Jósefsson: Ég held að hv. 1. þm. N-M. væri réttast að beina fyrirspurnum um innheimtu og því um líkt til hæstv. fjmrh. Ég er ekki hér til þess nú að standa til andsvara fyrir fjmrn., en ég veit, að í mörgum tilfellum var tollur greiddur af bátunum, en hvað mikið er greitt, veit ég ekki, — ég ímynda mér, að hæstv. fjmrh. geti aflað þessara upplýsinga. Þegar ég fór úr fjármálaráðherrasæti, þá var þetta þannig, að sumt var óinnheimt, en sumt innheimt, en hvað mikið af því var innheimt og hvað mikið óinnheimt, hef ég ekki hér handbært, enda átti ég ekki von á því, að ég væri spurður um það hér í d. En þessar upplýsingar hlýtur hv. þm. að geta fengið, ef hann spyr rétta aðila.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Ed., 27. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, PZ, RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV, BSt.

nei: HG, JJós, KK, ÞÞ, BBen, GJ.

3 þm. (HermJ, LJóh, EE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 474,a (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BBen, BrB, EE, FRV, GJ, HV, HG, JJós, PZ, StgrA, VH.

nei: KK.

RÞ, BSt greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. á þessa leið:

Þorsteinn Þorsteinsson: Þótt ég sé mótfallinn endurgreiðslu tolla, sem borgaðir hafa verið fyrir löngu, sé ég mér ekki annað fært en segja já, til samræmis við það, sem nú hefur verið samþ.

Haraldur Guðmundsson: Með tilvísun til rökstuðnings hv. 11. landsk. þm. segi ég já.

Páll Zóphóníasson: Ég hef fært þetta mál í tal við hæstv. fjmrh. og spurt hann, hvort þessir tollar hafi verið greiddir, og er mér tjáð, að þeir hafi ekki verið greiddir né innheimtir, og segi ég já.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Ég vísa til rökstuðnings hv. 1. þm. N-M., og í þeirri fullvissu, að þessir tollar verði hvorki endurgreiddir né innheimtir, greiði ég ekki atkv.

Brtt. 474,b (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÞÞ, BBen, BrB, FRV, GJ, HV, HG, JJós.

nei: RÞ, VH, HermJ, KK, PZ, BSt.

EE greiddi ekki atkv.

1 þm. (LJóh) fjarstaddur.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Brynjólfur Bjarnason: Í trausti þess, að fylgismaður og flutningsmaður þessa frv. greiði atkv. með því, segi ég já.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Ég lít svo á, að þessi liður eigi hér heima sem viðauki við þetta frv., og segi því nei, án þess þó að taka efnislega afstöðu til þessa atriðis.

Páll Zóphóníasson: Þar sem hér eiga hlut að máli ágætlega stæð vélaverkstæði, segi ég nei og tel ósanngjarnt, að fram á þetta skuli hafa verið farið.

Bernharð Stefánsson: Ég get ekki séð, að þessi liður eigi neitt skylt við hið upprunalega frv., hvað sem um hann má segja að öðru leyti. Þessi liður er um allt annað, og er vont að sjá, hvað má taka með og hvað ekki, ef þetta verður samþ.

Brtt. 474,c felld með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, JJós, BBen.
nei: HV, HermJ, KK, PZ, RÞ, VH, BSt.
HG, StgrA, ÞÞ, BrB, EE, FRV greiddu ekki atkv.
1 þm. (LJóh) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Öll þessi erindi hafa legið fyrir fjvn. undanfarin tvö Alþingi og fengið þá meðferð, að ekki er fært að taka eitt út úr. Þar sem nú hv. d. hefur með atkvgr. ákveðið að taka inn í frv. einn liðinn, þá álít ég rétt að taka þennan inn einnig. Mun ég, ef þetta verður samþ., leggja til við 3. umr., því að það er nægur tími þá, að fyrirsögn frv. verði breytt í: Frv. til l. um endurgreiðslu tolla og fleira. Ég segi já.

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, PZ, RÞ, StgrA, VH, BrB, EE, FRV, HV, BSt.
nei: JJós, KK, ÞÞ, BBen, GJ.
2 þm. (HermJ, LJóh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu þannig grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Eins og frv. er nú orðið, kveður 1. gr. þess á um, að Alþingi skuli standa við orð sín. 2. gr. leysir hæstv. ríkisstjórn úr þeim vanda að hafa brotið lög og vanrækt skyldu sína, og 3. gr. er bara markleysa og vitleysa, þar sem bátarnir voru byggðir upp á akkorð. En í trausti þess, að þetta verði lagað við 3. umr., segi ég já.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með því að brtt. á þskj. 474, c-liður, hefur verið felld, segi ég nei.

Á 99. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 594).

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vil taka fram, að ég var ekki að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði umr., heldur að hann frestaði atkvgr. Úr því að hann bíður eftir hv. þm. Barð. (GJ) til þess að tala í öðru máli, virðist mér það ekki fjarri lagi, að hann vildi hinkra við, svo að hv. þm. gæfist tækifæri til að greiða atkvæði í öðru máli, sem hann virðist ekki hafa síður áhuga fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 100. fundi í Ed., 4. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 95. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Stofnlánadeild sjávarútvegsins (frv. sjútvn. Ed.).

Á 19. fundi í Sþ., 18. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands [98. mál] (þmfrv., A. 244).

Á 39. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og grg. á þskj. 244 ber með sér, hefur hæstv. ríkisstj. óskað þess, að n. flytti þetta frv., og hefur hún orðið við þeim tilmælum. Eru einstakir nm. óbundnir um fylgi við frv. eða brtt., sem fram kunna að koma.
Í 1. gr. frv. er tekið fram, að frá 1. jan. 1950 til ársloka 1953 skuli „gjald það, er um ræðir í lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands.“ Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að l. nr. 47 19. maí 1930 eru úr gildi numin. Var það gert fyrir tæpum fjórum árum með l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, í brb.-ákvæðum, en þar er þetta tekið upp orðrétt að heita má. En síðar, árið 1947, í l. nr. 81 5. júní, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, í 4. gr., 1. tölul., b-lið, eru tekin upp ákvæði um, að gjöldin skv. 1. gr. þeirra l.

renni m. a.: „Til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans, ⅛% fram til ársloka 1949, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkv. 1. gr. sem þessu nemur.“ Þarf því sjáanlega að gera breyt. á 1. gr. frv., og mun n. athuga það fyrir næstu umr. Það er ekki ástæða til að fara að vísa málinu til n. En ég vil mælast til við hæstv. forseta, að hann taki ekki málið á dagskrá aftur, nema í samráði við mig, þar eð breyta þarf 1. gr. frv.

Tilgangur frv. er sá að leyfa atvinnudeild háskólans að halda umræddu gjaldi til ársloka 1953 til að standast kostnað við byggingu vegna tilrauna þeirra, sem hér er átt við, og er talað um, að hún þurfi að halda því áfram, til ársloka 1953.

Annars er eigi ástæða til að ræða málið lengur sökum hinnar löngu grg., sem frv. fylgir frá ráðuneytinu um þetta. Skal ég því ekki tefja lengur, en óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr., en endurtek, að engin ástæða er til að vísa því til n.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur lýst því, að gera þurfi breyt. varðandi 1. gr. frv. Það er alveg rétt og satt. En ég vil skjóta því til n., hvort hún vilji ekki athuga, hvort eigi sé nauðsynlegt að gera fleiri breyt. á frv. og l. um stofnlánadeildina. Það hefur verið upplýst í hv. Nd., að ríkissjóður er enn eigandi nokkurra nýju togaranna, því að hann hefur orðið að standa straum af lánum til þeirra, meðan stofnlánadeildin hefur eigi verið megnug þess, og þar að auki 8 báta. Þar gegnir sama máli: Það vantar þar möguleika til að veita þeim lán. Verður því að taka til gaumgæfilegrar athugunar, ef l. um stofnlánadeildina verður breytt, hvort eigi sé fleira, sem breyta þurfi, svo að ríkissjóður þurfi ekki að standa undir milljóna króna vaxtamismun vegna lána, sem veitt hafa verið í heimildarleysi. Þetta ástand er með öllu óviðunandi, og ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að athuga þetta með hv. n.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég upplýsi, að þetta hefur nokkuð verið rætt. En n. þótti ekki rétt að láta bið verða á að leggja frv. fram til 1. umr. og hefur því flutt frv. að beiðni hæstv. ráðh. En l. eru til athugunar, og hefur málið verið rætt. Hins vegar óska ég þess, að málið sé eigi tekið fyrir, án þess að hæstv. forseti hafi um það samráð við mig.

ATKVGR.

Við atkvgr. um að vísa frv. til 2. umr. var viðhaft nafnakall, og sögðu

já: ÞÞ, GJ, GÍG, HG, PZ, RÞ, StgrA, BSt.

9 þm. (VH, BBen, BrB, EE, FRV, HermJ, JJós, KK, LJóh) fjarstaddir.

Forseti (BSt): Tveir hv. þdm. (2. þm. Árn. og þm. Seyðf.) eru veikir, og einn þdm. (þm. S-Þ.) hefur fjarvistarleyfi. Þar sem því meiri hluti þeirra, sem kost eiga á því að vera á fundi, hafa greitt atkv. með því að vísa þessu frv. til 2. umr., tel ég það samþ. með 8 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 23. jan., var fram haldið 1. umr. um frv. (endurtekin atkvgr.).

Forseti (BSt): Eins og hv. þdm. munu minnast, voru hér erfiðleikar á síðasta fundi um atkvgr. mála sökum mannfæðar. Fór þá fram nafnakall um að vísa þessu frv. til 2. umr., og greiddu allir viðstaddir hv. þm. atkv. með því, átta að tölu. En þar sem það lá fyrir og var upplýst, að þrír hv. þm. voru þann veg forfallaðir, að þeir áttu þess ekki kost að vera á fundi, þá leit ég í bili svo á, að meiri hl. þeirrar deildar, sem starfhæfur var, hefði verið hér til staðar, og afgreiðsla máls væri því möguleg. Og eru fordæmi fyrir þessu, a. m. k. í eitt skipti, og var þá reyndur lögfræðingur í forsetastóli og leit eins á og ég í þessu efni. En við nánari athugun virðist það þó alveg vera tvímælalaust, að meiri hluti deildar, hvort sem nokkur hv. þdm. er forfallaður eða ekki, verði að vera til staðar, þegar mál er afgreitt, hversu einfalda afgreiðslu sem þar kann að vera um að ræða. Og er því þessi atkvgr. endurtekin um að vísa frv. þessu til 2. umr. Vona ég, að enginn hafi neitt við það að athuga.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

49. Hafnargerðir og lendingarbætur (frv. HermJ).

Á 23. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur* [111. mál] (þmfrv., A. 302).

Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa svo að segja neina framsögu fyrir þessu máli. Það er gerð grein fyrir frv. í grg., sem því fylgir, og þó að hún sé stutt, segir hún það, sem segja þarf í sambandi við þetta mál. Að öðru leyti er ég fús til þess að veita sjútvn., sem sennilega fær þetta mál til meðferðar, þær upplýsingar, sem hún telur sig þurfa, og veltur náttúrlega fyrst og fremst á því, hvort n. falla þær upplýsingar, sem ég

kann að geta gefið, hvaða tillögur hún gerir um framgang þessa máls.

Læt ég svo máli minu lokið og vænti, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Lyfsölulög.

Á 65. fundi í Ed., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til lyfsölulaga [121. mál] (þmfrv., A. 357).

Á 66. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Þótt undarlegt megi virðast, eru eiginlega engin l. til um lyfjaverzlun. Þessi rekstur byggist á tilskipun frá 4. des. 1672, um lækna og lyfsala, og kansellíbréfi frá 16. sept. 1797, um lyfjasölu. Það er því ekki að ófyrirsynju, að sett verði heildarlöggjöf um þessi efni, þegar þess er gætt, hve umfangsmikið þetta starf er og að verzlun með þessar vörur miðast við önnur markmið en verzlun með aðrar vörur. Árið 1942, þann 6. ágúst, fór þáverandi heilbr.- og félmrh., Jakob Möller, þess á leit við landlækni að hefja endurskoðun á gildandi fyrirmælum um þessi efni og skipaði með landlækni í n. í því skyni þá Þorstein Scheving Thorsteinsson lyfsala, Sverri Magnússon lyfjafræðing, Kristin Stefánsson lyfsölustjóra ríkisins og Einar Bjarnason fulltrúa. Þessi n. hélt allmarga fundi og samdi að lokum frv. um lyfjaverzlun, sem samkomulag varð um. Þetta frv. var svo sent Alþ. og lá til athugunar hjá heilbr.- og félmn. Nd., en ekkert varð úr flutningi þess inn í þingið. Nú hefur landlæknir tekið þetta frv., sem samkomulag varð um í mþn., til athugunar og gert á því nokkrar breyt., aðallega á fimm greinum þess. Þessar breyt. varða tvö efnisatriði. Samkvæmt frv. mþn. voru lyfsöluleyfi aðeins veitt lyfjafræðingum, sem lokið höfðu tilskildu prófi, en samkvæmt þessu frv. geta samvinnufélög, sjúkrasamlög, sveitar- og bæjarfélög og aðrar opinberar stofnanir einnig öðlazt lyfsöluleyfi. Að sjálfsögðu er þó tilskilið, að þessir aðilar hafi lærða menn í þjónustu sinni, sem veiti lyfjabúðunum forstöðu og beri ábyrgð á því, að ákvæðum l. sé fullnægt. Þetta er önnur breyt. Hin breyt. varðar skipun heildsölunnar. Í fyrra frv. var gert ráð fyrir eins konar sameignarfélagi lyfsölusjóðs og lyfsala. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að lyfjaheildsalan sé í höndum sérstakrar ríkisstofnunar. Þessar eru meginbreyt., en auk þess eru nokkrar smærri breyt., sem gerð er grein fyrir í grg. Ég held, að allir séu sammála um það, að ekki sé gerlegt að hafa núverandi skipun lengur og full nauðsyn sé á því, að í l. séu ákveðin fyrirmæli, sem glögglega marki sérstöðu þessara verzlunarfyrirtækja. — Ég veit ekki, í hvaða n. hv. dm. sýnist að málið ætti að fara, það á að sumu leyti heima í allshn., en eins gæti það farið til heilbr.- og félmn. Ég geymi mér að gera uppástungu um það, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að upplýsa í sambandi við þetta mál, að nokkur undanfarin þing hefur legið fyrir beiðni frá lyfjafræðingum um flutning á frv. til l. um lyfjasölu, sem þeir hafa samið. Það hafa komið fram viðtækar umræður um þetta mál, og var allmikið rætt um það við mig, er ég var form. í heilbr.- og félmn., og n. hefur þráfaldlega verið beðin að flytja þetta frv. Ég lagði á sínum tíma allmikla vinnu í að lesa þau gögn, sem lyfjafræðingarnir lögðu fram, og eins frv. mþn. Mér var það ljóst, að mikið bar á milli, og treysti mér ekki til þess að taka að mér flutning frv., þar sem ég taldi, að einstakir menn ættu ekki að bera fram frv. um þessi mál, heldur ætti frv. að koma frá hæstv. ríkisstj. eða félmrh. Ég er ekki að ávíta hv. flm., en málið er svo margþætt og svo mikill ágreiningur um það, að æskilegt hefði verið, að stj. hefði falið sérstakri n. að finna samningsgrundvöll, svo að ekki þyrfti að deila eins mikið um málið í þinginu. En mér skilst, að þetta hafi ekki tekizt og að hæstv. ráðh. hafi ekki treyst sér til að jafna þennan ágreining. Nú er frv. komið fram, og ég vildi leggja til, að því yrði vísað til heilbr.- og félmn., ef meiri hl. hv. allshn. er því ekki mótfallinn, og að n. fengi aðgang að öllum þeim gögnum, sem ég hef minnzt á. Annars þætti mér ekki ólíklegt, að málinu yrði vísað frá með rökst. dagskrá, en ég er hv. flm. sammála um það, að nauðsynlegt er að setja um þetta löggjöf. Núverandi ástand í þessum málum er illþolandi, þó að ég ásaki ekki neina sérstaka aðila. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram. Ég legg svo til, að málinu verði vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Kaup á ítökum.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum [129. mál] (þmfrv., A. 409).

Á 71. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er öllum vitanlegt, að frá gömlum tímum og jafnvel líka nýjum, þó að miklu meira hafi að því kveðið áður fyrr, var það algengt, að ýmsar jarðir ættu ítök í, eða ef um reka var að ræða þá fyrir annarra manna jörðum. Þessi ítök voru margs konar, og er oft vafasamur eignarréttur þeirra. Langalgengust voru rekaréttindi kirkna, þ. e. a. s. réttindi til trjáreka og hvalreka. Þannig er það, að jafnvel jarðir í Borgarfirði eiga hvalrekaítök langt norður í Strandasýslu. En auk þessara rekaítaka, sem eru nú algengustu ítökin, eru alls konar önnur ítök, sem menn eiga í og fyrir löndum annarra manna. Það eru ítök um mótekju. Það eru ítök um beit í landi annars manns. Það eru ítök í sölvafjöru fyrir landi annars manns og allra handanna annars konar ítök. Margt af þessum ítökum hefur ekki verið notað og sum þeirra sjálfsagt fyrnd.

Þegar síðasta fasteignamat fór fram, þá var ég þar við riðinn. Það var sameiginlegt álit okkar, að ítök væru metin sérstaklega, og var hugmynd okkar að gefa jarðareigendum eftir á kost á að leysa til sín ítökin eftir samkomulagi við eigendur þeirra. En þetta mistókst alveg, því að ég held, að það hafi ekki verið nema einar tvær sýslur, sem reyndu að meta ítökin sér, svo að úr hugmynd okkar varð því ekki. Þetta frv. er þess vegna flutt til þess í fyrsta lagi, að þessi ítök geti komizt á hreint og þau ítök hverfi, sem þegar eru fyrnd, og í öðru lagi til þess, að þar sem þau gilda, þá geti menn keypt þau undir þær jarðir, sem þau upphaflega tilheyrðu og eðlilegt er að þau tilheyri. Ákvæði skógræktarlaganna hafa hér verið höfð til hliðsjónar. Þar er svo fyrir mælt, að það skuli auglýsa í Lögbirtingablaðinu um ítök þau, er þar greinir, en hér er gert ráð fyrir því, að þeir, sem telja sig eiga ítök í eða fyrir landi þeirra jarða, sem aðrir eiga, skuli lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, til viðkomandi sýslumanns. Gera má ráð fyrir því, að þá þegar muni mörg ítök falla niður, því að þau hafa ekki verið nýtt um lengri tíma og því hæpið, að eigendur þeirra nenni að standa í því að sanna rétt sinn, finnst það ekki svara kostnaði og fyrirhöfn, en það er sem sagt skilyrði, að krafa komi fram um það, en ef það verður ekki, þá mundi ítakið falla niður. Um hin ítökin, sem menn álíta einhvers virði og gilda mundu, þá þurfa tilkynningar að berast um þau til viðkomandi yfirvalds. En þá er svo fyrir mælt, að jarðeigendur geti fengið þau keypt, og fer þá um kaupverðið eftir því, sem um semst, en ef ágreiningur verður um það, þá er hægt að kaupa það eftir mati tveggja dómkvaddra manna, en þeim úrskurði matsmanna má svo aftur skjóta til yfirmats. Með því móti er gert ráð fyrir því, að ítök komist aftur undir þær jarðir, sem eðlilegt er að þau séu og áður hefur verið, og komið í veg fyrir, að t. d. maður uppi í afdal í Norður-Múlasýslu eigi reka úti við sjó, eða prestur uppi í Borgarfirði geti talið sig eiga ítök í hval, sem rekur lengst norður á Ströndum.

Það hefur líka í laxveiðilögunum verið gert ráð fyrir því, að menn geti keypt aftur undir jarðir sínar laxveiði, sem undan þeim hefur gengið, svo að þetta er alveg í samræmi við það, sem Alþingi hefur gert, bæði með laxveiðilögunum og skógræktarlögunum, svo að ég vænti þess, að frv. eigi greiðan gang í gegnum þingið.

Ég býst við því, að einhverjir prestar, sem eiga þannig ítök, langt frá sínum jörðum, muni kannske leggja stein í götu þessa máls, en ég vona, að það verði ekki tekið tillit til þess. — Að endingu leyfi ég mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. landbn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 636, 637).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. þetta og sent það Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar. Búnaðarfélagið hefur sent n. umsögn og bendir á, að svo gæti farið, að það sá meira virði fyrir jörð að fá að halda ítaki en fyrir jörðina, sem það er úr, að kaupa það aftur, og gæti því verið rangt að selja ítakið. N. hefur fallizt á þetta og flutt um það brtt. á þskj. 637. — Þá leggur n. til, að framan við frv. komi ný grein, þar sem skilgreint er, hvað ítak sé. Ekki er þessi skilgreining þó tæmandi, en nærri mun láta, að svo sé. Þó munu vera einhver ítök, sem þar eru ekki talin. — Þá þótti réttara að breyta niðurlagi 3. gr., svo að ekki leiki á því vafi, hvernig fara á með ítök skv. 2. gr. Það á að fara með þau mál eins og landamerkjamál, og kemur það skýrt fram í brtt. n. — Loks leggur n. til *eftir ábendingum* Búnaðarfélags Íslands, að inn í frv. komi ný gr. um það, að þegar ítakseigandi lítur svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni og hann mótmælir sölunni, þá sé ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnaður við það mat skal greiðast af þeim aðila, sem matsins óskar. Með þessum breytingum vænti ég að frv. verði samþ. hér í

hv. d., þótt ég geri ekki ráð fyrir, að það verði að l. á þessu þingi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af brtt. um nýja 1. gr. vildi ég segja það, að ég hjó eftir því hjá hv. frsm., að upptalningin á ítökum væri ekki tæmandi. Beini ég því til hv. n., hvort henni þyki rétt að hafa nokkra upptalningu, ef hún er ekki tæmandi. Það eru til ákveðnar reglur um það, hvað teljist til ítaka, og á að vera auðvelt að telja það upp. Ég vildi beina því til n. að rannsaka þetta til fulls, því að ef þessi skilgreining á að vera á annað borð, þá er það aðeins til hins verra, ef hún er ekki tæmandi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Mér er nú allmjög markaður bás af hæstv. forseta, þar sem hann var búinn að slíta umr., áður en ég kvaddi mér hljóðs, en vildi gera stutta grein fyrir atkv. mínu. Ég tel, að þetta frv. miði í rétta átt, en það er margbrotið og þarf lengri undirbúning en hér hefur verið gerður. Frv. mun ekki ná fram á þessu þingi, og er rétt að athuga það rækilega fyrir næsta þing. Ég hef áskilið mér rétt til að bera fram brtt. og mun koma með þær síðar, en yfirleitt held ég að frv. miði til góðs, en tel, að það þurfi að betrumbæta það.

ATKVGR.
Brtt. 637,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, KK, PZ, StgrA, VH, ÞÞ, EE, BSt.
nei: BBen, GJ.
LJóh, RÞ greiddu ekki atkv.
5 þm. (HG, JJós, BrB, FRV, HV) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Hv. frsm. landbn. hefur viðurkennt gagnrýni hæstv. ráðh. á þessari brtt. og talað sjálfur um að breyta henni allverulega. Hann hefur hins vegar ekki getað fallizt á að taka till. aftur, og sé ég því ekki ástæðu til að greiða henni atkvæði og segi því nei.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 637,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 637,3 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 655, 664).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það kom fram við 2. umr. hjá hæstv. dómsmrh., að hann taldi upptalninguna á ítökum í 1. gr. ekki fullnægjandi. Ég fór þá að leita eftir, hvaða ítök vantaði, og fann tvö ítök, og er annað þeirra á einstaka stað á Vesturlandi og hitt á einstaka stað á Suðurlandi, og bætti þeim við upptalninguna, en ég þori ekki að fullyrða, að upptalningin sé tæmandi, og bætti því við: „og hvers konar annarra ítaka." Það má vera, að undir torfristu heyri ekki torfstunga, sem er á einstaka stað á landinu. Við ræddum þetta í morgun í landbn. 4 nm. og vorum sammála um að mæla með, að þetta yrði samþ. og sent Nd.

ATKVGR.
Brtt. 664 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, HV, HG, BSt.
nei: JJós, GJ.
LJóh greiddi ekki atkv.
7 þm. (HermJ, KK, StgrA, BBen, BrB, EE, FRV) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég er sammála stefnu þessa frv., en frv. þarf mjög mikillar athugunar við, og held ég því, að ekki sé rétt að flaustra því af í svipinn, en ég vænti þess, að það verði athugað vel í Nd., og geri ég ráð fyrir, að hyggilegast sé að samþykkja það ekki á þessu þingi, en í trausti þess, að það verði vel athugað, segi ég já.

Frv. afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 693).

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta, sem komið er frá hv. Ed., fer að sjálfsögðu til hv. landbn. að lokinni þessari umr. Nú er orðið það áliðið þings, að vafasamt má kallast, að hv. n. afgreiði málið frá sér á þessu þingi, enda teldi ég það vel farið, því að lagasetningu sem þessari má ekki flaustra af, þar sem hér er um mikið vandamál að ræða, sem snertir marga búendur úti um land. Teldi ég vel fara á því, að ýmsum aðilum úti um sveitir landsins yrði gefinn kostur á að gera sínar athugasemdir við þetta frv., svo sem búnaðarfélögum og sýslunefndum o. fl. úti um héruðin.

Þegar frv. var fyrst borið fram á þskj. 409, var ekki leitazt við að skilgreina muninn á ítaki og landareign, þ. e. a. s. hvað væri ítak og hvað landareign. En í meðförum hv. Ed. var sett ný grein inn í frv., sem nú er 1. gr., þar sem leitazt er við að skilgreina þetta. Þessi skilgreining finnst mér þó ekki nægilega skýr, og vildi ég leyfa mér að fara um þetta nokkrum orðum, áður en hv. n. fær frv. til athugunar.

Í 1. gr. frv., sem sett var inn í það í meðförum Ed., segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á land eða rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, maríukjarnafjöru og

hvers konar annarra ítaka utan landamerkja sinna, en innan landamerkja annarrar jarðar eða fyrir landi hennar.“ Nú getur það verið með ýmsum hætti, að einni jörð fylgi landsnytjar, stærri eða minni, utan jarðarinnar sjálfrar, og getur það verið breytilegt, hvernig á þessum eignarrétti stendur. Það má t. d. minna á jarðir, sem fyrir löngu hafa farið í eyði og fallið til ákveðinnar jarðar, þótt landamerki falli ekki saman. Þetta tel ég mjög hæpið að kalla ítak. Ég skal nefna dæmi úr minni sveit þessu til skýringar. Á miðjum Breiðamerkursandi er landspilda, sem lengi hefur legið undir kirkjujörðina Hof. Í fornöld var byggð á þessari spildu, og voru þar tvær jarðir: Fjall, þar sem Kári Sölmundarson bjó, eftir að hann hafði hert sverð sitt í blóði brennumanna, og Breiðá, sem byggð var fram á 16. öld, og heimildir eru fyrir, að tóftir hafi þar sézt á seinni hluta 18. aldar. Ekki eru til heimildir fyrir því, svo að ég viti, hvenær þessar eyðijarðir féllu undir kirkjujörðina Hof. En þessari spildu fylgja allmikil hlunnindi, svo sem reki, fjörubeit, veiðiréttur, eggjatekja og beit á grasfitjum á sléttlendinu. Svo er nú litið á í mínu héraði, að þetta sé landareign, en ekki ítak frá kirkjujörðinni Hofi. En samkv. skilgreiningunni í frv. hlýtur þetta að skoðast sem ítak, sem næstu jörðum væri heimilt að fá keypt. Enn fremur vil ég benda á, að það er algengt, að eyjar í fjörðum úti fylgi jörðum í grennd við eyjarnar. Nú er það svo, að ef landamerkjalínur, sem liggja á milli jarða, væru dregnar út á firði, þá er þó ekki víst, að eyjarnar fylgi innan þeirrar landamerkjalínu, sem afmarkar þá jörð, sem eyjan á að fylgja. Mér finnst — eins og orðalag frv. er — vera hæpið, hvort ætti þá ekki að skoða það svo, að eyja, sem á þann hátt fylgir utan landamerkja, væri ítak. Enn fremur vil ég benda á, að það er algengt við suðurströnd landsins, að rekafjörur fylgi jörðum og fjörumörk og landamerki falli ekki saman, a. m. k. ekki í mjög mörgum tilfellum. Fyrir því eru ýmsar ástæður, t. d. þær, að rekafjörum hefur oft verið skipt í öndverðu í hlutfalli við dýrleika jarðanna, eftir fasteignamati að fornu tali. En nú er ekki alltaf rétt hlutfall milli dýrleika jarðar og legu hennar að sjá. Af því hlýtur það að spretta, að fjörumörk og landamerki falla ekki alltaf saman. Ef við athugum landssvæðið frá Skaftárósi í Vestur-Skaftafellssýslu til Ingólfshöfða, sem mun vera um 100 km, þá er þannig háttað þar, svo að ég bregði upp dæmi frá þeim stöðum, að við strandlengjuna alla eru rekafjörur töluvert arðsamar og veiðiósar allvíða, sem renna þar um fjörurnar, en byggðin er öll upp við fjalllendið mörgum km ofar og sums staðar, t. d. þar, sem Skeiðarársandur er breiðastur, er við eyðimörk milli byggðarinnnar og rekafjörunnar, nokkrir tugir km, og fjörumörk og landamerki milli jarðanna á þessum slóðum falla ekki saman. Fyrir því eru m. a. þær ástæður, sem ég gat um áðan, að fjaran stendur oft í hlutfalli við dýrleika jarðarinnar, þótt það falli ekki saman við legu jarðarinnar að sjó. Svo kemur annað til greina. Landamerki milli jarðanna eru ýmisleg náttúrleg landamerki, ár, lækir og því um líkt eða önnur af manna höndum gerð. En þegar kemur fram á rekafjöru, sem er marga km frá byggð, þá sér alls ekki til landamerkjanna sjálfra, þá eru þau horfin, en sjálf byggðin blasir við og fellin ofan við bæina, og þess vegna eru fjörumörkin sett þannig, að það er miðað við fjallshnúka og einhver föst mörk, sem eru venjulega í fjalli ofan við bæina og falla ekki saman við landamerkin sjálf. — Nú kann að verða álitamál, hvort rekafjara, sem liggur fyrir landi annars manns, er ítak eða landareign. Mér skilst, að samkvæmt skilgreiningu þessa frv. eigi skilyrðislaust að skoða hana sem ítak, sem jarðareigandi, sem á landið á bak við, fái rétt til að kaupa skilyrðislaust. Ef þetta yrði lögleitt, þá mundi leiða af því, að fjörumörk á þessum slóðum, sem ég hef nefnt, mundu breytast stórkostlega og sumar jarðir missa sínar fjörur, en rekafjörur í kílómetratali bætast við aðrar jarðir samkvæmt þessari löggjöf. Yfirleitt hefur verið litið þannig á heima í mínu héraði, að þarna sé ekki um ítök að ræða, heldur landareign, þó að fjörumörk og landamerki falli ekki saman. Í vatnal. er svo ákveðið, að hagnýtur afnotaréttur vatnsfalls fylgi þeirri jörð, sem vatnið rennur um. Það er hefðbundin venja, a. m. k. í Skaftafellssýslu, að veiðiósarnir eru taldir eign þeirrar jarðar, sem á fjöruna. Mér skilst það bendi til þess, að þarna sé um landareign að ræða, sem helgi sér veiðivatnið, en ekki ítak, sem fjörueigandi hafi einungis afnotarétt af. Ég held líka að í ýmsum greinum gætu orðið árekstrar af þessari lagasetningu, ef hún yrði gerð eins og frv. liggur fyrir, við önnur lög, t. d. landskiptalögin. Nú er það víða, að það er sambýli á jörðum, þar sem túni og engjum er skipt, en beitilandi óskipt. Nú er heimild til þess og réttur áskilinn hverju býli að fá beitilandi sínu skipt. Ef það yrði gert og öllu landinu skipt upp, þá er ákvæði um það í 3. gr. landskiptal., að hlunnindum, svo sem rekafjörum o. fl., sem þar er upp talið, megi ekki skipta þannig, að hallað sé á nokkurn ábúanda. Ef út í þetta er farið, þá mundi bera upp á það sker í slíkum skiptum, að ekki væri hægt að skipta rekafjöru nákvæmlega þannig, að hún lægi fram undan landspildu hvers ábúanda fyrir sig, en ef það er ekki hægt, þá bæri upp á sama skerið sem hugsað er að girða fyrir með þessu frv.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta mál, en vildi láta þessar aths. falla til athugunar fyrir þá n., sem fær málið til íhugunar. Ég fyrir mitt leyti teldi bezt, að málið yrði ekki afgr. sem löggjöf á þessum fáu dögum, sem eftir eru af þinginu, heldur yrði það athugað nánar. En ef n. vildi gera tilraun til að afgr. málið, þá vil ég sérstaklega benda henni á, að ég tel 1. gr. ekki fullnægjandi; enn fremur tel ég, að það þurfi að endurskoða ákvæðið í 6. gr. um það, að ekki sé alveg skilyrðislaus skylda að selja ítök, hvernig svo sem á stendur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

52. Loðdýrarækt.

Á 93. fundi í Ed., 25. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt [146. mál] (þmfrv., A. 575).

Á 94. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 95. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta litla frv., sem ég hef lagt fram um loðdýrarækt, er lagt fram vegna þess, að það er ákaflega mikið ríkjandi hjá mönnum ótti um, að minkar sleppi úr haldi. Það eru nokkur minkabú í landinu enn þá, þó að þeim af ýmsum ástæðum hafi fækkað, en sem stendur er minkaeldi eitt af því, sem gert er með mestum hagnaði. Skinnin eru í háu verði, seljast yfirleitt á 12—25 dollara skinnið af minkum þeim, sem við höfum nú í okkar búrum, og dæmi eru til, að eitt skinn hafi selzt á 54 dollara fyrir skömmu síðan. Fyrirtæki í bæjum, sem sauma tízkuföt utan á hefðarfrúr, hafa séð sér hag í að kaupa þau og kaupa mikið af þeim. Þess vegna koma skinnin ekki öll — og jafnvel fæst — fram á verzlunarskýrslum.

Þetta frv. er flutt til að tryggja, að minkar sleppi ekki úr haldi. Það má segja, að talsvert tryggilega sé búið um þetta eftir núgildandi lögum. Í fyrsta lagi má enginn stunda loðdýrarækt nema með leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Með l., sem sett voru í fyrra um eyðingu minka, var því bætt við, að sýslunefnd geti tekið fram fyrir hendurnar á öllum íbúum síns umdæmis og bannað allt minkaeldi í sýslunni. Þegar eitthvert slíkt leyfi er fengið hjá sýslunefnd, þar sem minkaeldi er ekki bannað, þá má ekki flytja minka í þau hús eða girðingar, fyrr en farið hefur fram úttekt af þar til kvöddum mönnum. Fyrst þegar hún hefur farið fram og það er löglega viðurkennt, að húsin séu hæf til að geyma minka, er leyfilegt að flytja dýrin þangað. Árlega á að hafa eftirlit með því, hversu margt fæðist í búunum, hvað margir drepast og hvort nokkuð sleppur. Það kann að hafa verið einhver vanræksla á þessu einhvers staðar, — ég skal ekki segja um það. Það er alveg víst, að ákaflega víða um landið heyrir maður getsakir um það, að úr þessum búrum sleppi skepnur, og ber ekki að neita, að það var til að byrja með, enda voru þau búr á annan veg en nú er farið að tíðkast hér á landi. Nú eru þau af ýmsum gerðum, en yfirleitt eru þau öll vönduð og ekki líkur fyrir, að dýr sleppi þaðan, þó skal ég ekki fullyrða um eitt, sem ég hef ekki haft glöggar fregnir af.

Það, sem fyrir mér vakir með þessu frv., er að slá föstu, að húsin skuli vera þannig, að fyrirbyggt sé með öllu, að dýr sleppi úr þeim, og gefa þeim, sem hafa minkarækt, tíma til að breyta sínum búrum á þann veg, sem krafizt er. Það getur verið, að það þurfi að breyta þessu eitthvað svolítið í meðferð. Ég geri ráð fyrir, að húsin þurfi ekki að vera alsteypt upp úr, eða ekki fyrir ofan það, sem þessi dýr komast, — ég skal ekki segja um það. Það mun líka þurfa að setja ákvæði um það, að minkar séu réttdræpir hjá þeim, sem hafa ekki breytt búrum sínum lögum samkvæmt, þá er liðinn er frestur sá, sem mönnum er veittur til að koma búrunum í það horf, sem lög segja um.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta mál að þessu sinni. Það fer til n., sem hefur mál um sama efni til meðferðar, og koma væntanlega frá henni bæði málin í einhverju formi, hvernig sem það kann að verða.

Ég skal láta þess getið, að ég sé ekkert athugavert við það, að einhverjum manni hér á landi sé leyft að hafa minkabú í fullkomlega öruggum og tryggum húsum og skapa sér þannig atvinnu, því að með því getur duglegur maður skapað sér betri atvinnu en við flest annað. Það er talið, að það sé hægt fyrir einn mann að hirða 200—250 minka. Það er talið, að það sé upplagt að gera það, nema kannske svolítinn tíma að vetrinum, og fyrir það mundi hann fá 800—1000 skinn, sem með meðalverði, sem nú er, eða ef miðað er við það, sem er heldur lélegt, verður um 15 dollarar fyrir skinnið. Það fær hann fyrir vinnu sína og úrgangsfisk, sem notaður er aðallega til að fóðra þessi dýr. Þetta er atvinna, sem verður að teljast glæsileg, eins og nú standa sakir. Þessum möguleika vil ég ekki loka fyrir mönnum, og þess vegna er frv. fram komið, og verður það sjálfsagt athugað nánar í landbn., og legg ég til, að því verði vísað til hennar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Ég vil minna á það, að hv. n. hefur svipað frv. til athugunar, og mun það verða tekið fyrir aftur til athugunar af n. vegna þessa frv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

53. Tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Á 102. fundi í Ed., 8. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins [158. mál] (þmfrv., A. 663).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mikið út í efni þessa frv. á þessu stigi, en vil aðeins gera ofurlitla grein fyrir því, hvernig málið er til orðið og komið hér inn í hv. d., því að mér þykir þess við þurfa. Mér var fengið þetta frv. fyrir nokkrum dögum síðan og beðinn að hlutast til um, að landbn. þessarar hv. d. flytti það. Síðan hefur ekki komizt á fundur í n. Einn nm. hefur verið veikur, annar hefur ekki komið á fund, þó að ég hafi reynt að fá hann á fund. Og reyndar hefur n. enga ákvörðun tekið sem slík um flutning þessa frv., en upp á mitt eindæmi og í þeirri von, að hinir hv. nm. mótmæli því ekki, set ég frv. af stað og tek fram í grg., að allir nm. hafi óbundnar hendur um alla afgreiðslu málsins. Þetta tek ég fram og vænti þess, að hv. meðnm. mínir muni afsaka þetta, þar sem svo mjög var liðið á þingið, og treysti ég því líka, að hefði ég náð í þá á fund, þá hefðu þeir orðið við þeirri ósk hæstv. félmrh. og Búnaðarfélags Íslands að flytja þetta frv. ásamt mér.

Um efni frv. skal ég ekki ræða að sinni. N. mun að sjálfsögðu halda fund og hún skila sínu áliti, hvenær sem það getur orðið, og sjálfsagt er að vísa málinu til landbn., eins og málið er undir komið.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í efni þessa máls, af því að mér er það ekki nægilega kunnugt. Hv. form. landbn. sýndi mér þetta lauslega. Ég vissi ekki, hvort það var hreinskrifað alveg eða bara uppkast, af því að ég leit á það fljótlega, og gat ekki tekið ákvörðun um það, hvort ég vildi vera flm. að því eða ekki. Aftur á móti vil ég ekki neitt sérstaklega í þetta skipti ámæla hv. form. n. fyrir það, þó að hann reyndi að flytja þetta mál upp á sitt eindæmi, með þeim forsendum, sem í grg. eru, að nm. séu alveg óbundnir gagnvart þessu máli um breyt. á því eða hvað sem við það verður gert í raun og veru. Get ég því alveg látið hjá líða að átelja hv. form. n., vegna þess líka, að nokkuð er satt í því, að mjög erfitt var að ná öllum nm. saman á fund. En ég held, að það verði ekki frekar til að flýta málinu, að þetta ráðslag er tekið, því að ég hefði haldið, að það þyrfti alveg eins að athuga málið, þó að frv. sé vísað til okkar í landbn. frá hv. d., eins og þótt við hefðum athugað það áður en það var flutt. Sem sagt, þetta frv. er flutt án allrar ábyrgðar af minni hendi, en ég átel ekki okkar hv. formann n., því að hann sýndi áhuga á því að halda fundi, og hef ég að jafnaði af veikum mætti reynt að fylgja honum á fundina.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér sýnist það vera upplýst, að þetta mál sé alls ekki flutt af landbn., heldur hafi einn maður tekið þar einræðisvald og skirt sjálfan sig landbúnaðarnefnd. Og skal ég játa, að hann hefur af sumum öðrum mönnum borið í þeirri hv. n., en mér virðist hann samt gera nokkuð mikið úr sér að telja nm. alla í sér einum fólgna. Hann hefði getað komið máli þessu fram, þó að það hefði verið með öðrum hætti.

Mér hefur ekki gefizt tími til þess að bera þetta frv. saman til hlítar við eldri ákvæði. En ég vildi benda hv. landbn., ef hún skyldi halda fundi, eða þá a. m. k. þeim, sem telur sig ímynd n. og er hér viðstaddur, á þau atriði, sem mér virðast varhugaverð í frv. Á fyrstu síðu frv. stendur hér: „b. (20. gr.). Sérhverjum innflytjanda eða framleiðanda landbúnaðarvéla og verkfæra skal skylt að afhenda nefndinni til reynslu eina vél eða verkfæri af nýrri eða breyttri gerð, er þeir flytja inn eða framleiða.“ Er þetta til eignar? Eða er þetta bara til meðferðar stuttan tíma, þannig að n. eigi að láta prófun á vélunum eða verkfærunum fara fram og skila tækjunum aftur? Mér sýnist alls ekki koma fram í frvgr., hvort heldur af þessu tvennu á að vera. Mér virðist því, að það taki því ekki að samþ. þetta ákvæði, nema þetta liggi ljóst fyrir, enda ef menn ættu að vera skyldir til þess að afhenda n. beinlínis til eignar slík tæki, þá væri ákaflega hæpið, að slíkt gæti staðizt, ef menn ættu að gera það án þess að fá endurgreiðslu fyrir, enda er hugsanlegt, að hér geti verið um stórverðmæt tæki að ræða, sem jafnvel kostuðu hundruð þúsunda króna. Mér virðist því, að þetta ákvæði þyrfti nánari skýringa við, áður en hægt sé að samþ. það.

Þá vil ég benda á, að í e-lið stendur: „Selji innflytjandi eða framleiðandi, eða láti af hendi til afnota, vél eða verkfæri af þeirri tegund, sem ekki hefur fengið viðurkenningu verkfæranefndar, skal viðkomandi vél eða verkfæri gert upptækt til handa ríkissjóði.“ Hér virðist mér vera allt of langt gengið. Mér fyndist það sök sér, ef viðkomandi aðila væri þá bannað að selja þá vél, sem þannig stæði á um eins og í þessari gr. getur, þannig að hún væri tekin úr umferð og honum væri skylt að sjá til þess, að hún væri ekki framar til sölu. En að hafa það svo, að þó að einhver nefnd vilji ekki viðurkenna gæði vélarinnar, þá verði hún þar fyrir beinlínis gerð upptæk og ríkið megi kasta á hana eign sinni, þó að maðurinn vilji losna við hana, það finnst mér ganga mjög úr hófi, enda veit ég ekki, hvort sú nefnd — sem skipuð yrði vafalaust fyrirtaks mönnum —, sem kallast verkfæranefnd ríkisins, mundi hafa þá þekkingu, að það hæfði að fela henni slíkt alræðisvald yfir eignum manna. Og mér virðist, að það mætti koma á annan hátt fyrir sæmilegum ákvæðum um sölu á þeim verkfærum og vélum, sem verkfæranefndin teldi óheppileg tæki.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hafa farið fram hér nýlega umr. um frv. til jarðræktarlaga. Ég hafði ekki tækifæri til að vera við þær umr. Í 17. gr. þess frv. er gert ráð fyrir skipun nýrrar n. til fjögurra ára í senn, sem nefnist vélanefnd ríkisins. Nú fæ ég ekki vel skilið hina beinu þörf á því að skipa þar sérstaka n. samkv. þeirri gr., en skipa svo allt aðra nefnd samkv. öðrum l. til þess að gera nokkurn veginn það sama starf og hér er tekið

fram. Samkv. þeim l., sem nú gilda um þetta atriði, sem eru nr. 64 frá 1940, þá er ætlazt til þess, að þetta verkefni, sem á nú eftir frv., sem hér liggur fyrir, að afhendast nýrri n., sé framkvæmt við búnaðarskólann á Hvanneyri. Og mér er kunnugt um, að í sambandi við þetta eru haldin þar námskeið á hverju ári, til þess að kenna þar notkun þessara véla. En nú skilst mér, að það eigi að nema þessi ákvæði gildandi laga burt með því að fella niður 18. og 19. gr. í fyrrnefndum lögum. Og þetta á að takast af búnaðarskólanum á Hvanneyri, sem nú telst líklega ekki hæfur til að hafa þetta með höndum eins og gert er ráð fyrir í gildandi l. (*PZ:* Það stendur ekki í l., að búnaðarskólinn á Hvanneyri eigi að hafa þetta með höndum, heldur nefnd, en að tilraunirnar eigi að gerast á Hvanneyri.) Já, og eðlilegast er, að þetta ætti að gerast undir stjórn skólans eftir l. (*PZ:* Nei, ekki undir stjórn skólans.) — Nú vildi ég spyrja: Hver hefur verið kostnaður af þessari nefnd nú? Er hún launuð þessi nefnd eða ólaunuð? Og er ætlazt til þess, að þessi n., sem skipa á samkv. a-lið 2. tölul. 1. gr. frv., verði launuð eða ólaunuð? Eða á sú nefnd, sem skipa á samkv. 17. gr. jarðræktarl., að vera ólaunuð? Sannleikurinn er sá, að þetta er allt sama stofnunin, sem þessar nefndir eru í sambandi við, Búnaðarfélag Íslands. Og þegar viðurkennt er og vitað, að Búnaðarfélag Íslands er rekið á ríkisins kostnað og undir þess stjórn, þannig að samkv. áætlun fyrir 1949 þá eru ævitillög félagsmanna 1200 kr. í þá stofnun, sem tekur hins vegar rúma eina millj. kr. úr ríkissjóði, þá er vitað, að hér er í raun og veru ekki um neinn sérstakan félagsskap að ræða, heldur sérstaka stjórnardeild, sem rekin er hér. Þess vegna þykir mér ákaflega einkennilegt að ákveða í þessum l., að upp skuli settar nefndir, sem séu skipaðar af ráðuneytinu, en útnefndar af þessum aðila, Búnaðarfélaginu, sem raunverulega er ekki annað en ein stjórnardeild í landinu. Það væri eins hægt að setja fyrirmæli um skipun einhverrar n., þar sem Gunnlaugur Briem sem skrifstofustjóri í atvmrn. ætti að útnefna menn í n. Sannleikurinn er, að þessi meðferð á landsmálum er orðin þannig, að maður skilur ekki þennan yfirgang þessara manna í þessum málum á öllum sviðum og bitlingastarfsemina í úthlutun á stöðum og störfum, þegar hver vill koma sínum mönnum að, auðvitað allt á ríkisins kostnað, og svo eru þeir látnir sitja á tvöföldum, þreföldum eða fjórföldum launum og svo reynt að dylja þetta, bara til þess að geta otað sínum tota í þjóðfélaginu. Það er ekki fallið til þess að auka virðingu Búnaðarfélags Íslands, að það skuli haga sér svona í þessum málum.

Nú kem ég að hinni hlið málsins. Mér dettur ekki í hug að neita því, að það sé nauðsynlegt að hafa eftirlit með því, hvaða vélar eru fluttar inn í landið. En ef á að hafa slíkt eftirlit sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., verður ekki hægt að takmarka það við landbúnaðarvélar einar. Ef á að setja slík ákvæði sem þessi um landbúnaðarvélar, þá verður að láta það sama gilda um allar vélar í landinu, t. d. líka um mótorvélar í fiskiskip alls konar, vélar í síldarverksmiðjur, lýsisvinnsluvélar og alls konar aðrar vélar, sem kosta miklu meira fé en þær vélar, sem hér er um að ræða í þessu frv. Svo að ef ætti að fara inn á þessa braut, sem lagt er til í frv., þá er ekkert að vita, hvar ætti að setja takmörkin. Og þau ætti ekki að hnitmiða við landbúnaðarvélar, og þá yrði það ekki Búnaðarfélag Íslands, sem ráða ætti um athugun þeirra véla allra. Það þyrfti þá að skipa einhverja sérstaka stjórn, sem hefði vit á þessum vélum almennt, en ekki þannig, að starf hennar gengi út yfir það eitt að athuga þennan eina flokk véla. Og er þá stætt á þessari stefnu, ef hver maður, sem flytur inn vél, ætti að láta eina vél — og þá líklega gefins —, sem annars kostaði kannske tugi þúsunda eða hundruð þúsunda, til athugunar hjá slíkri nefnd eða stjórn? Svona fjarstæða, eins og þetta frv., sem hér liggur fyrir, gæti ekki verið samin nokkurs staðar annars staðar en í Búnaðarfélagi Íslands, hjá þessu eins konar ráðuneyti, sem ekkert hefur annað að gera við sinn tíma en að setja saman svona vitleysu, sem hér er á ferðinni. Við skulum hugsa okkur t. d. framleiðendur vel þekktra véla á heimsmarkaðinum. Halda hv. þm., að þeir færu að vinna það til að flytja vélar til Íslands, til þess að láta vél, sem kostar kannske tvö eða þrjú hundruð þús. kr., undir próf einhverrar íslenzkrar nefndar, til þess að hún segði sitt álit um vél, sem búið er að reyna um allan heim? Ég held, að ákvæði um slík próf mundu valda stöðvun á innflutningi ýmissa þeirra beztu véla, sem fluttar mundu annars verða til landsins, ef þetta frv. á að verða að lögum.

Ég held, þar sem hv. form. landbn. hefur lýst, að hann sé einn um flutning þessa máls, að heppilegast væri, að hann óskaði, að þetta mál væri tekið af dagskrá, a. m. k. til þess að undirbúa það betur en gert hefur verið enn hér, og léti þá athuga þetta á viðari grundvelli en hér hefur verið gert og léti málið ekki einu sinni ganga til 2. umr. fyrr en það væri gert.

Skal ég svo ekki tefja umr. um þetta mál að þessu sinni. En þetta mál þarf miklu meiri athugunar við en það hefur fengið enn þá, eftir því sem þskj. 663 ber með sér.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að ræða neitt málið efnislega að þessu sinni. En það hafa þegar tveir hv. þm., hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Barð. (GJ), farið út í það á þeim grundvelli, sýnilega án þess að hafa lesið það *(Raddir af þingbekkjum:* Það þarf þá að lesa frv. fyrir þá.), og þess vegna held ég, að ég neyðist til þess að segja nokkur orð um frv. efnislega. En áður en ég kem að því vil ég fyrst minna á það, að 1940 voru sett lög um, að reyna skyldi verkfæri, sem flutt væru til landsins, jarðyrkjuverkfæri, heyvinnuáhöld og önnur heimilisáhöld, sem flyttust til landsins. Þetta var gert í nokkur ár, en þá komu skurðgröfurnar til sögunnar, sem inn voru fluttar, og var lagt á þá verkfæranefnd, sem hv. þm. Barð. las upp ákvæði um, að hafa alla umsjón með skurð-

gröfunum, en Búnaðarfélag Íslands hafði reikningshaldið við þær. Afleiðingin af þessu varð svo sú, að síðan þetta var gert, hefur þessi nefnd engin verkfæri prófað. Það litla fé, sem henni var ætlað á fjárl., hefur farið í það eingöngu að kosta n. til að sjá um reksturinn á skurðgröfunum, en n. hefur síðan engar vélar prófað. Nú skal ég ekki fara út í afleiðingar þessa, á þessu stigi málsins.

Þá skal ég geta þess næst, að þó að mál þetta, sem liggur fyrir, væri ekki tekið fyrir á fundi í landbn., þá talaði ég við fjóra nm., en einn nm. var veikur. Ég talaði við hv. 2. þm. Árn. (EE), hv. 11. landsk. þm. (ÞÞ) og hv. 4. þm. Reykv. (HG), sem töldu, bæði hv. 4. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Árn., að sjálfsagt væri, að n. flytti frv., án þess þó, að það væri tekið fyrir formlega á fundi, en hv. 11. landsk. þm. sagði ekkert um það. Það var því ekki tekið fyrir á fundi, og þar af leiðandi er ekkert bókað um flutning málsins. Og þegar ég þess vegna segi, að það sé flutt af landbn., tel ég, að ég geri það ekki út í loftið, þó að ekkert sé um þetta bókað. Og ég sagði frá þessu í upphafi hér á fundi í hv. d., því að það er ekki minn siður að vera með nein óheilindi í sambandi við mál, sem ég er með.

Þá vil ég benda hæstv. dómsmrh. á, í sambandi við b-lið 2. tölul. 1. gr. frv., að þar sem þetta stendur: „Sérhverjum innflytjanda eða framleiðanda landbúnaðarvéla og verkfæra skal skylt að afhenda nefndinni til reynslu eina vél eða verkfæri af nýrri eða breyttri gerð, er þeir flytja inn eða framleiða", þá stendur þetta líka á eftir: „Skylt er nefndum aðilum, er láta reyna vélar eða verkfæri, að flytja þau á sinn kostnað að og frá tilraunastað. Verkfæranefnd ber ekki ábyrgð á tækjunum, en eigendum þeirra er heimilt að hafa mann við tilraunirnar til eftirlits með vélunum," og er það til þess að fylgjast með því, hvað gerist. Ég hélt, að af þessu væri nokkuð ljóst, að það væri ekki litið svo á, að þessar vélar, sem reyndar væru, væru þar með eign ríkisins, þó að þær kæmu undir þessa prófun, heldur væru þessar vélar, sem afhentar væru, afhentar til reynslu aðeins, þar sem tekið er fram, að þeir, sem eiga vélarnar eða tækin, eigi að flytja þessa hluti að og frá tilraunastað. Og ég hafði líka haldið, að það væri ljóst, að verkfærin og vélarnar væru ekki afhentar til eignar, þar sem tekið er fram, að verkfæranefnd beri ekki ábyrgð á tækjunum við prófun þeirra, þó að þessi tæki kynnu að skemmast í höndunum á þeim, sem þau reyndu. Hins vegar má náttúrlega athuga, hvort rétt teljist að taka þetta skýrar fram. Ég held, að engum hafi dottið í hug, þó að verkfæri hafi verið reynd af verkfæranefnd á fyrstu árunum eftir 1940, að þau ættu að afhendast til eignar, þó að þau væru prófuð. Ef svo hefði verið gert, þá væri einn bændaskólinn okkar búinn að eignast með auðveldu móti sex til sjö dráttarvélar t. d.

Nú er það svo, að ég þekki ekkert land, þar sem ekki eru ákvæði svipuð þessum, sem hér í frv. er gert ráð fyrir. Það er óleyfilegt að selja nokkra vél, slíka sem hér er um að ræða, t. d. í Bandaríkjunum, Englandi, Danmörku, Noregi eða Svíþjóð, fyrr en búið er að reyna hana af ábyrgri nefnd. Í Danmörku t. d., þar sem vélar eru reyndar þannig, er vél, sem reynd er, látin sýna, hve mörg hestöfl hún hafi og hve mikil áreynslan er á vélina, þegar hún er látin ganga svona eða svona, og vélin svo tekin sundur eftir hverja reynslu til þess að athuga, hvernig hún hefur staðizt prófið, og þegar þessi prófun á vélunum er búin, gefur verkfæranefnd ríkisins vottorð um hæfni vélarinnar. Og t. d. þegar reynd er þannig dráttarvél, fá viðkomandi aðilar ekki að selja slíka vél, fyrr en vottorð liggur fyrir frá verkfæranefnd um hæfni vélarinnar til sinna nota, og þess vegna er gert ráð fyrir því í þessu frv., að „hafi viðkomandi vélategund eða verkfæra verið reynd af opinberum aðilum erlendis, skuli innflytjandi afhenda verkfæranefndinni niðurstöður tilrauna þeirra, samtímis og hann óskar eftir hæfnisprófun vélarinnar." N. á að fá skýrslur um tilraunirnar, svo að ekki þurfi að gera þær hér, enda væri það ekki hægt nema með gífurlegum kostnaði, og þess vegna á umboðsmaður viðkomandi véla að senda n. þessar skýrslur og þá er verkefni n. að athuga og ganga úr skugga um, hvort vélin á við íslenzka staðhætti. Þetta gerði líka gamla nefndin fyrst í stað, en hefur alveg hætt því á síðari árum og ber við annríki, og til þess að bæta hér úr hafa nú nefndirnar verið gerðar tvær. Það má náttúrlega segja, að ein nefnd ætti að vera til þess að dæma allar vélar, sem inn eru fluttar, en ég er alls ekki viss um, að hægt sé að fá menn í eina nefnd, sem gætu t. d. sagt um það, hvort eitthvert herfi hefði vel eða hvort plógur velti vel af sér, og ættu jafnframt að dæma um það, hvort einhver vél væri góð til að bræða lýsi o. s. frv. Sjávarútvegurinn hefur og engar tilraunir gert til að fá slíka nefnd skipaða á Alþingi og ekki iðnaðurinn heldur. Það er eingöngu landbúnaðurinn, sem hefur fengið slíka nefnd, gömlu verkfæranefndina, sem kostuð var af ríkissjóði, en nú er meiningin, að innflytjendur vélanna greiði þennan kostnað, sem verður mjög hóflegur. Af þessu vænti ég að hv. þm. Barð. sjái, að tilgangurinn er eingöngu sá að reyna að tryggja það, að þeir, sem kaupa vélar, viti nokkurn veginn, að hverju þeir ganga. Á það má minna, að hér hafa verið seldar undanfarið rakstrarvélar, sem ekki hafa komið að hálfu gagni. N. á einmitt að vera til þess, að svona lagað komi ekki fyrir, með því að reyna vélarnar og segja til um, hvort þær muni vel lagaðar fyrir staðhætti hér á landi. Af þessu leiðir það, að ákvæði e-liðar ber ekki þannig að skilja, að framleiðendum vélanna verði bannað að selja þær. Öllum er heimilt að kaupa vélarnar, n. á bara að segja til um, hvort það muni ráðlegt. En ef á að fara á bak við n. og ekki láta vélarnar koma til athugunar hennar, þá eru þær vélar upptækar og eign ríkisins. En ef vélarnar eru látnar ganga rétta leið og sendar n. til athugunar, þá dæmir hún um þær, og þegar sá dómur er fallinn, þá er hverjum heimilt að selja sína vél og hverjum heim-

ilt að kaupa, hvernig sem dómur n. er. Þar sem gamla verkfæranefndin hefur vanrækt þetta starf, þá er nauðsynlegt að fá nýja nefnd, því að ef gamla n. á að vinna þetta verk, þarf hún að fá aukið fjármagn, en það yrði þá baggi á ríkissjóði, því að ekki er heimild til að taka gjald af vélunum, eins og lagt er til í þessu frv. Mér þykir eðlilegt, að innflytjendur greiði hóflegt gjald til þess að kosta þessa n., enda munar þá ekki meira um það en nokkrar auglýsingar í blaði. Gjaldið getur að vísu orðið nokkuð hátt hlutfallslega, ef lítil sala er í þeirri tegund, sem inn er flutt, en slík tilfelli verða varla mörg, því að búskapur okkar er ekki svo fjölþættur, að líkur séu til þess, að við flytjum inn öðruvísi tæki en allir aðrir í sömu grein. Gjaldið er því yfirleitt tiltölulega lágt og betra að láta það bera uppi nefndarkostnaðinn, en ekki ríkissjóð, ef n. á að vera til meira en bara á pappírnum, eins og gamla n. hefur verið síðari árin. Ég vil því leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og n., þótt óvíst sé, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. (PZ) hefur verið að leita að átyllum fyrir því að kalla sig heila þingn., og brá hann því fyrir sig, að hv. 2. þm. Árn. (EE) hefði samþ., að frv. yrði flutt. Ég hef nú átt þess kost að ræða við hv. 2. þm. Árn., og telur hann, að hér skjóti nokkuð skökku við. Hann segir að vísu, að hv. 2. þm. N-M. hafi lagt frv. á borð fyrir framan sig, þar sem hann sat, og spurt, hvort hann væri samþykkur því, að n. flytti frv., og þar sem hann hafi ekki strax snúizt til varnar, þá hefði hann talið það samþykki, en ég held, að hv. 1. þm. N-M. hafi komið hv. 2. þm. Árn. mjög að óvörum, ef hann hefði fengið hann til að samþykkja frv. að óathuguðu máli, því að hann er vanur því að íhuga mál vel, áður en hann tekur til þeirra afstöðu, og flanar ekki að neinu. Ég hygg því, að frv. sé til komið á óeðlilegan hátt, þar sem einn hv. þm. hefur kallað sig heila n., og má vera, að slíkt geti komið til álita hjá hæstarétti, þar sem hann hefur ekki viðurkennt lög, þar sem þau hafi ekki fengið þinglega rétta meðferð, og ef til vill er svo hér, þó að ég út af fyrir sig efist um, að dómur hæstaréttar fái staðizt. Ég skal játa, að þau atriði, sem hv. 1. þm. N-M. nefndi, benda heldur í þá átt, að n. eigi ekki að vera eigandi tækjanna, en þau skera ekki úr, og væri eðlilegra að hafa þessi ákvæði mun skýrari. Ég geri þó ráð fyrir, að lögskýringar mundu fara í svipaða átt og skýringar hv. þm. Þm. Hins vegar er ég ekki sammála um skýringar hv. þm. á e-lið. Þar er um að ræða varhugavert ákvæði, sem verður þó enn varhugaverðara eftir skýringar hv. þm., þegar hann segir, að hér eigi að fara fram tvenns konar skoðun. Annars vegar að rannsaka styrk vélanna og dugnað, hvort hann sé sá, sem framleiðendur segja, og er hægt að skera greinilega úr því. Hitt höfuðverkefnið segir hv. þm. sé að úrskurða það, hvort viðkomandi tæki henti við íslenzka staðhætti. Þetta getur verið ákaflega mikið álitamál og úrskurðurinn mjög undir því kominn, hvar vélin er prófuð. Slík niðurstaða getur því verið mjög mikið álitamál. Nú kann það að vera, að n. hafi úrskurðað, að einhver vél henti ekki við íslenzka staðhætti, þótt hún sé góð og gild til sinna hluta. Setjum svo, að seljandi dragi enga dul á þetta og geti yfirlýsingar n. í auglýsingum. Á þá það, að fyrirtækið heldur áfram að selja vélina, að verða til þess, að vélin verði gerð upptæk? Þarna hefur viðurkenning n. ekki fengizt. Ef seljandi getur fengið einhverja menn til að meta meir sín orð en dóm n., þá á að gera hlutinn upptækan. Þetta felst í gr., eins og hún er nú. Hins vegar er eðlilegt, að yfirlýsing n. liggi fyrir sem leiðbeining til manna, og enn fremur, að refsivert sé, ef dóms n. er ekki leitað, en lengra á þetta ekki að ganga, og frv. verður að taka breytingum í samræmi við það. Hv. 1. þm. N-M. talaði um það, að vanrækt hefði verið að framkvæma 18. og 19. gr. l. frá 1940, en ákvæði þeirra eru svo óákveðin og óljós, að erfitt er að brjóta á móti þeim, og held ég því, að hann hafi haft um það of sterk orð. — Þá vil ég benda á, að það er nokkuð sterkt til orða tekið í 3. málsgr. b-liðs, þar sem sagt er, að innflytjendur skuli afhenda n. niðurstöður tilrauna, sem gerðar eru erlendis við prófun á vélunum. Það gæti nú verið svo, að vélin hefði víða verið prófuð, svo að innflytjandi eigi mjög erfitt með að afla þessara skýrslna. Við skulum t. d. segja, að einhver vél sé framleidd í Danmörku og hafi verið reynd í Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum, Kína og á Filippseyjum o. s. frv. Ég held, að það geti verið erfiðleikum bundið að fá skýrslur um prófunina í öllum þessum löndum, og tel því, að rétt sé að takmarka þetta við framleiðslustað. Hv. þm. sagðist vita, að þessi prófun færi fram í öllum löndum, sem hann þekkti. Ég held nú, þótt hann sé margvís, að hann hafi, ef til vill, tekið sér helzt til mikið í munn, en af því að hann er djúpvitur og kunnugur flestum hlutum, þá vil ég að lokum spyrja hann, hver sé verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands, sem er tiltekinn hér í lögunum.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál.

Hv. frsm. hélt fram, að það væri alls staðar í þeim löndum, þar sem hann þekkti til, löggjöf um það, að ónotaðar vélar væru reyndar, áður en þær væru seldar, og ekki mætti selja þær, nema slík prófun hefði farið fram. Hann lýsti yfir, að sú prófun, sem þar væri gerð, gæti ekki farið fram hér á landi. Ef þetta er rétt, þá er miklu auðveldara að taka upp bann á innflutningi slíkra véla, nema þeim fylgi slík skírteini. Það er venjulegt í sambandi við skipabyggingar m. a., að skip séu byggð eftir ákveðnum reglum, sem viðurkenndar eru, svo sem reglur Lloyds, og fylgir þá vottorð frá þeirri stofnun, að verkið hafi verið framkvæmt

undir þeirra eftirliti. Stundum er það undir eftirliti opinberra aðila, og sé ég ekkert á móti því, að inn í þessi l. verði sett það ákvæði, að engar vélar megi flytja inn, nema þeim fylgi vottorð frá opinberri stofnun, að þær séu smíðaðar gallalaust. Hitt er ekki hægt að setja í l., að það megi ekki selja þær, nema þær hafi verið reyndar á einhverju jarðræktarsvæði. Ég tel ekki ráðlegt að taka þessa starfsemi frá búnaðarskólanum, þar sem hefur verið byrjað á þessari starfsemi, einkum þar sem hann hefur verið aukinn mjög, og ef það er svo, að hún hafi lagzt niður á þessum árum, sem liðið hafa síðan þessi l. voru sett, 1940, þá er það því að kenna, að framkvæmdin hefur ekki verið fyrir hendi, en ekki lagabókstafnum að kenna. Það er því þýðingarlaust að fara að setja hér ákvæði um nýja menn eða nýja n. Ég vísa hins vegar til þess, sem ég hef sagt, að ákvæðið ætti að vera miklu víðtækara, svo að til landsins flyttust ekki vélar nema samkvæmt þessum ákvæðum, en þá þyrfti að athuga frv. miklu nánar.

Ég mun ekki geta fylgt frv. eins og það er, en skal annars ekki halda uppi neinu málþófi um málið.

Eiríkur Einarsson: Ég var fjarri, síðast þegar þetta mál var rætt, og hefur mér verið bent á, að mér bæri skylda til að bera vitni um afstöðu mína í þessu máli. Það er ekki langt frá að segja, að það var komið með vélritað skjal, sem hv. form. landbn. kom með og afhenti mér það vingjarnlega. Ég kinkaði mínum gráa kolli til samþykkis, að ég hefði móttekið það, en hef þar hvorki neinu að játa né neita. Annars verð ég að segja það, að hann var greiður í spori, formaðurinn, eins og viljugur foli, þegar hann lagði þetta fram, og hann hefur sjálfsagt gert það í trausti þess, að nm. samþ. það, og munu að því leyti geta valdið misskilningi þessar tiltektir hans. En ef ríkisstj. eða Búnaðarfélag Íslands beiðast þess, að mál sé borið fram, finnst mér hart að verða ekki við því að bera það fram, hvort sem ég er með því eða móti. Búnaðarfélagið er svo virðuleg stofnun, að mér finnst, að það megi að þessu leyti njóta sömu virðingar og hæstv. ríkisstj. En það er ekki farið að ræða málið enn, svo að hér er bara um form að ræða.

Svo vil ég ekki lengja frekar umr. um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 105. og 106. fundi í Ed., 13. og 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 663, n. 737, 738).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

54. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (frv. StgrA).

Á 105. fundi í Ed., 13. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, og l. nr. 24 31. marz 1950, um breyt. á þeim l. [167. mál] (þmfrv., A. 736).

Á 106. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.
